Alþingi 1938.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1938, þriðjudaginn 15. febrúar, var fimmtugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og fyrsta aðalþing í röðinni, en sextugasta og áttunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12.45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Garðar Svafarsson steig í stólinn og lagði út af Lúk. 10, 38—42.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir, og voru þeir allir á fundi, nema þm. Barð. og 9. lansk. þm., sem báðir voru veikir:

1. Árni Jónsson, 11. landsk. þm.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Bergur Jónsson, þm. Barð.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
7. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
9. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
10. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
11. Eiríkur Einarsson, 10. landsk. þm.
12. Emil Jónsson, 7. landsk. þm.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
14. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
15. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
17. Guðrún Lárusdóttir, 2. landsk. þm.
18. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
19. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
20. Hermann Jónasson, þm. Str.
21. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
22. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
23. Ísleifur Högnason, 5. landsk. þm.
24. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
25. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
26. Jón Baldvinsson, 9. landsk. þm.
27. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
28. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
29. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Ólafur Thors, þm. G.-K.
32. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
33. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
34. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
35. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
36. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
37. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
38. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
39. Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm.
40. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
41. Stefán Stefánsson, 4. landsk. þm.
42. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
43. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
44. Thor Thors, þm. Snæf.
45. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
46. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
47. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
48. Þorsteinn Þorsteinsson, 6. landsk. þm.

Ókominn var til þings:
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson,** og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1938, dags. 22. jan.

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir, að Alþingi væri sett.

Síðan mælti forsætisráðherra:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungs!“ og tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi þessu næst elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti

sameinaðs þings. Gekk aldursforseti þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Kosning forseta.

Aldursforseti kvaddi nú sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., og lét síðan ganga til kosningar á forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Jón Baldvinsson, 9. landsk. þm.,

með 26 atkv. — 20 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti var fjarstaddur vegna veikinda, og stýrði aldursforseti því einnig kosningu 1. varaforseta. Kosningu hlaut

Jakob Möller, 2. þm. Reykv.,

með 16 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 2 atkv., en 28 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti tók nú við fundarstjórn og lét fara fram kosningu 2. varaforseta. Kosningu hlaut

Bjarni Ásgeirsson, *þm. Mýr.,*

með 24 atkv. — Finnur Jónsson fékk 1 atkv., en 21 seðill var auður.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Bárust forseta tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á öðrum listanum, er forseti merkti A, var BjB, en á hinum, merktum B, var JJós. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

Kjörbréfanefnd.

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Voru á A-lista EÁrna, VJ, BJ, en á B-lista GSv, ÞÞ. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Einar Árnason,
Gísli Sveinsson,
Vilmundur Jónsson,
Bergur Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 17. febr., var tekin til meðferðar

kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Af A-lista: Bjarni Bjarnason,
Þorbergur Þorleifsson,
Helgi Jónasson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Skúli Guðmundsson.
— B-lista: Pétur Ottesen,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jón Pálmason,
Jakob Möller.

2. Utanríkismálanefnd.

Fram komu tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og aðalmenn og varamenn skyldi kjósa. Lýsti forseti yfir, að þeir menn, sem á listunum voru tilnefndir, væru rétt kjörnir án atkvgr., en þeir voru þessir:

Aðalmenn:
Af A-lista: Jónas Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Bergur Jónsson.
— B-lista: Ólafur Thors,
Jóhann Jósefsson,
Garðar Þorsteinsson.

Varamenn:
Af A-lista: Gísli Guðmundsson,
Emil Jónsson,
Páll Zóphóníasson,
Pálmi Hannesson.
— B-lista: Magnús Jónsson,
Thor Thors,
Bjarni Snæbjörnsson.

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi, nema 9. landsk. þm., sem var veikur:

1. Árni Jónsson, 11. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Guðrún Lárusdóttir, 2. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Jón Baldvinsson, 9. landsk. þm.
11. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 6. landsk. þm.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þm. deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Snæbjörnsson, þm. Hafnf., og Pál Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 8 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

með 6 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn annar varaforseti

Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm.,

með 7 atkv. — 8 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var PHerm, en á B-lista BSn. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar deildinnar án atkvgr.

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., og
Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Þessu næst skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom till. um að láta sætaskipun haldast eins og hún var á síðasta þingi. Afbrigði um þá till. og till. sjálf samþ. með 10:3 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Nefndarkosningar allar fóru því fram án atkvgr.

1. Fjárhagsnefnd.

Á A-lista voru JBald, BSt, en á B-lista MJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jón Baldvinsson,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Á A-lista voru PHerm, PZ, en á B-lista ÁJ. Kosningu hlutu samkv. því:

Páll Hermannsson,
Árni Jónsson,
Páll Zóphóníasson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Á A-lista voru PZ, JBald, en á B-lista ÞÞ. Samkv. því hlutu kosningu:

Páll Zóphóníasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jón Baldvinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Á A-lista voru IngP, SÁÓ, en á B-lista JJós. Kosnir voru samkv. því:

Ingvar Pálmason,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Á A-lista voru JBald, JJ, en á B-lista BSn. Samkv. því hlutu kosningu:

Jón Baldvinsson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Jónas Jónsson.

6. Menntamálanefnd.

Á A-lista voru JJ, SÁÓ, en á B-lista GL. Samkv. því hlutu kosningu:

Jónas Jónsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Sigurjón Á. Ólafsson.

7. Allsherjarnefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil leyfa mér að bera fram þá ósk við hæstv. forseta og hv.

þdm., að bætt sé nú tveimur mönnum við þessa nefnd, fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í þingsköpum, þannig að hún nú verði skipuð fimm mönnum.

ATKVGR.

Till. um að skipa allshn. 5 mönnum samþ. með 10:1 atkv.

Á A-lista voru SÁÓ, IngP, PHerm, en á B-lista ÁJ, MJ. Kosningu hlutu samkv. því:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Árni Jónsson,
Ingvar Pálmason,
Magnús Jónsson,
Páll Hermannsson.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 10. landsk. þm.
7. Emil Jónsson, 7. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 5. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jón Pálmason, þm. A.-Hún.
19. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
20. Ólafur Thors, þm. G.-K.
21. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
22. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
23. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
25. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
26. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
27. Stefán Stefánsson, 4. landsk. þm.
28. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
29. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
30. Thor Thors, þm. Snæf.
31. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
32. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
33. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema þm. Barð., sem var veikur, og þm. V.Sk., sem var ókominn til þings.

Fjármálaráðherra kvaddi elzta þm. deildarinnar, Jakob Möller, 2. þm. Reykv., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Eirík Einarsson, 10. landsk. þm., og Vilmund Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosinn var

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., með 17 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., með 10 atkv. — 21 seðill var auður.

Þá var kosinn annar varaforseti

Finnur Jónsson, þm. Ísaf., með 17 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni hvor. Á A-lista var VJ, en á B-lista EE. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.,
Eiríkur Einarsson, 10. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Helgi Jónasson,
7. — — Pétur Halldórsson,
8. — — Gísli Guðmundsson,
9. — — Stefán Stefánsson,
10. — — Sveinbjörn Högnason,
11. — — Bergur Jónsson,
12. — — Sigurður E. Hlíðar,
13. — — Bjarni Bjarnason,
14. — — Héðinn Valdimarsson,
15. — — Þorbergur Þorleifsson,
16. — — Skúli Guðmundsson,
17. — — Thor Thors,
18. — — Ásgeir Ásgeirsson,
19. — — Sigurður Kristjánsson,
20. — — Ólafur Thors,
21. — — Pétur Ottesen,
22. — — Einar Olgeirsson,
23. — — Ísleifur Högnason,
24. — — Jakob Möller,
25. — — Bjarni Ásgeirsson,
26. — — Garðar Þorsteinsson,
27. — — Jón Pálmason,
28. — — Þorsteinn Briem,
29. — — Finnur Jónsson,
30. — — Steingrímur Steinþórsson,
31. — — Pálmi Hannesson,
32. — — Emil Jónsson,
33. — — Gísli Sveinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram 2 listar, A og B, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Fór kosning því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Af A-lista: Skúli Guðmundsson,
Finnur Jónsson,
Sveinbjörn Högnason.
— B-lista: Ólafur Thors,
Stefán Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Af A-lista: Sveinbjörn Högnason,
Vilmundur Jónsson,
Þorbergur Þorleifsson.
— B-lista: Gísli Sveinsson,
Eiríkur Einarsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Emil Jónsson,
Steingrímur Steinþórsson.
— B-lista: Jón Pálmason,
Pétur Ottesen.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista: Finnur Jónsson,
Bergur Jónsson,
Gísli Guðmundsson.
— B-lista: Sigurður Kristjánsson,
Sigurður E. Hlíðar.

5. Iðnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Emil Jónsson,
Pálmi Hannesson.
— B-lista: Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Kristjánsson.

6. Menntamálanefnd.

Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson,
Bjarni Bjarnason,
Pálmi Hannesson.
— B-lista: Pétur Halldórsson,
Þorsteinn Briem.

7. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Bergur Jónsson,
Gísli Guðmundsson,
Vilmundur Jónsson.
— B-lista: Thor Thors,
Garðar Þorsteinsson.

Forseti (JörB): Þá vil ég geta þess, að mér hefir borizt tilkynning um það frá hv. þm. Barð., að hann muni ekki geta mætt á þingfundum nú fyrst um sinn, sakir lasleika.

Jafnframt hefir komið fram ósk um það af hálfu Framsfl., að hann mætti setja menn til að gegna nefndastörfum fyrir hv. þm. Barð., meðan hann er fjarverandi, og er óskað, að hv. 1. þm. Rang. komi í hans stað í allshn., en hv. þm. V.-Húnv. í sjútvn.

Vil ég vænta þess, að hv. þd. fallist á þessa ósk.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1939.

Á 1. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 23. febr. var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Samkv. venju mun ég nú við 1. umr. fjárlfrv. fyrir árið 1939 gefa yfirlit yfir afkomu ársins, sem leið. Verður í því sambandi að hafa sama fyrirvara og áður, að tölur þær, sem reiknað er með, kunna að breytast nokkuð við endanlegan frágang reikninga, en óhætt er að treysta því, að þær breytingar verða ekki verulegar, eins og reynsla undanfarinna ára gefur glögglega til kynna.

Ég mun þá fyrst lesa rekstraryfirlit ríkissjóðs fyrir árið 1937, því næst yfirlit um eignabreytingar, og að lokum yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs í ársbyrjun og árslok, ásamt skýringum, sem snerta endanlega fjárhagsafkomu ársins.

Eins og rekstraryfirlitið ber með sér, þá hefir árið 1937 orðið allmiklu betra tekjuár fyrir ríkissjóð en árið 1936. Má fullyrða, að tekjur ríkissjóðs hafa reynzt eins og búizt var við. Heildartekjur á rekstrarreikningi hafa reynzt um 18 millj. kr., en voru áætlaðar tæpar 16 millj. kr., og hafa því farið 2 millj. kr. fram úr áætlun. Að vísu nemur það því allverulegri fjárhæð, sem tekjurnar hafa farið fram úr áætlun, en þó sízt meiri en oft áður, þótt hin síðari ár hafi að þessu leyti ekki reynzt eins vel og stundum áður.

Tekjur af sköttum og tollum hafa orðið um 13,860 millj. kr., en voru áætlaðar kr. 12,6 millj. Tekjur umfram áætlun hafa því á þessum lið numið kr. 1,26 millj. kr., eða réttum 10% áætlaðra skatt- og tolltekna. Er það í raun og veru ekki meira en telja verður alveg nauðsynlegt, ef tekjur ríkissjóðs eiga að heita varlega áætlaðar. Heildartekjur ríkissjóðs af sköttum og tollum árið 1936 námu kr. 12,338 millj., eða því nær sömu fjárhæð og áætlaðar voru tekjur ríkissjóðs 1937 af þessum liðum. Hafa því skatt- og tolltekjurnar reynzt nú rúmlega 10% hærri en árið 1936.

Um einstaka liði er þess helzt að geta, að aðflutningsgjöldin bera uppi þá hækkun, sem orðið hefir. Verðtollurinn hefir orðið 378 þús. kr. hærri en áætlað var, tóbakstollur um 290 þús. kr. hærri, og áfengistollurinn 226 þús. kr. umfram áætlun. Þá hefir útflutningsgjald einnig farið kr. 220 þús. fram úr áætlun. Þetta er allt eðlileg afleiðing af auknu inn- og útflutningsverðmæti, sem aftur stafar aðallega af þeirri verðhækkun, sem orðið hefir erlendis á árinu, og nánar mun drepið á í sambandi við viðskiptin við útlönd. Aftur á móti hafa aðrir skattar lítið farið fram úr áætlun. Tekju- og eignaskattur og hátekjuskattur hafa ekki náð þeirri upphæð, sem til var ætlazt, enda eru þeir skattar miðaðir við tekjur manna árið 1936, sem var yfirleitt rýrara tekjuár en árið 1937.

Tekjur af ríkisstofnunum hafa farið hlutfallslega meira fram úr áætlun en tekjur af tollum og sköttum. Hefir svo oft verið, enda þær tekjur varlegar áætlaðar í fjárlögunum en aðrar tekjur. Samtals hafa þessar tekjur farið 860 þús. kr. fram úr áætlun. Munar þar mest um umframtekjur áfengisverzlunarinnar 600 þús. kr. Þá hafa viðtækjaverzlunin og ríkisútvarpið gefið 100 þús. kr. meiri tekjur en búizt var við, og tóbakseinkasalan hagnazt kr. 84 þús. meira en áætlað var. Allar hafa ríkisstofnanirnar nema landssmiðjan gert heldur betur en að skila í ríkissjóð áætlunarupphæð fjárlaganna.

Verður að telja, að ekki sé nein ástæða til óánægju yfir tekjum ársins 1937, og vil ég þá jafnframt taka það fram, að þetta er í raun og veru eina árið af þeim þremur heilu árum, sem núverandi stj. hefir farið með völd, sem tekjurnar hafa reynzt fyllilega eins og Alþingi og ríkisstjórn hafði gert ráð fyrir við frágang fjárlaga og skattalaga.

Eins og rekstraryfirlitið ber með sér, þá hafa útgjöld ríkissjóðs á rekstrarreikningi farið töluvert fram úr áætlun, eða um 2,3 millj. kr. Eru það hærri umframgreiðslur en á árinu 1936. Þá voru umframgreiðslur 1,53 millj. kr. Hinsvegar hafa umframgreiðslur síðasta árs orðið því nær jafnar umframgreiðslum ársins 1935.

Gjöld ársins 1937 hafa farið nálægt 15½% fram úr áætlun ársins, 1936 nálægt 10½% og 1935 um 16%, allt miðað við áætlun fjárlaganna og endanlega niðurstöðu útgjalda á rekstrarreikningi. Ef þessar umframgreiðslur eru síðan bornar saman við umframgreiðslur undanfarinna ára, kemur í ljós, að þótt hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða, eru þær mun lægri en áður hefir tíðkazt yfirleitt, og enda þótt um-

Yfirlit um rekstrarafkomu

		Tekjur:	Fjárlög	Reikningur	
2. gr.	1.	Fasteignaskattur	400000.00	410500.00	
„ —	2.	Tekju- og eignarskattur	1550000.00	1677725.00	
„ —	3.	Hátekjuskattur	200000.00		
„ —	4.	Lestagjald af skipum	50000.00	52500.00	
„ —	5.	Aukatekjur	620000.00	571624.00	
„ —	6.	Erfðafjárskattur	50000.00	66710.00	
„ —	7.	Vitagjald	440000.00	422442.00	
„ —	8.	Leyfisbréfagjöld	25000.00	30718.00	
„ —	9.	Stimpilgjald	500000.00	529956.00	
„ —	10.	Stimpilgjald af áv. og kv.	100000.00	88323.00	
„ —	11.	Bifreiðaskattur	370000.00	771324.00	
„ —	12.	Benzínskattur	250000.00		
„ —	13.	Útflutningsgjald	650000.00	871960.00	
„ —	14.	Áfengistollur	1000000.00	1226668.00	
„ —	15.	Tóbakstollur	1200000.00	1491567.00	
„ —	16.	Kaffi- og sykurtollur	1100000.00	1146954.00	
„ —	17.	Annað aðflutningsgjald	80000.00	71376.00	
„ —	18.	Vörutollur	1450000.00	1485930.00	
„ —	19.	Verðtollur	1200000.00	1578393.00	
„ —	20.	Gjald af innfluttum vörum	750000.00	943447.00	
„ —	21.	Gjald af innl. tollv. o. fl.	400000.00	487151.00	
„ —	22.	Skemmtanaskattur	120000.00	135915.00	
„ —	23.	Veitingaskattur	100000.00	80288.00	14141471.00
			12605000.00		280000.00
		÷ Endurgr. tollar og innheimtulaun ..			13861471.00
3. gr.	A.	Ríkisstofnanir:			
„ —	1.	Póstmál	15860.00	24000.00	
„ —	2.	Landssíminn	500000.00	531000.00	
„ —	3.	Áfengisverzlun	1300000.00	1900000.00	
„ —	4.	Tóbakseinkasala	600000.00	684000.00	
„ —	5.	Ríkisútvarp og viðtækjaverzl.	70000.00	176000.00	
„ —	6.	Ríkisprentsmiðjan	60000.00	55000.00	
„ —	7.	Ríkisvélsmiðjan	10000.00		
„ —	8.	Reykjabúið	4000.00	10600.00	
„ —	9.	Bifreiðaeinkasalan	75000.00	89300.00	
„ —	10.	Raftækjaeinkasala	75000.00	89400.00	
„ —	11.	Grænmetisverzlun		30000.00	
				3589300.00	
		÷ Rekstrarhalli Vífilsstaðabúsins 4100.00	5000.00		
		— Kleppsbúsins .. 2100.00	5000.00	6200.00	3583100.00
				3583100.00	
3. gr.	B.	Tekjur af fasteignum	20450.00		20000.00
4. —		Vaxtatekjur	507070.00		488000.00
5. —		Óvissar tekjur	50000.00		73555.00
		Samtals kr.	15902380.00		18026126.00

framgreiðslur 1937 séu um 15½%, miðað við áætlun fjárlaganna, þá eru það samt hlutfallslega minnstu umframgreiðslur, sem orðið hafa undanfarin 12 ár, þegar frá er talið árið 1936.

Þá skulu hér taldar helztu umframgreiðslur 1937.

Vaxtagreiðslur hafa reynzt um 230 þús. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, og eru þær lítið eitt hærri en þær voru 1936. Ástæðan til þessarar hækkunar er fyrst og fremst sú, að þótt skuldir ríkissjóðs hafi farið lækkandi á árinu, eins og síðar mun á drepið, þá gengur breytingin á skuldum ríkissjóðs í þá átt, að föstu lánin lækka, en lausaskuldir hafa hækkað, og vextir af þeim eru nokkru hærri en af hinum föstu lánum. Vaxtagreiðslurnar hafa því farið lítið eitt hækkandi, miðað við LR. 1936, en ástæðan til þess, að sjálf umframgreiðslan nemur þessari fjárhæð, er sú, að þegar fjárlögin fyrir árið 1937 voru undirbúin, snemma á árinu 1936, var gert ráð fyrir meiri skuldalækkun 1936 og 1937 en raun hefir á orðið.

9. gr. fjárlaganna, alþingiskostnaður, hefir

	Gjöld:	Fjárlög	Reikningur
7. gr.	Vextir	1522000.00	1754642.00
8. —	Borðfé Hans Hátignar	60000.00	60000.00
9. —	Alþingiskostnaður	225920.00	327500.00
10. — I.	Ráðuneytið, ríkisféhirðir	277746.00	317645.00
10. — II.	Hagstofan	64700.00	65029.00
10. — III.	Utanríkismál	143000.00	109849.00
11. — A.	Dómgæzla, lögreglustjórn	1289620.00	1463750.00
11. — B.	Sameiginlegur embættiskostnaður	284000.00	322950.00
12. —	Heilbrigðismál	774178.00	1010842.00
13. — A.	Vegamál	1572852.00	1907454.00
13. — B.	Samgöngur á sjó	618000.00	710100.00
13. — C.	Vitamál og hafnargerðir	636450.00	670286.00
14. — A.	Kirkjumál	378120.00	383314.00
14. — B.	Kennslumál	1641567.00	1856979.00
15. —	Til vísinda, bókmennta og lista	216160.00	221912.00
16. —	Almenn styrktarstarfsemi	3168050.00	3070231.00
17. —	Til verklegra fyrirtækja	1544000.00	1429012.00
18. —	Eftirlaun og styrktarfé	336683.00	349505.00
19. —	Til óvissra útgjalda	100000.00	263372.00
		14858046.00	16294372.00
	Heimildarlög		5809.00
	Þingsályktanir		166700.00
	Væntanleg fjáraukalög		10577.00
	Sérstök lög		674240.00
			17151669.00
	Tekjuafgangur	1044334.00	874457.00
	Samtals kr.	15902380.00	18026126.00

farið fram úr áætlun um liðlega 100 þús. kr. Stafar það af því, að Alþingi kom saman tvisvar árið 1937, og hlaut því kostnaðurinn að verða meira en fjárlög ráðgerðu. Samanlögð útgjöld á 10. gr., vegna stjórnarráðsins, hagstofunnar og utanríkismála, hafa aðeins farið 16 þús. kr. fram úr áætlun. Er sú upphæð svo lág í samanburði við fjárveitinguna, að ég sé ekki ástæðu til að fara frekar orðum um hana. — Umframgreiðslur á 11. gr. A og B hafa orðið 220 þús. kr. Eru þar margir liðir, sem hver um sig hafa farið nokkuð fram úr. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík, tollgæzla, landhelgisgæzla og ýmsir aðrir smærri liðir. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þá sérstaklega, þar sem þeir eru margir, en ekki háar umframgreiðslur á hverjum um sig.

Þá kem ég að 12. gr. fjárlaganna, fjárveitingum til heilbrigðismála. Umframgreiðslur hafa orðið 236 þús. kr., sem er allveruleg fjárhæð, og veldur rekstur sjúkrahúsanna hækkuninni nær eingöngu. Rekstrarhalli þeirra hefir orðið um 235 þús. kr. meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Fjvn. hafði að vísu gert þá breyt.

á fjárlögunum, að hún áætlaði sparnað í rekstri sjúkrahúsanna 1937 10% af útgjöldum þeirra, en hinsvegar verður að segja eins og er, að ekki var bent á neinar leiðir til þess, að sparnaðurinn gæti framkvæmzt, fremur en gert var í sambandi við samskonar sparnaðaráætlun árið 1936. Niðurstaðan hefir nú orðið sú sama og þá, að sparnaðurinn hefir ekki orðið framkvæmdur. Rekstrarhallinn hefir hinsvegar orðið 140 þús. kr. meiri en áætlað var, þótt ekki sé reiknað með 10% sparnaðinum. Halli sjúkrahúsanna hefir reynzt 75 þús. kr. hærri en 1936. Verður að álíta, að sá mismunur geti ekki talizt óeðlilegur, þar sem hann mun að mestu leyti stafa af hækkuðu verðlagi á kolum og öðrum slíkum nauðsynjum. Launabreytingar skilst mér að hafi orðið sáralitlar frá því, sem var árið áður.

Rekstur sjúkrahúsanna er orðinn ákaflega þungur baggi á ríkissjóði og verður að sjálfsögðu tekinn til rækilegrar athugunar af fjvn. þessa þings. Þarf að athuga, á hvern hátt megi þar koma við sparnaði, en hitt er þýðingarlaust, að gera áætlun um sparnað, sem engar leiðir virðast opnar til að framkvæma.

13. gr. A, vegamál, hefir farið verulega fram úr áætlun, eða um 334 þús. krónur. Þar af er að vísu 37 þús. kr. hækkun á þeim vegum, sem lagðir eru fyrir tekjur af benzínskatti, en þar sem eyðslan á þá vegi fer eftir því, hvernig ákveðinn tekjuliður innheimtist, þarf í raun inni ekki að telja slíkt með venjulegum umframgreiðslum, og eru þær því rétt taldar 300 þús. kr. á þessum lið. Viðhaldskostnaður þjóðvega hefir farið 209 þús. kr. fram úr áætlun, tillag til sýsluvegasjóða um 19 þús. kr., framlag til brúargerða um 30 þús. kr., skrifstofukostnaður vegamálastjóra 17 þús. kr., og nokkrir aðrir liðir minna, enda hirði ég ekki að greina það hér.

Eins og allir sjá, þá er það einkum viðhaldskostnaður þjóðveganna, sem veldur þessari miklu umframgreiðslu til vegamála. Hafði þó fjmrn. mjög brýnt það fyrir hlutaðeigendum að reyna að halda viðhaldskostnaðinum innan þess ramma, sem fjárlög ákváðu. Fjárveitingin var kr. 650 þús. Hinsvegar er því haldið fram, að ómögulegt hafi verið að halda þjóðvegunum við fyrir minni fjárhæð árið 1937 en 859 þús. kr. Er hér um gífurlega aukningu viðhaldskostnaðar að ræða, frá því sem áður hefir verið, þrátt fyrir óbreytt kaupgjald. Verður að geta þess, að á þessu á Alþingi sjálft mikla sök, og eiga flestir þm. þar óskilið mál. Rétt um leið og gengið var frá fjárlögunum fyrir árið 1937, voru samþ. hér á Alþingi ný vegalög, sem gerðu að þjóðvegum fjölmarga vegi um land allt, er áður höfðu verið í sýsluvegatölu. Þrátt fyrir þessa stórfelldu breytingu, hækkaði þingið ekkert fjárveitingu til vegaviðhalds frá því, sem var í frv. stjórnarinnar, og var vitanlega miðað við óbreytt ástand í þessum efnum. Samkvæmt upplýsingum frá vegamálastjóra eru það hvorki meira né minna en 70 þús. kr., sem viðhald þessara nýju vega hefir kostað ríkissjóð á árinu 1937. Sýnist mér augljóst, að með núverandi tekjum sínum getur ríkissjóður ekki eytt jafnmiklu fé í þessu skyni og gert hefir verið síðastl. ár. Hlýtur að reka að því fyrr eða síðar, að eitt af tvennu verði að gera: Hækka benzínskattinn, og gangi hækkunin til viðhalds, eða breyta aftur um stefnu í vegamálum og færa aftur í tölu sýsluvega eitthvað af þeim vegum, sem hafa verið teknir í þjóðvegatölu. Ég geri ráð fyrir, að af þessu tvennu munu margir fremur kjósa fyrri kostinn.

Útgjöldin samkvæmt 13. gr. B, til samgangna á sjó, hafa orðið um 83 þús. kr. meiri en fjárlög heimiluðu. Er þetta bein afleiðing af verðhækkun vara til strandferðaskipanna, einkum kola. Þrátt fyrir þetta hefir rekstrarhalli strandferðaskipanna orðið heldur minni 1937 en 1936, enda urðu skipin fyrir óhöppum árið 1936, sem hækkuðu kostnaðinn.

13. gr. C, vita- og hafnarmál, hefir farið fram úr áætlun um kr. 34 þús. Er sú hækkun einungis á rekstri vitamálanna, og gefur ekki nánara tilefni til aths. að sinni, þar sem hækkunin er á mörgum liðum. Hinsvegar mun þetta auðvitað athugað af fjvn.

14. gr. B, kostnaður við kennslumál, hefir farið 215 þús. kr. fram úr áætlun. Hefir það löngum viljað við brenna, að þessi grein færi fram úr áætlun, enda fræðslumálin öll orðin mikið bákn. Hækkun þessi umfram áætlun er á mjög mörgum liðum, og get ég ekki farið hér að rekja það til hlítar, en tveir stærstu liðirnir eru barnakennaralaun, sem hafa reynzt 100 þús. kr. umfram áætlun, og rekstrarstyrkur gagnfræðaskóla, sem er 36 þús. kr. hærri en fjárlög ráðgerðu. Nemendafjöldi í gagnfræðaskólum hefir farið mjög vaxandi, og þar af leiðandi útgjöld ríkissjóðs, því að eins og kunnugt er, greiðir ríkissjóður styrk til skólanna í hlutfalli við nemendafjölda.

Útgjöld samkv. 16. gr., til verklegra fyrirtækja, hafa reynzt um 100 þús. kr. lægri en gert var ráð fyrir. Hafa nokkrir liðir gr. verið svo ríflega áætlaðir, að nokkur afgangur hefir orðið.

Greiðslur samkvæmt 17. gr., til almennrar styrktarstarfsemi, hafa orðið 115 þús. kr. minni en fjárlög ráðgerðu. Stafar þetta af því, að kostnaður við alþýðutryggingar hefir ekki orðið eins mikill og gert var ráð fyrir.

19. gr., óviss útgjöld, hafa orðið 160 þús. kr. hærri en fjárlög ákveða. Sé ég ekki ástæðu til að sundurliða það frekar nú en áður hefir tíðkazt við sama tækifæri. Að sjálfsögðu koma þessar greiðslur sundurliðaðar í LR. Umframeyðsla 19. gr. er mjög svipuð og undanfarin ár. —

Nokkrar gr. fjárl. hefi ég ekki nefnt í þessu sambandi. Hafa greiðslur samkv. þeim orðið svo nærri fjárveitingu, að ekki þykir taka því að telja þær upp hér.

Þá eru loks nokkrar greiðslur samkvæmt sérstökum lögum, þingsályktunum og væntanlegum fjáraukalögum. Greiðslur samkv. þingsályktunum hafa numið kr. 166 þús. Aðallega stafa þessar greiðslur af því tapi, er ríkissjóður varð fyrir vegna gengisfalls ítalskrar myntar árið 1936 og kemur fram í reikningum ársins 1937. Nemur hluti ríkissjóðs af þessu tapi tæp-

um 120 þús. kr. Það hefir svo oft og ýtarlega verið gerð grein fyrir þessu máli opinberlega, að ég sé þess enga þörf hér, en vitanlega er þetta styrkur til fiskimanna, sem áttu Labradorfiskinn, er seldur hafði verið til Ítalíu. Ennfremur hafa verið greiddar 20 þús. kr. vegna athugunar á raflögnum út frá Sogsvirkjuninni, 10 þús. kr. til fiskimiðarannsókna (framlag á móti fiskimálanefnd) og 5500 kr. kostnaður við mþn. í bankamálum. Samkvæmt væntanlegum fjáraukalögum hafa verið greiddar 10557 kr., og eru þar taldar þær greiðslur einar, sem ekki er talin nein heimild frá Alþingi til þess að greiða. Þar af hafa gengið til athugunar um byggingu sementsverksmiðju 4600 kr., og rekstrarstyrkur til húsmæðraskólans á Laugalandi 4600 kr. Þá eru ótaldar þær greiðslur á rekstrarreikningi, sem greiddar eru samkv. heimild í sérstökum lögum, án þess að fjárveiting hafi verið ætluð til þeirra í fjárlögum. Að þessu sinni eru greiðslur þessar ærið háar og hafa orðið ríkissjóði þungar í skauti. Samtals eru þær að upphæð 674240 kr. Þar af eru nokkuð margar smáar greiðslur, sem í raun og veru er ekki ástæða til að gera grein fyrir hér, þar sem þær birtast nákvæmlega sundurliðaðar á sínum tíma, en 3 liðir mynda aðalupphæðina. Er þá fyrst að nefna þátttöku ríkissjóðs í kostnaði af lögreglu Reykjavíkur, ca 40 þús. kr. Á árinu 1937 var lögregluliði Reykjavíkur fjölgað svo, að samkvæmt lögunum um lögreglumenn var ríkissjóði skylt að greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögregluna, eftir að fjölgunin hafði verið framkvæmd. Ákvörðunin um aukningu lögreglunnar var tekin eftir að gengið hafði verið frá fjárlögunum og því ekki reiknað með þessari greiðslu. Annar liður, sem verulega munar um, er framlag til fiskimálanefndar, 135 þús. kr. Þegar þing var rofið á síðastl. vori, hafði ekki verið gerð ráðstöfun til þess að mæta fjárþörf fiskimálanefndar, þannig að n. gæti haldið uppi þeirri starfsemi, sem hún hafði með höndum, unz tóm gæfist til að leysa fjármál hennar til frambúðar. Nú hafa þau verið leyst, en það varð ekki hjá því komizt, að leggja fram fé til starfsemi n. á árinu 1937, og kemur það þá vitanlega sem umframgreiðsla á því ári.

Þá kem ég að þeim liðum, sem mestum erfiðleikum hafa valdið ríkissjóði. Eru það útgjöldin til varnar útbreiðslu sauðfjárveikinnar og kostnaður við ýmiskonar rannsóknir og tilraunir í því sambandi. Heildarkostnaðurinn á árinu 1937 vegna veiki þessarar hefir orðið ca. 740 þús. kr. Eru þá meðtaldar 57 þús. kr., sem greiddar voru til að halda uppi nokkrum verklegum framkvæmdum í þeim héruðum, sem harðast urðu úti vegna veikinnar, umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. En sú fjárhæð er sett í fjárlög ársins 1938 og því eigi talin til útgjalda á reikningi ársins 1937. Að henni frádreginni er kostnaður vegna sauðfjárveikinnar 683 þús. kr. síðastl. ár. 120 þús. kr. af því fé hafa verið endurgreiddar úr Bjargráðasjóði. Það, sem ríkissjóður hefir því beinlínis greitt í þessu skyni, er kr. 560 þús. kr. Samkv. lögum um varnir gegn útbreiðslu veikinnar ber þeim héruðum, sem eigi hafa orðið fyrir veikinni, að endurgreiða ríkissjóði ⅔ hluta af beinum kostnaði við varnirnar. Nemur sú fjárhæð, sem ríkissjóður á útistandandi hjá héruðum samkvæmt þessu, 160 þús. kr. Kostnaðurinn, sem færður er á rekstrarreikning ríkissjóðs nemur því 402500 kr., en 160 þús. kr. verða færðar sem eign ríkissjóðs hjá hlutaðeigandi héruðum. Hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til að hefja innheimtu þessara upphæða, og verður að óreyndu gengið út frá, að þau héruð, sem enn hafa eigi orðið fyrir barðinu á vágesti þessum, greiði fúslega sinn hluta af kostnaði við varnirnar. Verður hann að teljast mjög léttbær, miðað við gagn það, sem þegar hefir af þeim orðið. Talið er, að tekizt hafi að stöðva framrás veikinnar við hinar yztu varnarlínur, a. m. k. norðan- og sunnanlands.

Þá hefir verið gerð ýtarleg grein fyrir umframgreiðslum ársins 1937. Sést þá, að þær eru með tvennu móti: Annarsvegar vegna óumflýjanlegrar verðhækkunar, svo sem aukinn rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna og strandferðaskipa ríkissjóðs, og hinsvegar kostnaður vegna ráðstafana, sem engan óraði fyrir, að til framkvæmda kæmu, þegar fjárlög ársins voru samin og samþykkt, t. d. kostnaður vegna sauðfjárveikinnar og gengisfalls krunnar. Mér þykir í þessu sambandi rétt að vekja athygli á því, að ummæli ýmsra hv. alþm., er þeir hafa viðhaft bæði utan þings og innan, að umframgreiðslur ríkissjóðs stöfuðu aðallega af greiðslu hærri launa en Alþingi gerði ráð fyrir með fjárveitingum, eru gersamlega villandi og röng, eins og samanburðurinn hér að framan hefir glöggleg sýnt. Hitt er annað mál, að út af ber um einstök atriði í því efni, og þurfa samtök á Alþingi að eflast sem mest til þess að skapa aðhald í þeim málum.

Samkvæmt rekstrarreikningi er gert ráð fyrir 874000 kr. rekstrarafgangi árið 1937, og er það að vísu um 170 þús. kr. minna en fjárlög ráðgerðu. En þrátt fyrir það er þetta hagstæðasta rekstrarniðurstaða, sem orðið hefir um mörg ár. Ber sérstaklega að minnast í því sambandi hinna mörgu óhappa, sem ríkissjóður hefir orðið fyrir. Nægir að benda á, að ef ekki hefði orðið töp vegna gengisfallsins á Ítalíu og ekki þurft að leggja fram fé vegna mæðiveikinnar, myndi rekstrarafgangurinn hafa orðið um 1,4 millj.kr. eða allmiklu hærri en ráðgert var í fjárlögunum.

Ef við athugum þá þessu næst reikning þann um eignahreyfingar, sem ég las hér áðan, þá sjáum við, að ca. 390 þús. kr. vantar til þess, að allar afborganir af föstum lánum ríkissjóðs séu greiddar af tekjum ársins, — án þess að nokkur ný lántaka færi fram. Afborganir af þeim skuldum, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, nema 1,35 millj. kr., og af þeim lánum ríkisins, sem aðrar stofnanir greiða, ca. 420 þús. kr. Fastar afborganir af öllum ríkislánum nema því nál. 1.780 millj. kr. Ættu því skuldir ríkisins að hafa lækkað á árinu um ca. 1,400 millj. kr., ef ekki kæmu fleiri kurl til grafar. En í því sambandi ber þess að geta, að ríkissjóður hefir greitt nokkrar upphæðir,

Eignareikningur 1937.

Inn	Fjárlög	Reikningur
Tekjur samkv. rekstrarreikningi	15902380	18026126
I. Fyrningar	294051	357250
II. Útdráttur bankavaxtabréfa	50000	55000
III. Endurgr. fyrirframgreiðslur	10000	10000
IV. Endurgr. lán og andvirði seldra eigna	100000	90000
Greiðslujöfnuður	82880	390958
	16439311	18927334

Út	Fjárlög		Reikningur
Gjöld samkv. rekstrarreikningi	14858046		17151669
I. Afborganir lána:			
1. Ríkissjóður:			
a. Innlend lán	371969	375835	
b. Dönsk lán	326788	327621	
c. Ensk lán	448508	448609	
2. Landssíminn	204000	204000	
			1356065
II. Eignaaukning ríkisstofnana:			
1. Landssíminn	125000	225000	
2. Ríkisprentsmiðjan	20000	20000	
3. Ríkisvélsmiðjan	10000		
4. Ríkisútvarpið		39000	
5. Búið á Reykjum í Ölfusi		10600	
6. Hlutabr. í Raftækjaverksm. í Hafnarfirði		50000	
			344600
III. Til bygginga nýrra vita	65000		65000
IV. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000		10000
	16439311		18927334

sem ekki eiga heima meðal útgjalda í rekstrarreikningi og ekki heldur í yfirliti því um eignahreyfingar, er ég las upp. Þessar greiðslur snerta viðskiptareikninga ríkissjóðs og ýmsra stofnana. Ber fyrst að telja hækkun á varasjóðum ríkisstofnana, 114 þús. kr., þá bráðabirgðalán og greiddar ábyrgðir 122 þús. kr., og að lokum hluta héraða af mæðiveikikostnaði, 160 þús. kr. Samtals nema þessar greiðslur 396 þús. kr. Niðurstaðan verður því sú, að þessi viðskipti hafa þyngt á ríkissjóði um 390 þús. kr. á árinu 1937, og verða þess valdandi að skuldir ríkisins á árinu 1937 hafa eigi lækkað um 1400 þús. kr., heldur rétt um 1 millj kr., eins og skal nánar rakið í yfirliti um breytingar á skuldum ríkissjóðs árið 1937 og yfirliti um skuldirnar í ársbyrjun og árslok.

Skuldaupphæðirnar eru miðaðar við 31. desember 1936 og 1937. Getur orðið litilsháttar breyting á lausaskuldum við endanlegan frágang landsreikningsins, en ekki ætti það að muna neinu verulegu.

Samkvæmt þessu yfirliti hafa þær skuldir, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, lækkað um 565 þús. kr., og kemur það heim við þær tölur, sem að framan hafa verið nefndar um rekstrarafkomu og aðrar út- og innborganir. Þá hafa skuldir ríkisins, sem aðrir greiða af, verið lækkaðar um 423 þúsund. Heildarniðurstaðan er því sú, eins og áður segir, að skuldir ríkisins hafa lækkað á árinu um 988 þús. kr., eða nálega 1 millj. kr. Eins og skuldayfirlitið ber greinilega með sér, þá hefir orðið nokkur breyting á skuldunum að öðru leyti. Lausaskuldir hafa hækkað um ca. 730 þús. kr., en lækkunin öll orðið á föstum lánum. Skuld ríkissjóðs við Landsbankann þ. 31. des. 1937 hefir þó hækkað nokkru meira en þessari fjárhæð nemur, og er það vegna þess, að lausaskuld við landhelgissjóð hefir lækkað á móti.

Hagur ríkisins hefir töluvert batnað á árinu 1937, þrátt fyrir óvænt óhöpp, þar sem skuldir hafa lækkað um ca. 1 millj. kr. Einnig hafa eignir nokkuð vaxið, þótt ekki verði gerð grein fyrir því hér sérstaklega. Ýmislegt hefir verið um það rætt af háttv. andstæðingum, að ríkissjóður hafi aukið skuldir sínar við Landsbankann, og það eitt út af fyrir sig talið bera vott um erfiða afkomu. Það væri að vísu æskilegast, eins og ég hefi margsinnis bent á, að unnt væri að greiða samningsbundnar afborganir af skuldum ríkissjóðs án þess að taka lán í því skyni. En þótt þetta sé hið æskilega, þá verða menn að gera sér það ljóst, að á þessu eru miklir erfiðleikar, þar sem afborganir af öllum skuldum ríkisins nema um 1.780 millj. kr. árlega. Ef þetta tækist, svaraði það til þess, að allar skuldir ríkisins væru greiddar á 27 árum, Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að þetta geti tekizt. Reynslan á eftir að leiða í ljós, hvort það tekst, en fróðlegt er í því sambandi að gefa því gaum, að ef ríkissjóður hefði ekki orðið fyrir hinum óvæntu óhöppum síðastl. ár af völdum mæðiveiki og gengisfalls lírunnar, þá hefði tekizt að lækka skuldirnar um 1,670 millj. kr. Það er rétt, að Landsbankinn á erfitt með að sjá ríkissjóði fyrir lánum til þess að greiða niður aðrar skuldir. Alþingi hefir því heimilað ríkisstjórninni samkv. tillögu hennar að taka innanlands allt að 3 millj.

Samanburður á skuldum pr. 31. des. 1936 og 1937.

	1936	1937
Innlend lán	3880240	3504405
Dönsk lán vegna ríkissjóðs	1401150	1073529
Dönsk lán vegna veðdeildar	5698232	5541580
Ensk lán	32421374	31306363
Lausaskuldir	1910276	2648751
Landssíminn:		
Erlend lán	1286295	1092748
Innlend lán og lausaskuldir	347269	389460
	46944836	45956836
Skuldalækkun		988000

Breytingar á skuldum á árinu 1937:

Afb. af föstum lánum ríkissjóðs	1356000	
Afb. af lausaskuldum	170000	1526000
Hækkuð skuld í Landsbanka	856000	
Hækkuð skuld í Handelsbanken	53000	
Hækkun á lausask. Landssímans	52000	961000
		565000
Afborganir greiddar af öðrum en ríkissjóði		423000
Skuldalækkun á árinu		988000

kr. lán. Mun ríkisstjórnin reyna að notfæra sér þessa heimild, þótt það muni að sjálfsögðu verða gert á eigi skemmri tíma en 3 árum.

Fjárlagafrumvarp það fyrir árið 1939, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er nálega eins að efni og fjárlög yfirstandandi árs, sem afgreidd voru rétt fyrir áramótin, og sé ég því ekki ástæðu til langra skýringa á því. Engin ástæða var til verulegra breytinga. Ef við athugum þetta frv. og fjárlög yfirstandandi árs í sambandi við niðurstöður ársins 1937, þá sjáum við, að allar tekjur reyndust árið 1937 kr. 18 millj., en eru áætlaðar 17,4 millj. í fjárlagafrv. fyrir 1939 og fjárlögum yfirstandandi árs. Hafa þær því reynzt 600 þús. kr. meiri en áætlað er í frumvarpinu. Nú ber þess að geta, að nýrra tekna var aflað á síðasta þingi, sem ætla má, að nemi 1,5 millj. kr. Verður því að álíta tekjuáætlun fjárlagafrv. og fjárlaga yfirstandandi árs sæmilega varlega. En þess verður að gæta vel, að verðlag er lækkandi, frá því sem var á síðastliðnu ári, og tel ég því að öllu samanlögðu á engan hátt hægt að tefla á tæpara vað um áætlan tekna og gjalda en gert er í frv. eins og það er nú. Það verður ávallt að gera ráð fyrir ófyrirsjáanlegum útgjöldum, þótt reyna verði eftir megni að standa gegn þeim. Það er því ekki unnt að bæta neinum verulegum útgjöldum á frv. þetta til fjárlaga, ef varleg á að vera afgreiðsla þess.

Þá mun ég fara nokkrum orðum um viðskiptin við útlönd og gjaldeyrisverzlunina 1937. Ég hefi að vísu utan þings gert allnákvæma grein fyrir þessum málum. Geri ég ráð fyrir, að hv. alþm. hafi kynnt sér þessa grg., þótt hún væri ekki ætluð Alþingi sérstaklega, og verð því stuttorðari en ella.

Útflutningur síðastl. ár nam samkvæmt bráðabirgðaskýrslum hagstofunnar 58,8 millj. kr., eða rúmlega 10 millj. kr. meira en 1936. Innflutningur nam samkvæmt sömu heimildum 51,6 millj. kr., en árið 1936 kr. 41,6 millj. Lætur því nærri, að bæði út- og innflutningur hafi hækkað um 10 millj. kr. síðastl. ár. Viðskiptajöfnuður var hagstæður um 7,2 millj. kr. Þessi innflutningshækkun á ekki rætur að rekja til þess, að slakað hafi verið á innflutningshöftunum, heldur nálega eingöngu til hækkaðs verðlags og farmgjalda. Einnig til aukinna verksmiðjubygginga og aukinnar síldarútgerðar. Er þetta hagstæðasti verzlunarjöfnuður, sem náðst hefir síðan árið 1932.

Ekki hefir tekizt að afla fullkominna skýrslna um hinar svokölluðu „duldu greiðslur", en talið hefir verið og til þess bendir óneitanlega margt, að verzlunarjöfnuðurinn hafi undanfarin ár þurft að vera hagstæður um allt að 6 millj. kr., til þess að skuldir þjóðarinnar við útlönd eigi færu vaxandi. En þá eru ekki meðtaldar afborganir af föstum lánum, og ef enginn innflutningur lánsfjár ætti sér stað, þyrfti verzlunarjöfnuðurinn að vera hagstæður um töluvert hærri fjárhæð, ef gjaldeyrisverzlunin ætti að geta gengið án erfiðleika. Þegar tekið er tillit til þess, að árið 1937 var nokkur innflutningur erlends lánsfjár til landsins, þótt hann væri með minnsta móti, ætti ekki vafi á því að leika, að greiðslujöfnuður hefði náðst á síðastl. ári, ef ekki hefðu komið til greina alveg sérstakar ástæður. En eins og alkunnugt er, hafa erfiðleikar gjaldeyrisverzlunarinnar verið mjög miklir árið 1937 og eru enn mjög tilfinnanlegir. Hafa menn almennt varla gert sér grein fyrir, hvernig á þessu stendur, þar sem verzlunarjöfnuðurinn er hagstæðari en áður hefir verið. Eins og ég gat um í yfirliti því um gjaldeyrisverzlunina, sem ég áðan vitnaði til, stafa erfiðleikarnir á þessu ári aðallega af því, að vörusalan til þeirra landa, sem ekki greiða okkur í frjálsum gjaldeyri, hefir orðið ca. 2 millj. kr.

meiri á árinu en vörukaup okkar hjá þessum þjóðum, og sú fjárhæð af útflutningsverðmæti því ekki verið greidd til landsins á árinu. Þar við bætist svo, að skuldir bankanna voru í árslok heldur lægri en um næstu áramót þar á undan vegna minnkaðra fiskbirgða. Þetta eru höfuðástæðurnar fyrir því, að þótt verzlunarjöfnuður síðastl. árs væri með bezta móti, hefir gjaldeyrisverzlunin gengið mjög örðuglega.

Samkvæmt yfirliti, sem hagstofan hefir gert um afborganir og vexti á yfirstandandi ári, af föstum erlendum lánum ríkissjóðs, banka, sveitar- og bæjarfélaga og einstaklinga, nema afborganir 4,7 millj. kr. og vextir 3,5 millj. kr., eða samtals afborganir og vextir árlega 8,2 millj. kr., og mun þó fremur vantalið, þar sem mjög er hæpið, að hagstofan hafi fengið upplýsingar um öll smærri lán einstaklinga. Þetta er hærri fjárhæð en þurft hefir að greiða undanfarin ár og kemur það til af því, að nú bætist við afborgun af Sogslánunu og ýmsum öðrum lánum. Er enginn efi á því, að hallinn á „duldu greiðslunum" fer vaxandi. Ég hefi falið hagstofunni rannsókn á þessu. Niðurstöðutölur liggja þó ekki fyrir ennþá, en mér virðist allt benda til þess, að hallinn á duldu greiðslunum muni nema allt að 10 millj. kr., ef afborganirnar af föstum lánum eru taldar með. Ef verzlunarjöfnuðurinn væri hagstæður um 10 millj. kr., myndu skuldir þjóðarinnar við útlönd þá að sjálfsögðu lækka verulega, eða sem svaraði föstum afborgunum. Ef enginn innflutningur lánsfjár á sér stað, þyrfti verzlunarjöfnuðurinn því væntanlega í framtíðinni að vera hagstæður um ca. 10 millj., til þess að erfiðleikar gjaldeyrisverzlunarinnar færu ekki vaxandi. Hitt er annað mál, hvort kleift er að ná slíkri niðurstöðu að óbreyttu ástandi fiskverzlunarinnar og með því að leggja annað eins fjármagn í uppbyggingu iðnaðarins og gert hefir verið undanfarin ár. Eins og stendur, er mjög þungt fyrir fæti í þessum málum, og a. m. k. ekki minni ástæða til að framkvæma innflutningshöftin stranglega enn verið hefir undanfarið.

Meðalútflutningur þriggja síðustu ára er vegna lokunar saltfisksmarkaðanna 8 millj. kr. lægri að meðaltali á ári en næstu 10 ár á undan. Þrátt fyrir það er verzlunarjöfnuðurinn hagstæður um 5,3 millj. kr. að meðaltali síðustu árin, en ekki nema um 2,5 millj. kr. fyrri 10 árin.

Um nokkur undanfarin ár hefir þjóðin átt við mikla gjaldeyriserfiðleika að stríða, og er ekki um annað meira rætt manna á milli en þau vandræði. Í raun og veru hafa þessir erfiðleikar stöðugt gert vart við sig síðan 1931, þótt fyrst þrengdi verulega að eftir 1934. Þá hefir einnig verið rætt töluvert um ástæðurnar fyrir þessum erfiðleikum. Sökum þess, að áríðandi er fyrir þjóðina alla að gera sér ljósa grein fyrir því, á hvaða leið hún er í þessu efni, og ennfremur vegna þess, að nauðsynlegt er fyrir þá, sem viðskipti eiga við okkur, að eiga aðgang að upplýsingum um þessi mál, vil ég með nokkrum orðum leitast við að gera fyllri grein en áður hefir verið gerð fyrir þróun síðustu 10—20 ára.

Það verður að líta svo á, að alger tímamót hafi orðið í verzlun okkar og viðskiptum, þegar Spánn og Ítalía lokuðu að miklu leyti mörkuðum sínum fyrir íslenzkum saltfiski.

Árið 1934 er síðasta árið, sem nokkurn veginn eðlileg viðskipti áttu sér stað við þessi lönd, og hið nýja tímabil í utanríkisverzlun okkar hefst því með árinu 1935. Árið 1934 seldum við til Ítalíu 16725 tonn af verkuðum og óverkuðum saltfiski. Síðastl. ár seldum við þangað 7576 tonn. Árið 1934 seldum við til Spánar 18589 tonn, og var það þó miklu minna en oft áður, en síðastl. ár seldum við þangað 578 tonn. Árið 1934 seldum við til Portúgals 19546 tonn, en síðastl. ár 12330 tonn. Árið 1934 seldum við til annara landa samtals 9551 tonn, en árið 1937 17896 tonn. Við samanburð þessara talna verður ljóst, að aukning útflutningsins til annara landa en Suðurlandanna þriggja nemur aðeins riflega þeirri tonnatölu, sem lækkað hefir útflutningurinn til Portúgals. Nærri lætur því, að útflutningslækkun til Spánar og Ítalíu, ca. 27 þús. tonn, hafi orðið án nokkurrar hækkunar á móti. Nemur því lækkunin nærri því heildarfiskafla ársins 1937. Það eru því engar ýkjur, þótt því sé haldið fram, að við þetta hafi skapazt nýtt tímabil í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. Nær því um sama leyti bættist hér við, að Þjóðverjar, ein af aðalviðskiptaþjóðum Íslands, hætti að greiða fyrir útflutningsvörur með frjálsum gjaldeyri, en greiddi í þess stað með vörum.

Til þess að fá sem gleggst yfirlit yfir heildarafkomu þjóðarinnar fyrir og eftir þessa atburði, hefi ég gert samanburð á meðalinnflutningi og meðalútflutningi næstu 10 árin fyrir 1935 annarsvegar og hinsvegar þau 3 ár, sem liðin eru síðan markaðslokanirnar hófust fyrir alvöru. Meðalútflutningur áranna 1925—34, að báðum árum meðtöldum, hefir samkvæmt hagstofuskýrslum orðið 59,9 millj. kr.; en meðalinnflutningur sömu ára 57,4 millj. kr. Hefir því verzl.-jöfnuðurinn þetta tímabil verið hagstæður um 2,5 millj. kr. árlega að meðaltali. Ef við tökum síðan árið 1935—37, þá hefir útflutningur orðið að meðaltali 52 millj. kr. og innflutningur 46,7 millj. Hefir því viðskiptajöfnuður orðið hagstæður um 5,3 millj. kr. að meðaltali þessi 3 ár. Meðalútflutningur seinna tímabilið hefir því orðið nálega 8 millj. kr. lægri á ári en fyrra tímabilið. Þrátt fyrir það hefir verzlunarjöfnuðurinn orðið að meðaltali meir en helmingi hagstæðari, eða 5,3 millj. árlega á móti 2,5 millj. árlega.

Nú kannast allir við það, að á síðara tímabilinu hafa verið miklu meiri gjaldeyriserfiðleikar en á hinu fyrra, en af þessum tölum, sem hér hafa verið birtar, sést það mjög greinilega, að erfiðleikar gjaldeyrisverzlunarinnar síðustu árin, umfram það er áður var stafa ekki af því, að verzlunarjöfnuður hafi verið óhagstæðari en áður. Hann hefir þvert á móti verið verulegum mun hagstæðari. Það liggur í augum uppi, að þar sem verzlunarjöfnuðurinn var ekki að meðaltali árin 1925—34 hagstæður um meira en 2,5 millj. kr., þá hlyti að hafa orðið geysilegur skortur á gjaldeyri á þeim ár-

um, ef ekki hefði átt sér stað mjög verulegur innflutningur lánsfjár. Nú er kunnugt, að mjög hefir verið dregið úr erlendum lántökum undanfarin ár. Hér hefir því gerzt tvennt í senn, meðalútflutningur lækkað um 8 millj. kr., en hinsvegar innflutningur lánsfjár erlendis frá minnkað svo, að erfiðleikar gjaldeyrisverzlunarinnar eru af þeim ástæðum miklu meiri en síðara tímabilið, með ríflega helmingi hagstæðari verzlunarjöfnuð að meðaltali.

Síðustu þrjú ár hefir samkvæmt skýrslum hagstofunnar verið lagt eins mikið í ný iðnaðar- og framleiðslufyrirtæki og samtals næstu 10 árin á undan. Yfirfærsluörðugleikarnir eiga rót sína að rekja til lokunar saltfisksmarkaðanna, minni innflutnings erlends lánsfjár á síðari árum og hinnar stórkostlegu aukningar arðbærra fyrirtækja síðustu 3 ár.

Þegar fyrirtæki eða einstaklingar gera sér grein fyrir fjárhag sínum, þá er ekki venjan að líta einungis á aðra hliðina, skuldahliðina, heldur þá jafnframt athuguð þau verðmæti, sem aflað hefir verið. Ég hefi oft um það hugsað, að fyrir þyrftu að liggja skýrslur um það, hve mikill hluti innflutningsins færi í raunverulega eyðslu þjóðarinar og hve mikið til þess að skapa eignir og verðmæti, og þá alveg sérstaklega hve mikið væri notað til þess að skapa arðgæfar eignir. Um þetta hafa engar skýrslur legið fyrir, en menn hafa haft það á tilfinningunni, ef svo mætti að orði komast, að á síðari árum væri meira lagt í ný fyrirtæki af ýmsu tagi en áður hefði verið gert. Hefi ég þráfaldlega bent á það, þegar ég hefi birt skýrslur um innflutning til landsins, að sívaxandi hluti af gjaldeyrinum hefir farið til kaupa á vélum og byggingarefni vegna nýrra fyrirtækja.

Ég hefi farið fram á það við hagstofuna, að hún semdi yfirlit um öll þau iðnaðar- og framleiðslufyrirtæki, sem sett hafa verið á stofn hér á landi síðastl. hálfan annan áratug, og fengi þá jafnframt upplýsingar um, hvenær í þau hefði verið ráðizt og hver hefði verið stofnkostnaður þeirra. Hagstofan hefir nú samið þetta yfirlit, og mun ég birta hér nokkrar niðurstöðutölur til fróðleiks. Að sjálfsögðu eru skýrslur þessar ekki alveg tæmandi, en skekkjur ekki svo verulegar að dómi þeirra, sem að þeim hafa unnið, að heildarmyndin geti raskazt. Í skýrsluna eru tekin öll iðnaðarfyrirtæki, hvort sem þau vinna úr innlendu eða erlendu efni, og framleiðslufyrirtæki, ennfremur afl stöðvar þær, sem byggðar hafa verið, og eru það þó nær eingöngu rafstöðvar. Aftur á móti hafa ekki verið teknar með neinar almennar framkvæmdir, sem ekki geta beinlínis talizt arðgæfar, heldur ekki íbúðarhúsabyggingar, jarðræktarframkvæmdir, eða framkvæmdir á einstökum heimilum í sveitum eða við sjó. Yfirlit þetta nær frá 1920—1937. Þar sem ég mun hinsvegar nota yfirlitið til þess að sýna þróunina í þessum efnum sömu árin og ég hefi rætt hér um að framan, mun ég aðeins taka hér árin 1925—1937. Tek ég þá fyrst árin 1925—34, en það eru 10 árin næstu á undan lokun fiskmarkaðanna. Hefir stofnkostnaður þeirra fyrirtækja, sem áður eru nefnd, orðið þau ár, sem hér segir:

Árið 1925	.....	1270,1 þús. kr.
— 1926	.....	830,0 — —
— 1927	.....	704,5 — —
— 1928	.....	2897,8 — —
— 1929	.....	1970,0 — —
— 1930	.....	3936,5 — —
— 1931	.....	1566,2 — —
— 1932	.....	1617,6 — —
— 1933	.....	2184,5 — —
— 1934	.....	2932,5 — —

eða samtals 19909,7 þús. kr.

Séu síðan tekin árin 1935—37 verður niðurstaðan þessi:

Árið 1935	.....	8024,3 þús. kr.
— 1936	.....	5281,5 — —
— 1937	.....	6546,6 — —

Samtals 19852,4 þús. kr.

Samkvæmt þessu kemur í ljós, að á síðustu þrem árunum hefir verið varið til allskonar nýrra fyrirtækja, t. d. síldarverksmiðja, mjólkurstöðva, frystihúsa, lifrabræðslna, og síðast en ekki sízt rafveita, nærri því jafnmikilli fjárhæð samtals og varið hafði verið til slíkra fyrirtækja samtals næstu 10 árin á undan, eða að meðaltali á ári um 6,6 millj. síðustu 3 árin, á móti tæpum 2 millj. að meðaltali næstu 10 árin á undan. Þetta sýnir það greinilega, er raunar var vitað áður, þótt það lægi ekki fyrir skjallega, að þrátt fyrir um 10 millj. kr. lægri meðalinnflutning síðustu 3 árin en næstu 10 ár á undan, þá hefir margfalt hærri upphæð af innflutningnum verið varið til arðberandi fyrirtækja. Kemur þá fyrir gjaldeyriserfiðleikunum greinilega í ljós ein ástæðan enn, þar sem mikill hluti þessara fyrirtækja er stofnsettur án erlends lánsfjár, en sum með stuttum, erlendum lánum. Undanfarin 3 ár hefir hér gerzt allt í senn, að innflutningur erlends lánsfjár hefir minnkað stórkostlega, frá því sem verið hafði síðustu 10 árin, að útflutningurinn hafði lækkað um 8 millj. kr. að meðaltali á ári frá því, sem hann hafði verið næstu 10 ár á undan, að verzlunarjöfnuðurinn hefir þrátt fyrir það orðið hagstæður um 5,3 millj. kr. á ári, á móti 2,5 millj. áður, og að í ný iðn- og framleiðslufyrirtæki og orkuveitur hefir á þessum 3 síðastl. árum verið varið tæpum 20 millj. kr., eða nærri jafnhárri fjárhæð og samanlagt var varið í sambærileg fyrirtæki næstu 10 árin á undan.

Í ljósi þessara staðreynda verður það ekki furðulegt í augum hugsandi manna, þótt þröngt sé fyrir dyrum í málum þessum. Þessar tölur sýna, að efnahag þjóðarinnar sem heildar hefir áreiðanlega ekki farið hnignandi þessi síðustu ár, og tel ég rétt og sjálfsagt að þess sé getið hér. Hinu mega menn þá jafnframt ekki gleyma, að þrátt fyrir þessar staðreyndir, eða ef til vill réttara sagt vegna þeirra, er gjaldeyrisverzlunin meiri erfiðleikum háð en áður. Verða menn að horfast beint í augu við þá erfiðleika.

Það vantar ekki menn, sem leggja vilja vinnu í að mála ástandið með sem svörtustum litum og svala sér með því móti. En það eru færri, sem benda á skynsamleg úrræði til bóta.

Af framangreindum upplýsingum um þessar

gifurlegu fjárhæðir, sem varið hefir verið til þess að byggja upp íslenzkan iðnað og ýms ný fyrirtæki undanfarin ár, verður það ljóst, að þar liggur ein meginorsök gjaldeyrisvandræðanna. Neyzluvöruinnflutningurinn hefir stöðugt farið lækkandi að magni, og honum verður varla komið lengra niður nema með skömmtun. Af gjaldeyrisvandræðum dagsins í dag og atburðum síðustu ára, er hér hafa verið skýrðir, kemur það því berlega fram, að svo framarlega sem ekki gerast miklar breytingar til bóta í útflutningsverzlun okkar nú á næstu mánuðum, þá er ekki hægt að halda áfram uppbyggingu iðnaðarins og annara nýrra fyrirtækja með sama hraða og gert hefir verið undanfarin ár, nema með meiri notkun erlends lánsfjár og lengri gjaldfrestum en fengizt hafa fram að þessu í fjölmörgum dæmum. Ennfremur er sjáanlegt, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd hlýtur að þurfa að neita um innflutning til ýmsra framkvæmda, sem einstaklingar eða stofnanir kunna að hafa fyrirhugað. Hjá þessu sé ég ekki, að verði með neinu móti komizt. Er þess þá að vænta, að þeir, sem nú gera sér mest far um að halda á lofti tíðindum um gjaldeyrisvandræði þjóðarinnar, taki með mestum skilningi þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegt verður að gera til þess að mæta þeim.

Stefán Stefánsson: Herra forseti, góðir hlustendur!

Hæstv. fjmrh. hefir nú flutt þingheimi og þjóðinni fjármálaræðu sína og í sambandi við hana að sjálfsögðu farið með margar tölur. En þar sem erfitt er í fljótu bragði að átta sig á slíkum talnaupplestri, mun ég eigi fara þar út í einstök atriði, en minnast nokkuð á hið pólitiska ástand með þjóðinni, afkomu atvinnuveganna og einstaklinga og fjárhagslega getu þjóðarinnar. En við fjárhagsgetu þjóðarinnar hljóta fjárlögin á hverjum tíma að verða að miðast.

Eftir kosningarnar á síðastl. ári höfðu margir gert sér vonir um, enda taldar á því nokkrar líkur, að Framsfl. mundi afneita þjóðnýtingunni. Þingrofið og kosningarnar byggðust á því, að Framsfl. taldi sig eigi geta orðið við þjóðnýtingarkröfum sósialista. Þjóðin lét það ótvírætt í ljós við kosningarnar, að hún fordæmdi allt þjóðnýtingarbrölt verkalýðsflokkanna, og var því ástæða til að ætla, að Framsfl. myndi ekki á ný ganga í þá gildru, er hann var nýsmoginn úr, eða til samstarfs við sósialista gegn vilja þjóðarinnar. Þetta fór þó svo, að á síðastl. þingi tókust nýir samningar um áframhaldandi stjórnarsamvinnu Framsfl. og sósialista. Þeir samningar munu aðeins hafa verið bindandi til þessa þings. Á síðastl. þingi skarst nokkuð í odda milli þessara flokka, og má í því sambandi minni á dósentsmálið svokallaða, er báðum flokkum — vægast sagt — varð til lítils sóma. Ennfremur síldarverksmiðjumálin. Margir þóttust sjá þess óræk merki, að um áframhaldandi stjórnarsamvinnu nú á þessu þingi og framvegis gæti ekki verið að ræða. Meðal annars þóttu ýms skrif formanns Framsfl., benda til þess. Enda höfðu aðrir þingmenn flokksins látið orð falla um óhjákvæmileg samvinnuslit nú á þessu þingi.

En þrátt fyrir öll stóru orðin og yfirlýsingar framsóknarm. um, að þeir ætluðu að hverfa frá þjóðnýtingarstefnunni, virðist einhver kommúnistiskur leyniþráður liggja þar á milli, sem flokknum ætlar að ganga torveldlega að rjúfa. Mætti ef til vill skýra þennan leyniþráð þannig, að hæstv. stjórn styðst beint og óbeint við fylgi kommúnista, og því skorti hana þrek til að slíta þráðinn, — enda nokkrir þm. Framsfl. komnir inn í þingið fyrir atbeina þjóðnýtingarflokkanna, og þeirra pólitiska braut sem þingmanna byggist á því, að þeir haldi fylgi þessara kjósenda í framtíðinni. Því halda þeir dauðahaldi í samvinnu við þá, en sjá ekki eða vilja ekki sjá, að slík samvinna liggur til glötunar fyrir þjóðina.

En þennan kommúnistiska hnút, sem bindur Framsfl. við þjóðnýtingarflokkana, verður að leysa eða höggva. Fjölda margir höfðu treyst því, að formaður Framsfl. myndi leysa það hlutverk, og það því fremur sem full ástæða er til að ætla, að Samband íslenzkra samvinnufélaga og kaupfélögin mundu hafa stutt hann til þessa. En hnúturinn er óleystur enn, og ekki sýnilegt, að hann verði leystur á þessu þingi.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að benda á þann pólitiska atburð, sem nú vekur mesta athygli og getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar (og því fremur sem hann ætti að vera Framsfl. nokkur hvöt til samvinnuslita við sósialista). Þann 9. febrúar síðastl. var 3. þm. Reykv. vikið úr sambandsstjórn Alþfl. og úr flokknum. Var honum gefið að sök, að hann væri samfylkingarmaður, — að hann vildi einingu verkalýðsins. Ennfremur ætla menn með nokkrum líkum, að Framsóknarmenn hafi gert að skilyrði fyrir áframhaldandi stjórnarsamvinnu, að þessi hv. þm. yrði rekinn úr flokknum. Í sambandi við þennan brottrekstur kemur það athyglisverða fyrir, að kjósendur Alþfl. fylgja hv. 3. þm. Reykv. að málum, ef dæma má eftir þeim ályktunum, sem gerðar hafa verið í ýmsum félögum verkalýðsins. En við nánari athugun getur þetta ekki talizt neitt undarlegt, þar sem Héðinn Valdimarsson er og hefir verið harðvítugasti foringi flokksins. Annars er afstaða margra ráðamanna flokksins nokkuð á reiki, þeir hafa verið samfylkingar- eða sameiningarmenn einn daginn, en fordæma allt slíkt næsta dag. Þeir eru kommúnistar í dag, en sósíalistar á morgun. Þar sem nú kjósendur Alþfl. virðast fylgja Héðni að málum, en þingmenn flokksins einmana og yfirgefnir, rúnir fylgi sinna kjósenda, mætti ætla, að það væri framsóknarmönnum eigi hvöt til áframhaldandi stjórnarsamvinnu, því að slík samvinna væri aðeins við þingmennina, en ekki við flokkinn í heild, þar sem kjósendur fylgja þeim ekki að málum. En ef til vill sér Framsfl. aumur á þessum einstæðingum og heldur tryggð við þá af einskærum brjóstgæðum, ef verða mætti til að styrkja þá í baráttunni við Héðin Valdimarsson. Og mun það sízt af veita, þar sem því er spáð, að Héðinn verði forseti Alþýðusambandsins eftir næsta sambandsþing og mun

þá verða lítið rúm í flokknum fyrir núverandi brodda Alþýðufl.

Mjög mundi það skýra línurnar í íslenzkum stjórnmálum, ef hv. 3. þm. Reykv. tekst að safna verkalýðsflokkunum saman í einn hálfkommúnistiskan flokk. Hlyti það að velta af stóli allri hálfvelgju í pólitíkinni og því línurnar að skýrast. En sitji Framsfl. framvegis í stjórn og styðjist við fylgislausa þm. Alþfl., fer að verða lítill lýðræðissvipur á stjórnarfyrirkomulaginu, þar sem aðeins einn fjórði af kjósendum þjóðarinnar eða rösklega það fylgir henni að málum, — og virðist það ekki í sem beztu samræmi við allt lýðræðishjal stjórnarflokkanna. —

Þar sem nú vinstri öfl Framsfl. hafa ætíð verið og eru mjög ginnkeypt fyrir samvinnu og samstarfi við þjóðnýtingarflokkana — enda eru mörkin þar á milli næsta óskýr, — þá má ætla, að núverandi ríkisstjórn fari áfram með völdin. Og hvers má þjóðin af þessum flokkum vænta? Óruggasti dómur þar um fæst með því að líta á ávextina af samstarfi þessara flokka undanfarin ár. Hverjir hafa þeir ávextir orðið? Þeir hafa m. a. orðið þessir:

1. Að atvinnuvegir landsmanna, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa sífellt verið reknir með tapi.
2. Að skuldirnar við útlönd hafa farið hækkandi með ári hverju.
3. Að ríkisskuldirnar hafa einnig vaxið.
4. Að kjör verkalýðsins hafa farið versnandi.
5. Að fátækrabyrðin hefir stóraukizt.
6. Að atvinnuleysið hefir farið vaxandi.
7. Að sjálfsbjargarhvöt einstaklinganna hefir verið lömuð.
8. Að tollar og skattar hafa farið hækkandi og þrengt hefir verið meir og meir að gjaldþoli landsmanna til opinberra þarfa.
9. Að gjaldeyris- og yfirfærsluvandræði fara vaxandi með hverju ári.
10. Að fólkið streymir ár sveitum landsins að kaupstöðum og sjávarþorpum.

Þetta eru nú sýnishorn af árangri stjórnarsamvinnunnar. Þegar sú samvinna hófst árið 1934, var það ekkert smáræði, sem gera átti. Meðal annars átti að útrýma öllu atvinnuleysi. Það átti að lækka tolla og létta af mönnum sköttum og skyldum, lækka vexti og útrýma afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar o. s. frv. Hefir farið svo um þessa hluti sem flesta aðra, er framkvæma átti, að reynslan virðist vera þveröfug við það, sem ætlað var. Hvaða framleiðendur til lands eða sjávar hafa orðið varir fjörsins, sem stjórnarflokkarnir ætluðu að færa í atvinnulíf þjóðarinnar? Hvaða einstaklingar hafa orðið varir við tollalækkanir eða að skattar hafi farið minnkandi? Því miður engir.

Alvarlegra en allt annað með þjóð vorri er þó áframhaldandi taprekstur atvinnuveganna, einkum sjávarútvegsins. Liggur fyrir ýtarleg skýrsla um ástand og afkomu útvegsins, gerð af trúnaðarmönnum hans. Er svo komið, að útgerðarmenn, stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, aðalbankastjórn Landsbankans og Útvegsbankans hafa gefið yfirlýsingu um, að allsherjarhrun sé fyrir dyrum í útveginum, verði hlutur hans ekki eitthvað réttur af þingi og stjórn.

Í sambandi við þær skýrslur, sem ég drap á, vil ég fara með nokkrar tölur heiðruðum hlustendum til athugunar, enda þótt hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn muni vera þær kunnar.

Skal þá fyrst athuguð afkoma togaraútgerðarinnar árið 1936 og 1937. Miðað er við meðalafla samkvæmt skýrslu Fiskifélagsins, og afkoma ársins 1937 er að nokkru áætlun. Árið 1936 hefir rekstrarhalli hvers einstaks togara orðið 76528.36 kr., er sundurliðist þannig: Rekstrarhalli á saltfisksveiðum 31055,25 kr., rekstrarhalli á síldveiðum 28984,00 kr., rekstrarhalli á ísfisksveiðum 10409,11 kr., samtals 70528,36 kr. Árið 1937 er rekstrarhallinn nokkru minni eða 49132,72 kr. á hvern togara, er sundurliðast þannig: rekstrarhalli á saltfisksveiðum 18770,26 kr., rekstrarhagnaður á síldveiðum 8257,76 kr., rekstrarhalli á ísfisksveiðum 28730,22 kr., rekstrarhalli samtals 49132,72 kr.

Þá hefir verið áætluð afkoma ársins 1938, og þá miðað við aflamagn ársins 1937 og til grundvallar lagðar þær kaupgreiðslur, er sjómenn hafa gert kröfu um. Samkvæmt því verður rekstrarhalli á saltfisksveiðum 51864.26 kr., á síldarveiðum 16240,22 kr., á ísfisksveiðum 41436,82 kr., eða samtals 109639,30 kr.

Svo sem áður getur, er þetta síðasta yfirlit áætlun, og færi betur, að reynslan yrði á annan veg, en því miður virðist engar líkur benda til að svo verði. Erfiðlega lítur út með sölu á saltfiski og lítil eða engin von um hækkun, frá því sem er. Verð á hrognum og lýsi er talið, að muni verða lakara en á síðastl. ári. Fari saman erfiðir markaðir, verðfall afurða og aukinn tilkostnaður á öllum sviðum, getur hver og einn sagt sér sjálfur, hvernig útkoman muni verða.

Um rekstrarafkomu mótorbáta við Faxaflóa og Vestmannaeyjar er svipað að segja, en ekki tími til að rekja það hér. En yfirleitt má fullyrða, að undantekningarlítið hafi þeir verið reknir undanfarin ár með mörg þúsund króna rekstrarhalla á ári hverju allt fram til ársins 1937, en þá reyndist nokkur hagnaður á þeim bátum, sem voru á herpinótaveiðum fyrir Norðurlandi og þar sem einn bátur var um nót.

Útlitið er óskyggilegt fyrir útveginn, enda hefir „stjórn hinna vinnandi stétta“, er svo kallar sig (svo sem engir aðrir vinnandi menn væru með þjóð vorri), verið næsta hirðulaus um útgerðarmálin. Því að það, sem hefir verið gefið með annari hendinni, hefir verið tekið aftur með hinni, sbr. afnám útflutningsgjalds af saltfiski, sem tekið var aftur af útgerðinni með auknum tollum og sköttum.

Því miður liggja eigi fyrir skýrslur um afkomu landbúnaðarins. Ég vildi vona, að ef þær skýrslur lægju fyrir, væru þær eigi jafnskuggalegar sem skýrslur útvegsins. En því miður mun afkoma þar einnig næsta erfið.

Fyrir bæjarstjórnarkosningarnar taldi Framsfl. sig þegar hafa svo margt og mikið gert fyrir sveitir landsins og landbúnaðinn, að nú væri tími til kominn að láta málefni kaupstaðanna aðallega til sín taka, svo sem verkefnum

flokksins væri nú þegar lokið í sveitunum. Skal fyllilega játað, að flokkurinn hefir áður fyrr gert margt og mikið fyrir byggðir landsins, en hin síðari ár hefir hann einnig margt miður gert. Og verkefnin eru svo mörg og ótæmandi í sveitunum, að ég tel ekki tímabært af flokknum að snúa sér frá málefnum sveitanna.

Fjöldi þeirra manna, sem fylgja flokknum í kaupstöðum landsins, og þá einkum í Reykjavík, fylgja honum af bitlingahneigð. Það er ekki af áhuga eða umhyggju fyrir sveitum landsins, landbúnaðinum, bændunum, heldur af því, að þeir telja sig geta haft eitthvað gott af því. Það er vonin um einhverja bitlinga, einhver bein. Fyrir þetta fylgja þeir honum að málum. Frá þessu eru að sjálfsögðu margar undantekningar, en því miður er það svo með fjöldann.

Lánsstofnanir landsins, og þá fyrst og fremst Búnaðarbanki Íslands í Reykjavík, myndu geta gefið mörg vottorð um þrengingar, erfiðleika og vanskil bænda. Það er mikið um það talað, að bændur standi í skilum við kaupfélög úti um landið. Sem betur fer mun það vera svo. En það er í raun og veru veikur mælikvarði á getu þeirra og afkomu. Margir fá lán hjá lánstofnunum eða einstaklingum til þess að greiða upp skuldir sínar við félögin við hver áramót. Slíkt er þeim nauðsynlegt, þar sem þeir ella eiga á hættu að fá ekki út. En bændur láta að vonum nauðsynlega úttekt til heimilanna ganga fyrir öllu öðru, en geta svo eigi, eða þá fyrst þegar í ótíma er komið, innt af höndum skatt og skyldur, vexti og afborganir af lánum. Og á hverju ári gefast margir upp við erfiðleikana, afhenda lánsstofnunum jarðirnar og flytja í dýrtíðina, þrengslin og atvinnuleysið í kaupstöðum. Bankarnir reyna síðan að selja jarðirnar, sem oft gengur mjög erfiðlega. Margar þeirra leggjast í eyði. Ríkisvaldið verður að styrkja þá bændur til að halda jörðum sínum, sem vilja við búskap vera, en eru að hrekjast frá þeim vegna áhvílandi skulda. Ég veit vel, að á þessu eru margir erfiðleikar og annmarkar. Það er dýrt, og það er lítið um fé, en dýrara verður þjóðinni, að bændur flosni upp, og þurfa síðan að meira eða minna leyti að ala önn fyrir þeim og fjölskyldum þeirra með atvinnubótafé og framfærslustyrkjum. Annars mun það vera svo um sveitir landsins, að skuldlausir og ómagalitlir einyrkjar eða þeir, sem búa með börnum sínum, er þá vinna heimilinu kauplaust, munu bjargast sæmilega. En þeir, sem reka búskap með aðkeyptum vinnukrafti og meiri og minni skuldum, þeir geta ekki eða eiga mjög erfitt með að standa í skilum.

Þetta mun af ýmsum vera kallað svartsýni og barlómur, og læt ég mig það litlu skipta. En svo mun bezt að skýra hvern hlut sem hann er. Ekkert þýðir að glamra um batnandi afkomu til lands og sjávar. Það er öllum vitanlegt, sem berjast við hina erfiðu framleiðslu, að ástandið er svo sem ég nú hefi skýrt, — að allir eða flestir þeirra, sem framleiðslu stunda með þjóðinni, eiga við meiri eða minni erfiðleika að búa, — erfiðleika sem fara vaxandi með ári hverju.

Ég hefi dvalið alllengi við þessa tvo okkar höfuðatvinnuvegi. Er það sökum þess, að allt ástand og alla afkomu þjóðarinnar má ráða af gangi og rekstri framleiðslunnar, þar sem allt er henni órjúfanlega bundið: afkoma bóndans, útvegsmannsins, sjómannsins, verkamannsins og allrar þjóðarinnar.

Einn ávöxtur af samstarfi stjórnarflokkanna er hin sívaxandi tolla og skattabyrði. Síðasta þing lagði á tolla og skatta, sem námu milljónum. Átti þetta aðeins að vera til bráðabirgða, og væntu því margir, að þeim mundi af létt. En svo er þó eigi. Öll bráðabirgðatekjuöflunarfrumvörp undanfarinna þinga hafa þegar verið lögð fram á yfirstandandi þingi, og mun sízt af veita, þar sem ríkisútgjöldin fara vaxandi með ári hverju.

Hver fimm manna fjölskylda greiddi sem næst til ríkisþarfa:

1913	100 kr.
1935	650 —
1936	700 —
1937	750 —

Svo mun það fara vaxandi áfram. Tollar og skattar eru með öllu að sliga einstaklinga og þjóðina, en eftir því sem afkoma þjóðarinnar fer versnandi, er hert á álögunum. Það er eins og með sjúklinginn, sem er að deyja kominn og líður sárustu kvalir. Læknirinn eykur eiturskammtinn til þess að lina þjáningarnar. Þannig er það um hv. þingmeirihluta, að hann herðir á álögunum, eftir því sem komið er nær hinum efnalega dauða. En hvernig fer þá, er efnin þrjóta með öllu, — þegar menn eru fjárhagslega deyðir? Hvar ætlar þá hv. þingmeirihluti að taka skatta og álögur?

Hin síaukna fátækrabyrði hlýtur að vera hverjum manni hið mesta áhyggjuefni. En hún er að sjálfsögðu bein afleiðing af vaxandi atvinnuleysi, sem aftur á rót sína að rekja til þess, hve öll framleiðsla stendur með litlum blóma. Til fátækraframfærslunnar fara nú fleiri milljónir árlega til viðbótar því, sem gengur til atvinnubóta. Þetta er næsta alvarlegt. Fátækrabyrðin fer vaxandi með ári hverju:

1933	1976400 kr.
1934	2313300 —
1935	2845500 —
1936	3811000 —

Fátækrabyrðin hefir með öðrum orðum aukizt um 100% eða tvöfaldast á árunum 1933 til ársins 1936.

Skuldir þjóðarinnar við útlönd fara einnig hækkandi með ári hverju. Árið 1933 námu þær 74,6 millj., 1934 83,5 millj., 1935 99 millj., 1936 104,3 millj. Á sama tíma hafa skuldir ríkisins aukizt á 4. millj. kr. Það er hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmeirihluti, sem ber ábyrgð á þessu ástandi. Játað skal, að erfiðleikarnir eru og hafa verið margir, en því meir reynir á mátt þeirra, sem með völdin fara, um að ráða fram úr erfiðleikunum. Hæstv. fjármrh. hefir sett stolt sitt í það að ná hagkvæmum verzlunarjöfnuði við útlönd. Slíkt verðskuldar fullkomlega viðurkenningu. En geta verður þess, að verzlunarjöfnuðurinn einn er ekki allra meina bót. Mér dettur í hug frétt, er þulur erlendra frétta flutti nýlega í útvarpið um verzlunarjöfnuð

Norðmanna síðastl. ár. Var hann óhagstæður um fleiri hundruð millj., en eigi að síður var síðastl. ár hið bezta fyrir þjóðina, er komið hefir síðastl. 20 ár eða allt frá stríðstímanum. Hvers virði er nú verzlunarjöfnuðurinn, þegar atvinnuvegirnir eru í rústum, þegar fólkið flýr framleiðsluna, skuldir fara vaxandi, tollar og álögur sihækkandi, fátækrabyrði og atvinnuleysi færist í aukana og gjaldeyris- og yfirfærsluvandræði aukast með ári hverju? Nei, verzlunarjöfnuðurinn er ekki einhlítur, það þarf fleira til.

Ég mun nú drepa á nokkur atriði, sem framkvæma þarf að mínu áliti til þess að ráða nokkra bót á erfiðleikunum.

1. Það þarf að skrá rétt gengi íslenzkrar kr. til eflingar athafna- og atvinnulífi í landinu. Til slíkra ráða hefir verið gripið af mörgum þjóðum í erfiðleikum, og gefizt vel. Vil ég þar minna á bæði Danmörku og Frakkland. Í þessum löndum fara með völd skoðanabræður hæstv. ríkisstjórnar. Að dómi Alþýðublaðsins var gengislækkunin í Frakklandi fyrsta stóra sporið út úr kreppunni. Ætli það myndi ekki einnig verða svo hjá oss?

2. Setja þarf vinnulöggjöf og þannig tryggja vinnufriðinn í landinu. Og ríkisvaldið þarf að tryggja það á einn eða annan hátt, að settri vinnulöggjöf verði fylgt. Þetta segi ég fyrst og fremst vegna þess, að á síðastl. þingi lét hv. 5. landsk. þm. þau orð falla, að verkalýðurinn myndi hafa slíka löggjöf að engu. Má því telja líklegt, að Kommfl. muni gera tilraun til að bera ríkisvaldið ofurliði, hvað sem allri slíkri löggjöf líður. Hvernig hyggst ríkisvaldið að ráða fram úr slíku, ef Kommfl. gerir alvöru úr hótunum sínum?

3. Það verður að leita allra ráða til að lækka útgjöldin til alls annars en þess, sem lýtur að nauðsynlegum stuðningi við framleiðsluna.

4. Létta þarf af tollum og sköttum svo sem verða má.

5. Vinna þarf að því að vekja hjá þjóðinni trú á framleiðsluna og möguleika hennar og efla sjálfsbjargarhvötina hjá mönnum, en forðast hvers konar þjóðnýtingu.

6. Samræma þarf launagreiðslur hins opinbera og færa þær til meiri jöfnunar, fyrirbyggja allt fjársukk við ríkisstofnanir og margfaldar launagreiðslur til einstakra manna eða heimila. Vil ég í því sambandi minna á upplýsingar þær, sem hv. þm. A.-Húnv. gaf í útvarpinu viðkomandi launagreiðslum við þá stofnun, þar sem hann gat þess, að Sigurður Einarsson núverandi dósent hefði haft í laun hjá útvarpinu síðastl. ár ásamt konu sinni um 8 þús. kr., en að Sigurður hefði þó haft annað aðalstarf með höndum og tekið fyrir það full laun. Slík margföld laun eru óverjandi, og fyrir þau þarf að taka þegar í stað. Væri nú ekki tilhlýðilegt, að hæstv. kennslumálaráðherra riði á vaðið og kenndi Sig. Ein. að láta sér nægja önnur launin.

Enda þótt Sigurður Einarsson sé tekinn hér aðeins sem dæmi um margfaldar launagreiðslur til einstakra manna, þá eru að sjálfsögðu margir undir sömu sökina seldir, enda muna menn það, að útvarpsstjóri kvartaði yfir því, þá er rætt var um fjársukkið í útvarpinu, að þessi eina stofnun væri tekin út úr. Meðal annara mætti nefna marga háttv. þm. Í sambandi við launagreiðslur vildi ég annars leyfa mér að drepa á það hér, að á síðastl. þingi voru samþykkt lög um, að bankastjóri Búnaðarbankans skyldi hafa laun kr. 12 þús., og ennfremur, að landbúnaðarráðherra skyldi heimilt að greiða honum dýrtíðaruppbót, allt að 10 þús. kr. í viðbót. Formælandi frv., sem mun í Nd. hafa verið hv. 2. þm. Skagf., taldi það metnað íslenzkum bændum, að bankastjóri við lánsstofnun þeirra hefði eigi minni laun en bankastjórar Landsbankans. Þvílíkur metnaður, að greiða hærri laun en nokkur maður hefir þörf fyrir eða þjóðin efni á? Væri hægt að ræða um metnað í þessu sambandi, þá ætti það að vera metnaður íslenzkum bændum, að bankastjóri við þeirra eigin bankastofnun hafi eigi meiri laun en þjóðin hefir sæmilega efni á að greiða, og væri eitthvað sambærileg við laun bændanna sjálfra. Slíkar samþykktir um launagreiðslur til einstakra manna eru óverjandi, um leið og virtar eru að vettugi hæverskar óskir lágt launaðra starfsmanna ríkisins um einhverjar launauppbætur.

Tími minn mun nú á þrotum. Ég geri ráð fyrir, ef að vanda lætur, að hæstv. fjmrh. komi fram á eftir með dylgjur um það, að fulltrúar Bændafl. hafi ekki rétt til að taka þátt í útvarpsumræðum sem sjálfstæðir flokksmenn. Byggði hann dylgjur sínar á því, að við síðustu kosningar var Bændafl. í kosningabandalagi við Sjálfstfl. í nokkrum kjördæmum. Ég vil nú upplýsa hæstv. ráðherra um það, að Bændafl. ætti, miðað við Framsfl., að hafa 4—5 fulltrúa á Alþingi eftir atkvæðamagni.

Við síðastl. kosningar skiptist Framsfl. á atkvæðum við Kommfl. og þáði frá þeim atkvæði, án þess að flokknum yrði nokkuð bumbult af. Vill hæstv. ráðh. gefa þjóðinni þá yfirlýsingu; að hann telji sig og aðra þingmenn Framsfl. þm. fyrir Kommfl., þar sem þessir flokkar skiptust á atkvæðum? Annars má hæstv. ráðh. og þm. Framsfl. vita, að á meðan hæstv. ríkisstj. situr á sínum veldisstóli fyrir atbeina Kommfl., og svo lengi sem hún liggur þar við kommúnistiskt akkeri, þá mun gengi og framtíð Bændafl. vel borgið. Annars væri ekki úr vegi fyrir hæstv. fjmrh. að spyrjast fyrir um það hjá samstarfsráðherra sínum, Haraldi Guðmundssyni, er væntanlega kemur hér fram á eftir, fyrir hvaða flokk hann komi hér fram, og jafnframt, fyrir hvaða flokk hann eigi sæti í hinu virðulega ráðuneyti, þar sem vitað er, að þm. Alþfl. eru nú rúnir fylgi og að það er gengið yfir til hv. 3. þm. Reykv., er vísað hefir verið úr Alþfl.

Eins og ég hefi sýnt fram á hér á undan, miðar hér öllu eða flestu aftur á bak fremur en nokkuð á leið á sviði atvinnulífsins og fjármála.

Hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihluti standa ráðþrota andspænis erfiðleikunum, því alvarlega ástandi, er nú ríkir með þjóðinni á sviði athafna- og atvinnulífs og í fjármálum og gjaldeyrismálum. En þrátt fyrir allt situr hæstv. ríkisstjórn sem fastast, enda þótt hún hafi aðeins ¼ af kjósendum þjóðarinnar á bak við sig og sé því eigi lýðræðisstjórn.

Hyggst núverandi stjórn að sitja þar til allt er um seinan, allt liggur í rústum? Sé svo mun því fagnað af Kommfl., sem þegar er farið að dreyma stóra drauma um dýrðarríki kommúnismans á Íslandi.

Ég vil skora á alla andstæðinga þjóðnýtingar og kommúnisma að taka nú höndum saman til viðreisnar landi og þjóð.

Þá fyrst er einhver von um, að rofi til.

*__Magnús Jónsson__: Ég get byrjað þessa ræðu mína á sama hátt og allar fyrri ræður mínar við þetta sama tækifæri, með því að benda á, að enn hefir hæstv. fjmrh. tekizt að bera fram hæsta fjárlfrv., sem komið hefir fram á Alþ. Ef þetta er leiðinleg endurtekning, þá stafar hún einungis af þessari miklu leiðinlegri og skaðlegri endurtekningu hæstv. ráðh., að stofna sí og æ, ár frá ári, til aukinna útgjalda, hvað sem tautar, hvernig sem ástandið er í landinu og hvernig sem landslýðurinn stynur undir afleiðingu eyðslunnar, sköttunum. Mér er tjáð, að þessi hæstv. ráðh. sé nú rúmlega þritugur að aldri, svo að ef honum auðnast að ná sæmilega háum aldri, sem ég vona, að hann geri, og þjóðin fær að búa að eyðsluhæfileikum hans, sem ég vona, að ekki þurfi að verða, þá er ekki ósennilegt um, að fjárl. verði orðin sæmilega há, þegar fer að líða á síðari hluta þessarar aldar, þ. e. a. s. ef við fáum þá enn að fara með okkar eigin fjármál, sem ég tel hæpið undir hans leiðsögn.

Að þessu sinni er hækkunin frá síðasta fjárl.frv. miklu gífurlegri en síðast. Þá var t. d. hækkunin á rekstrarreikningi ekki nema rúmlega ¼ úr milljón, eða 248383 kr. En nú hefir jafnaðarupphæðin á rekstrarreikningi hækkað úr 15826040 kr. upp í 17354700 kr., eða um fulla hálfa aðra milljón kr. Rekstrarafgangur er nú áætlaður 1193392 kr., á móti 487100 kr. síðast, eða rúmum 700000 kr. hærri. En samt sem áður er ætlazt til, að h. u. b. álíka upphæð, eða um 700000 kr., fari í aukin útgjöld ársins, og er það laglegt svar við þeirri almennu kröfu, að útgjöld ríkisins verði færð verulega niður.

Þrátt fyrir hinar geysiháu áætluðu tekjur vantar þó enn skv. frv. 61025 kr. upp á það, að ríkissjóður geti svarað öllu, sem af honum verður krafizt á árinu 1939. Inn- og útborganir, eða jöfnuður á svonefndu sjóðsyfirliti er 880000 kr. hærri nú en á síðasta fjárlfrv.

Það er því ýkjulaust hægt að segja, að hér sé enn hæsta fjárlfrv., sem sézt hefir hér á landi, og það svo um munar. Allri ógætni síðasta þings, bæði í útgjöldum og skattaálagningu, er haldið í háspennu, og þó aukið við töluverðu. Af fjármálayfirliti því, sem hæstv. fjmrh. las nú upp, má sjá, að tekjur ársins 1937 hafa farið allverulega fram úr áætlun, eða um rúmlega 2 millj. Að vísu er mjög erfitt að fylgjast með í svona hörðum upplestri talna, og þó enn erfiðara að raða þeim tölum eða vinna úr þeim alveg fyrirvaralaust. En svo mikið hefir maður þó heyrt, að nú er augljós orðin sú firra hæstv. ráðh., sem hann ber sí og æ fram á Alþ. og utan þess, að skattahækkanir hans séu ekkert annað en upphót á rýrnun ýmsra tekjustofna. Margir og flestir tollar, eða ef til vill allir, stórhækka ár frá ári, ekki aðeins á hverri tolleiningu, heldur líka heildartollurinn, heildarbyrðin. Fer nú þessi hæstv. ráðh. vonandi að verða svo gamall og svo mikill maður, að hann kannist við þetta, kannist við tölurnar, sem hann sjálfur stofnar til, skrifar og les upp. Hann gefur nú upp tekjur á rekstrarreikningi 1937 18 millj. kr. Þær voru við sama tækifæri gefnar upp af honum fyrir 1936 16 mill. kr., og 1934 voru þær gefnar upp 14,3 millj. kr. Ef þetta er ekki hækkun, og hún ekki lítil, á þessum sambærilegu tekjum, þá þýðir ekki lengur að fara með tölur. Þetta er 3,6 millj. kr. hækkun á heildartekjunum, eða hvorki meira né minna en yfir 27%, eða meira en fjórðungshækkun á 4 árum. Og þó eru ýmsir liðir, sem ekki hafa hækkað. Mér vinnst ekki tími til að athuga hér sérstaklega, hvað mikið innflutningstollarnir hafa hækkað, en þeir eru fremstir í þessari hækkun. Verður hægt að halda þessu til skila, þó að seinna verði.

Nálega það eina, sem enn hefir heyrzt frá hæstv. ríkisstjórn hér á Alþ., eru frv. um framlenging skatta og tolla. Það er rétt eins og stjórnin sé að segja á þessu fallega rósamáli sínu: „Hvað sem öllu líður og hvernig sem allt veltist, þá er eitt víst, og það er, að við viljum engum byrðum létta af fólkinu. Skattarnir skulu haldast í háspennu, hvað sem annars gerist“. Ég verð að segja, að mér finnst þetta ekki lítil brjóstheilindi, að bera þetta fram, eftir að ráðh., þegar hann var að semja frv., hlýtur að hafa verið búinn að sjá útkomu ársins 1937, búinn að sjá, að ekki þurfti að ganga svona langt í álögunum. Og ég verð líka að segja, að á haustþinginu, a. m. k. seinni parti þess, hlýtur hæstv. fjmrh. að hafa verið farinn að sjá, hvert stefndi. Innflutningur ársins, sem hér hefir haft mest áhrif á, hlýtur að hafa verið kominn það vel í ljós, að hann hefði getað fengið nægar skýrslur til að sjá, að tekjurnar voru að fara langt fram úr áætlun. En samt lætur hann samþykkja síðustu tollahækkanirnar, nýja tolla á svo að segja öllum lífsnauðsynjum og stórum hækkaða tolla af öðrum nauðþörfum almennings, og fullyrðir frammi fyrir öllum þingheimi, að þessa þurfi til þess að bæta upp rýrnun þá, sem innflutningshöftin orsaki á tollunum. Hann hlýtur þó á síðasta mánuði ársins að hafa verið farinn að sjá, að innflutningurinn varð hvorki meira né minna en 10 millj. kr. hærri 1937 en 1936, eða um 51 millj. í stað 41 millj., hvorutveggja talið eftir bráðabirgðartölum hagstofunnar.

Ég býst nú við, að ráðh. svari því, að tekjurnar skaði ekki ríkissjóð. Það verði nógar holur til að stinga þessum krónum í. Og ég efast ekki um það. En getur verið nokkurt vit í því að innheimta hærri gjöld en þarf til að standast hin gífurlegu útgjöld í árferði eins og nú hefir verið, þegar bæði sveit og sjávarsíða eru komnar á kreppuhjálp og sjálf bæjar- og sveitarfélögin sömuleiðis? Getur það undir slíkum kring-

*) Stjarna (*) framan við nafn ræðumanns táknar, að ræðan sé prentuð eftir handriti innanþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

umstæðum verið nokkurt vit, að halda fyrst öllum útgjöldum í háspennu og innheimta auk þess með köldu blóði stórfé í umframtekjur? Og bera svo fram frv., sem fer fram á að spenna bogann bara þeim mun hærra, sem hin aukna tekjuvon getur frekast leyft?

Ráðh. hafa nú eins og á undanförnum árum flutt ræður sínar í útvarpi eftir áramótin og sagt landsmönnum skoðun sína á ástandinu. Ég skal nú ekki fara hér að svara þeim, enda eru þetta hér um bil alltaf sömu ræðurnar, en ég vil þó aðeins víkja nokkrum orðum að þeim hvorum um sig.

Atvmrh. heldur á hverju ári sömu ræðuna, þar sem hann lýsir tapi Spánarmarkaðsins og telur það vera að þakka hinni snilldarlegu stjórn sinni, að íslenzka ríkið hefir komizt yfir þann örðugleika án þess að fara um koll. En hvað hefir ríkisstjórnin gert í þessu efni, sem einstaklingurinn hefði ekki gert, og það til muna betur? Það þýðir ekki í því sambandi að tala um fiskimálanefnd, fiskhjalla, frystihús og síldarverksmiðjur, því að allt þetta var ýmist að koma, að frumkvæði útflytjendanna sjálfra, eða þá það var á döfinni. Um það ber frv. hv. þm. G.-K. um fiskiráð frá 1934 skýrasta vottinn, því að í grg. þess var nákvæmlega talið upp og vandlega rætt, áður en fiskimálanefnd varð til, jafnvel í heilabúi hæstv. ráðh., allt það sem henni hefir síðan tekizt að skrifa upp eftir honum og fálmað í að framkvæma með ærnum kostnaði fyrir ríkissjóð. Það er rétt eins og hæstv. atvmrh. haldi, að hér hafi aldrei neinn tekið hendinni til, fyrr en hann og fiskimálanefnd byrjuðu að fást við þessi mál. En staðreyndirnar segja býsna mikið annað. Um aldamótin var útflutningur sjávarafurða eitthvað um 5 millj. kr., og var allt selt milliliðum, aðallega í Danmörku, öðrum Norðurlöndum og Bretlandi. En á áratugnum 1920—1930 var þetta *orðið 54—58 millj., eða meira en 11 sinnum* meira. Hvernig hafði þetta skeð? Hvernig hafði verið mögulegt að gera úr garði alla þessa vöru, ná henni úr höndum milliliða og ryðja henni braut á heimsins bezta markaði? Þetta hafði allt verið gert af útflytjendunum sjálfum. 58 millj. Það er ekki eins og nú, þegar fiskimálanefnd ætlar að rifna yfir nokkrum hundruðum þúsunda, sem hún nær sölu á. En það var tvennt, sem hér skildi á milli: Annað var, að það voru ekki prentuð stóreflis nefndarálit og lofrit á opinberan kostnað um þessi afrek, og hitt var, að það var allt unnið á kostnað þessara manna sjálfra. Helzti stuðningur ríkisins var sá, að leggja ríflegt útflutningsgjald á þessa vöru, sem var verið að ryðja braut fyrir á erlendum markaði. Nú er aftur á móti ekki hjallkofi reistur eða smávara lögð í dósir, svo að ekki sé það básúnað í blöðum, skýrslum og útvarpi. Ég skal svo ekki í þessu sambandi tala um það, að mjög mikið af starfi n. hefir verið beinlínis til ills, svo sem afskipti hennar af ísfisksölunni til Bandaríkjanna eða þá hin hneykslanlega meðferð hennar á Póllandsfiskinum á sínum tíma. Fyrsta ár n. virðist starfsemi aðallega hafa verið fólgin í því að hefja launin, og þau voru ekki skorin við neglur, því að formaðurinn hafði fyrir þetta aukastarf sitt laun eins og embættismenn í hærri launaflokkunum. En þetta er nú eitt af því stærsta, sem þessi hæstv. ráðh. hefir til að hæla sér af, og það, sem hann telur hafa bjargað þjóðinni, að hann skipaði þessa n. til þess að ausa í hana fé ríkisins og til þess að þvælast fyrir samtökum framleiðendanna.

Hæstv. fjmrh. virðist vera hæstánægður með ástandið. Hann hefir náð, að því er hann segir, greiðslujöfnuði við útlönd í tvö ár. Að vísu skyggir það nokkuð á, að það virðist ekki mikil blessun í þessu búi, því að hvernig sem greiðslujöfnuður fæst á pappírnum, þá harðnar alltaf gjaldeyrisskorturinn, líkt og um vexti ríkisins sjálfs, sem hækka, þó að skuldirnar lækki. Þetta er nú að verða svo alvarlegt mál, að enginn veit, hvenær boginn brestur. Innflytjendur fá innflutningsleyfi sín og gjaldeyrisleyfi, en þegar svo á að borga og kaupmaðurinn kemur með peningana, þá er ekki hægt að standa við gjaldeyrisleyfin, og kröfurnar eru endursendar. Fullkomnar skýrslur eru ekki enn fengnar um, hve mikil brögð eru að þessu, en svo mikið er þó komið af skýrslum, að sýnilegt er, að hér er um mjög stórfelldan hlut að ræða. Það er nú þegar komið í ljós, að milli 30 og 40 firmu hafa þannig komizt í greiðslufall á yfir 1 millj. kr., sem full gjaldeyrisleyfi voru fyrir. Má nærri geta, hver áhrif þetta hefir á viðskipti landsmanna og kjör þau, er menn komast að. Annarsvegar er þess krafizt, að kaupmenn útvegi sér eins mikinn gjaldfrest og mögulegt er, en *á hinn bóginn eru þeir neyddir í vanskil* við þá sömu menn, sem þeir eiga að fá lánstraust hjá. Það er meira að segja svo, þó að ekki liggi fyrir um þetta nægilega góðar skýrslur, að jafnvel hin opinberu fyrirtæki eru komin í stórkostleg greiðsluvandræði, og engum getum þarf að því að leiða, hvaða áhrif það hlýtur að hafa á *lánstraust og álit landsins erlendis*, því að það mun verða erfitt fyrir erlenda fjármálamenn að gera mikinn mun á ríkisfyrirtækjunum og ríkissjóði sjálfum. Mætti kalla það einstaka heppni, ef greiðslufall hjá opinberum fyrirtækjum yrði ekki af erlendum fjármálamönnum lagt út sem einskonar fyrirboði þess, að hagur ríkissjóðs sjálfs væri á mjög veikum fæti.

Ég get því miður ekki farið út í hina eftirtektarverðu skýrslu hæstv. fjmrh. um það, hvernig á því stendur að þessir stórkostlegu erfiðleikar eru nú fyrir hendi í gjaldeyrisverzluninni, þrátt fyrir það að hann sýndi fram á, að greiðslujöfnuður við útlönd hefði verið betri og verzlunarjöfnuður hagstæðari hin síðari árin heldur en fyrra tímabilið, sem hann nefndi, þó að það sé að nokkru leyti augljóst. Hæstv. fjmrh. hefði annars vel getað tekið til samanburðar tímabilið frá 1927 til 1934 í stað þess að taka það frá 1925 til 1934 og talað þá um tímann frá því er Framsfl. hóf sína skuldapólitík. Það er auðsjáanlegur munur á þessum tveim tímabilum. Skuldasöfnunin léttir vitaskuld gjaldeyrisverzlunina á fyrra tímabilinu, en gjaldeyrisörðugleikar síðara tímabilsins stafa af því, að þá er tekið fyrir hina sívaxandi skuldasöfnun. En vextir og afborganir skulda er

þá orðið ríkissjóði þungt á skauti. Þetta er m. ö. o. nákvæmlega það sama, sem borið hefir verið fram af mér og mörgum öðrum bæði á stjórnmálafundum utan þings og hér á hæstv. Alþ., að þetta ákaflega öra áframhald í framkvæmdum, sem hafa mikinn kostnað í för með sér, og þessi ógætilega fjármálastefna gæti mönnum kannske líkað vel í bili, en hlyti fyrr eða síðar að leiða til stöðvunar framkvæmda. Nú hefir hæstv. fjmrh. í fyrsta skipti boðað landslýðnum öllum, að þessi stöðvun mundi koma og stæði nú fyrir dyrum. Hann sagði að svo væri nú ástatt, að það yrði að draga að sér höndina um hinn öra vöxt iðnaðarins, eins og hann orðaði það. Það fer að koma á daginn, að ógætileg fjármálastjórn, bæði þess opinbera og eins hitt, að hlaða um of undir stórstíga aukningu iðnaðarins, hefnir sín fyrr eða síðar, þó að hið síðarnefnda sé notalegt, meðan á því stendur. Það er lítil huggun fyrir þjóðina, ef hún á að stranda þarna algerlega. Og hæstv. ráðh. getur svo náttúrlega komið eftir á með sínar skýringar á því, hvernig á þessu hafi staðið. Og augljóst er líka, hve alvaran er margvísleg á þessu sviði. Maður getur ímyndað sér, hvaða áhrif þetta hefir á lántökur erlendis til nauðsynjafyrirtækja, eins og t. d. hitaveitunnar hér í Reykjavík og virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu. Það fer að verða miður álitlegt fyrir erlenda menn að lána okkur, þegar þeim nægir ekki lengur að tryggja sér það, að fyrirtækin, sem þeir lána til, séu góð og lántakinn skilvís, ef gjaldeyrisástandið er þannig, að lántakandanum er varnað að greiða lánið. Og eitthvað er bogið við þessar öru framkvæmdir, sem hæstv. ráðh. sagði nú, að orsökuðu þessa kreppu, ef fyrirtæki þau, sem þyngja gjaldeyrisástandið, hafa ekki getu til þess að létta það að sama skapi. Þá er ekki skynsamlega til þeirra stofnað.

Þetta er sem sagt það sældarástand í viðskiptalífinu við önnur lönd, sem hæstv. fjmrh. hefir komið til leiðar. Þessi er nú útkoman á því máli, sem hann hefir talið vera mál málanna og telur, að sér hafi tekizt bezt að eiga við; nú er það að keyra fast.

Þá eru hæstv. forsrh. og fjmrh. vafalaust stoltir af lausn sinni á einu af stórmálum landbúnaðarins, á mjög stóru svæði landsins, þar sem er mjólkurmálið á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þar er nú komin, fyrir aðgerðir stjórnarflokkanna, sú kompásskekkja, að það mál fer allt í strand, ef svo er fram haldið sem nú. Eins og spáð var af mér og fleiri á síðasta þingi, og reynt að koma í veg fyrir, hefir nú verð mjólkurinnar verið hækkað í útsölu. Hefir það verið básúnað mjög út, að þetta hafi verið gert eftir kröfu framleiðenda hér í nánd við Reykjavík. En þetta er gert aðeins til að breiða yfir sjálfa orsökina. Orsökin er vitanlega sú, að með hinni óhóflegu framleiðslu í skjóli verðjöfnunargjaldsins, þyngir svo á sjálfri neyzlumjólkinni, sem ber verðjöfnunargjaldið, að framleiðendurnir standast ekki. Þeir heimta þá og fá hækkun á verðinu. Við það kippir úr neyzlunni, og kemur þá verðjöfnunargjaldið á enn minni framleiðslu neyzlumjólkur og því meira á hvern lítra. Þarf þá að hækka verðið enn, og svo koll af kolli.

Hér stefnir þróunin í alveg öfuga átt, svo augljóslega, að furða er, að sæmilega greindir menn sjái ekki þetta. Ég veit nú reyndar, að þeir hljóta að hafa séð það og beint ákveðið þessa hækkun á móti betri vitund, eingöngu af kjósendadekri og til kjósendakaupa. Ráðstafanirnar verða að miða í þá átt, að mjólkurneyzlan aukist, þannig að sem mest verði selt af mjólkinni sem neyzlumjólk, svo að mjólkurverðið í heild verði sem hæst á hvern lítra. Og ég verð að játa, að ég sé ekki, hvernig það verður gert með öðru móti en því að sjá um, að hlutfallið milli neyzlumjólkur og vinnslumjólkur haldist innan skynsamlegra takmarka.

Ég vil svo minnast ofurlítið á pólitiska útlitið, eins og það er nú í þingbyrjun. Ég verð að segja, að oft hefir það verið bágborið, en sjaldan eða aldrei eins og nú; og virðist siðleysi stjórnarflokkanna og lítilsvirðing á sönnu lýðræði aldrei hafa komizt jafnlangt og nú.

Fyrir síðustu kosningar sögðu stjórnarflokkarnir sundur með sér bæði í stjórn og á þingi. Ráðh. beggja flokka, annarsvegar forsrh. sjálfur, fyrir hönd Framsfl., og hinsvegar atv.- og utanríkismálaráðh., fyrir hönd Alþfl., lýstu því þá hátíðlega yfir í útvarpsumr.- á Alþ. sjálfu frammi fyrir allri þjóðinni og sendu hvor öðrum tilhærilegan tón.

En allt reyndist þetta vera tóm skröksaga og blekkingar. Ágreiningsmálin voru óleyst, en stjórnin sat, rétt eins og þetta hefðu verið drengir í aurkasti á götunni, sem enginn tekur mark á. Svo komu kosningarnar og sýndu þegar óheilindin, því að flokkarnir blönduðu þar blóði eins og beztu vinir og það allt niður í kommúnista. Hér í Reykjavík gaf Framsókn t. d. sósialistum um 400 atkvæði til þess að reyna að koma Sigurjóni Ólafssyni inn á þing fyrir Reykjavík, og sannaðist það nú við bæjarstjórnarkosningarnar, þegar þessi 400 atkv. komu af afréttinni aftur og heim til Framsfl. Eftir þingkosningarnar var svo uppsögnin höfð að engu. Hún var aðeins ætluð til að blekkja kjósendur, og það tókst vel fyrir Framsókn, því að hún fékk aukið fylgi upp á loforðið um að skilja við sósialista og kommúnista. En fyrsta verkið á eftir var svo að treysta samvinnuna á ný og slá með því kjósendahóp sinn beint í andlitið. Og eru kjósendur Framsfl. þá geðlausari en Íslendingar eru almennt, ef þeir þola foringjum sínum og þingmönnum þetta lengi!

Svo komu bæjarstjórnarkosningarnar. Þá var þetta allt saman kórónað með því, að allir þrír flokkarnir, Framsfl., Alþfl. og Kommfl. höfðu kosningabandalag þar, sem það var talið nauðsynlegt. Og milli Framsfl. og Alþfl. komst ekki hnífurinn. En Alþfl. og Kommfl. runnu beinlínis saman í einn flokk með öflugum samningum. Þegar svo þessi flatsæng reyndist ekki sigurvænleg, vildu foringjar sósialista ganga frá öllu saman. Hefir út af því orðið árekstur í flokknum svo harður, að Alþfl. er gersamlega klofinn. Skal ég engan dóm leggja á þessi ágreiningsmál innan Alþfl. eða spá neinu um það, hvernig þeim átökum muni lykta. En það liggur

opinberlega fyrir, að flokkurinn er klofinn, og að sá hlutinn, sem þingmenn flokksins, að einum undanteknum, fylgja, hefir orðið algerlega undir á félagsfundum, svo að jafnvel hinn þaulreyndi og mikilsvirti forseti Alþýðusambandsins hefir verið rekinn úr stærsta félaginu innan alþýðusambandsins og óvirtur þar á fundi, og hvorki þingmenn sósialista né ráðherra þeirra hafa getað komið nokkru tauti við eða haft nema mjög takmarkað fylgi.

Hvað gerir nú bændaflokkurinn, Framsfl.?

Fyrir liggur þetta þrennt:

1. Að flokkarnir sögðu sundur með sér bæði í stjórn og á þingi fyrir kosningarnar, og ágreiningsmálin, sem þá urðu þeim að skilnaði, standa óleyst.

2. Að síðan hafa allir foringjar og þingmenn Alþfl. gert sig bera að því að vilja ganga í bandalag við kommúnista og eru sama sinnis enn, þó að þeir hafi með litlum drengskap verið með kattarþvott frammi fyrir landslýðnum. Þeir sýndu fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, að þeir eru til í samvinnu við kommúnista, hvenær sem þeir halda, að þeir hafi gagn af því.

3. Að klofningurinn í Alþfl. hefir alveg bersýnilega gert það að verkum, að þingmenn flokksins, að Héðni Valdimarssyni kannske einum undanteknum, eru með minni hluta að baki sér. Engar líkur eru til þess, að neinn þeirra næði kosningu, ef þeir ættu nú að leita til kjósenda. Það væri mjög gaman að prófa þetta.

Þegar þetta allt er athugað, þá skyldi maður halda, að sá snefill af sómatilfinningu væri hjá leiðtogum Framsfl., að þeir neituðu að byggja stjórn landsins á samvinnu við þetta þinglið. En allt, sem fram er komið, bendir þó í aðra átt, og vil ég nefna hér þetta sem dæmi. Í þingbyrjun kusu framsóknarmenn eins og áður Jón Baldvinsson fyrir forseta sameinaðs þings. Og þó að samkomulag hafi verið um það að kjósa varaforsetana af öðrum þingflokkum, þá getur það ekki verið ástæðan til þess að kjósa Alþfl.þingmann í virðingarmestu stöðu þingsins, heldur hlýtur hver maður að líta á það sem vott samstarfs. Sama kom svo fram í kosningum í nefndum, sem eru óbreyttar í þessu efni.

Hin svokallaða miðstjórn Framsfl. var svo kölluð saman og hún er látin samþykkja, — ja, hvað halda menn? Jú, auðvitað það, að leita enn samvinnu við sósialista. Og svo er því hnýtt við, að afneitað sé sambandi eða samvinnu við kommúnista. Verður sú afneitun heldur föl og kinnfiskasogin á svipinn, þegar hún er knýtt við ályktun um það að ganga í flatsæng með flokki, sem er enn glóðvolgur úr flatsænginni við þessa sömu kommúnista, sem verið er að afneita.

Núna alveg nýlega barst hingað fregn um það, að utanríkismálaráðhr. Breta hefði sagt af sér út af ágreiningi innan ráðuneytisins um meðferð eins máls. Forsrh. taldi þó ágreining þennan ekki vera mjög alvarlegan. En svona er nú lýðræðið og þingræðið túlkað í Englandi, og svona viðkvæm er þessi stóra þjóð fyrir fullu velsæmi á æðstu stöðum. Við Íslendingar getum ekki kinnroðalaust borið þetta saman við velsæmið á okkar hæstu stöðum. Hér er ágreiningur um meginmál þjóðarinnar. Viðkomandi ráðh. rífast á Alþ. frammi fyrir allri þjóðinni og segja sundur með sér og flokkum sínum. En að þeim detti í hug að taka afleiðingum þessarar framkomu, kemur ekki fyrir þessa pólitiskt ósiðuðu menn. Og þegar svo sósíalistar ganga í fullkomið bandalag við kommúnista, er miðstjórn Framsfl. kölluð saman til þess að látast afneita kommúnistum, en leita um leið samstarfs við sósíalista, í fullri vitund um, að það eru menn, sem hafa ekki einu sinni kjósendavilja bak við sig — meðfram vegna samningamakksins við Framsókn.

Það er að verða ljósara og ljósara, að það er engum flokki hér á landi trúandi í opinberum málum nema Sjálfstfl. Hann einn hefir stjórnað landinu vel og farsællega. Hann einn hefir bent á úrræðin. Hann einn hefir frá upphafi verið samfelldur heilsteyptur flokkur, óklofinn og eindreginn. Menn, sem honum tilheyra, hafa borið hita og þunga dagsins í atvinnu og framkvæmdum þjóðarinnar, en hinir hafa aðeins sprottið upp í skjóli ríkisfyrirtækja og sérréttinda. Og þessir síðustu viðburðir á því pólitiska sviði ættu að fara að nægja til þess að opna augu landsmanna fyrir því, að þeir eiga að fela Sjálfstfl. einum völdin og forsjá landsins mála.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Háttv. alþm. og aðrir hlustendur!

Fjárlagafrv., sem hæstv. ríkisstj. hefir nú lagt fyrir Alþ., er mjög líkt þeim fjárl., sem nú gilda. Það er því í raun og veru ekki sérlega mikið um þetta frv. að segja fram yfir það, sem segja má um núgildandi fjárl., og þess vegna get ég að miklu leyti vísað til þeirrar gagnrýni, sem við kommúnistar fluttum fram í eldhúsumr. á síðasta þingi. Það, sem er einna athyglisverðast við þetta fjárlagafrv., er einmitt þetta, hversu nauða líkt það er núgildandi fjárl. Það virðist því ekki vera um neina stefnubreyt. að ræða hjá hæstv. ríkistj.

Nú hefir það verið svo undanfarið, en þó alveg sérstaklega á síðasta þingi, að það hefir verið mjög erfitt að ráða það af fjárlagafrv. stjórnarinnar, sem lagt er fram í þingbyrjun, hvernig fjárl. endanlega muni líta út. Það væri því mest um vert, ef takast mætti, að skyggnast bak við hin pólitísku fortjöld til þess að geta sagt nokkuð fyrir um það, sem koma skal. Nú er að fara fram ákaflega ör og umsvifamikil pólitísk þróun, — stórpólitískir atburðir liggja í loftinu, svo að gera má ráð fyrir, að stjórnmálaviðhorfið geti orðið allt annað í þinglok en það er nú. Menn tala nú mikið um ýmsa „fræðilega möguleika“, og ég mun leitast við að athuga suma þessa „fræðilegu möguleika“ nokkru nánar síðar. Það er að fara fram mjög víðtæk vakning og pólitísk umbrot meðal þjóðarinnar. Það er aldrei lögð eins mikil áherzla á að sveipa hlutina dularhjúp og fara á bak við fólkið eins og á slíkum tímum. Ég tel það þess vegna skyldu mína að nota þetta tækifæri til þess að skýra frá því, sem ég veit bezt um þetta, ef vera mætti, að fólk átti sig þá betur

á ýmsum óvæntum atburðum, sem mörgum munu áreiðanlega koma undarlega fyrir sjónir.

Ég get verið stuttorður um fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú. Með þessu frv. voru látin fylgja, eins og að vanda, frumvörp um framlengingu á öllum bráðabirgðatollunum og sköttunum, sem samþykktir voru á síðasta þingi, — auk allra þeirra tollal. og l. um frestun á framkvæmdum ýmissa laga, sem nú er orðinn fastur vani að leggja fram í byrjun hvers þings. Eins og menn muna, voru samþ. á síðasta þingi nýjar tollahækkanir, sem námu hátt á þriðju millj. kr., eða talsvert á annað hundrað kr. á hvert heimili í landinu. Þessar tollahækkanir koma að mestu á nauðsynjavörur fólks og hafa því í för með sér það frámunalega öfugstreymi, að dýrtíðin vex, a. m. k. um stund, þrátt fyrir byrjandi kreppu og lækkandi vöruverð á heimsmarkaðinum. Allt þetta hefir nú verið framlengt fyrir árið 1939, sem tvímælalaust verður kreppuár og miðar því að því að halda nauðsynjum manna í uppskrúfuðu verði, jafnframt því sem afurðir landsmanna, sem þeir verða að selja á erlendum markaði, hrapa í verði. Samt sem áður eru tollar og skattar samkv. 2. gr. fjárlagafrv. ekki nema 1½ millj. kr. hærri en á fjárlagafrv., sem lagt var fram í byrjun síðasta þings. Nokkuð af tollahækkuninni fer til að vega á móti lækkun útflutningsgjalds, og 700 þús. kr. fara í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Þeir, sem höfðu búizt við því, að þessar tollahækkanir yrðu til þess að auka stórlega opinberar framkvæmdir og atvinnu í landinu yfirleitt, verða fyrir sárum vonbrigðum, ef þeir lesa þetta frv. Framlag til vegagerða og annara framkvæmda ríkissjóðs hefir sáralítið hækkað frá því, sem lagt var til í fjárlagafrv. því, sem lagt var fram í þingbyrjun í haust, og er lægra en á núgildandi fjárl. Framlag til verklegra framkvæmda samkvæmt 16. gr. er líka lægra en á núgildandi fjárl. og hefir ekki hækkað svo neinu næmi frá fyrsta fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. á síðasta þingi fram yfir þau óhjákvæmilegu útgjöld, sem veitt eru til styrktar bændum á mæðiveikisvæðinu. Framlag til atvinnubóta er ekki hækkað um einn einasta eyri. Af útflutningsgjaldinu eiga 400000 kr. að fara til fiskimálasjóðs. En það horfir satt að segja ekki vænlega með það, að þetta fé geti orðið sjávarútveginum að miklu gagni. Fiskimálan. er nú þannig skipuð, að það orkar meir og meir tvímælis, hvort hún getur talizt sjálfstæð stofnun gagnvart Landsbankanum. Það bólar ekkert á því enn þá, að fiskimálan. ætli að nota á þessu ári það fé, sem ríkissjóður hefir fengið henni til umráða, til atvinnuaukningar. Til viðbótar við þetta segir svo hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt verði að draga úr vexti iðnaðarins vegna gjaldeyrisvandræða.

Hefir hæstv. ríkisstj. nú leyst verkefni sitt sómasamlega af hendi með samningu þessa fjárlagafrv.? Skyldu slík fjárl. virkilega vera lögð fram í nafni hinna 25000 alþingiskjósenda af alþýðustétt, sem kusu stjórnarflokkana í vor? Hvernig er ástandið í landinu og hvaða verkefni eru það þá helzt, sem þarf að leysa? Hæstv. fjmrh. las upp nokkrar tölur til að sýna batnandi fjárhag landsins á síðustu árum. En hvernig er þá fjárhagur þjóðarinnar, fjárhagur hins vinnandi fólks í landinu?

Frá áramótum 1934—'35 til áramóta 1936—'37 hafa vinnulaun, greidd af meðlimum Vinnuveitendafélagsins, lækkað um 25%, eða um 2,4 millj. kr., lækkað úr um 10 millj. kr. á ári niður í ca. 7½ millj. á ári samkvæmt skýrslu Vinnuveitendafélagsins. Í sjávarútveginum er ástandið iskyggilegra en það hefir verið um langt skeið. Atvinnuleysið minnkar ekki. Þvert á móti horfir nú óvænlegar um atvinnu en þegar verst hefir gengið vegna erfiðleika sjávarútvegsins. Fátækraframfærið færist í vöxt með hverju ári. Þúsundir fullfrískra Reykvíkinga verða að leita á náðir bæjarins vegna atvinnuleysis og fátæktar. Og ekki er ástandið betra annarsstaðar á landinu. Og framundan er ný kreppa, sem hefir í för með sér ófyrirsjáanlegt verðhrun á íslenzkum afurðum erlendis. Fyrsta merki hennar sjáum við að nokkru leyti þar, sem er verðfall það, sem nú hefir orðið á síldarlýsi, ull og gærum. Undir slíkum kringumstæðum getur það ekki verið verkefni þeirrar stjórnar, sem vill vera fulltrúi hinnar vinnandi þjóðar, að láta allt reka á reiðanum undir kjörorðinu. „Flýtur á meðan ekki sekkur.“ Hvers konar ráðsmennska er það að leggja á nýja skatta, sem nema á annað hundrað kr. á hvert heimili í landinu, samtímis því, sem fólkið verður að flýja á náðir þess opinbera til þess að geta lifað? Hvaða ráðsmennska er það að gera engar gagngerðar ráðstafanir til að auka atvinnuna í landinu, þegar atvinnuleysið er svo gífurlegt, að það þarf að eyða millj. kr. árlega í fátækraframfæri, og þegar vitað er, að ný kreppa með auknu atvinnuleysi og vandræðum er framundan?

Það, sem þarf að gera til þess að mæta kreppunni, er:

1. Að ráðast í stórfelldar atvinnuframkvæmdir, sem ekki eru háðar erlendum markaði, svo sem húsabyggingar, vegagerðir og aðrar samgöngur, hitaveitur, virkjun fossa og hagnýting íslenzkra hráefna til íslenzks iðnaðar, sem skilyrði eru fyrir hér á landi, skipasmíðar í landinu sjálfu o. fl.

2. Ráðstafanir til að hjálpa sjávarútveginum til að mæta þeim örðugleikum, sem hann á við að stríða nú og bíða hans á næstunni.

3. Fjármagnið, sem þarf til þessara hluta, verður að taka af því fé, sem nú er í höndum einstakra fjárplógsmanna og notað er í brask, óhófseyðslu einstakra fjölskyldna og í óheilbrigðan taprekstur, sem ríkissjóður verður að bera byrðarnar af að lokum.

Allar þær till., sem við kommúnistar bárum fram á síðasta þingi, ganga í þessa átt.

Ég ætla þá að minnast á nokkrar þessar till. okkar, sem við munum enn leggja fram á þessu þingi. Við lögðum til, að atvinnubótafé ríkisins yrði hækkað um 35000 kr., sem þýðir, að atvinnubótaféð hefði, að meðtöldu framlagi bæjar- og sveitarfélaga, hækkað um tæpa millj. kr. Til bygginga nýrra vita yrðu veittar 160000 kr. Að ríkið ábyrgðist 700000 kr. til kaupa á nýjum diselmótorskipum, 75—100 smál. að stærð.

Að 520000 kr. yrðu veittar til verkamannabústaða og húsabygginga í sveitum fram yfir það, sem nú er. Aukið framlag til vegagerða, sem næmi á þriðja hundrað þús. kr. og skiptist á milli Suðurlandsbrautar, Sogsvegar og vegar yfir Siglufjarðarskarð. Þá lögðum við til, að veitt yrði fé til rannsókna á virkjun fossa til iðnaðar og húsahitunar og til hagnýtra jarðvegsrannsókna. Þetta allt hefði þýtt atvinnuaukningu fyrir um það bil hálfa þriðju millj. kr.

Engin af þessum till. náði fram að ganga. Að vísu var framlag til Suðurlandsbrautar hækkað eins og við lögðum til. En það hefir enga atvinnuaukningu í för með sér, því að það er tekið af atvinnubótafé og kemur að mestu í stað þess, sem áður var lagt til nýbýlaræktarinnar í Flóanum, sem ekkert er nú lagt til á fjárl.

Jafnframt lögðum við fram till. um fjáröflun til þessara framkvæmda. Við höfum áður skýrt ýtarlega frá þessum till., en ég ætla samt að rifja þær upp einu sinni enn þá, því að þær eru enn í gildi, og enn munum við leggja þær fram, ef þess væri nokkur kostur, að Alþ. vildi sinna till. okkar um aukna atvinnu og aðrar hagsbætur, sem gerðu slíka fjáröflun nauðsynlega. Við lögðum fram frv. um stighækkandi fasteignaskatt, verðhækkunarskatt, einkabifreiðaskatt, stóríbúðaskatt og vaxtaskatt. Þessir skattar áttu að gefa í ríkissjóð allt að einni milljkr. Ennfremur bentum við á, að með lækkun á launum hálaunaðra embættismanna, afnámi ýmissa bitlinga og sparnaði á rekstri ríkisstofnana mætti spara um ¾ millj. kr. Við bárum fram frv. um breyt. á framfærslul., sem felur í sér jöfnun á fátækraframfæri bæjar- og sveitarfélaga eftir efnum og ástæðum, og loks frv. um heimild fyrir bæjarfélögin til að taka að sér rekstur kvikmyndahúsa og upp- og útskipun á vörum. Þetta hvorttveggja hefði vel getað sparað ríkissjóði þær 700000 kr., sem nú fara í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Það hefir verið gerð nokkur tilraun, bæði af hálfu stjórnarflokkanna og íhaldsins til að gagnrýna þessar till. okkar, og ég veit, að þessi gagnrýni verður endurtekin hér. Ég ætla þess vegna að svara henni fyrirfram.

Þegar við berum fram till. um aukna atvinnu og endurbætur fyrir hið vinnandi fólk, þá er svarið: Okkur vantar fé. Og þegar við svo höfum bent á aðferðirnar til að afla fjárins, þá er svarið: Þetta dugar ekki. Þeir segja, að till. okkar um stighækkandi fasteignaskatt, verðhækkunarskatt og einkabifreiðaskatt myndu gefa litlar tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta er viðurkennt af okkur, enda áætlum við þessa tekjustofna mjög varlega. Hitt er aftur á móti viðurkennt, að löggjöf eins og þessi myndi hafa mjög holla þjóðfélagslega þýðingu. Hversvegna er þá verið að streitast á móti henni? Vaxtaskattinum hafa a. m. k. sumir af hæstv. ráðh. tjáð sig sammála, og það er stærsti tekjustofninn. Hvers vegna er hann þá ekki samþ.? Frv. um stóríbúðaskatt hafa stjórnarflokkarnir sjálfir borið fram 1932 og 1933 og áætluðu þá tekjur af honum sízt varlegar en við gerum nú. Nú segja þeir, að skattarnir séu orðnir svo háir, að ekki sé hægt að bæta neinu á hátekjumennina, það muni ekkert gefa í aðra hönd. Samt halda þeir, að á sama tíma sé hægt að tvöfalda skattana, sem leggjast á nauðsynjar fátækra manna. Samt vita þeir, að bilið milli stéttanna hefir stækkað síðan 1932. Þeir þurfa ekki annað en fletta upp í opinberum skýrslum til að sjá, að tekjur stóreignamannanna hafa aukizt. Eins vita þeir, að skattar á hátekjumönnum eru hlutfallslega við tollana lægri en þeir voru þá. Þetta er nákvæmlega sama sagan og hv. 1. þm. Reykv. var að segja við fjárlagaumr. í haust, þegar hann var að skopast að því, að skattarnir á hátekjumönnunum gætu orðið yfir 100%.

Hv. forseti Alþýðusambandsins, Jón Baldvinsson, sem stærstu verkalýðsfélög landsins hafa nú lýst vantrausti á, söng sama sönginn, þegar hann flutti á síðasta þingi tollahækkunarfrv. fræga, sem iþyngir hverju heimili á landinu með yfir 100 kr. viðbótarskatti. Ég svaraði þessu seinna í umr. Ég sýndi fram á, að í fyrsta lagi er sagan um 100% þjóðsaga, sem tilheyrir þeim flokki þjóðsagna, sem kallaðar eru lygisögur, og í öðru lagi er hreint ekki gengið nærri hátekjumönnunum, þótt skatturinn yrði eins og kallað er 100% eins og í pottinn er búið með núverandi skattalöggjöf. Maður, sem hefir 100 þús. kr. í árstekjur, hefir yfir 50 þús. kr. eftir að meðaltali á ári til eigin þarfa, sem enginn tekjuskattur eða útsvar nær til, enda þótt þessir skattar séu það, sem kallað er 100% af skattskyldum tekjum.

Þá er eftir að minnast á till. okkar um jöfnun fátækraframfæris, sem er í samræmi við frv., sem Jón Baldvinsson hefir flutt áður, og frv. okkar um tekjustofna handa bæjar- og hreppsfélögum. Hversvegna fást þessar till. okkar ekki samþ.? Við munum enn freista að bera þessar till. fram. Og hversvegna skella þeir skolleyrunum við till. okkar um sparnað í opinberum rekstri, sem þó eru í samræmi við till., sem framsóknarmenn hafa áður borið fram, en allt af horfið frá, þegar átti á að herða eða þeir höfðu aðstöðu til að hrinda þeim í framkvæmd?

Í einu orði sagt, þessi gagnrýni stjórnarflokkanna á till. okkar er vegin og léttvæg fundin. Hún er engin skýring á afstöðu þeirra til þessara mála. Þegar menn hlusta á þessar ræður þeirra, þá getur það farið fram hjá athugulum hlustanda, að þeir meina eitthvað allt annað, — maður heyrir eitthvað allt annað niðri í þeim. Hvernig verður þetta skýrt? Og það er vitanlega fleira en fjármálin, sem þarf skýringa við í samvinnu Alþfl. og Framsfl. Á þessu þingi munu þeir í sameiningu leggja fram frv. um vinnulöggjöf, sem skerðir stórlega réttindi verkalýðsfélaganna og er um leið alvarleg árás á lýðræðið í landinu. Samkvæmt þessu frv. er ekki hægt að hefja verkfall nema með 7 daga fyrirvara, öll verkföll, sem hægt er að kalla pólitísk, eru bönnuð. T. d. hefði benzínverkfallið, sem færði bílstjórunum á einu ári 400 þús. kr. hagnað á kostnað olíuhringanna, verið ólöglegt, ef slík löggjöf hefði verið komin á. Ef 6—700 menn í verkamannafélaginu Dagsbrún greiða atkvæði um till. sáttasemjara, þá nægir ekki einfaldur meirihluti til að fella till.

sáttasemjara, og ef 350—400 greiða atkv., þá er till. sáttasemjara samþ., þótt allir greiði atkv. á móti henni. Allt að 10000 kr. sektir liggja við brotum, svo að það er hægt að tæma félagssjóðina. Og í félagsdómi, sem á að dæma um ágreiningsatriði atvinnurekenda og verkalýðsfélaga, á yfirstéttin 4 fulltrúa og verkalýðurinn aðeins einn. Svo eru á þessu ýmsir plástrar, sem kallaðir eru „réttindi" verkalýðsfélaganna og eiga að vera einskonar agn. T. d. er atvinnurekendum óheimilt að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna með hótunum eða mútum, og verkalýðsfélögum á að vera heimilt að hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum, og má ekki reka þá úr vinnu vegna starfs þeirra í þágu samtakanna. Það mega nú vera meira en litlir hvítvoðungar, sem ekki skilja, að þetta er harla lítils virði, því að atvinnurekendur finna alltaf einhverjar aðrar átyllur en stjórnmálaskoðanir til að reka menn úr vinnu.

Það er alveg vitað, að á þessu þingi munu koma fram háværar kröfur um einhverskonar ráðstafanir til almennrar kauplækkunar í landinu, annaðhvort með gengislækkun eða öðrum ráðum. Þess vegna þykir fulltrúum atvinnurekenda og bankanna — en slíkir menn eru í öllum þingflokkum nema Kommfl. — nú um að gera að fá fyrst samþ. vinnulöggjöf til þess að lama viðnámsþrótt verkalýðssamtakanna.

Er allt þetta samvinna verkamanna og bænda? Getur það verið, að verkamenn og bændur hafi þannig samvinnu á móti sjálfum sér? Hver er skýringin á öllu þessu?

Sannleikurinn er sá, að þeir ágætu menn, sem skipa hæstv. ríkisstj., styðjast alls ekki við neina raunverulega samvinnu verkamanna og bænda. Það er samvinna formanns Framsfl., Jónasar Jónssonar, og forseta Alþfl., Jóns Baldvinssonar, og ofurlitillar fylgissnauðrar klíku í kringum hann, sem nú ræður mestu um stjórn landsins. En bæði Jónas Jónsson og Jón Baldvinsson eru fulltrúar bankanna. Meiri hl. stj. Alþýðusambandsins og þingmanna þess getur nú ekki lengur talað í nafni Alþfl. Þessi fámenna klíka hefir sett sig í andstöðu við flokkinn. Stærstu verkalýðsfélög landsins, svo sem verkamannafélagið Dagsbrún, verkamannafélagið á Siglufirði, Norðfirði, Hafnarfirði, Húsavík og víðar hafa lýst vantrausti sínu á meiri hl. stj. Alþfl. Stærsta pólitíska félagið í Alþfl., Jafnaðarmannafélag Reykjavíkur, hefir einnig lýst vantrausti sínu á þessa klíku. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík hefir tekið sömu afstöðu. Þessir menn, sem algerlega ranglega gefa sig út fyrir að vera Alþfl. hér á Alþingi, hótuðu að kljúfa Alþfl. í haust á þingi hans, ef þingið gerði ekki vilja sinn gildandi og Alþfl. og Kommfl. yrðu sameinaðir. Þessu var afstýrt af mönnum með meiri ábyrgðartilfinningu og meiri drenglund á þann hátt, að meiri hl. sló undan fyrir minni hl. til þess að varðveita eiginu flokksins. Mönnunum, sem ætluðu að kljúfa, var treyst til að fara áfram með stjórn flokksins. Og þetta traust nota þeir nú til þess að gera tilraunir til að kljúfa flokkinn og ræna eignum hans. Í því skyni var Héðinn Valdimarsson rekinn. Og það er mjög líklegt, að hvert félagið af öðru verði með lögleysum rekið úr Alþýðusambandinu, til þess að þessir klofningsmenn geti rænt eignum flokksins, þótt þeir séu ekki annað en fylgislítil klíka, sem hefir yfirgnæfandi meiri hl. flokksins á móti sér.

Það er verkefni allra góðra drengja í alþýðustétt að vernda einingu alþýðunnar fyir þessum ófyrirleitnu klofningsmönnum, og ég er sannfærður um, að það mun takast. Það mun takast að sameina verkalýðinn í einn sterkan, sósíalistiskan flokk, sem mun verða miklu meiri styrkur fyrir lýðræðið en þessi einangraða klofningsklíka, sem er sífellt með lýðræðið á vörunum, en afneitar þess krafti. Ég er alveg sannfærður um, að allir þeir framsóknarmenn, sem vilja vera einlægir fulltrúar sinnar stéttar, muni fljótlega sjá, að það er lítil stoð í því að vera að druslast með þessa einangruðu klíku, sem engan flokk hefir að baki sér.

En út af því, sem fulltrúi Bændafl., hv. 4. landsk., og fulltrúi Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., sögðu, vil ég segja þetta:

Ef íhaldsmenn halda, að við kommúnistar og fulltrúar verkalýðssamtakanna munum láta það líðast, að þeir geti notað þetta ástand í verkalýðshreyfingunni og á þingi til þess að koma fram sínu langþráða takmarki, að fella þessa ríkisstj. og setja aðra í staðinn, sem þeir sjálfir væru þátttakendur í ásamt hv. formanni Framsfl. og ef til vill líka ásamt hæstv. forseta Sþ., þá skjátlast þeim alveg. Það er ekki þetta, sem kjósendurnir vilja. Þeir hafa gefið vinstri flokkunum umboð til að vinna saman. En þeir ætluðust til þess, að þeir héldu áram að vera fulltrúar verkamanna og bænda, en ekki að þeir gerðust liðhlaupar við stétt sína og samtök hennar. Kjósendurnir vilja vinstri stjórn, raunverulega samvinnu verkamanna og bænda.

Því er oft haldið fram, að við kommúnistar og vinstri armur Alþfl. viljum enga stjórnarsamvinnu milli Framsfl. og alþýðusamtakanna. Þetta er hið herfilegasta öfugmæli, fjarstæða og blekking, sem ég vil kröftuglega mótmæla frammi fyrir allri þjóðinni. Við leggjum einmitt megináherzlu á samvinnu verkamanna og bænda. Við viljum, að slík samvinna milli verkamanna og bænda sé raunveruleg samvinna milli verkamanna- og bændastéttarinnar. Við viljum, að samtök verkamanna og bændanna, verkalýðsfélögin og samvinnufélögin, og önnur lýðræðissinnuð samtök alþýðunnar geri með sér bandalag til þess að hrinda áhugamálum sínum í framkvæmd. Við viljum, að ríkisstj. verkamanna og bænda styðjist við slíkt bandalag, og við viljum, að pólitík hennar sé óháð auðmannastéttinni og bönkunum.

Og þegar til kosninga kemur næst, hvenær sem það verður, það getur orðið fyrr en varir, þá þurfa kjósendur að hafa hugfast þetta tvennt: Að varast blekkingar íhaldsins og láta höfuðandstæðingunum ekki takast að hagnýta sér til framdráttar þá riðlun á flokkum verkamanna og bænda, sem einstakir óhappamenn hafa valdið. Og í öðru lagi: Að losa sig við þá menn, sem hafa brugðizt því trausti, sem þeim hefir verið veitt, sem starfa skipulagsbundið að klofningi samtakanna, sem stefna að samvinnu við

íhaldið, sem í stuttu máli eru í tjóðurbandi borgarastéttarinnar.

Ef íslenzk alþýða ber gæfu til að skilja þetta nógu snemma, þá mun okkur takast að skapa öflugt samstarf verkamanna og bænda og vinstri stjórn, sem hefir traustan grundvöll undir fótum.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Út af sjálfu frv. og þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti, vil ég segja það eitt, að afstaða Alþfl. til frv. mun að sjálfsögðu koma fram við till. þær, sem hann mun gera í hv. fjvn. og við síðari umr. hér á þingi. Ég geri einnig ráð fyrir, að þegar síðari umr. fara fram, þá verði séð, hvort samkomulag kemst á milli Alþfl. og Framsfl. um áframhaldandi samvinnu, og þeir sem eru óþolinmóðir eftir að fá að vita um þetta, verða að sætta sig við að bíða, því að um þetta eru engir samningar til enn, en ég geri ráð fyrir, að séð verði út um það við síðari umr.

Þó eru tvö atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég get ekki látið hjá líða að drepa á.

Annað er það, að hann sagði, að nú væri ekki nema tvennt til að því er snertir framlög til vegamála, annaðhvort að hækka benzínskattinn eða að færa aftur í tölu sýsluvega eitthvað af þjóðvegunum. Í því sambandi vil ég taka það fram, að Alþfl. mun ekki eins og nú er ástatt geta fallizt á, að benzínskatturinn sé hækkaður. Ég tel, að endurskoða þurfi skattalöggjöfina í heild. Og að því er snertir framlagið til fiskimálanefndar, 135 þús. kr., þá taldi hann, að þingið hefði ekki gert ráðstafanir til að mæta þessu. Þetta er ekki rétt, því að í eldri l. er heimild til lántöku í þessu skyni, 1 millj kr., sem hefir ekki verið notuð nema um 8—900 þús. kr.

Um fjárlfrv. í heild vil ég segja, að ég tel þar í meginatriðunum stefnt í rétta átt. Langmestur hluti útgjaldanna er þar, eins og í núgildandi fjárl., ætlaður til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum í landinu, sem miðar að því að skapa verðmæti í landinu og bæta þar með afkomu atvinnnuveganna, og jafnframt er miðað að því að draga úr atvinnuleysi í landinu, sumpart með beinum stuðningi til atvinnuveganna, sérstaklega þeirra, sem við mikla örðugleika hafa átt að stríða, og til þess að hindra, að þeir stöðvist og það fólk, sem atvinnu hefir haft við þá, verði að leita í aðra staði. Ég tel, að þessi meginsvipur fjárl. sé í samræmi við það, sem ég álít rétt, þó að ég telji að sjálfsögðu rétt að athuga, hvort ekki sé hægt að ganga lengra. Séstaklega vil ég þar benda á, að nauðsynlegt væri að hafa meira fé til umráða til byggingar verkamannabústaða, bæði til að auka atvinnu og eins til að bæta úr því óþolandi húsnæðisástandi, sem verkalýðurinn á við að búa. Á sama hátt get ég tekið undir það, sem hv. 1. landsk. sagði, að ég tel, að nauðsyn beri til að athuga, hvort ekki sé hægt að smíða báta hér innanlands til endurnýjunar vélbátaflotanum.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeirri tiltölulega glöggu skýrslu, sem hæstv. fjmrh. gaf hér um stofnun nýrra fyrirtækja síðustu 15—17 árin. Ég tel mikilsvert, að þessi skýrsla hefir fengizt. Hún sýnir glögglega viðleitni þriggja síðustu ára og gefur skýringu á mörgum þeim örðugleikum, sem við eigum við að búa.

Hv. 4. landsk. og hv. 1. landsk. gerðu sér mjög tíðrætt um þá atburði, sem gerzt hafa í Alþfl. nýlega. Á ég þar við brottvikningu hv. 3. þm. Reykv. úr Alþfl. Hv. 4. landsk. þm. taldi, að ástæðan til þess, að sambandsstjórnin taldi sig neydda til að gera þessar ráðstafanir, hefði verið sú, að Framsfl. hefði sett það fram sem skilyrði fyrir áframhaldandi stjórnarsamvinnu. Þessu mótmæli ég og upplýsi, að þetta eru tilhæfulaus ósannindi. Engar slíkar kröfur hafa komið fram af hendi Framsfl., enda hefði þeim fullkomlega verið vísað á bug af Alþfl., þótt fram hefðu komið, enda veit ég ekki betur en að hv. 3. þm. Reykv. hafi á undanförnum árum verið einn af þeim, sem hafa gengið frá samningum við Framsfl. og ekki verið þar neinn ásteitingarsteinn. Ég hirði ekki að greina frá því hér, hvaða ástæður til þess liggja, en mun gera það á öðrum vettvangi. En í sambandi við spádóma hv. 4. landsk. og hv. 1. landsk. get ég ekki stillt mig um að minna á hið fornkveðna, að „svo mæla börn sem vilja“. Hv. 4. landsk. fullyrðir, að með hv. 3. þm. Reykv. fylgi allt kjósendalið Alþfl. og muni það sýna sig á næsta sambandsþingi. Þar muni hann verða kosinn forseti flokksins, en þeir, sem nú eru þm. hans, hrökklast þar út. Svo mæla börn sem vilja. En að því er þennan hv. þm. snertir, þá er þetta vel skiljanlegt. Það er eins og mig minni, að það hafi skeð fyrir ekki svo löngu síðan, að nokkur hluti klofnaði úr Framsfl. Og þá fullyrtu þeir, sem frá klofnuðu, að allir kjósendur landsins væru með sér. Það vantaði ekki hávaðann, það vantaði ekki spádómana, að þeir réðu öllu, en hinir væru gersamlega fylgislausir. Það er því eðlilegt, að hann fyllist nú samúð með klofningsmönnum eins og þessum. Raunin hefir samt orðið sú um þessar miklu vonir og stóru spár, að þær rættust þannig, að gengi Bændafl. er nú ekki meira en það, að þeir bíða utan gátta ennþá eftir því, hvort Sjálfstfl. vilji taka við þeim. Ég skal ekki spá, hver niðurstaðan verður af þeim klofningi, sem nú er því miður í Alþfl., það mun tíminn leiða í ljós. En ég get vel skilið, að íhaldsmenn og þeir, sem sækja fast að komast í þeirra félagsskap, séu glaðir og hlakki yfir þessum tíðindum, eins og hv. 4. landsk. sagði, að línurnar mundu skýrast stjórnarfarslega, ef Alþfl. yrði að engu og risi upp hálfkommúnistiskur flokkur. Ég get vel trúað, að þetta sé ósk hans, og svo mæli börn sem vilja.

Ræðu hv. 1. þm. Reykv. sé ég í raun og veru ekki mikla ástæðu til að svara að öðru leyti en því, að hann vildi telja, að allt starf fiskimálanefndar væri óþarft og til ills. Hann vildi bera fram því máli til sönnunar, að saltfisksmarkaðurinn í Suðurlöndum hafi unnizt fyrir atbeina einstakra manna, án þess að ríkið hefði nokkuð unnið þar að. Nokkuð er til í því. En hvernig stendur á því, að þessir ágætu menn halda ekki áfram að vinna þessa markaði enn-

þá? Hvað veldur? Ástæðan er sú, að tímarnir eru svo ólíkir, að það er á engan hátt saman berandi. Við verðum að viðurkenna, að nú væri með öllu óhugsandi, bæði fyrir saltfisksútflytjendur og aðra, að vinna markaði á sama hátt og þá. Nú eru margskonar hömlur á viðskiptum, sem gera slíkt ómögulegt, fyrir utan borgarastyrjaldar og gjaldeyrisskort í hlutaðeigandi löndum. Þess vegna er ókleift að halda markaðnum við, hvað þá að auka hann. Þetta ætla ég, að hver nokkurnveginn meðalgreindur maður hljóti að skilja. Á síðasta ári hefði enginn mannlegur máttur megnað að selja frá Íslandi til Spánar eins mikið fiskmagn og þangað var selt, áður en markaðurinn þar fór að þrengjast. Og enginn hefði heldur getað haldið sama markaði á Ítalíu og áður né komizt hjá skilyrðum stjórnarinnar þar um jafnaðarkaup. Þess vegna var brýn og óhjákvæmileg nauðsyn að brjóta nýjar leiðir, og þar sem ekki var hægt að gera slíkt án stuðnings frá því opinbera, beitti fiskimálanefnd sér fyrir þessu með mikilli rögg. Og árangurinn hefir orðið sá, að á árinu 1937 eru fluttar út úr landinu nýjar framleiðsluvörur fyrir 3½ millj. kr., langmest sjávarútvegsvörur, en árið 1933 voru þessar vörur fluttar út fyrir aðeins 107 þús. kr. Ég játa, að þessi upphæð er ekki ákaflega há, ef miðað er við saltfiskssöluna áður, en hér er um markað að ræða, sem erfitt er að vinna upp. Einnig hefir orðið stórmikil aukning á síldveiði og síldariðnaði í landinu. Þetta er ástæðan til þess, að hægt hefir verið að ná þeim greiðslujöfnuði, sem raun hefir á orðið.

Mér heyrðist á hv. 4. landsk., að hann væri hissa á, hvað sjávarútvegurinn ætti við erfiðan hag að búa, og vildi hann kenna skeytingarleysi og óvild núverandi ríkisstj. um. Ég verð að segja, að mig furðar, að nokkur maður skuli leyfa sér að bera slíkt fram. Hvernig ætli búskapurinn hefði gengið hjá honum heima í Fagraskógi, ef tvær ær af hverjum þremur hefðu orðið lamblausar og til viðbótar hefðu verið þurrar tvær kýr af hverjum þremur, sem hann átti? Hvernig myndi sá búskapur hafa komið til með að líta út? Hefði það kannske verið óvilja stjórnarvaldanna að kenna, þó að þröngt hefði orðið fyrir dyrum hjá þessum manni? Ég segi nei og aftur nei. Annars er það alveg sama, hvernig háttv. stjórnarandstæðingar hrópa, því verður aldrei með rökum neitað, að stjórnarflokkarnir hafi gert það, sem þeim frekast var unnt til þess að styrkja atvinnuvegina. Þannig var t. d. á síðasta þingi ekki veitt minna en 1—1,2 millj. til styrktar sjávarútveginum einum. Aðalskoðanamunurinn á milli okkar hv. 1. þm. Reykv. liggur í því, að hann telur, að slá eigi niður kaupgetu fólksins, en ég tel, að þvert á móti eigi að efla hana eftir föngum, m. a. til stuðnings atvinnuvegunum, því að fólk, sem enga kaupgetu hefir, getur ekki keypt framleiðslu framleiðendanna.

Hvað snertir ræðu hv. 1. landsk., þá verð ég að segja það, að hún var að mörgu leyti lítt eða óskiljanleg. Hann sagði meðal annars, að taka ætti fé hjá þeim, sem rækju taprekstur með aðstoð bankanna. Ég held, að það myndi reynast erfitt að ná miklu hjá þeim mönnum. Þá var það, hvort hann vildi, að stjórnin héldi áfram að vinna sem vinstri stjórn eða ekki. Það, sem helzt virtist hægt að fá út úr orðum hans var, að hann vildi hafa vinstri stjórn, sem stjórnaði eftir hans vilja og hans nótum. En hv. þm. veit það ofurvel, að slíka stjórn er ekki hægt að mynda.

Þá fór hv. þm. allmörgum orðum um Alþfl. og forystumenn hans og kallaði m. a. forseta Sþ. klofningsmann, en rök fyrir því gat hann að sjálfsögðu ekki fært, sem ekki var heldur von, því að honum er eins vel kunnugt um það eins og mér, hvernig gangur þessara mála hefir verið á undanförnum mánuðum. Hann getur ekki þrætt fyrir það, hv. þm., að á síðasta Alþýðusambandsþingi voru kommúnistum boðin mjög aðgengileg sameiningartilboð, en þau strönduðu m. a. á því, að þar mátti ekki standa, að hinn sameinaði flokkur vildi vinna á grundvelli „lýðræðis og þingræðis“. Hefði það ekki vakað fyrir kommúnistum, að þeir ætluðu sér að vinna á öðrum grundvelli, þá hefðu þeir eflaust gengið að sameiningartilboðinu vegna þessa ákvæðis. Hitt ákvæðið, sem aðallega strandaði á, var, að þessi hv. þm. heimtaði, að í samningunum stæði, að flokkurinn skyldi alltaf verja allt, sem stjórnin í Rússlandi gerði, hvað svo sem það væri, hvort sem það væru aftökur manna án dóms og laga eða annað. Þessi tvö atriði, sem ég nú hefi nefnt, voru meginatriðin, sem samningarnir strönduðu á, en auk þeirra voru svo ýms smærri atriði. Þrátt fyrir þetta kemur þessi maður svo fram hér og hrópar til fólksins, að hann sé hinn eini og sanni vinur alþýðunnar, sem vilji vinna að því að sameina hana í einn flokk. Hann, sem er sá mesti óhappamaður, sem alþýðan hefir átt, bæði hvað snertir þetta sameiningarmál hennar og fjölda mörg önnur. — Því, sem hv. þm. sagði um frv. til vinnulaga, læt ég ósvarað nú, enda var flest, sem hann sagði um það mál, fjarstæða ein, — já svo mikil fjarstæða, að ég finn ástæðu til þess að vara þá hv. alþýðuflokksmenn úti um land, sem á mál mitt hlýða nú, við því, að taka hátíðlega það, sem þm. sagði. — Þá sagði hv. þm. ennfremur, að krafa um kauplækkun myndi sennilega koma fram mjög bráðlega, ef ekki beinlínis, þá dulbúin í gengislækkun. Ég skal viðurkenna, að það munu vera uppi raddir um þetta, en eins og nú standa sakir, mun ekkert um þetta þurfa að óttast, hinsvegar þykir mér sennilegt, að ef samvinna núverandi stjórnarflokka slitnaði, þá myndi eitthvað slíkt verða ofan á.

Ég get svo látið máli mínu lokið í þetta sinn.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Umr. þær, sem hér hafa farið fram að þessu sinni, hafa verið með nokkuð öðrum blæ en venja er til við þetta tækifæri. Það hefir lítið verið rætt um fjármálin, heldur hafa umr. snúizt um hið almenna pólitíska ástand og því líkst meira eldhúsumræðum en umr. um fjárlögin sjálf.

Ég skal þá fyrst beina nokkrum orðum til hv. 4. landsk. Hann sagði m. a., að ennþá væri ekki tímabært fyrir Framsfl. að yfirgefa land-

búnaðarmálin, þar væri töluvert óunnið enn. Þessu er hv. þm. því að svara, að hann þarf ekkert að óttast í þessu efni. Framsfl. mun eins og hingað til láta mál landbúnaðarins til sín taka, og það alveg án hvatningar eða bendingar frá þessum hv. þm. — Þá vildi hv. þm. reyna að láta skína í það, að laun aðalbankastjóra Búnaðarbankans væru ekki aðeins 12 þús. kr., heldur hefði hann ýmsar launabætur, sem næmu 10 þús. kr. En þetta er ekki rétt. Laun bankastjórans eru 12 þús. kr., alveg án nokkurrar uppbótar, og eru þau þannig 7200 kr. lægri en laun fyrrv. bankastjóra. — Þá vildi hv. þm. halda því fram, að skuldir þjóðarinnar við útlönd færu vaxandi, en þetta er heldur ekki rétt, og nægir því til sönnunar að vísa til skýrslu hagstofunnar um viðskiptin við útlönd 1936. Einnig vildi hann halda því fram, að skuldir ríkissjóðs hefðu hækkað í stjórnartíð minni; því leyfði hann sér að halda fram, þrátt fyrir staðreyndir þær, sem ég benti á í ræðu minni um þetta atriði. Eins og tekið hefir verið fram, þá hafa skuldir ríkissjóðs hækkað í stjórnartíð minni um 4 millj. kr., sem stafar af því, að þessar 4 millj. voru lán, sem Útvegsbankinn skuldaði, en ríkissjóður var í ábyrgð fyrir og var því fært yfir á hann. Allt, sem ég hefi sagt um þetta efni, stendur því óhaggað, þrátt fyrir allar staðhæfingar þessa hv. þm.

Hv. 1. þm. Reykv. fór víða í ræðu sinni og allgeyst með köflum, eins og hans er vandi. M. a. minntist hann á síðustu hækkun mjólkurverðsins og átaldi Framsfl. fyrir hana, þrátt fyrir það þó að það sé fullkunnugt öllum, sem eitthvað fylgjast með í þessum málum, að mjólkurhækkunin var gerð fyrir eindregnar kröfur sjálfstæðismanna í bændastétt, þar sem ekki var aðeins farið fram á 2 aura hækkun á lítra, heldur 7 aura hækkun. Hér koma því fram hin venjulegu óheilindi Sjálfstfl., að láta óviðkomandi menn róa undir í málunum, eins og t. d. bústjórann á Korpúlfsstöðum, og þykjast svo hvergi nærri koma, en reyna að skella skuldinni á aðra af sínum eigin óheillaverkum. Þá fór hv. þm. mörgum orðum um, að frv. það, sem hér liggur fyrir, væri miklu hærra í útgjöldum en fjárlagafrv. það, sem lagt var fyrir síðasta þing. Þetta er í sjálfu sér rétt, en þannig stendur á því, að inn í frv., sem hér er til umr. nú, eru settar greiðslur, sem síðast Alþ. samþ., áður en því sleit. Eftir orðum hv. þm. gat þetta því litið þannig út í augum almennings, að frv. væri hærra en fjárlögin, sem samþ. voru á síðasta þingi, en það er ekki rétt.

Í þessu sambandi er dálítið fróðlegt að athuga, hvernig kveður við annan tón hjá hv. sjálfstæðismönnum þar, sem þeir ráða sjálfir yfir fjármálum, eins og t. d. hér í Reykjavík. Við síðustu bæjarstjórnarkosningar var á það bent af ýmsum, að skuldir Reykjavíkurbæjar hefðu aukizt allmjög á seinni árum. Til þess að verja þessa skuldaaukningu bæjarins fluttu þeir margar ræðar, bæði í útvarp og á mannfundum, auk þess sem miklum hluta af blaðakroti þeirra var og varið til þess. Þá var og hagfræðingur bæjarins látinn setjast við að reikna og reikna og skrifa margra metra langa blaðadálka til þess að sanna fólkinu, að öll þessi mikla skuldaaukning bæjarins væri ofureðlileg, og á einum stað kemst hann m. a. svo að orði: „Það er mjög eðlilegt, að flest útgjöld bæjarfélagsins aukist örar en sem svarar fólksfjölguninni. Hin félagslega þróun krefst þess. Verksvið hins opinbera eykst og stækkar, borgararnir gera meiri kröfur til þess með hverju ári, sem líður". Hér er ekki verið að býsnast yfir því, að greiðslurnar fari hækkandi. Því er þvert á móti slegið föstu, að svona eigi það að vera; það sé hin eðlilega þróun. Sannleikurinn í þessum málum er sá, að hér á Alþingi hefir verið lögð mikil vinna í það að reyna að halda útgjöldunum niðri, reyna að komast hjá hækkunum, þrátt fyrir hinar auknu kröfur, sem sífellt fjölgar. Hversu mikil vinna hefir t. d. ekki verið lögð í það að reyna að finna möguleika til lækkana, til þess að vega á móti hinum miklu útgjaldakröfum, sem óumflýjanlegar hafa komið fram um stuðning við sjávarútveginn og atvinnuvegina yfirleitt?

Hann sagði hv. þm., að ég hefði sagt, að tekjur ríkissjóðs hefðu hækkað að miklum mun. Ég sagði aðeins, að tekjurnar hefðu aukizt frá 1936 um 10%, eða ca. 1. millj. Aftur á móti byggist ég við, að hinir nýju tollar og skattar myndu nema 3—4 millj. Þetta staðfestir aðeins það, sem ég hefi margtekið fram hér áður, að með hinum nýju sköttum er aðallega verið að vinna upp rýrnun hinna nýju fyrri skatta og tolla. Hvað snertir útgjöld síðastl. árs, þá voru þau alveg óvenjuleg. Ég segi óvenjuleg, því að sem betur fer, er það ekki venjulegt, að hér geysi drepsóttir, sem valda stórtjóni á búpeningi landsmanna, eins og síðastl. ár. — Þá sagði þessi hv. þm. og ennfremur, að skattarnir væru allt of háir hjá okkur eins og þeir væru settir nú, ríkissjóður þyrfti ekki á öllum þeim tekjum að halda. Þetta er bara staðhæfing út í loftið hjá hv. þm., fyrir henni getur hann engin rök fært. En færi svo, að tekjurnar reyndust of miklar, þá held ég, að það væri engin goðgá, þó að eitthvað væri þá borgað af skuldum umfram það, sem hægt er að komast minnst af með.

Ég skal ekki fara mikið inn á umr. um gjaldeyrismálin umfram það, sem ég þegar hefi gert. Hv. þm. sagði, að ég væri ánægður með þau eins og þau væru. Þetta er að sjálfsögðu að nokkru leyti útúrsnúningur á orðum mínum. Ég hefi jafnan sagt það, að æskilegast væri, að ekki þyrfti að gefa út gjaldeyrisleyfi, sem ekki væri hægt að innleysa á réttum tíma. En við það er ekki alltaf gott að ráða. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd úthlutar leyfunum með alveg sérstöku tilliti til þeirra afurða, sem liggja fyrir í landinu og ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði, en það geta komið fyrir ýms óviðráðanleg og ófyrirsjáanleg atvik, sem grípa hér inn í og valda meiri og minni erfiðleikum. Þannig kom það t. d. fyrir síðastl. ár, að síldarolían seldist ekki eins og gert var ráð fyrir, ekki aðeins það, að hún seldist ekki fyrir það verð, sem áætlað var, sem voru £ 19—20 pr. smálest, heldur varð mikill hluti hennar óseljanlegur, og er því óseldur enn. Það eru aðeins

líkur til, að nú megi selja þessa dýru framleiðslu á £ 12—13 pr. tonn.

Þá breiddi hv. þm. sig töluvert út yfir það, sem ég sagði í ræðu minni, að hin ýmsu iðnfyrirtæki, sem komið hefði verið á fót nú á síðustu tímum, hefðu orðið allþung á gjaldeyrinum. Hann vildi halda því fram, hv. þm., að það hlyti eitthvað að vera bogið við þessar framkvæmdir, ef þær léttu ekki á gjaldeyrinum frekar en hitt, þegar þær væru teknar til starfa. Máli mínu til sönnunar skal ég nefna mjög nærtækt dæmi, en það er Sogsvirkjunin. Hún þyngir allmjög á gjaldeyrinum eins og nú standa sakir, þar sem kaupa verður áhöld handa fólkinu, fyrir fleiri tugi þúsunda, svo að það geti hagnýtt sér hina ódýru orku. Annars ferst hv. sjálfstæðismönnum ekki að vera með mikinn hávaða út af þessum málum, því að reynslan hefir jafnan orðið sú, að hafi þeir eitthvað komið nálægt þeim, þá hafa þeir sízt gert þau léttari fyrir. Þvert á móti þyngri og þyngri.

Þá er tími minn á enda. Ég ætlaði að svara hv. 1. landsk. þm. svolitlu, en það verður að bíða í þetta sinn.

Umr. frestað.

Á 5. fundi í Sþ., 25. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 9. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Fjvn. hefir nú skilað brtt. sínum og nál., og mun þessu verða útbýtt hér, áður en þingfundi verður slitið. N. hefur ekki lokið öllu, sem hún þarf að leysa af hendi, og mun hún koma með fleiri brtt. fyrir 3. umr.

N. gerði sér far um að afgreiða sem flestar till., sem snerta einstök kjördæmi og einstaka þm., til þess að betri tími væri fyrir þá að athuga þetta og koma með sínar brtt. Það, sem eftir er, er meira almenns efnis og svo mörg erindi um persónulega styrki.

Ég vil aðeins geta þess að lokum, að það, sem sagt er hér í nál. um tekjubálkinn, er nokkuð á annan veg en ég hefði viljað, og mun ég leiðrétta það, þegar ég mæli fyrir brtt. n. — Ég óska svo eftir, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 216, n. 223, 232).

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Samkvæmt samkomulagi þriggja stærstu þingflokkanna, þegar þingi lauk síðast, komu saman alls 7 menn, sem af hálfu þessara flokka áttu að vera í fjvn. þessa þings og tilætlunin var, að byrjuðu nokkru fyrr á undirbúningi fjárlaganna. Þessir 7 menn komu fyrst saman 22. jan. síðastl., en einn þeirra hætti störfum, svo að við urðum ekki nema 6 eftir. Við skiptum með okkur verkum og byrjuðum á því að athuga ríkisstofnanirnar. Þrír nm. athuguðu sérstaklega launagreiðslur og hinir þrír annan rekstur. Nm. söfnuðu ýmsum gögnum til undirbúnings fyrir n. til þess að byggja á síðari ákvarðanir.

Á tekjubálki fjárlagafrv. eru engar breyt. gerðar af n. hendi, eins og hv. þm. mun þegar ljóst. Byggði n. þetta á því annars vegar, að enn eru óafgr. ýms frv. um framlenging nokkurra tekjuöflunarlaga; mætti nefna frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, frv. til l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll og loks hinn svo kallaða bandorm. Þessa vildi ég geta og biðja hv. þm. að athuga, að í nál. um tekjubálkinn átti að standa: „Enn eru ósamþ. á Alþingi frv. um framlenging nokkurra tekjuöflunarlaga".

Hin ástæðan, sem olli því, að n. kemur ekki með neinar brtt. við tekjuliðina, er sú, að enn er óafgert um ýmsa gjaldaliði og því á engan hátt séð, hversu há gjöldin kunna að verða, þótt það út af fyrir sig breyti ekki tekjumöguleikunum. En það hefir þó þau áhrif, að betra verður að athuga, hversu langt er hægt að teygja sig með tekjuliðina.

Ég skal geta þess, að ég geri mér litlar vonir um, að skynsamlegt reynist að hækka að nokkrum mun þá tekjuáætlun, sem gert er ráð fyrir í frv. Og er það þá að vísu játning á því, að erfitt muni verða að láta tekjur og gjöld hinna væntanlegu fjárlaga standast á. En eins og getið er um í nál., mun n. gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög.

Um tekjurnar af ríkisstofnunum, eins og þær eru færðar í 3. gr. A., vil ég fara nokkrum orðum. Þarna er getið um og sundurliðaðar þær tekjur, sem væntanlegar eru af starfsemi ríkisstofnananna. N. er sammála um, að ýms atriði snertandi rekstur stofnananna mættu jafnvel vera á annan veg. Það er hugsanlegt, að það mætti spara eitthvað af þeim útgjöldum, sem nú eiga sér stað. En að þessu sinni mun ég þó ekki fara nema lítillega út í þetta, nema sérstakt tilefni gefist, vegna þess að á síðasta þingi gat ég um helztu atriðin, sem komið gæti til greina að gera breyt. á og færa mætti til betri vegar, og vísa ég til þess. Síðan er svo stuttur tími liðinn, að ekki er séð, hvaða árangur kann að verða af þeim till., sem n. þá gerði með bréfum til ríkisstj. og forstjóra ríkisstofnananna og á annan hátt. Hinsvegar hafa komið fram í n. till. og farið fram atkvgr. um þrjú atriði, sem ég ætla að nefna hér að gefnu tilefni. Þessar till. eru um það að leggja niður landssmiðjuna og ríkisbúin á Vífilsstöðum og Kleppi. Þeir menn í n., sem ekki vilja breyta þessu fyrirkomulagi, rökstyðja það með því, að því er landssmiðjuna snertir, að meðan hún borgar vexti af því fé, sem ríkissjóður hefir lagt henni til, sem á yfirstandandi ári eru áætlaðar 10 þús. kr., sem eru sæmilegir vextir af 200 þús., og ennfremur með tilliti til þess,

að landssmiðjan er stofnuð til þess að vera vinnustöð til aðgerða og nýsmíða fyrir ýms fyrirtæki ríkisins, og mætti þar nefna vegagerð ríkisins, skip ríkisins o. fl., þá sé ekki enn tími til að leggja þetta fyrirtæki niður. Hinsvegar skal það tekið fram, að forstjóri landssmiðjunnar hefir látið þau orð falla, að það væru vaxandi erfiðleikar fyrir hann á því að leysa af hendi skyldur sínar. Og þá fyrst, þegar til þess kæmi, að landssmiðjan færi að tapa eða óhjákvæmilegt yrði að reisa nýja byggingu, er þetta mál til nánari athugunar. En hún hefir undanfarið skilað nokkrum hagnaði. — Um ríkisbúin á Vífilsstöðum og Kleppi vil ég taka það fram, að þau hafa undanfarin ár skilað hagnaði í ríkissjóð. En síðasta ár sýna reikningar búanna nokkurt tap. Ástæðan fyrir því er vitanlega fyrst og fremst sú, að illa hefir látið í ári, og ennfremur hefir rekstrarkostnaðurinn aukizt nokkuð vegna kauphækkunar verkafólks. Hinsvegar er að geta þess, að ríkisbúin hafa selt spítölunum mjólk fyrir 28 aura pottinn, á sama tíma og aðrir kaupa hann á 40 aura. Ef um það væri að ræða að leigja búin til einstakra manna, verður að athuga, að slíkir einstaklingar mundu selja mjólkina sama verði og aðrir á 40 aura. En nú er 12 aura munur á hverjum lítra á gangverði mjólkurinnar og því verði, sem búin selja hana með, og sjá þá allir, að af því hefði slíkt bú miklu meiri hagnað heldur en sem svarar hallanum, sem virðist hafa verið á rekstri búanna síðastl. ár, því að vitanlega myndu þeim einstaklingum engin skilyrði sett um sölu mjólkur. Af þessum ástæðum leggja ýmsir nm. á móti því, að hér verði gerð á nokkur breyting.

Þá skal ég koma að brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 216, og draga mál mitt saman sem frekast er unnt.

1. brtt. er um aukna fjárveitingu til talstöðva í báta og skip. Þetta mál er vitanlega eitt af hinum mestu nauðsynjamálum, og fyrir því eru tvær ástæður. Hin fyrri er það öryggi, sem sjómennirnir hafa af talstöðvunum, og í öðru lagi er það hið atvinnulega öryggi, að gera mönnum mögulegt að fylgjast með því, hvar fiskurinn er á hverjum tíma. Fyrir liggja nú 38 umsóknir og er von á fleiri, og hver stöð kostar 600—800 kr. Landssíminn á stöðvarnar og setur þær upp í bátana og leigir þær fyrir 120 kr. á ári. Ef fjvn. hefði séð sér fært að veita til þessa 30000 kr., hefði verið unnt að fullnægja þeim óskum, sem fyrir liggja. Þetta er þó allmikil hækkun, sem gert er ráð fyrir í brtt., svo að sæmilega virðist vera mætt þessum kröfum.

Þá hefir n. gert till. um að fella niður úr frv. fjárveitingu til stöðvarhúss á Hvolsvelli. Fyrirhugað er að sameina þarna þrjár stöðvar, en á því liggur ekki neitt.

Næsta till., sem ég ætla að minnast á, er 5. brtt., líka við 3. gr., um fjárveitingu til útvarpsstöðva. Þessi fjárveiting er talsvert mikið aukin. Á fjárlögum yfirstandandi árs er hún 70000 kr., í frv. 130000 kr., en fjvn. hækkar hana upp í 150000 kr. Þessi hækkun er óhjákvæmileg og stafar af því, að útvarpsstöðin hefir verið stækkuð og einnig vegna endurvarpsstöðvar á Austurlandi. Þennan lið er erfitt að áætla, og stafar það m. a. af því, að sum tæki í slík stöð eru mjög dýr. Mætti þar nefna lampa, sem kosta allt að 25 þús. kr., og þótt þeir séu tryggðir í 4000 stundir fer kostnaðurinn við þá eftir því, hvað lengi þeir endast fram yfir þann tíma. Þá hefir reksturinn aukizt mikið við stækkun stöðvarinnar, sérstaklega notkun rafmagns. Ríkisútvarpið borgar nú 12 og niður í 9 aura fyrir hverja kwst. Eftir þessa miklu aukningu hafa náðst samningar um að borga 5,8 aura fyrir hverja kwst. Hjá þessari hækkun verður því alls ekki komizt og má búast við, að þessar 150000 kr. nægi ekki.

Það, sem vinnst við að stækka stöðina, er í fyrsta lagi, að öllu Austurlandi, sem nú má heita utan við allt útvarp, á að vera borgið. Þá fæst miklu betra útvarpssamband við útlönd, truflanir allar verða miklu minni og útvarpsnotendur geta notað ódýrari tæki. Og talið er, að þessi stækkun, auk þess sem hún er nauðsynleg, sé líka arðvænleg, þar sem útvarpsnotendum muni fjölga stórkostlega við þessar umbætur.

Þá kemur hér fjöldi brtt., sem engin ástæða er til að tefja tímann með að lýsa, þ. e. allar brtt. við 11. gr., og allflestar brtt. við 12. gr., sem eru áætlunarliðir snertandi sjúkrahús. Hér er þó nýr liður, 22. brtt., við 12. gr., um kaup á röntgenáhöldum. Vélarnar, sem nú eru notaðar á röntgendeild Landsspítalans, eru yfir 20 ára gamlar og því mjög úreltar. Má geta þess, að þær eru ekki háspennutryggðar, en að því er unnið alls staðar í heiminum, að hafa slíkar vélar háspennutryggðar. Ennfremur má geta þess, að svona gamlar vélar framleiða ekki eins góðar myndir og þyrfti, og í öðru lagi taka þær ekki myndirnar á nógu stuttum tíma, sem læknar segja, að sé þýðingarmikið fyrir meltingarfæri og lungu. Beztu tegundir þessara véla kosta uppsettar 38000 kr., en forstöðumaður röntgendeildarinnar hefir sagt, að ef hálf fjárveiting fengist 1939, myndi vera hægt að koma þessu í kring og fá vélarnar settar upp í vor. Mest megnis er hægt að fá þetta frá Þýzkalandi, en að nokkru leyti frá Svíþjóð. — T. d. um það, hvað gífurlega hefir vaxið tala þeirra einstaklinga, sem eru skoðaðir á röntgendeildinni, má geta þess, að árið 1931 voru skoðaðir þar um 800 sjúklingar, en 1937 nærri 5000. Þó segir forstöðumaður deildarinnar, að skorti nokkuð á, að eins margir séu skoðaðir og myndi verða, ef til væru nýjar og góðar vélar. Þá má nefna það, að tekjur af Röntgendeild fara heldur lækkandi. Þar þarf oft að taka fjölda mynda, sem stundum verða ónýtar, og dýrir hlutir eins og filmur fara fyrir ekki neitt. Því er óhjákvæmilegt að leggja talsvert fé í þetta. — Þá er og þess að geta, að sjúkrahús í einkaeign hafa sagt upp samningum um daggjöld sjúklinga í því skyni að hækka þau. Ég geri ráð fyrir, að eftir því sem dýrtíð vex, verði verra að komast hjá því að hækka gjöldin á ríkisspítölunum, og að þeir segi upp samningum við sjúkrasamlögin til að semja um hækkun eða e. t. v. í þeim tilgangi, að hafa enga samninga, en vera frjálsir um daggjöld eins og hin sjúkrahúsin.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka alla liðina um sjúkrahúsin. Þeir ættu að skýra sig sjálfir. En ég vil minnast á 51. brtt., um hækkun til heilsuverndarstöðva, úr 15 þús. í 18 þús. Nú er í ráði að stofna víða slíkar stöðvar, s. s. á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri og Vestmannaeyjum. Alþingi getur varla neitað því að hlynna að slíkum verndarráðstöfunum.

Kem ég þá að 13. gr. og get sagt um hana líkt og 12. gr., að langflestir liðirnir skýra sig sjálfir. Í sambandi við vegaviðhald verð ég að upplýsa, að það reynist því nær undantekningarlaust hærra en gert hefir verið ráð fyrir, svo að nefndin kemst ekki hjá hækkunum á áætluninni. Á síðasta ári komst það yfir 800 þús. kr. Þm. eru margir kröfuharðir að fá vegi í kjördæmum sínum, en það dugir ekki að láta þá vegi síðan skorta viðhald. Þá eru 52. og 53. brtt. um smáhækkanir til stjórnar vegamála. Vegamálastjóri hefir að vísu beðið um allmiklu hærri fjárveitingu. En n. sá sér það ekki fært og vonast til, að hann geti rekið sína skrifstofu með þessu fé, sem till. tiltekur. — Ég læt hjá líða að ræða fleira um brtt. við 13. gr. A.II.a, sem allar snerta vegi, en drep á 82.—84. brtt., um hafnarbætur og bryggjugerðir. Þar eru fyrst hækkanir til hafna á Sauðárkróki og Þórshöfn. Það eru einskonar leiðréttingar. Þessar fjárveitingar höfðu verið skornar niður um 10% eins og margar aðrar, en eiginlega voru þær lögboðnar, svo að bæta varð upp þessa skerðing á þeim. Tveir af liðunum undir 13. gr. CIX., Salthólmavík og Þorlákshöfn, hefðu eiginlega átt að standa undir CX., því að hér er um þriðjungsframlag að ræða. Um brimbrjótinn í Bolungavík er þess að geta, að hann er svo mikið mannvirki og í þeirri hættu staddur, að ólíklegt er, að kauptúnið sé þess umkomið að halda honum við, svo að öruggt sé, án hjálpar ríkisins. En ríkið er búið að leggja svo mikið í hann, að það getur ekki horft á hann eyðileggjast. Hér er því farið fram á 3500 kr. til að laga það, sem á viðhaldið kann að vanta nú, og til að bæta strax þær skemmdir eða bilanir, sem kunna að verða á brimbrjótnum á árinu. Af þessum liðum má ennfremur nefna 9200 kr. til bryggju á Hvammstanga. Þar hefir engin bryggja verið áður nema fyrir smábáta, en orðinn allstór kaupstaður. Þetta mannvirki mun kosta yfir 100 þús. kr., og er gert ráð fyrir að skipta hluta ríkissjóðs, 36—37 þús. kr., niður á 4 ár. Það er í athugun núna, hvernig koma mætti fyrir meira útvegi í Þorlákshöfn. Hún er gamall verstaður og í rauninni bezti lendingarstaðurinn fyrir allri suðurströndinni. Bátar frá Eyrarbakka og Stokkseyri hafa oft orðið að flýja þangað, af því að þeir gátu ekki lent heima hjá sér. Trillubátar, sem þar eru gerðir út nú, eru búnir að fá meiri afla en bátar á Stokkseyri og Eyrarbakka. — Nú er í ráði að byggja þar skjólgarð, sem um leið yrði bátabryggja. Með því að ekki liggja fyrir neinar rannsóknir, er að þessu sinni aðeins farið fram á lítið fé til þess að byrja á nauðsynlegri bryggju og hefja rannsóknir. — Þá er styrkur til bátabryggju í Hafnarfirði. Þar eru að vísu stórskipabryggjur, en mótorbátar geta ekki athafnað sig við þær. — Loks eru tveir síðustu liðirnir, 3300 kr. til bryggju á Bíldudal, fyrsta greiðsla af þremur, og smáupphæð til bryggju á Reykjanesi við Ísafjörð, þar sem héraðsskólinn stendur. Bryggjan á Bíldudal verður að vísu að mestu leyti einkafyrirtæki og þess vegna dálitið vafasamt að styrkja hana. En út frá því sjónarmiði, að hreppurinn eignast þann hluta í henni, sem kostaður verður af opinberu fé, og hefir miklar tekjur af bryggjunni í framtíðinni, þá telur n. rétt að mæta þessari framkvæmd með nokkru fjárframlagi.

85. brtt. er um tillag til flugskýlis við Reykjavík, allt að ⅔ kostnaðar. Flugmálin í heild eru dagskrármál, og nú liggja fyrir ýtarlegar tillögur frá okkar eina sérmenntaða flugmanni, Agnari Kofoed-Hansen, um fjárveitingar til flugmála. N. hefir ekki athugað nema þetta eina atriði, en það er mjög knýjandi að koma flugskýlinu upp. Næstu daga er von á flugvél, sem hafa á í förum milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Þá er 86. brtt., 2400 kr. til utanfarar tveggja presta, Sigurgeirs Sigurðssonar á Ísafirði og Sigurjóns Guðjónssonar í Saurbæ, en þriðji presturinn er utanlands með styrk, sem tekinn var upp á fjárlög yfirstandandi árs.

Þá eru nokkar hækkanir á framlögum til háskólans, og skal ég ekki minnast sérstaklega á annað en 2 þús. kr. til móttöku erlendra vísindamanna. N. telur réttara að hafa fastan lið í þessu skyni heldur en að á eftir þurfi til þess sérstaka fjárveiting í hvert skipti. Reynslan hefir sýnt, að aldrei verður hjá því komizt að kosta sómasamlegar móttökur við slíkum mönnum.

Til byggingar kennarabústaða á Hvanneyri leggur n. til, að veittar verði 8 þús. kr., og á helmingur þess að fara til að ljúka kennarabústað, sem byrjað er á í vor, en helmingur til að byrja á öðrum kennarabústað. Þegar kennararnir flytjast úr skólanum, eykst þar pláss, sem mikil þörf er fyrir. En um leið verða miklar endurbætur óumflýjanlegar. Það þarf að innrétta vinnustofu, endurbæta stiga og mörg herbergi, til þess að nothæf verði. Getur tæplega talizt vansalaust, ef skólahúsið á lengur að vera í því ástandi, sem það er. Þá leggur n. einnig til, að veittar verði 1200 kr. til sundlaugar á Hvanneyri. Það er á heitum stað skammt frá skólanum, og hefir verið unnið að því í sjálfboðavinnu af nemendum og öðrum að koma lauginni upp. Nefndin leggur eindregið með þessu.

Þá gerir n. till. um 7000 kr. byggingarstyrk til Flensborgarskólans samkv. lögum; lágu fyrir hendi skýr reikningsskil um það, að ríkinu bæri að greiða þessa fjárhæð, sem hér er tiltekin.

Þá eru tveir 1000 kr. styrkir, annar til Snorragarðs í Reykholti, þar sem mikla vinnu þarf nú og síðar til að skapa umhverfi um þá myndastyttu Snorra, sem Norðmenn ætla að reisa, og hinn til að kaupa garðinn Skrúð á Núpi vestra af sr. Sigtryggi Guðlaugssyni. Hann hefir komið garðinum upp með miklum kostnaði og kostgæfni. Bletturinn verður alls ekki metinn lægra en 1000 kr.

Þá er 20 þús. kr. hækkun til Búnaðarfélags

Íslands. Kostnaður af búnaðarþingi hefir verið 10—12 þús., en við það, að fulltrúum fjölgar nú, úr 14 í 26, hlýtur hann næstum að tvöfaldast. Nemur það þá hálfri hækkuninni eða meira. Á félaginu hvílir skuld vegna 100 ára afmælisins í fyrra, og ýmis starfræksla þess er kostnaðarsöm, svo að því veitir sízt af þessari úrlausn.

Um hækkun á styrk til fyrirhleðslna við Þverá og Markarfljót þarf ekki að fjölyrða.

Loks er 4 þús. kr. hækkun til Fiskifélags Íslands. Ég verð að segja, að ég er ekki viss um, að það geti komizt af með þetta. En auknin er sérstaklega gerð með tilliti til aflaskýrslna, sem betra er að fá hjá Fiskifélaginu en Hagstofu Íslands, því að frá því koma þær miklu fyrr. Fiskifélagið þarf að halda uppi námskeiðum til meiraprófs sérfróðra vélamanna, og slíkt kostar fé. Má vera, að Alþingi sé allónærgætið að leggja á skyldur, þar sem það sér ekki fyrir tekjum, er mæti kostnaði.

Þá vil ég að síðustu gefa yfirlit yfir breytingarnar á frv. samkvæmt till. n.:

Tekjur samkv. frv.	17354700
Frá dragast lækkanir á 3. gr.	43169
Tekjur samkv. till. fjvn.	17311531
Gjöld samkv. frv.	16161308
Við bætast hækkanir fjvn., að lækkunum hennar frádregnum	191900
Gjöld samkv. till. fjvn.	16353208
Rekstrarafgangur samkv. frv.	1193392
Rekstrarafgangur samkv. till. fjvn. og áðurgreindum tölum	958323
Þá er sjóðsyfirlit:	
Greiðslujöfnuður óhagstæður samkv. frv. um	61025
Við bætist samkv. till. fjvn.:	
lækkun á tekjum	43169
hækkun á gjöldum	191900
Greiðsluj. óhagst. samkv. till. fjvn.	296094
eða að frádreginni 10 þús. kr. lækkun á 20 gr. vegna landsímans	286094

Ég sé þá ekki ástæðu til að lengja mál mitt meir. Frv. verður svo væntanlega vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

Jón Pálmason: Mér þykir rétt að segja nokkur orð nú þegar við 2. umr. um afstöðu okkar sjálfstæðismanna í fjvn., þó að flest megi bíða 3. umr.

Þegar það var ákveðið í lok síðasta þings, að fjvn. kæmi saman rúmum þrem vikum fyrir þetta þing, var tilætlunin, að það gæti annað hvort verkað til þess að stytta þingið eða til þess, að unnt yrði að gera sparnaðarráðstafanir, sem ekki var líklegt, að annars fengist gerðar á þessu þingi. Það, sem mér hefði þótt eðlilegast að snúa sér strax að, var að undirbúa setningu nýrra launalaga, því að eins og allir vita, eru stærstu gjaldaliðir ríkisins laun í ýmsum myndum. Þegar n. hóf starf sitt, var mikið um þetta rætt. En Famsfl. og ríkisstjórnin töldu, að ekki mundi vinnast tími til þess á þessu Alþingi að afgreiða launalög. Við Sjálfstæðismenn getum ekki gengið inn á þessa röksemd, því að fyrir fjórum árum, 1933, var sett mþn. að okkar tilhlutun til að fjalla um launamálið, og hún skilaði áliti 1934. En síðan hefir málið legið niðri og ekkert verið gert, sem verulegu máli skiptir. Þá sneri fjvn. sér að því að leita sér upplýsinga um allan ríkisrekstrinn, og mér virtist gengið að því með fullum áhuga. En þegar fram á þingið kom og fór að bóla á því ósamlyndi, sem varð í kringum breytingar á stjórninni, þá hætti að ganga nokkuð, og störf n. fóru út um þúfur. Ef n. hefði ekkert starfað fyrir Alþ., þá hefði starfi hennar sennilega orðið lokið þeim mun síðar, því sennilega hefir enga breytingu gert, að því er snertir störf n., sá dauði tími, sem mér virtist vera á tímabili og orsakir lágu til, sem ykkur er sjálfsagt öllum ljósar. Annars verð ég að segja, að það hefir nokkuð oft hvarlað að okkur sjálfstæðismönnum sú hugsun, að það hefði ekki næsta mikla þýðinu að leggja sig í bleyti við að koma fram með till. um hvert smáatriði til. hækkunar eða lækkunar, þegar það hefir komið í ljós ár eftir ár, að fjárl. eru ekki virt og að á flestum liðum þeirra er borgað svo og svo mikið umfram það, sem þau gera ráð fyrir. Reynslan hefir sýnt það, svo að ég nefni síðustu árin, að t. d. árið 1935 eru umframgreiðslur á fjárl. nokkuð á þriðju millj. kr., og samkv. upplýsingum frá hæstv. fjmrh. munu umfram greiðslurnar hafa orðið eða verða eitthvað svipaðar á síðastliðnu ári. Þetta sýnir það, að í ríkisrekstrinum í ýmsum myndum er ekki farið eftir fjárl. nema að mjög takmörkuðu leyti, og þegar það kemur í ljós, að borgaðir eru tugir þús. við einstakar stofnanir um fram það, sem fjárl. ákveða í laun og rekstrarkostnað vegna vaxandi kröfufrekju þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, þá fer það að verða dálítið vafasamt atriði, a. m. k. fyrir þá, sem enga aðstöðu hafa til að hafa áhrif á þetta, hve langt eigi að ganga í því að leggja sig í bleyti við það að gera till. í þessum efnum. Og þetta sjónarmið hefir að sjálfsögðu komið fram við starf n.

Ég skal skýra hv. þm. frá því, að það er nú svo um hverja einstaka stofnun og starfsgrein í öllum ríkisrekstrinum, að ár eftir ár fara kröfurnar vaxandi um aukin fjárframlög á þessu og þessu sviði, um hækkuð laun, meiri rekstrarkostnað o. s. frv. Þeir, sem þar stjórna, bera sig saman hver við annan um, að það séu lægri laun hlutfallslega hjá þessum einstaklingi og þessari stofnun en hjá hinum, og svo eru kröfurnar á þessu byggðar. Og þetta mun verða svo framvegis þangað til þessi mál verða tekin föstum tökum, sett ný launalög og gerð sú ófrávíkjanlega krafa, að fjárl. séu virt og að ekki sé í slíkum hlutum út fyrir þau farið.

Það er nú svo, að fyrirvari okkar sjálfstæðismanna byggist eins og undanfarin ár á því fyrst og fremst, að við erum óánægðir með þá heildarfjármálastefnu, sem hefir komið fram ekki einasta í fjárl., heldur og á ýmsum sviðum öðrum í okkar opinberu starfrækslu, og á meðan okkar flokkur hefir enga aðstöðu til að hafa áhrif á það, hvernig farið er með fjármál ríkisins á milli þinga, þá er það að sjálfsögðu ekki eðlilegt, að við getum skrifað undir nál.

án ágreinings. En þó skal ég taka það skýrt fram, að það er rétt, sem frsm. n. gat um, að persónulega hefir verið hin bezta samvinna í fjvn. Þær brtt., sem við þessa umr. liggja fyrir frá n. hálfu, eru eins og menn hafa veitt eftirtekt, aðallega tvennskonar. Annarsvegar leiðréttingar á ýmsum liðum, sem n. hefir farið í gegnum, og byggjast á breyttum aðstæðum. Að hinu leytinu eru till. n. byggðar á samræmingu á fjárveitingum til verklegra fyrirtækja í hinum einstöku kjördæmum landsins og þá fyrst og fremst til vega, hafna og lendingarbóta. Að því leyti hefir samvinna n. snúizt í þá átt að gera þarna á nokkurn jöfnuð, og hefir verið reynt að mæta óskum hinna einstöku kjördæma og þm., eftir því sem unnt hefir verið, og okkur hefir virzt, að n. hafi stofnað til nokkurs samræmis milli hinna einstöku héraða. En um þetta verður alltaf þræta, eins og gefur að skilja, þegar ekki er tekin föst ákvörðun um, að þessu skuli verja og ekki meira til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða, og sóknin í fjárframlög til þessara hluta, samgöngubótanna, er eins og öllum hv. þm. er kunnugt, ákaflega mikil alstaðar að af landinu. Af hálfu okkar sjálfstæðismanna vil ég taka það skýrt fram, og það hljóta allir menn að sjá, að er eðlilegt og óhjásneiðanlegt, að á meðan haldið er áfram jafnmiklum fjárframlögum til þessara hluta, þá hljótum við að gera þá skýlausu kröfu, að það sé tekið jafnt tillit til þeirra héraða, sem við erum fulltrúar fyrir, eins og hinna héraðanna, sem þeir ráðandi menn eru fulltrúar úr. Að þessu leytinu skal ég ekki fara út í neinn meting um það, hvernig hlutskiptunum hefir verið komið fyrir, að því er þetta snertir, en af þessum rótum eru sprottnar þær till., sem n. ber fram á þessu sviði.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. talaði hér um breytingu á ríkisrekstrinum, er það að segja, að það er satt, að mjög hefir það komið til mála í fjvn., en mér og öðrum sjálfstæðismönnum hefir verið fullkomlega ljóst, að stórar breytingar eða sparnað á ríkisrekstrinum er ekki hægt að gera nema því aðeins að fækka starfsmönnunum og lækka launin, og helzt hvorttveggja. Hinir föstu liðir, svo sem húsaleiga, ljós og hiti o. s. frv., eru liðir í rekstri hinna einstöku stofnana og starfsgreina, sem ekki er auðvelt að breyta, því að það hljóta að vera liðir, sem eru fyrst og fremst áætlunarliðir. — Það er nú svo, að von er á nokkrum till. frá n., að því er snertir rekstur ríkisstofnana og starfsgreinar ríkisins, till., sem sumpart eru samþ. af n. allri og verða lagðar fram síðar, t. d. um vinnutíma hjá stofnunum og starfsgreinum ríkisins, kostnaður við ferðalög og niðurfellingu kostnaðar, sem n. telur óþarfan. Af þessum sökum geri ég ráð fyrir, að við 3. umr. þurfi að gera ýmsar leiðréttingar á tilsvarandi liðum í fjárl., að því er viðkemur þeim breytingum, sem slíkar till. hafa í för með sér, ef samþ. verða.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. n. gat um, að við sjálfstæðismenn myndum síðar á þinginu bera fram till. um niðurfellingu eða niðurlagningu öllu heldur á einni stofnun ríkisins, sem sé landssmiðjunni, þá er það rétt, að við erum ráðnir í að bera fram till. um það, og það byggist á því, að hjá þeirri stofnun er fyrirsjáanlegur stór hallarekstur, og það þegar á þessu ári. Það er líka víst, að á þessari stofnun er engin þörf sem ríkisfyrirtæki, vegna þess að það eru til í landinu fyrirtæki, sem geta annað þeim störfum, sem þarna er um að ræða. Jafnframt vil ég taka það fram án þess að fara nánar út í það mál, að það er ekki hugsanlegt að reka þessa stofnun áfram sem ríkisfyrirtæki nema með því að verja stórfé til nýrra bygginga. Annaðhvort verður því að gera, að gerbreyta þarna um og leggja þetta fyrirtæki niður, eða verja á þessu eða næstu árum miklum upphæðum til bygginga fyrir smiðjuna. — Að því er ríkisbúin snertir, Vífilsstaðabúið og Kleppsbúið, þá mun ég koma með till. um að bjóða þau út til leigu, af því að þar er um að ræða stóran halla á síðasta ári, og ekki miklar líkur til bóta, frá því sem verið hefir. Frsm. n. tók það fram, að þetta orsakaðist nokkuð af því, að mjólkurlítrinn væri reiknaður við spítalana á 28 aura, en væri seldur á 40 aura hér í Reykjavík. Þetta er náttúrlega atriði, sem að sjálfsögðu þarf athugunar við, og má alveg eins, og er eðlilegra að taka það frá öðru sjónarmiði, sem sé því, að þessi ríkisbú fá 28 aura nettó fyrir hvern lítra, en bændur á sama svæði, sem eru hér utan Reykjavíkurbæjar, fá ekki nema 23 aura fyrir sína mjólk og þurfa þar af að kosta flutning mjólkurinnar til Reykjavíkur. Þó að þessi halli sé, eru engir vextir reiknaðir af þeim höfuðstól, sem þarna er saman kominn, en það eru á annað hundrað þúsund krónur í hvoru búi. Út í þetta skal ég ekki fara nánar, en ég mun taka það betur til athugunar, þegar þær till. koma fram, sem hér um ræðir.

En það er ýmislegt fleira í sambandi við reksturinn, sem þarf að athuga, og þó að n. sjái sér ekki fært að koma með róttækar till. í því sambandi, þá er þar um svo margvíslega hluti að ræða, sem virðist þurfa breytinga við og þarf að taka öðrum tökum en gert hefir verið á síðustu árum. Ég verð t. d. að segja það, að mér þykir ákaflega óeðlilegt, að við séum að reka þrjár dýrar rannsóknarstofnanir, eina, sem heiti Rannsóknarstofa Háskólans, aðra, sem er miklu dýrari, hin nýja rannsóknarstofa atvinnuveganna, og hina þriðju rétt hjá Alþingishúsinu í Kirkjustræti. Það er nú nátturlega gott að fá sem ýtarlegastar rannsóknir á ýmsum hlutum, en að reka þrjár rándýrar stofnanir á þessu sviði, finnst mér allóeðlilegt.

Það hefir nú farið svo, að n. hefir ekki talið sér fært að koma með till. í sambandi við þessi fjárl. um róttækar breyt. á þessu sviði, enda er það mál, sem þarf ýtarlegrar rannsóknar við, áður en að slíkum breyt. er horfið.

Ég skal að þessu sinni ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að hv. þm. geti séð af þeim fáu aths., sem ég hefi kastað hér fram, að það sé mjög skiljanlegur hlutur, að afstaða okkar sjálfstæðismanna í fjvn. hafi markazt eins og hún er. Okkar aðstaða er sem sé þannig, að við höfum ekki vald á því að ráða, hvernig með

þessa hluti er farið á milli þinga, og þegar við sjáum það, að ár eftir ár er ekki nema að litlu leyti farið eftir fjárl., þar sem helzt er hægt að spara, þá virðist það vera þýðingarminna en nauðsynlegt væri, að á hverju þingi sé lögð í það mjög mikil vinna að hnitmiða hverja smáupphæð sem nákvæmlegast niður.

Forseti (BÁ): Hér hefir verið útbýtt brtt. á þskj. 232, og með því að hún er of seint fram komin, þarf afbrigða frá þingsköpum, til þess að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég ætla ekki við þessa umr. að fara út í almennar umr. um fjárl., því að það gefst væntanlega tækifæri til þess síðar, við 3. umr., sem verður útvarpað, og verður þá eldhús. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til að segja nokkur orð í sambandi við þær brtt., sem við þm. kommfl. flytjum og útbýtt hefir verið á þskj. 232.

Þessar till. eru flestar annaðhvort samhljóða eða mjög svipaðar þeim brtt., sem við fluttum við fjárl. á síðasta þingi, og ég ætla hér að minnast á aðeins nokkrar af þeim þýðingarmestu. Ein þýðingarmesta till., sem við flytjum, er till. okkar um hækkun atvinnubótafjárins um 350 þús. kr., þ. e. a. s. að framlag ríkisins til atvinnubóta hækki um 350 þús. kr., sem þýðir hækkun atvinnubótafjárins alls, að meðtöldu framlagi bæjar- og sveitarfélaga, um rúma eina millj. kr. Þetta er sú till. ásamt öðrum till. til aukningar atvinnunnar í landinu, sem við leggjum mest upp úr. Þetta er sama till. og við fluttum á síðasta þingi og þá var felld. Þetta er lágmarkskrafa, sem bæði verkamannafélagið Dagsbrún og önnur verkalýðsfélög hafa gert um aukningu atvinnubótafjárins.

Þegar við flytjum þessa till. hér, gerum við ekki annað en skyldu okkar sem fulltrúar verkalýðssamtakanna. Undanfarin ár hefir þessari kröfu um aukningu atvinnubótafjárins ekki verið sinnt af hv. Alþ., og á síðasta þingi var till. felld með öllum atkv. gegn þremur eða fjórum, og þá greiddu fulltrúar Alþfl. líka atkv. á móti henni. Þetta er frá okkar sjónarmiði ærið furðuleg afstaða. Það getur enginn neitað því, að þessi krafa um aukningu atvinnubótafjárins er á rökum reist, þar sem það er vitað að þúsundir alþýðuheimila eiga við skort og bjargarleysi að búa. Í verkalýðsfélögunum hefir þessi krafa verið samþ. einróma, og ég man ekki eftir því, að þeir þm. Alþfl., sem eru í verkalýðsfélögum, hafi þar greitt atkv. á móti henni, og því furðulegra er það, að þeir skuli greiða atkv. á móti henni hér.

Það er ennþá meiri ástæða til þess nú heldur en nokkru sinni áður, að Alþ. geri ráðstafanir til þess að auka atvinnuna í landinu. Í vetur hefir tala atvinnuleysingja verið hærri en undanfarin ár. Hér í Reykjavík hefir tala atvinnuleysingja verið, samkv. þeim tölum, sem Vinnumiðlunarskrifstofan hefir gefið út, um 200 hærri en undanfarin ár að jafnaði.

Þá flytjum við ýmsar aðrar till., sem miða að því að auka atvinnuna í landinu, t. d. um hækkun á framlagi til vega, eins og til Siglufjarðarskarðs, þar komi 50 þús. kr. í stað 10 þús. kr., og að lokið verði við Sogsveginn, þannig að veittar verði til hans allt að 70 þús. kr. gegn framlagi frá Reykjavíkurbæ, er nemi fjórðungi þeirrar fjárhæðar. Við teljum það sérstaklega nauðsynlegt, að þessum vegum, sem verið er að leggja á annað borð og eru á þýðingarmiklum samgönguleiðum, verði lokið það allra fyrsta, til þess að þeir geti komið að gagni. Ég fór um þessar till. okkar allmörgum orðum á síðasta þingi, þar sem við lögðum fram þá sömu till. um þessa vegi og sömuleiðis till. um stóraukið framlag til Suðurlandsbrautarinnar, sem tekin var upp í fjárl., að vísu í öðru formi, þar sem það var tekið af atvinnubótafénu.

Þá eru aðrar atvinnubótatill., sem við flytjum, m. a. að til byggingarsjóðs verkamannabústaða verði veittar af tekjum Tóbakseinkasölunnar 300 þús. kr., þ. e. helmingur af tekjum hennar, eins og l. mæla fyrir. Þetta atriði hefir verið rætt svo mikið bæði á síðasta þingi og á þessu þingi, að það er óþarfi að fjölyrða um þau rök, sem fyrir því liggja.

Loks flytjum við þá brtt. við 16. gr., að þar komi tveir nýir liðir, a. og b. Undir staflið a verði veittar 20 þús. kr. til hagnýtra jarðvegsrannsókna, og til þess að annast þessar rannsóknir verði ríkisstj. heimilað að ráða sérfróðan mann. Þetta er samskonar till. og við fluttum á þinginu í fyrra. Eins og ástandið er nú í gjaldeyrismálunum og vegna þeirrar yfirvofandi hættu, sem nú er á ennþá meiri örðugleikum í sambandi við Evrópustríð, þá hygg ég, að allir hljóti að vera sammála um nauðsyn þess, að hagnýta þurfi betur þau efni, sem til eru innanlands, t. d. eldsneyti og byggingarefni, sem hvorttveggja er eitt af því þýðingarmesta, sem við verðum að flytja inn frá útlöndum. Það er alveg áreiðanlegt, að eitt allra mest aðkallandi nauðsynjamál þjóðarinnar er það, að hafizt sé handa fyrir alvöru um þessar rannsóknir og að þeim verði hraðað, þannig að framkvæmdir geti hafizt hið bráðasta. — Þá er það b-liðurinn, og er hann í samræmi við till., sem við fluttum á þinginu í fyrra um sama efni. Þá var þetta í 4 liðum, og til þess að skýra það nánar, hvað átt er hér við, þá ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þessa liði eins og þeir voru í fyrra:

1. Til þess að athuga möguleika á því að reisa rafstöðvar og orkuveitur og framkvæma undirbúningsrannsóknir . . . 20 þús. kr.
2. Til þess að athuga möguleika á því að hagnýta raforku frá orkuveri við Sog til húsahitunar í Reykjavík og ef til vill víðar . . . 10. þús. kr.
3. Til þess að athuga möguleika á því að virkja til raforkuvinnslu eitthvert stórt fallvatn í þeim tilgangi að framleiða svo ódýra orku, að hægt sé að hagnýta hana til stóriðnaðar, t. d. áburðarvinnslu, . . . 10 þús. kr.
4. Til skipulagðra vatnsrennslismælinga í fallvötnum, til þess að vinna úr þeim og gefa út skýrslur um þær. . . . 15. þús. kr.

Þetta höfum við nú fellt allt saman í einn lið, sem svo hljóðar: Til rannsókna á möguleikum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem vatnsorku og hveraorku, samkvæmt nánari tillögum orkuráðs. . . . 50000 kr.

Hér liggur fyrir þinginu frv. um orkuráð, sem ég geri ráð fyrir, að verði að l. Nú er það augljóst, að það kemur að litlu gagni, ef það hefir ekki yfir fé að ráða til starfsemi sinnar. Hér er um svo aðkallandi framkvæmd að ræða, að það má ekki minna vera en þessar 50 þús. kr. séu veittar til þessarar framkvæmdar, en það er svipuð upphæð og við lögðum til, að veitt væri til þessara rannsókna í fyrra.

Ég hefi þá stiklað á ýmsum af þeim till., sem við berum fram við fjárl., en ég býst við að fá tækifæri til að koma nánar inn á þær seinna. Við munum ennfremur flytja fleiri till., og býst ég við, að flokksmenn mínir muni taka til máls og skýra sumar þeirra nánar.

Thor Thors: Ég hefi kvatt mér hljóðs vegna þess, að ég á á þskj. 232 2 smávægilegar brtt. Önnur er um 3000 kr. framlag til Ólafsvíkurvegar. Það hefir jafnan á undanförnum árum verið veitt nokkur fjárupphæð til þessa vegar, og svo er á núverandi fjárl., en á fjárlagafrv. að þessu sinni hefir það verið fellt niður. Hefir ekki náðst samkomulag um það við fjvn. að taka þetta upp á ný. — Það er kafli í Staðarsveit, sem sérstaklega þarf vegalagningar við. Það hefir verið svo með vegalagningarféð á undanförnum árum, að það hefir verið veitt að þó nokkru leyti sem atvinnubótafé til sveitamanna. Og ég verð að telja, að það sé hin mesta nauðsyn á því fyrir fátækt sveitarfélag, að fara ekki varhluta af þessu framlagi. Þar sem um svo smávægilega upphæð er að ræða, þá vænti ég þess, að hv. dm. taki till. vingjarnlega.

Hin till. er um 1500 kr. framlag til bryggjuviðgerðar og lendingarbóta á Arnarstapa. Þar var fyrir nokkru lagt fram fé til hafnarmannvirkis, sem þá var lokið við í bili. En það hefir sýnt sig, að það liggur undir skemmdum, ef ekkert er aðhafzt. Það er því beint til hagsbóta fyrir ríkissjóðinn, að leggja fram þetta fé, áður en það er um seinan. En það er jafnframt nauðsynlegt að auka nokkuð uppfyllinguna, sem þarna er, svo að hafnarmannvirkið komi sjómönnunum að fullum notum.

Ég skal svo ekki hafa um þessar till. fleiri orð, en ég tel heppilegra, að þessar till. komi ekki til atkv. við 2. umr., og leyfi ég mér því að taka þær aftur til 3. umr.

***Ísleifur Högnason:** Meðflm. minn að till. á þskj. 232, hv. 1. landsk. þm., hefir talað um nokkrar þeirra, en nokkrar hefir hann ekki minnzt á, og vil ég fara um þær fáeinum orðum. Það er þá fyrst 4. till., sem er um Strandveg og Eiðisveg í Vestmannaeyjum, 12000 kr. Eins og kunnugt er, þá liggur Eiðið, sem hefir verið að lækka á síðari árum, alltaf undir skemmdum. Það fékkst þó nokkur viðgerð á því árið sem leið, en hún er ekki fullnægjandi, svo að það verður að bæta þar um enn. Nú er það vitanlegt, og ég hefi rökstutt það áður, að framlag ríkissjóðs til Vestmannaeyja er ekki nærri eins mikið og til annara héraða hér á landi, því að þær fara algerlega varhluta af vegafénu. Þær ættu að fá 1½—2 millj., ef þær nytu jafnréttis, hvað þetta snertir. En tillag til þeirra mun nema 40—60 þús. kr. Það, sem hér er farið fram á til vegabóta og hafnarmannvirkja í Vestmannaeyjum, er því næsta lítið í samanburði við það, sem þær ættu að fá.

Þá er það 6. liður 9. brtt., en þar er lagt til, að framlag til nýrra vita hækki úr 65000 kr. upp í 225000 kr. Það voru fyrir nokkrum dögum umr. um vitamál í Nd., og risu þá upp menn bæði frá Sjálfstfl. og Alþfl., sem kröfðust þess, að öllum þeim tekjum, sem ríkið hefði af vitagjöldum, væri varið til þess að bæta við vitum og tryggja þar með öryggi þeirra skipa, sem sigla við strendur landsins. Ég vænti þess nú, þegar þessi brtt. kemur hér fram, að hv. þm. standi við orð sín í Nd., ef þeir þá meina nokkuð með því, sem þeir segja, og samþ. að hækka þetta framlag upp í 225000 kr. Þá mun láta nærri, að allt það fé, sem ríkissjóður fær í vitagjöld, renni aftur til nýrra vita.

Þá er það 7. liður 9. brtt., sem er um það að ábyrgjast fyrir félög útgerðarmanna, sjómanna eða bæjarfélög lán til kaupa á nýjum dieselmótorskipum, 75—150 smálesta. Þessi till. var einnig borin fram sem brtt. við síðustu fjárlög, en fékk þá ekki byr í þinginu nema frá Kommfl. Ég man ekki, hvort það var einn eða tveir þm. aðrir, sem greiddu henni atkv. Ég hefi nú heyrt, að síðan hafi vaxið mjög skilningur manna á því, að nauðsynlegt væri að endurnýja fiskiflotann íslenzka á þessum grundvelli. Þessi skip, sem hér er gert ráð fyrir, að verði veittur styrkur til, dieselmótorskip 75—150 smálesta, finnast varla í íslenzka flotanum. En það er enginn vafi á því, að þessi skip, henta okkur bezt. Það er vegna þess, að 75—150 smálesta fiskiskip þurfa ekki að vera staðbundin við ákveðna verstöð, eins og mótorbátarnir eru nú, en geta flutt sig til eftir fiskigöngu. Á þessum skipum má stunda, ef þau eru réttilega útbúin, allar algengustu fiskveiðiaðferðir hér við land, frá botnvörpu til dragnótaveiða. Það má veiða á þeim í línu og net og einnig stunda síldveiðar á þeim. Auk þess má geta þess, að orkuneysla þessara skipa er mjög mikið minni en þeirra, sem hafa gufuvél. Það eru örfá mótorskip, sem hafa dieselvél. Hinn nýi varðbátur, Óðinn, hefir dieselvél, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, þá er olíueyðslan mjög lítil, svo að hann er mjög ódýr í rekstri. Það er sannast að segja, að árætta ríkissjóðs af þessari till. er ekki mikil, vegna þess að ábyrgðina á að veita fyrir allt að ⅔ kostnaðarverðs skipanna, sem svo á að vera tryggt með 1. veðrétti í þeim. Áhættufé, ⅓ kostnaðarverðsins, á að koma frá sjálfum eigendunum, svo að áhætta ríkissjóðs vegna þessara kaupa ætti ekki að vera mikil. Það ætti því ekki að geta hindrað hv. þm. í að greiða þessu atkv. Ef enginn vill hagnýta sér þetta, þá nær það ekki lengra, en ef skipin verða keypt, þá á ríkissjóður að fá 1. veðrétt í skipunum.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum að þessu að sinni. Ég mun ekki taka þessar till. aftur til 3. umr., heldur óska ég, að greidd verði atkv. um þær við 2. umr.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Þessar till., sem fram hafa komið nú við fjárlagafrv. frá þm. Kommfl., myndu hleypa fjárl. fram um 1 millj. kr., ef þær væri samþ. Við lögðum fram á síðasta þingi frv. til l. um ýmiskonar skatta, sem hægt væri að ná jafnhárri upphæð með. Við erum líka reiðubúnir nú til að benda á sömu tekjuöflunarleiðir, sem hægt er að framkvæma. Ef þessar till. okkar verða samþ., þá erum við reiðubúnir til að sjá um, að ekki verði halli á ríkisbúskapnum. En ég sé ekki ástæðu til að láta prenta þessi frv. upp að nýju, á meðan ekki er útséð um, hvernig undirtektir eru undir þessar till. Þeir hv. þm., sem á undanförnum árum hafa verið með í því að mjaka fjárl. úr 15 millj. upp í 17 millj., ættu ekki að óskapast yfir því, þótt komið sé með till. til útgjalda um 1 millj., þegar það er athugað, að þessar till. eru um fjárframlög til hinna nauðsynlegustu þjóðþrifamála, sem eru á dagskrá með þjóðinni, að auka atvinnu fólksins og auka á einn eða annan hátt þjóðarauðinn.

Það er búið að mæla með flestum stærstu till., en ég ætla að minnast nokkuð á ýmsar af hinum smærri. Fyrstu 2 till. eru niðurskurðartill., og ræddi ég um afstöðu okkar til þeirra í fyrra, svo að ég ætla ekki að endurtaka það nú. Við höfum tekið þarna upp nýja till. í sambandi við Vífilstaðahælið, 600 kr. til kvikmyndasýninga á hælinu. Bæði þar og víðar er þörf á því, að ýmislegt sé gert til að gera aðbúnað og dvöl þeirra, sem á heilsuhælum eru, skemmtilegri og þægilegri. Það hefir líka ýmislegt verið gert í því efni. Það lá fyrir fjvn. umsókn um þetta, sem hefir ekki verið sinnt, og þótti okkur því rétt að taka þetta upp.

Þá er till. um að reisa heita sundlaug á Siglufirði. Það er bæjarstjórnin á Siglufirði, sem sérstaklega hefir óskað eftir þessu. Öllum hv. þm. er kunnugt um, að það er sérstaklega mikil þörf á því að koma upp heitri sundlaug á Siglufirði, ekki síst með tilliti til þess, hvað mikill fjöldi er þar af fólki á sumrin. Það er því sérstaklega mikil þörf á að hafa þar sundlaug með tilliti til heilbrigðis og hreinlætis. Hið sama er að segja um Neskaupstað, að það er allt, sem mælir með því, að Alþ. verði við ósk bæjarstjórnarinnar þar um að leggja fram þetta fé til sundlaugar þar.

Svo flytjum við till. um hækkun á styrkjum til bókasafnanna í Neskaupstað, Siglufirði og Vestmannaeyjum. Það lágu í fyrra fyrir þinginu till. um hækkun til bókasafnanna á Seyðisfirði og í Hafnarfirði upp í 2000 kr., og voru þær till. samþ. Það er óskynsamlegt að gera þarna upp á milli kaupstaða, og við höfum því leyft okkur að bera fram þessar till. um hækkun á styrkjum til bókasafnanna í Neskaupstað, Siglufirði og Vestmannaeyjum. Mér finnst það ekki svo mikið, sem gert hefir verið til að hlynna að almennri menntun á þessum stöðum, að það muni ekki saka að hlynna að bókasöfnunum á þessum stöðum, eins og gert hefir verið við bókasöfnin á Seyðisfirði og í Hafnarfirði.

Þá höfum við tekið upp aftur till. um smástyrki til sjúkrasjóða verkamannafélags Akureyrar og verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri. Þetta eru styrkir, sem hafa verið í fjárl., en voru afnumdir, ef ég man rétt, 1931 eða 1932. Bæði þessi félög hafa sterka sjúkrasjóði, og vinna þeir eins og sjúkrasjóðir annara félaga, sem hafa slíka styrki frá þinginu.

Þá höfum við tekið upp eina nýja till., sem fer fram á það að veita nokkurn styrk til lýsiskaupa handa börnum á Spáni. Það er ætlunin að úthluta þessu til hinnar íslenzku deildar norræna friðarfélagsins, sem er starfandi hér á landi. Það er rétt, að þingið sýni á einhvern hátt, að það vilji hlynna að því mannúðarstarfi, sem er verið að vinna í flestum lýðræðisríkjum til þess að draga úr hörmungum borgarastyrjaldarinnar á Spáni. Það er ekki stór skerfur, þótt þingið leggi þetta fram, og ég vona, að þessi till. fái góðar undirtektir hjá öllum.

Við viljum, að atkvgr. fari fram um þessar till. við þessa umr., með tilliti til þess, ef einhverjar þeirra verða felldar nú, hvort ekki muni þá hægt að velja einhverjar úr, sem samkomulag náist um.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 12. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 216, n. 223, 232, 242).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 242. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru örfá orð, sem ég þyrfti að svara, sumpart út af því, sem kom hér fram við umr. þessa máls í gær. Eitt af því, sem kom fram í þeim umr., var, að fjvn. hefði verið kölluð saman nokkru fyrir þing. Ástæðan til þess, að ég var því fylgjandi, var sú, að á undanförnum árum hefir fjvn. eytt mjög miklum tíma til þess að endurskoða rekstur ríkisstofnananna og kynna sér nokkuð bæði almenn atriði og líka einstök atriði í sambandi við þær, þó sérstaklega launagreiðslur. Þetta hefir tekið mikinn tíma af störfum fjvn., og fyrir þær sakir hafa nál. komið seinna frá fjvn. á undanförnum árum en æskilegt hefði verið. Ég var því fylgjandi, fyrst og fremst til að ráða bót á þessu, að fjvn. kæmi saman fyrr en venja hefir verið til þess að athuga, hvort hægt væri að koma við sparnaði á rekstri ríkisins, meira en verið hefir áður. Ennfremur var til þess ætlazt, og hefir reyndar farið svo, að n. hefir lagt mikla vinnu í að athuga launagreiðslur. Að því er ég bezt veit, eru nú meiri líkur til þess en áður, hvað launal. snertir, að endanlega gæti orðið gengið frá því máli, áður en mjög langt líður. Hitt vissi ég fyrir fram, að einstökum breytingum á hinum beina rekstri ríkisins væri ekki hægt að koma við í sparnaðarátt. Það er ekki unnt að lækka verulega kostnaðinn við ríkisrekstrinn, nema ef annað hvort væri unnt að fækka starfsmönnum, eða ef fært þætti, að lækka laun þeirra manna, er vinna við ríkisstofnanir, eins og hv. þm. A.-Húnv. tók fram í gær. Starfsmönnum við ríkisstofnanir

mætti ekki fækka mikið frá því, sem nú er. Þó kynni að vera hægt að spara einn og einn mann við einhverja stofnun, en slíkt getur ekki munað stórum upphæðum. Eina verulega útgjaldalækkunin yrði lækkun launanna. Nú hefir verið dálítið gert að því að lækka launin, bæði með því að breyta dýrtíðaruppbótinni, og sömuleiðis hefir nokkuð verið reynt að færa niður önnur laun, og nokkur sparnaður hefir orðið að þessu, enda þótt það muni ekki gífurlegum upphæðum. Það er miklum erfiðleikum bundið að lækka laun starfsmanna við ríkisstofnanir frá því, sem nú er. Í fyrsta lagi má telja það, að hjá ýmsum öðrum stéttum þjóðfélagsins hafa verið framkvæmdar launahækkanir vegna vaxandi dýrtíðar. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá verða þeir að viðurkenna, að starfsmenn ríkisins eru sízt betur launaðir en aðrir, sem vinna við sambærileg fyrirtæki eða hafa sambærilega aðstöðu. Það hefir mikið verið um það talað, að einstakir menn í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana hefðu há laun. En séu þau borin saman við laun starfsmanna hjá einstaklingsfyrirtækjum, sést það, að starfsmenn ríkisfyrirtækjanna hafa sízt óeðlilega há laun. Laun þessara manna hafa líka verið lækkuð nokkuð undanfarið.

Ég hefi í sambandi við þetta sífellda tal um háu launin við ríkisstofnanirnar kynnt mér, hvaða laun væru greidd forstjórum eða framkvæmdarstjórum hér í Rvík hjá fyrirtækjum, sem geta talizt að einhverju leyti sambærileg við þau fyrirtæki, sem rekin eru af ríkinu. Hér er ekki um önnur einstaklingsfyrirtæki að ræða, en þau stærstu, því að önnur fyrirtæki er ekki hægt að bera saman við stofnanir ríkisins. Ég hefi fengið upplýsingar um þessi efni hjá 16 fyrirtækjum. Þó skal þess getið, að ég hefi ekki talið bankana þar með, því að þeir hafa nokkra sérstöðu. En væru þeir teknir með til samanburðar, myndu þeir áreiðanlega hækka þær launatölur, sem teknar eru til samanburðar. Við þessi 16 fyrirtæki starfa 23 menn, sem eru taldir forstjórar eða framkvæmdarstjórar. Meðallaun þeirra eru 16 þús. kr. á ári. En sá forstöðumaður fyrir ríkisfyrirtæki, sem hefir hæst laun, hefir 10 þús. kr. árslaun, þó að forsrh. hafi risnupeninga að auki. Hjá þessum sömu 16 fyrirtækjum starfa 7 menn, sem ýmist eru kallaðir skrifstofustjórar, fulltrúar eða aðalbókarar, sem hafa að meðaltali tæp 11 þús. kr. í árslaun, eða töluvert hærri laun en ríkið telur rétt að greiða ráðh. sínum. Ég hefi aðeins tekið 16 stærstu fyrirtækin hér í Reykjavík, en bankarnir eru ekki teknir með til samanburðar, því að launin þar eru ekki ákveðin af ríkisstj. og ekki af Alþ. heldur, nema óbeint, því að þau eru ákveðin af bankaráðsmönnum, sem Alþ. kýs. Laun bankastjóranna við Landsbankann eru 21600 kr. hvers um sig, og þrír aðrir bankastarfsmenn hafa yfir 10 þús. kr. árslaun hver. En ef farið er neðar í launastiganum, kemur það líka í ljós að starfsmenn við einkafyrirtæki hafa yfirleitt hærri laun en greidd eru við sambærilegar stofnanir, sem ríkið rekur. Launagreiðslur hjá ríkinu sæta meiri gagnrýni heldur en nokkrar aðrar launagreiðslur. Þetta verður til þess, að þótt þar sé ekki um óhæfilega háar launagreiðslur að ræða, skapar það talsvert aðhald, sem er heilbrigt og veldur því, að launagreiðslum hjá ríkinu er betur í hóf stillt heldur en launagreiðslum hjá öðrum stórum fyrirtækjum, sem engu eftirliti eru háð. Nú er enginn vafi á því, að ómögulegt er annað en að taka eftir því, að þeir, sem vinna hjá ríkinu, bera laun sín saman við laun þeirra starfsmanna, sem gegna álíka vandasömum störfum. Það mun verða ákaflega erfitt fyrir ríkið að færa niður laun starfsmanna sinna, nema að gera einhverjar ráðstafanir til þess að færa niður öll hærri laun í landinu. Það hefir verið gert töluvert að því með því að hækka tekjuskattinn, en aldrei verður unnt að ná sama marki með því móti, sem með því að ákveða sjálfar launagreiðslurnar. Ég geri ekki ráð fyrir, að það myndi verða á valdi nokkurrar stj. að spara verulega að þessu leyti. Ég vildi gefa þessar upplýsingar hér, sem benda ákveðið í þá átt, að launagreiðslur eru sízt hærri hjá ríkinu en hjá öðrum sambærilegum stofnunum hér á landi. Það er mjög eftirtektarvert, að það skuli vera til bókhaldarar og fulltrúar hjá Eimskipafélagi Íslands, sem er opinber stofnun, er geta komizt hærra í launastiganum heldur en þeir forstjórar verzlunarfyrirtækja ríkisins, sem hæst eru launaðir. Fulltrúar og bókhaldarar við einkafyrirtæki munu áreiðanlega vera betur launaðir en starfsbræður þeirra hjá ríkisfyrirtækjum. Ég vil benda þeim mönnum, sem telja sig hafa áhuga fyrir sparnaði, á það, að ef þeir vilja láta lækka þessi laun hjá ríkisstofnunum, er alls ekki hægt að koma því í framkvæmd, nema því aðeins að unnt væri að taka þetta mál fyrir á breiðari grundvelli og lækka launagreiðslur hjá þeim fyrirtækjum, sem helzt eru sambærileg við ríkisstofnanirnar. Ég vil sérstaklega benda á þetta í sambandi við þær umr., sem fram fóru hér í gær. Hv. þm. A.-Húnv. vék að því í ræðu sinni í gær, að það væri dálítið erfitt fyrir þá stjórnarandstæðinga að vinna í fjvn. af fullkominni alúð, því að það væri sáralítið farið eftir því, sem fjvn. legði til, og störf hennar væru að litlu höfð. Það má áreiðanlega finna dæmi þess, að ekki hafi verið farið eftir till. fjvn. En eitt skal ég fullyrða, að fjvn. hefir aldrei á síðustu árum haft minni ástæðu til þess að kvarta yfir því, að till. hennar hafi ekki verið fylgt, heldur en fjvn. undanfarinna þinga. Ég efast ekki um, að allir þeir, sem kunnugir eru þingstörfum, muni taka undir þetta. Sannleikurinn er sá, að í öllum höfuðatriðum hefir verið farið eftir till. fjvn. Ágreiningstill., sem komið hafa fram, hefir Alþ. einnig tekið til greina.

Af minni hálfu hefi ég viljað gefa fjvn. aðgang að öllum gögnum og sem fullkomnastan tíma til þess að athuga ríkisrekstur inn. Allt þetta var gert til þess, að eðlileg og heilbrigð gagnrýni gæti átt sér stað. Ég vildi ekki, að stjórnarandstæðingar hefðu erfiða aðstöðu til að glöggva sig á þessu, og hefi ég því lagt mig fram til þess, að þeir fengju tíma og aðstöðu til að rannsaka allan rekstur ríkisins sem bezt. Ef menn gera slíkt af einlægni og vilja gjarnan

benda á það, sem aflaga fer, hlýtur það að verða til bóta, enda ekki nema gott, að allur kostnaður við rekstur ríkisins komi skýrt í ljós. Öll gagnrýni er alveg tvímælalaust mjög mikið aðhald.

Hitt er annað mál, að mér hefir ekki líkað ýmislegt af því, sem fundið hefir verið til foráttu, hvað snertir launakjör starfsmanna ríkisins í samanburði við starfsmenn einkafyrirtækja, en út í það verður ekki farið hér. Ég mun ekki fara nánar út í þetta, nema því aðeins að sérstakt tilefni gefist til. En ég taldi rétt, að þessi umr. fjárlaga færi ekki svo fram, að ég gerði ekki almennar aths.

Jón Pálmason: Í ræðu minni hér í gær fór ég nokkrum orðum um afstöðu sjálfstæðismanna í fjvn. til fjárlaganna yfirleitt og get endurtekið það nú, að ég fór tiltölulega stutt út í þá hluti þar, því að ég geri ráð fyrir, að við 3. umr. fjárlaganna verði tækifæri til að ræða ýms atriði frekar. En mér þykir rétt að segja nokkur orð í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. um sparnað á launagreiðslum ríkisins. Hann vék að því, að það myndi reynast örðugt að spara stórar fjárhæðir á ríkisrekstrinum yfirleitt, nema með því móti að fækka starfsmönnum eða lækka launin. Ég er þessu samþykkur. Það er ekki hægt að spara nema með því móti, að fækka starfsmönnum ríkisins, og helzt að leggja sumar stofnanir niður. En ég held því hinsvegar fram, að það sé áreiðanlega unnt að spara mjög miklar fjárhæðir einmitt á þeim liðum, að fækka starfsmönnum ríkisins og lækka laun þeirra. Eftir því, sem ég kynni mér þessi mál betur, sé ég glöggar, að á þessu er ekki eins góð stj. og þyrfti að vera, til þess að allir starfskraftar ríkisins komi að sem beztum notum. Ég fullyrði, að unnt sé að fækka starfsmönnum ríkisins í stórum stíl. Fjárhag ríkisins er nú þannig háttað, að fullkomin ástæða er til að lækka laun þeirra starfsmanna, sem vinna hjá hinu opinbera, frá því sem nú er. Ég vil ekki samþ. það, sem hæstv. fjmrh. var að tala um, að ekki væri unnt að lækka laun starfsmanna við ríkisstofnanirnar, því að enn hærri laun væru greidd hjá einstaklingsfyrirtækjum. En það er sama sem. að segja, að ríkisvaldið geti ekki gert neina breyt. til batnaðar, ef einhver aðili er verri en það. Nú er það víst, að það er um engar stöður eins mikið sótt eins og atvinnu við ríkisstofnanir og opinberan rekstur. Um hverja einustu stöðu, sem losnar, sækja tugir og jafnvel hundruð manna. Hvað verður þá um réttlæti gagnvart þeim, sem úti undan verða. Það er ríkið, sem mestu ræður í þessu efni, og það er ríkið, sem á að skapa þann grundvöll, sem ber að fara eftir í þjóðfélaginu yfirleitt. Þess vegna get ég aldrei gengið inn á, að ríkisvaldið eigi að hegða sér eftir einkafyrirtækjum, þótt þau greiði hærri laun. Það er atriði, sem mun lagast, ef ríkið hefir fast skipulag á sínum málum.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. var að tala um, að það hefði verið gerð mikil endurbót á þessu sviði í starfi fjvn., að því er snertir samræmið, þá er það að segja, að aðstaða fjvn. er mjög takmörkuð, og þó að hún hafi nokkuð að þessu unnið, þá er síður en svo, að nokkurt samræmi sé komið. Það má t. d. nefna, að það eru undirmenn í hverri stofnun í Reykjavík, sem hafa hærri laun en t. d. sýslumenn, sem úti á landi eru. Hluturinn er sá, að þeir tiltölulega fáu menn, sem taka laun sín eftir launalögunum, eru að þessu leyti beittir herfilegu ranglæti, ef um samræmi á að vera að ræða. En þetta verður ekki lagfært nema með nýjum launalögum.

Hæstv. fjmrh. minntist á það, sem ég talaði um í gær, að minni ástæða væri fyrir stórnarandstæðinga að leggja mikla alúð við starf sitt í fjvn., vegna þess að það væri svo litið eftir því farið. Ég get tekið það fram, að ég hefi ekki látið þetta hafa áhrif á störf mín í n., því að ég hefi reynt að gera mér far um að fá niðurfærslur á ýmsum liðum, en það hefir fengið litinn byr. Ég vil annars út af þessu segja það, að niðurstaðan á fjárlögum annarsvegar og reynsla síðari ára sannar, að það er ekki mikið eftir fjárlögum farið í ýmsum greinum. Ég skal ekki fara langt út í það. Ég mun geyma mér það til 3. umr., sem verður útvarpað.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að hann hefir gert sér far um að láta fjvn. í té upplýsingar. En það er ekki nóg, ef till. fjvn. eru ekki virtar, þegar til framkvæmdanna kemur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í ræðu hv. þm. A.-Húnv., en ég vildi þó segja örfá orð út af henni. Hv. þm. segir, að það sé fullkomin ástæða til að lækka laun sumra starfsmanna ríkisins, og ég skal ekki segja, að það megi ekki finna einhverja, sem þannig er ástatt um, og þá er fyrir hann að gera um það till., sem hann síðar komi á framfæri og sjái, hverjar undirtektir fá. Ég hefi áður tekið það fram, að ég hefi ekki trú á, að það sé hægt að framkvæma verulegan sparnað með launalækkunum, og hefi fært fyrir því þau rök, sem ég ætla ekki að endurtaka. Hv. þm. A.-Húnv. segist ekki vilja taka það til greina, að það þurfi að hafa hliðsjón af því, hvað aðrir greiða, þegar um sé að ræða launagreiðslur ríkisins, og það sé vegna þess, að ríkið sé svo sterkur aðili. En þó hv. þm. segi þetta, þá er ekki hægt að komast framhjá þessu af þeirri ástæðu, að það er ekki ríkið, sem ræður launagreiðslunum, heldur eru það aðrir. Þetta er hægt að sanna, því að þó að ríkið hafi greitt sínum forstjórum lægri laun en aðrar stofnanir, þá hafa þær ekki lækkað sig. Það er þess vegna misskilningur hjá hv. þm., að þetta sé atriði, sem lagast af sjálfu sér, ef ríkið hefir fast skipulag. Þessu fer fjarri. Og ef ríkið ekki tæki tillit til launagreiðslna almennt, þá færi það bara þannig að þeir menn, sem mestur slægur er í, færu úr þjónustu ríkisins. Fyrir slíkum tilfellum er hægt að finna mjög mörg dæmi. T. d. hefir tollstjórinn ekki getað haldið duglegum mönnum, af því að betur hefir verið boðið annarsstaðar með laun. Það er ekki hægt að komast alveg framhjá þessu, en það hefir verið reynt, eins og sá mismunur sýnir, sem er á launum hjá ríkinu og annarsstaðar. Ég er hissa á því, að

hv. þm. A.-Húnv., sem mikið hefir rætt um þessi launamál, skuli aldrei nokkurtíma hafa vakið athygli manna á launagreiðslum hjá ýmsum hálfopinberum stofnunum, eins og t. d. bönkunum og Sambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Ég hefi aldrei heyrt hann minnast á launagreiðslur hjá þessum stofnunum eða öðrum, sem svipað stendur á um. Mér finnst það undarlegt, að hv. þm. skuli finnast svo mikið um það, þó að ríkið greiði 9—10000 kr. í laun sínum forstjórum, en að honum skuli ekkert þykja athugavert við það, þó að hálfopinberar stofnanir, eins og S. Í. F., skuli greiða sínum forstjórum 18000 kr.

Hv. þm. A.-Húnv. minntist á það, til að sanna sitt mál viðvíkjandi því, að fjvn. hefði ekki verið virt, að fjárlögin hefðu farið fram úr áætlun undanfarin ár. Hann nefndi það, að árið 1937 hefði þau farið 2 millj. kr. fram úr áætlun. Ég vil benda hv. þm. á það, sem hann veit, að sáralítið af þessari upphæð hefir verið greitt í trássi við fjvn. Þetta stafar af því, að þessar umframgreiðslur eru ýmist til framkvæmda, sem komið hafa til, eftir að fjvn. gekk frá fjárlögum, eða þá að það eru umframgreiðslur á hreinum áætlunarliðum, sem þingið hefir sjálft ákveðið, eftir að gengið var frá fjárlögum. Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á kostnaðinn við fjárpestina, sem nam á árinu 1937 600 þús. kr. Ég hygg, að ekki hafi verið troðið á ákvörðun fjvn. í sambandi við þær greiðslur, og tek ekki við neinu ámæli fyrir það. Sama er að segja um ýmislegt annað, eins og t. d. vegaviðhald, kostnað við Alþ., rekstrarkostnað sjúkrahúsa, sem áætlað var af fjvn. að lækka, en ekki bent á neinar leiðir til, að hægt væri að framkvæma þá lækkun. Svona mætti lengi telja, og það er ekki nema lítið brot, sem hægt er að heimfæra undir það, að gengið hafi verið á móti fjvn. Ef hv. þm. vill kvarta yfir því, að hans störf í fjvn. hafi verið einskis virt, þá verður hann að nefna rökstudd dæmi um það. Það dugar ekki að nefna eina fjárgreiðslu, því að það sannar sáralítið um þetta, eins og ég vænti, að menn hljóti að viðurkenna eftir þær upplýsingar, sem ég hefi gefið.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Á sama hátt eins og ég gat um það í framsöguræðu minni í gær, að fjvn. hefði eytt langmestum tíma í að athuga ríkisstofnanirnar, þá hefir það einnig orðið svo hér við umr., að þær hafa, að undanteknu því, að einstakir þm. hafa mælt fyrir till. sínum, snúizt um launagreiðslur hjá ríkisstofnunum.

Hv. þm. A.-Húnv. gat þess í gær, að hann og flm. hans í fjvn. gætu ekki nema að litlu leyti komið vilja sínum að um ýmsan sparnað. Ég vil nú í fyrsta lagi geta þess, að því er snertir fjvn., að þar hefir vilji þeirra á engan hátt verið fyrir borð borinn af meiri hl., nema um einstök atriði, þar sem atkvgr. hefir farið fram um ágreininginn. Það hefir verið gert allt, sem auðið er, til þess að ná samkomulagi um þau mál, sem legið hafa fyrir n. En að því leyti, sem hv. þm. talar um sjálfstæðismenn í fjvn. sem samhuga um þau atriði, sem hann sérstaklega deildi á ríkisstjórnina og meiri hl. þingsins fyrir, þá vil ég segja það, að hann getur ekki talað um sjálfstæðismenn sem heild í n., a. m. k. ekki að því er snertir launagreiðslur, í fyrsta lagi vegna þess, að einn nm., sem sjaldan hefir í n. komið, hefir aldrei minnzt á það einu orði, að launagreiðslur væru lækkaðar við starfsmenn ríkisins. Að því er snertir hv. 6. landsk., þá er það að segja, að hann hefir mest allra nm. unnið að því að koma á samræmi og skipulagi um launagreiðslur þeirra starfsmanna, sem taka laun sín utan launalaga. Hann hefir í þessu unnið framúrskarandi mikið og óeigingjarnt starf. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt hv. 6. landsk. tala um það, að launin væru of há. Hitt hefi ég heyrt hann minnast á, að það þyrfti að samræma þau, eins og rétt er. Það er hinsvegar svo, að hv. þm. A.-Húnv. hefir dálítið sérstaka aðstöðu, ekki aðeins í fjvn., heldur og í þingi, því að ég hefi ekki talað við nokkurn einn þm., sem virðist vera í eðli sínu eins sparsamur og þessi hv. þm. Þetta vil ég segja honum persónulega til lofs, en hann gætir hinsvegar ekki hófs, þegar hann fer að meta laun, sérstaklega laun, sem ríkið greiðir. En það get ég fullvissað þennan hv. þm. og aðra um, að ef Sjálfstfl. kæmist til valda, þá myndi hann ekki sjá sér fært að lækka laun starfsmanna ríkisins frekar en orðið er. Þetta vil ég fullyrða og rökstyðja með því, að þessir sömu sjálfstæðismenn, sem hér eru á Alþ., eru um leið forstjórar ýmsra einkafyrirtækja, og það eru undantekningarlaust alstaðar hærri laun hjá þessum fyrirtækjum en hjá ríkinu. Það er nú svo, að flestir starfsmenn ríkisins hafa milli 4 og 5 þús. kr. laun, og það veit hver einasti Reykvíkingur, að það er ósanngjarnt að halda því fram, að slík laun séu óhæfilega há. Það er óhugsandi að lækka launin meira. Það verður aldrei lausnin á erfiðleikunum. Til þess að hægt sé að lækka launin, verður fyrst að koma því inn hjá fólkinu að gera minni kröfur, og ég hygg, að það mundu ýmsir geta orðið sammála um að gera eitthvert átak í þessu efni. En ég held, að það sé ekki nógu vel hugsað hjá þessum hv. þm., að það sé hægt að fækka starfsmönnum og lækka launin. Ég get verið sammála um það, að eitthvað mætti fækka starfsfólki. Myndi það fyrst geta komið þannig út, ef vinnutíminn væri lengdur frá því, sem hann nú er, og ég tel, að megi gera, en fram yfir það held ég, að sé erfitt að fara. Og það verður að gera þær kröfur til hverskonar stofnana sem er, að þar sé fullkomin regla á öllum sviðum, og að hægt sé að svara fyrirspurnum hverjum sem er, og það strax, og finna alla hluti, sem þarf að finna á því augnabliki, sem um þá er beðið. Og þetta allt útheimtir mikla vinnu. Og ég skal aðeins benda á það, að fjvn. hefir nú kynnt sér mjög rækilega allan rekstur ríkisstofnananna fyrir utan launagreiðslur. Hefi ég séð þá sundurliðun, sem þær gera á ýmsum kostnaði og svo nákvæmlega er talið upp, að sumir liðir fara kannske niður í 2 kr. Af þessu sjáum við, að fjvn. er búin að kynna sér alveg til þrautar reikninga ríkisstofnananna. Ég fullyrði, þegar þetta er athugað, hversu vandlega hafa verið athugaðar greiðslur ríkisstofnana, alveg niður í 2

kr., að það sé tillölulega fátt, sem hægt er að setja út á með rökum og réttu, að sé óhóflega eða misnotað fé. Hinsvegar skal ég að lokum taka það fram, að ég er fús til að standa með hv. þm. A.-Húnv. um alla þá skipun og allan þann sparnað, sem ég tel sanngjart og fært að koma við. En ég tel, að hann gangi of langt, og alls ekki kleift að mæta honum í öllum þeim aths. og kröfum, sem hann hefir í þessu efni. En margt ósanngjart hyrfi, ef hann kynnti sér þetta aðeins betur.

Jón Pálmason: Ég vænti að hæstv. forseti verði þolinmóður, þó að ég fari nokkuð út fyrir athugasemdartíma. En ég hefi ekki ástæðu til að fara mjög langt út í þessa hluti við þessa umr. Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ríkið réði ekki launum í þessu landi, þá verð ég að mótmæla því harðlega, því að það er ríkið, og fyrst og fremst ríkið og stjórnarvöldin, sem ráða launum og kaupgjaldi í landinu yfirleitt. Og ef það notaði sitt vald eins og það á að gera til þess að halda heilbrigðum takmörkum á þessu sviði, þá getur ríkisvaldið algerlega gert það. Fyrst og fremst er nú þess að geta, eins og kunnugt er, að ríkið sjálft greiðir margar millj. í starfslaun bæði hér í höfuðstaðnum og annarsstaðar. Í öðru lagi ræður ríkið kaupi hjá hinum ýmsu starfsgreinum, t. d. vegavinnu, símavinnu, síldarbræðslu og á öðrum slíkum stöðum, sem eru að meira og minna leyti borguð af ríkinu sjálfu. Út í þessa sálma skal ég ekki fara mikið nánar hér, því að mér gefst frekar færi til þess seinna. Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. talaði um, að hann hefði aldrei heyrt mig gera athugasemd við launagreiðslur nema hjá ríkisstofnununum, er það að segja, að einmitt þær stofnanir, sem hann sérstaklega nefndi, eins og t. d. Eimskip og bankarnir, eru stofnanir, sem eru hálfopinberar stofnanir og sú launanefnd, sem starfaði 1934, lagði til, að væru teknar undir launalög. Ég skal játa það fullkomlega, að hjá ýmsum einkafyrirtækjum eru laun hærri en ég tel eðlilegt og réttlátt. En það verður að segjast, að það er engan veginn sambærilegt að vera framkvæmdastjóri hjá Eimskip og aðalbankastjóri þjóðbankans eða forstjóri fyrir tóbakseinkasölunni, áfengisverzluninni og raftækjaeinkasölunni eða öðru slíku. Svo ég svari ræðu hv. frsm. hvað þetta snertir, skal ég geta þess, að við sjálfstæðismenn höfum farið fram á það í fjvn., að laun forstjóra tóbakseinkasölunnar, sem er 10 þús. kr., væru færð í samræmi við aðra forstjóra niður í 9 þús. kr. En það var fellt í n. En þar sem ráðh. var að tala um, að aðrar stofnanir borguðu hærri laun en ríkið, þá er það fyrst og fremst ríkið og hið ráðandi vald á hverjum tíma, sem hefir þar áhrif. Og ég held nú, að það sé svo háttað í okkar þjóðfélagi, að það sé ekki mörg atvinnugreinin í landinu, sem er vaxin því að borga hærri laun en ríkið gerir, svo að það þurfi ekki að vera mjög mikil hætta á því, að ríkið tapi starfskröftum, af því að einkafyrirtækin yrðu flest fljótlega komin á hausinn, ef þau borguðu hærra en ríkið gerir sjálft.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að umframgreiðslur fjárlaganna á síðasta ári væru afleiðing af ákvörðunum fjvn. Þetta er engan veginn rétt. Hvað mig sjálfan snertir, hefi ég ekki ástæðu til umkvörtunar, af því að ég var ekki í fjvn., sem undirbjó fjárlögin fyrir árið 1937. En ég sé hverju fram vindur eigi að síður. Og þær upplýsingar, sem ráðh. gaf hér við 1. umr. fjárlaganna, hnigu að því, að umframgreiðslur á ríkisreikningunum muni vera um 2—3 millj. króna. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að í þessu er stór upphæð, sem er varið vegna fjárpestarinnar, um 600 þús. kr., sem kemur ekki því við að brjóta nokkuð ákvörðun Alþingis eða fjvn. Það eru ýmsir aðrir liðir, t. d. Alþingiskostnaður, sem mjög fer fram úr áætlun, einnig vaxtagreiðslur og vegaviðhald o. fl. En þegar allt þetta er dregið frá, þá virðist mér a. m. k. vera ein millj. kr., sem farið hefir fram úr áætlun, sem ríkisstj. hefir að mestu leyti ábyrgð á. Til ráðuneytisins og ríkisféhirðis fara t. d. 40 þús. kr. fram úr áætlun 1937, til dómgæzlu og lögreglustarfs 212 þús. kr., til heilbrigðismála 236 þús. kr., til kennslumála 218 þús. kr., og til vegamála 335 þús. kr. Mjög mikið af þessu eru engan veginn áætlunarupphæðir, en beinlínis umframgreiðslur, sem látnar eru af hendi í viðbót við það, sem ákveðið er á fjárlögum. En þar er engan veginn öll sagan sögð, því að upplýsingar frá hæstv. fjmrh., að umframgreiðslur 1937 hafi ekki verið nema 2,3 millj. eru ekki réttar, vegna þess, að þar eru ríkisstofnanirnar alls ekki með. Í vetur, í áheyrn alþjóðar, benti ég á, að t. d. eru umframgreiðslur á launum og dagskrárkostnaði við útvarp 1937 rúmlega 43 þús. kr. Ég rakti, hvernig með þetta fé var farið, og hæstv. ráðh. hefir borgað upphæðina, sem er alveg gagnstæð því, sem fjvn. og Alþingi ákváðu í sambandi við fjárlögin 1937. En það er áreiðanlega meira blóð í kúnni en þetta. Því að ég get upplýst það t. d., að hjá landssímanum og póstinum hafa gjöldin 1937 farið um nærri 400 þús. kr. fram úr áætlun. Með öðrum orðum, bara hjá þessum stofnunum hefir kostnaðurinn farið um nærri hálfa millj. fram úr því, sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. Svona eru niðurstöðurnar nálega í hverri einustu grein í ríkisstofnununum, hvar sem leitað er, langt fram yfir þau takmörk, sem ákveðin eru. Ég held þess vegna, að það sé langbezt fyrir hæstv. fjmrh. að fara varlega í að mótmæla þeim ásökunum í þessu efni, að ríkisstj. hafi undanfarið brotið ákvarðanir fjvn. Alþingis.

Ég hefi ekki tíma til að svara samstarfsmanni mínum í fjvn. mörgum orðum og verð að láta nægja að segja, að það, sem hann talar um sem minn vilja í launamálum og fjármálum yfirleitt, mun ekki hafa fengið mikinn hljómgrunn hér á Alþingi. Og ég tek mér það engan veginn nærri, því að ég lít svo á, að það sé þannig komið okkar fjárhag, að fullkomin ástæða sé til að breyta þar um stefnu. Og það verður ekki breytt um stefnu á annan veg en þann, að það séu samtök meðal þingmanna að skera fyrir þá aukningu á útgjöldum, sem sífellt hefir farið í vöxt á undanförnum árum.

Það kann kannske að láta vel í eyrum þeirra, sem taka við greiðslunum, og þeirra, sem fyrir stofununum standa, að það sé nirfilsháttur og þröngsýni að fara fram á að spara þessa hluti. En ég held, að við hljótum bráðlega að standa frammi fyrir þeim atburðum í okkar þjóðlífi, að það kunni að upplýsast, að ekki hafi verið sem heppilegast á þessum málum haldið. — Hv. frsm. sagði, að ekki væri hægt að fara fram á að lækka launagreiðslur, nema því aðeins að lífskröfurnar væru því jafnframt lækkaðar. Ég vildi þá benda honum og öllum á það, að einmitt launagreiðslurnar eru undirstaðan undir því hvernig lífskröfurnar hafa verið sniðnar hér í höfuðstaðnum og í okkar landi, því að það er fyrst og fremst hin falska kaupgeta, sem haldið hefir verið uppi undanfarin ár. Ég skal svo ekki þreyta þolinmæði hæstv. forseta lengur, með því að ég hafði aðeins tíma til athugasemdar. En við 3. umr. fjárlaganna gefst mér vonandi tækifæri til að fara nokkuð nánar inn á þetta svið.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. A.-Húnv. fullyrti í síðustu ræðu sinni, að það væri ríkið, sem réði kaupgreiðslu í þessu landi. Ég er satt að segja alveg undrandi yfir, hvernig þessi hv. þm. ber höfðinu við steininn. Það veit hver einasti þm., að það eru ekki mikil áhrif, sem ríkið hefir á launagreiðslur við sjávarsíðuna. Sú vinna, sem ríkið lætur framkvæma við sjávarsíðuna, er ekki nema sáralítið brot af því, sem aðrir atvinnurekendur láta vinna þar. Og heldur hv. þm. A.-Húnv., að allar launagreiðslur fari eftir því, hvaða laun eru greidd fyrir þetta litla brot af vinnu, sem ríkið lætur framkvæma? Það þarf ekki langt til að sýna, hvernig fyrirtæki þetta eru. Ríkið hefir greitt miklu lægri laun í vegavinnu fyrir hverja klukkustund heldur en greitt er í kaupstöðum, sem næst liggja. Og því fer alls fjarri, að launagreiðsla í kauptúnunum lækki nokkuð við það. Það hefir engin áhrif. Auk þess sem ég var að enda við að sanna það, áður en hv. þm. tók til máls, sem er og viðurkennt, að launagreiðsla til skrifstofufólks og annars slíks fólks af þeim stéttum eru yfirleitt hærri en hjá ríkinu, þannig að því fer svo fjarri, að ríkið ráði þessu. Það hefir ekki enn verið horfið að því ráði, þótt ríkið greiði ráðh. sínum 10 þús. kr. í laun, að lækka þau hjá öðrum sambærilega við það. Það hefir ekki bólað á till. í þá átt. Og þó að ríkið launi forstöðumönnum ríkisstofnananna með 10 þús. kr., þá eru það ekki hliðstæðir starfsmenn hjá einkafyrirtækjunum, sem hafa þau laun, heldur þvert á móti. Það eru fulltrúar og bókarar hjá hinum ýmsu stærri fyrirtækjum, sem hafa sömu laun og þessir menn. Það er ekki nema eðlilegt, því að það er ekki nema lítill hluti af atvinnurekstrinum, sem ríkið hefir á sínum vegum, þannig, að það lætur miklu nær, að almennar kaupgreiðslur hafi töluverð áhrif á launagreiðslur ríkisins, þó að það liggi alveg fyrir sem staðreynd, að ríkið er hófsamara í launagreiðslum en flest einkafyrirtæki eru.

(JPálm: Ríkið hefir mest áhrif á kaupsamninga). Ég veit ekki til, að það hafi verið nokkurn tíma tekið fram fyrir hendur á einkafyrirtækjum um kaupsamninga af hálfu ríkisvaldsins, sem greiða hærra kaup, en þeir álíta sjálfir rétt. Hv. þm. fór ekki mikið út í það að ræða um laun við hálfopinberar stofnanir, eins og ég undanfarið hefi óskað, að hv. þm. gerði, en hann hefir ekkert gert til að vekja athygli á því, þótt hans orðtæki sé, að verst séu hin þöglu svik. Ég óskaði þess mjög, að hann hefði gagnrýnt þær launagreiðslur hjá landbúnaðarfyrirtækjum, sem ríkisstj. hefir ekki, og atvinnufyrirtækjum við sjávarútveginn, en hann hefir í ræðum sínum algerlega vikið framhjá þessu og skýrði alls ekki, hvað gera skyldi, ef t. d. hann og hans flokkur fengju meirihlutaaðstöðu á þingi, svo að þeir gætu komið hugsjónum sínum í framkvæmd með þeim mönnum, sem nú ákveða, þar sem þeir ráða, miklu hærra kaup en ríkið og ríkisstofnanirnar. Það kemur mjög í ljós, að vandlætingasemi hv. þm. A.-Húnv. á sér mjög þröng takmörk. Hann vill ekki ræða um 20 þús. kr. launagreiðslurnar hjá þeim fyrirtækjum, sem hans flokksmenn ráða yfir, en ræðst með miklu offorsi á launagreiðslur hjá ríkinu og ríkisstofnununum.

Þá eru örfá orð um umframgreiðslur, sem hv. þm. talaði um og var mjög óánægður yfir, að í þeim efnum hafi verið gengið framhjá ákvörðunum fjvn. Ég ætla nú ekki langt út í þetta, vegna þess, að ég vil ekki teygja umr. Hv. þm. vildi sýkna ríkisstjórnina af æðimörgum liðum í þessu efni. T. d. gæti hún ekki gert við, þótt greiddur hafi verið kostnaðurinn við Seyðisfjarðarheiði, þá sé ekki Alþingiskostnaðurinn ámælisverður og ekki hægt að kalla það heldur ámælisvert, þótt vextir væru settir of hátt. En aftur á móti væri ámælisvert með ýmsa aðra liði, þar á meðal sjúkrahúsakostnað. En hvernig er þarna þá ástatt? Þannig að fjvn. lækkaði áætlunina eins og hún lá fyrir frá minni hálfu alveg út í bláinn, alveg án þess að benda á, hvernig hægt væri að framkvæma sparnað og án þess að gera nokkrar till. um það. Svo getur það litið laglega út, þegar umframgreiðslurnar koma, sem hljóta að koma, að ráðast svo á ríkisstjórnina fyrir þessar umframgreiðslur. Ég álít slíka framkomu ekki sæmilega. Sama er að segja um vegaviðhaldið. Ríkisstjórninni hefði sennilega verið ámælt fyrir það, ef hún hefði látið undir höfuð leggjast að halda við vegum, þannig að umferð hefði þurft að leggjast niður. Þetta er annar stærsti liðurinn í umframgreiðslum og umframgreiðslur á skipaútgerðinni, sem stafar eingöngu af hækkuðu kolaverði, og ómögulegt að ámæla ríkisstj. fyrir. Svona mætti lengi telja. Langmestur hlutinn af umframgreiðslunum er þannig vaxinn, að það er ekki hægt að komast undan þeim, og flestar sjáanlegar fyrirfram, þótt fjvn. hafi að vissu leyti stungið höfðinu í sandinn. Svipaðar umframgreiðslur eru í kennslumálum, langmest kennaralaun, sem stafar af því, að að nokkru leyti er þar of lágt áætlað, og sumpart af því, að samþ. var lagabreyt. á þinginu, sem hækkaði launin. Ég held, að hv. þm. ætti að bæta þessu á listann með þeim liðum, sem hann ekki ásakar

rikisstj. fyrir. Niðurstaðan af þessu er, að hvernig sem hv. þm. A.-Húnv. snýr sér í málinu, er staðreyndin, að mestur hlutinn af þessum útgjöldum er þannig vaxinn, að það er ekki hægt að komast hjá þeim. Það var of lágt áætlað og hægt að sjá það fyrirfram. En ekki er nema örlítið brot af því, sem hefir orðið dýrara í einstökum atriðum heldur en fjvn. hefði sjálf orðið að ákveða, ef hún hefði verið á staðnum til þess, þegar til framkvæmdanna kom. — Hv. þm. mun ekki geta svarað við þessa umr., en þá getur hann það við næstu umr. og sýnt fram á, að hvaða leyti var brotið á móti fyrirmælum fjvn. 1936 um launagreiðslur í einstökum atriðum, þannig að hægt væri að sjá, hve mikil ástæða er til þeirrar gagnrýni, sem flutt er fram. Þá mun koma í ljós, að þetta voru ekki stórar upphæðir, og mestur hlutinn af þeim óumflýjanlegur.

*__Pálmi Hannesson:__ Það er óneitanlega nokkuð annað en ég hefði getað búizt við að heyra mest af þeim umr., sem hér hafa farið fram um fjárlögin. Það er ekki verið að tala um greiðslur til verklegra framkvæmda og neins annars yfirleitt, heldur launamálin. Bjarni Jónsson frá Vogi talaði einhvern tíma um, að þm. fengju sér prik, sem þeir riðu aftur og fram um þingið. Tvennskonar slík prik verð ég var við í þessum umr. Annað prikið er það, að ef á að taka upp einhverja fjárveitingu í þágu atvinnuveganna, til verklegra framkvæmda, þá er það sjálfsagt og er hafið yfir alla „kritik". Hitt prikið er, að ef eitthvað er með launamál að gera, þá þykir það mesti óþarfi, og hver maður vill keppast við annan um að skera niður. Þetta hefir viðgengizt um langan tíma, og ég skil sannast að segja ekki í, að hv. þm. A.-Húnv. skuli ekki sjálfur finna, að það er farið að slá í þessar gömlu lummur, sem hann ber fram nú. Í raun og veru er að ræða um tvennskonar laun, laun samkvæmt launalögum og þau, sem eru fyrir utan launalög við fyrirtæki, sem rekin eru af ríkinu. Ég hefi starfað undanfarið í n., sem unnið hefir að því fyrir fjmrh. að finna samræmi á milli þeirra, sem starfa undir launalögum og hinna, sem starfa við ríkisfyrirtæki. Ég skal tilnefna sem dæmi um greiðslur það, sem mér er nærtækast, laun við þá stofnun, sem ég veiti forstöðu. Hvað haldið þið, að kennarar menntaskólans fái í laun? Hvað er heimtað af þeim til að geta tekið embættið að sér? Að þeir hafi innt af höndum háskólapróf, og í langflestum tilfellum erlendis, 5—6 ára háskólanám erlendis auk námsins hér heima. Hvað er þeim svo boðið upp á? 306 kr. á mánuði í byrjunarlaun. Og nú skyldi maður halda, að þessir menn ættu fyrir sér glæsilega hækkun. Já, hún kemur. Eftir 16 ára þjónustu eru þeir komnir upp í 387,50 kr., það er hámarkið eftir 16 ára þjónustu, en þeir fá að vísu, svo ég dragi ekkert undan, þá nafnbót að heita yfirkennari. En því fylgir ekki launahækkun. Ég hefi tekið þetta dæmi, af því að það liggur mér næst, en ekki af því, að af nógu sé ekki að taka. Þvert á móti. Yfirleitt hafa þeir, sem vinna að kennslumálum, sjálfsagt svipaða sögu að segja. Ég er sannfærður um það, að allir þeir, sem mál mitt heyra, eru undrandi yfir því, hvað þessi laun eru lág. En svona hefir málið verið flutt úti um landið um áratugi, að þeir sem væru á launalögum, séu á þeirri grænu grein og fljóti í peningum, sem kallað er. Ef þau laun eru borin saman við einstaklings fyrirtæki og fyrirtæki, sem rekin eru af bæjar- og sveitarfélögum, þá er auðséð, að ríkið borgar verr heldur en bæði einstaklingar og opinber fyrirtæki. En eins og tekið hefir verið fram hér í umr., þá verður ríkið, þegar það rekur einhverjar stofnanir að greiða laun nokkuð í samræmi við það, sem gerist hjá öðrum hliðstæðum stofnunum, því að ef ríkisstofnanirnar eiga að vera samkeppnisfærar við aðrar stofnanir, verður að tryggja þeim góða starfskrafta, og þá verður að borga laun, sem eru nokkurn veginn sambærileg við það, sem annarsstaðar gerist. —

Maður skyldi nú ætla, þar sem mismunurinn er svo mikill á launagreiðslum utan launalaga og samkvæmt launalögum, að hér kæmi fram vilji hjá hv. þm. A.-Húnv. til þess að hækka þá, sem taka laun samkvæmt launalögum, en lækka ekki hina. En ég efast um það. Ég held, að viljinn sé frekar sá, að lækka alla niður í það lægsta, sem ríkið greiðir. En ef hv. þm. vill gefa aðrar upplýsingar, þá skal ég fúslega falla frá þessari skoðun, og það með sérstakri ánægju.

Þetta er gamalt gjamm, sem flutt hefir verið á kosningafundum um land allt um langan aldur. Og ætli það sé ekki einmitt þetta, sem dregur menn til þess að sækjast svo mjög eftir embættum hjá ríkinu, eins og hv. þm. A.-Húnv. lét sér svo tíðrætt um. Eftirspurnin er mikil, af því að menn trúa því, sem frambjóðendur hafa sagt á nærri því hverjum einasta framboðsfundi í mörg ár, í nærri því hverju einasta kjördæmi, fyrir nærri því allar Alþingiskosningar, að launin samkvæmt launalögunum séu svo afskaplega há, — að maður nú ekki tali um hjá ríkisstofnunum. En þetta hefir aðeins verið flutt til þess að kitla eyru kjósendanna; það fullyrði ég. En það er oft svo, að menn verða að taka afleiðingunum af óheiðarlegri „agitation", og það hafa jafnan margir hv. þm. orðið að gera. Þeir hafa orðið að standa við ofurlítið brot af því, sem þeir hafa sagt við kjósendur sína eða hvíslað að þeim fyrir utan fundarhúsveggina. —

Á hitt er svo aldrei minnzt, hvort embættismannastéttin inni af hendi starf, sem einhverja þýðingu hafi. En ætli það sé nú samt ekki svo, að ríkið eigi talsvert mikið undir því, að embættin séu vel rækt. Um það er sjaldan talað hér á Alþ., en meir um hitt, sem að launununum lýtur. Þá er sjálfsagt að vera með þessar gömlu lummur, þó þær séu dregnar upp úr rúmshornunum, myglaðar og fúlar. —

Hv. þm. A.-Húnv. væri nær að fara heim í sitt kjördæmi og segja sannleikann um launamálin. Hann gæti til dæmis byrjað á því, að launastétt landsins sé fyrirboðið að gera verkföll, eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins, og hann gæti bætt því við, hvernig hennar starf er metið.

Ég geri ekki ráð fyrir, að launastéttina langi til þess að gera verkfall, en hún ætlast til réttlætis af þeim, sem um hennar mál eiga að fjalla. Og ég vil bæta því við, að eftir þeim athugunum, sem ég hefi gert á þessum málum, þá er ríkið versti atvinnurekandinn hér á landi. — sá, sem borgar lægstu launin.

Ég skal svo að lokum enda með því, að ég get ekki varizt þeirri hugsun, að það sé lítilsigld fjármálapólitík að vera sí og æ að narta í þá, sem starfa fyrir hið opinbera, en virða hitt að engu, sem þeir gera þjóðarbúinu til þrifnaðar.

Forseti (BÁ): Hv. þm. A.-Húnv. er ekki frsm. í þessu máli og hefir því ekki rétt til þess að tala nema tvisvar. Hann hefir nú þegar talað þrisvar, en vegna þess að sérstakt hark hefir verið að honum gert, mun ég ennþá gefa honum *athugasemd.*

Jón Pálmason: Það var út af þessari síðustu ræðu, sem ég fór fram á það við hæstv. forseta að fá að segja örfá orð til viðbótar.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um það, að ég væri með gamlar lummur og gjamm frá þingmálafundum, og að mér væri nær að fara norður í mitt kjördæmi og segja sannleikann um launamálin. Ég vil nú segja bæði honum og öðrum, sem hugsa á svipaðan veg, að í mínu kjördæmi og hvarvetna annarsstaðar á landinu, er það ekki talið heilbrigt, að gerður sé slíkur munur á kjörum manna eins og nú á sér stað í því, hvernig launin eru hjá ýmsum stofnunum ríkisins annarsvegar og hvernig búið er að framleiðendum landsins hinsvegar. Skal ég í þessu sambandi taka það fram, að þessi hv. þm. hefir í föst laun 5 þús. kr.; þar að auki hefir hann 3 þús. kr. í húsaleigu og 2 þús. kr. í risnu. Svo er hann í veiðimálanefnd, hér á Alþ. og er nú nýbúinn að fá starf í þessari nýju launamálanefnd. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að þessi hv. þm. hafi milli 10—20 þús. kr. árstekjur, og ég vil segja honum það, að ef hann getur komið því til leiðar, að hagur manna almennt í landinu, framleiðenda og annara, verði sniðin í samræmi við þessi laun hans, skal *ég vera ánægður*, því að vissulega væri ég ánægðastur með það, að hægt væri að borga sem hæst laun yfirleitt, en það er því aðeins hægt, að það sé í samræmi við fjárhag þjóðarinnar, atvinnurekstur og getu þeirra framleiðenda, sem allur okkar fjárhagur byggist á.

***Finnur Jónsson:** Ég á hér ásamt þrem öðrum hv. þm. 2 brtt. á þskj. 242, sem fela í sér, eftir samkomulagi milli Alþfl. og Framsfl. nokkra hækkun á fjárveitingum til verklegra fyrirtækja við sjóinn.

Fyrri till. er um það, að útflutningsgjaldið skuli áætlað 450 þús. kr., í stað 430 þús. kr., eins og það er í frv., og í stað þess, að aðeins 400 þús. kr. renni til fiskimálasjóðs, skuli þangað renna 450 þús. kr., og að þessum 50 þús. kr. verði *sérstaklega* varið til styrktar *þeim*, er kaupa vilja nýja vélbáta til fiskveiða og smíða þá hér innanlands. — Í sambandi við þetta vildi ég geta þess, að í hv. Ed. hefir einnig komið fram till. um að efla nokkuð meir fiskveiðasjóð, á þann hátt að hátekjuskattur, sem annars rennur í bæjarsjóð, skuli renna í fiskveiðasjóð, og verði sá hluti lánaður þeim sjómönnum og verkamönnum, er gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkvæmt l. nr. 61 30. des. 1937. Þessi hluti hátekjuskattsins, sem gert *er ráð fyrir, að renni þarna til fiskimálasjóðs*, mun nema um 100—110 þús. kr., og ætti þá að vera kleift að fá þau framlög frá sjómönnum og verkamönnum, sem ennþá ekki hafa fengizt, þannig að þetta langþráða mál alþýðunnar hér í Reykjavík gæti komizt í framkvæmd sem fyrst.

Ég skal svo geta þess í sambandi við þessa samkomulagstill. milli Alþfl. og Framsfl. um aukið framlag til fiskimálasjóðs til styrktar mótorbátasmíðum hér innanlands, að nokkurt umtal hefir orðið um það, sérstaklega hjá Alþfl., að eftir að búið er að koma upp þeim tveim togurum, sem rætt hefir verið um, þá verði því fé, sem annars rennur í fiskimálasjóð, varið til þess að styrkja landsmenn til þess að smíða vélbáta hér á landi. —

Hin till., sem við þessir sömu þm. flytjum, er viðvíkjandi því, að framlagið til byggingarsjóða verkamannabústaða hækki á þessu ári um 50 þús. kr. Framlagið til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna er nú samkvæmt lögum 100 þús. kr. og eftir frv., eins og það er lagt fyrir af hæstv. fjmrh., 30 þús. kr. af tekjum tóbakseinkasölunnar. En eftir samkomulagi milli Alþfl. og Framsfl. er ætlazt til, að þessi upphæð hækki um 50 þús. kr., þannig að framlagið til verkamannabústaða verði alls 180 þús. kr.

Þar sem báðar þessar till. miða að þeirri miklu nauðsyn, sem alls ekki má gera allt of lítið úr, hvað sem öllum launamálum líður, að auka verklegar framkvæmdir, þá vænti ég, að þær fái góðar undirtektir hjá hv. þm. —

Þorsteinn Briem: Ég skal með örfáum orðum víkja að þeim fáu brtt., sem ég á hér við fjárl.

Skal ég þá fyrst víkja að þeirri brtt., sem ég er einn flm. að, við 13. gr. A. II. a. 5., um það, að 3 þús. kr. verði veittar til nýs vegar í Laxárdal. Ég get að vísu getið þess, að fjvn. hefir að nokkru leyti tekið undir ósk mína í þessu efni, með því að hún leggur til á þskj. 216, að veittar verði 2 þús. kr. í þessu skyni. En með því að þörfin er þarna mjög rík fyrir vegabótum, eins og ég hefi sýnt fram á, m. a. á síðasta þingi, þá ber ég fram þessa till. um, að veittar verði að þessu sinni 3 þús. kr. til vegarins. Og vil ég vænta þess, að till. verði tekið með sanngirni, og að því fremur sem síðastl. 3—4 ár hefir ekki verið nein fjárveiting til þessa vegar á fjárl.

Önnur brtt. mín er við 13. gr. A. II. a. 7, um það, að fjárveitingin til Saurbæjarvegar verði hækkuð úr 2500 upp í 3000 kr. Ég og fleiri hafa sýnt fram á hina miklu vegabótaþörf á þessum stað. Þessi vegur er mjög fjölfarinn, og er einn *af þeim* svo nefndu rútuvegum, þar sem tvö sýslufélög fyrir utan mitt kjördæmi eiga þar hlut að máli, sem sé Barðastrandarsýsla og

Strandasýsla, er eiga mjög mikið undir því, að þessi vegur sé vel fær yfir sumartímann. Ég vil því vænta þess, að þessi litla hækkun, sem ég fer fram á, fái sanngjarnar undirtektir hér á Alþingi. —

Þá er það loks þriðja brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. V.-Sk. og hv. 1. þm. Rang. Hún er við 12. gr. 17., um bálstofu. Í fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir, eru veittar 10 þús. kr. til byggingar bálstofu í Reykjavík, en við flm. leggjum til, að þessi fjárveiting sé bundin því skilyrði, að bálstofusalurinn sé til frjálsra afnota prestum Reykjavíkurprestakalls til guðsþjónustuhalds eftir nánara samkomulagi sóknarnefndar og bálstofustjórnar. Eins og mönnum er kunnugt, gerði síðasta Alþ. ráðstafanir til þess, að prestum yrði fjölgað hér í Reykjavík um tvo, og er öðrum þessara nýju presta ætlað að starfa í austurhluta bæjarins. Nú hefir sá prestur, sem þar starfar, ekkert kirkjuhús, heldur hefir hann fengið að láni til bráðabirgða salarkynni í skóla inn við Laugar, en óvíst er, hvort þess er kostur að fá þar húsrúm framvegis. Nú stendur svo á, að bálstofan mundi ekki verða notuð á helgum dögum, og gæfist því þar gott tækifæri til þess að nota salinn einmitt í þessu augnamiði. Og ég vil mega vænta þess, að gott samkomulag gæti tekizt milli bálstofustjórnar og sóknarnefndar um það, hvernig skipt skyldi þátttöku í viðhaldi, húsvörzlu og öðrum starfrækslukostnaði, þannig að söfnuðurinn greiddi fyllilega að sínum hluta þann aukakostnað, sem af þessu leiddi. Þetta yrði því til léttis fyrir bálstofuna, en auk þess mundi það í bráðina verða til kostnaðarléttis fyrir hinn aðiljann, og þegar báðir geta haft hag og hlunnindi af þessu, þá vil ég vænta þess, að till. fái góðar undirtektir Alþ.

Pálmi Hannesson: Ég skal ekki svara hv. þm. A.-Húnv. miklu, enda kom hann sannast að segja ekki mikið inn á mitt mál. En til þess að fá sér fjöður, talaði hann um mín eigin laun, og er honum velkomið að ræða þau hvar sem er. Og hvað viðvíkur þessari veiðimálanefnd, sem hann var að tala um, þá vildi ég gjarnan losna við hana. Mig langar ekkert til þess að vera í henni. En hitt stendur fast a. m. k. eftir ræðu hv. þm., sem ég sagði um launakjör í Menntaskólanum og yfirleitt. Og gæti ég nefnt mörg fleiri svipuð dæmi, en við þessa umr. gefst ekki tóm til þess og verður því að bíða til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Ég á hér eina brtt. á þskj. 242, um það, að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast 150 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjahöfn, enda sé lánið tekið innanlands. Þessi fyrirhugaða lántaka stendur í sambandi við hafnarframkvæmdir, sem lýst var að nokkru á síðasta Alþ. og ég ekki tel þörf á að endurtaka. — Að öðru leyti hefir vitamálastjóra verið gefin skýrsla um þetta og einnig hæstv. fjmrh., sem ég geri ráð fyrir, að taki einhverja afstöðu til þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 13. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 242,I samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34:2 atkv.
Brtt. 216,1—2 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 216,3 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 216,4 samþ. með 29:4 atkv.
— 216,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 216,6 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 216,7—9 samþ. með 37 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
4.—7 gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 232,I.1 felld með 25:5 atkv.
8. gr. samþ. með 35:3 atkv.
9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 216,10 samþ. með 32 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 216,11—15 samþ. með 35:2 atkv.
— 232,I.2 felld með 32:2 atkv.
— 216,16—17 samþ. með 35 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 216.18—21 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 216,22 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 216,23 samþ. með 28:3 atkv.
— 216,24—40 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 232,I.3 tekin aftur til 3. umr.
— 216,41—46 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 216,47 samþ. með 31:1 atkv.
— 216,48—51 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,II tekin aftur til 3. umr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 216,52—53 samþ. með 36:1 atkv.
— 232,II tekin aftur til 3. umr.
— 242,III tekin aftur til 3. umr.
— 216,54—68 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 232,III felld með 27:4 atkv.
— 216,69—77 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,IV samþ. með 36 shlj. atkv.
— 216,78 þar með ákveðin.
— 232,IV felld með 25:9 atkv.
— 216,79—81 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 232,V felld með 30:5 atkv.
— 216,82 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 216,83 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 232,VI tekin aftur til 3. umr.
— 216,84.b og j tekin aftur til 3. umr.
— 216, 84.a, c—i og k—p samþ. með 42 shlj. atkv.
— 216,85 samþ. með 40 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 216,86 samþ. með 30:4 atkv.
— 216,87—89 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 216,90 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 216,91 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 216,92 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 232.VII.1.a felld með 26:7 atkv.
— 232,VII.1.b felld með 28:5 atkv.
— 216,93 samþ. með 35:1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 232,VII.2 felld með 25:3 atkv.
— 232,VII.3 felld með 27:4 atkv.
— 232,VII.4 felld með 25:5 atkv.
15. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 223,VII.5 felld með 35:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, ErlÞ, HV, ÍslH, JakM.

nei: ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn,

EÁrna, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JJós, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT.

EmJ, JGM, SÁÓ, VJ,HG greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, FJ, GL) fjarstaddir.

Brtt. 216,94 samþ. með 34 shlj. atkv.

— 232,VII.6 felld með 43:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍslH, BrB, EOl.

nei: ErlÞ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JGM, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, HG.

HV. greiddi ekki atkv.[1])

2 þm. (GL, ÁJ) fjarstaddir.

Brtt. 242,V samþ. með 25:8 atkv.

— 332,VIII felld með 31:4 atkv.

— 216,95 samþ. með 28 shlj. atkv.

— 216,96 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 232,IX.1.a. feldd með 30:3 atkv.

— 232,IX.1.b. felld með 28:3 atkv.

— 216,97 samþ. með 27 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 232,IX.2 felld með 27:4 atkv.

— 232,IX.3 felld með 25:4 atkv.

— 232,IX.4 felld með 25:6 atkv.

— 232,IX.5 (aðaltill.) felld með 30:4 atkv.

— 232,IX.5 (varatill.) felld með 26:8 atkv.

17. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 33:1 atkv.

Brtt. 232,IX.6 felld með 26:7 atkv.

20. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 242,VI tekin aftur.

— 232,IX.7 felld með 26:7 atkv.

22. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

23—24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 265, n. 317, 400, 425, 426).

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Fjvn. hefir nú að mestu leyti lokið störfum sínum. Þó skal geta þess þegar, að enn er óákveðið, hversu miklu fé skuli varið á fjárl. til ráðstafana gagnvart fjárpestinni. Er því enn eftir nokkuð af starfi n., því að við má búast, að til þess ráðs verði að taka, að lækka einstaka liði á fjárl. vegna þeirra útgjalda, sem sennilega bætast við vegna fjárpestarinnar, eftir því sem nú horfir við.

Tekjur fjárlfrv. munu vera sæmilega varlega áætlaðar. Þó má búast við, að aukatekjur og vitagjald sé áætlað í hæsta lagi. Býst ég ekki við, að hægt verði að hækka tekjuliði frv. frá því, sem nú er gert ráð fyrir. Má því búast við, að taka verði til þess ráðs vegna aukinna útgjalda í sambandi við fjárpestina, að lækka einhverja þá liði, sem fjvn. hefir þó að mestu leyti gengið frá.

Ég skal svo fara nokkrum orðum um þær brtt., sem fjvn. hefir borið fram á þskj. 400.

Fyrstu 5 brtt. þurfa engrar skýringar við. Það er aðeins um að ræða hækkun á áætluðum tekjum.

Í 6. till. er lagt til að hækka fjárveitingu á skrifstofufé sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra. Stafar þessi hækkun af l., sem yfirstandandi þing hefir samþ. um þetta efni. Nemur hækkunin um 43000 kr.

Þá er í 7. till. lagt til, að Steingrími Jónssyni fyrrv. bæjarfógeta verði greidd 5 þús. kr. uppbót á skrifstofufé sitt. Steingrímur er einn af þeim mönnum, sem telur sig hafa orðið mjög hart úti um skrifstofufé og hafa orðið að greiða svo þúsundum kr. skiptir úr eigin vasa. Sótt var um 10 þús. kr. uppbót vegna þessara útgjalda, og hefir n. mælt með 5 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni.

8.—10. brtt. þurfa engrar skýringar við.

Um 11. till. vil ég aðeins segja það, að Halldór Árnason gervilimasmiður mun eiga mjög erfitt uppdráttar vegna þess, hve illa honum gengur að innkalla fyrir þá gervilimi, sem hann selur til einstaklinga. Er það af ýmsum ástæðum, sem ég hirði ekki að greina hér. N. vill því reyna að mæta þessum erfiðleikum með því að hækka hans persónulega styrk um 1000 kr.

12.—15. brtt. þurfa engrar skýringar við. Ég vil aðeins geta þess, að hækkunin á kostnaði við skrifstofuhald vitamálastjóra er auðvitað vegna þess vaxtar, sem er í vitunum, fjölgunar þeirra og aukinna rannsókna á hafnarmannvirkjum, sem eru stór. En um þann lið, sem snertir áhaldakaup, vil ég aðeins geta þess, að vitamálaskrifstofan lánar hafnargerðunum mikið af þeim verkfærum, sem notuð eru, og verður því að eiga þau. Annars þyrfti hver einasta hafnargerð að kaupa slík verkfæri, og væri það í hæsta lagi óhyggilegt. Þess vegna þarf ekki eingöngu að halda þessum áhöldum við, heldur einnig að kaupa ný. Nú þarf að kaupa loftþjöppu, krana og eimvagn. N. vill því hækka þessa fjárveitingu. Einnig hafði hæstv. stj. hækkað þetta á fjárlfrv. Nægir þessi fjárveiting þó ekki til að kaupa nauðsynlegustu áhöld, því að segja má, að allt verði að skera við neglur sér fram yfir það, sem þyrfti að vera.

16. till. er aðeins leiðrétting vegna Sauðárkrókshafnar, vegna þess að það hefir sýnt sig, eftir því sem verkinu hefir miðað áfram, að kostnaðurinn verður meiri en áætlaður var í fyrstu. Kemur því til aukinnar ábyrgðar og fleiri greiðslna.

17., 18. og 19. till. þurfa engrar skýringar við.

Þá er 20. till. um flugmál. N. leggur til að hækka þennan lið um 2500 kr., en samt sem áður er þessi liður miklu lægri en æskilegt væri, og lægri en flugmálaráðunautur leggur til. Það, sem hann leggur til, er að sjálfsögðu nauð-

1) HV: Þó að þetta yrði samþ., mundi það ekki koma af stað bygging verkamannabústaða í ár. En þar sem það er tilgangur till. og honum ætti að mega ná á annan hátt, greiði ég ekki atkv.

synlegt og ágætt, ef um það er að ræða að hefja hér undirbúning undir flug, sem er auðvitað eitt af málum framtíðarinnar. T. d. fer hann fram á til skrifstofuhalds og ferðakostnaðar og þesshättar um 9 þús. kr., og til að útbreiða flugmál 13 þús. kr., og til fluglendingarbóta 16 þús. kr. Fyrir öllum þessum liðum er gert prýðilega og skilmerkilega grein af hendi flugmálaráðunauts. Er sýnilegt, að hér er að verki maður, sem er vel menntur í sinni grein og hugsar um þessi mál fullkomlega á grundvelli menningar, því að það er gefið, að áður en hægt er að hefjast handa um flugmál í landinu, þarf að ala upp einskonar flug-„kultur", og það er undirstaðan undir því, að þjóðin skilji, hvaða þýðingu þessi mál hafa í heild sinni fyrir samgöngurnar. Þessi fjárhæð, sem n. leggur til, að verði samtals 7500 kr., er tæplega fyrir því allra nauðsynlegasta.

21. till. er um að veita 500 kr. styrk til þess að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar. Þessi liður hefir verið á fjárl. undanfarin ár, en var nú felldur niður, en er svo lítill, að n. sá ekki ástæðu til annars en að taka hann upp á ný.

Þá er 22. brtt., sem er um að fella niður af 14. gr. styrk til séra Sigtryggs Guðlaugssonar. Er það vegna þess, að n. leggur til, að í 22. gr. sé sett heimild til að greiða honum full prestslaun, er hann lætur af prestsskap.

Þá er till. um smáupphæð til íþróttakennslu í háskólanum. Ég hygg, að skólinn leggi ekkert til íþróttakennslu, og er það óforsvaranlegt, að háskólinn leggi ekki til íþróttakennara handa sínum nemendum. Stúdentar sóttu um 300 kr. til íþróttaiðkana, sennilega til að mæta þeim kostnaði, sem þeir hafa sjálfir orðið að greiða vegna íþróttastarfsemi sinnar.

24. till. er um 2500 kr. styrk til áhaldakaupa fyrir kennara í lyfjafræði. Í fyrra var dálítið lagt fram til áhaldakaupa fyrir kennara í öðrum námsgreinum. Hér er um að ræða menntaðan ungan lækni, sem er tekinn við kennslu við háskólann, en vantar áhöld til þess að geta haft fullkomna kennslu. Hann sótti um 10 þús. kr., en n. hefir tekið upp 2500 kr.

25. till. er um að veita ungum stúdent, Svafar Hermannssyni, 600 kr. styrk til efnafræðináms. Ég vil geta þess, af því að það er undantekning, að fjvn. taki upp till. um námsstyrk til einstakra stúdenta, að hann ætlar sérstaklega að leggja stund á áburðar- og semenstgerð, en með því að þetta eru tvö af þeim málum, sem eru okkar stóru framtíðarmál, leggur n. til, að þessi ungi maður fái 600 kr. námsstyrk.

26.—30. till., um stýrimannskólann, eru leiðréttingar og þurfa ekki skýringar við.

Þá eru tvær smátill. um iðnaðarnám á tveimur stöðum, Akranesi og Eyrarbakka. Nú er víða farið að taka upp kennslu í iðngreinum, og tel ég það hafa mjög mikla þýðingu í för með sér, þegar hægt er þannig með tiltölulega litlum kostnaði að gefa högum einstaklingum tækifæri til að þroskast dálítið í sinni grein. Það er gert sérstaklega í bæjarfélögunum, sem njóta styrks í þessu skyni, en gera má ráð fyrir, að það færist smátt og smátt út yfir þéttbýlið, hvar sem það er á landinu.

Um 33. till., um kvennaskólann í Reykjavík, vil ég geta þess, að sótt var um allmiklu meiri upphæð en hér er farið fram á að veita, en n. leitaðist fyrir um, hvort Reykjavíkurbær mundi ekki fáanlegur til að leggja fram fé á móti. Fékk n. mjög góð ummæli um það frá einum bæjarfulltrúanum, sem einnig á sæti í fjvn., að hann mundi beita sér fyrir því, að bærinn legði fram jafnmikla upphæð. Fjvn. leggur til, að veittar verði 2500 kr. í þessu skyni, og ef Reykjavíkurbær legði jafnmikið fram á móti, gæti það orðið skólanum til allverulegrar hjálpar. Annars skal ég vísa til greinar, sem skrifuð var í Morgunblaðið af séra Kristni Danielssyni um fjárhagslega afkomu skólans, fyrir þá sem vilja kynna sér þetta mál nánar.

34. till. er um byggingar barnaskóla. Það, sem búið er að lofa og óhjákvæmilegt er að greiða til þeirra skóla, sem þegar eru reistir, er nærri 50 þús. kr., og til þess að ekki þurfi alveg að stöðvast nýbyggingar, leggur n. til, að veittar verði 65 þús. kr. í þessu skyni, og er það 20 þús. kr. hækkun. Það er vitanlegt, að í fjölmörgum héruðum eru mestu vandræði, vegna þess að ekki er hægt að koma upp skólabyggingum, og það er vitanlega m. a. vegna þess, að ekki hefir verið hægt að leggja fram fé úr ríkissjóði svo sem þyrfti. Héruðin eiga að vísu erfitt, en þau fórna ótrúlega miklu til þess að geta komið upp hjá sér heimavistarskólum, sem eru svo notaðir bæði sem skemmti- og menntunarstaðir.

Þá er 35. till. Fræðslumálastjóri hefir yfir að ráða 2 þús. kr., sem hann miðlar milli gamalla barnakennara, sem eru hættir störfum. N. leggur til, að þetta verði hækkað um 600 kr. með tilliti til 3 ákveðinna manna.

36. brtt. þarf engrar skýringar við.

37. brtt. er um smástyrk til húsmæðrafræðslu í Vestur-Skaftafellssýslu. Áður var það bundið við Vík í Mýrdal. Brtt. er því aðeins sú, að liðurinn heiti: „Til húsmæðrafræðslu í Vestur-Skaftafellssýslu", og getur þessi styrkur þá náð til allrar sýslunnar. Er þessi brtt. gerð í samráði við þm. sýslunnar.

38. till. þarf engrar skýringar.

39. till. er um styrk til Helga Tryggvasonar til hraðritunarkennslu. Hann heldur uppi kennslu í hraðritun, en að sjálfsögðu er honum það dálítið erfitt, því að eins og allir þekkja, er erfitt að fá greitt fé fyrir slíka kennslu, þar sem þetta munu oftast vera efnalitlir einstaklingar. Þessi 800 kr. fjárveiting er því dálítil aðstoð til þess að halda þessari þörfu kennslu áfram, og gæti hann þá um leið liðkað eitthvað til fyrir þeim efnalitlu nemendum, sem vilja nema þetta.

40. till. er um dálitla hækkun til Björns Jakobssonar leikfimiskennara. Hann vinnur nú að því að kenna íþróttakennurum og heldur skóla til þess. Hann starfar vegna l. um próf íþróttakennara, og má segja, að allt hans starf fari í það. Sjá þá allir, að þessar 2400 kr., sem honum eru nú ætlaðar á frv., eru of lág laun. Laugarvatnsskólinn mætir honum dálítið í þessu, þannig að hann kennir nokkuð í skiptum við

aðra kennara þar, en nefndin leggur til, að laun hans verði hækkuð úr 2400 kr. upp í 3600.

41. brtt. er um smástyrki til nokkurra íþróttafélaga. Til n. komu allmargar beiðnir, og sumar þeirra um allverulegar fjárhæðir, og þar sem n. var gersamlega ókleift að mæta þessum óskum að öllu leyti, þá var um þrennt að gera: Í fyrsta lagi að sinna engu félaginu, í öðru lagi að sinna aðeins einu eða tveimur og láta þau þá fá ríflegri styrk, og í þriðja lagi að taka upp þá aðferð, sem n. féllst á, að láta smáupphæðir til allra, sem að vísu má viðurkenna, að hvern og einn munar ekki mikið um, en í þessu liggur samt sem áður það, að allir í n. vilja sýna íþróttafélögunum samúð og vilja einmitt staðfesta það, að réttmætt sé, að það opinbera hjálpi íþróttafélögunum í landinu, einnig með tilliti til þess að nýlega hefir hæstv. forsrh. skipað n. til þess að athuga öll íþróttamálin, skipun þeirra og ástand, og væntanlega vinnur þessi n. til gagns fyrir íþróttastarfsemina í landinu og gerir einnig till. um fjárframlög af hendi þess opinbera. Fjvn. hefir því sinnt öllum þessum umsóknum, sem hér liggja fyrir, og viðurkennt starfsemi þeirra með þessum litlu fjárhæðum. Ég skal geta þess, að fyrir þessar till. hafa þó nm. fengið allríflegar hnútur frá einstökum umsækjendum fyrir að hafa ekki heldur tekið upp þá aðferð, að láta ríflega upphæð í einn eða tvo staði, en láta hina bíða.

En ég get þess, að íþróttastarfsemin og íþróttafélögin hafa átt samúð að mæta hjá öllum hv. nm. Hitt verður svo að meta hvort það sé rangt hjá n. eða ekki að gera ekki till. um meira fé til þessarar starfsemi. En það er ekki á valdi n. að leggja til, að veittur verði nema lítill hluti þess fjár, sem óskað er eftir úr öllum áttum.

42. till. er um smástyrk til Axels Helgasonar til að gera upphleypt kort af Íslandi: Á bak við þetta verk Axels liggur óhemju-vinna og eljusemi, og er n. einhuga fylgjandi þessari styrkveitingu.

43. till. er um styrk til sundlaugarbyggingar á Siglufirði. Sams konar styrkur hefir áður verið veittur til Akureyrar og Vestmannaeyja. Væri æskilegt, ef hægt væri að taka þannig fyrir hina stærri bæi smátt og smátt og styrkja þá til að koma upp sundlaug. Þessi fjárhæð er lítil, samanborið við svo kostnaðarsamt verk sem hér er um að ræða. En ég vil geta þess, að ekki er ætlazt til, að styrknum verði kippt af aftur, þar til verkinu er lokið.

44. till. er um það, að Landsbókasafnið kaupi handritasafn Hannesar heitins Þorsteinssonar, sem háskólinn á nú. En með því að láta þetta safn liggja í kössum niðri í háskóla, eins og nú er, verður það lokað almenningi. N. vill því hækka þennan lið um 1200 kr., svo að hægt sé að kaupa safnið, og væri á þann hátt hægt að greiða andvirðið á 13 árum.

45. till. er um styrk til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Það hefir ekki áður fengið styrk sem önnur amtsbókasöfn. Ennfremur er í þessari till. farið fram á styrk til stofnunar héraðsbókasafns Suðurlands. Hafa kennarasamböndin í Rangárvalla- og Árnessýslu og sambandið Skarphéðinn tekið sér fyrir hendur að koma upp þessu bókasafni. N. leggur til, að veittar verði 1000 kr., gegn tvöföldu framlagi annars staðar að. Er það ekki nema rétt, að fyrst sé vakinn áhugi heima fyrir og þannig lagt fram nokkurt fé af aðiljum sjálfum, er skapi þeim rétt til ríkisstyrks.

46. brtt. þarf ekki skýringar við.

47. brtt. fer fram á hækkun styrks til sýslubókasafns, þannig, að sýslubókasafn Skagafjarðar fái 500 kr.

48. brtt. þarf ekki skýringar við.

Í sambandi við 49. brtt. vil ég geta þess, að þegar hefir verið stofnað til útgáfu tímarits fyrir öll Norðurlönd. Verður það gefið út á frönsku, og til þess ætlað að kynna Norðurlöndin umheiminum. Allar Norðurlandaþjóðirnar hafa valið sér ritstjóra, og fyrir Ísland hefir Sigurður Nordal tekið að sér ritstjórnina. Þetta tímarit verður gefið út í Kaupmannahöfn af forlagi Munksgaards. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa þegar tekið á fjárl. fjárveitingar í þessu skyni, og er n. sammála um, að okkur beri að gera slíkt hið sama, þó að um lægri fjárhæð sé að sjálfsögðu að ræða.

50. till. er um styrk til blaðamannafélagsins til móttöku erlendra blaðamanna. Hafa öll blöðin látið í ljós ósk um, að ríkissjóður legði nokkra fjárhæð til þessa máls. Sótt var um 2000 kr., en við verðum nú að klípa af öllu og leggjum til, að styrkurinn verði 1500 kr.

51. brtt. er um styrk til tveggja námsmanna, og þarf ekki skýringar við.

52. brtt. er um 1500 kr. styrk til karlakórs Reykjavíkur vegna utanfararinnar 1937. Getur leikið vafi á um það, hvernig taka eigi í svona styrkbeiðnir. En kórinn er í miklum skuldum vegna fararinnar, en förin hefir hinsvegar að allra dómi orðið þjóðinni til sæmdar, og sennilega hefir hún orðið þess valdandi, að kórnum hefir nú verið boðið til Ameríku í tilefni af heimssýningunni í New York. Hefir honum ekki einungis verið boðið ókeypis far, heldur jafnvel kaup.

53. till. er um styrk til Jóns Leifs. Þetta er að vísu umdeildur maður, en hann hefir hlotið góðar viðtökur í Þýzkalandi, þar sem haldið hefir verið fyrir hann sérstakt kvöld, þar sem tónverk eftir hann voru flutt.

Viðvíkjandi 54. till. vil ég geta þess, að Magnús Ásgeirsson hefir verið fluttur yfir á 18. gr. Einar Ó. Sveinsson féll niður af ógáti, er brtt. voru samdar, en það hefir nú verið leiðrétt. Aðrir liðir till. þurfa ekki skýringar við, og ekki heldur 55. og 56. till.

Í sambandi við 57. till. get ég þess, að dr. Jón Stefánsson, sem dvelur í London og kunnur er öllum Íslendingum fyrir mikið starf, sem hann hefir innt af höndum, ekki sízt í þágu Íslendinga, er ferðast þar um, er efnalaus maður og tekjulaus. Er því ekki ósanngjarnt, að hann njóti nokkurs stuðnings af sinni þjóð. Að vísu er hér sá galli á, að féð verður að greiðast í enskri mynt.

58. till. er um framlag til undirbúnings á útgáfu rita Jóns Dúasonar. Þessi maður hefir fórnað öllu lífi sínu til að skrifa um Grænlandsmál. Síðasta þing samþykkti að láta fram fara

rannsókn á ritum hans. Var þjóðskjalaverði og fornminjaverði falin þessi rannsókn, og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að prenta rit þessi. Prentunarkostnaðurinn nemur að líkindum 40 þús. kr. alls. N. vildi mæta byrjunarörðugleikunum með því að veita þessa litlu fjárhæð, sem till. nefnir.

59. till. brtt. með öllum sínum liðum þarf ekki skýringar við, né heldur sú 60.

Um 61. brtt., sem er um 3000 kr. fjárveitingu til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga, get ég þess, að mikill áhugi mun vera til fyrir auknu menningarsambandi okkar við Íslendinga vestan hafs. Í sumar er ætlazt til, að hingað komi Guttormur Guttormsson bóndi og skáld í Vesturheimi. Er Guttormur talinn mesta skáld okkar þar vestra síðan Stephan G. Stephansson féll frá, en hann er efnalítill smábóndi. Mun vera í ráði að veita honum 1000 kr. til að létta undir með heimför hans. Má skoða þessa brtt. fjvn. þannig, að ætlazt sé til, að af henni verði tekin upphæð sú, sem fram verður lögð upp í ferðakostnað Guttorms, en það má telja einskonar byrjun þessarar starfsemi, að auka menningarsamband Íslendinga vestan hafs og austan.

62. till. gerir ráð fyrir 2000 kr. styrk handa Búnaðarfélagi Íslands til kynnisferða bænda. Hefir áður komið til mála að mynda sjóð til að létta undir með slíkum kynnisferðum, en bændur eru nú svo að segja eina stéttin í þjóðfélaginu, sem ekki nýtur neins styrks til ferðalaga. Ætlast er til, að Búnaðarfélagið ráði því, hvernig þessum ferðum verður hagað.

Með 63. till. er sandgræðsluframlagið hækkað um 1000 kr. Auk þess er áætlað 6000 kr. í framlag, vegna sandfoks, sem er að leggja í auðn Hafnahrepp á Suðurnesjum. Þarna eru svo mörg býli og svo lífvænlegt yfirleitt, að lítil ábyrgðartilfinnig væri í því að reyna ekki að hindra auðn hreppsins af völdum sandfoksins. Um 20 býli eru þarna, um 140 þús. kr. virði að fasteignamati. Sérstök hætta er búin jörðunum Kalmanstjörn, Junkaragerði og Merkinesi, en fleiri eru í hættu, verði ekkert að gert. Útgerðin þarna á staðnum hlýtur einnig að leggjast í auðn, ef þessu heldur áfram. Verk það, sem vinna þarf, að girða og friða allstórt landssvæði, kostar um 30 þús. kr. Þar af þyrfti ríkið að greiða ⅔ hluta. Leggur n. til, að ríkið veiti á árinu 1939 6000 kr. sem fyrstu greiðslu af þremur. Hreppurinn og sýslan mun svo leggja til það, sem á vantar, með samskotum einstakra manna. Keflavík er líka í mikilli hættu, sandfokið er ekki stöðvað, og sömuleiðis símalína, sem þarna liggur um. Eru sumir staurarnir þegar sorfnir inn að miðju af sandfokinu.

64. till. er um nokkra aukningu tillagsins til skógræktar. Þetta er vinsælt mál, en aukning sú, sem hér er farið fram á, er eðlileg afleiðing af þeim vexti, sem nú er í girðingum og friðun skógræktarsvæða. Viðhaldskostnaður vex auðvitað að sama skapi sem girðingum fjölgar. N. vill hækka þetta tillag úr 21200 kr. upp í 25000 kr.

65. till. er um styrki til fyrirhleðslu á ám, sem eru að eyðileggja landsvæði í þrem héruðum.

66. till. er um styrki til dýralækninga, fyrst og fremst um styrk til eins manns til dýralækninga og síðan smástyrki til nokkurra manna til að stunda skottudýralækningar úti á landi.

67. till. gerir ráð fyrir, að fjárveiting til veðurstofunnar sé hækkuð um 1000 kr. Ég skal geta þess, að forstjóri veðurstofunnar hefir beðið um styrk til aðstoðarmanns, jarðskjálftamælis og loftskeytatækis. En þar sem n. þótti þetta of mikil fjárveiting, ákvað hún að hækka framlagið aðeins um 1000 kr., til þess að veðurstofan gæti tekið ungan mann, sem nú er við nám í Osló, til aðstoðarstarfa að sumarlagi. Gæti það þá um leið orðið liður í hans námi. Þá tekur n. í 68 till. sinni upp 1500 kr. styrk til kaupa á loftskeytatæki, og skulu kaupin gerð í samráði við Gunnlaug Briem verkfræðing.

69. till. er um 3000 kr. framlag til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum. Hefir mikið verið deilt um þetta mál.En þó að n. hafi borizt margar umsóknir um fjárveitingar til ræktunarvega, leit hún svo á, að sérstaklega stæði á um þennan ræktunarveg og vill því leggja til, að þetta framlag sé veitt.

70. till. er um 1000 kr. styrk til Nikulásar Friðrikssonar til að kynna sér erlendis rafmagnshitun húsa. Skal fé veitt með því skilyrði, að jafnmikið komi frá Reykjavíkurbæ. En sú aukna notkun rafmagns, sem fyrirsjáanleg er hérlendis á næstunni, er eitt af þeim stórmálum, sem mikið veltur á, að vel takist til um. Eitt þýðingarmikið atriði í því sambandi er, að upphitun húsa verði framkvæmd með nýjustu og fullkomnustu aðferðum. Erlendis er til mikil þekking um þetta efni, byggð á reynslunni. Tel ég vel varið fé, sem fer til að tryggja það, að í landinu sé til maður, sem býr yfir slíkri þekkingu. Það veltur á Reykjavík, hvort styrkur þessi verður veittur, því að hann er bundinn því skilyrði, að bærinn leggi fram jafnháa upphæð. En málið snertir Reykjavík alveg sérstaklega með tilliti til hitaveitu þeirrar, sem nú er verið að ráðast í.

71. brtt. er um aukinn styrk til Iðnsambands Íslands. Tel ég fjárhæð þá, sem áætluð hefir verið, allt af lága, en iðnaður er nú orðinn svo mikil atvinnugrein hér á landi, að eðlilegt er, að Iðnsambandið njóti styrks af ríkinu, hliðstætt því, sem veitt er Fiskifélaginu og Búnaðarfélaginu. Ríkið leitar nú til Iðnsambandsins um fyrirspurnir og annað, og verður þá að skapa því skilyrði til að geta veitt þá aðstoð og starfað að öðru leyti að þeim verkefnum, er snerta iðnaðarmál.

72. till. þarf ekki skýringar við.

Viðvíkjandi 73. till., sem er um fiskiræktarfélög, vil ég geta þess, að þetta var upphaflega í mörgum liðum, en n. hefir fært það saman í einn lið. Er ætlazt til, að veiðimálan. úthluti þessu fé að nokkru leyti.

74. till. þarf ekki skýringar við, því að hún er samkvæmt væntanlegum l. Um. 75. till. vil ég geta þess, að n. hefir þar steypt tveimur liðum í einn. Ég vil láta þá skoðun mína í ljós, að þessi liður þyrfti sannarlega að vera hærri, því að það er fullkomin nauðsyn á því að vinna fyrir fátæk börn í bæjunum. Þau hafa

áreiðanlega miklu meiri þörf fyrir það en börn upp til sveita, vegna umhverfis og annara aðstæðna. Þessi fjárveiting er áreiðanlega miklu minni en þyrfti að vera, og ég get alveg eins búizt við því, að til þessara hluta verði að verja meira fé í framtíðinni heldur en þessum 14 þús. kr., sem n. leggur nú til, að varið sé í þessu skyni.

76. till. er styrkur til félags, sem nefnir sig „Heyrnarhjálp". Það eru nokkrir menn hér í Rvík, sem tekið hafa sig saman um að greiða fyrir heyrnardaufu fólki með því að hjálpa því til að ná í heyrnartæki. Mér er kunnugt um, að þessu félagi hefir þegar orðið verulega ágengt í því að komast að góðum kaupum á hinum beztu fáanlegu tækjum handa þessu fólki. Þessi litla fjárhæð er ætluð til þess annarsvegar, að mæta þeim beina kostnaði, sem verður af störfum félagsins, svo sem símtölum, bréfaskriftum og fleira, og svo hinsvegar að létta svolítið undir með þeim, sem kaupa tækin, eða með öðrum orðum að milda verðið. N. álítur, að hér sé í sjálfu sér um mannúðarstarfsemi að ræða og þessum krónum sé vel varið í þessu skyni.

Mér mun hafa láðst að geta þess áðan í sambandi við þessar þús. kr. til sandgræðslu á 16. gr., að það er vegna þess, að í ofviðrinu 6. marz, sem þá skall yfir, urðu nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu fyrir gífurlegu tjóni. Sérstaklega voru það jarðirnar Álfhólar og Sigluvík, en samtals snerti þetta tjón 5 jarðir, þannig að sandur fauk yfir áveituland og eyðlagði 320 hektara, sem gáfu af sér samtals þús. hesta. Þetta var allt véltækt gulstararengi. Búnaðarfélag Íslands lét athuga þetta og sú rannsókn sýndi, að til þess að gera þær bætur á þessu, sem óhjákvæmilegar eru, annarsvegar til að hefta sandfok og hinsvegar til að koma áveitu á stað þar á ný, þá muni það ekki kosta undir 4 þús. kr. Þetta er svo tilfinnanlegt tjón fyrir þessar jarðir, að þótt þarna sé um einstakra manna eignir að ræða, þá leggur fjvn. til, að þessi 1000 kr. hækkun til sandgræðslunnar gangi til þessara jarða í því skyni, sem ég nú hefi bent á.

Ég held, að ég hirði svo ekki um að minnast á fleiri einstakar till.

Ég vil aðeins geta þess, að því er snertir 18. gr., að þar eru nokkuð margir nýir liðir, sem eru ýmist leiðréttingar eða teknir eru upp nýir menn. Nokkuð stafar þetta af því, að teknar hafa verið upp allmargar ljósmæður, og er þetta gert til þess, að þær ljósmæður, sem ekki hafa eftirlaun nú, njóti sama réttar og þær ljósmæður, sem gert er ráð fyrir, að njóti þeirra, í frv. um þetta efni, sem nú liggur fyrir þinginu. Ég vil vænta þess, að hv. þm. séu sömu skoðunar og n. um það, að rétt sé að styðja að því, að sem flestar af ljósmæðrunum, sem annars ekki koma undir þessi l., geti einnig notið sama réttar og þær ljósmæður, sem hin væntanlegu l. eiga að ná til.

Þá ætla ég að fara örfáum orðum um nokkrar heimildir á 22. gr. 124. till. er heimild viðvíkjandi mjólkurbúi Ölfusinga, og er hún í fjárl. yfirstandandi árs. Þar sem sú rannsókn á mjólkurbúinu, sem gert er ráð fyrir í heimildinni, hefir ekki farið fram enn, þá er lagt til, að þessi heimild sé tekin upp á ný.

126. till., fyrri stafliður, er í samræmi við það, sem ég gat um áðan, að ábyrgjast til hafnargerðar á Sauðárkróki 60 þús. kr. hækkun, sem nýrri áætlanir sýna, að muni þurfa. — Síðari stafliðurinn er um ábyrgð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, og þarf ég ekki að skýra hann.

127. till. þarf ég ekki að skýra heldur.

128. till. er heimild til þess að kaupa jarðirnar Tjarnir I og II og Brúnir undir Vestur-Eyjafjöllum vegna fyrirhleðslu Markarfljóts, en þær sæta ágangi vegna þessarar fyrirhleðslu.

129. till., fyrsti töluliður, er um það, að heimila ríkisstj. að kaupa Gullfoss, ef um semst. Það er í sjálfu sér fyllsta tilefni til þess að leggja til, að ríkið eignist Gullfoss. Konan, sem á fossinn að hálfu leyti, Sigríður Tómasdóttir í Brattsholti, er sú kona, sem á sínum tíma, og þá sem ung stúlka, lagði á móti því, að Gullfoss væri seldur útlendingum. Þeir buðu þá mikið fé fyrir fossinn, svo að það var freisting fyrir efnalítið heimili að taka slíku tilboði. Ég hygg, að foreldrar þessarar konu hafi verið heldur á því, að rétt væri að taka tilboðinu um kaup á Gullfossi. En Sigríður, sem nú er öldruð kona, en var þá ung stúlka, bjó þá yfir þeim mikla krafti og þeirri miklu ættjarðarást, að hún gat fengið foreldra sína og aðra aðstandendur ofan af því að selja útlendingum Gullfoss. Það er á engan hátt útilokað, að þessi saga geti endurtekið sig, en það væri mjög leitt, ef slíkt náttúruundur kæmist í hendur útlendinga. Ég veit, að ekki þyrfti mikið fé til þess, að samningar gætu tekizt um kaupin, því að hugsjón þessarar konu er enn vakandi sem fyrr, að forða fossinum frá braski.

2. liður 129. till. þarf ekki skýringar við.

3. liður þessarar till. er viðvíkjandi dýrtíðarlánum frá 1918, sem vitanlega verða aldrei borguð. Ríkisstj. er þar heimilað að gefa þessi lán eftir, og er þetta aðeins formsatriði og hreinsun að því að heimila ríkisstj. að þurrka þetta út.

Um 5. liðinn vildi ég segja þetta: Á þinginu 1928 var ríkisstj. veitt heimild til þess að gefa eftir Flóavegalán, og var ríkisstj. samþykk þeirri ákvörðun. En af vangá var ekki gengið frá láninu á meðan þessi heimild var í gildi. Hér er því um endurveitta heimild að ræða, og er þetta fyllsta sanngirnismál.

Á sama þingi var veitt heimild til þess að færa niður lán til Miklavatnsmýraráveitu á þann hátt, sem hér er farið fram á. En það hefir ekki verið eftir því gengið, að þetta kæmist til framkvæmda. Ég vona, að sýslufélagið verði ekki látið gjalda þess, að svo hefir tekizt til um framkvæmd þessa máls.

6. liðurinn er um það, að greiða af tekjum áfengisverzlunar ríkisins allt að 30 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis á Siglufirði, gegn ⅔ annarsstaðar að. Það er augljóst mál, að á Siglufirði safnast saman meiri fjöldi fólks um síldveiðitímann heldur enn dæmi eru til annarsstaðar hér á landi. Það er ennfremur vitað, að það er hin mesta nauðsyn, að sjómenn skuli hvergi eiga samastað þar til þess að halla sér að. Ég veit að reglusamir skipstjórar og um-

hyggjusamir um sína menn, leggja hið mesta kapp á að stuðla að því, að slíkt athvarf fyrir sjómenn á Siglufirði verði til. Þess vegna leggur fjvn. til, að sú heimild, sem um getur í 6. lið 129. brtt., verði veitt, og vænti ég, að þessari heimild verði mætt með skilningi af hv. þm.

Loks er hér heimildartill. um að selja strandferðaskipið Esju og kaupa í hennar stað nýtt mótorskip. Ég skal geta þess, að n. er ekki alveg sammála um þessa till. Það eru að vísu allir sammála um að selja Esju, þó sumir aðeins með því skilyrði, að eitthvert skip komi í staðinn. En sumir nm. eru á því, að hægt sé að selja Esju, án þess að skip komi í staðinn. Það er þannig ástatt með Esju, að hún þarf að fara í 16 ára klössun, og það mun ekki kosta undir 100 þús. kr. Þegar tillit er tekið til þess, að ekki er hægt að komast hjá svona aðgerð, og tap á rekstri skipsins á þessu ári er 200 þús. kr., þá er það svo alvarlegt mál, að það verður óhjákvæmilega að taka það til athugunar. En margir landshlutar geta ekki án þess verið, að slíkt skip sé í förum. Þess vegna hefir n. lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að kaupa nýtt dieselmótorskip í staðinn, með því skilyrði, að hagkvæmir samningar náist um sölu og kaup. Forstjóri skipaútgerðar ríkisins hefir lagt fyrir n. ýms gögn í þessu sambandi og sýnt fram á, að hægt sé að reka mótorskip til strandferða og Englandsferða, og er þá sérstaklega miðað við Glasgowferðir, sem Esja hefir farið tvö undanfarin sumur í því skyni að flytja ferðamenn milli Englands og Íslands með sáralitlum halla. Og með tilliti til þeirra aðgerða, sem í vændum eru, að því er Esju snertir, og hins árlega taps, sem er á rekstri hennar, þá virðist það vera fullkomlega skynsamlegt að gefa ríkisstj. þá heimild, sem hér um ræðir.

Fjvn. á nokkrar brtt. á þskj. 425, en ég minnist þess ekki, að nein þeirra skipti það miklu máli, að ástæða sé til að fjölyrða um þær.

Þá skal ég að lokum gefa stutt yfirlit yfir fjárlagafrv. eins og það er nú. Við 3. umr. þá hækkar 11. gr. um 30 þús. og 900 kr., 12. gr. um 4750 kr., 13. gr. um 45 þús. og 500 kr., 14. gr. um 59 þús. kr. og 550 kr., 15. gr. um 40 þús. 250 kr., 16. gr. um 104 þús. og 200 kr., 17. gr. um 700 kr. og 18. gr. um 13 þús. kr.

Þetta eru allt saman niðurstöðutölur. Þetta er samtals 298 þús. og 850 kr., og skal ég geta þess, að þetta er meira heldur en n. taldi æskilegt, og meira heldur en ætlazt var til við 2. umr.

Tekjur ríkissjóðs samkvæmt frv. eru því þannig:

Skattar og tollar	14303000 kr.
Tekjur af rekstri ríkisstofnana að viðlögðum öðrum tekjum, sem greinir frá á rekstraryfirliti frv.	2910960 —
Tekjur yrðu þá samtals á rekstrarreikningi	17804960 —
Gjöld á rekstrarreikningi yrðu þá samkvæmt till. n.	16673598 —
Rekstrarafgangur er þá	1131362 —
Heildarútgjöldin eru þá	18376848 —

Þetta er að vísu nokkuð hærra heldur en fjárlög yfirstandandi árs eru, og er greiðsluhallinn nú 118 þús. og 55 kr.

Ég skal geta þess, að síðan ég gerði þetta yfirlit, þá hafa smávægilegar till. verið samþ. í fjvn. Ég skal líka endurtaka það, sem ég sagði í byrjun ræðu minnar, að enn eru ókomnar till. frá þeirri n., sem um fjárpestarmálin hefir fjallað, og þess vegna geta þessar niðurstöður að sjálfsögðu breytzt eitthvað með tilliti til þess, sem ég nú hefi getið um.

***Frsm. samvn. samgmn. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Samgmn. Alþ. hafa eins og áður unnið saman að því að koma sér niður á, hvernig skyldi vera sú fúlga, sem í fjárl. er ákveðin til flóabátaferða. Eins og hv. þm. hafa orðið varir við, þá var á því fjárlagafrv., sem hæstv. fjmrh. lagði fyrir Alþ., þessi upphæð færð niður úr því, sem ákveðið var á síðasta þingi, en það voru 80 þús. kr., og niður í 75 þús. kr. N. er ekki ljóst, við hvað þessi niðurfærsla er sérstaklega miðuð, því að engin grg. kom fyrir því frá ríkisstj. En gera má ráð fyrir, að það hafi þótt réttara að ákvarða upphæðina í heild sinni nokkuð lægri, með það fyrir augum, að n. fyndu einhverjar útgöngudyr til þess að lækka hjá hinum einstöku farartækjum og flutningatækjum, bátum og skipum, þá styrki, sem þeim voru ætlaðir á síðasta þingi og nú átti samkvæmt því að ákvarða á þessu þingi. N. hafa ekki frekar nú en á síðasta þingi séð sér fært að lækka þessa styrki í heild sinni; þótt nokkur breyt. hafi orðið á tilhöguninni um styrkveitingar, þá er útkoman sú sama og var þá, og n. leggja því til, eins og kemur fram í brtt. á þskj. 425, XII, að upphæðin, 75 þús. kr., verði 80 þús. kr., eins og hún var.

Það er síður en svo, að umsóknir og málaleitanir, vel rökstuddar oftast nær, fari minnkandi til samgmn. um styrki til að halda uppi ferðum og flutningum á sjó. Þeim fer fjölgandi, og kröfurnar eru í raun og veru meiri og meiri, vegna þess að eins og árar nú, þá er þannig komið fyrir þessum útgerðarfyrirtækjum, flóabátunum, að þeim er æ erfiðara fyrir að halda uppi þessum ferðum vegna vaxandi kostnaðar og meiri eða minni halla á rekstrinum.

Nú hefir það orðið niðurstaðan hjá samvn. samgmn., að fé, sem varið er í þessu skyni, verði að upphæð 80 þús. kr., og í öðru lagi hefir verið reynt að fara með þessa styrki þannig í skiptunum, að sem bezt væri séð fyrir þessum flutningum og þeirri miklu flutningaþörf, sem segja má, að sé til staðar kringum allt landið, og þá sérstaklega þar, sem nauður rekur mest til.

Eins og kemur fram í nál. á þskj. 317, þá er enn hæstur þar einn bátur, sem mjög hefir reynzt þungur á kostnaði undanfarið. Er það Vestfjarðabáturinn, eða Djúpbáturinn svo kallaði, með 20 þús. kr., og þykir það eftir því, sem rök liggja fyrir, ekki um of. Borgarnesbáturinn heldur enn þessum mikla styrk, sem n. verður að telja, að sé mjög hár, 15 þús. kr. Það er rétt að geta þess í þessu sambandi, að

n. hafa orðið ásáttar um að taka það sérstaklega fram, að það þyrfti könnunar við, hvort á þessu svæði væri ekki hægt að ætlast til minni styrks, og ef til vill að meira eða *minna leyti niðurfellingar á styrknum, af því* að á þessu svæði eru miklar tekjur fyrir þetta farartæki, á Faxaflóa á ferðum frá Reykjavík og upp í Borgarnes og til baka. Þær tekjur fara engan veginn minnkandi, heldur fara þær ávallt vaxandi, ekki sízt vegna hinnar miklu mannflutningaþarfar, sem vaxið hefir við samgöngurnar við Norðurland frá Borgarnesi og Akranesi. Þessu skipi er ætlað að annast samgöngur í fyrsta lagi við Borgarnes og norður, og einnig um Akranes, enda þótt sérstakur Akranesbátur haldi þeim litla styrk, sem hann hefir áður haft, 1500 kr., með sama skilyrði og áður var. Þó greinir einstaka nm. nokkuð á um það, að hve miklu leyti þurfi að styrkja samgöngutæki á sömu leið, en þó var þessi styrkur, 1500 kr., ákveðinn vegna hinna sérstöku ástæðna um mjólkurflutninga, sem þessi útgerð tók að sér á Akranesi, og virðist ekki neitt hafa komið fram, sem rifti því, að þetta eigi áfram að eiga sér stað. En frá n. sjónarmiði er það athugandi, hvort Borgarnesbáturinn sé ekki kominn á það stig, að hann gæti létt nokkuð, og það meira að segja allmikið á fóðrunum.

N. hafa einnig að litlu leyti fært til styrkveitingar. Eins og hv. þm. kannast við, þá hefir Flateyjarbáturinn á Breiðafirði haft háan styrk, sem sé 7 þús. kr., og hann hefir einnig undanfarin ár fengið til greiðslu upp í vélarkostnað 2500 kr., en hann fékk sér nýja vél fyrir nokkrum árum. Síðasta greiðsla í þessu skyni fór fram á árinu sem leið. En það hefir legið fyrir beiðni, nokkuð vel rökstudd, að nauðsynlegt væri fyrir það félag, sem annast þessar samgöngur, að fá hærri styrk. Það hefir því þótt rétt að veita bátnum aukastyrk, 1000 kr., í eitt skipti og án þess að með því skapaðist neitt fordæmi þar eða annarsstaðar.

Þá skal ég geta þess, að það þótti óhjákvæmilegt að hækka styrkveitinguna til Skagafjarðarbátsins, sem á að annast ferðir milli Skagafjarðar og Siglufjarðar með tilheyrandi viðkomustöðum. Fyrir árið var áætlaður styrkur *til þessarar útgerðar* 3 þús. kr. Nú hefir sýslufundur í Skagafjarðarsýslu og hlutaðeigendur allir óskað þess, og lagt mikla áherzlu á það og fært allgild rök að því, að styrkurinn verði hækkaður, reyndar nokkuð meira en gert er ráð fyrir hjá n. En n. hafa fallizt á, að hann ætti að hækka, og það mætti ekki vera minna en 2 þús. kr., upp í 5 þús. kr., úr 3 þús. kr., ef hann ætti að koma að fullum notum. En þó er það tekið fram í nál., og skal það einnig tekið fram hér, að hinn áætlaði styrkur til hins svokallaða Fljótabáts falli niður, því að hann er talinn óþarfur, og ætlazt er til, að ferðir hans séu teknar upp í höfuðsamgöngurnar, sem nú eru áætlaðar á Skagafirði.

Þetta er höfuðbreytingin, sem um er að ræða, því að hitt er mjög smávægilegt, að fært er til við Faxaflóa og Breiðafjörð, þannig að hinn svokallaði Mýrabátur, sem hafði 500 kr., er færður niður í 400 kr. fyrir þetta ár, en Langeyjarbáturinn er færður úr 300 kr. upp í 400 kr. Þetta eru tilfærslur, sem munar ekki mikið um. En n. þótti eftir þeim gögnum, sem fyrir lágu, réttara að hafa það þannig.

Um þær athuganir og athugasemdir, sem n. að öðru leyti hefir látið í ljós í nál., þarf ekki að fjölyrða. Ég vil að gefnu tilefni út af því, sem tekið er fram, reyndar í samræmi við það, sem ákvarðað var fyrir ári síðan, að ætlazt er til, að útgerðir flóabátanna þurfi ekki að standast kostnað af póstflutningi milli pósthúss og skips, heldur annist póststjórnin um allt slíkt. Þannig er að vísu fyrirmælt í póstlögunum, en það er ákvæði, sem í sjálfu sér er ekki í samræmi við þessa ákvörðun n., því að samt sem áður hefir n. þótt nauðsyn til reka, að ákvarða fyrir sitt leyti um þetta. En n. ganga að sjálfsögðu út frá því, að um sanngjarnar greiðslur þessa kostnaðar, þegar um slíkan kostnað er að ræða, verði fullt samkomulag milli póststjórnarinnar og hlutaðeigandi bátaútgerðar. Ég vil vekja sérstaka athygli á því og taka það skýrt fram, svo það komi fram í umr., að n. ganga út frá því sem sjálfsögðu, að það verði samkomulag um sanngjarnar greiðslur þessa kostnaðar. Það hefir borið á því á stöku stað, að gerðir hafa verið reikningar til póststjórnarinnar, sem við nánari athugun hafa ekki verið sanngjarnir, því að það er svo, að það má smyrja á reikninga við slík atvik sem þessi, en hinsvegar ætlazt n. ekki til, að það komi fram kostnaður, sem í raun og veru hefir ekki verið lagt í. Þar sem svo er, að skipsmenn fara úr bátnum upp á bryggju og eiga að leggja póstinn í pósthús, sem er rétt við bryggjuna, þá er ekki ætlazt til, að það sé talinn neinn kostnaðarauki, eða út af því þurfi að koma fram stórir reikningar, sem póststjórnin eigi að borga. Í slíkum tilfellum er sjálfsagt, að lipurð sé sýnd. En það, sem n. eiga við, er að þetta sé gert *ef útgerðin þarf að leggja í kostnað á sérstöku* flutningatæki til þess að koma póstinum frá skipi og á þann stað, sem hann á að fara á.

Ég vil loks benda hv. þm. á, auk þess sem gengið er út frá, að þeir leggi sér á minni það, sem n. hafa látið taka fram á nál., að n. hafa að gefnu tilefni viljað, eins og ég gat um, að það fari fram nokkur athugun á þessum leiðum og ferðum um það, hvað sérstaklega er talið, að borgi sig betur á einum stað en öðrum, og hvar sé alveg útilokað, að hægt sé að vænta þess í framtíðinni, að slíkar ferðir borgi sig. En allir verða að játa, sem hér eiga sæti á Alþ., að ýmsir staðir eru hér á landi, sem sjálfsagt er, og enda lífsnauðsyn, að haldið sé uppi tiltölulega greiðum samgöngum, en engar vonir er hægt að gera sér um, að beinlínis borgi sig, nema með talsvert riflegum styrkjum. En eins og getið hefir verið um, er þó munur á þessu, og sumir staðir miklu líklegri í þessum efnum en aðrir.

N. hafa ekki viljað skiljast svo við eitt atriði, sem ég vil aðeins drepa á, en það er áhrærandi samgöngurnar milli Vestmannaeyja og suðurlandsins, að ekki sé gengið frekar úr skugga um það, hverjir eru hagsmunir þessara staða, bæði Vestmannaeyja og suðurlandsins.

Ýmsir nm. hafa látið í ljós óskir um, að þetta væri rækilega athugað, og þá, hvort ekki væri nauðsynlegt að styrkja slíkar ferðir. Sannleikurinn er líka sá, að samgöngur milli Vestmannaeyja og lands hafa á ýmsum stöðum verið bráðnauðsynlegar, og það getur verið, að þær verði jafnvel undir öðrum viðhorfum, einnig nauðsynlegar áfram.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 425, um lítils háttar styrk til póstbáts milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands, þá er þess að geta, að þetta hefir legið fyrir n., en samvn. ætlast til, að samkomulag geti orðið um þetta við útgerð Norðurlandsbátsins, og það verði sýnt, hvort ekki megi með því móti fullnægja þeirri þörf, sem kann að vera fyrir hendi um póstflutninga milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands. En Norðurlandsbáturinn þykir nú hafa nokkuð ríflegan styrk, og þótt honum sé ætlað að fara þessar fáu tilraunaferðir til austurlandsins, þá verður væntanlega hægt að haga því svo til, að þeir, sem eiga þarna hlut að máli, fái nokkra áheyrn hjá þessu samgöngutæki, eða útgerð Norðurlandsbátsins geti fullnægt þessu á einn eða annan veg á því ári, sem fjárl. eiga að gilda fyrir, sem sé 1939, þótt ekki sé tekin upp sérstök styrkveiting til þessara ferða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessi atriði fyrir hönd n. og mun þá ekki tala meira sem frsm. En í þeirri von, að fleiri verði viðstaddir síðar, áskil ég mér rétt til að taka til máls vegna brtt., sem ég sem fulltrúi sérstaks héraðs hefi leyft mér að bera fram.

*Garðar Þorsteinsson: Ég hefi á þskj. 425 borið fram nokkrar brtt., sem ég vil mæla fyrir með nokkrum orðum.

1. brtt. er um það, að upphæðin til Siglufjarðarskarðs hækki upp í 24 þús. kr., úr 13 þús. og 500 kr. Siglufjörður hefir lagt fram til þessa vegarstæðis mjög háa upphæð, en hann hefir lagt fram meira fé heldur en ríkissjóður hefir lagt fram til þessa vegar. Það er annarsvegar, að þessi vegur verður mjög dýr, og hinsvegar er nú búið að taka ákvörðun um það af fjvn. og Alþ., að lengja þennan veg, og þess vegna er eðlilegt, að til hans sé varið svo ríflegri upphæð árlega, að séð verði nokkurnveginn fyrir endann á þessu verki.

2. brtt. er um það, að hækkað verði framlagið til Ólafsfjarðarvegar, úr 4000 kr. og upp í 7000 kr. Það er svo um þessa staði, Siglufjörð og Ólafsfjörð, að hvorugur þessara kaupstaða hefir beint bílvegarsamband við Skagafjörð, sem þó er af ýmsum ástæðum lífsnauðsyn fyrir þessa kaupstaði, eins og það er líka nauðsynlegt fyrir þær sveitir, sem með lagningu veganna komast í beint samband við þá. Ólafsfjarðarvegur, yfir Lágheiði, er ákaflega torlagður, þar sem er yfir hálsa að fara. Það er eðlilegt, að veitt sé dálítið ríflegt upphæð til þessa vegar, enda hefir Ólafsfjörður ekki fengið neina upphæð frá ríkissjóði, sem aðrar sveitir hafa fengið í stórum stíl, bæði fyrr og síðar. Og fyrst á annað borð á að leggja þennan veg, þá er æskilegt, að það sé gert frekar fyrr en síðar.

Svo er á sama þskj. till., sem ég flyt ásamt hv. 4. landsk., um að varið verði 400 kr. til þess að annast kostnað við póstflutningabát milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands. Það hefir verið þannig undanfarið, að það hefir verið varið dálítilli upphæð til þess að halda uppi ferðum milli þessara staða. Það er ákaflega stutt yfir sundið, 15 mín. ferð á venjulegum trillubát, og þó áður hafi verið farið með bát milli Akureyrar og Hríseyjar, þá er það þannig nú, að meiri hluti þess fólks, sem fer frá Hrísey til Akureyrar og öfugt, fer yfir sundið og þaðan í bíl. Það er því að mínu áliti sjálfsagt að veita dálitla upphæð til þess að annast þessar ferðir.

Í næstu brtt. er farið fram á, að framlagið til Norðurlandsbátsins hækki um 1500 kr., en annars mun hv. þm. Ak. á sínum tíma mæla fyrir þeirri till. Ég vil aðeins leggja áherzlu á, að hún verði samþ.

Næsta brtt. er undir rómv. 14, og er hún um það, að framlag til bryggjugerðar í Ólafsfirði hækki úr 2300 kr. upp í 6700 kr. Að farið er fram á þessa hækkun, stafar af því, að þessi bryggja verður nær helmingi dýrari heldur en áætlað var af vitamálaskrifstofunni. Tillagið frá ríkissjóði er mun minna heldur en hefir verið veitt til hliðstæðra mannvirkja annarsstaðar. 6700 kr. er sú upphæð, sem miðað er við það, að Ólafsfjörður verði raunverulega eins settur að þessu leyti til eins og önnur kauptún, þar sem slík mannvirki hafa verið byggð. Er þar miðað við kostnaðinn, eins og hann verður, en ekki við áætlanir vitamálaskrifstofunnar, sem reyndust allt of lágar.

16. till., aðaltill. og varatill., er um framlag til sjóvarnargarðs í Ólafsfirði. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá má segja, að það hafi í raun og veru myndazt nýr atvinnuvegur á þessum litlu stöðum, eins og Dalvík, Ólafsfirði og víðar, þar sem byrjað hefir verið að salta síld á þessum stöðum. Það er fyrst nú á allra síðustu árum, sem þetta hefir átt sér stað. Áður lögðu bátarnir upp síld á Siglufirði eða Hjalteyri, en á síðustu árum hefir það verið þannig, að saltað hefir verið á þessum stöðum, jafnvel þótt það hafi oft verið erfitt vegna þess, hvað slæmar hafnir er hér um að ræða. En nú er verið að byggja bryggju í Ólafsfirði, og Ólafsfirðingar hafa sjálfir steypt upp hjá sér allstórt pláss til þess að geta annað þessum nýja atvinnuvegi, síldveiðunum. Og till., sem hér er farið fram á, sem var send fjvn., en hún hefir ekki tekið til greina, er um það, að til sjóvarnargarðs í Ólafsfirði séu veittar 10 þús. kr., og til vara 6 þús. kr. En slíkt mannvirki telja Ólafsfirðingar nauðsynlegt til þess að geta annað þessum síldveiðum yfir sumarið. Höfnin þar er, eins og menn vita, mjög opin, og ef stormur er, þá eiga bátar mjög erfitt með að liggja þar. Ólafsfirðingar telja þess vegna mjög nauðsynlegt, að sjóvarnargarður sé reistur þar, til þess að þeir geti notfært sér þá möguleika, sem eru þar á því að salta síld.

Ég hefi ennfremur borið fram till. nr. 19. ásamt hv. 4. landsk., sem er í tveimur liðum. Annar liðurinn er til sundlaugarbyggingar á

Siglufirði, en hinn til sundlaugarbyggingar í Ólafsfirði. Báðir þessir kaupstaðir hafa sótt um upphæðir til þingsins til þess að geta byggt sundlaugar, og þær till. eru teknar hér upp að nokkru leyti. Ég hygg, að það sé ekki óréttlátt, að þessum kaupstöðum sé veitt fé til þess að byggja sundlaugar, og ættu þeir ekki síður að fá það en ýmsir aðrir kaupstaðir, sem hafa fengið svipaðar upphæðir í sama skyni.

Ég hefi svo ekki fleiri brtt. að mæla fyrir, en ég vona, að þingið sjái sér fært að samþ. þessar brtt., sem ég hefi hér borið fram og mælt fyrir.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 5. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 265, n. 317, 400, 425, 426, 444. 460.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 460. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

*Einar Olgeirsson: Við þm. kommúnistaflokksins höfum lagt fram nokkrar brtt. við fjárl. nú við 3. umr. Flestar þeirra ganga nokkuð í sömu átt og þær, sem við fluttum við 2. umr., en fara yfirleitt fram á mun lægri upphæðir. Í raun og veru er óþarfi að færa á ný fram rök fyrir þeim málum og tefur aðeins tímann. En það, sem við sérstaklega leggjum áherzlu á af þessum till., eru auðvitað þær, sem sérstaklega miða að því að auka atvinnu til verulegra muna. Það er vitanlegt öllum hv. þm., að útlitið er nú alveg sérstaklega slæmt fyrir landið. Sérstaklega fer atvinnuleysið hraðvaxandi nú sem stendur. Og ef þessu heldur áfram, ekki sizt ef ný kreppa er skollin á, þá verður ástandið orðið þannig á næsta ári, að óhjákvæmilegt verður að gera einhverjar verulegar ráðstafanir til að bæta úr neyð fólksins, sem nú vofir yfir. Nú er einmitt verið að semja fjárl. fyrir 1939, og væri það alveg vitavert hirðuleysi, ef ekki er tekið tillit til þess, hvernig allar horfur eru. Í till. okkar höfum við farið mun skemmra en áður, ef takast mætti að fá eitthvert samkomulag um þær. Þannig er um framlagið til atvinnubóta og byggingarsjóða. Sumum smærri málum höfum við sleppt. Till. til sundlaugarbyggingar er nú 10 þús. kr., Sogsvegurinn 50 þús. kr., Siglufjarðarskarð 30 þús. kr.

Ef hv. þm. vilja í alvöru sýna einhverja viðleitni í þeim mest aðkallandi málum, sem liggja fyrir, þá er réttasta leiðin til þess sú að samþ. sérstaklega þær till., sem við merkjum með rómv. 24. Ég held það væri mjög hættulegur hlutur að skeyta því litlu að bæta því nú við framkvæmdir þess opinbera, einmitt á sama tíma sem framkvæmdir einstaklinga koma til með að minnka, eins og alltaf er, þegar verðfall er fyrir höndum.

Viðvíkjandi till. frá fjvn. og frá einstökum þm. er það að segja, að með sumum þeirra munum við að sjálfsögðu verða. Um till. frá n. um styrk til barnaheimila og barnaverndar, 14 þús. kr., eftir ákvörðun ráðh., vil ég segja, að ég tel þann lið mega vera hærri. Það er lítill vafi, að fátt af þeim fjárupphæðum, sem þingið veitir, kemur að eins miklum notum eins og einmitt það, sem lagt er til barnaheimila og barnaverndar. Það er vitanlegt, að ekki aðeins bær, heldur félög, leggja mikið á móti, svo að fé ríkisins tvöfaldast í notkun. Og meðal fólks almennt er mikill áhugi fyrir þessu máli, sérstaklega að koma upp barnaheimilum, og einnig að stuðla á annan hátt að barnavernd. Og í kaupstöðum er mikill áhugi fyrir því að koma börnum í sveit. En það er vitanlegt, að þessi upphæð er of lítil, og þyrfti að auka slíkt framlag. Það liggja fyrir, eins og fjvn. er kunnugt, umsóknir frá Hafnarfirði, Akureyri og Ísafirði og fleiri stöðum, sem nauðsynlegt er að geta að einhverju leyti sinnt, og ég held þetta sé einn af þeim liðum, sem sérstaklega þyrfti að athuga.

Af till. einstakra hv. þm. vil ég minnast á till. frá hv. þm. A.-Húnv. viðvíkjandi 18. gr., Halldór Laxness. Það er nú orðið svo vanalegt, að sjá slíkt sem þetta, að manni bregður ekki sérstaklega við það. Annars býst ég við, að víðast hvar þætti það koma úr hörðustu átt, að svipta einn af helztu listamönnum þeim styrk, sem hann hefir. Það er rétt að minna í því sambandi á það, að nýlega komst inn á fjárlög í norska stórþinginu einn af þeim, sem hörðust barátta hefir staðið um þar, og miklu harðari heldur en um Halldór Laxness. Þessi maður er Arnulf Överland. Þannig miðar hjá öllum menningarþjóðum í þá átt, að menn sýna, að þeir kunna að meta list og skáldskap, en ekki hitt, að menn reyni að hundsa slík mál á allan hátt. Það er þess vegna mjög leiðinlegt, að þessi till. komi fram þing eftir þing. Þó að hitt sé náttúrlega vitanlegt, að hún verði alltaf felld; svo mikið ann Alþingi Íslendinga sóma sínum.

En svo að ég víki aftur að þessum till. í heild, þá vildi ég leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að reynt yrði að sinna eitthvað till. um atvinnumálin. Það er alveg óhjákvæmilegt, ef ekki á að lenda í stórvandræðum. Það er auðséð, að nú er farið að hugsa fyrir ýmsum drastiskum ráðstöfunum af hendi ýmissa afturhaldsmanna, ýmsum sporum aftur á bak um áratugi, t. d. með styrkþega og kosningarrétt, og aldir aftur í tímann með átthagafjötri og öðru þess háttar. Svo að það er auðséð, að viss öfl í landinu eru mjög að komast í hreyfingu til að beita miðalda-kúgunaraðferðum til þess að halda fólkinu niðri. Náttúrlega verður það ekki mögulegt með neinu slíku móti. Enda er vitanlegt, að það, sem fyrir liggur að gera, er að bæta úr þörf fólksins, en ekki að reyna að kúga það. Og þegar um það er að ræða, að til eru þúsundir manna atvinnulausir, og vilja ekkert frekar en vinna, þá er mjög hart, að Alþingi, sem nú hefir yfir að ráða 16—17 millj. kr., skuli ekki geta séð af nokkrum hundruð þúsund kr. í viðbót til þess að tryggja, að vinnuafl manna í landinu — og oft duglegustu mannanna — geti komið að fullu haldi. Það, sem við sérstaklega þurfum að sjá, er, að hið

skaðlegasta fyrir okkur sem heild er það, að mikið af okkar vinnuafli skuli þurfa að vera ónotað. Það er þetta, sem gerir þjóðina fátæka og veldur henni miklum erfiðleikum. Bezta ráðið til að tryggja afkomu verkalýðsins er einmitt að tryggja honum atvinnu, sem hann óskar eftir frekar en styrkjum. Og samkvæmt þjóðfélagslegum sjónarmiðum er það að öllu leyti heilbrigðara. Þess vegna er það úr hörðustu átt, að einmitt sömu mennirnir, sem hamast á móti því, að framfærslustyrkurinn aukist, þeir berjast mest á móti því að vinnan aukist í bæjunum og ríkið geri sitt til þess. En það er enginn efi, að heppilegasta leiðin er að auka vinnuna, og það er stórkostleg hætta framundan, ef því er ekki sinnt.

Páll Zóphóníasson: Ég hefi skrifað undir nál. samvinnunefndar samgöngumála með fyrirvara. Sá fyrirvari er þó ekki þannig vaxinn, að ég í þetta sinn fylgi ekki þeim till., sem n. gerir, eins og þær liggja fyrir á þskj.; en hann á að lýsa því, að eftirleiðis eigi að ráða nokkuð annað viðhorf í þessum styrkveitingum heldur en fram hefir komið í þetta sinn og áður hjá samvinnunefnd samgöngumála. Og þetta er byggt á tvennu. Í fyrsta lagi tel ég ekki rétt að styrkja flóabátaferðir, sem elta hvor aðra á sömu ferðaáætlun; en það er gert nú. Í öðru lagi tel ég ekki rétt, að hið háa Alþingi styrki bátsferðir, sem kallaðar eru flóabátaferðir, en eru svo óreglulegar, að þeir enga áætlun hafa, svo að ómögulegt er fyrir nokkurn mann, sem bátana vill nota, að vita, hvenær þeir fara. Þetta verður í framkvæmdinni ekkert annað en styrkur til einstakra manna til að draga að sér vörur; það geta engir notað bátana, nema þeir, sem eru í nágrenni við þá, einu sinni til tvisvar á ári, til að draga að sér vörur til sinna heimila. Þetta tel ég hvorttveggja eiga að taka til athugunar, og það er það, sem felst í minum fyrirvara, þó að ég að hinu leytinu nú fylgi till. eins og þær liggja fyrir.

Þá á ég eina brtt. á þskj. 444, við liðina um bryggjugerðir og lendingarbætur í 13. gr. fjárlagafrv. Alþingi hefir nú á seinni árum viðurkennt það rétt, að þegar hið opinbera með fjárframlögum studdi að því, að verð hækkaði á landi eða lóðum, sem eru í eigu einstakra manna, þá kæmi sú verðhækkun ekki einungis til góða þessum einstakling, sem af tilviljun hefir eignarrétt á landinu eða lóðunum í það skipti, heldur yrði til ágóða fyrir alla, sem í framtíðinni njóta þessara eigna. Þetta hefir verið gert í jarðræktarlögunum og l. um byggingar- og landnámssjóð, og ég tel það rétt og sjálfsagt. En verðhækkun fyrir veittan jarðræktarstyrk er alstaðar smáræði samanborið við þá verðhækkun, sem verður í lóðum í kauptúnum og kaupstöðum fyrir það, að hið opinbera styður að því með fjárframlögum, að þar komist upp höfn eða hafnarmannvirki. Hingað til hefir það verið svo, að þeir einstaklingar, sem þó hafa átt þessi lönd, sem liggja að viðkomandi bryggju eða hafnargerð, hafa hækkað leigu á lóðum, og hafi þeir selt, þá fyrir hærra verð, svo að þeir, sem eiga að búa við þessi mannvirki, hafa ekki þá betri aðstöðu, sem hið opinbera hefir ætlazt til.

Ég skal fúslega viðurkenna það, að kannske er vafasamt, hvort með þessu ákvæði næst að fullu það, sem fyrir mér vakir með því, hvort ekki þarf sérstök l. til að fyrirbyggja þetta. En með því að koma með þessa brtt. nú, hefi ég fyrst og fremst viljað sýna þá stefnu, sem ég fylgi í þessu máli. Ég hefi sömuleiðis viljað gefa hv. þm. möguleika til að vera sjálfum sér samkvæmir, þegar þeir hafa áður í öðrum l. fyrirbyggt, að miklu minni verðhækkun á jörðum og lóðum yrði einstökum eigendum að féþúfu. Og ég hefi í þriðja lagi borið till. fram í von um það, að hægt yrði kannske strax á næsta þingi að búa tryggilegar um þetta fyrir framtíðina heldur en hægt er með einu fjárl.ákvæði. Aðrar brtt. á ég ekki.

Um brtt., sem fyrir liggja, skal ég ekki segja annað en það, að ég tel tvennt athugavert við þær yfirleitt. Að öðru leytinu tel ég lítið sparað við framkvæmdir, sem kosta erlendan gjaldeyri, síma, skólabyggingar og brýr o. fl. Eins og ástandið er nú, tel ég, að ekki hafi átt að ganga lengra í þessu, en leggja í aðrar framkvæmdir, sem ekki krefjast þessa. Að hinu leytinu lít ég svo á, að það sé tvísýnt, og meira en tvísýnt, hvort þjóðin fær í aðra hönd það, sem ætlazt er til, að hún fái í auknu andlegu lífi og auknum andlegum verðmætum fyrir alla þá bitlinga á fjárl., sem alltaf fara vaxandi. Það er töluvert útlit fyrir, að ekki þurfi annað en geta komið saman laglegri ferhendri bögu, sbr. Gísla Ólafsson og ýmsa aðra hér á landi, til þess að geta komizt rakleitt inn á fjárl. Ég mun við atkvgr. sýna þessa mína afstöðu. En úr því að ég átti brtt. og þurfti fyrir þeim að tala, vildi ég gjarnan láta þetta koma fram um leið.

Jón Pálmason: Ég skal ekki fara langt út í að ræða fjárl. í heild eða till. fjvn., enda virðist það ekki hafa næsta mikla þýðingu, þar sem svo sárafáir þm. eru við þessar umræður. Það er ágreiningur, eins og gengur og gerist, um einstaka liði innan n., og mun ég og aðrir nm. sýna við atkvgr., hvernig því er varið. Ég vil þó minnast á nokkuð stórar brtt., sem n. flytur við 22. gr. og ég er ósamþykkur. Það er fyrst að ég tel mjög hæpið að gefa eftir greiðslur dýrtíðarlána, sem eru upp undir 40 þús. kr., eins og heimilt er á brtt. 129, og í n. var ég því andvígur. Sama er að segja um næstsíðustu till., um það að verja 30 þús. kr. af tekjum áfengisverzlunarinnar, — sem er það sama og að leggja fram úr ríkissjóði — til sjómannaheimilis á Siglufirði. Það er ekki svo að skilja, að ekki geti verið gott og nauðsynlegt mál að byggja slíkt heimili; en eins og sakir standa fannst mér það mundi geta beðið. Viðvíkjandi síðustu till. vil ég segja það, að ég var því samþ. og er, að gefin sé heimild til að selja strandferðaskipið Esju, vegna þess að fyrirsjáanlegt er, að ekki verði hjá stórum rekstrarhalla komizt. Til þess að koma í veg fyrir eins stórkostlegan halla og verið hefir, væri ef til vill leið að stækka skipið og leggja mikið fé í að breyta því. Hinsvegar vil ég ekki gefa

jafnframt heimild til að kaupa nýtt skip að svo stöddu. Ég býst við, að nægja mundi að ganga frá því máli á næsta þingi.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í þessar till., og ekki heldur aðrar, sem fyrir liggja frá einstökum þm. En rétt með örfáum orðum vil ég minnast á brtt., sem ég flyt persónulega og hefi flutt nokkrum sinnum áður, till. sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, að skáldastyrkur til Halldórs Laxness yrði felldur niður, en til vara, að hann verði færður í 2 þús. kr. Eins og ég hefi oft lýst hér áður á Alþingi, þá tel ég það út af fyrir sig ekkert annað en fjárhagsatriði, þótt inn á fjárlög komi hinir og þessir menn með listamannastyrk, en séu ekki styrksins verðir að því leyti, að þeir hafi ekki unnið þau afrek, sem til þess ætti að vera krafizt. En hitt er miklu verra, að verið sé að borga upphæðir af ríkisfé til manna, sem eru eins og þessi tiltekni rithöfundur, að þeir vinna verk, sem eru þjóðinni bæði til skammar og líka til skaða. Því að ég lít svo á, að þær bækur, sem þessi höfundur hefir eftir sig látið, séu margar þannig vaxnar, að þær gefi lýsingar af íslenzku þjóðinni, sem séu í fullkomnu ósamræmi við það, sem gerist, og í mörgum tilfellum lýsi þjóðinni eins og sé hún fullkomnir skrælingjar. Þetta hefir komið einna ógeðslegast við, að því er snertir íslenzkt sveitafólk, sem í bókum þessa höfundar er lýst yfirleitt sem heimsku, menntunarsnauðu, skítugu og lúsugu. Að senda slíkan óþverra út fyrir landssteinana og þýða á erlend mál tel ég svo hættulegan hlut, að ég teldi betur varið fé ríkisins til að koma í veg fyrir slíkt heldur en að verðlauna slíkan skáldskap með hæstu skáldlaunum. Frá þessu sjónarmiði er það, að ég er ekkert hikandi í því að leggja það til, að laun til þessa höfundar séu felld niður. Þar að auki er þess náttúrlega að geta, sem allir hv. alþm. vita, að þessar þýðingar viðkomandi höfundar hafa verið seldar og seljast mjög mikið út um lönd. Í Danmörku ekki sízt þykir það nú kannske gómsætur matur að fá slíkar lýsingar af Íslandi. Það má því ætla, að þessum manni áskotnist allmikið fé á þennan hátt, og eru því engar líkur til, að af fjárhagslegum ástæðum þurfi að veita honum alþingisstyrk, hvað sem öðru líður. Annars er þetta nokkurnveginn kunnugt mál frá umr. á undanförnum þingum, og fer ég því ekki fleiri orðum um það nú. Ég mun ekki frekar en áður láta það hafa nein áhrif á mig, þótt ýmsir menn hér á Alþingi séu svo lítilsigldir, að þeir telja sæmilegt af þinginu að verðlauna þvílíkt bull eins og margt af þessum ritum er.

***Fjrmh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru nokkur orð um brtt. á þskj. 425,XXXIII, sem ég flyt. Í fyrsta lagi er þar heimild fyrir ríkisstj. að innheimta skemmtanaskatt af öðru en kvikmyndum með 20% í stað 80%. Þessi till. er þannig til komin, að nú um áramótin settum við upp allrækilegt eftirlit með innheimtu skemmtanaskatts. Áður hafði það tíðkazt, án þess að sjáanleg væri fyrir því nokkur lagaheimild, að reikna skemmtanaskatt af danskemmtunum og þvíliku eftir klukkustundafjölda, en ekki eftir verði aðgöngumiða. Þegar við fórum að innheimta skattinn stranglegar, kom í ljós, að það í framkvæmdinni hækkaði skattinn á öllum þessum skemmtunum gífurlega, og hafa þau félög, sem hafa slíkar skemmtanir sér til ágóða, sem eru einkanlega íþróttafélög, lostið upp miklu ópi út af þessu. Þetta sé stórkostleg skerðing á tekjum af skemmtunum, af því að það er takmarkað, hvað hægt er að selja aðgöngumiðana fyrir. Nú hefi ég tekið þetta mál til gagngerðar athugunar og komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegt sé að innheimta aðeins með 20%; hefi ég von um, að með því mundu tekjur ríkissjóðs af skattinum reynast ekki minni en þær hafa reynzt með þeirri innheimtuaðferð, sem áður tíðkaðist.

Þá á ég till. á sama þskj., XXXVII, a, um það, að endurgreiða megi á árinu 1938 og 1939 viðskiptagjald af efni í niðursuðudósir undir íslenzkar afurðir að nokkru eða öllu leyti. Er þetta gert til þess, að framleiðendur þessara dósa geti orðið samkeppnisfærir um verð. Aðallega eru þetta rækjudósir og mjólkurdósir. Mér þykir betra að setja þetta í fjárlög heldur en farið sé að breyta frv. til l. um tekjuöflun ríkissjóðs. Þess vegna hefi ég flutt þessar till., líka með tilliti til þess, að fyrir liggur gagngerð endurskoðun á öllum tollalögum.

Á síðasta þingi voru samþ. l. um toll af hálfunnu kassaefni. Það kom í ljós, að þessi l. voru mjög vond fyrir þá, sem flytja vildu út ísvarinn fisk, og ber mikla nauðsyn til, að frá þeim sé hægt að víkja, enda áttu þau l. að vernda iðnaðinn. Til þess nú að gera þetta einfaldara í framkvæmdinni, flyt ég brtt. á sama þskj., XXXVII, b, um það, að ríkisstj. sé heimilt að innheimta á árunum 1938 og 1939 aðflutningsgjald af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða.

Ég læt þetta nægja um mínar till. og mun ekki fara út í till. einstakra hv. þm.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég á hér eina brtt. á þskj. 425, XXIII, við 15. gr., sem er á þá leið, að í stað 500 kr. komi 750 kr. til Helga Guðmundssonar. Og skal ég færa örlitla grg. fyrir þessari till. minni.

Þessi maður, sem er þjóðsagnasafnari, hefir undanfarin ár fengið 500 kr. styrk til starfsemi sinnar. Hefir hann sérstaklega lagt rækt við Vestfirðingafjórðung, og grafið upp úr gleymskunnar djúpi ýmsar sögur, sem snerta sérstaklega þann landsfjórðung, og hefir hann til þess lagt á sig mikið starf. Þessi maður hefir sem sagt fengið þá hugsjón, að verja starfi sínu eingöngu í þágu þessara fræða. Leggur hann því land undir fót á sumrin, ferðast frá einu býlinu til annars, alla leið frá Breiðafirði og vestur að Hornströndum. Og sýnir þetta, hvílíkan áhuga hann hefir á sínu starfi. — Hann er bláfátækur, og tekjur hans eru aðeins þessi styrkur, sem hann hefir fengið á fjárl., og þau litlu ritlaun, sem hann fær fyrir þær sögur og sagnir, er hann lætur á prykk út ganga. En það er vitanlegt, að honum nægja ekki þessar tekjur til

lífsframfæris, þrátt fyrir allan þann sparnað, sem ég veit, að hann hefir um hönd í sínum lífnaðarháttum. Og ég veit, að hann myndi harma það mjög, ef hann einhverra hluta vegna, t. d. fjárskorts, yrði að leggja niður þetta áhugamál sitt. Þess vegna hefi ég gert það að till. minni, að styrkur hans verði hækkaður upp í 750 kr. Að vísu fór hann sjálfur í umsókn til fjvn. fram á eitt þúsund kr., en n. mun ekki hafa séð sér fært að taka til greina. Þeirri umsókn hans fylgdu umsagnir frá ýmsum kunnum mönnum, m. a. frá Sigurði Nordal, sem hefir mælt eindregið með því, að þessi maður fái að halda áfram starfi sínu. Eins munu margir fleiri líta velþóknunaraugum á þetta starf hans og unna honum þess að geta óhindrað haldið áfram starfi sínu, meðan heilsa og kraftar leyfa.

Ég vil svo leyfa mér að minnast á þá brtt., sem ég, ásamt hv. þm. Seyðf., flyt á þskj. 444, XIV, við 17. gr. fjárl., um það, að mæðrastyrksnefndinni verði veittar 2 þús. kr. til sumarheimilis mæðra í Hveragerði. Það mun hafa legið fyrir fjvn. erindi, þar sem farið var fram á 2 þús. kr. til þessarar starfsemi. Hér er nú farið fram á sömu upphæð, en til vara 1500 kr. — Fyrir þinginu 1937 lá mjög ýtarleg grg. frá mæðrastyrksnefndinni um hennar starf, og m. a. um þá starfsemi, sem nefndin hefir haft með höndum, að veita fátækum mæðrum sumardvöl á góðum og heppilegum stað, eins t. d. á Laugarvatni. Nú hefir nefndin ráðizt í það að leigja sér hús í Hveragerði í Ölfusi í þessu augnamiði. — Í umsókn mæðrastyrksnefndarinnar til þingsins 1937, var þess getið, að um 120 konur hefðu þá notið þessarar dvalar. Kostnaðurinn við slíkt er að sjálfsögðu mjög tilfinnanlegur, en eins og kunnugt er, þá hefir mæðrastyrksnefndin einungis það fé til umráða, sem hún getur aflað sér með samskotum, auk þess sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir veitt henni nokkra upphæð, og á fjárl. hefir einnig, að mig minnir, verið veittur til hennar nokkur styrkur.

Það er án efa hið þarfasta verk, sem mæðrastyrksnefndin vinnur með því að koma fátækum barnamæðrum til dvalar uppi í sveit yfir sumartímann, þótt ekki sé nema viku- eða hálfsmánaðartíma, því að flestar þeirra eiga þess engan kost að lyfta sér upp frá barnaargi og bæjarryki til þess að njóta þeirrar hollustu, sem sveitaveran getur veitt fólki, sérstaklega þegar svo tekst til, að veðráttan er góð. Ég vænti því, að hv. þm. geti greitt till. eins og þessari atkv. sitt.

Þá á ég hér aðra brtt. á þskj. 444, XII, við 16. gr. Þær till., sem þar er um að ræða, snerta svo sem sjá má eina stofnun, sem ríkið hefir með höndum, skipaeftirlit ríkisins. Í fjárl.frv. er nú gert ráð fyrir því, að allur kostnaður, sem ríkið greiði við skipaskoðun og eftirlit, sé um 18 þús. kr., og er það sundurliðað, eins og sjá má í fjárl.frv. — Nú liggur fyrir Alþ. frv. um ýmsar endurbætur á lögunum um eftirlit með skipum, og er það komið svo langt áleiðis, að það mun aðeins eiga eftir eina umr. í hv. Nd. Ég vænti nú þess, að þetta mál, sem ég hefi verið nokkuð við riðinn á undanförnum þingum, verði samþ., en í frv. er gert ráð fyrir því, að kostnaður við skipaeftirlit aukist nokkuð, frá því sem nú er, og svo er einnig gert ráð fyrir því, að ákveðin skuli vera á fjárl. öll aðstoð við skipaeftirlitið og ferðakostnaður. Sá aukni kostnaður, sem hér er um að ræða, er eiginlega þrennskonar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að á skrifstofu skipaskoðunarstjóra komi nýr aðstoðarmaður, sem á að hafa í byrjunarlaun 4800 kr., og er það mín fyrsta till. við þennan lið. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér, hve nauðsynlegt það sé að hafa við hlið skipaskoðunarstjóra mann, sem geti í hans forföllum gegnt hans störfum og tekið við, ef hann kynni að falla frá. — Þá legg ég til, að skrifstofukostnaðurinn verði hækkaður um 600 kr., og er það samkvæmt þeim till., sem mþn. um þetta mál lagði til. Getur þó komið til athugunar, hvort ekki mætti eitthvað úr honum draga. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort hægt væri að fækka þarna eitthvað mönnum, en líklegt er það nú ekki.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu sama frv., að einn maður í hverjum landsfjórðungi hafi sérstakt eftirlit með framkvæmd laganna um eftirlit með skipum. Samkvæmt till. mþn. var gert ráð fyrir því, að 3000 kr. væri varið til þóknunar handa þessum mönnum. Og ég fer fram á, að sú upphæð verði einnig sett inn á fjárl.

Þá gerði sama mþn. ráð fyrir því, að ferðakostnaður skipaskoðunarstjóra og eftirlitsmanna samanlagt yrði hækkaður úr 3000 kr. upp í 4600 kr. Virðist þar ekki vera of djúpt í árina tekið, því að vitanlega þurfa eftirlitsmennirnir að ferðast milli hinna ýmsu útgerðarstaða á landinu, og að sjálfsögðu eiga þeir að fá þann ferðakostnað greiddan, til þess að geta fullnægt því starfi, sem þeim er lagt á herðar.

Ég hefi nú gert nokkra grein fyrir þessum brtt., sem ég flyt beinlínis af því, að ég vænti þess fastlega, að frv. verði að lögum, og eiga þau þá að ganga í gildi í ársbyrjun 1939. Og kemur því tvímælalaust til útgjalda ríkissjóðs sá kostnaður, sem af hinu aukna eftirliti leiðir. Ég vænti því, að hv. Alþ. geti fallizt á, að ekki megi draga úr þeim upphæðum, sem hér er farið fram á, því að eins og ég hefi gert grein fyrir í umr. um þetta mál í hv. Ed., þá er verið að tryggja með fullkomnara skipulagi heldur en verið hefir líf allra þeirra manna, sem sjóinn stunda, og sem munu vera um 7000 í allt, þegar flest er. Það er mikið í húfi, hvernig um skipastólinn er búið og eftir honum litið á hverjum tíma, og ég verð að segja það sem mína skoðun, að þótt hér sé varið 27000 kr. af hálfu ríkisins, þá sé þar ekki of miklu fórnað.

Ég ætla svo ekki að þessu sinni að ræða fleiri brtt. Ég er að vísu við fleiri riðinn, en þeim hefir enn ekki verið útbýtt, svo að ég geymi mér að ræða um þær þangað til síðar.

***Guðrún Lárusdóttir:** Herra forseti! Ég á hér við þessa umr. 2 brtt., við fjárlfrv., sem mig langar til að fara um örfáum orðum.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 425,XXIX, við 16. gr. 39., nýr liður. Þar er farið fram á að styrkja konu hér í bænum til þess að undir-

búa matreiðslubók, til leiðbeiningar um meðferð og matreiðslu íslenzkra jurta. Starfsemi þessarar konu, Helgu Thorlacius, er löngu þekkt og viðurkennd, þar sem Alþ. hefir áður verðlaunað hana að nokkru. Á ríkisreikningnum fyrir árið 1936 getur að líta nokkur hundruð krónur til hennar sem viðurkenning fyrir hennar nýta starf að því að kynna íslenzkum húsmæðrum meðferð og matreiðslu þeirra jurta, sem vaxa á okkar eigin jörð, svo að segja fyrir fótum okkar. Það má vænta mikils fróðleiks og gagns af matreiðslubók frá þessari konu. Hún hefir til þessa ekki gefið út neinn leiðarvísi í þessum efnum, en starfsemi hennar hefir verið háttað á þann veg, eins og flestir hér munu vita, að hún hefir haldið námskeið víðsvegar um landið. Hér í Reykjavík hefir hún haldið hvert námskeiðið á fætur öðru og kennt þessa iþrótt, sem er tiltölulega ný á voru landi. Það hefir til skamms tíma ekki verið mikið að því gert að notfæra sér íslenzkar jurtir. Ég tel því, að hér sé um mikið framfaraspor að ræða, sem sé þess virði, að það sé styrkt. Ég held líka, að þessi kona hafi aflað sér svo staðgóðrar þekkingar á þessum málum, að tryggt sé, að ráðleggingar hennar komi að miklum notum, og að Alþ. muni gera þjóð sinni greiða með því að styrkja starfsemi þessarar konu. Nú hafa að vísu verið gefnar út smámatreiðslubækur um meðferð íslenzkra jurta, þar á meðal „150 jurtaréttir", eftir Helgu Sigurðardóttur, sem er ágæt bók í alla staði. En sú bók, sem Helga Thorlacius hefir í undirbúningi, kemur ennþá víðar við og er á allan hátt öðruvísi, og ég held, að enda þótt bók Helgu Sigurðardóttur sé til fyrir, þá sé ekki ofgert að bæta þar við. Nú er það svo með þessa konu, Helgu Thorlacius, að hún er algerlega eignalaus manneskja, svo að af eigin rammleik er henni ókleift að inna þetta starf af hendi, og þessar 500 kr. eru vitanlega ekki nægar til þess, að kosta útgáfu bókarinnar, þótt lítil sé, þar sem slíkt er afardýrt nú á dögum. En til undirbúnings þessa starfs, svo að hún geti dregið að sér það, sem hana vantar til að geta fullgert handritið, tel ég, að þessar 500 kr. geti komið í góðar þarfir fyrir hana.

Ég vænti sem sagt, að Alþ. sjái ástæðu til þess að sinna þessari smáupphæð, því að ég hygg, að hún endurgreiðist nokkurnveginn gegnum aukna þekkingu og bætt fæði og meiri notkun á því, sem fyrir er í okkar eigin landi. Nú keppast þjóðirnar um að búa sem mest að sínu og gera það sem notadrýgst heima fyrir, og okkur Íslendingum veitir sannarlega ekki af því að nota þær jurtir, sem í kringum okkur vaxa, enda hefir maður verið hvattur til þess nú á síðari árum, með þeim árangri, að garðrækt hefir farið mjög í vöxt, þótt ekki sé þar komið eins vel á veg og vera þyrfti.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þessa till. Ég afhendi hana til dóms og úrslita Alþ., í þeirri von, að það líti með skilningi á það, sem þessi aldraða merkiskona er að reyna að koma í framkvæmd á sínum efri árum.

Hin brtt. mín er á sama þskj., XLI, við 22. gr. XVII, um það, að þar komi nýr liður, á þá leið, að ríkisstj. sé heimilt að verja a. m. k. 30 þús. kr. af tekjum áfengisverzlunarinnar til stofnunar sjúkrahælis handa áfengissjúklingum. — Eins og hv. þm. vita, þá hefi ég þing eftir þing borið hér fram frv. til laga um stofnun drykkjumannahælis, en ég hefi ekki átt því láni að fagna, að það frv. næði fram að ganga. Ég hefi einnig borið fram þáltill. um samskonar efni, en hún hefir ekki heldur náð afgreiðslu. Þá hefi ég einnig við fjárl.umr. borið fram till. um það, að veittar yrðu 10 þús. kr. úr ríkissjóði til þess að undirbúa stofnun drykkjumannahælis, og henti ég þá jafnframt á það, að nauðsynlegt væri að senda mann út úr landinu til þess að kynna sér erlendis starfrækslu og fyrirkomulag slíkra stofnana. En till. var felld, og frv. um þetta efni hefir dagað uppi þing eftir þing. En á síðasta Alþ. skilaði allshn. Ed. áliti sínu um málið og lagði til, að það yrði afgr. með dagskrártill., en undir umr. hét frsm. því f. h. n., að hún skyldi bera fram fjárbeiðni til fjvn. Alþ. um nokkurn styrk, 25—30 þús. kr., til þess að koma á fót heilsuhæli handa drykkjumönnum í sambandi við sjúkrahús og samráði við lækna. Mér vitanlega hefir þessi umsókn aldrei verið rituð, og veldur þar líklega eitthvað um, að frsm. n., Magnús heitinn Guðmundsson, veiktist um það leyti og dó. Nú veit ég það, að enginn, hvorki utan þings né innan, mun hreyfa mótmælum gegn því, að þörf sé fyrir slíkt hæli, sem hér er um að ræða. Til eru tölur, sem sanna hina óhóflegu áfengisnautn hér í landinu. Má t. d. benda á grg. þá, sem nýlega var lesin upp í útvarpinu og síðan útbýtt hér á Alþingi, um hið ægilega ástand í áfengismálum, sem ríkir meðal þjóðarinnar. Ástandið er orðið svo geigvænlegt, að ekki er lengur hægt á það að horfa án þess að grípa til varnarráðstafana. Það eru að vísu til tölur, er sýna þetta, en engar skýrslur eru þó til um áhrif áfengisbölsins á hinn einstaka mann og hið einstaka heimili. En þó þekkjum við þetta öll að meira eða minna leyti. Og ef við íhugum, að við erum hingað kosin til að koma í veg fyrir hverskonar böl, er steðjar að þessari þjóð, sem við elskum eflaust öll mjög heitt, þá hljótum við að spyrja: Hvað getum við gert í þessu efni? Og frá þessu sjónarmiði séð væri það ekki mikið, þó að nokkuð væri tekið af þeirri fjárfúlgu, sem áfengisflóðið nemur, til að leggja lítinn plástur á það böl, sem þjóðin verður fyrir af viðskiptunum við Bakkus og áfengisverzlunina. Hér er nú borin fram till. um 30 þús. kr. tillag til að reisa hæli handa þessum vesalings mönnum. Þetta er lítil upphæð, samanborið við þær milljónir, sem ríkissjóður fær árlega fyrir þetta eitur. Það er ekki nema 2½% af hinum hreina áfengisgróða. Ég tel, að ég eigi hér tal við ábyrgðarríka og hugsandi menn, þó að þeir sitji ekki margir í stólunum þessa stundina. Ég vona, að ég þurfi ekki að skýra það, hver sé skylda hv. þm., þegar þeir standa andspænis því versta böli, sem þekkist.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. hv. 3. landsk. og hv. þm. Seyðf. Af því að ég tel

mig kunnuga þeirri starfsemi, sem hér er um að ræða, er mér ánægja að verða við tilmælum form. n. og greina frá starfsemi þessari.

Starfsemi mæðrastyrksn. í Hveragerði hefir verið hin nýtasta. Í hitteðfyrra tók n. á leigu húsið í Hveragerði, sem Afmælisfélagið notaði á sínum tíma sem sumarheimili fyrir veikluð börn. Undanfarin 2 sumur hefir stór hópur mæðra og barna notið þarna hressingar. 1936 dvöldu þarna 120 manns, sem skipt var niður í hópa. Hver hópur var þarna 3 vikur. Var ráðin ráðskona að heimilinu, mæðurnar skiptust á um uppþvott, hreingerningar og hirðingu fatnaðar, 3 og 4 í senn. En mest af tímanum fór til útiveru og til hvíldar. Var vel vandað til fæðisins, börnin fengu mikla mjólk og íslenzkt smjör. — 1937 var haft sama fyrirkomulag, en þá voru þó fleiri í vist í Hveragerði, eða um 200 manns, mæður og börn. Varð því að bæta við húsrúmi, og var það gert þannig, að höfð voru 16 tjöld. Og það er einkennilegt, að litlu tjaldbúunum fór ekki síður fram en þeim, sem í húsinu voru.

Svona starf kostar auðvitað talsvert fé, og styrkurinn, sem starfseminni hefir hlotnazt, hefir ekki hrokkið til, svo að notuð hafa verið ýms önnur ráð til að afla fjár. Bifreiðastöðvar hafa oft gefið flutninga, matvörukaupmenn hafa gefið matvöru o. fl. Starfið nýtur því mikils trausts, en þeir, sem fyrir því standa, hafa hinsvegar ekki viljað níðast á því opinbera meira en þörf gerðist.

Þá má minnast á það, að hvert brauð hefir verið bakað þarna við hverahitann, og hefir það sparað marga krónuna. Þarna hafa fengið ókeypis máltíðir dvalargestir, sem óska. Ég nefni líka, að um helgar hafa margir heimilisfeður komið austur í heimsókn til fjölskyldna sinna, og hafa þeir að vísu greitt nokkuð fyrir greiða, er þeir hafa hlotið. Og þegar um hefir verið að ræða óreglumenn, hefir kaup þeirra þann tímann ekki farið í það að kaupa „sprútt", heldur til að njóta frísins þarna á fallegum stað. Kostnaður fyrir mann var um 2 kr. á dag. Húsaleiga var nokkuð há, um 70 kr. yfir tímabilið. Nú hafa konurnar orðið að leggja sér til rúmföt, þær sem gátu, en það var ekki alltaf, svo að n. hefir stundum orðið að sjá fyrir því.

Ég hefi þá stuttlega drepið á aðalatriði þessa starfs. Áformað er að reyna líka að halda uppi nokkru fræðslustarfi fyrir börnin. En þetta er byrjunarstarf, sem aðeins hefir staðið í tvö sumur. Framhaldið fer eftir því, hvernig til tekst um fjárhaginn. Og ég vænti þess, að hv. þm. sjái, að ábyrgðarhluti er að hjálpa ekki til þess, að starfið geti haldið áfram, og hvar í málum, sem menn standa, ættu allir að vera sammála um, að þetta beri að styrkja.

Hv. 5. þm. Reykv. fór nokkrum orðum um brtt. á þskj. 400, frá hv. fjhn. Sú brtt. er um barnaheimili, og eru þar sameinaðir tveir liðir á fjárhagsáætluninni, og báðir um barnavernd. Hv. þm. fór um þetta velvildarorðum og taldi nauðsyn á að styrkja þessa starfsemi í kaupstöðum landsins. Ég er fyllilega á hans máli um það. En í því sambandi vil ég minna á frv. til l., er nú liggur fyrir hv. Ed. um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga, en þeim fer nú fjölgandi með þjóðinni. Verður sífellt örðugra að ráðstafa þeim, ekki aðeins að því er snertir fæði og klæði, heldur og hitt, að þannig sé að þeim hlúð, að þau geti orðið að nýtum mönnum. Vil ég beina því til hæstv. ráðh., sem fær væntanlega þessa peninga til umráða, þó að upphæðin sé lág, að hann leggi sérstaka rækt við þessi börn. En það er kunnugt, að erfiðara er að ráðstafa þessum börnum, sem enginn vill hafa, en öðrum. Ættu þau verulegt heimili, væru þau betur farin. Ég vík aðeins að þessu, því að þetta er mál, sem ég tel, að varði þjóðfélagið miklu, enda er það eitt þeirra, sem verið hafa mín hugar og hjartans mál á þingi.

Í sambandi við brtt. hv. fjvn. legg ég til, að tekin séu til athugunar nokkur atriði. Er hér um að ræða nokkra nýja liði, sem hv. frsm. n. talaði fyrir um daginn. Ég verð að segja, að mér þótti hv. frsm. fara nokkuð fljótt yfir sögu. Að vísu þykir mörgum óskemmtilegt að sitja og hlusta á langar skýringar á þessum málum. En þau varða þó þjóðina miklu, og það er skylda hv. þm. að hlusta á það, sem um þau er rætt, ekki síður en annað. En ég sakna þess sérstaklega, að hv. frsm. gerði grein fyrir einum nýjum lið, en það er 2000 kr. byggingarstyrkur til Höskuldar Björnss. málara. Það er reyndar vorkunnar mál, þó að menn trénist upp á að tala hér fyrir sínum till. yfir tómum stólum, í klið og hávaða stundum. Ég verð að segja, að mér finnst vera losaralegri bragur á frágangi og meðferð fjárl. síðan Sþ. tók við þeim málum. Og sérstaklega verð ég að víkja að þeim losarabrag, sem mér virðist yfirleitt vera ríkjandi á þessu þingi. Það verður sízt til að auka hróður Alþingis, þó að rápið aukist og tómu stólunum fjölgi, þó að ysinn og þysinn fari vaxandi. Ég tel, að það hljóti að verða til að varpa rýrð á þessa stofnun, sem á að halda uppi hróðri íslenzku þjóðarinnar og sitja á sínum stað, meðan mál eru afgreidd.

Þá vil ég víkja að nokkru ósamræmi í fjárveitingum til einstakra manna, sem ég hefi veitt eftirtekt. Hv. fjvn. hefir lagt til, að hækkaður verði styrkurinn til eins af yngstu skáldum þjóðarinnar, Jóhannesar úr Kötlum, úr 1000 kr. upp í 2000 kr. Ég sé enga ástæðu til að rjúka nú í að hækka þennan styrk, nema ef vera skyldi til að launa honum kvæðið um hvítu rollurnar, sem kom í Iðunni nýlega. Það er að vísu gott kvæði, þó að það sé kannske ekki 1000 kr. virði. En ég vil benda á það í þessu sambandi, að við eigum líka annan mann, sem unnið hefir þjóðinni ómetanlegt gagn með sinni óviðjafnanlegu kirkjumúsík, en það er séra Bjarni Þorsteinsson. Hann er enn með 800 kr. styrk. Ég er ekki að segja, að hann þurfi á hækkun að halda. En mér fyndist það ekki óviðeigandi, þegar verið er að hækka við þessa unglinga, að jafnframt væri munað eftir þessum öldungi, sem setið hefir með hörpuna og knúið hana, svo að hljómarnir hafa borizt um víðan heim.

Ég vil ekki eyða fleiri orðum að þessum málum og læt því hér staðar numið.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Ég vil fyrst og fremst þakka hv. fjvn. fyrir það, sem hún hefir sinnt þeim málaleitunum er ég beindi til hennar, en þær voru um ábyrgð fyrir láni til Vestmannaeyjahafnar, sem hún hefir sinnt, að fullu, og svo dálítill styrkur til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum. Ég hafði farið fram á töluvert meira en n. hefir séð sér fært að veita. Það hefir aldrei verið minna en 6000 kr., sem ræktunarvegurinn hefir fengið, en n. fór niður í 300 kr. Mér er sagt, að þetta standi að nokkru leyti í sambandi við það, að í Ed. var ákveðið, að 3000 kr. af viðauka þeim, sem látinn er ganga til vega af benzínskattinum, fari til Vestmannaeyja, en ég vil benda hv. n. á það, að þegar þessi skattur var fyrst settur á, var ákveðið, að Vestmannaeyjar fengju 5000 kr. af benzínskattsviðaukanum, og er það sízt meira en borgað er þar í aukakostnað, sem mun vera um 6000 kr., svo að mér virðist þetta ekki fullgild ástæða til þess að lækka framlagið til ræktunarvegarins. Ég hefi því leyft mér að koma fram með brtt. um, að í stað 3000 kr., sem n. hefir veitt til ræktunarvegarins, verði veittar til þessarar nytsömu vegalagningar 6000 kr. eins og áður. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að fjárveitingin til ræktunarvegarins er háð því skilyrði, að Vestmannaeyjar láti fé á móti, svo að því hærri sem hv. n. hefir styrkinn, því meira verður hægt að vinna þarna.

Svo hefi ég komið með brtt. á þskj. 444 og 460, sumpart einn og sumpart í sambandi við aðra hv. þm.

Ég skal fyrst minnast á þær brtt., sem eru á þskj. 444. Fyrst er brtt. VII, um styrk til Trausta Guðjónssonar í Vestmannaeyjum til þess að fullkomna sig í smíð og viðgerð hljóðfæra. Þessi ungi maður, sem er 19 ára, er sjómaður, en sérstakur hagleiksmaður, og þó að hann hafi stundað sjó síðan um fermingu, hefir hann jafnframt gert mikið að því að endurbæta og smíða hljóðfæri, hefir t. d. unnið það afrek á þessu sviði að smíða að fullu mandólín og gítar, sem þykja mjög góð hljóðfæri. Hann hefir í hyggju að fullkomna sig í smíði og viðgerð hljóðfæra, sérstaklega strengjahljóðfæra, í Noregi og komast þar á verkstæði 4—6 mánaða tíma í sumar, og ætlar hann sér að verja til þess vertíðarkaupi sínu, en ég veit að það mun ekki ná langt til þess að gera honum námið mögulegt. Ég hefi þess vegna flutt brtt. við fjárl. um lítilsháttar styrk til þessa manns, sem að mínu áliti er einstakur á sínu sviði.

Þá hefi ég, eins og á síðasta þingi, farið fram á það, undir IX á sama þskj., að Alþ. veiti 6000 kr., og til vara 5000 kr., til þess að hjálpa Vestmannaeyingum með að afla sér neyzluvatns. Það mál er enn óleyst, og er að allra dómi mjög nauðsynlegt, að gerðar verði ráðstafanir í því efni.

Ennfremur hefi ég, undir XVIII, farið fram á, að fellt verði niður að innheimta aðflutningsgjald af járni til hafnarvirkja Vestmannaeyjakaupstaðar. Það eru 6428.14 kr., sem ríkissjóður krefst af því járni, sem flutt var inn til þess að fullkomna stórskipabryggjuna. Öll þessi mannvirki hafa kostað Vestmannaeyjakaupstað ærið fé, og kaupin á dýpkunarskipinu líka, og á því hvílir enn dálítil skuld til útlanda. Með tilliti til þeirra örðugleika, sem Vestmannaeyjakaupstaður annars hefir til þess að standa skil á öllum sínum greiðslum, væri það að minni hyggju sanngjarnt, að aðflutningsgjald til ríkissjóðs af sjálfu járninu til hafnarinnar væri fellt niður. Það þýðir ekki, að aðflutningsgjald af öllu efninu verði undanskilið, því að það er mjög mikið notað af steinlími, sem ríkissjóður fær gjöld af.

Þá vil ég geta þess í sambandi við brtt. XX, að hingað hefir borizt erindi frá Búnaðarfélagi Vestmannaeyja, áritað af ýmsum öðrum félögum í Eyjum, þar á meðal útvegsbændafélaginu og iþróttafélaginu, og meðmælum frá bæjarstjórninni, í þá átt, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir uppblástur og landbrot í Eyjum. Eins og kunnugt er, á ríkissjóður þarna allt land, og við Eyjamenn erum allir landsetar ríkissjóðs, og fara umboðsgjöldin af Eyjum sívaxandi. Gengur till. í þá átt, að ráðh. sé heimilað að gera ráðstafanir til þess að verjast landbroti og hefta uppblástur og kosta til þess einhverjum parti af umboðstekjunum, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands og ráðh. kunna að álíta nauðsynlegt. Ég nefni hér Búnaðarfélag Íslands í þessu sambandi vegna þess, að ég geng út frá því, að það, sem gert yrði til þess að verjast landbroti og uppblæstri, yrði allt gert í samráði við búnaðarfélagið. — Það er orðið mikið alvörumál, hvað sjórinn brýtur niður mikið af góðu landi, sérstaklega austan til á Eyjunum. Þetta hefir gengið svona í marga áratugi, og einhverntíma þarf að hefjast handa til þess að hefta þennan skaða á landinu, sem af þessu hlýzt.

Í fyrra voru, að tilhlutun Alþ., gerðar ráðstafanir til þess að varðveita Eiðið svokallaða fyrir sjávargangi, sem ég tel vel farið, og vona ég, að þær framkvæmdir, sem þar voru gerðar, komi bæði íbúum Eyjanna og eins eiganda landsins, ríkinu, að miklu gagni. Ekki yrði það síður þakklátt verk, ef hægt yrði að hefta landbrotið austan á Eyjunum, sem gerir þar árlega stór strandhögg og nemur burt part af sjálfum túnunum, svo að ég veit, að allir, sem til þekkja, telja þetta hið mesta nauðsynjamál.

Á þskj. 460 hefi ég leyft mér að flytja till. um, að ríkisstj. verði heimilað að endurgreiða á árunum 1938 og 1939 helming aðflutningsgjalda og álagningar grænmetisverzlunar ríkisins á útsæðiskartöflum, og fari endurgreiðslan fram fyrir milligöngu bæjar- og sveitarstjórna undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands. Það er vitað, að Alþ. gerði á sínum tíma ráðstafanir til þess að hlynna að kartöfluræktinni í landinu, og er það náttúrlega þörf ráðstöfun, að svo miklu leyti sem hún kemur að fullu gagni, en það er sá ljóður á þessum ráðstöfunum, að útsæðiskartöflur verða óhæfilega dýrar eins og nú hagar til. Ég hefi borið mig saman við forstjóra grænmetisverzlunar ríkisins, Árna Eylands, um þetta atriði og hefi fengið hjá honum upplýsingar bæði um álagningu á kartöflum yfir höfuð og eins um þá tolla,

sem nú eru af þeim greiddir í ríkissjóð. Ég skal t. d. geta þess eftir heimildum frá Árna Eylands, að af 399 sekkjum af kartöflum, sem kostuðu í innkaupi 3113,08 kr., var greitt í ríkissjóð: Leyfisgjald til gjaldeyris- og innflutnefndar, 7 kr., vörugjald 132,85 kr., verðtollur 656,55 kr., viðskiptagjald 276,45 kr. samtals 1072,85 kr. Hér við bætist svo álagning grænmetisverzlunar ríkisins, sem nemur undir venjulegum kringumstæðum um 20%. T. d. sagði hann mér, að ein tegundin, sem er mikið notuð til útsæðis og heitir Kerrs Pink, kostaði 12,26 kr. hingað komin, en væri seld á 14,50 kr., og er álagningin þar 2,24 kr. á pokann, og á annari tegund, sem kölluð er Arran Consul og kostar hingað komin 11,42 kr. en er seld út á 13,50 kr., er álagningin 2,08 kr. á poka, eða 4—5 kr. á tunnu. Þegar athugað er, hversu gífurlega há aðflutningsgjöldin eru, en þau eru um 33⅓%, og þar að auki þessi tiltölulega mjög háa álagning grænmetisverzlunarinnar, þá er það sýnt, að útsæðið verður mjög dýrt, en það er mjög óheppilegt og hlýtur að verða til þess að hindra til verulegra muna, að a. m. k. þeir efnaminni í landinu, og það munu flestir vera, sem þurfa að kaupa þessa vöru, noti sér þau ræktunarskilyrði og möguleika fyrir kartöfluræktina, sem þeir ella myndu nota, ef hóflegir tollar og hófleg álagning væri á þessari vöru. Nú vil ég taka það fram, að þó að manni þyki álagning grænmetisverzlunar ríkisins há, þá ber þess að gæta, að hér er um að ræða vöru, sem þarf að liggja með nokkurn tíma, og er mjög hætt við, að skemmist. Það skýrir þá tiltölulega háu álagningu, sem grænmetisverzlunin verður að hafa á þessari vöru. Hinsvegar er það um aðflutningsgjöldin að segja, að þau eru algerlega óverjandi á útsæðiskartöflum.

Ég hefi nú með brtt. minni farið fram á, að þeim, sem á þessu og næsta ári nota útsæðiskartöflur, verði endurgreitt sem svarar helmingi af aðflutningsgjöldum og helmingi af álagningu, og þykir mér sem ríkið sé vel sæmt af því, þótt það taki ekki nema helming af þessum háu gjöldum á útsæðiskartöflum. Einhver kann að segja að þetta sé illframkvæmanlegt, en ég held, að það sé ekki, og hefi gert tilraun til þess að benda á það með því orðalagi, sem er á brtt., að endurgreiðslan skuli fara fram fyrir milligöngu bæjar- og sveitarstjórna, undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands, svo að komið sé í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að aðstaðan sé misnotuð.

Ég skal taka það fram til skýringar, að ég hafði hugsað mér, að þetta mætti framkvæma þannig, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hvar sem er á landinu, fengju skýrslur kartöfluræktenda um það, hversu mikið þeir hefðu notað af útsæðiskartöflum á þessu tímabili, og athuguðu svo um leið, hvað stóran matjurtagarð hver skýrslugefandi hefði, til þess að hafa hönd í bagga með því, að skýrslurnar væru sem næst sanni. Þetta ætti síðan að leggja fyrir Búnaðarfélag Íslands, sem síðan gerði sínar till. til ráðh. og úrskurðaði skýrslur þær, sem bærust frá hverjum bæ og hverri hreppsnefnd á landinu.

Það kann að vera ennþá einhver hængur á þessu máli, að því er framkvæmdina snertir, í augum hv. þm., en ég hefi leitazt við að hafa þetta þannig, að þessi mjög svo nauðsynlegi stuðningur til þeirra, sem rækta vilja kartöflur, yrði ekki misnotaður.

Ásamt hv. 3. landsk. hefi ég flutt brtt. við fjárlögin um, að stj. sé heimilt að leyfa skipaútgerð ríkisins að greiða Guðbjarti Guðbjartssyni, vélstjóra á varðskipinu Þór, eftirlaun, er hann lætur af starfi, eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir vélstjórum sínum, og sé sú upphæð færð á útgjaldalið varðskipanna. — Guðbjartur Guðbjartsson, sem er elzti vélstjóri á landinu, er búinn að vera í þjónustu ríkisins og Björgunarfélags Vestmannaeyja í 19 ár, og verður sennilega, áður en hann fellur fyrir þessu svo kallaða aldurstakmarki, ef honum endist líf, búinn að vera um eða yfir 20 ár í þeirri þjónustu, þegar hann lætur af stjórn. Þar á undan var hann vélstjóri á togara, og mun hafa verið á fyrsta togaranum, sem var hér við land. Hann er, ef svo mætti segja, aldursforseti íslenzkra vélstjóra.

Við þetta tækifæri vil ég láta það í ljós, að meðan þessi maður starfaði við Björgunarfélag Vestmannaeyja, stóð hann prýðilega í sinni stöðu, og ég efa ekki, að hann hafi gert það seinna, eftir að hann komst í ríkisins þjónustu, en hvað alla yfirmenn á skipi björgunarfélagsins snertir, þá var samkomulag um þá alla, þegar ríkið yfirtók Þór, að þeir nytu aldurslauna sinna, hvað ríkið áhrærir, frá þeim tíma, er þeir höfðu gengið í þjónustu björgunarfélagsins.

Það er fordæmi fyrir því, og má finna í fjárlögum, að ekkjum stýrimanna á skipum ríkisins hafa verið úrskurðuð eftirlaun af Alþ. eftir þeirri reglu, sem gildir í þessu efni, að því er snertir skip Eimskipafélags Íslands, og okkur flm. þótti réttast að benda á þá reglu til fyrirmyndar í sambandi við þann vélstjóra, sem hér um ræðir.

Þá flyt ég ásamt hv. þm. Borgf. brtt. við fjárl. á þskj. 444, XVII, um heimild handa ríkisstj. til þess að verja allt að 52000 kr. til dýpkunar á höfninni á Raufarhöfn og taka lán í því skyni, ef með þarf.

Fyrir hv. fjvn. lá erindi frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem fór í þessa átt, og brtt. er hér flutt vegna þess, að hv. fjvn. hafði ekki, svo að vitað væri, þegar við sendum brtt. í prent, tekið upp þær till., sem stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði gert um dýpkunarframkvæmdir á Raufarhöfn, en öllum hv. þm. er kunnugt um, að á síðasta þingi var samþ. að heimila ríkisstj. að byggja síldarverksmiðju á þessum stað.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp lítinn kafla úr erindi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins til hv. fjvn. um sjálfa dýpkunina á Raufarhöfn. Þar segir svo:

„Frumvarp um hafnargerð á Raufarhöfn liggur nú fyrir Alþingi, og eru allar líkur til þess, að það verði samþ. Í frv. er gert ráð fyrir allt að kr. 180000 kostnaði við hafnargerð á Raufarhöfn, og ríkissjóður greiði ⅔ hluta kostnaðar, eftir því sem fé sé veitt til þess á fjárlög-

um. Af umræddum kr. 180000 eru kr. 130000 ætlaður til dýpkunar hafnarinnar, en kr. 50000 til bryggjugerða. Það framlag, sem verksmiðjustjórnin fer fram á, er miðað við dýpkunina eina, því að vér teljum, að nægilegt sé, til að *byrja með, að dýpka höfnina*, þar eð síldarverksmiðjur ríkisins muni sjálfar byggja á sinn kostnað nægilegar bryggjur fyrir starfrækslu sína þar, og jafnvel geta veitt öðrum afnot af bryggjum sínum, þegar það kemur ekki að sök fyrir rekstur verksmiðjanna.

Síðasta Alþingi samþ. lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er ynni úr 2500 málum síldar á sólarhring, og byggingu skyldi eftir föngum hagað þannig, að auðvelt væri að stækka verksmiðjuna. Sigling til Raufarhafnar hlýtur að aukast mjög, er hin nýja verksmiðja tekur til starfa, sem vænta má, að verði sumarið 1939. Væri þá til mikils hagnaðar og hægðar auka fyrir alla aðilja, að fullkomin dýpkun hafnarsvæðisins hefði þá farið fram.

Að áliti vitamálaskrifstofunnar bendir allt til þess, að nota mætti sanddælu þá, sem til er í Vestmannaeyjum, til þess að framkvæma þetta verk. Nú vill svo vel til, að hægt er að fá sanddælu þessa leigða á sumri komanda og fram á vetur, til þess að framkvæma dýpkunina. Þótt fjárveiting sé ekki fyrir hendi í ár, telur verksmiðjustjórnin mjög líklegt, að takast megi að framkvæma dýpkunina á þessu ári, ef framangreind fjárveiting verður tekin upp á fjárlögin fyrir árið 1939".

Ég skal svo ekki þreyta hv. Alþm, með því að lesa meira upp úr þessu erindi, en bæta því við frá eigin brjósti, að þar sem lagfæring hafnarinnar á Raufarhöfn er aðallega í því fólgin að dýpka hana, og þar sem alveg víst má telja, að síldarverksmiðja sú, sem hér um ræðir, verður byggð á Raufarhöfn, væri mjög hagkvæmt og mikið búvit í því fyrir ríkisstj. að nota einmitt sumarið í sumar til þess að dýpka höfnina á Raufarhöfn, svo að því verki væri lokið um það bil, sem verksmiðjan kemst upp, Þarf þá ekki á því að standa, að hvert og eitt skip, sem vill leggja síld á land, geti notað höfnina.

Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að Vestmannaeyingar mundu vera fúsir til að leigja stj. í sumar dýpkunarskip sitt til þessa verks, og ennfremur, að hægt mundi verða að komast að hagkvæmum samningum við þá um greiðslu á leigu skipsins, þannig að það þyrfti ekki að borgast út í reiðufé samstundis annað en það, sem beinlínis færi í mannakaup — 5 manna áhöfn —, olíu og annað slíkt. Ég teldi mjög heppilegt, að það yrði einmitt að ráði að nota skipið nú í sumar til þessa verks, eins og sú háttv. stj. síldarverksmiðja ríkisins hefir lagt til.

Um nauðsynina að öðru leyti fyrir síldarflotann fyrir verksmiðju á Raufarhöfn þarf ég ekki að fjölyrða. Hún hefir verið viðurkennd af Alþingi með þeirri samþykkt, sem gerð var á síðasta þingi, um að heimila ríkisstj. að byggja verksmiðju á þessum stað.

Ég held, að ég hafi þá minnzt á þær brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja eða er að öðru leyti við riðinn. Ég hefði gjarnan kosið að þingsalurinn hefði verið betur skipaður, þegar hv. 2. landsk. þm. talaði fyrir sínum till. hér fyrir stundu. Hv. 2. landsk. hefir barizt *sí og æ á Alþingi* fyrir því að líkna þeim, sem e. t. v. eru bágstaddir í þjóðfélaginu, þeim sem hafa fallið, ef svo mætti segja, fyrir ofurborð vegna áfengisnautnar, og þeim, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðhlynningar þjóðfélagsins við. Hv. 2. landsk. þm. hefir flutt till. um, að verja hluta af ágóða áfengisverzlunarinnar til þess að koma upp hvíldar- og lækningahæli fyrir drykkjumenn. Hér á landi er enginn staður til, sem sérstaklega er helgaður þessu starfi, en meðal annara þjóða er um marga slíka staði að ræða. Ég tel alveg víst, að hver einn og einasti þm., sem gerir sér ljóst, þótt ekki sé nema brot af því ástandi, sem ríkir í misnotkun áfengis hér á landi, muni vera, í hjarta sínu a. m. k., alveg fylgjandi brtt. hv. 2. landsk. þm. Og hinsvegar tel ég mjög æskilegt, að þessi tilfinning fyrir því nauðungarástandi, sem er á þessu sviði, verði þess valdandi, að hv. þm. greiði brtt. hv. 2. landsk. atkv.

Ég skal játa, að ég var einn af þeim, sem á sínum tíma höfðu þá trú, að það væri þýðingarlaust að berjast gegn áfengisnautninni með banninu svo kallaða, og einn af þeim, sem hafa fagnað yfir því, að breytt var til, í þeirri von, að notkun áfengis yrði skaplegri og færi fram með siðaðri hætti heldur en þegar bannið var *í algleymingi*. Ég tel *engan tíma* til kominn að leggja dóm á, hvort sú ráðstöfun hafi verið rétt, að afnema bannið. En það eitt tel ég þó fyllilega komið á daginn, að þjóðfélaginu ber rík skylda til þess um leið og það tekur stórfúlgur af þeim, sem kaupa áfengi og neyta þess, að gera þær ráðstafanir, sem í þess valdi standa, til að draga eitthvað úr því böli, sem af misnotkun áfengis leiðir. Og þetta er einmitt það, sem hv. 2. landsk. leggur til með brtt. sínum, sem eru í alla staði mjög hóflegar.

Hv. 2. landsk. minntist á fleiri atriði, sem ekki snerta þá, sem hafa orðið illa úti vegna áfengisnautnar; hann minntist á starfsemi mæðrastyrksn. í Hveragerði. Þeir hv. þm. Seyðf. og hv. 3. landsk. flytja till. um styrk til þessarar n. Ég skal játa, að ræða hv. 2. landsk. um þetta mjög svo merkilega og mannúðlega starf gaf mér yfirlit yfir þá miklu blessun, sem af slíku starfi hlýtur að leiða, betra yfirlit en ég hefi hingað til átt kost á að fá. Ég er sannfærður um, að hv. 2. landsk. hefir rétt fyrir sér, þegar hann mælir með því, að þessi brtt. verði samþ.

Ég vil að síðustu víkja að því aftur, sem ég byrjaði á ræðu mína að biðja hv. alþm. að ljá lið sitt til þess, að Trausti Guðjónsson, þessi merkilegi og einkar hagi söngelski sjómaður í Vestmannaeyjum, verði veittur þessi 5—600 kr. styrkur, sem ég fer fram á, svo að honum verði unnt að afla sér framhaldsmenntunar í smíði strengjahljóðfæra og viðgerð á þeim, sem hann hefir lagt svo mikla stund á að afla

sér. Ég vil bæta því einu við, að ég þekki piltinn persónulega og tel víst, að hann verði þjóð sinni hvarvetna til sóma og að af honum muni margt gott geta leitt í þessu þjóðfélagi.

***Sigurður E. Hlíðar:** Herra forseti! Ég á ekki margar till. til hækkunar á fjárlagafrv., en þessar fjórar till., sem ég leyfi mér að flytja, eru á þskj. 425, og ber ég eina þeirra fram í félagi við hv. 8. landsk., XI. Sú till. er við 13. gr. B. 2 og er svipuð brtt., sem ég bar fram á síðasta þingi. Hún fer fram á að hækka liðinn um flóabátaferðir norðanlands um 1500 kr. Eins og hv. þm. e. t. v. muna, var gerð sú breyt. á þessum ferðum Norðurlandsbátsins, sem fór frá Selvík á Skaga og austur á Raufarhöfn og Þórshöfn, að Skagafjarðarferðirnar voru teknar undan af samvinnun. samgöngumála, vegna þess að komið varð á sérstökum bátsferðum um Skagafjörð í sambandi við flutninga á mjólk o. fl. til Siglufjarðar. En svo var til þess ætlazt, að Norðurlandsbáturinn, sem um langan aldur hafði verið eini flóabáturinn þar nyrðra og haft 13000 kr. styrk, væri látinn halda þeim styrk, þótt Skagafjarðarferðirnar félli niður, með því skilyrði, að hann færi til Seyðisfjarðar. Nú er það vitanlegt öllum þeim, sem til þekkja, að ferðirnar vestur á Sauðárkrók eru ekki eins kostnaðarsamar eins og ferðirnar frá Þórshöfn austur á Seyðisfjörð, þótt þörfin sé sízt minni á því svæði. Þessi leið er miklu torsóttari en vestur á bóginn, og það er í raun og veru ekki nema bjarnargreiði að þessari breyt. — Ég held, að allir, sem til þekkja þarna norður frá, hljóti að sjá, að hér er um sanngirnismál að ræða.

Þá kem ég hér að annari brtt. á þskj. 425 XX, sem er gamall kunningi á þingi. Fyrirrennari minn, fyrrv. þm. Ak., hr. Guðbrandur Ísberg, flutti á nokkrum þingum beiðni f. h. bæjarstjórnarinnar á Akureyri um styrk til sundlaugarinnar þar. Tókst honum að fá tvisvar 5000 kr., eða alls 10000 kr. Nú var það hálfgerðum loforðum bundið, að eitthvert framhald skyldi verða á þessum styrk. Mér heppnaðist ekki á síðasta þingi að koma þessu í kring, og fer ég því fram á það enn. Ég vil benda hv. þm. á, að hér er um sanngirnismál að ræða, sérstaklega ef umræddur styrkur er borinn saman við styrki til annara sundlauga hér á landi. Sundlaugin á Akureyri er talin sú langfremsta sundlaug, sem við eigum. Fyrir þremur árum lagði bærinn hitavatnsleiðslu til hennar, og mun kostnaðurinn nú nema 100000 kr. Það ættu því flestir að geta séð, að bærinn á að fá meiri opinberan styrk til þessa fyrirtækis, og mér hefir verið sagt, að það hafi verið hugmynd fjvn. áður fyrr, að styrkveitingum til þessarar laugar skyldi haldið áfram, þar til Akureyri hefði fengið 30 þús. kr. En sem sagt, 10 þús. kr eru komnar, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að ef þessi 5 þús. fengjust nú, myndi bæjarstjórnin gera sig ánægða með það og ekki fara fram á frekari styrk. Ég vona þess vegna, að hv. þm. liti í náð til till. og samþ. þessi 5 þús., svo að það sé úr sögunni.

Þá eru hér enn á sama þskj. tvær smábrtt. við 15. gr. 44,XXII. Önnur er um, að veita Hallgrími Valdimarssyni 500 kr. styrk í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þágu leiklistarinnar. Mér er kunnugt um nokkra hv. þm., sem þekkja þennan mann og vita um hans störf. Hann er nokkuð roskinn og hefir milli 30—40 ár helgað starfskrafta sína í þágu leiklistarinnar. Hann hefir látið mest til sín taka á Akureyri á þessu sviði, og mér er óhætt að segja, að hann hafi ekkert borið úr býtum fyrir þetta verk, heldur rækt það af einskærum áhuga. Þess vegna datt mér í hug að fara fram á, þótt ekki væri meira en 500 kr. í viðurkenningarskyni til þessa manns. Bak við þessa beiðni eru áskoranir frá mörgum málsmetandi mönnum á Akureyri um framhaldsstyrk, nokkurskonar ellistyrk, handa þessum manni. Ég mæli sérstaklega með því, að honum verði veittar þessar 500 kr., þótt ekki væri nema í eitt skipti fyrir öll. Ég veit, að það eru margir sammála mér um, að Hallgrímur Valdimarsson sé vel að því kominn. — Hin brtt., sem ég minntist á, er um 1500 kr. námsstyrk handa Gróu Torfhildi Jónsdóttur. Það er stúlka, sem á heima hér í bænum, býr með móður sinni, fátækri ekkju, systur Einars Jónssonar. Þessi stúlka er þurfandi fjár og sérstaklega þurfandi fyrir frekari menntun á sviði hljómlistarinnar. Hún er búin að ljúka fullnaðarprófi við tónlistarskólann hér og hefir fengið glæsileg meðmæli tveggja kennara sinna. Og þeir, sem til þekkja, álíta mikinn skaða, ef hún gæti ekki fengið tækifæri til að afla sér frekar menntunar á þessu sviði.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessar brtt. Það verður ekki sagt, að ég sé frekur til fjárins, og hafa þar margir gengið lengra. Ég vona, að það verði tekið mildum höndum á þessum brtt. mínum og að þær nái fram að ganga.

Annars vil ég taka undir það með hv. 2. landsk., að það er til lítils að vera að mæla með till. sínum fyrir næstum tómum bekkjum. Við erum hér í Sþ., og það er ekki nema ¼—⅕ hluti þm., sem hlustar. Tilgangurinn með því að mæla með brtt. er sá, að reyna að hafa áhrif á þm. Það má kannske segja þessu kæruleysi þm. til afsökunar, að það sé einveldi n., sem öllu ráði, komist varla nokkurt mál í gegn, nema n. mæli með því. En til hvers er þá að gefa okkur tækifæri til að koma með brtt., ef ekki á að taka neitt tillit til þeirra, þegar þær eru bornar fram af einstökum mönnum.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég ber fram tvær örsmáar brtt. Önnur er á þskj. 425, XVII, um styrk til efnilegs manns, Friðgeirs Grímssonar í Hafnarfirði, til að nema útreikning og tilbúning véla. Hann ætlar sér að stunda nám í Þýzkalandi, er vélstjóri að iðn og hefir ágæt meðmæli kennara sinna og eins frá þeim mönnum, sem hann hefir unnið hjá síðar. En þar sem hann er fjölskyldumaður, sér hann sér ekki fært að sigla, nema fá ofurlitinn styrk, og hefi ég farið fram á 1000 kr., og til vara 500. Það má segja það sama um þennan lið og sagt hefir verið um ýmsa aðra, að til þessa þurfi erlendan gjaldeyri, og menn vilji þess vegna skera hann niður. En ég ber það traust til hv. þm.,

og ekki sízt stjórnarfl., að þeir samþ. þessa fjárveitingu, því að það kom bezt fram í málgagni Framsfl., Nýja-dagblaðinu, um daginn, að þeir litu með fullri sanngirni á þetta mál. Ég get ekki stillt mig um að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, kafla úr grein, sem stóð í þessu blaði 4. maí og er á þessa leið: „Þær raddir hafa heyrzt, að rétt myndi að takmarka sem mest námsferðir meðan gjaldeyrisörðugleikarnir haldast. Slíkt tal virðist ekki hafa við rök að styðjast. Það, sem þjóðina vantar, er aukin verkleg menning, og margir þessara manna stunda einmitt þesshátt nám. Væri það fullkomið óráð að varna ungum mönnum að leita sér slíkrar þekkingar og ber frekar að styrkja þá til þess.

Þjóðin getur áreiðanlega sparað margt, sem hún ver til erlendum gjaldeyri nú, en ekki þau framlög, sem renna til þess að veita efnilegum æskumönnum víðtækari þekkingu en fáanleg er hér. Slíkur sparnaður myndi reynast henni dýrkeyptur í framtíðinni."

Þegar slík ummæli og þessi koma fram í aðalmálgagni stj., vonast ég eftir því, að hennar flokksmenn líti á þetta með sanngirni og samþ. till. Ég vonast til þess, að stjórnarflokkarnir líti með velvilja á þessa litlu brtt. og hún verði samþ.

Önnur brtt., sem ég vildi mæla fyrir, er á þskj. 460, IV. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir hv. fjvn. tekið upp styrki til einstakra íþróttafélaga á þskj. 400. Og ég býst við, að það hafi verið af einskærri vangá, að Hafnfirðingum er þar sleppt. Því að vitanlega á Hafnarfjörður ekki síður rétt á styrk, en aðrir kaupstaðir, eins og Vestmannaeyjar, Ísafjörður, Seyðisfjörður og ýmsir fleiri bæir. Þar eru, eins og kunnugt er, ýmis félög, sem stunda íþróttir, s. s. leikfimisfélög, sundfélög og knattspyrnufélög. Það, sem ég fer fram á, er, að þau fái jafna fjárveiting og hinir kaupstaðirnir fá í þessu skyni. En til þess að ákveða, hve mikið falli í hlut hvers félags, tek ég upp það úrræði, að íþróttaráð Hafnarfjarðar ákveði skiptinguna. — Ég vonast til þess, að hv. fjvn. og allt þingið verði sammála um að láta þessa till. mína verða fyrir sömu afgreiðslu og hinar aðrar till., sem ég minntist á, því að það er fullkomin sanngirni, að þær gangi fram.

Þó að mig hefði langað til að minnast á ýmsar aðrar brtt., sem ég vildi leggja lið, ætla ég að láta staðar numið vegna þess, hve framorðið er, og ég býst við, að hæstv. forseti vilji fara að slíta fundi.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 7. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

*Árni Jónsson: Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð um þær brtt., sem ég flyt hér á þskj. 494 og 460; að tveimur er ég fyrri flm., en þriðju till. flyt ég ásamt tveim öðrum þm.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 494, sem er um 500 kr. ritlaun handa Guðfinnu Þorsteinsdóttur, er gefið hefir út kvæðabók undir nafninu „Erla". Það er nú ákaflega mikið gefið út af kvæðabókum um þessar mundir, og ég býst við, að fleiri en ég verði oft fyrir vonbrigðum, þegar slíkar bækur koma fyrir sjónir manna, en svo var ekki með þessa bók, heldur þvert á móti. Ég — sem þekki ofurlítið til um hagi þessarar konu — varð satt að segja alveg undrandi yfir því, hvað bókin var góð, snjöll og skáldleg, hagmælskan mikil og hugmyndaflugið auðugt. — Þessi kona, sem hér á hlut að máli, er fátæk barnakona, gift einyrkja í Vopnafirði. Ég hygg, að hún sé 10 barna móðir, og þarf því ekki að lýsa því, hvílíkum önnum slík kona er hlaðin og áhyggjum hún á við að búa í lífsbaráttu sinni. Þess vegna mátti búast við því, að ekki væri um dýrgripi að ræða frá hendi slíkrar konu, sem frá almennu sjónarmiði vissulega hefir ekki mikil skilyrði til þess að skapa listaverk. Hún hefir í þessari bók sjálf lýst högum sínum ofurlítið. Það hefðu verið ákaflega góð meðmæli með þessari bók, ef maður vildi eyða tíma þingsins til þess að lesa upp nokkur kvæði úr henni, og ég skal ábyrgjast, að það hefðu verið beztu meðmælin, sem ég hefði getað borið fram með þessari till. En ég ætla nú samt ekki að eyða tíma þingsins í það, vegna þess að mér er kunnugt um, að þessi bók er í höndum margra hv. þm., og þeir geta því af eigin reynd kynnt sér hana. Ég ætla þó aðeins að lesa upp úr tveimur smákvæðum. Hið fyrra heitir *„Höll og hreysi"*:

Inni logar lampatýra í lágum ranni.
Lýsa striti' og örbirgð inni
illa vistleg húsakynni.

Baðstofan er átta álna, örmjó kytra.
Þar er miðstöð allra anna;
einnig býr þar tugur manna.

Út um gluggann oft ég stari annars hugar.
Hreysið lága hverfur sýnum.
Höll þar birtist sjónum mínum.

Hitt kvæðið, er ég vildi lesa upp fáein erindi úr, heitir *„Við hliðið"*:

Nú leyst hafði dauðinn öll líkamans bönd,
og liðin var sálin til hæða,
en þrátt fyrir kviðann, sem þjakaði önd,
hún þráði við skiptin að græða.
Hún staðnæmdist utan við harðlokuð hlið
og hugsar með skelfingu' um Pétur,
sem stendur þar allsherjar-vigtina við
og vegur hvern syndara og metur.

Hún vissi ekki raunar hvað reikningnum leið,
sem ritaður geymdist á hæðum,
en hórsekra galopið helvíti beið;
það heyrði' hún af mannanna ræðum.
Hún gekk þess ei dulin, að dæmd var hún hart
í dómstólum þeirra á jörðu.
Þótt brytu þeir sjálfir svo mikið og margt,
það mildaði ei dómana hörðu.

Hún drepur með varúð á himinsins hlið
og hneigir sig djúpt fyrir Pétri
og reynir að hugga sig vonina við,
að verði hann mönnunum betri,

en postulinn kveðjunni tæplega tók,
er til hans hún augunum renndi;
hann fletti í sífellu blekugri bók
með bleikri og skininni hendi. —

Ég ætla nú ekki að lesa meira, þótt úr miklu sé að velja, því að í þessari bók mætti benda á mörg kvæði, sem standast samanburð við kvæði þeirra manna, er talin eru í þjóðskáldaröð. Hagmælskan í ferskeytlunum t. d. er svo mikil, að menn eins og Jón Bergmann og Örn Arnarson gætu verið fullsæmdir af. — Ég tel rétt að geta þess, að þótt þessi kona hafi lítið látið á sér bera, þá hefir hún þegar vakið á sér svo mikla athygli, að menningarsjóður hefir veitt henni 500 kr. styrk. Það er mjög þakkarvert, því að í því felst viðurkenning á því, að hér sé ekki um alvanalegt verk að ræða, heldur muni það skara nokkuð fram úr.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. En mér hefir verið bent á það, að ef til vill væri ekki heppilegt til að byrja með að fara fram á það, að þessi kona verði sett inn á 18. gr., eins og ég hefi gert að till. minni — og ég veit, að verður, þegar fram líða stundir —, heldur 15. gr., og mun ég bera fram skriflega brtt. um þetta. Geri ég mér þá fyllilega vonir um, að þessi litla brtt. mín nái eindregnu samþykki hér á Alþ.

Þá á ég hér aðra brtt. á þskj. 460, VI, sem er um 1200 kr. — og 1000 kr. til vara — handa Brynjólfi Þorlákssyni söngkennara. Hann er nú mörgum hv. þm. — sérstaklega þeim eldri — að góðu kunnur frá gamalli tíð, því að fyrir 20—30 árum var það einmitt sá maðurinn, sem hélt uppi sönglífi bæjarins. Hann var þá söngstjóri í einu vinsælasta söngfélagi bæjarins, „Kátir piltar". Og þó að mönnum kunni nú að hafa farið fram að ýmsu leyti í söngteknikinni, ef svo mætti að orði komast, þá hygg ég, að vart hafi heyrzt hér öllu skemmtilegri og hressilegri söngur heldur en hjá þessu félagi, sem óhætt er að fullyrða um, að ekki hafi kafnað undir nafni sínu. Annars var Brynjólfur hér organisti við dómkirkjuna, kennari við barnaskólann, kvennaskólann og menntaskólann, og get ég borið um það af eigin reynd frá minni skólatíð þar, hvílíkan áhuga hann hafði á því að efla og þroska sönglist og sönglíf meðal skólapilta. — Það vill nú svo til, að hér á Alþ. eiga sæti 10—12 menn, sem notið hafa tilsagnar þessa söngkennara, og ég efast ekki um, að þeir muni allir vilja minnast síns góða og gamla söngkennara með þakklæti fyrir þá leiðbeiningu, sem hann hefir gefið þeim í þessari list. Ég hefði gaman af að telja þessa menn upp, og vil ég fyrst nefna hæstv. forsrh., hv. þm. V.-Ísf., sem er einn af skólabræðrum mínum, hv. þm. Hafnf., hv. 9. landsk., hv. 2. þm. Rang., og ekki má gleyma hv. 3. þm Reykv. og formanni Sjálfstæðisfl., hv. þm. G.-K., eða borgarstjóranum í Reykjavík, sem er kunnur söngmaður; þá má og nefna hv. 6. landsk., og loks síðast, en ekki sízt landlækni, sem var einn af snjöllustu nemendunum. Ég efast ekki um, að allir þessir hv. þm. munu vera á einu máli um það, að Brynjólfur Þorláksson hafi verið hinn ágætasti kennari í sinni grein, og að þeir muni láta hann njóta þess, þegar hann á efri árum sínum sækir um ofurlítinn ellistyrk. — Ég efast ekki um, að ef svo hefði verið komið fyrir 25 árum, að áhugi manna á karlakórssöng hefði verið eins mikill og nú, þá hefði aldrei komið til þess, að hann hefði orðið að flýja land. Það fór svo, að hann fluttist vestur um haf árið 1914, og var í kringum 20 ár í þeirri útlegð. En því fór fjarri, að hann hvikaði frá stefnu og áhugamáli. Hann hefir unnið allra manna mest að því að efla sönglist meðal íslenzka þjóðarbrotsins vestan hafs, og ég hefi séð ummæli þarlendra manna um það, að hann hafi reynzt þar frá þjóðernislegu sjónarmiði einhver okkar bezta stoð. — Þá vil ég geta þess, að með umsókn Brynjólfs liggja mjög lofsamleg ummæli og eindregnar áskoranir til Alþ., um að verða við þessari ósk hans, frá 20 söngkennurum og söngstjórum.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en ég vona, að hv. þm. taki vel undir þessa málaleitun.

Að endingu er ég svo ásamt tveimur þm. Reykv. flm. að till. á þskj. 460, III, um 5000 kr. handa Íþróttafélagi Reykjavíkur til kaupa á Kolviðarhóli. Ég geri ráð fyrir að aðalflm. till. skýrt nánar frá þessu máli. Ætla ég þess vegna ekki að tala meira um það. Ég geri mér vonir um, að þessar litlu brtt., sem ekki munar mikið um, þó að bætist á fjárl., nái fram að ganga.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég á hér tvær brtt. við fjárl. Önnur er á þskj. 425, XXVII, um það að veita Ásgeiri Þ. Ólafssyni dýralækni utanfararstyrk til þess að kynna sér loðdýrasjúkdóma og meðferð á þeim. Þessi brtt. lá fyrir síðasta Alþ., og var þá flutt samkv. beiðni Búnaðarsambands Borgarfjarðar, og var lögð fyrir hv. fjvn. með eindregnum meðmælum frá landbn. Ástæðan til þess, að óskað hefir verið eftir því, að Ásgeir Þ. Ólafsson færi utan til þess að kynna sér meðferð á loðdýrasjúkdómum og lækning á þeim, er sú, að eitt af þeim ráðum, sem upp hafa verið tekin til þess að reyna að byggja upp aftur atvinnurekstur manna, sem á fjárpestarsvæðunum búa, sem a. n. l. hefir hrunið vegna veikinnar og afleiðinga hennar, er það, að menn hafa farið meir og meir að stunda loðdýrarækt. Og þá er öllum hv. þm. ljóst, hversu mikil nauðsyn er á því fyrir íbúa þessara svæða, að maður með sérþekkingu á loðdýrasjúkdómum og meðferð þeirra geti veitt þessum mönnum aðstoð sína. Þetta verður sérstaklega aðkallandi, ef loðdýraræktin gæti að einhverju leyti byggt upp aftur það, sem hrunið hefir af atvinnumöguleikum manna á þessum svæðum, og er þá öllum hv. þm. ljóst, að hér er ekki kostað of miklu til þess, að loðdýrastofninn falli ekki eins og sauðfjárbústofn manna á þessum svæðum hefir fallið, þó að bændur á þessum svæðum geti fengið að njóta þess að hafa dýralækni með sérþekkingu á loðdýrasjúkdómum og meðferð þeirra. Þessi till. náði samt ekki fram að ganga á síðasta þingi. Ég bar þetta fram í upphafi þess og það lá fyrir hv. fjvn. Á fjárl. fyrir árið 1939 var svo öðrum manni veittur utanfararstyrkur í þessu skyni. Nú skal ég ekkert um

það fullyrða, hvort þörf er á að veita þeim manni þann styrk. En ég fullyrði, að það er a. m. k. jafnmikil þörf að veita þessum manni þennan styrk í þessu skyni. Þessi dýralæknir er orðinn 11 ára gamall í starfinu. Og dýralæknum er nauðsynlegt að fylgjast með því, sem gerist í þeirra fræðigrein, rannsóknum og uppgötvunum og öðru. Þar við bætist, að dýralæknir sá, sem ég flyt brtt. um, að fái utanfararstyrk, er einmitt á því svæði, þar sem loðdýrarækt hefir verið mest undanfarin ár og a. n. l. fyrir tilstuðlun hins opinbera. En hún er aftur á móti mjög skammt á veg komin austanlands, þar sem sá dýralæknir situr, sem nú hefir hlotið náð fyrir augum hæstv. fjmrh.

Það er kunnugt, hvernig litið hefir verið á dýralækna sem slíka af mörgum hér á landi. Það hefir verið sagt, að lítið gagn væri að starfi þeirra, að því leyti að bændur væru lítið betur settir með að hafa þá, þó að veiktist skepna hjá þeim, fyrir það hve dýrt og erfitt væri að sækja þá, og líka hitt, að bústofn okkar væri svo lítils virði, að í mörgum tilfellum borgaði það sig betur að slátra húsdýrinu heldur en að sækja dýralækni. Það kann að vera nokkuð satt í þessu. En málið horfir allt öðruvísi við að þessu leyti, þegar um loðdýrin er að ræða, því að þar er hver einstaklingur svo dýrmætur, að það verður að leita allra ráða til þess, að enginn þeirra veikist eða drepist. Þess vegna vil ég segja það, að ef dýralæknar hafa ekki átt tilverurétt hér á landi, þá eru þeir algerlega búnir að fá hann með aukningu loðdýraræktarinnar, því að þar verður að nota meiri þekkingu, til þess að sá dýri bústofn, sem loðdýrin eru, ekki hrynji niður. — Ég bar fram þessa brtt. á þskj. 425, eftir að aðalbrtt. hv. fjvn. voru komnar fram, vegna þess, að það er nú svo, að þessi styrkur var ekki á því plaggi. Þetta mun hafa verið af vangá hjá hv. fjvn., því að á þessu sama þskj. kemur till. frá fjvn. um, að þessi maður fái 1000 kr. styrk. Ég sá þó ekki ástæðu til að taka mína brtt. aftur, því að ef utanför þessa manns á að verða að nokkru liði, þá þarf hann að fara bæði til Noregs og Þýzkalands til að kynna sér allt, sem lýtur að því, sem hann þarf að kynna sér um loðdýrasjúkdóma og meðferð þeirra, og þá er honum ekki unnt að komast af með styrk til þessara ferða, ef hann verður ekki meiri en 1000 kr. Af því að maðurinn er fátækur, tel ég líklegt, að hann geti ekki notað þennan styrk til utanfarar, nema hann verði hækkaður upp í 1500 kr. Ég vænti þess, að hv. þm. skilji svo nauðsyn þessa héraðs á því, að íbúar þess missi ekki loðdýrastofn sinn í viðbót við allt annað tjón, sem þeir hafa orðið fyrir, að þeir veiti nú þessum manni þennan nauðsynlega styrk.

Hin brtt. mín er á þskj. 444, um flóabátaferðir. Undanfarin ár hefir sá bátur, sem ég hér geri brtt. um styrk til, verið í nál. samvinnun. samgöngumála kallaður Mýrabáturinn. Hann hefir notið styrks til flutninga á milli Mýra vestanverðra annarsvegar og Reykjavíkur, Akraness og Borgarness hinsvegar. Maður hefir verið fenginn héðan úr Reykjavík til þess að halda uppi þessum flutningum. En nú treystir hann sér ekki til að halda ferðunum uppi fyrir svona lítinn styrk. Margir hafa farið fram á, að ég færi fram á styrk til þess, að hægt væri að halda uppi þessum ferðum og að fá hann hækkaðan. Ég taldi ekki unnt að fá styrkinn hækkaðan. En hitt kom mér mjög á óvart, þegar samgmn., án þess að kynna sér málið með viðtali við mig, hefir farið fram á, að styrkurinn lækkaði í stað þess að hann ætti að hækka. Þessi lækkun, sem hv. samgmn. gerir ráð fyrir, er 100 kr. Það búa milli 20 og 30 bændur þarna á ströndinni. Og allir, sem eitthvað hafa kynnt sér landshætti hér á landi, vita, að það geta varla verið örðugri samgöngur til á landinu heldur en eru til og frá þessari strönd landleiðina á vorin og haustin, því að Mýrarnar eru mjög illar yfirferðar. Allir þessir bændur, 20 til 30, sem búa þarna með ströndinni, hafa notað þennan bát til þess að koma frá sér og ná til sín þungavörum haust og vor. Það yrði því ákaflega mikill hnekkir þessum bændum, ef þessi styrkur lækkaði, eins og samgmn. fer fram á, og þeir fyrir það yrðu af þessum styrk til þessara flutninga. Þegar ég sá, að hv. samgmn. lagði til, að þessi styrkur lækkaði, sá ég mér ekki annað fært en að gera till. um, að hann yrði hækkaður nokkuð. Samgmn. lagði til, að styrkur þessi yrði lækkaður niður í 400 kr., úr 500 kr. En ég geri till. um, að hann verði hækkaður upp í 800 kr., en til vara, að hann verði hækkaður upp í 600 kr. Verði varatill. samþ., þá nemur hækkunin aðeins 100 kr., frá því sem verið hefir. — Ég vil vona, að hæstv. Alþ. líti með sanngirni á þetta mál og veiti hér umtalaða hækkun á þessum styrk, sem er svo nauðsynlegur bændum á þessu svæði og þeir hafa haft að undanförnu.

Hér er á þskj. 460, VIII, brtt. frá hv. þm. Vestm., sem hljóðar um það, að ríkisstjórninni sé heimilt að endurgreiða á árunum 1938 og 1939 helming aðflutningsgjalda og álagningar grænmetisverzlunar ríkisins á útsæðiskartöflum, og að endurgreiðslan fari fram fyrir milligöngu bæjar- og sveitarstjórna, undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands. Ég er alveg samþykkur hv. þm. Vestm. um, að þess sé mikil þörf, að endurgreiddur verði þessi hluti, sem þarna er um að ræða. Það hefir hvað eftir annað komið í ljós á síðustu árum, að mikið vantar til þess, að landsmenn framleiði nægilega mikið af kartöflum til þess, að ekki þurfi að flytja inn kartöflur frá útlöndum, fyrir utan þá stórkostlegu neyzluaukningu á kartöflum, sem mætti koma á hér á landi, ef nægilega mikið væri framleitt af þeim í landinu. Þess vegna verður á einn eða annan hátt að styrkja það, að garðrækt, og þá sérstaklega kartöfluframleiðsla, geti aukizt í landinu. Nú leggja landbn. Alþ. til, samkvæmt jarðræktarl. að nokkur aukastyrkur verði veittur til aukningar garðræktarframkvæmda á fjárpestarsvæðinu. Þetta gerir n. fyrst og fremst vegna þeirrar nauðsynjar, sem er á því að auka kartöfluræktina í landinu, en líka vegna þess, að þau héruð, sem fjárpestin geisaði um, eru mjög vel fallin til kartöfluræktar. Ef kartöfluræktin ekki eykst, verður að leita til útlanda með kaup á útsæðiskartöflum. Þess vegna er ég sammála hv. þm. Vestm. um, að það beri að ívilna mönnum um slík útsæðiskaup. Hinsvegar er ég

honum ekki sammála um það, að bezta fyrirkomulagið á þessum endurgreiðslum sé eins og hann vill hafa það, „endurgreiðslan fari fram fyrir milligöngu bæjar- og sveitarstjórna, undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands“. Ég býst við, að það mundi valda mikilli fyrirhöfn og miklum skýrslugerðum, og það alveg að óþörfu, að ganga fyrir hvers manns dyr, þar sem kartöflur eru ræktaðar, til þess að fá upp hjá mönnum, hve mikið þeir hafa notað af útlendu útsæði. Hitt er miklu einfaldara, að láta þetta fara fram gegnum grænmetisverzlun ríkisins, því að henni er kunnugt um það, hve mikið er flutt inn af útsæðiskartöflum. Þess vegna ber ég fram brtt. um, að grænmetisverzlun ríkisins annist þessa milligöngu, sem fram á er farið í till. hv. þm. Vestm.

Þá ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þessar brtt. Ég býst við, að hér komi fram enn ein brtt. við fjárl., sem ég leggi fram, ásamt hv. þm. Borgf. Hún liggur ekki fyrir enn, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Borgf. tali fyrir henni á sínum tíma.

***Steingrímur Steinþórsson:** Við þm. Skagf. eigum hér tvær smáar brtt., sem ég skal segja örfá orð um.

Fyrri till. er á þskj. 444, VIII, þar sem farið er fram á, að Sigurði Skagfield söngvara verði veittur 1800 kr. styrkur á 15. gr. fjárl. En til vara er farið fram á 1200 kr. Vil ég í sambandi við þessa till. geta þess, að nú mun vera búið að taka alla sambærilega listamenn á þessu sviði inn á fjárl. Í vetur var Eggert Stefánsson samþ., og nú hefir hv. fjvn. gert að till. sinni, að Einar Markan verði tekinn inn á þessa gr. með nokkrum styrk. Þessa menn tel ég sambærilega við Sigurð Skagfield, og tel, að hann standi þeim þó öllu framar sem listamaður. Þess vegna álít ég ranglátt, ef hann væri skilinn eftir, þegar þessir menn hafa verið teknir inn á fjárl. Ég vænti þess því, að ég megi telja það alveg víst, að þingið muni samþ. þessa fjárveiting til Sigurðar Skagfield; ég tel það svo algerlegt réttlætismál, samkvæmt þeirri venju, sem nú er búið að skapa um aðra hliðstæða listamenn á þessu sviði. Skal ég því ekki hafa fleiri orð um þessa brtt.

Hin brtt. er á sama þskj., X, og er við brtt. hv. fjvn. á þskj. 400, og er um það, að þar er lagt til, að sá styrkur, sem Guðmundur Andrésson hefir til dýralækninga í Skagafirði, verði hækkaður úr 400 kr. upp í 700 kr. Guðmundur þessi Andrésson hefir haft til þessa 700 kr. styrk. En ríkisstjórnin mun við undirbúning fjárlagafrv. síðast hafa fellt niður alla þessa skottudýralækna, þ. a. s. þessa ólærðu dýralækna úti um land, sem hafa fengizt við dýralækningar. Nú er Guðmundur Andrésson sá eini þeirra, sem lækkað hefir á till. fjvn., frá því sem verið hefir um þessa styrki. Þetta finnst mér ósanngjarnt, og furðulegast virðist mér þetta fyrir þá sök, að ég tel, að Guðmundur Andrésson sé sá eini af þessum skottudýralæknum, sem ætti nokkurn rétt á að fá stuðning til dýralækninga. Hann hefir um skeið verið aðstoðardýralæknir hjá tveimur af dýralæknum þessa lands, og hann hefir fengið meðmæli frá þeim báðum, auk þess sem hann er fyrir þetta hneigður. Ég verð því að álita, að það hafi verið af vangá hjá hv. fjvn., að hún hefir gert till. um að lækka þennan eina mann af öllum þeim, sem hún tók upp viðvíkjandi styrk til dýralækninga. Viljum við eiginlega með þessu leiðrétta þessi mistök hv. fjvn. Því að ég get ekki séð neina skynsamlega ástæðu, sem mælir með því, að taka hjá þessum eina manni af þessum styrk með því að lækka við hann, frá því sem áður var. Um hitt má svo hinsvegar deila, hvort það sé yfirleitt rétt að styrkja menn hingað og þangað um land til þess að stunda dýralækningar, án þess Alþ. hafi nokkra möguleika til þess að dæma um, hvort mennirnir eru færir um þetta eða ekki. Ég hefði út af fyrir sig getað fallizt á, að allir þessir styrkir hefðu verið felldir niður. Ef svo hefði verið gert, ætlaði ég ekki að gera kröfu um styrk handa Guðmundi Andréssyni fremur en öðrum til þess að stunda dýralækningar. En úr því hv. fjvn. tekur þessa styrki upp aftur, þá gerðum við kröfu um það, að Guðmundur, sem mun standa fremst af þessum ólærðu mönnum um dýralækningar, verði ekki lækkaður, frá því sem var, um þennan styrk.

Fleiri brtt. við fjárlagafrv. á ég ekki við þessa umr. og mun heldur ekki fara að tala um brtt. annara hv. þm. né um fjárl. að öðru leyti, þó að það væri kannske ástæða til þess.

***Pétur Ottesen:** Ég á hér tvær brtt., sem ég er einn flm. að, á þeim þskj., sem fram eru komin, og auk þess er ég á einni brtt. hér enn, sem hv. þm. Vestm. er flm. að, og hefir hann þegar gert grein fyrir þeirri brtt. Get ég því látið niður falla að minnast á hana.

Af þeim brtt., sem ég vildi minnast á hér, vil ég fyrst drepa á till. á þskj. 444, I, snertandi flóabátaferðir, þar sem farið er fram á, að styrkurinn til Akranessbátsins verði hækkaður um 500 kr. Ég hefi áður gert grein fyrir þörfinni á því, að þessar ferðir nytu nokkru meiri styrks heldur en þær gera nú, með tilliti til þess, að þarna er um mjög langan tíma ársins ekki um að ræða daglegar ferðir. En án þess að svo sé, geta ekki bændurnir á svæðinu utan Skarðsheiðar, eða í ytri hreppum Borgarfjarðarsýslu, notað þann mjólkurmarkað, sem þeir hafa hér í Reykjavík, því að yfir vor-, sumar- og haustmánuðina mundu þeir ekki geta komið mjólkinni í söluhæfu ástandi á markaðinn, nema með því að geta komið henni daglega. Og það er með tilliti til þess, sem farið er fram á, að þessi litli fjárstyrkur verði veittur, sem tekið er fram í brtt., að eigi að ganga til Akranessbáts.

Hin brtt., sem er á þskj. 425, XXXV, við 22. gr., er um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs fyrir Ytri-Akraneshrepp allt að 240 þús. kr. lán til vatnsveitu á Akranesi, þó ekki yfir 80% af stofnkostnaði veitunnar, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Að ábyrgjast ekki nema þennan hluta kostnaðarverðs fyrirtækisins er regla, sem fylgt hefir verið að undanförnu, í sumum tilfellum a. m. k., um slíkar ábyrgðir. Ég þarf ekki að lýsa því hér, hver nauðsyn er

á því fyrir Akranes að fá vatnsveitu, bæði með tilliti til vatnsnotkunarþarfar í kauptúninu sjálfu, og líka með tilliti til þess, að síðan hafnarbætur komu á Akranes, hefir siglingum fjölgað þangað mjög, og þess vegna er líka, með tilliti til þessara siglinga, gott að geta boðið upp á gott neyzluvatn þar. Það er ákaflega vont fyrir stærri skip að þurfa að sigla til Reykjavíkur til þess að fá vatn, þó að þau geti fengið aðrar nauðsynjar sínar allar á Akranesi og fulla afgreiðslu að öllu öðru leyti. Þess vegna er þetta afskaplega mikið aðkallandi nauðsynjamál, og það því fremur sem sumstaðar í kauptúninu er neyzluvatn mjög slæmt og alveg á takmörkunum með, að hægt sé að nota það. Auk þess vofir ákaflega mikil hætta yfir svo fjölmennu kauptúni vegna skorts á vatnsveitu þar, vegna þess að sóttkveikjur geta borizt í brunnana og valdið stórfelldum veikindum og manndauða, eins og átt hefir sér stað, t. d. þegar taugaveikisbakteria hefir komizt í neyzluvatn.

Það hefir ekki tekizt á undanförnum þingum að fá þessa ábyrgðarheimild samþ., og það hefir verið borið fyrir, að yfirleitt verði ekki veittar neinar slíkar lánsábyrgðarheimildir vegna vatnsveitna, þó að fyrir hafi legið umsóknir um það á þingi. Nú virðist mér nokkra stefnubreytingu mega um þetta sjá hér á hinu háa Alþ., þar sem Alþ. hefir samþ. viðbótarábyrgðarheimild fyrir Sauðárkrókshrepp fyrir láni til hafnargerðar þar, þar sem nokkur hluti þess láns, sem ábyrgð er veitt fyrir, á að vera notaður til vatnsveitu vegna kauptúnsins og í sambandi við höfnina þar. Mér virðist því, með tilliti til þessarar ábyrgðarheimildar fyrir Sauðárkrókshrepp, ekki hægt með sanngirni að mæla á móti þessari ábyrgðarheimild, sem ég fer hér fram á vegna vatnsveitu á Akranesi, ef veita á héruðum lánsábyrgðir á grundvelli jafnréttis. Þar sem fjvn. fyrir sitt leyti er búin að samþ. þessa till. um Sauðárkrók — og mun till. því ná fram að ganga á Alþ. —, þá sé ég ekki ástæðu til að gera þarna upp á milli. Og er þessi ábyrgðarheimild því fremur nauðsynleg fyrir Akranes sem þar er meiri fólksfjöldi en á Sauðárkróki, og líka fyrir það, að siglingar eru enn meiri þangað, og því er brýnni þörf á vatnsveitu þar heldur en á Sauðárkróki, þó að ég vilji ekki gera lítið úr þeirri þörf, sem kann að vera á því fyrir Sauðárkrókshrepp að fá þessa lánsheimild og geta komið á vatnsveitu á Sauðárkróki. Ég vænti þess vegna, að hér verði tekið með sama velvilja á málaleitun, sem ég flyt fyrir Akranes, og þegar hefir verið sýndur hliðstæðri málaleitun fyrir Sauðárkrók.

Ég á ásamt hv. þm. Mýr. brtt., sem hefir ekki enn verið útbýtt, en er á leiðinni úr prenti, og er bezt að lýsa henni nú þegar. Hún er á þá leið, að tekin verði upp í 22. gr. fjárl. heimild fyrir ríkisstj. til þess að gera annað tveggja, eftir því, hvort hagkvæmara þykir að undangenginni rannsókn, að reisa rafmagnsstöð við Andakílsárfossa og leiða það rafmagn til Akraness og Borgarness og nágrennis eða flytja rafmagn til þessara staða frá Sogsvirkjuninni og taka lán til þeirra framkvæmda.

Ástæðan til þessarar málaleitunar og þess, að við viljum láta báðar þessar leiðir standa opnar, er sú, að það hafa verið uppi óskir um það í héraði, að gengið verði úr skugga um það, áður en í verkið er ráðizt, hvort sé hagkvæmara fyrir héraðið. Þessari rannsókn, sem nú er í höndum vegamálastjóra og rafmagnsstjóra, er langt komið, svo að á þessu sumri gætu legið fyrir fullkomnar athuganir í þessu máli.

Nú vitum við flm. brtt. ekki, hvort fram gengur á þessu þingi frv. það um raforkuveitur ríkisins, sem liggur í n. í Ed. Í því frv. er ríkisstj. gefin fullkomin heimild til hvors sem er, að byggja nýjar rafmagnsstöðvar eða leiða rafmagn frá Soginu til hinna ýmsu staða. Hvor leiðin sem er, sem felst í brtt. okkar hv. þm. Mýr., getur því fallið undir frv. um raforkuveitur. Það mætti segja, að ef frv. verður að l., þá þurfi ekki að veita stj. slíka heimild. Þó ætla ég, að frv. sé svo úr garði gert, að gengið sé út frá því um allar stærri virkjanir, að ákvörðun verði tekin um það í hvert sinn með fjárlagaákvæði, að veita stj. heimild til framkv.

Það er svo, að þörfin á rafmagni á Akranesi og í Borgarnesi er mjög brýn. Það stendur svo á á Akranesi, að hafður hefir verið olíumótor, en aflstöðin er orðin allt of lítil, og verður því ekki hjá því komizt, ef mikill dráttur verður á, að rafmagn fáist, að leggja í mikinn kostnað við að stækka stöðina. Það þarf að kaupa 1—2 mótora í viðbót. Það er mjög slæmt að þurfa að leggja í slíkan kostnað, sem er svo að nokkru leyti unninn fyrir gýg, þegar rafmagnsþörfin leysist á annan hátt.

Í Borgarnesi er gömul og mjög úrelt stöð, sem er ákaflega dýr í rekstri og líka þarf að breyta. Það er mjög slæmt þar, ekki síður en á Akranesi, að þurfa að leggja í mikinn kostnað, þar sem von er um það á næstunni, að rafmagn fáist annaðhvort úr Andakílsárfossum eða úr Soginu.

Með tilliti til þess, sem ég nú hefi skýrt frá, vildi ég mega vænta þess, að þegar búið er að leysa rafmagnsmálið hér í Rvík og í Hafnarfirði, verði það þessir staðir, ásamt nágrenni Sogsins, sem fyrstir koma til greina við tilfærslu rafmagnsins.

Um virkjun Andakílsárfossa er það að segja, að framtíðarhugmyndin er sú, að þeir verði einn liður í rafveitukerfi fyrir Suðurland, til viðbótar við Sogið, og er gert ráð fyrir, að þá verði rafmagnið leitt allar götur vestur á Snæfellsnes.

Við flm. væntum þess, að brtt. okkar verði vel tekið og að hún verði samþ. Rafmagnsmálið allt er svo mikið mál, að sjálfsagt er að afgreiða löggjöf um það, en kringumstæðurnar segja til um, hversu fljótvirkir við getum orðið að hagnýta okkur fossana til þess að lýsa og hita og reka ýmsan iðnað í landinu.

***Ólafur Thors:** Ég hefi leyft mér að flytja eina brtt. við fjárl., á þskj. 485, IV, og er hún mjög smávægileg, að því er útgjöld snertir, svo að ég vænti þess, að hún fái góðar undirtektir. Hún er um það, að Íþróttaskólanum á Álafossi verði veittur 1500 kr. styrkur í staðinn fyrir 500 kr., sem hv. fjvn. lagði til.

Ég er hv. fjvn. í sjálfu sér þakklátur fyrir þá viðurkenningu, sem felst í fjárveitingunni til skólans og skal ég sízt hallmæla hv. n. fyrir það, að fjárveitingin er ekki há, því að það er miklu meiri þörf á mjög róttækum niðurskurði á fjárl. heldur en að úthluta til hægri og vinstri, eins og gert hefir verið á mörgum sviðum.

Ég get látið undir höfuð leggjast að færa rök fyrir þessari till. með því að vísa til fyrri umræðna um Íþróttaskólann á Álafossi hér á Alþingi, enda er starfsemi þessa skóla svo kunn hv. þm., að ný rök hafa þar af leiðandi ekkert gildi. Menn þekkja þetta mál, eins og það liggur fyrir, og vita, að Sigurjón Pétursson er ef til vill sá íslenzkur íþróttafrömuður, sem fremst hefir staðið og miklar þakkir á skilið. Ég leyfi mér að vænta, að þessi till. mæti góðvilja.

Svo vil ég þakka hv. fjvn. fyrir till., sem hún hefir gert og varða sérstaklega mitt kjördæmi. Ég vil í því sambandi sérstaklega minnast á till. um að standast kostnað við sandgræðslu suður á Reykjanesi, og þó að hún að formi til varði ef til vill aðallega Hafnirnar, þá er það svo, að ef ekkert væri að gert í þessum efnum, mundi bráðlega af hljótast meiri skaði, sem snerti fleiri hreppa í þessu kjördæmi.

Ég get sagt, eins og sumir aðrir hv. þm., að það er mjög margt í afgreiðslu fjárl., sem gæti gefið fullt tilefni til umræðna af minni hálfu, en þar sem ekki er fjölmennara í þingsalnum en raun ber vitni, læt ég á þessu stigi málsins niður falla að gera að umræðuefni það, sem mér þykir miður fara, eða það, sem ég er sérstaklega ánægður með í afgreiðslu fjárlaganna.

Sigurður Kristjánsson: Ég veit ekki, hvort hægt er að hafa hér formlegar umræður, þegar mættir eru um 14% af þm., og enginn þingsveinn nálægur, svo að maður verður að hlaupa sjálfur eftir því, sem mann vantar. Er þetta þingfundur eða ekki?

Ég vil spyrja hæstv. forseta, hve margir hv. þm. hafa fjarvistarleyfi, því að mér er kunnugt um, að þeir eru þotnir út úr bænum í bílum.

Forseti (HG): Hv. þm. veit, að þetta er framhaldsfundur sama fundar og í dag, og fjarvistarleyfi hefir ekki nema einn hv. þm.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil þá biðja hæstv. forseta, áður en ég byrja, að gera ráðstafanir til þess, að þeir hv. þm., sem ekki hafa fjarvistarleyfi, komi inn í þingsalinn, því að ég þarf að flytja hér erindi, sem varðar alla hv. þm., og sérstaklega hæstv. stj. Ég hefi smávegis í pokahorninu, sem hún verður að svara. (**Forseti:** Ég skal hringja). Þær brtt., sem ég hefi leyft mér að gera við fjárlfrv., eru allar á sama þskj., 460, að undanskilinni einni, sem ég er meðflm. að og er á þskj. 444, V. Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. flm. þeirrar till., hv. þm. N.-Ísf., mæli sérstaklega fyrir henni. Till. er um byggingarstyrk til unglingaskóla, og er sérstaklega miðuð við skólann í Reykjanesi. Eins og hv. þm. er kunnugt, er sá skóli nýkominn undir lög um unglingaskóla í sveitum og hefir þess vegna að nokkru leyti orðið útundan með byggingarstyrk, og varð skólinn sérstaklega illa úti í fyrra. En við, sem stöndum að þessari till., viljum á engan hátt rýra hlut annara unglingaskóla, og með alveg sérstaklega vingjarnlegu tilliti til hv. þm. V.-Ísf. höfum við ekki viljað haga okkar till. á þann hátt, að sá skóli, sem hann ber sérstaklega fyrir brjósti — (en náttúrlega er honum annt um alla skóla landsins, þar sem hann er fræðslumálastjóri) —, Núpsskólinn, gæti haft baga af þessari brtt., og höfum þess vegna ekki stílað brtt. þannig, að Reykjaneskólinn fengi 15000 kr. af upphaflegu upphæðinni, heldur þannig, að aukið væri við fjárveitinguna 5000 kr., svo að hið fyrirhugaða tillag til annara skóla þyrfti ekki að rýrna við það, þótt Reykjanesskólanum væru ætlaðar 15000 kr. En það stendur þannig á um byggingaráætlunina hjá þessum skóla, að það mundi raska henni mjög, ef fjárveitingin yrði minni.

Þá eru hér nokkrar brtt., sem ég er flm. að og skal nú fara nokkrum orðum um.

1. brtt., sem er við 14. gr., er um að veita 10000 kr. til upphitaðrar sundlaugar á Ísafirði með því skilyrði, að Ísafjarðarkaupstaður afhendi Reykjanesskólanum Reykjanesið með tilgreindum skilyrðum, er þá teldust endurgjöld þess frá skólans hendi. En nesið er eign Ísafjarðarkaupstaðar, sem lagði í að kaupa það á sínum tíma, vegna þess að þar var hin eina sundkennsla, sem teljandi var í héraðinu, og vildi því tryggja sér þarna griðastað fyrir slíkan íþróttaskóla. Nú er það orðin almenn skoðun manna, að í kaupstaðnum verði aldrei almenn sundkennsla, nema sund verði kennt á staðnum. Það verður að kenna kaupstaðarfólki í kaupstaðnum sjálfum, en ekki að heimta, að það hlaupi að heiman til þess að stunda nám úti í fjarlægum sveitum. Það mundi t. d. engum detta í hug að setja barnaskóla fyrir Reykjavík uppi á Akranesi eða uppi í Mosfellssveit. Það mundi verða til þess, að börn færu ekki á þann skóla. Ef menn eiga að læra að synda, þá verður sundkennslan að fara fram þar, sem fólkið er, og síðan það varð kunnugt, að það er hægt á tiltölulega ódýran hátt að hita sundlaug með kolum, og sérstaklega síðan kaupstaðurinn (Ísafjarðar) fór að brjótast í því að virkja fallvatn í nánd við bæinn og hefir þess vegna afgangs mikið af rafmagni, þá þykir sjálfsagt að hita sundlaugina með rafmagni. Ég tel þess vegna, hvort sem það tekur lengri eða skemmri tíma, þá liggi það fyrir að setja sundlaugar í öllum þorpum og kaupstöðum, sem hafa raforku, og rafhita þær. Þess vegna hefi ég lagt til, að Ísafjarðarkaupstaður fái þennan styrk til þess að koma upp rafhitaðri sundlaug, sem að vísu mun kosta miklu meira en þetta, en ég tel víst, að kaupstaðurinn muni mjög fúslega leggja í þetta allverulegt fé, því að kaupstaðarbúum er alveg ljóst, að þetta er mikið nauðsynjamál. En þá er gersamlega orðið ástæðulaust fyrir kaupstaðinn að eiga Reykjanesið, sem er skólanum mjög mikils virði, þó að það hafi ekki orðið öðrum það. Tel ég því rétt, að Ísafjörður afhendi skólanum Reykjanesið til eignar, gegn ákveðnum skilyrðum, en komi sér í staðinn upp rafhitaðri sundlaug, skólanum

er nauðsynlegt að eiga nesið, en þau fríðindi, sem hann lætur á móti, verða óbein, því að hann hefir ekki þau fjárráð, að hann geti lagt fram beint fé. Það er aftur mikils virði fyrir Ísafjarðarkaupstað að eiga forgangsrétt að skólanum í Reykjanesinu, sérstaklega íþróttaskólanum, því að þarna er haldið uppi íþróttakennslu allt árið, og eiga þar forgangsrétt til sumardvalar fyrir fólk, en um það er talsvert mikil samkeppni, því að þessi staður, Reykjanesið, vinnur meir og meir hylli nágrannasveitanna, og er mikil aðsókn þangað á veturna, en sérstaklega á sumrin. En til skilningsauka á því, hvað það er nauðsynlegt fyrir skólann að eiga landið í nágrenninu, skal ég geta þess, að það er þegar byrjað að setja þarna niður nokkurskonar húsmennsku. Það vill nú þannig til, að sá fyrsti, sem setti þarna niður hús og tók land til ræktunar, hefir selt og það komst í góðar hendur, en það er engin trygging fyrir því, að svo verði alltaf. Það er mjög freistandi fyrir Ísafjörð að notfæra sér þessa eign, og hver veit nema hann færi að setja þarna vandræðafólk, því að hann þarf ekki að taka tillit til annars en sjálfs sín, ef hann á þessa eign. En það er ófært, að skólinn megi ekki sjálfur ráða, hverjir eru hans nánustu nágrannar.

Þess vegna álít ég þetta haganlegt fyrir báða aðilja, Ísafjörð, að fá sína sundlaug rafhitaða og forgangsrétt að íþróttaskólanum og til sumarvistar fyrir fólkið, en Reykjanesskóla að fá nesið að öðru leyti. — Ég veit, að það er dálitið hart að fara fram á þessa fjárveitingu, en það hefir verið veitt mikið fé til sundnáms, t. d. í Vestmannaeyjum, og ég held, að engan iðri þess, því að þar er sundkunnátta afaralmenn síðan. Og Ísafirði, þar sem menn hafa lífsbjörg sína mest úr sjó, er nauðsynlegt að koma upp fullkomnum sundskóla, sem starfaði sumar og vetur, og þar sem ekki aðeins unglingar og börn læra sund heldur líka fullorðnir, sérstaklega sjómenn. Ég vona, að hv. þm. taki þessu máli með skilningi og samþ. till.

Næsta till. er við sömu gr., og erum við þrír flm. að henni. Hún er um að auka styrkinn til Íþróttafélags Reykjavíkur úr 1000 kr. upp í 5000 kr. til kaupa á Kolviðarhóli. Ég get ekki annað en sagt nokkuð nánar frá þessu, þó að hv. 10. landsk. sé búinn að tala fyrir þessari till.

Þetta félag hefir mörg afrek að baki sér, og sérstaklega má minna á, að það var fyrsta íþróttafélagið, sem lagði leið sína úr landi og gat sér, og sérstaklega sinni þjóð, mikinn sóma með ferð sinni til Noregs og Svíþjóðar. Kennari flokksins og stjórnandi, Björn Jakobsson, fékk sérstakt hrós erlendis fyrir það, hversu afarvel þessi flokkur hefði komið fram, og í raun og veru vakið mesta athygli allra íþróttafélaga á því móti, sem var 1927. Þetta félag sendi síðan íþróttaflokk til Englands og Frakklands og gat sér bezta orð. Nú er svo komið, að útiíþróttirnar draga fólkið ef til vill allra mest að sér, og það er ekki hægt að neita því, að það eru mjög merkileg umskipti í jafnfjölmennum stað og Reykjavík, að í stað þess, að ungt fólk þyrpist inn á veitingakrár, og reyki sígarettur og neyti áfengis, og slæpist á kvöldin og jafnvel fram á nætur, þá skuli þetta unga fólk nú þjóta eftir vinnutíma upp á heiðar í útiíþróttir, ekki aðeins til þess að auka sína eigin hreysti heldur og til að beina fólksstraumnum frá öðru sem er sízt til heilsubótar eða uppeldisbótar fyrir fólkið. Við eigum svo mikið undir því, eins og aðrar þjóðir, að uppvaxandi fólk leggi stund á líkamsmennt og öðlist eðlilega hreysti og heilbrigðan hugsunarhátt, að við verðum að gefa því sérstakan gaum.

Nú hefir þetta félag ráðizt í það stórvirki, að kaupa býlið Kolviðarhól, sem við fráfall fyrri eiganda komst eiginlega dálítið út úr því hlutverki, sem það hafði, svo við borð lá, að það félli í hálfgerða órækt. En nú er þetta býli komið í hendur öflugu félagi, þó að það sé févana, sem ræður yfir fjölda áhugasamra meðlima, sem munu ekki telja eftir sér að leggja fram krafta sína til þess að gera garðinn frægan. Þessi staður er á fjölförnustu leið milli byggðarlaga, á Íslandi, og er bæði gisti- og hressingarstaður fyrir vegfarendur. En auk þess er hann orðinn sérstaklega merkilegur staður fyrir íþróttalíf. Skilyrðin þar í kring fyrir útiíþróttalíf og vetraríþróttir eru sérstaklega góð. Þetta býli keypti félagið fyrir 45000 kr., en því er ofvaxið að standa undir þeirri skuld, sem það hefir á sig tekið og hefir því farið fram á 10000 kr. styrk. Hv. fjvn. hefir ekki þótt fært að verða við þessari beiðni, en hefir sýnt, að hún metur starf félagsins nokkurs með því að láta það ekki alveg synjandi frá sér fara. En sá styrkur sem n. leggur til að veitt verði, er aðeins 1000 kr., og er það svo lítið, þegar sérstaklega er miðað við kaupverð nefndrar eignar, að segja má, að það sé þýðingarlaust að öðru leyti en því, að hv. n. hefir með þessu sýnt, að hún telur félagið einhvers vert.

Við flm. höfum ekki treyst okkur til að þessu sinni að fara fram á meira en helming af því, sem félagið sótti um, og viljum við eindregið mæla með því, að hv. Alþ. verði við þessari beiðni, og leggjum sérstaka áherzlu á, að það er engum vafa bundið, að ekki aðeins Reykvíkingar, heldur einnig allt það fólk, sem sækir til skólanna í Reykjavík víðsvegar af landinu, á afarmikið undir því, að skilyrðin á Kolviðarhóli verði sem allra bezt til vetraríþrótta. Ég tel því, að hér eigi allir landsmenn hlut að máli.

Næsta till., sem ég flyt, er við 16. gr., varðandi framlagið til atvinnubóta. Sú till., eins og þær, sem ég hefi áður minnzt á, er sniðin til hagsbóta fyrir íþróttalífið. Menn mættu kannske halda af þessum till. mínum, að ég væri einhver sérstakur sportglópur. En svo er ekki. Ég er minni maður á því sviði en mér væri heilnæmt. Meðan ég var yngri, fekkst ég nokkuð við þessa hluti, og ég sé, að það er skakkt að halda þeim ekki áfram fram á grafarbakkann. Mér er alveg ljóst af því að horfa á fólkið í kringum mig, að bætt skilyrði fyrir íþróttir eru okkur ómetanleg nauðsyn. Nú hefi ég lagt til, að af atvinnubótafénu, sem á fjárl. er áætlað ½ millj. megi 60 þús. kr. ganga til að vinna að íþróttasvæðinu við Skerjafjörð undir Öskjuhlíð. Það er

kunnara en frá þurfi að segja, að þetta atvinnubótafé gengur yfirleitt til vinnu að vetrinum, og sú vinna verður oftast að heldur rýrum notum, og stundum að svo að segja engum notum, því að skilyrði til vegagerðar og jarðabóta að vetrinum til hér á landi eru sjaldan góð. Á þessum stað, sem ég nefndi, væri bæði hægt að vinna á landi og við sjó, þar sem á að undirbúa sundstöð og baðstað. Og ég er ekki í neinum vafa um, að sú vinna, sem framkvæmd yrði á þessu svæði, kæmi þess vegna að miklu meiri notum en nokkursstaðar annarsstaðar, auk þess sem ég veit, að menn mundu ákaflega fúsir til þess, sem vinnunnar kæmu til að njóta, að leggja fram krafta sína, sérstaklega til að gera þennan leikvang svo úr garði, að hann gæti komið að sem beztu gagni og orðið okkur til sóma. Einhver kynni að halda, að þetta yrði ekki almenningi til gagns, heldur aðeins Reykvíkingum. En þegar ég bar þessa till. fram á síðasta þingi, lýsti ég því nokkuð, hvað fyrirhugað væri á þessum stað, og færði rök að því, að þetta væri mál allrar þjóðarinnar. Þarna geta Reykvíkingar vitanlega notið mikils góðs af, en engu að síður allt það fólk, sem sækir hingað skóla. En þar að auki er það orðið okkur ekki aðeins metnaðarmál, heldur skilyrði til að halda sóma okkar gagnvart öðrum þjóðum, að geta boðið íþróttaflokkum frá öðrum löndum sæmilega leikvelli, þar sem þeir geti sýnt íþróttir og háð kappleiki við Íslendinga. Það er orðið alltítt, að flokkar frá stærri og merkari þjóðum á sviði íþróttanna en við erum, komi hingað, bæði til íþróttasýninga og kappleikja, og við megum ekki venja þá af okkur með því að bjóða þeim svo léleg skilyrði, að okkar hróður verði lítill, og að þessir flokkar geti sagt með sanni, að hingað sé varla komandi, hversu gott sem fólkið er, vegna þess að skilyrði séu hér svo léleg á sviði íþróttanna. Það er miklu æskilegra, að þetta fólk segi, að hjá þessari fámennu og fátæku þjóð væri merkilegt að koma á leikvang, sem stæðist fullkomlega samanburð við íþróttasvæði hjá ríkum milljónaþjóðum. Ef við komum þessu svæði í það horf, sem áætlað er og teikningar hafa markað, þá er víst, að við munum hafa af því hinn mesta sóma, að bjóða hingað erlendum íþróttaflokkum.

Nú er sá kostur við þessa till. líka, að hún fer ekki fram á neitt sérstakt fjárframlag, heldur að atvinnubótafénu sé að sumu leyti beint að þessum sérstaka stað. Og þar sem færa má fyrir því sterkar líkur — ef ekki sannanir —, að þetta atvinnubótafé mundi þarna koma að eins góðum eða betri notum en annarsstaðar, held ég, að það ættu að geta orðið sterk meðmæli með því að samþ. till. Enda hafa þó nokkrir þm. haft orð á því við mig, eftir að till. lognaðist út af í fyrra, að þeim sýndist þetta skynsamlegt og æskilegt. Vænti ég þess vegna, að hv. þm. geti nú fallizt á till.

Loks á ég hér fjórar smábrtt. við 18. gr., og skal ég ekki tefja tímann á því, að fjölyrða um þær. Fyrsta till. er um að hækka styrk til Páls Halldórssonar, skólastjóra stýrimannaskólans. Fjvn. hefir ætlað honum 1000 kr. styrk. Ég fer fram á, að hann fái 1700 kr. Þessi maður er nú kominn rétt að sjötugu. Hann hefir verið kennari við stýrimannaskóla landsins í 40 ár, og þar af 37 ár skólastjóri. Mér er kunnugt um, að hann er fátækur maður og hefir nokkra fjölskyldu. Ég held, að eftir svo langan starfsaldur og stórmerkilegt starf sé ekki annað rétt af þinginu en að sjá fyrir því, að hann geti lifað nokkurnveginn án neyðar þessi ár, sem hann á eftir ólifuð. Ég veit ekki betur en allir þm. beri hlýjan hug til þessa manns, og allir þm. viðurkenna áreiðanlega, að hann hafi haft með höndum það menningarstarf meðal íslenzku þjóðarinnar, sem borið hefir hvað mestan árangur síðustu áratugina, en það er að ala upp og mennta sjómanna- og farmannastétt landsins. Ég vona því, að þessi till. fái góðan byr, og efast ekki um það. Að ég er flm. hennar, en ekki einhver annar, er tilviljun ein, því að hver sá þm., sem farið hefði að athuga þetta, myndi sjálfsagt hafa verið fús til þess.

Þá hefi ég farið fram á að hækka skáldastyrk GuðmundarFriðjónssonar á Sandi um 400 kr., úr 1800 upp í 2200 kr. Ég hefi áður farið fram á hækkun fyrir þennan mann og fekk þá sæmilegar undirtektir. Var þá styrkurinn hækkaður úr 1500 upp í 1800 kr. Ég færði þá rök að réttmæti þess, og vil ég ekki vera að endurtaka þau, enda er maðurinn svo þjóðkunnur, að það hefir enga þýðingu í raun og veru. Það er áreiðanlega viðurkennt, að það sé stórmerkilegt, að bóndi í afskekktri sveit, fátækur með stóra fjölskyldu, stríðandi við heilsuleysi alla sína æfi, svo að segja, skuli hafa unnið jafnglæsilegt mikið og gott starf á sviði bókmenntanna og þessi maður, sem er áreiðanlega mesti afreksmaðurinn sem skáld í íslenzkri bændastétt. Ég tel mig fara hér hóflega í sakirnar. Það ber manni líka að gera, og vænti ég að fá góðar undirtektir.

Næsti liður þessarar sömu gr. er um Matthías Ólafsson fyrrv. alþm. Er farið fram á, að honum verði veitt ellilaun. Þessi maður er kominn á níræðisaldur og hefir ekki stundað það að krækja sér í friðindi frá ríkissjóði. En hann hefir, frá því hann varð fullþroskaður maður, verið starfandi í þarfir og þjónustu lands síns. Hann var lengi alþm., starfaði við ríkisstofnanir, landsverzlunina og ýmislegt fleira, allsstaðar sem hinn hægláti, óframgjarni en skilsami maður. Og af því að ég veit, að hann er vinsæll og viðurkenndur, þá vænti ég þess, að hv. þm. muni bera þann hug til hans, að þeir vilji samþ. þessa litlu till. Ég taldi ekki rétt að vera að taka mikið upp í mig, því að ég veit, að jafnsparsömum og hófsömum manni og Matthíasi Ólafssyni verður mikið úr 50 kr. á mánuði, og það er þess vegna talsvert fyrir hann, þótt maðurinn hinsvegar sé ekkert smámenni í lund.

Loks er hér till. um að veita Sigríði Sigurðardóttur ljósmóður 300 kr. styrk. Það er búið að gera ráðstafanir til þess, að ljósmæður fái eftirlaun, en það er miðað við, að þær hafi verið á styrk. Þessi kona er ein af þeim konum, sem eru ekki að halda sér mikið fram. Hún er nú orðin svo roskin, að hún á sennilega ekki

mörg ár eftir ólifað, er 79 ára. Hún var 31 ár ljósmóðir í Kjósinni, og ég hugsa, að það sé ekki ósanngjarnt að fara fram á, að hún sé með í þeim hópi yfirsetukvenna, sem eiga að njóta *eftirlauna. Ég þekki þessa konu ekki persónulega*, en þegar mér var bent á hana, rankaði ég við mér, að hún mundi ekki aðeins hafa rétt, heldur þörf fyrir að komast í hóp þessara yfirsetukvenna.

Þetta eru þær till., sem ég flyt til breyt. á fjárlagafrv., og ég vænti þess, að ekki verði litið svo á, að þær séu neitt óhóflegar.

Ég ætla svo að minnast hér á eina brtt. enn, sem er ekki flutt af mér, en ég vil eigi að síður lýsa yfir, að hún kom mér alleinkennilega fyrir sjónir. Brtt. þessi, sem er á þskj. 425, XXXVIII, er frá hæstv. atvmrh., og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hana upp: „Ríkisstj. er heimilt að hlutast til um, að stj. fiskveiðasjóðs Íslands verji til útlána, samkv. nánari reglum, er atvmrh. setur, allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, í því skyni að ná fullnaðarsamningum um greiðslu og eftirgjafir á ábyrgðarkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnu félaga, er á þá hafa fallið vegna skuldaskila félagsins“.

Hæstv. atvmrh. hefir ekki talað fyrir þessari till., og mér sýnast ekki miklar líkur til þess, að hann muni ætla að gera það, en láta hana fljóta í gegn, ef unnt væri, án þess að með henni sé mælt. Till. er svo furðuleg, að það er ómögulegt að láta hana fara orðalaust framhjá sér. Það er vitanlegt, að þegar samin voru l. um skuldaskil vélbátaeigenda, þá var ætlunin, að hver sá, sem krafa væri á, skyldi greiða það, sem honum væri fært, af þeim kröfum, sem á hann féllu. Og það er vitanlegt, að skuldaskilastj. hefir framkvæmt þetta á þann hátt, að hún hefir fyrst og fremst látið skuldunautinn sjálfan greiða það, sem honum hefir verið unnt, en síðan hafa ábyrgðarmennirnir verið skildir eftir með það, sem afgangs var, m. ö. o., kröfuhafar hafa haldið eftir alveg óskertum kröfurétti á ábyrgðarmenn. Ábyrgðarmennirnir hafa flestir lent í þessari skuldbindingu á þann hátt, að þeir hafa skrifað upp á víxla fyrir útgerðarmenn og fyrirtæki, hérumbil ætíð þannig, að þeir hafa ekki haft minnstu hagnaðarvon af því, hvernig fyrirtækið gengi, og engu hafa þeir ráðið um það, hvernig fyrirtækið hefir verið rekið. Þessir menn hafa við skuldaskil verið skyldaðir til þess að lúka þeirri skuld, sem ekki laukst með skuldaskilunum, allt eftir því, hvernig þeir hafa verið krafðir. Það hefir ekki komið hér fram nein till. í þá átt, að losa þessa menn undan skuldbindingum sínum. Þeir hafa verið látnir eiga sig, og þeirra hlutur er alveg kominn undir því, hvernig kröfuhafar ganga að þeim.

Þeir menn, sem hafa verið ábyrgir fyrir skuldum samvinnufélaga, hafa verið meðlimir í þeim félagskap með það fyrir augum, að njóta þeirra hlunninda, sem kynnu að skapast, ef vel gengi. Og margir þeirra hafa öðlazt ýmsa aðstöðu, bæði sem starfsmenn og stjórnendur, sem hefir beinlínis fært þeim fé, og sjálfir hafa þeir ráðið miklu um það, hvernig fyrirtækið hefir verið rekið. Og nú er hlaupið til af hæstv. atvmrh. að bera fram till. um, að varið skuli allt að 90 þús. kr. til að bæta aðstöðu þessara ábyrgðarmanna, sem hafa beinlínis verið hagsmunaaðiljar í fyrirtækjunum. En svo er ekkert gert af því opinbera til þess að létta byrðar allra annara ábyrgðarmanna, sem hafa orðið fyrir því óláni, að á þá hafa fallið stórkostlegar kröfur.

Þetta ber dálítið einkennilega að fyrir mig, sem hefi staðið hér í orðakasti við hæstv. ráðh. út af smámunum, út af því, hvort lægst launuðu sjómenn eigi að fá nokkur hundruð kr. þegnar undan skatti. Og það orðakast var frá hendi hæstv. ráðh. rekið af svo miklu kappi, að ég bjóst við, að hann mundi þá og þegar leysast upp í frumefni sín af eintómri vandlætingu. Nú kemur þessi maður og biður um 90 þús. kr. til þess að hýrga nokkra menn persónulega, sem margir eru vel settir í þjóðfélaginu. Mér er kunnugt um, að það eru mjög fá félög, sem geta komið hér til greina, eða að öllum líkindum sex. Þar af eru tvö félög, sem hafa takmarkaða ábyrgð, þannig að meðlimirnir ábyrgjast ekki meira en 3—500 kr. hver. Fyrir þessa menn hefir þessi hjálp litið að segja, því að sennilega verður fiskveiðasjóður aldrei skuldbundinn til að lána út á minna en 500 kr. ábyrgð. Og hvað hin félögin snertir, þá get ég ekki séð, að þar geti verið nema um ábyrgðarmenn eins einasta félags að ræða, þ. e. samvinnufélag Ísafjarðar. Það vill þannig til, að ábyrgir í því félagi eru nokkrir hv. þm. — Nú get ég búizt við því, að ýmsir hugsi sem svo, að ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni vegna þess, að hér sé um mótstöðumenn mína að ræða. Ég læt hvern og einn hugsa um það sem hann vill og anza því engu. En hitt ætla ég að spyrja hæstv. ráðh. um: Er það svo, að samningar séu um það milli Framsfl. og þessara manna, að stj. kaupi þessa menn til fylgis við sig fyrir þessi persónulegu friðindi? Við höfum orðið að horfa upp á það, á meðan þessir flokkar, Framsfl. og Alþfl., höfðu stjórnarsamvinnu, að þeir fórnuðu fé og ýmsu því, sem kostar ríkið mikið, til þess að geta lafað saman. En er nú svo komið, að ekki sé aðeins fórnað hagsmunum hins opinbera fyrir samstarf flokkanna, heldur að farið sé að kaupa einstaka menn þessa stuðningsflokks stj., sem margir efast um, að séu annað en gerviþm., með litið eða ekkert kjósendafylgi á bak við sig, — að þeir geti sett stj. þau skilyrði, að hún leggi fram, hvenær sem á þarf að halda fyrir þá persónulega, stórar fjárfúlgur, til þess að halda þessum dýrmæta stuðningi þessara gerviþm. Þegar svo langt er komið í spillingunni, er ekki hægt að þegja yfir því lengur, heldur verður að gera slíkt hneyksli opinbert, til þess að alþjóð megi um dæma, hversu djúpt er stigið í spillingunni í stjórnarháttum.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara lengra út í þennan þátt málsins, en vænti þess, að hæstv. ráðh. (SkG) reyni að gera grein fyrir, hvernig á þeim ósköpum stendur, að hann skuli leyfa sér að koma fram með þessa till. Hitt vildi

ég tala um, hversu hún er gersamlega óformleg. Það er ekki hægt að ákveða þetta einungis með brtt. við fjárlögin. Það yrði að byggjast á því, að allir kröfuhafar vildu fara þessa leið. Þessi skuldaskil byggjast nefnilega ekki á reglum skuldaskilalaganna; hér er ekki verið að framlengja þau á neinn hátt, heldur setja ný skuldaskil. Og fyrir hvern? — Fyrir nokkra ábyrgðarmenn, eða til að hindra að kröfum á þá verði framgengt. Þeim, sem kröfurnar eiga á hendur samvinnufélögunum, á að fullnægja með fé úr skuldaskilasjóði. Það eru að vísu ekki til nema 16 þús. kr., svo að hann yrði að taka lán, 75 þús. kr. sem ríkissjóður yrði að greiða og aldrei fengi endurgreitt. Nú stendur í brtt., að þessi skuldaskil skuli fara fram eftir nánari reglum, sem ráðh. setur. En hvernig fer, ef kröfuhafar stefna mönnunum eftir sem áður? Hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera, þegar það er komið í ljós, að þessi brtt. hans getur ekki bundið hendur kröfuhafanna? — Gefa út bráðabirgðalög? Er það meining hæstv. ráðh., þegar hann er búinn að hotta þm. út úr þingsalnum, að hlaupa þá til og gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, sem hann treystir sér ekki að fá samþ. lög um á Alþingi nú! Ég spyr, og vil fá skýr og skýlaus svör um þetta frá hæstv. ráðh., því að framkvæmd á brtt. hans er óhugsanleg. Í fyrsta lagi vil ég vita, hvort við eigum að vænta þess, að þessi ótímabundni stjórnarstuðningur Alþýðuflþm. eigi að kosta, hvað sem vera skal, ekki aðeins vegna flokksmála, heldur vegna persónulegra hagsmuna þm. Í öðru lagi verður það að koma fram. svo að allir heyri nú þegar, hvort hér á að fara í kringum aðalatriði málsins, þangað til stjórnin getur gefið út um það bráðabirgðalög.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Hér eru komnar fram allmargar brtt. frá einstökum hv. þm., og enn verið að útbýta sumum þeirra. Það er útilokað að segja skoðun sína á þeim öllum, enda hefir fjvn. ekki átt kost á að taka margt af þeim til athugunar. Ég ætla því að gera þeim öllum jafnt undir höfði.

En ég verð að víkja nokkrum orðum að brtt. frá fjvn. á þskj. 485. Loks nú í morgun voru tilbúnar till. landbn., er snerta fjárpestina. Þá sýndi það sig, að óhjákvæmilegt var að hækka þær upphæðir, sem þar um ræðir, um 100 þús. kr. En með því að fjvn. þótti ógerlegt að hafa meiri greiðsluhalla á fjárlögunum en hún hafði gengið frá, þegar hún setti fram brtt. sínar, þá taldi hún óhjákvæmilegt að lækka aftur sem þessu nam á liðum, sem hún var búin að taka upp í brtt.

Ég hefi leitað fyrir mér hjá hv. þm. og komizt að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegast muni þykja að lækka liðina til þjóðvega. Nefndin hefði fremur viljað fella alveg niður nokkrar símalínur og brýr, en einstakir hv. þm. tóku því svo fjarri að frá var horfið enda er vitað, að símalínur eru einu umbæturnar, sem nú er hægt að gera fyrir afskekktustu sveitir. Póst- og símamálastjóri taldi það einnig óhæft að gera þannig fjölda fagmanna við síma og brýr atvinnulausan. Að þessu athuguðu var samþ. í nefndinni að lækka alla vegi, einnig „benzinvegi", að undanteknum þeim malbikuðu, um 10%.

Um aðra einstaka liði brtt. 485,I þarf fátt að segja; 4., 5. og 7. lið leiðir hvorn af öðrum. Þar eru vegirnir um Siglufjarðarskarð og Öxnadal felldir niður úr tölu almennra þjóðvega og teknir aftur upp sem benzinvegir. Það er gert til að samræma þetta ákvæðum í lögum um tekjuöflun ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga.

Brtt. 485, V, 3, A—B, um varnir gegn mæðiveiki og stuðning til bænda á mæðiveikissvæðinu, eru teknar upp í samráði við þá menn, sem um þau mál hafa fjallað, og þá sérstaklega hv. landbn. Ef langra umræðna er þörf um þau framlög, er rétt, að þær komi fram við meðferð frv., sem nú liggur fyrir, um mæðiveikivarnirnar.

Hv. 2. landsk. talaði um, að ekki hefði komið fram hjá mér nægileg greinargerð fyrir sumum tillögum fjvn. á þskj. 400. Ég þóttist vera búinn að tala nokkuð lengi þá og hljóp yfir allar *smátill., sem ekki þurfti að vænta mikils ágreinings um.* Ég skal nú geta þar 59. brtt., e, sem er 2 þús. kr. byggingarstyrkur til Höskulds Björnssonar málara. Það er sérstaklega listfengur maður, dýramyndir hans, og þó einkum fuglamyndir, eru afburðagóðar. Hann er fjölskyldumaður við lítil efni og alveg ókleift að vinna að list sinni, nema hið opinbera hjálpi honum til að koma upp verkstæði.

Viðvíkjandi brtt. frá hv. þm. Skagf. á þskj. 444, um að hækka þann styrk, sem fjvn. hefir tekið upp á þskj. 400,66,b, til Guðmundar Andréssonar, til þess að stunda dýralækningar í Skagafirði, verð ég að skýra frá því, að Guðmundur hefir áður notið styrks til dýralækninga bæði í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði. En með því, að hv. þm. A.-Húnv. taldi hans enga þörf lengur fyrir Austur-Húnvetninga, svo að verksvið hans varð aðeins ein sýsla og styrkurinn er bundinn því skilyrði, að jafnmikið framlag komi annarsstaðar að, þá varð að samkomulagi í fjvn., að styrkurinn yrði aðeins 400 kr.

Þá kem ég loks að skiptingu þess fjár, sem ætlað er til brúargerða og til símalína.

Fé til brúa er ætlazt til að skipta þannig:

Laugaá í Árnessýslu	6000 kr.
Litla Þverá í Fljótshlíð	5000 —
Núpsá í Vestur-Ísafjarðarsýslu	4000 —
Bóluá í Skagafirði	4500 —
Geithellnaá í Suður-Múlasýslu	11000 —
Hörgá í Eyjafirði	11000 —
Reykjadalsá í Borgarfirði	6000 —
Laxá við Mývatn	11500 —
Kvíá í Öræfum	9000 —
Samtals	68000 kr.

Fé til símalína er ætlazt til að skipta þannig:

Hesteyri	21000 kr.
Hesteyri—Sæból	6500 —
Keldudalslína	5000 —
Hænuvík—Örlygshöfn	5300 —
Tjaldaneslína	5000 —

Hemla—Álfhólar	7800 kr.
Tjörneslína	8000 —
Samtals	58600 kr.

Þá er enn skiptingin á því fé, sem ætlað er til stofnkostnaðar héraðsskóla. Fjvn. er ekki algerlega sammála um það, eins og sést á því, að bornar hafa verið fram mismunandi brtt. En þar hefir verið áætlað:

Reykjanesskóli	10000 kr.
Núpsskóli	10000 —
Reykjaskóli	5000 —
Reykholtsskóli	4000 —
Laugaskóli	2500 —
Varmahlíð	2500 —
Til vinnukennslu	6000 —
Samtals	40000 kr.

Um einstakar upphæðir get ég nefnt, að greiðslan til Laugaskóla er helmingur af því, sem hann eiginlega á að fá, en ágreiningurinn var annars um það, sem renna skyldi til vestfirzku skólanna af þessu takmarkaða fé. — Vegna þess að ég vildi ekki láta fjvn. skera úr því til hlítar, vil ég ekki heldur leggja nú til orð um það, hvernig þessar till. verði afgreiddar.

Ég veit, að ýmsir hv. þm. eiga eftir að mæla fyrir brtt. sínum, en ætla þó að leiða hjá mér að svara þeim, nema sérstök ástæða verði til.

Forseti (HG): Útbýtt hefir verið á fundinum brtt. á þskj. 485 og 494. — Brtt. þessar eru of seint fram komnar, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að þær megi taka til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég vil svara hv. 6. þm. Reykv. viðvíkjandi brtt. á þskj. 425, XXXVIII, við 22. gr., um það, að ríkisstj. skuli heimilt að hlutast til um, að stjórn fiskveiðasjóðs Íslands verji til útlána, samkv. nánari reglum, er atvmrh. setur, allt að 90 þús. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, í því skyni að ná fullnaðarsamningum um greiðslu og eftirgjafir á ábyrgðarkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, er á þá hafa fallið vegna skuldaskila félagsins.

Þegar skuldaskil vélbáta voru framkvæmd, var þeirri reglu fylgt, ef fleiri en einn áttu í bát, sem kom til greina við lánveiting, að þá framseldu eigendurnir allir bú sín til skiptameðferðar og fengu þar með einnig samninga um aðrar skuldir sínar. En þetta var öðruvísi framkvæmt í samvinnufélögum. Félögin voru gerð upp sérstaklega, án þess að bú eigendanna væri tekin með í skuldaskilin. Það hefir nú komið í ljós, að þrátt fyrir skuldaskilin er hægt að krefja félagsmenn um hinn ógreidda hluta skuldanna, þar sem svo er ákveðið í félagslögunum, að þeir beri ábyrgð á þeim einn fyrir alla og allir fyrir einn. Það hefir verið álitið, að með þeim skuldaskilum, sem fengin voru, væru félagsmenn lausir við skuldirnar. Og það er sýnilegt, að ef svo er ekki, verða samvinnufélagsmenn miklu harðar úti en aðrir; lögin koma þeim ekki að gagni. Þessi fiskveiðasamvinnufélög eru: Kaupfélagið Fram í Vestmannaeyjum, Samvinnufélag Búðakauptúns, Samvinnufélag Ísfirðinga, Samvinnufél. Stokkseyrar, Samvinnufélagið Grímur í Borgarnesi og Samvinnuútgerðin í Stykkishólmi.

Hv. 6. þm. Reykv. reis úr sæti og gerði þessa till. sína að umtalsefni, fór með margar staðleysur um þetta mál og vildi blása það út í pólitiska deilu. Hann taldi, að ég væri fyrir hönd hlutaðeigenda að biðja um 90 þús. kr. lán, sem aldrei fengist borgað (SK: Nei, 75 þús.). Í till. stendur, að verja eigi allt að 90 þús. „til útlána samkv. nánari reglum". Þarna er aðeins gert ráð fyrir að heimila lánveitingar, og heimildin verður því aðeins notuð, að fullnægt sé „nánari reglum", m. a. um tryggingu. Þar verður fylgt svipuðum reglum og yfirleitt hafa gilt við skuldaskil vélbáta. Ef hv. þm. telur fyrirfram gefið, að þetta sé tapað lánsfé, gerir hann ráð fyrir, að ekkert af þeim lánum, sem veitt hafa verið hingað til úr skuldaskilasjóði, verði greitt.

Hann talaði um það litla, ljóta frv., sem verið hefir á ferðinni hér í Nd., um breytingu á tekjuskattslögunum. Mér finnst hann ætti sem sjálfuast að minnast á það. Ég hefi áður gert grein fyrir, hversu ranglátt það er, þar sem hann vill taka út úr eina stétt og láta hana hafa sérstök hlunnindi, að því er snertir tekjuskatt. Hafi nokkur gert ráð fyrir, að hann hafi borið fram það frv. vegna þess, að honum sé annt um hagsmuni sjómanna, þá mun engum geta blandazt hugur um það eftir þessa ræðu um brtt. núna við 22. gr., að svo er ekki. Honum er varla ókunnugt um það, að í þessum samvinnufélögum eru sjómenn, sem skipta nokkrum hundruðum, en hann ber þá ekki svo fyrir brjósti, að hann geti fallizt á, að þeim sé hjálpað til að njóta skuldaskilalaganna jafnt og aðrir. Sé ekkert gert, má gera ráð fyrir, að allir þessir sjómenn, sem yfirleitt eru fjölskyldumenn, verði gjaldþrota, og félagsskapur þeirra þar með lagður algerlega í rústir. Það er því ljóst af þessu, að það eru ekki hagsmunir sjómanna, sem þessi hv. þm. ber fyrst og fremst fyrir brjósti, þó að hann sé að reyna að láta það líta svo út, með því að flytja frv. um sérstök fríðindi þeim til handa í sambandi við framkvæmd tekjuskattslaganna.

Hv. 6. þm. Reykv. segir, að þessi till. mín komi ekki að notum, nema kröfuhafar á eigendur samvinnufélaga vilji fara þessa leið. Það er vitanlega rétt hjá honum, að hér er gert ráð fyrir, að reynt verði að ná samkomulagi við þá, og hann spyr um, hvað ráðh. muni gera, ef ekki takist að ná samningum með góðu móti við þessa kröfuhafa. Um það liggur ekkert fyrir nú, og get ég því ekki upplýst hv. þm. um það, að svo stöddu. Það getur vitanlega farið svo, ef það kemur í ljós, að þessi leið reynist ekki fær, að það yrði að setja l. um þessa framkvæmd, en hvort það þyrfti að gerast, áður en næsta Alþ. kemur saman, um það er ómögulegt að segja nú. Því miður liggur ekkert fyrir

um það, hvort hægt sé að ná samkomulagi við þessa kröfuhafa, og þá er vitanlega ekki hægt, og heldur ekki ástæða til, að gefa neinar yfirlýsingar um það, hvað síðar muni verða gert, ef þeir samningar stranda.

Ég þykist hafa gert grein fyrir því, að með þessari till. sé aðeins að því stefnt, að það verði sama eða svipuð meðferð, að því er snertir skuldaskil þeirra útgerðarmanna, sem eru þátttakendur í samvinnufélögum, eins og hinna, sem höfðu félagsskap um útgerð einstakra báta, þó að það væri ekki með samvinnusniði. Ég vænti, að öllum hv. þm. sé ljóst, að það sé ranglátt, að þessir þátttakendur í samvinnufélögum sæti miklu lakari meðferð en aðrir útgerðarmenn fengu á sínum tíma. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vænti, að hv. þm. geti fallizt á að samþ. þessa till.

*Eiríkur Einarsson: Þessar fjárlagaumræður hafa að miklu leyti farið fram fyrir auðum stólum, og ætti maður því ekki að hafa orð sín fleiri en þörf gerist. Ég er ekki aðalflm. að neinni brtt. við fjárl. Ég er aðeins meðflm. að einni einustu till., þar sem hv. þm. Vestm. er aðalflm., og af því að hann er kunnugri þessu máli en ég, og mun mæla fyrir till., þá get ég haft þessi orð þeim mun færri. Þetta er II. brtt. á þskj. 485, um það, að veittar verði 2000 kr. umfram það, sem samvinnunefnd samgöngumála leggur til, til þess að halda uppi reglubundnum ferðum á milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Samvinnunefnd samgöngumála gat ekki fallizt á að taka þessa fjárveitingu upp í till. sínar, og þar sem henni þóknaðist ekki að gera það, skrifaði ég undir þetta nál. hennar með fyrirvara, því að ég álít, að þessi styrkbeiðni eigi við eins góð rök að styðjast eins og sitt hvað annað, sem varð að till. hjá n. — Þegar verið er að ákveða styrki til flóabátaferða, þá álít ég, að það megi ekki einblína um of á það, hvort það er strjálbýli eða fjarlægðir, sem um er að ræða, heldur í samræmi við það, hve margra þarfir það eru, sem koma til greina, og þegar um ferðir er að ræða á milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, kemur síðarnefnda atriðið til greina. Vestmannaeyjar hafa þá legu, sem allir vita, en á suðurströndinni eru fjölmennar og blómlegar byggðir, sem hafa mikla viðskiptamöguleika við Eyjarnar. Það er því sérstök þörf fyrir, að Alþ. hjálpi til að gera þessar ferðir kleifar og framkvæmanlegar. Það mun meðflm. till. geta skýrt enn betur en ég, að Vestmannaeyingar hafa mikla þörf fyrir ýmsar landbúnaðarafurðir, og er þá sjálfsagt að leita í þeim efnum til byggðanna í Árnes- og Rangárvallasýslu, en í Rangárvallasýslu er um sandalendingu að ræða, sem er miklu meiri örðugleikum bundin en þó þarna á Stokkseyri, þar sem innsiglingin hefir stórum bætzt á síðasta ári. — Ef duglegum manni, eins og hér á sér stað í sambandi við þessa umsókn, væri hjálpað til þess að halda uppi reglubundnum ferðum með bát sínum þarna á milli Stokkseyrar og Eyja, ætti það að geta orðið til þess að örva viðskiptin þarna á milli, og orðið til beins og óbeins gagns í framtíðinni. — Ég tel hart, ef hið háa Alþ. sér sér ekki fært að tryggja það, að þessar samgöngur megi verða, þar sem Vestmannaeyjar og suðurströndin hafa þá aðstöðu, sem allir vita, og ekki hægt að eiga það víst, að neinn verði til þess að halda uppi reglubundnum ferðum, nema hann sé að einhverju leyti styrktur til þess. Ég get því látið máli mínu lokið um þessa till., en vænti þess fastlega, að hv. þm. sjái sér fært að greiða þessari till. atkv. sitt.

Eins og ég gat um, er þetta eina till., sem ég hefi borið fram, en fyrst ég reis úr sæti mínu, get ég ekki á mér setið að fara fáum orðum um örfáar till., sem hér liggja fyrir, af því að það eru þær till., sem ég hefi sérstakan áhuga fyrir að lýsa, hvaða afstöðu ég hefi til.

Tiltölulega snemma á þessu þingi skrifaði ég fjvn. bréf og mæltist til þess við hana, að hún veitti nokkurn styrk í viðurkenningarskyni til tveggja ágætismanna austanfjalls, sem hafa hvor á sínu sviði unnið, mér er óhætt að segja, afreksverk. Annar maðurinn er Jón Sturlaugsson á Stokkseyri, sem hefir verið hafnsögumaður þar, í þeirri vandasömu lendingu, um áratugi, og ekki aðeins farizt það prýðilega úr hendi, heldur hefir hann reynzt bjargvættur margra manna frá bráðum bana. Sennilega mun hann hafa bjargað frá drukknun ekki færri en 60 manns fyrr og síðar, eða rúmlega það, og hefði það einhverntíma þótt frækilega aðgert. Hann hefir mér vitanlega ekki fengið neinn opinberan styrk fyrir þessi afrek sín. Hann mun að vísu hafa verið sæmdur einhverju heiðursmerki. Maðurinn er gamall, fátækur og heilsulaus, og fyndist mér mjög sæmilegt fyrir Alþ. að kunna að viðurkenna þetta. — Þessu hefir fjvn. svarað á þann veg, að hún hefir ætlað honum 300 kr. viðurkenningu í 18. gr. fjárl. Ég verð að segja, að hún vill ekki alveg ganga fram hjá þessum manni í því að sýna honum viðurkenningu, en lítið er það, úr því að hún tók þessa till. upp í fjárl. á annað borð. Og lítið er það, þegar maður ber þetta saman við þann fjölda manna, sem ætlaður er drjúgur styrkur á sömu gr. fjárl. fyrir allt annarskonar störf. Náttúrlega verður maður að líta svo á, að ýmsir þessara manna séu maklegir hinnar beztu viðurkenningar, en það er sá andi hér á Alþ., að meta þessi störf, bókmenntaviðleitni ýmiskonar, langtum meira en hin verklegu afrek. Ef þeir hefðu staðið hlið við hlið, og það ætti að meta það, hvor ætti viðurkennningu frekar skilið, afreksmaðurinn Þorgeir í Vík eða Henrik Ibsen, sem kvað um hann, þá hefði eftir þessum mælikvarða Henrik Ibsen átt allt saman, en hinn mátt hverfa úr veröldinni með alla erfiðleikana án þess að hafa fengið nokkra viðurkenningu. Svona er það með þessa menn. Að vilja ekki sýna manni eins og Jóni Sturlaugssyni, sem hefir bjargað mörgum mönnum með því að stofna lífi sínu í voða, meiri viðurkenningu en þetta, það er skilningsleysi, það er rangt. Jón Sturlaugsson, hann er hetjutýpan, og ef skáldin þyrftu að taka sér menn til fyrirmyndar, þá er tilvalið að taka mann eins og Jón Sturlaugsson.

Hinn maðurinn, sem ég minntist á í erindi mínu til fjvn., er bóndi þarna fyrir austan, Jón Gestsson í Villingaholti í Flóa, sem hefir unnið sér það til ágætis, að smíða spunavélar, af því að hann er svo listfengur; og með þessum störfum hefir hann flestum öðrum fremur örvað heimilisiðnaðinn þar um slóðir. Hann er nú kominn að fótum fram og að mestu hættur að geta unnið að þessu handverki sínu. Þætti mér því maklegt, að honum hefði verið sýnd einhver viðurkenning, en n. hefir ekki séð sér það fært, og ég get þá ekki verið að bera fram brtt., hvorki að því er snertir Jón Sturlaugsson eða þennan mann, bara til þess að láta fella þær. Það þýðir ekkert. Ég vona, ef þessir öldruðu merkismenn eiga líf fyrir höndum, þá komi þing eftir þetta þing, og þá megi leiðrétta þetta. Ég vil láta þess getið, að fjvn. hefir í mörg horn að líta og verður að hafna mörgu, en ég tel, að sumt hefði frekar mátt liggja í láginni en það, sem ég hefi gert hér að umtalsefni. Ég skal svo ljúka máli mínu um það.

Ég kann fjvn. þakkir fyrir að hafa tekið upp í brtt. sínar dálitinn styrk til Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti. Hann hefir notið styrks áður á fjárl., og þessar 300 kr., sem hann hafði áður, hefir fjvn. þóknazt að taka upp aftur. Hann hefir lagt stund á söfnun örnefna hér á Suðurlandi, og hefir miklu áorkað í örnefnasöfnun, sem annars hefði verið hætta á, að hefði glatazt.

Hérna sé ég í brtt. á þskj. 400, einnig frá fjvn., að það er mikilsvarðandi málefni, sem hún hefir tekið þar til úrlausnar. Það er 124. brtt. á því skjali, um að veita mjólkurbúi Ölfusinga fjárhagslegan stuðning. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé það mál nokkuð kunnugt, og mér finnst fjvn. hafa hagað till. sínum skynsamlega. Það er ætlazt til, að þetta verði gert til bráðabirgða, og ég álít, að eins og sakir standa, hafi varla verið hægt að hafa aðra aðferð en þarna er höfð, og vænti, að hv. þm. taki þessu með skilningi og að till. nái fram að ganga.

Þá er á sama þskj., frá fjvn., till um heimild handa ríkisstj. til að semja við Búnaðarbankann um Flóavegalánið. Ég skoða það lítið annað en formið að samþ. þetta, því að sýslufélag Árnesinga hefði fyrir löngu átt að vera laust við þetta lán, þó að það sé komið í óefni vegna misgánings.

Alveg sama er að segja um næsta lið, 5. liðinn, að færa niður viðlagasjóðslán til Miklavatnsmýraráveitunnar, því það er vitanlegt af reynslunni, að ýmsir, sem áttu að henni að búa, hafa ekki orðið hennar aðnjótandi, og því er rétt að þessir menn njóti skuldaskila á láninu.

Hér var einhversstaðar einn liður, sem mér leikur hugur á að minnast aðeins á. Það er sameiginleg till. frá nokkrum hv. þm. um að styrkja íþróttafélag í sambandi við kaup á eigninni Kolviðarhóli. Ég á ómögulegt með að láta annað í ljós en að mér væri það fagnaðarefni, ef hv. Alþ. sæi sér fært að verða við þessari till. Og ég get sagt af hverju. Það er af því, að Kolviðarhóll hefir verið rekinn undanfarna áratugi af miklum dugnaði og fórnfýsi fyrir marghrakta ferðamenn, sem hafa leitað þarna gistingar og ávallt fengið hinar beztu viðtökur. Nú eru breytt viðhorf, og nú þarf þessa ekki við. En frú Valgerður Þórðardóttir, ekkja Sigurðar Danielssonar, er svo margs góðs makleg, að henni væri það styrkur, ef íþróttafélaginu væri hjálpað til þess að kaupa Hólinn. Það væri ekki nema makleg viðurkenning, og ættu hv. þm. því fremur að verða við þessari till.

Hérna er ein till. frá hv. 2. landsk., um að verja a. m. k. 30 þús. kr. af ágóða áfengisverzlunarinnar til þess að koma upp sjúkraskýli handa mönnum, sem hafa orðið fyrir heilsutjóni af völdum áfengisnotkunar. Ég álít, að hún sé svo sanngjörn og eigi við svo mikil rök að styðjast, að það megi ekki þegja hana fram af sér. Ég veit, að ríkið þarf á sínu að halda, og því veitir sízt af áfengisarðinum, en þessi arður er þannig fenginn, að ríkinu ber siðferðisleg skylda til að miðla einhverju af þessu fé til þess að hjálpa þeim aftur í land, sem lent hafa í flugstraumnum vegna þess, hve auðvelt er að fá þessa munaðarvöru, sem hefir orðið miklum fjölda til skemmdar og eyðileggingar.

Ég skal svo að síðustu minnast á eina till. Það er IX. till. á þskj. 485, frá þeim hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr., um það að heimila ríkisstj. annaðhvort, að undangenginni rannsókn, að reisa rafmagnsstöð við Andakílsárfossa og leiða þaðan rafmagn til Akraness og Borgarness og nágrennis eða flytja rafmagn til þessara staða frá Sogsvirkjuninni, og taka lán til þeirra framkvæmda. Þetta kemur hér inn á fjárlagabrautina á síðustu stundu, málefni sem áður hefir verið til umr. hér á Alþ. í sambandi við raforkulög, sem nú eru til umr. í hv. Ed. Ég man, þegar þess var getið af öðrum félaganna, hv. þm. Mýr. eða hv. þm. Borgf., að þeir myndu flytja till. í þessa átt, að því var haldið fram, að það yrði til þess, að aðrir kæmu á eftir. Ég get vel fallizt á þá till., sem kom fram undir umr. málsins, ef ég man rétt frá hæstv. fjmrh., um það, hvar ætti að byrja á þessum framkvæmdum, að þessi lagasetning, sem hér hefir legið fyrir og nú er í hv. Ed., sé einskonar rammi utan um þetta málefni, en síðan yrði sérstök löggjöf sett um hverja einstaka virkjun, að undangenginni rannsókn. Ég get fallizt á, að þessi leið sé eðlileg, og að þessa leið eigi að fara, en úr því að svona till. er komin fram við fjárl., eins og ég minntist á, frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr., þá tel ég sanngjarnt og rétt, að svipuð till. og komi annarsstaðar frá. Ég vil því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við fjárl., sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Við 22. gr. XII. Nýr liður: Að koma því til vegar, að flutt verði rafmagn frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar og taka nauðsynlegt lán til þeirra framkvæmda.“

Ég hirði ekki um að skýra þessa till. nánar. Hún er komin fram að gefnu tilefni, og vil ég því, um leið og ég lýk máli mínu, afhenda hana hæstv. forseta.

Forseti (HG): Hv. þm. hafa nú heyrt brtt. hv. 9. landsk. og verður leitað afbrigða fyrir henni, svo og brtt. á þskj. 500, sem útbýtt hefir verið nú hér á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 504) og um brtt. 500 leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

***Thor Thors:** Mínar brtt. eru bæði fáar og smáar, enda hefir reynslan kennt mönnum á undanförnum þingum, að það er þýðingarlítið að bera fram brtt. gegn þeim till., sem hv. fjvn. gerir við frv. 2 þessar brtt. flutti ég við 2. umr., en tók þær aftur til 3. umr. Er þær að finna á þskj. 494, I. Önnur þessi brtt. fer fram á 3 þús. kr. framlag til Ólafsvíkurvegar. Það er í núgildandi fjárlögum samskonar fjárveiting til þessa vegar, en hefir verið felld niður að þessu sinni, enda þótt mesta nauðsyn sé að halda þarna áfram með veginn, bæði vegna samgangna, og eins vegna þess, að þetta fjárframlag hefir aðeins verið eins og lítill atvinnubótastyrkur til þessa fátæka sveitarfélags. — Hin brtt. er um 1500 kr. framlag til bryggjugerðar á Arnarstapa. Alþingi veitti fyrir nokkrum árum nokkurt fjárframlag til þessa mannvirkis. Það liggur nú undir skemmdum, og er mikil nauðsyn, að unnið sé að því í sumar, ef það á ekki að glatast að verulegu leyti, sem þegar er búið að leggja til þessa mannvirkis.

Þá er brtt. á þskj. 425, IV, um nokkra hækkun til Stykkishólmsvegar. Það er vegargerð, sem staðið hefir yfir um 40 ára skeið og notið svo að segja einskis fjárframlags undanfarin ár. Það er þó vitað, að hér er um fjölfarna leið að ræða, sem myndi verða fjölfarnari, ef vegagerðinni væri hraðað. Ég hafði hugsað mér að bera fram till. um það, að nokkur hluti af benzínskattinum gengi til þessa vegar, þar sem ég tel eðlilegra, að honum væri varið til vegagerðar á þjóðbrautum heldur en að sletta fénu út um alla útkjálka, eins og virðist vera tilætlun þingsins. Hæstv. ráðh. taldi eðlilegra, að ég bæri þessar till. fram við fjárlögin, og vænti ég þess, að hann leggi til, að till. verði samþ.

Þá eru tvær smávægilegar till. á þskj. 500, II, hækkun á styrk til tveggja fiskimatsmanna fyrrverandi, úr 200 krónum upp í 400. Fjvn. hefir sjálf tekið upp till., sem er styrkur til margra fiskimatsmanna, og allir þessir menn eiga að fá 400 króna styrk. En þessir tveir menn, sem ég bar fyrir brjósti, eru teknir út úr og látnir hafa helmingi lægri styrk en allir aðrir. Þetta er svo smámunalegt, að ég tel það fullkomna vansæmd fyrir þingið að ganga frá þessu þannig. Enda þótt þetta sé ekki stórt atriði, nær ekki nokkurri átt annað en að hafa þennan styrk einn og þann sama, en láta þessa menn ekki njóta tvennskonar réttinda af hendi Alþingis. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái sóma sinn í því, að gera þessar litlu fjárveitingar allar jafnréttháar.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég get vel tekið undir það, sem hv. 9. landsk. sagði um þá upphæð, sem hv. fjvn. hefir ákveðið að veita Jóni Sturlaugssyni, sem eigi að vera nokkurskonar heiðurslaun fyrir hans afrek í þágu nauðstaddra manna á sjó. Ég ætla ekki að rekja þau afrek hér, þau eru alþjóð kunn. Og þó vel megi vera, að hann hafi hlotið einhverja viðurkenningu, sem ég geri ráð fyrir — en man ekki í bili —, þá er hún þess eðlis, að hún verður ekki í askana látin. En hitt er vitað, að hann er kominn að fótum fram og er fátækur maður. En úr því að fjvn. hefir skorið þetta svo um of við neglur sér, þá vil ég beina því til hv. þm. Árn., að þeir geri það að metnaðarmáli fyrir sig og sína sýslu, að þessi þjóðfrægi björgunarmaður sé ekki látinn búa við svo skarðan hlut sem fjvn. hefir honum ætlað á móts við marga aðra, sem fá styrk og viðurkenningu á þennan hátt frá Alþingi.

Um brtt., sem 9. landsk. og ég flytja í félagi, um styrk til bátaferða á milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja, þarf ég litlu við að bæta. Frsm. tók það flest fram, sem mælir með henni. En þó vil ég aðeins mega bæta við, að þessar ferðir eru einkum vel til þess fallnar að efla viðskipti milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Og sá maður, sem hreppsnefndin á Stokkseyri mælti með í styrkbeiðni til þingsins, er fæddur og uppalinn á Stokkseyri, þótt hann eigi nú heima í Vestmannaeyjum, og tel ég það mjög mikils vert, að sá maður, sem stjórnaði þessum ferðum, sé þaulkunnugur á Stokkseyri, vegna innsiglingar. Síðustu áratugi hafa Stokkseyringar og Eyrbekkingar flutzt mikið til Eyja og gerzt þar góðir borgarar á ýmsum sviðum, þó aðallega við sjávarútveginn. Þeir eiga skyldfólk sitt í þessum kauptúnum og sveitinni, oft aldrað fólk, og yrði það mikil ánægja og styrkur, ef þeir, sem atvinnuna stunda í Vestmannaeyjum, gætu liðsinnt því með fisksendingum og öðru, ef reglubundnar ferðir væru á milli. Svo er því ekki að neita, að þessar ferðir á sumrin á milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja yrðu vel til þess fallnar, að það fólk, sem litlum tíma hefir að fórna, gæti skroppið upp í sveit um helgar. Í Reykjavík er það alkunnugt, að bærinn svo að segja tæmist um helgar, því að fjöldi fólks streymir út úr bænum á ýmsum farartækjum til þess að njóta heilbrigði sveitaloftsins. Vestmannaeyingar eiga að vísu kost á því að koma til Reykjavíkur, en það er dýr ferð, og meginþorri þeirra getur ekki notið þess. En hitt er þeim áskapað, eins og öðrum, að vilja lyfta sér upp frá störfum um helgar. En þó er það ekki aðalatriði, heldur hitt, að á milli lands og Eyja eru viðskipti á vörum nauðsynleg, en það er mjög erfitt við það að eiga nema um reglubundnar ferðir væri að ræða.

Ég vil þakka hv. þm. Mýr. fyrir sína brtt., sem hann gerði við till., sem ég flutti, um að gera mönnum léttara að afla sér útsæðiskartaflna. Ég hefi áður talað fyrir þeirri till. og skal ekki færa fyrir henni fleiri rök. Ég þykist þess fullviss, eins og hv. þm. Mýr. er mikill áhugamaður í kartöfluræktun og hefir lýst yfir fylgi sínu við hana, þá muni aðrir sannfærast, og tek ég brtt. hans með þökkum. Ég hafði það eitt fyrir augum, þegar ég samdi till., að þm. sæi það, að svo væri um hnútana búið, að ekki gæti nein óreiða átt sér stað í endurgreiðslu fjárins. Hitt skal ég játa, að sú aðferð, sem hv. þm. Mýr. benti á í sinni till., er góð, og get ég fullkomlega fallizt á hana. Að lokum vil ég leyfa mér að flytja brtt. á þskj. 485, VI, um það,

að Guðmundi Hávarðssyni verði greiddar 500 kr. upp í halla, er hann beið við flutning símastaura í landsþarfir, vegna atvika er hann átti ekki sök á. Þetta er orðið gamalt og Alþingi kunnugt, og má segja, að hann hafi á mörgum þingum — ég veit ekki hvað mörgum — barizt fyrir því að fá réttan þennan skaða, sem hann beið, þegar honum var ekki borgað umsamið verð fyrir þennan flutning símastauranna, þegar landlínan var lögð frá Borgarnesi og norður. Þeir, sem kunnugir eru þessum málum, telja, að hann hafi ekki átt sök á þeirri stórkostlegu töf, sem olli því, að staurarnir komust ekki á réttum tíma. Hann átti ekki að sjá fyrir sjóflutningi stauranna, en það var einmitt sá flutningur, sem tafðist, og vegna þess gat Guðmundur Hávarðsson ekki fullkomlega staðið við þá samninga, sem hann hafði gert við þáverandi yfirvöld, og bar þess vegna allmikinn halla, sem þessi fjárhæð að vísu hvergi nærri vegur upp. En ég hefi ekki dirfzt að fara fram á meira en 500 kr. honum til bóta. Þessi maður er orðinn háaldraður, og mér finnst það óviðkunnanlegt af hv. Alþingi, jafnoft og hann hefir lagt skýr gögn fyrir þingið um þetta mál, að daufheyrast alltaf við beiðni hans. Nú eru komin yfir 30 ár síðan þetta var, og hann hefir alltaf staðið í stímabraki með að fá þessar bætur. Og má af öllum líkindum gera ráð fyrir því, að þessu 30 ára stríði hans við stjórnarvöld landsins fari bráðum að linna. En honum myndi vera nokkur styrkur og huggun í því, ef þessi litla till. væri nú samþ.

Sigurður Kristjánsson: Hæstv. atvmrh. var tiltölulega hógvær í þessu svari sínu, enda svaraði hann nú lítið þeirri fyrirspurn, sem ég lagði fyrir hann. Hann sagði, að regla við skuldaskil útgerðarmanna hefði verið sú, að þeir hefðu framselt bú sín, og það er alveg rétt. Nú segir hæstv. ráðh., að samvinnufélögin verði harðast úti eftir þeim hæstaréttardómi, sem fallinn er. Þetta er ekki rétt, því að hæstiréttur setur samvinnumenn hliðstæða ábyrgðarmönnum, og þeir verða betur úti samkvæmt dómnum heldur en almennir ábyrgðarmenn, af þeirri einföldu ástæðu, að þótt þeim sé lögð sama skylda til greiðslu á herðar, þá hafa þeir haft miklu meiri umráð og afskipti af þeim fyrirtækjum, sem þeir standa í ábyrgð fyrir heldur en þeir almennu ábyrgðarmenn, sem eru alveg framseldir skattheimtumönnum. Til þess að sanna það, að samvinnumenn verði harðast úti, yrði ráðherra að sanna það, að dómur hæstaréttar væri rangur, og hæstiréttur hefði átt að setja þessa menn hliðstæða við útvegsmenn, en ekki hliðstæða við ábyrgðarmenn. Vænti ég þess, ef svo er, að hæstv. ráðh. er ekki sjálfur búinn né heldur hefir fengið lögfræðilega aðstoð til þess að fullvissa sig um, hvort þetta form skuldaskila er framkvæmanlegt, þá muni hann heldur ekki vera búinn að fá leyst úr svo miklum vanda, hvort hæstaréttardómur er réttur eða ekki, enda liggur það ekki fyrir til umr. Hann getur á engan hátt rökstutt að samvinnufélög, sem eru í ábyrgð vegna samvinnufélagsskapar, fari verr út úr því heldur en þau, sem búið er að gera skuldaskil fyrir, nema með því að ganga út frá því, að þeir séu ekki hliðstæðir við ábyrgðarmenn, eins og hæstiréttur hefir ályktað. — Hæstv. atvmrh. sagði, að ég hefði farið í ræðu minni með ýmsar staðleysur, og leyfði ég mér að kalla fram í og spyrja, hverjar þær væru, því að það er viðkunnanlegra að vita, hver sökin er, þegar slíkt er borið á mann. En ráðh. svaraði því engu öðru en því, að ég hefði sagt, að ríkissjóður ætti að leggja fram 90 þús. kr., sem aldrei kæmu aftur. Í fyrsta lagi er þetta rangur skilningur. Ég sagði, að ætti að gera skuldaskil upp á 90 þús. kr., og ríkissjóður legði fram 74—75 þús. kr., sem hann fengi aldrei aftur. Og þetta sagði ráðh., að væri rangt. En þetta er rétt, og það hlýtur ráðh. að vita, að það, sem ríkissjóður leggur til skuldaskila, er ekki afturkræft til ríkissjóðs. Þær endurgreiðslur, sem kynnu að fást, rynnu til skuldaskilasjóðs, sem síðar, ef eitthvað yrði afgangs fram yfir hans skuldbindingar, verður hans eign. En það er ekki gert ráð fyrir því, að skuldaskilasjóður muni bera mikinn arð úr býtum af þessum endurgreiðslum. Þess er varla að vænta, þegar lánað er fyrirtækjum, sem eru alvarlega illa stödd.

Ég spurði hæstv. atvmrh. um, hvaða leið hann hefði hugsað sér, að farin yrði til þess að koma þessum skuldaskilum fram, og hvað hann ætlaði að gera, ef skuldaskilin reyndust óframkvæmanleg samkvæmt þessari brtt. hans við fjárlögin. Hann svaraði því, að það lægi ekkert fyrir um það, hvað gert yrði, því að það væri ómögulegt að segja um, hvort þessi leið reyndist fær. Ég þóttist vera búinn að færa rök fyrir því, að þessi leið væri ófær, óframkvæmanleg. Ég sýndi fram á, að það er ekki hægt að þvinga kröfuhafa til þess að fara þessa leið til skuldaskila, og þeir geta farið sína götu og gengið að ábyrgðarmönnunum, hvað sem auglýsingum og samþykktum í sambandi við fjárlögin líður. En mér þykir það undarlegt, að ráðh. skuli ekki geta gert sér grein fyrir þessu. Hvað hafa lögfræðingarnir í atvinnumálaráðuneytinu sagt honum? Hann á kost á mikilli lögfræðilegri aðstoð frá ýmsum góðum lögfræðingum í stjórnarráðinu. Hljóp hann af stað með þetta sem sannað mál án þess að ráðgast um það við aðra?

Er hann svo sannfærður um, að hann einn viti, og enginn annar betur, að hann þurfi ekki að leita ráða um lögfræðileg atriði? Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, enn í viðbót, þó að hann sé tregur til svars: Hvað hafa lögfræðingar atvinnumálaráðuneytisins sagt honum um þessa hluti? Er þetta form hugsað eftir þeirra ráðleggingum? Hæstv. atvmrh. sagði í sambandi við þetta, að það væri hugsað, að skuldaskil fyrir þessa menn, sem eru í ábyrgð fyrir samvinnufélögum, yrðu eins og fyrir aðra útgerðarmenn. Hæstv. ráðh. veit það, að þessi till. er borin fram vegna þess, að hæstaréttardómur hefir gert þessa menn hliðstæða ábyrgðarmönnunum fyrir einkafyrirtækjum, og það er þess vegna ekki um slíkan samanburð að ræða við útvegsbændur. Það er bara samanburður við þá, sem hafa verið í ábyrgð fyrir útvegsmenn. Hæstv. ráðh. svaraði því engu, hvort þetta væru samningar á milli stj. og stuðningsmanna hennar. Það er ekki að

búast við, að hann vilji auka umr. um þetta mál, en af því að hann fór að telja upp samvinnufélögin, sem njóta mundu góðs af þessum skuldaskilum, þá ætla ég að leyfa mér að minnast á þau líka, og leiða nokkur rök að því, að þetta sé ekki gert fyrir þau öll, heldur aðallega eitt þeirra. Af þessum sex félögum eru 4 með ótakmarkaða ábyrgð. Þá eru tvö félög með takmarkaða ábyrgð; er það samvinnufélag Stykkishólms, með takmarkaða ábyrgð við 500 krónur, og samvinnufélagið Grímur í Borgarnesi hefir takmarkaða ábyrgð hjá sínum meðlimum við 200 kr. Má geta nærri, að hæstv. ráðh. er ekki að hlaupa til að koma með þessa till. um 90 þús. kr. vegna þessara félaga, sem ekki hvílir meiri ábyrgð á heldur en þetta. Það er ekki líklegt, að það hafi verið nein sérstök nauðsyn fyrir þau. Þá eru eftir 4 félög. Eitt þeirra er kaupfélagið Fram í Vestmannaeyjum. Ég hefi það fyrir satt, að skuldir þessa félags séu svo að segja allt skuldir við bankana, víxilskuldir, sem meðlimir félagsins hafa gengið í persónulega ábyrgð fyrir, og skrifað á þessa víxla. Og þótt þessi skuldaskil yrðu gerð, er krafa bankanna á þá algerlega óskert eftir sem áður. Þetta getur því ekki verið gert fyrir þetta félag. Þá er félagið á Stokkseyri og félagið á Búðum í Fáskrúðsfirði. Þessi félög eru yfirleitt samansett af eignalausum mönnum, sem ég hygg, að yfirleitt myndi alls ekki verða gengið að. Ég er sannfærður um, að það hefði verið litið svo á af kröfuhöfum, að ekkert væri af þessum mönnum að hafa, og ekki komi til mála að ganga að þeim. Þessi skuldaskil eru því ekki hugsuð fyrir þessi félög. Þá er eftir samvinnufélagið á Ísafirði, sem hefir gert skuldaskil upp á geysimikla skuld; ég komst dálítið þar inn í, af því að ég hafði umboð fyrir kröfuhafa í bú þess. Það félag fékk skuldaskil upp á 5% greiðslur á 400 þús. kr. — Nú er mér kunnugt um, að kringum helmingur af þessari upphæð er skuldir við bæinn og ríkið, sem ekki er líklegt, að yrði farið að gera harðlega gildandi, og þar að auki eru allverulegar upphæðir skulda við kaupfélagið á Ísafirði, sem ég geri heldur ekki ráð fyrir, að yrði gengið hart fram í að innheimta, vegna þess að það mun vera mikið af sömu mönnunum í báðum þessum félögum. Auðvitað er þó eftir skuld, sennilega hátt í 200 þús. kr. hjá einstökum mönnum, sem maður gæti búizt við, að vildu gera sínar kröfur gildar. Og er það vitanlega vegna þeirra manna, sem hæstv. atvmrh. ber fram þessa till., og það er af því, að þó nokkrir menn eru meðal þeirra manna, sem í ábyrgðinni standa, sem almennt er álitið, að hafi allverulega getu til þess að taka að sér greiðslurnar, og má því búast við, að kröfuhafar telji að þeir eigi þar talsverða fjárvon. Nú ber svo leiðinlega við, að það eru einmitt þingmenn, og eru allir stuðningsmenn þessa hæstv. ráðh. Og það er kannske svo, að stóllinn riði undir ráðh., ef stoðir þessar eru ekki treystar. — Það dettur auðvitað ekki nokkrum manni í hug að setja þessa tillögu í samband við annað. Þykir mér þetta nokkuð djarft leikið, svo að ekki sé frekar að orði kveðið.

En nú ætla ég að koma ofurlítið meira að formshliðinni: Hvernig ætlar hæstv. ráðh. að framkvæma þessi skuldaskil með einni brtt. við fjárl.? Ég fékk engin svör frá honum önnur en þau, að um þetta væri ómögulegt að segja. Ég spurði hann, hvort hann ætlaði að gefa út bráðabirgðalög, þegar hann ræki sig á, að skuldaskil væru óframkvæmanleg án l. Hann vildi ekki svara því. Ég efast ekki um, að á fyrsta stigi málsins hafi hæstv. ráðh. dottið í hug, að hægt væri að gera skuldaskil á þennan hátt. En hvernig hugsar hann sér að forma þessi skuldaskil? Hann segir, að það verði gert eftir nánari reglum, sem ráðuneytið setji. Hverskonar reglur ætlar hann að setja um það, hvernig þessum skuldum er jafnað niður á ábyrgðarmennina? Ætlast hann til að geta gert það eftir efnum og ástæðum eða bara eftir efnum? Ætlast hann til, að þeir hafi samábyrgð um þetta, eða ætlast hann til, að hver sé tekinn út af fyrir sig og athugað, hvað hann getur? Ætlar hann að miða við efni manna eða efni og ástæður? Þetta er stórt atriði. Ég vil taka dæmi fyrir hæstv. ráðh.: Hér höfum við eflaust einn með mestu hátekjumönnum landsins. Getur verið, að sami maður gæti sýnt fram á, að hann væri öreigi, eða a. m. k. væri ekki hægt að sýna fram á, að hann ætti neitt, þó að hann kynni að eiga það. En ef maðurinn situr í lífstíðarstöðu, sem gefur honum 15—20 þús. kr. tekjur, á þá að fara eftir efnum hans eða efnum og ástæðum? Annar maður kynni að vera alveg tekjulaus, en eiga kannske nokkrar þúsundir kr., sem hann lumaði á af sparsemi langrar ævi. Á þá að taka þetta af honum og skilja hann eftir við sínar bágu ástæður? Hefir hæstv. ráðh. gert sér grein fyrir þessu, þegar hann setur þetta í gr. „eftir nánari reglum, sem atvmrh. setur“? Það væri náttúrlega ósnngjarnt að ætlast til þess, að hann hefði gert sér grein fyrir því, en ég skal viðurkenna, að hann þurfti þess ekki, því að það er svo mikil fjarstæða, svo langt frá veruleikanum, að hægt sé að gera skuldaskil á þennan hátt. Hann mundi strax reka sig á, að um það verða að vera l. Og þá endurtek ég spurningu mínu: Ætlar hæstv. ráðh. að gefa út bráðabirgðalög, nú þegar hann er búinn að losast við þetta þing, og hvernig ætlar hann að hafa þessi lög? Því að þá kemur vandinn öðru sinni, og það er að ákveða reglur um, hvernig eigi að framkvæma þessi dæmalausu skuldaskil.

Ég veit, að þessum skyldurækna hv. þm., sem hér sitja, er bráðum mál að fara að borða, og ég býst við, að hæstv. ráðh. muni góðfúslega svara þessum spurningum, og það muni taka nokkurn tíma, og einnig með tilliti til þess, að ég held, að málið sé orðið öllum ljóst, ætla ég ekki að bæta meiru við þetta. Ég vil bara að lokum minna hæstv. ráðh. á, að hann svaraði ekki þessari mikilsverðu spurningu minni, hvort þetta væru samningar milli stj. og stuðningsmanna hennar, eða hvort þetta væri komið fram eingöngu af hans hjartagæzku? Mér þykir það líklegra, því að það er ólíklegt, að stuðningsmenn hans hafi gefið á að þiggja svona leiðinlega tilkomna gjöf.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta, að verða ekki margorður, enda gerist þess ekki þörf, þar sem ég útskýrði málið allgreinilega áðan.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það gilti sama máli um þessi félög og þá menn, sem kunna að hafa verið í ábyrgð fyrir einstaka vélbátaeigendur, sem þar hefðu fengið skuldaskil. Hann hefir þó tekið það aftur í öðru orðinu í sínum ræðum, þar sem hann hefir bent á, að öðru máli gegni um þessa menn, vegna þess að þeir hafi haft miklu meiri afskipti af stjórn og rekstri viðkomandi félaga heldur en ábyrgðarmenn, sem hafa verið fyrir lánum einstakra bátaútvegsmanna, en vitanlega ekkert haft um það að segja, hvernig sá útvegur hefir verið rekinn. Þetta er rétt hjá honum, og hann hefir þar sjálfur tekið það aftur í einu orðinu, sem hann sagði í hinu.

Það er alveg rétt, að það er munur á þessu. Hér er um að ræða hina raunverulegu eigendur þessara samvinnuútgerðarfyrirtækja, eigendur þeirra báta, sem hér er um að ræða, sem eru hliðstæðir að öllu leyti öðrum eigendum og útgerðarmönnum vélbáta, hvort sem þar er einn maður um bát eða fleiri saman. Þessir menn, sem samvinnufélögin reka, eru einir eigendur bátanna og engir aðrir, a. m. k. býst ég ekki við, að hv. 6. þm. Reykv. geti bent á neina aðra eigendur, sem þessir menn hefðu þá verið í ábyrgð fyrir. Hann vildi gera lítið úr þessari samábyrgð nema þá helzt á Ísafirði. Nefndi hann sem dæmi Stykkishólm, þar sem hann sagði, að ábyrgðin væri bundin við 500 kr. hjá hverjum félagsmanni. Ég geri ráð fyrir, að þessi upphæð, sem hann nefndi, sé rétt, en það skiptir nokkru máli, hvort þeir bera sameiginlega ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn að upphæð 500 kr. fyrir hvern félagsmann, eða að upphæð hvers einstaklings er bundin við 500 kr. Þetta skiptir verulegu máli. Auk þess vil ég benda á, að jafnvel þó að ábyrgðin væri það takmörkuð, að hver einstaklingur þyrfti ekki að borga meira en 500 kr., þá gæti það orsakað gjaldþrot hjá fátækum sjómönnum, ef að heim væri gengið með þá kröfu.

Hv. þm. var að tala um, að þarna mundu eiga hlut að máli 3 þm., sem væru stuðningsmenn stj. Það er nú svo, að hann virðist gera svo mikið úr því atriði, ef þarna eru 3 þm. þátttakendur í þessum félagsskap, að hann gleymir öllum sjómönnunum, sem skipta hundruðum, sem eru í þessum félagsskap, þó að hann sé hér annað slagið að tala um, hvað þeir eigi við bág kjör að búa, þar sem þess séu jafnvel dæmi, að þeir sjái ekki konur sínar og börn árum saman. Hann gleymdi þeim allt í einu og talaði eingöngu um 2 eða 3 hátekjumenn, sem hann kallaði, sem þarna væru við riðnir.

Hann sagði, að sú leið, sem hér ætti að fara, væri alveg óframkvæmanleg, og er að spyrja um, hvað lögfróðir menn í stjórnarráðinu og annarsstaðar hafi um þetta sagt. Ég gat þess í fyrri ræðu minni, að það gæti vel borið sig, að ekki yrði hægt að ná samningum, en ég býst við, að hv. þm. viti, þó að hann þykist ekki vita það, að ákaflega mörg dæmi eru til þess, að hægt er að ná samningum við kröfuhafa um greiðslur á þeim kröfum, sem þeir hafa, án þess að þurfi að setja um það sérstaka löggjöf. Þetta veit hver maður, og þess vegna tel ég rétt, að sú leið sé reynd til þrautar, hvort ekki má ná samningum um kröfur, sem á þessum útgerðarmönnum hvíla, án þess að um það þurfi að setja sérstök l. Hitt er annað mál, að ef sú leið reynist ekki fær, þá getur verið, að verði að setja um það l., en þá vil ég vænta, að það geti dregizt, þangað til Alþingi kemur saman næst, svo að Alþingi geti gengið frá þessari lagasetningu. Ef það hinsvegar gæti ekki beðið, þá gæti vitanlega svo farið, að setja yrði bráðabirgðalög, en um það liggur ekkert fyrir nú, og er þess að vænta, að til þess þurfi ekki að koma. Önnur svör get ég ekki gefið honum um þetta.

Hann segir, að miklu máli skipti, hvernig þær reglur og þau l. verði, sem sett verði um þessi skuldaskil, hvort eigi að miða við efni og ástæður eða aðeins efni. Hann talaði um mann, sem kannske ætti ekkert til, en væri í góðri stöðu, og svo annan, sem væri farlama, en ætti eitthvað í kistuhandraðanum, og hvort það sé meiningin að taka allt af honum. Það er nú ekki annað en það, sem yrði gert, ef einhver farlama maður er á Ísafirði, þar sem þessi hv. þm. var fyrir nokkrum árum, sem væri þátttakandi í samvinnufélaginu þar. Það liggur ekki annað fyrir en að taka allt af honum, ef engar ráðstafanir eru gerðar til þess, að hann og aðrir, sem í þessum félögum eru, geti komizt að samningum við kröfuhafana. Ef til þess kemur, að setja verður l. um þessi efni, þá tel ég sjálfsagt að þau verði með svipuðu móti og l. voru um skuldaskil vélbátaeigenda og framkvæmd á sama hátt, og ég gerði ráð fyrir því í fyrri ræðu minni, að um tryggingar fyrir væntanlegum lánum yrði fylgt svipuðum reglum og þegar skuldaskilin voru framkvæmd.

Ég þykist þá hafa upplýst þetta mál nægilega og sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

***Guðrún Lárusdóttir:** Herra forseti! Það eru aðeins örfá orð í sambandi við brtt. á þskj. 460 frá hv. þm. Vestm., um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi og álagningu grænmetisverzlunar ríkisins á kartöflur. Ég tel þessa brtt. svo mikils virði og svo sanngjarna, að ég vænti þess, að hún verði samþ., því að ef fólki á yfirleitt að vera kleift að rækta kartöflur til matar, verður að sjá svo um, að útsæðið sé ekki selt óhæfilega dýrt. Þetta er önnur hlið þessa máls, en ég vil einnig benda á hina hliðina, sem sé þá, að um það verði séð, að grænmetisverzlun ríkisins sæi jafnan um, að ætíð væri til nægilegt útsæði handa því fólki, sem þarf á slíkri vöru að halda. Nú hefir það flogið fyrir, hvort sem ástæða er fyrir því eða ekki, að grænmetisverzlunin sé alveg kartöflulaus, svo að það fólk, sem ekki hefir nú þegar getað aflað sér útsæðiskartaflna, geti ekkert fengið. Það er vitanlegt, að nú stendur yfir sá tími, sem þarf að koma útsæðina ofan í jörðina. Það er því meira en lítið bagalegt, ef fólk getur ekki fengið þessa vöru, sem því er ómögulegt að komast af án.

Það var meining mín með þessum orðum að

spyrja, hvort hæstv. atvmrh. gæti ekki gefið mér upplýsingar um, hvort þetta muni vera tilfellið, að grænmetisverzlunin sé gersneydd því að eiga kartöflur til útsæðis eða til matar. Að vísu hefir flogið fyrir, að von sé á kartöflum með einhverju skipi, en verðið yrði svo gífurlega hátt — 23 kr. tunnan —, að fátækur almenningur gæti ekki lagt sér slíkt til munns.

Ég vek máls á þessu, af því að ég tel þörf á, að þeir, sem að grænmetisverzluninni standa, sjái svo um, að fólk verði ekki í vandræðum vegna þessara hluta, og greiði fyrir því, að þessar kartöflur gangi sem jafnast yfir. Mér er líka sagt, að einstakir menn hafi getað haft út talsvert mikið af þessu, en svo hafi aðrir ekkert. Það þarf að jafna þessu svo vel niður, að enginn, sem þessa vöru þarf að fá, verði alveg afskiptur.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vona fastlega, að hv. þm. sjái um, að slíkt komi ekki fyrir, að þegar fólk á að fara að setja ofan í garðana, þá sé ekki hægt að fá útsæði. Það má ekki koma fyrir, svo framarlega sem um nokkra kartöfluræktun á að vera að ræða í framtíðinni.

Að lokum vil ég þakka þeim hv. þm., sem hafa látið falla stuðningsorð með brtt. minni um styrk til sjúkrahælis fyrir áfengissjúklinga og þar með sýnt skilning sinn á þessu máli, og ég vil fyllilega treysta því, að aðrir hv. þm. eigi eftir að sýna sama skilning og velvilja á málinu við atkvgr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins upplýsa það út af því, sem hv. 2. landsk. sagði viðvíkjandi kartöflunum og möguleikum á því að útvega útsæði, að forstöðumaður grænmetisverzlunar ríkisins hefir upplýst það fyrir stj., og það hygg ég, að allir viti, sem nokkurn áhuga hafa fyrir þessu, því að það var auglýst í blöðunum, að nægilega snemma voru bæði búnaðarfélögin og eins þeir, sem verzlanir reka, beðnir um, að senda pantanir sínar í tíma, og þetta var gert, en svo pantaði grænmetisverzlunin miklu meira en það, sem þessir aðiljar báðu um (PZ: Sex sinnum meira.), en svo kom upp, að þessir aðiljar vildu fá miklu meira en þeir höfðu sjálfir pantað, að því er forstöðumaðurinn upplýsir, og 2 daga hefir vantað kartöflur, en ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að bæta úr því, þannig að það mun ekki vera ástæða til að ætla, að skortur verði á þessari vöru, eftir því sem forstöðumaðurinn hefir upplýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 10. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 400,1—3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,4—5 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 400,6 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 400,7 samþ. með 41:4 atkv.
— 425,I.1 samþ. með 36:1 atkv.
— 400,8 samþ. með 35:2 atkv.
— 425,I.2 samþ. með 30:3 atkv.
— 400,8, svo breytt, samþ. með 39:1 atkv.
Brtt. 400,9 samþ. með 31:5 atkv.
— 400,10 samþ. með 27:1 atkv.
— 400,11 samþ. með 30:1 atkv.
— 425,II. samþ. með 26:1 atkv.
— 494,I.1 felld með 25:17 atkv.
— 425,III felld með 27:11 atkv.
— 425,IV felld með 26:16 atkv.
— 425,V felld með 26:12 atkv.
— 485,I.2—3 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 425,VI felld með 28:5 atkv.
— 425,VII felld með 26:14 atkv.
— 485,I.4 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 425,VIII felld með 25:15 atkv.
— 485,I.5 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 425, IX felld með 27:4 atkv.
— 485,I.1 samþ. með 26:5 atkv.
— 400,12.1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 485,I.7.1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 400,12.2 tekin aftur.
— 400,12.3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 485,I.7.2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 485,I.6 samþ. með 29:5 atkv.
— 485,II felld með 25:16 atkv.
— 444,I felld með 24:12 atkv.
— 444,II (aðaltill.) felld með 25:6 atkv.
— 444,II (varatill.) samþ. með 26:15 atkv.
— 425,X felld með 25:18 atkv.
— 425,XI felld með 27:12 atkv.
— 425,XII, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
— 400,13 samþ. með 29:3 atkv.
— 400,14—15 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 400,16 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,17 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 425,XIII samþ. með 35 shlj. atkv.
— 425,XIV felld með 25:19 atkv.
— 494,I.2 felld með 24:16 atkv.
— 400,18 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 444,III felld með 30:7 atkv.
— 400,19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 425,XV felld með 25:17 atkv.
— 485,III felld með 24:22 atkv.
— 425,XVI (aðaltill.) felld með 24:14 atkv.
— 425,XVI (varatill.) felld með 24:15 atkv.
— 400,20 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 400,21 samþ. með 28:9 atkv.
— 400,22 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 400,23 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 400,24 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 400,25 samþ. með 26:1 atkv.
— 425,XVII (aðaltill.) felld með 24:13 atkv.
— 425,XVII (varatill.) felld með 24:21 atkv.
— 400,26—30 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 400,31 samþ. með 33: 4 atkv.
— 444,IV samþ. með 27:4 atkv.
— 400,32 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 400,33 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,34 samþ. með 35:2 atkv.
— 400,35 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 460,I (aðaltill.) felld með 26:10 atkv.
— 460,I (varatill.) felld með 26:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, VJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EOl, EmJ, ErlÞ, FJ, GÞ, GL, HelgJ, HV, ÍslH, HG.

nei: MJ, ÓTh, PHerm, PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞÞ, ÁJ, BSn, EÁrna, EE, EystJ, GSv, HermJ, JakM, JPálm, JJ, JörB.

ÞBr, BJ, BjB, BrB, IngP, JJós greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 444,V samþ. með 26:5 atkv.
— 400,36—37 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 400,38 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 425,XVIII felld með 28:8 atkv.
— 425,XIX.a felld með 25:11 atkv.
— 425,XIX.b felld með 25:15 atkv.
— 425,XX felld með 24:19 atkv.
— 425,XXI felld með 26:6 atkv.
— 460,II felld með 25:15 atkv.
— 400,43 samþ. með 32:1 atkv.
— 400,39—40 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 400,41.1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 460,III felld með 25:20 atkv.
— 400,41.2—5 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 485,IV felld með 27:16 atkv.
— 400,41.6—7 samþ. með 35:1 atkv.
— 400,41.8 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 460,IV samþ. með 28:11 atkv.
— 400,42 samþ. með 30:1 atkv.
— 400,44 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 485,V.1 samþ. með 25:1 atkv.
— 400,45—46 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 444,VI (aðaltill.) felld með 24:9 atkv.
— 444,VI (varatill.) felld með 24:12 atkv.
— 400,47—49 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,50 samþ. með 28:1 atkv.
— 400,51.1—2 samþ. með 30:2 atkv.
— 444,VII (aðaltill.) felld með 24:15.
— 444,VII (varatill.) felld með 24:17 atkv.
— 400,52 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 400,53 samþ. með 28:7 atkv.
— 400,54.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 400,54.b.1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 400,54.b.2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 400,54.b.3 samþ. með 26:6 atkv.
— 400,54.b.4 samþ. með 26:10 atkv.
— 400,54.b.5 samþ. með 27:7 atkv.
— 400,55 samþ. með 26:5 atkv.
— 400,56.a samþ. með 32:1 atkv.
— 400,56.b. samþ. með 27:3. atkv.
— 400,56.c. samþ. með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjB, BSn, ErlÞ, GSv, GL, JakM, JJós, JPálm,JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PHalld, PO, SEH, SK, TT, VJ, ÞÞorb, ÁJ, ÁÁ, HG.

nei: EÁrna, EystJ, FJ, HelgJ, HV, IngP, JJ, PZ, SkG, StSt, SvbH, BÁ.

BrB, EOl, EE, EmJ, GÞ, HermJ, ÍslH, PHann, SÁÓ, StgrSt, ÞBr, ÞÞ, BSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (BJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 400,56.d samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,56.e samþ. með 29 shlj. atkv.
— 400,56.f tekin aftur.
— 494,II samþ. með 25:2 atkv.
— 400,57 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 400,58 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 425,XXIII samþ. með 29:5 atkv.
— 400,59.a—k samþ. með 32:2 atkv.
— 444,VIII (aðaltill.) felld með 24:10 atkv.
— 444,VIII (varatill.) samþ. með 25:12 atkv.
— 400,59.l samþ. með 29:3 atkv.
— 425,XXII.a samþ. með 26:15 atkv.
— 425,XXII.b felld með 27:15 atkv.
— 400,60 samþ. með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JakM, JJós, JPálm, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, SÁÓ, StSt, TT, VJ, ÞorbÞ, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BjB, BSn, EE, EmJ, ErlÞ, FJ, GÞ, GSv, GL, MG.

nei: ÍslH, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, BJ, BrB, EÁrna, EOl, EystJ, HermJ, HV, IngP.

ÞBr, BSt, BÁ, HelgJ, greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 400,61 samþ. með 32:2 atkv.
— 425,XXIV.1 felld með 38:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, ErlÞ, GL, HV, ÍslH, MJ.

nei: SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn. EÁrna, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JJós, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PHalld, PO, SEH.

SÁÓ, JakM, HG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 460,V felld með 25:16 atkv.
— 400,62—63 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 500,I samþ. með 32:6 atkv.
— 425,XXIV.2 felld með 27:4 atkv.
— 425,XXV felld með 28:4 atkv.
— 444,IX (aðaltill.) felld með 25:16 atkv.
— 444,IX (varatill.) felld með 24:15 atkv.
— 400,64 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,65 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 400,66.a samþ. með 29:2 atkv.
— 444,X felld með 24:17 atkv.
— 400,66.b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,66.c samþ. með 31:3 atkv.
— 425,XXVI.1 samþ. með 35:2 atkv.
— 400,66.d—h samþ. með 31:2 atkv.
— 400,66.i tekin aftur.
— 425,XXVI.2 samþ. með 33:1 atkv.
— 400,66.j—k samþ. með 25 shlj. atkv.
— 425,XXVII tekin aftur.
— 425,XXIII samþ. með 35 shlj. atkv.
— 400,67 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,68 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 444,IX felld með 26:20 atkv.
— 400,69 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 444,XIII.1 og 2.a teknar aftur.
— 444,XII.2.b og 3 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 444,XIII samþ. með 28:4 atkv.
— 400,70 felld með 24:16 atkv.
— 400,71 samþ. með 26:7 atkv.
— 425,XXIX (aðaltill.) felld með 24:17 atkv.
— 425,XXIX (varatill.) samþ. með 25:20 atkv.
— 485,V.2 samþ. með 32:5 atkv.
— 400,72 samþ. með 30:4 atkv.
— 400,73 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 400,74 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 485,V.3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 485,VI samþ. með 25:9 atkv.
— 444,XIV (aðaltill.) felld með 24:16 atkv.
— 444,XIV (varatill.) samþ. með 32:2 atkv.
— 485,VII samþ. með 25:6 atkv.
— 400,75, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
— 400,76 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 444,XV.1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 400,77—78 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 400,79 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 400,80 samþ. með 31:2 atkv.
— 400,81—82 samþ. án atkvgr.

Brtt. 400,83 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 444,XV.2 samþ. án atkvgr.
— 400,84 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 425,XXX samþ. án atkvgr.
— 400,85 samþ. án atkvgr.
— 460,VI (aðaltill.) samþ. með 25:18 atkv.
— 460,VI (varatill.) þar með úr sögunni.
— 460,VII.1 felld með 25:18 atkv.
— 485,VIII.1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 400,86.a. svo breytt, samþ. með 34 atkv.
— 400,86.b samþ. með 34:2 atkv.
— 400,87—90 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 400,91 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 400,92 samþ. með 30:4 atkv.
— 425,XXXI tekin aftur.
— 460,VII.2 felld með 26:10. atkv.
— 400,93 samþ. með 26:7 atkv.
— 444,XVI (aðaltill.) felld með 31:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JPálm, PZ, PHalld, PO, SkG, ÞÞ, GL.

nei: ÍslH, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PHann, SÁÓ, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞorbÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BrB, EOl, EE, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HV, IngP, HG.

JakM, SEH, SK, ÞBr, BSn, EÁrna, GÞ, GSv, HermJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 444,XIV (varatill.) felld með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, EE, GÞ, GSv, GL, JJós, JPálm, JörB, PZ, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, ÞBr, ÞÞ.

nei: BSt, BÁ, BjB, BrB, EOl, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJ, MJ, ÓTh, PHerm, PHann, SÁÓ, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, HG.

EÁrna, TT greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 400,94—99 samþ. með 36:2 atkv.
— 400,100.a samþ. án atkvgr.
— 400,100.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 400, 101—105 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 485,VIII.2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 400,106—108 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 500,II.1 samþ. með 26:12 atkv.
— 400,109 þar með ákveðin.
— 400,110—111 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 500,II.2 samþ. með 26:11 atkv.
— 400,112 þar með ákveðin.
— 400,113—115 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 460,VII.3 samþ. með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, GL, HV, ÍslH, JakM, JJós, JPálm, JörB, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StSt, TT.

nei: ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, PHann, SÁÓ, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, HG.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 400,116 samþ. án atkvgr.
— 400,117—118 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 400,119 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 460,VII.4 (með leiðréttingu: 200 kr. í stað 300 kr.) samþ. með 25:7 atkv.

Brtt. 400,120—122 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 425,XXXII felld með 25:6 atkv.
— 400,123 samþ. án atkvgr.
— 400,124 samþ. með 27:3 atkv.
— 444,XVII felld með 25:12 atkv.
— 400,125 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 444,XVIII felld með 25:16 atkv.
— 425,XXXIII samþ. með 26 shlj. atkv.
— 400,126 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 425,XXXIV felld með 25:5 atkv.
— 425, XXXV felld með 26:16 atkv.
— 485,IX felld með 29:10 atkv.
— 504 felld með 31:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BrB, EOl, EE, GSv, HV, ÍslH, JakM, JJós, PO, SEH, SK.

nei: ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, IngP, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ.

GÞ, GL, MJ, PHalld, HG greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 425,XXXVI samþ. með 33 shlj. atkv.
— 400,127, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
— 485,X samþ. með 25:14 atkv.
— 460,VIII, svo breytt, felld með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SvbH, TT, ÞBr, ÁJ, BÁ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, GL, ÍslH, JakM, JJós, JPálm, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, StSt.

nei: VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BjB, EÁrna, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ,, HermJ, HV, IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SÁÓ, SkG, StgrSt, HG.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (GG) fjarstaddur.

Við nafnakallið um brtt. 460, VII gerðu 4 þm. svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Meðal annars vegna þess, að ég tel till. óframkvæmanlega, segi ég nei.

Garðar Þorsteinsson: Ég segi já, af því að ég tel, að vel sé hægt að framkvæma till.

Jakob Möller: Af því að mér þætti gaman að sjá, hvort ekki væri hægt að framkvæma till., segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Með því að till. yrði sennilega til þess, ef hún yrði samþ., að kartöflur, sem eru af útlendum uppruna, yrðu seldar ódýrari en innlendar kartöflur og yrði þannig til skaða fyrir innlenda kartöfluframleiðendur, segi ég nei.

Brtt. 400,128 samþ. með 25:4 atkv.
— 444,XIX.1 samþ. með 26:10 atkv.
— 444,XIX.2 samþ. með 29:6 atkv.
— 400,129.1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 400,129.2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 400,129.3 samþ. með 26:6 atkv.
— 400,129.4 samþ. með 28:1 atkv.
— 400,129.5 samþ. með 25:1 atkv.

Brtt. 400,129.6 samþ. með 33:4 atkv.
— 425,XL samþ. með 25:7 atkv.
— 400,129.7 þar með ákveðin.
— 425,XXXVII samþ. með 31 shlj. atkv.
— 425,XXXVIII samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, SÁÓ, SkG, HG.

nei: TT, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, BSn, EE, GÞ, GSv, GL, HV, JakM, JPálm, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StSt.

BrB, EOl, ÍslH, JJós greiddu ekki atkv.

1. þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 425,XXXIX samþ. með 26:4 atkv.
— 425,XLI felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, ÍslH, JakM, JJós, MJ, ÓTh, PO, SEH, TT, ÞBr, ÁJ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, GL.

nei: HelgJ, HermJ, IngP, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PHalld, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ.

SÁÓ, BjB, ErlÞ, HG greiddu ekki atkv.

1. þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 444,XX samþ. með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞBr, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, GL, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJós, JPálm, JJ, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StSt, TT.

nei: ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, SÁÓ, SkG, SvbH, VJ, ÞorbÞ, HG.

StgrSt greiddi ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 460,IX felld með 26:18 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

Almennar umræður.

Á 23. fundi í Sþ., 2. maí, hófust almennar umræður (útvarpsumr.), sem orðið hafði samkomulag milli þingflokka um að láta fara fram við 3. umr. fjárlagafrv.

Thor Thors: Herra forseti, góðir áheyrendur! Við þessar eldhúsumr. þykir mér hlýða að minnast í upphafi máls míns hinnar virðulegu stofnunar, sem vér skipum og nefnum Alþingi Íslendinga. Því miður verðum vér að játa, að þeim röddum fjölgar óðum í okkar þjóðfélagi, sem láta í ljós óánægju sína í garð Alþ. og þverrandi virðingu fyrir því. Þetta á ekki rót sína að rekja til þess, að Íslendingar vilji Alþ. feigt, heldur til hins, að þeim gremst, að skuggar falli á þá stofnun, sem frá fornu hefir stafað slíkur ljómi af. En því verður ekki neitað, að hryggð og virðingarleysi þjóðarinnar er eigi að ófyrirsynju. Erfitt mun að þræta fyrir það, að virðing manna fyrir Alþ. hefir mjög þorrið í valdatíð núv. háttv. stjórnarflokka. Á Alþ. 1934 beittu þessir flokkar valdi sínu til takmarkalausrar kúgunar á stjórnarandstæðingum. Öll þeirra mál og allar þeirra till. voru felldar og fyrirlitnar, enda þótt stjórnarandstæðingar hefðu þá meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig. Síðan var níðzt á þeim kjördæmum, sem kosið höfðu þessa menn á þing, og þau svipt framlögum til verklegra framkvæmda til þess að reyna að svelta fólkið til hlýðni við stjórnarflokkana. Slíkt er ekki til þess fallið að auka virðingu fyrir Alþ. Síðan hefir orðið nokkur breyt. á þessari stefnu, enda munu forráðamenn stjórnarflokkanna hafa öðlazt skilning á því, að þetta herbragð var vanhugsað og byggt á vanþekkingu á eðli Íslendinga. Þeir láta sízt kúgast. En einkenni þinganna á síðustu árum hafa ýmist verið áníðsla á þjóðinni eða þá aðgerðarleysi og skilningsleysi á þörfum atvinnulífsins, sem ég síðar mun minnast á. Það hafa liðið vikur, jafnvel meira en mánuður af sjálfum þingtímanum, sem þingið hefir verið gersamlega óstarfhæft, af því að beðið hefir verið eftir ákvörðun samkomu, sem haldin hefir verið hér í bænum og nefnd hefir verið þing Alþýðusambands Íslands. Slíkt er ekki til þess fallið að auka virðingu fyrir Alþingi Íslendinga. En að þessu hafa verið svo mikil brögð, að sumum hefir flogið í hug, að rétt væri að lögfesta samkomudag Alþ. eins og mánuði eftir að þingi sósialistanna lýkur. Þjóðin mun þó eigi una því til lengdar, að Alþ. sé rekið sem útibú frá klíkufundi sósialista.

Þetta þing, sem nú situr, verður sízt til þess að auka veg Alþ. Veldur þar um fyrst og fremst, hversu hraksmánarlega þingið var undirbúið af hálfu ríkisstj., sem ber skylda til að sjá Alþ. fyrir verkefnum. Hvað lagði ríkisstj. fyrir þetta þing? Stjfrv., sem lögð voru fram í þingbyrjun, voru samtals 5, og voru þau þessi:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1939. Það er beint fyrir mælt í stjórnarskránni, að skylt sé að leggja fjárlfrv. fyrir þingið, svo að hjá því varð ekki komizt. En fjárlfrv. var að mestu endurprentun af fjárl. þeim, sem Alþ. hafði afgreitt tæpum 2 mánuðum áður. En frá upphaflegri áætlun sinni á rekstrarútgjöldum fjárl. fyrir 1938 hafði fjmrh. hækkað útgjöld þessara fjárl. um 1½ millj. eða úr 15,8 millj. (15826000) upp í 17,3 millj. (17354700).

Annað frv. hæstv. ríkisstj. var framlenging á verðtollinum og bráðabirgðaverðtollinum.

Þriðja frv. var um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, þ. e. a. s. hækkun tekju- og eignarskatts. Lækkun verðtolls á nær öllum vörum um 40—50%, tvöföldun benzínskattsins og loks 12% hækkun ofan á allar drápsklyfjar undanfarinna ára, á nær alla skatta, tolla og öll önnur gjöld til ríkisins.

Fjórða frv. var um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga. — Það er eftirtektarvert, að öll þessi tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstj. eiga að heita „til bráðabirgða". En þessi bráðabirgðaráðstöfun vill verða nokkuð langvinn og verður vissulega jafngömul valdaferli ennverandi stjórnarflokka. En þetta frv. miðaði að því að fresta framkvæmd nokkurra nytsamlegra laga, svo sem framlögum ríkisins til ræktunarsjóðs, til bú-

fjárræktar til sýsluvegasjóðs og til byggingar verkamannabústaða.

Fimmta frv. hæstv. ríkisstj. var um að innheimta ýms gjöld 1939 með 10—25% viðauka. Flestum fannst nóg komið með þeim skattafrv., sem ég þegar hefi getið, en svo var þó eigi. Hæstv. ríkisstj. þurfti, samkv. frv. þessu, enn á ný heimild til að auka eignarskattinn um 10%, og aðflutningsgjöldin, þ. á. m. verðtollinn, um 25%.

Þetta voru þá þau frv., sem hæstv. ríkisstj. fékk Alþingi til meðferðar. Samtals 5, og öll í sömu áttina, þyngstu álögur á þjóðina. Grimmilega var hert á hinum beinu sköttum, og af stakri hugkvæmni og með nákvæmni hins smámunalegasta skattheimtumanns var hver biti og hver spjör margtolluð, — en á þessum 5 frv. átti svo Alþ. að lifa. Þetta voru þau verkefni, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði hinum 49 alþm., fulltrúum þjóðarinnar, vökumönnum þjóðarinnar o. s. frv., eins og þeir eru kallaðir í hátíðlegu tali. Yfir þessu var þeim ætlað að hanga mánuðum saman, þessum 49 mönnum, sem þjóðin hefir kjörið til að leysa vanda líðandi stundar og vaka yfir velferð hennar. Lítilfjörlegt og ófagurt hlutverk var þeim fengið af hendi hæstv. ríkisstj., en á henni hvílir fyrst og fremst skyldan til að sjá Alþ. fyrir nægum og þjóðhollum verkefnum. Það getur a. m. k. ekki verið skylda stjórnarandstæðinga, einkum þegar þeir eiga að venjast, að þeirra ráð og bendingar eru að jafnaði að engu hafðar. En sökin á þessari lítilsvirðingu fyrir Alþ. hvílir þyngst á forseta ríkisstj., hæstv. forsrh. Hæstv. fjmrh. verður að þessu leyti ekki ásakaður. Hann hefir munað eftir sjálfum sér og sinni þörf. Það sýna öll skattafrv. En ekkert frv., engin úrræði komu frá fyrrv. hæstv. atvmrh., Haraldi Guðmundssyni. Hann hefir þó engum vonbrigðum valdið, sennilega vegna þess, að við hann voru engar vonir tengdar. Allir vissu, að hann átti fullt í fangi með að halda lífinu í sjálfum sér og sinni hirð, og það gerði hann, unz hann sárnauðugur, en við lítinn söknuð, var dreginn úr ráðherrastólnum, eins og ég síðar skal vikja að.

Vinnubrögð þessa þings, ef nota má það orð um aðgerðaleysi og svefnmók þess, eru til þess eins að grafa undan þingræðinu og gefa þeim vopn í hendur, sem kynnu að vilja feigt það Alþingi, sem verið hefir og verið gæti þjóðarinnar þarfasta stoð og traustasta vernd. Það verður þegar að breyta hér um stefnu. Ríkisstj. verður þegar í þingbyrjun að leggja mál sín vandlega undirbúin fyrir þingið, svo að það megi frá upphafi hefja öflugt starf. Þingin þurfa að verða styttri og skilvísari, þjóðinni til þrifa. Að tjónlausu mætti fækka þingmönnum, og vissulega þarf að hefja skipulegri vinnubrögð á þinginu. En þess vil ég þó geta, að störf Alþ. ber ekki að meta eftir fjölda þeirra laga, sem það setur, heldur eftir efni þeirra og því, á hvern veg Alþ. býr að þjóðinni, atvinnuvegum hennar og lífskjörum.

Það er talandi tákn um samstarf þeirra flokka, sem þessu Alþ. þykjast stjórna, Framsfl. og flokksbrots hv. þm. Seyðf., að þessa þings verður sennilega aðallega getið vegna tveggja l. Vegna gerðardómsl., sem leystu togaradeiluna. Þau náðu fram að ganga fyrir tilstilli sjálfstæðismanna, en gegn vilja sósialistanna. Ennfremur vegna þeirrar vinnulöggjafar, sem sennilega verður afgreidd frá þessu þingi. Í því hefir Sjálfstfl. haft alla forystu á undanförnum 4 þingum, sem og í baráttunni utan þings.

Starfsskrá núv. ríkisstj. hefir af hæstv. forsrh. verið lýst með þeirri einu setningu, að haldið skuli sömu stjórnarstefnu og síðastl. kjörtímabil. Ég hefi nú nokkuð lýst, hvernig sú stefna birtist gagnvart Alþ. Þar á þjóðin því enn von á góðu. Það á að halda áfram að vanrækja og óvirða Alþ. og þingræði. En nú er rétt að athuga lítillega, hver var stjórnarstefnan á síðasta kjörtímabili á sviði þeirra mála, sem mestu skipta velferð og framtíð þjóðarinnar, á sviði fjármála og atvinnumála. Það ætti að vera hv. þingheimi bending þess, sem í vændum er.

Lítum fyrst á fjármálin. Hæstv. fjmrh. hefir haft það hlutverk við allar fjármálaumr., að lofsyngja sjálfan sig af alveg einlægri hrifningu. Fagnaðarerindið um afrek þessa unga stjórnmálamanns er síðan flutt af flokksmönnum hans í öllum blöðum þeirra og á öllum mannfundum, og þjóðinni er boðið að líta hann í stækkunargleri skrumauglýsinganna. Ýmsir eru ánægðir með slíkar myndir einar, en réttara mun að láta verkin tala og bera saman orð og efndir flokks hans. Framsfl. hefir löngu heitið þjóðinni því að létta byrðar hennar, taka niður eitthvað af klyfjum skatta og tolla. Hvað hefir nú hæstv. fjmrh. gert í þessu? Ég hefi þegar lýst því lítillega. En í stuttu máli eru afrekin þessi, svo að notaðar séu þær tölur, sem hæstv. fjmrh. hefir sjálfur tíundað við framlagningu skattafrv. sinna. Á fyrsta þinginu, 1934 lagði hann á nýja skatta og tolla, sem áttu að nema á 3. millj. kr. Á þinginu 1935 voru lagðir á skattar og tollar, sem gefa áttu ríkissjóði um 1700 þús. og loks var á þinginu 1937 bætt við nýjum sköttum og tollum að upphæð um 3 millj. kr. Samtals nema því skattar þeir og tollar, sem hæstv. fjmrh. hefir ætlað sér að kreista undan nöglum aðþrengds almennings, um 7 milljónir króna. Það væri því synd að segja, að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið stórtækur í því að lækka álögurnar á almenningi. Slíkar fullyrðingar hljóta að skiljast sem háð. Ráðh. hefir einmitt látið skattasvipu sína dynja miskunnarlausar og grimmilegar á bökum alls almennings en nokkur fyrirrennari hans hefir gert. Beinir skattar eru nú orðnir hærri hér á landi en hjá nokkurri menningarþjóð. Þetta varð hæstv. fjmrh. að viðurkenna á síðasta Alþ., er hann sagði, að ríkissjóður gæti ekki náð auknum tekjum með beinum sköttum. En tollar og bein neyzlugjöld hafa einnig verið svo gífurlega hækkuð, að þar sem þau gáfu í ríkissjóð árið 1933 6,5 millj. kr., gáfu þau árið 1935 um 8 millj. kr., og var þó innflutningur árið 1935 nær því 7 millj. lægri og útflutningur um 8 millj. kr. lægri en árið 1933. Árið 1937 gáfu þessir tollar ríkissjóði 9.5 millj. Þeir hafa því hækkað á þessum 4 árum í höndum ríkisstj. um ca. 3 millj. eða nærfellt 50%.

Í þessum tölum er þó ekki ágóðinn af einkasölu ríkisins, en ef hann er með tekinn, verður hækkunin frá 1933 um 4.3 millj. (úr 7905000 upp í 12279000). Árið 1933 voru hinar óbeinu álögur 58% af ríkistekjunum, en 1937 68%. Höfðu þó ríkistekjurnar hækkað um 4.5 millj.

Í þessu sambandi er vert að minnast þess, hverju annar stjórnarflokkurinn Alþfl., hafði heitið þjóðinni í kosningabaráttunni 1934 og endranær. Í 15. gr. hinnar frægu 4 ára áætlunar sósialista stóð þetta: „— — að breyta skatta- og tollalöggjöfinni þannig, að tollum verði létt af nauðsynjum". Efndirnar á þessu urðu þær, sem ég lýsti áðan. Vissulega varpar þetta skýru ljósi yfir baráttu sósialista og er glöggt dæmi þess, hversu alvarlega sá félagsskapur er takandi.

En skattaánauð hæstv. fjmrh. á sér eins og allt annað sínar orsakir. Að nokkru leyti má rekja þær til hins pólitíska uppeldis hæstv. ráðh. Hann fer rakleiðis í stöðu fjmrh. úr starfi skattheimtumannsins. Hæstv. ráðh. hefir gleymt því, að hann hefir skipt um hlutverk. En sjónarmið skattheimtumanns er honum nú óviðkomandi. Fjmrh. þjóðarinnar ber að hafa útsýn yfir þjóðlífið frá miklu hærri sjónarhól. Hans fyrsta skylda er að skilja afkomuhorfur og getu atvinnulífsins og miða þarfir ríkissjóðs og athafnir sínar við ástæður og óskir atvinnuveganna. En ástæðan til þessarar skattakúgunar liggur þó miklu dýpra. Hæstv. fjmrh. hefir ekki verið sjálfráður. Hann og hans flokkur hafa verið í vondum félagskap. Græðgi sósialista og áfergja þeirra hefir ráðið mestu um hinar stöðugu skattaálögur. Frá þeim stafar ógæfan. Sósialistarnir eru dýrir í rekstri, og þeir halda áfram að vera það, á meðan nokkur fæst til að gera þá út.

Hæstv. forsh. hefir sagt, að stefna stjórnarinnar eigi að haldast. Á sviði fjármálanna er auðsýnt, að stefnan gerir meira en haldast. Sósialistarnir munu nú, eftir að óttinn við hv. 3. þm. Reykv. og kommúnista hefir heltekið þá svo, að þeir vita ekki sitt rjúkandi ráð, já vita ekki einu sinni, hvort þeir eru lifs eða liðnir í heimi stjórnmálanna — nú munu þeir, freklegar og trylltar en nokkru sinni áður heimta meira fé, meiri bitlinga og hærra kaupgjald handa sjálfum sér. Eina leiðin til þess, að unnt verði að létta einhverjum byrðum af þjóðinni, er að hætta að gera sósialistana út, gera þá áhrifalausa og hjálpa þeim að hitta sjálfa sig hinum megin við áhrifasvið stjórnmálanna. En allir hugsandi óhlutdrægir menn hljóta að sjá, að ægilegur voði blasir við, þegar svo er komið, að þjóðin þarf að gjalda 25—30 millj. í sköttum og tollum til ríkis og bæjarfélaga, en allur útflutningur hennar nam aðeins um 45 millj. En þjóðin má kvíða því, að áfram verði haldið á brautinni, því að hæstv. forsrh. segir, að stefnan skuli haldast.

Annað atriði, sem hæstv. fjmrh. lofaði þjóðinni og starfsskrá fyrrv. ríkisstj. getur um, er, að færðar skuli niður ónauðsynlegar fjárgreiðslur ríkissjóðs og sparnaðar gætt í rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Þetta hefir verið efnt á þann veg, að þar sem rekstrarútgjöld ríkisins voru samkv. LR. 1933 — síðasta árið áður en núv. ríkisstj. komst til valda — 13.6 millj. kr., urðu þau síðastl. ár um 17.2 millj. Hækkunin nemur því 3 millj. 600 þús. kr. Þessari stefnu á enn að halda áfram samkv. yfirlýsingu hæstv. forsætisráðh.

Hið þriðja, sem hæstv. fjmrh. lofaði, var að semja fjárl. vandlega og nákvæmlega og fara eftir þeim til hins ýtrasta. Efndirnar hafa orðið þær, að samkv. játningu ráðherrans sjálfs á öndverðu þessu þingi, fóru gjöldin fram úr áætlun 1935 um 16%, 1936 um 10½% og 1937 um 15½%, eða um 2 millj. 300 þús. Enda hefir ríkisstj. orðið að fá heimild til að taka 3 millj. kr. lán til að rísa undir vitanlegum og umsömdum útgjöldum ríkisins. — Þessari stefnu á að halda áfram, segir hæstv. forsrh.

Þá hefir lengi kveðið við þann sönginn hjá Framsfl., að skuldirnar við útlönd þyrfti að lækka, því að þær væru þrælsband á landið og þjóðina. Þetta hefir verið efnt á þann veg í tíð núv. hæstv. fjmrh., að ríkisskuldirnar hafa hækkað úr 40 millj. í árslok 1933 upp í 46 millj. í árslok 1937, eða um 6 millj. kr. Vextirnir af ríkisskuldum, sem í tíð Jóns heit. Þorlákss. voru komnir niður í 700 þús. kr., eru nú 1700 þús. Þeir hafa því aukizt um 1 millj. Og skuldir þjóðarinnar í heild hafa í tíð núv. fjmrh. hækkað úr 74.6 millj. upp í um 105 millj., eða um 30 millj., samkv. skýrslu skipulagsnefndar atvinnumála. — Þessari stefnu á að halda áfram, segir hæstv. forsrh.

Af engu hefir hæstv. fjmrh. og flokkur hans gumað eins hóflaust og af fengnum verzlunar- og greiðslujöfnuði. Hér er þó ekki af meiru að státa en því, að á 4 árum núv. fjmrh. hefir verzlunarjöfnuðurinn verið hagstæður um samtals 11.2 millj. kr., en á 2 árum samsteypustj. var verzlunarjöfnuðurinn hagstæður um 12.9 millj. Þess má og minnast, að á valdatímum sjálfstæðismanna 1924—1927 var verzlunarjöfnuður hagstæður um samtals 36.3 millj. Enn hefir hæstv. fjmrh. ekki tekizt að ná greiðslujöfnuði við útlönd. Síðastliðið ár var greiðslujöfnuður óhagstæður um 3.3 millj. Fram á síðustu mánuði hefir fjmrh. talið, að hinar „duldu greiðslur" næmu 6 millj. árlega, þ. e. a. s., að verzlunarjöfnuður þyrfti að vera hagstæður um þá upphæð til þess að greiðslujöfnuður næðist. Þessa vizku segist hæstv. fjmrh. hafa úr sænskum pilti, sem hér dvaldi fyrir nokkrum árum 2—3 mánuði. M. ö. o., ráðh. hefir játað að vita ekkert um þetta sjálfur og hafa enga rannsókn framkvæmt á þessu, en segir bara, að sér hafi verið sagt þetta. En hvílík vandvirkni og ábyrgðartilfinning einmitt á því sviði, sem hæstv. fjmrh. hafði hátíðlegast lofað að koma fram umbótum. Nú um áramótin játar ráðh., að duldu greiðslurnar séu ekki 6 millj., heldur 10 millj., en síðan hefir einn helzti fjármálamaður Framsfl. tekið ráðh. á kné sér og hvíslað að honum, að duldu greiðslurnar séu ekki 6 millj., og ekki heldur 10 millj., heldur nær 14 millj. Af þessu má sjá, hversu illa upplýstur hæstv. fjmrh. hefir verið í þessu langalvarlegasta og örlagaþrungnasta máli, sem í hans verkahring hefir fallið. Afleiðingar þeirrar

stj., sem verið hefir á gjaldeyrismálunum á undanförnum árum, eru nú að koma fram á þann alvarlegasta og óskyggilegasta hátt, að hæstv. fjmrh. kemur nú fram fyrir þingið og biður um 12 millj. kr. erlent lán til að afstýra gjaldeyrisþroti þjóðarinnar. Ríkið skortir gjaldeyri til að rísa undir skuldbindingum sínum erlendis og einstaklingana einnig. Ríki og opinberar stofnanir þurfa að greiða erlendis í afborganir einar um 3400 þús. árl. Þetta 12 millj. kr. lán færir þjóðinni því miður engin varanleg bjargráð. En allt þetta sýnir gleggra en annað, að skrumauglýsingarnar nægja ekki, hvorki á sviði fjármála né annarsstaðar. Staðreyndirnar tala sínu máli, og þegar verk hæstv. fjmrh. eru lítin augum raunveruleikans, verða þau neikvæð og dýrkeypt þjóðinni. Það er annars athyglisvert, að þrátt fyrir öll innflutningshöftin var innflutningur til landsins síðastl. ár meiri en nokkru sinni síðan óhófsárið 1930. Mun þar um valda ágengni vildarvina hæstv. ráðh. og gjaldeyrisnefndar, hinna svokölluðu „neytenda" í landinu. En framkvæmd gjaldeyrismálanna hefir verið sú í stuttu máli, að lánstraust þjóðar og einstaklinga er á þrotum erlendis, þar sem það er vitað, að mönnum hefir verið synjað um gjaldeyri mánuð eftir mánuð, jafnvel árum saman, enda þótt þeir hefðu í höndum gjaldeyrisleyfi, gefið af umboðsmönnum ríkisstj. M. a. sjálfar einokunarstofnanir ríkisstj. hafa lent í megnustu vanskilum. Samkv. upplýsingum fjmrh. höfðu þannig safnazt í bönkunum 1/1'38 um 3 millj. alls. Framkvæmd innflutningshaftanna ásamt hinum gífurlegu skatta- og tollahækkunum ríkisstj. hefir leitt til geipilegustu dýrtíðar, sem stöðugt vex, en hafði þegar í okt. 1937, samkv. skýrslu hagstofunnar, aukizt um 130% að því er snertir skattaálögur, frá því núv. stjórnarflokkar tóku við völdum 1934. Þessi vaxandi dýrtíð leggst með vaxandi þunga á allan almenning og er að sliga hina aðþrengdu atvinnuvegi.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um atvinnumálin, því að einnig á því sviði hefir hæstv. forsrh. hughreyst þjóðina með því, að stefna ríkisstj. skuli haldast.

Stefna ríkisstj. og ennverandi valdaflokka á undanförnum 10 árum á sér minnisvarða einnig á sviði atvinnumálanna. Þessir minnisvarðar eru kreppulán bændanna, kreppulán vélbátaeigenda, kreppulán bæjar- og sveitarfélaga. Samtals um 15 millj. kr. Ennfremur hin vaxandi fátækra framfærsla úr 1976000 1933 í 2313000 1934, 2845000 1935, 3466000 1936. Eða m. ö. o. fátækrabyrðin hefir nær tvöfaldazt frá því í árslok 1933.

Allt talar þetta sínu máli, og hæstv. forsrh. boðar framhald á þessari glæsilegu braut.

Tími minn leyfir aðeins nokkrar aths. um sjávarútvegsmálin. Þar þarf ég helzt að tala við hv. þm. Seyðf., fyrrv. ráðh. þessara mála. Hann hefir jafnan, þegar sjávarútvegsmálin hafa verið rædd hér á Alþ. og mannfundum, brugðið upp einni og sömu grammófónsplötu, lofsöng um fiskimálan. Hún var orðin gatslitin, — en hún var jafnframt lof um fyrrv. form. fiskimálan., hv. 3. þm. Reykv. Nú er Héðinn búinn að brjóta og týna, svo að nú getur þm. Seyðf. ekki spilað þessa plötu lengur. En það er skemmst frá að segja, að svo var komið hag útvegsins, er hv. þm. Seyðf. var dreginn úr ríkisstj., að þrátt fyrir skuldaskil vélbátanna, þar sem einstakir menn, eins og þm. Ísaf., héldu, að þeir slyppu með að greiða 5% af skuldum sínum, höfðu vélbátaeigendur aftur komizt í þrot, þar eð bátarnir voru reknir með stórfelldu tapi ár eftir ár. Togaraútgerðin sýndi tap, sem nam tugum þúsunda á hvert skip, eins og sást m. a. á því, að bæjarútgerð Hafnarfjarðar tapaði 180 þús. á 2 skipum 1936. Vandræði og vonleysi var framundan eins og greinilegast lýsti sér í bréfi, sem stj. S. Í. F. skrifaði ríkisstj. 1. des. síðastl., þar sem hún taldi óumflýjanlegt hrun framundan. Undir þetta rituðu 2 bankastjórar, Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson, ennfremur báðir fulltrúar ríkisstj., Jón Árnason, framkvæmdarstjóri S. Í. S., og Jónas Guðmundsson, framkvæmdarstjóri Alþfl. Hvaða mark tók hv. þm. Seyðf. og ríkisstj. á þessu? Hvað var gert útveginum til viðreisnar? Jú, útvegsmenn fengu að tala við hæstv. ráðh., þó aðeins stutta stund. Ráðh. voru svo önnum kafnir. Þeir máttu ekki vera að að eyða tíma í þetta. En hvað gerði svo ríkisstj. og stjórnarflokkarnir? Það var þetta: Það hefir verið afnuminn nokkur hluti útflutningsgjalds af saltfiski. Þetta munar allan útveg landsmanna um 225 þús. kr. árl. Sjálfstfl. hefir árum saman barizt fyrir afnámi alls útflutningsgjalds af sjávarafurðum, en stjórnarflokkarnir hafa alltaf hindrað framgang þess máls. Þá hafa stjórnarflokkarnir afnumið toll af salti, olíu og kolum yfir saltfisksvertíðina. Þetta reikna þeir sjálfir um 100 þús. kr. virði fyrir allan útveginn. En á móti þessu eru lagðir á 2—6% nýir tollar á nær allar aðrar notaþarfir útgerðarinnar og 12% ofan á alla skatta og tolla, gamla og nýja. Hér er veitt með annari hendinni, en meira hrifsað með hinni. Á slíkri rausn getur útvegurinn ekki lifað.

Þá telja einkum sósialistar útvegsmönnum vel veitt með því að láta útflutningsgjaldið, sem þeir sjálfir greiða, renna til fiskimálan. Það nemur árl. um 400 þús. kr., og var svo ákveðið, að því skyldi varið aðallega til kaupa á 2 nýjum togurum. Var ráðgert, að þeir kostuðu samtals um 1500 þús., fiskimálan. legði fram 25%, eða samtals 375 þús. kr. Þá var lítið eftir til hinna nytsamlegri framkvæmda, svo sem niðursuðuverksmiðju, frystihúsa og annara nýrra úrræða. En framlag þetta var bundið því skilyrði, að félög sjómanna, verkamanna og annara legðu fram 15—20% af verði skipanna. En það sýnir gróðavonirnar, sem tengdar eru nú við togaraútgerðina, að engir hafa viljað þiggja þessar 375 þús. að gjöf. Jafnvel girugustu fjárplógsmenn, sem jafnframt eru einlægir vinir alþýðunnar og eiga enga hugsjón hjartanlegri en aukna atvinnu sjómanna og verkamanna, menn eins og Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Finnur Jónsson og slíkir, hafa ekki lagt fram eyri af sínum bólgnu fjársjóðum í þessu skyni. En hugur löggjafans var hinn sami, að hafa að engu kröfur og kveinstafi allra útvegs-

manna, en halda áfram að skattleggja þá. Því neitar auðvitað enginn, að nauðsyn ber til að endurnýja skipastólinn, og það sem fyrst, en það má ekki ske á kostnað þess skipakosts, sem fyrir er í landinu, og fyrsta skylda valdhafanna er vissulega sú, að varna því, að skipin liggi ónotuð og óarðbær í höfn.

Þetta er nú það, sem stjórnarflokkarnir telja sig hafa gert til viðreisnar útveginum. Sannleikurinn er sá, að enn sem komið er hafa stjórnarflokkarnir með hæstv. ríkisstj. í broddi fylkingar daufheyrzt við aðvörunum og kvörtunum útvegsmanna. Þetta þing verður að sinna viðreisn útvegsins, ef það ætlar ekki að horfa ábyrgðar- og sinnulaust á það, að algert hrun skelli yfir þann atvinnuveg, sem drýgstur hefir reynzt þjóðinni á undanförnum áratugum og vel var á vegi staddur að leiða hana frá fátækt til bjargálna. Útvegsmenn munu ekki gefast upp fyrr en fleytan er komin í kaf, en þeir krefjast þess, að ríkisvaldið láti einnig einskis ófreistað til að afstýra voðanum. — Ríkisstj. verður að breyta um stefnu í garð útvegsins. Það er freistandi að fara nokkrum orðum um eymd og vandræði þeirra sjómenninga hér á Alþ., sem nefna sig Alþýðuflokk. Þessir háttv. þm. fengu svo maklega ráðningu við síðustu alþingiskosningar, að þeir hafa ekki beðið þess bætur síðan. Þessi ósigur var að miklu leyti undir herstjórn og fyrir herkænsku hv. 3. þm. Reykv., en hann hefir síðan undið sér úr hópi fyrri félaga, er hann sá, að stefnt var í strand. Í Rvík reiknuðu sósialistar sér 8 þús. atkv., en fengu 4 þús. Örvæntingin leiddi til samfylkingarskrafs og samningamakks við línudansarana frá Moskva, umboðsmenn rússneska blóðveldisins, og við bæjarstjórnarkosningarnar í lok jan. fylktu hinir rauðu flokkar saman liði sínu í Rvík og víðast hvar. Hv. þm. Seyðf., sem nú þykist berjast gegn kommúnistum, sat við hlið hv. 5. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, á kjörlistanum í Rvík. En alþýða Rvíkur sýndi enn á ný andstyggð sína á þessum flokkum. Þeir náðu ekki samanlögðu atkvæðamagni flokkanna við alþingiskosningarnar og komu aðeins að 5 fulltrúum, en töldu sér vísa 7—8. Upp úr þessu jukust enn vandræðin og ringulreiðin. Bandamennirnir byrjuðu að hnakkrífast og brigzla hver öðrum um svik, en hv. 3. þm. Reykv. þóttist sjá, að kommúnistarnir yrðu hlutskarpari í baráttunni um hylli lýðsins, og yfirgaf því fyrri samherja sína, sem hann nú telur umboðslausa á Alþingi og kallar Harald & Co. En þessir sjómenningar þykjast enn ráða yfir alþýðusamtökunum. Þeir höfðu leitt sjómennina út í togaraverkfallið um áramótin, þeir leyfðu kommúnistunum að berjast gegn öllum sáttatillögum í Sjómannafélaginu. Loks þegar forsætisráðherra hafði lagt fram gerðardómsfrv. sitt, fóru þessir sjómenningar að óttast um eigin valdaaðstöðu. Þá var samin ein Vilmundartillagan, þar sem sjómenn voru beðnir að eta ofan í sig fyrri samþykkt sína, og stórskotaliðið fór með þetta plagg á fund sjómanna. Þetta var auðvitað hin megnasta vanþekking og vanvirðing á skapferli sjómannanna, enda vísuðu þeir henni eindregið á bug. Sjómenningarnir reyndu að bjarga lífi sínu, brutu öll fyrri heit sín um verndun á samningsrétti verkalýðsins og reyndu að fá kaup sjómannanna lögfest. Þetta tókst þó ekki, hæstv. forsrh. hélt fast við sitt frv., og hv. þm. Seyðf. var dreginn út úr ríkisstjórninni. Það er svo enn ein ný sönnun eymdar og vesaldóms sjómenninganna að eftir að ráðherra þeirra þannig hafði verið fleygt fyrir borð með fullri einurð og vanþóknun, þá koma þeir og biðja auðmjúklega um að mega áfram styðja þann forsrh., sem fyrir hreingerningunni hafði staðið! Þetta eru merkilegir menn, höfðinglegir og dáðríkir! Sannleikurinn er sá, að síðustu mánuðina hefir hinn svokallaði Alþfl. ekki annað gert en að fara í gegnum sjálfan sig. Hefir hann gert það svo margvíslega og oft, að ég hygg, að þeim sjómenningum væri óhætt að sýna sig í hvaða fjölleikahúsi sem væri. Yrði þá hv. þm. Seyðf., Haraldur Guðmundsson, „aðalnúmerið", en þm. N.-Ísf., Vilmundur Jónsson, leikstjóri, því að þaðan hafa hin viturlegu hollráð komið. En eins og nú er komið högum þeirra sjómenninganna, er engri ríkisstjórn nokkur stuðningur í þeim, hvorki málefnalega né lýðræðislega — þeir eru allir eins og fiskar á þurru landi. En auðsveipni, hugsjónasvik og værð sósíalistanna hefir orðið fjörgjafi og verndari kommúnistanna. Þeir hafa skapað kommúnistaflokkinn hér á landi og fleygt til hans fylgi. Framsfl. hefir einnig gerzt stórbrotlegur og vítaverður með því að veita þessum ólánsmönnum, sem engin vaxtarskilyrði eiga í okkar þjóðfélagi, hlíf og jafnvel stuðning. Allir ábyrgir stjórnmálamenn ættu þó að geta sameinazt um það að útrýma þessum óþjóðlega flokki, sem sækir allar sínar fyrirskipanir til Moskva og hefir það hlutskipti eitt í íslenzkum stjórnmálum, að grafa undan þjóðskipulaginu, stofna til óeirða og verkfalla, boða mannhatur og öfund, allt í þeim tilgangi að leiða blóðuga og grimmilega byltingu og manndráp yfir þjóðfélagið. Það er hægðarleikur að kyrkja þennan ófögnuð áður en hann nær örari vexti, ef menn aðeins standa saman um það. Aukin völd kommúnistanna er ægilegasta hættan, sem vofir yfir lýðræði voru og þingræði. Þau þýða sköpun og mátt hinna öfganna, fasismans. Öfgaflokkarnir munu leikast á, en þjóðfélag og einstaklingar gjalda afhroð.

Tími minn er nú á enda. Að lokum aðeins þetta: Aðalmeinsemd þjóðfélagsins hefir verið hinn sósíalistiski hugsunarháttur og áhrif sósíalista á ríkisstjórnina og stefnu hennar. Ekkert fátækt land hefir ráð á að lúta boði sósíalista. Í okkar fátæka og ónumda landi, þar sem ótal verkefni blasa við, ótal auðlindir við sjó og í sveit, verður að nota hvern kraft og hvert framtak, sem að liði vill verða. Nær öll löggjöf vor á sviði atvinnumála hefir undanfarið hafizt í þessum orðum: „Enginn má — — —", o. s. frv. Þessu þarf að breyta. Kjörorðið þarf að verða: „Allir mega að liði verða". Ríkisvaldið á aðeins að vera atvinnuvegunum til fyrirgreiðslu og eftirlits, en ekki að liggja eins og mara á þeim. Framleiðendur til lands og sjávar verða nú að taka höndum saman og heimta sinn rétt. Meira frelsi. Meira frjálsræði. Og þeir heita því,

að það muni færa með sér auknar athafnir, meiri framfarir, meiri atvinnu og bætta afkomu alþjóðar.

En hvað sem öllu líður. Það verður að breyta um stjórnarstefnu.

Brynjólfur Bjarnason: Háttv. þingmenn! Góðir hlustendur! Hæstv. fjmrh. upplýsti í ræðu sinni við 1. umr. fjárl., að á síðasta ári hefði vantað hátt á þriðju millj. kr., til þess að gjaldeyrisjöfnuður væri tryggður, ef standa ætti skil á öllum greiðslum við útlönd. Hann sagði ennfremur, að ekki væri unnt að minnka innflutning á erlendum neyzluvörum meira en orðið er, nema með skömmtun á nauðsynjum eða samskonar neyðarráðstöfunum eins og aðeins þekkjast á ófriðartímum, eða þegar hallæri eða sérstök vandræði ber að höndum. Og af öllu þessu dró hann þá ályktun, að það hlyti að verða nauðsynlegt á þessu ári að draga úr vexti innlenda iðnaðarins með því að takmarka við hann gjaldeyri til efniskaupa enn meira en verið hefir. Og nú fer hæstv. fjmrh. fram á að taka 12 millj. kr. lán til að standa skil á erlendum greiðslum.

Frá sjávarútveginum berast þær skýrslur, að þar sé allt í kaldakoli og flestir togararnir séu reknir með ærnu tapi. Nýjar og nýjar milljónir hlaðast ofan á töpin, sem bankarnir hafa haft af sjávarútveginum. Það er alveg sýnilegt, að slíkt ástand getur ekki endað nema í hruni, sem hlýtur að verða því stórkostlegra sem lengur er dregið að taka í taumana. Eins og nú standa sakir, eru togaraútgerðarmenn beinlínis orðnir þurfalingar Reykjavíkurbæjar, þar sem horfið hefir verið að því ráði að gefa þeim eftir lögboðin gjöld.

Atvinnuleysið fer sífellt vaxandi. Á þessum vetri hefir tala atvinnuleysingja verið að jafnaði um það bil 200 hærri en í fyrra. Á tveimur árum hefir launaupphæð sú, sem meðlimir Vinnuveitendafélagsins hafa greitt, lækkað um tæplega 2½ — tvær og hálfa — milljón. Á fimm síðustu árum hefir fátækrabyrðin nærri tvöfaldazt, og mun nú vera orðin nærri fjórum millj. Þetta eru aðeins nokkrar myndir af því ástandi, sem ríkir meðal þjóðarinnar. Það er — í stuttu máli — neyðarástand. Og framundan er ný heimskreppa eða ný heimsstyrjöld. Það eru því næg verkefni, sem liggja fyrir hæstv. Alþ. Það er sannarlega mikil þörf stórra verka. Hvað er svo gert á hinu háa Alþ. undir forustu hæstv. ríkisstjórnar? Á forsíðum stjórnarblaðanna skarta stórar fyrirsagnir um, að fiskimálanefnd fái til umráða 50 þús. kr. til viðbótar við það, sem hún hefir fengið úr ríkissjóði, og að framlagið til verkamannabústaða verði hækkað úr 30 þús. kr. upp í 80 þús. kr. á árinu 1939. Hins er ekki getið, að samkv. l. eiga byggingarsjóðirnir ekki að fá 80 þús. kr., heldur 300 þús. kr., og þess er heldur ekki getið, að í sumar verður ekki hægt að byggja neina verkamannabústaði vegna þess að ekki hefir verið útvegað lán til þeirra og vegna þess, að þeir hafa undanfarið verið sviptir því fé, sem þeim ber að lögum.

En stærsta afreksverkið, sem þetta þing á að leysa af hendi, er þá vinnulöggjöfin, sem á að svipta verkalýðssamtökin frjálsræði til að bæta kjör stéttarinnar, á sama tíma sem hundruð verkamannafjölskyldna bætast í hópinn, sem verður að flýja á náðir sveitarinnar sem eina athvarfsins til að geta haldið í sér lífinu.

Ljótasti vitnisburðurinn, sem þessi stjórn hefir fengið, eru þau orð, sem hv. þm. G.-K. sagði í upphafi ræðu sinnar um vantraustið á ríkisstjórnina og sem bróðir hans var að endurtaka hér áðan. Hann sagði, að stærstu mál þriggja þinga í röð hefðu verið leyst með samvinnu Sjálfstfl., Bændafl. og Framsfl. Og þessi mál væru Kveldúlfsmálið á vorþinginu 1937, sem hefir orðið til þess, að Kveldúlfur hefir bætt nýjum milljónum við skuldir sínar á kostnað allrar þjóðarinnar, lögin um síldarverksmiðjur ríkisins á haustþinginu 1937, sem eru ein hin stærsta árás á hagsmuni og réttindi sjómannastéttarinnar, og svo gerðardómsl. frá þessu þingi. Loks verða á þessu þingi afgr. lög um vinnudeilur, sem miða að því að lama viðnámsþrótt verkalýðssamtakanna og íhaldið hefir lýst ánægju sinni yfir, samtímis því sem verkalýðsfélögin hafa harðlega mótmælt.

Svo langt er komið samvinnu afturhaldsaflanna í landinu gegn verkalýðshreyfingunni. Og Thorsararnir geta ekki aðeins þakkað bandamönnunum í Framsfl. góða samvinnu, heldur geta þeir líka þakkað hægri mönnunum í Alþfl. dygga aðstoð til þess, að allt þetta mætti ske.

En hv. þm. G.-K. er þetta ekki nóg. Hann sagði í umr. um vantraustið, að óvenjuleg þörf myndi verða á því að bæla niður kaupdeilur með aðstoð ríkisvaldsins á næstu vikum og mánuðum. Það var ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo, að hann heimtaði gerðardóm í farmannadeilunni, vegavinnudeilunni og deilunni við síldarverksmiðjurnar á Siglufirði. Aftur á móti minntist hann ekkert á gerðardóm til þess að ákveða kaup forstjóra hjá gjaldþrota útgerðarfyrirtækjum. Og hann spurði: Verður ríkisvaldinu beitt til þess að gera gerðardómslögin gildandi? En það er vitanlega ekki hægt nema með því að taka sjómennina með valdi og láta þá vinna á skipunum sem ánauðuga menn.

Hv. þm. G.-K. talaði í þetta skipti svo skýru máli, að enginn alþýðumaður þarf að efast um, hvað í vændum er, ef íhaldið fær valdaaðstöðu. Það var hin grímulausa harðstjórn fasismans, sem teygði fram klærnar í ræðu hv. þm. G.-K. Og svarræða hæstv. forsrh. við þessar umr. var því miður ærið iskyggileg. Hann tók undir það með íhaldsforkólfinum, að kaupkröfur verkamanna á Siglufirði væru ósanngjarnar. Þessir verkamenn, verkamennirnir við síldarverksmiðjurnar, hafa haft 325 kr. á mánuði, auk eftirvinnu, og tryggingu fyrir vinnu aðeins í tvo mánuði. Aðra vinnu hafa þeir yfirleitt ekki, svo að það, sem þeir reyta upp þennan stutta tíma, er árskaupið. Þegar þessir menn fara svo fram á smávægilega hækkun með vaxandi dýrtíð, þá kallar hæstv. forsrh. það æsingar og ósvífni. Hitt hefir hann ekkert að athuga við, þó að iðjuleysingjar yfirstéttanna hafi allt að hundrað þús. kr. í árslaun. Og orð hans urðu ekki skilin öðruvísi en að hann teldi það vel geta komið til mála á næstunni, að klíka hv. þm. G.-K. tæki þátt í ríkisstjórninni til þess að

geta beitt áhrifum sínum til að framkvæma þessa líka þokkalegu stefnuskrá, sem hann lýsti í ræðu sinni.

Verkalýður og bændur verða því að vera vel á verði. Það er barizt um það, hvort afturhaldsklíka íhaldsins á að fá valdaaðstöðu til að *undiroka þjóðina og mergsjúga hana enn* meir en orðið er, eða hvort þjóðin, sá yfirgnæfandi meiri hluti hennar, sem vinnur í sveita síns andlits, á að sameinast til að leysa hin aðkallandi vandamál, eins og Kommúnistafl. Íslands hefir unnið að árum saman. Till. þær og frv., sem við kommúnistar höfum flutt hér á Alþ., miða allar að því að leysa einmitt þessi aðkallandi vandamál.

Ég held, að hverjum hugsandi manni í landinu, sem nokkuð hefir fylgzt með þessum málum, sé það ljóst, hvernig stendur á því öngþveiti, sem sjávarútvegurinn, undirstöðuatvinnuvegur landsmanna, er í. Þar er vissulega ekki aðeins utanaðkomandi örðugleikum um að kenna, heldur líka öðrum orsökum, sem eru viðráðanlegar, ef þjóðin þorir að horfast í augu við staðreyndirnar og mæta þeim. Óstjórn hnignandi *auðvaldsskipulags hefir lagzt eins og mara* á þennan atvinnuveg. Það er víst, að þjóðin þarf að spara á þessum erfiðu tímum. En þá ríður á, að þar sé sparað, sem þörfin er mest, þar sem mestu er sóað. Og sóunin í sambandi við togaraútgerðina hefir verið alveg gegndarlaus. Veiðarfærasóuninni, sem á rót sína að rekja m. a. til óhæfilegs launafyrirkomulags yfirmanna á skipunum, er viðbrugðið. Fjöldi hálaunaðra framkvæmdarstjóra *lifir sníkjulífi á útgerðinni*. Skipin eru úrelt og liggja í höfn mikinn hl. ársins. Það er mjög athyglisvert, að þeir togarar, sem hafa lengstan veiðitíma, bera sig bezt. Stærstu skellina hefir þó útgerðin fengið af æfintýralegri spákaupmennsku einstakra manna, sem ráða yfir þessum framleiðslutækjum. Og þegar eitthvað hefir verið upp úr útgerðinni að hafa, hefir fjármagnið lent í höndum þessara einstöku manna, sem sýnast hafa sóað því í landinu sjálfu eða komið því undan til útlanda. Á þessari ráðsmennsku hafa bankarnir, sem kunnugt er, tapað tugum milljóna. Og öll þessi ráðsmennska hefir þróazt í skjóli Landsbankastjórnarinnar. Það virðist því vera nokkurn veginn augljóst, að á þessu öllu verður ekki bót ráðin, nema gerð verði stórfelld tilraun til að binda enda á tapreksturinn og spákaupmennskureksturinn. Það þarf að koma hinum gjaldþrota fyrirtækjum á hreint og setja stjórn útgerðarinnar í hendur ábyrgra manna. Og fyrsta skrefið í þá átt hlýtur að vera að setja stjórn í Landsbankann, sem er í samræmi við vilja þjóðarinnar og hefir þjóðarheill fyrir augum. Þess vegna hafa þingmenn Kommfl., ásamt hv. 3. þm. Reykv., borið fram frv., sem tryggir það, að stjórn Landsbankans *sé á hverjum tíma í samræmi við vilja Alþ.* Það er samskonar frv. og Alþfl. bar fram fyrir kosningarnar í fyrra. En nú bregður svo við, að hinn svokallaði Alþfl. á Alþ. virðist hvorki vilja heyra þetta frv. né sjá.

Annað, sem þarf að gera, er að endurnýja fiskiflotann í samræmi við kröfur tímans. Þess vegna höfum við kommúnistar lagt til, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir 700 þús. kr. til kaupa á stórum mótorskipum, sem flestir eru sammála um, að henti bezt og mest sé nauðsyn á, eins og nú standa sakir. Þetta var fellt af samfylkingu allra hinna flokkanna við 2. umr. fjárl. Það, *sem veldur smáútveginum mestra örðugleika*, er það einokunarverð, sem hann þarf að greiða fyrir vörur til útgerðarinnar. Eitt hið mesta nauðsynjamál smáútgerðarinnar er því að fá umráð yfir nægum gjaldeyri til þess að geta keypt útgerðarvörur og skapað sér samtök til innkaupa til þess að verða óháðari hringunum. Fyrir þessu höfum við kommúnistar barizt árangurslaust hér á Alþ. Það er skírskotað *til gjaldeyrirsvandræða til að andæfa* þessari réttlátu kröfu. En lausn gjaldeyrismálanna er einmitt í því fólgin að leysa vandkvæði sjávarútvegsins. Þetta tvennt verður ekki skilið hvort frá öðru. Sama máli gegnir um baráttu okkar fyrir nauðsynlegum gjaldeyri handa innlenda iðnaðinum. Það er eitthvert mest aðkallandi nauðsynjamál þjóðarinnar, að innlendi iðnaðurnn sé efldur, til þess að landið geti orðið *meir og meir óháð erlendum innflutningi*. — Í þessu skyni höfum við einnig flutt till. um, að veitt yrði fé til hagnýtra jarðvegsrannsókna og til rannsókna á vatnsorku og hveraorku landsins, til iðnaðar, hitunar og annara nota. Hér er um að ræða ótæmandi auðlindir, sem til eru í landinu, meðan þjóðin hjarir á heljarþröm og á á hættu, að henni verði allar bjargir bannaðar, ef ófrið ber að höndum. Samt voru þessar *till. okkar felldar af samfylkingu hinna flokk*anna. Aðrar till., sem við berum fram til aukningar atvinnunnar í landinu, eru meðal annars þessar:

Í fyrsta lagi, að framlag ríkisins til atvinnubóta verði hækkað um 350 þús. kr. Það þýðir hækkun atvinnubótafjárins um rúml. eina millj. kr. alls, að meðtöldu framlagi bæjar- og hreppsfélaga.

Þessi till. okkar var *felld af öllum* öðrum þingfl. í sameiningu við 2. umr. fjárl. Aðeins 6 hv. þm. greiddu atkv. með henni. Eftirtektarvert fyrir alþýðu manna var það, að Haraldsflokkurinn, sem kallar sig Alþfl., lagði fram lið sitt til þess að fella þessa margítrekuðu kröfu verkalýðsfélaganna. Þm. þess flokks sátu allir hjá við atkvgr., nema einn greiddi atkv. á móti og einn með; það var hv. 11. landsk. þm., Erlendur Þorsteinsson.

Í öðru lagi bárum við fram till. um ríflega aukið framlag til vegagerða, til þess að hægt væri að ljúka við vegagerðir á þýðingarmiklum samgönguleiðum, eins og Sogsveginn og veginn yfir Siglufjarðarskarð.

Í þriðja lagi bárum við fram till. um, að til verkamannabústaða yrðu veittar 300 þús. kr. af tekjum tóbakseinkasölunnar, í stað 30 þús., *eins og frv. gerði ráð fyrir, eða m. ö. o.*, að til verkamannabústaða yrði veitt sú upphæð, sem þeim ber að l. og þeir hafa verið sviptir með bráðabirgðal. á hverju einasta þingi þessi 7 ár, sem liðin eru, síðan l. um tóbakseinkasöluna voru samþ.

Í fjórða lagi bárum við fram till. um, að

framlag til vitamála yrði hækkað um 180 þús. kr., þannig að hægt væri á næsta ári að byggja tvo vita, þar sem þörfin er brýnust. Þetta er ekki meira en ber að leggja til vitamála að réttu lagi samkvæmt l., ef ekki væri beitt undantekningarákvæði, sem illu heilli hefir verið sett inn í l. og árangurslaus tilraun hefir nú verið gerð til að fá út.

Allar þessar till. okkar voru felldar af samfylkingu hinna flokkanna við 2. umr. fjárl.

Ég hefi ekki tíma til að skýra frá öllum frv., sem við kommúnistar höfum flutt hér á Alþ. um almennar kjarabætur fyrir alþýðu manna, sem miða að hagsmunalegum og menningarlegum framförum fyrir alþjóð. Ég vil aðeins drepa á eitt, og það er frv. okkar um gagngerðar breytingar á framfærslul. Ef frv. þetta yrði að l. og framkvæmdir yrðu í samræmi við tilgang l., mundi það hafa í för með sér gerbreytingu á afstöðu og kjörum þeirra fátæklinga, sem njóta opinbers styrks. Frv. þetta miðar fyrst og fremst að því að fá skýlausa viðurkenningu á mannréttindum fátæklinganna, þannig að opinber styrkur verði ekki lengur ölmusa, heldur skýlaus réttur, svo lengi sem þjóðfélagið er þess ekki umkomið að tryggja öllum meðlimum sínum tækifæri og möguleika til sjálfstæðs lífsframfæris. Þetta frv. höfum við nú flutt á þremur þingum í röð. En það hefir aldrei komizt lengra en til 1. umr. og n. Það hefir ekki einu sinni tekizt að fá skilað nál. um svona stórkostlegt mál. Á þessu geta menn nokkuð markað, hverskonar fulltrúar það eru, sem þjóðin hefir slysazt til að senda inn á hið háa Alþ. Það eru menn, sem sýnilega hafa öðrum hnöppum að hneppa en að taka til meðferðar mál, sem snerta hina hörðu daglegu lífsbaráttu þess fólks, sem byggir þetta land.

Allar þessar till. okkar hafa ekki aðeins verið miðaðar við að auka atvinnu verkalýðsins og bæta kjör hans, heldur hafa þær jafnframt haft þann tilgang, að bæta úr brýnni þörf, að létta undir með þróun landbúnaðarins, með því að koma undirstöðuatvinnuvegunum á réttan kjöl og skapa öruggari innanlandsmarkað. Þær hafa haft þann tilgang að gera landið atvinnulega og fjárhagslega sjálfstætt og búa okkur undir yfirvofandi heimskreppu og einangrun í stríði. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að til þess að ná þessum tilgangi, þarf samstillingu kraftanna, þarf sameiginleg og skipulagsbundin átök. Þess vegna höfum við borið fram þáltill. um, að sett væri nefnd, sem skipuð væri fulltrúum allra þingflokka og hefði það verkefni að gera till. um ráðstafanir til að mæta yfirvofandi heimskreppu og stríði. Hver einasta þjóð í heiminum er nú á sinn hátt að búa sig undir þessa atburði, sem allir vita, að eru framundan. En hér er allt látið reka á reiðanum. Þessi till. okkar hefir ekki fengizt afgr. fyrr en í dag, þó að næstum tveir mánuðir séu liðnir, síðan við bárum hana fram. Og í dag hummuðu hv. þingmenn hana fram af sér með því að vísa henni til ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, sagði í framsöguræðu sinni um vantrauststill. Sjálfstfl., að á slíkum alvörutímum og nú eru framundan mætti þjóðin ekki skipa sér í tvær breiðfylkingar. Í stað þess að skipa sér í tvær fjandsamlegar fylkingar yrði hún að skipa sér þétt saman og sameinast í eina heild til að leysa vandamálin, þegar svo mikið lægi við. Hann sagði, að það gæti orðið þjóðarnauðsyn að mynda stjórn með öllum ábyrgum flokkum. Við kommúnistar erum hæstv. forsrh. alveg sammála um það, að eins og ástandið er og eins og horfurnar eru, þá sé það þjóðarnauðsyn, að öll þjóðin skipi sér í eina sveit til þess að leysa vandamálin. En hvað er þjóðin? Það eru verkamennirnir, bændurnir, útvegsmennirnir, iðnaðarmennirnir, handverksmennirnir, verzlunarfólkið, menntamennirnir, starfsmennirnir o. s. frv. Við viljum, að allt þetta fólk skipi sér þéttar saman, hvar í flokki, sem það stendur, til þess að geta lifað eins og mönnum er samboðið, til þess að vernda líf, réttindi og menningu þjóðarinnar. Þeir tímar geta komið að allt annað verði að víkja fyrir kjörorðinu: Íslendingar! Skipið ykkur þéttar saman!

En þessi samfylking ísl. þjóðarinnar er ekkert annað en hræsni og fals, ef tilgangur hennar er einhver annar en sá, að vernda hagsmuni og réttindi þess fólks, sem þjóðina myndar. Við skulum því ekki fara gálauslega með þessi orð um sameiningu þjóðarinnar. Við skulum ekki leyfa það, að hægt sé að nota slík orð sem skálkaskjól fyrir óvini þjóðarinnar.

Í þessari ræðu sinni lét hæstv. ráðh. ýms orð falla, sem benda til þess, að orð hans hafi verið blönduð áhrifum frá mönnum, sem vilja allt annað en sameiningu þjóðarinnar. Hann taldi ósanngjarnar höflegar kaupkröfur þeirra manna, sem hafa 300—400 kr. laun í 2 mánuði — ég á hér við laun verkamanna við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði —, á sama tíma sem hann minntist ekki á það höflausa milljónasukk, sem framið er með fé þjóðarinnar. Hann talaði um höflega og sanngjarna vinnulöggjöf, sem hann vildi afgreiða, á sama tíma sem hann lætur leggja frv. fyrir Alþ., sem skerðir verkfallsréttinn svo stórkostlega, að andstæðingar verkalýðshreyfingarinnar eru ánægðir með það. Hann vill lama verkalýðssamtökin, á sama tíma sem hann talar um sameiningu þjóðarinnar. Ef þessi orð hans, sem ég gat um áðan, væru byggð á fullum skilningi og heilindum, mundi hann vita það, að styrkasta stoðin, sem renna mundi undir raunverulega sameiningu þjóðarinnar, er öflug verkalýðssamtök. Hann sagðist álíta, að betra væri að bíða en að samþ. l., sem væru í fullum fjandskap við verkalýðshreyfinguna. Á sama tíma lýsir hann yfir því, að hann ætli að knýja í gegn vinnulöggjöf, sem yfirgnæfandi meiri hl. verkalýðsfélaganna hefir harðlega mótmælt. Og þessi orð talar hann nokkum dögum eftir, að hann knúði í gegn með íhaldinu l. um gerðardóm, sem öll verkalýðsheyfingin lítur á sem fjandskap við sig. Slík tvöfeldni er ekki til þess fallin að auka traust hæstv. forsrh., ekki til þess fallin að gefa hinum fögru orðum hans gildi, heldur vekja þau hina ýtrustu tortryggni, og það með réttu.

Meðal þjóðarinnar eru nokkrir menn, sem eru

engir vinir þjóðarinnar. Þessir menn drottna yfir miklum hluta af auðmagni hennar. Fulltrúi þeirra, hv. þm. G.-K., hélt framsöguræðuna um vantraustið á ríkisstj., og bróðir hans hélt aðra ræðu áðan í sama dúr. Við fengum að heyra, hvað hann vildi. Hann vill, að nokkrir útgerðarmenn fái umráð yfir næstum öllum gjaldeyri þjóðarinnar, til þess að krónan geti lækkað, kjör fólksins versnað og landið lent í örþroti. Hann vill, að því fyrirkomulagi verði haldið áfram, að gjaldþrota fyrirtæki geti sótt fé í bankana, að heita má eftir vild, og svo verði þjóðin að borga töpin, sem að miklu leyti stafa af rekstri, sem er fyrir neðan alla gagnrýni, og æfintýralegum „spekúlatiónum". Hann vill, að „bætt verði úr atvinnuleysinu", ekki með því að afla fjár til að auka atvinnuna, heldur með því að lækka kaupið á sjó og landi, á sama tíma sem sukkið og svallið með fé almennings er látið óhindrað. Á þennan hátt vill hann gera þau ömurlegu kjör, sem verkalýðurinn á við að búa, enn ömurlegri, og með því að eyðileggja kaupgetuna í bæjunum auka enn meira á vandræði bændanna, eyðileggja innanlandsmarkað þeirra. Til þess að framkvæma allt þetta vill hann „sterka stjórn". Og þessi sterka stjórn á með l. að taka verkfallsréttinn af verkamönnum og framkvæma l. með lögregluvaldi á þann hátt, að menn séu þvingaðir sem ánauðugir væru til þess að vinna fyrir það kaup, sem þeim er skammtað.

Ég geri ekki annað en skýra frá alkunnri staðreynd, þó að ég segi það hér, að það leikur grunur á mönnum, sem standa nálægt þessum hv. þm., um það, að þeir standi í nánu sambandi við ráðamenn erlendra ríkja. Það hefir skeð í fleiri löndum en hér, að þjóðirnar vakna við það einn góðan veðurdag, að erlend vopn í höndum innlendra manna hafa verið notuð til að kúga þær undir leppsvald erlendra ríkja.

Það var svo að heyra sem hæstv. forsrh. gæti hugsað sér samsteypustj. með þessum mönnum á alvörutímum þjóðarinnar, og manni skildist hann kalla þetta sameiningu þjóðarinnar. Manni leyfist því að spyrja: Hvernig er hægt að sameina þjóðina með því að taka höndum saman við andstæðinga hennar? Var það á þennan hátt, sem spánska þjóðin sameinaðist? Nei, spanska þjóðin varð að sameinast gegn erlendum innrásarherjum og bandamönnum þeirra í landinu sjálfu.

Það er vissulega ekki hægt að sætta úlfinn og lömbin. Úlfurinn vill engar aðrar sættir en að fá saðning sinn.

Við kommúnistar viljum sameiningu þjóðarinnar, sameiningu allra þeirra, sem vinna nytsamt starf, hvort heldur þeir tilheyra Framsfl., Sjálfstfl., Bændafl., Alþfl. eða Kommfl. Það er þessi þjóðfylking, sem við viljum, og teljum, að hún verði meiri þjóðarnauðsyn með hverri vikunni, sem líður. En okkur er það líka fyllilega ljóst, að slík sameining þjóðarinnar verður ekki sköpuð með orðum einum, heldur með hörðum átökum og langvinnri baráttu. Við viljum vissulega sættast við alla andstæðinga, sem vilja duga þjóðinni á neyðartímum. En okkur er það líka ljóst, að slík fylking þjóðarinnar þarf að búa sig undir bardaga, ekki aðeins við afleiðingar heimskreppu eða heimsstríðs, ekki aðeins erlenda ásælni, heldur líka við bandamenn þessara afla með þjóðinni sjálfri.

Stefán Stefánsson: Herra forseti! Góðir hlustendur! Þá er útvarpsumr. fóru fram um vantrauststill. hv. þm. G.-K., Ólafs Thors, dagana 5.—6. apríl síðastl., gat ég þess í umr., að hagur framleiðenda væri hinn erfiðasti og að sigið hefði á ógæfuhliðina um allan þeirra hag og afkomu í stjórnartíð hæstv. ríkisstj. Þá er ég tala um hæstv. ríkisstj. í ræðu minni, á ég við fyrra ráðuneyti Hermanns Jónassonar. Hæstv. fjmrh. treystist eigi til að mótmæla þessu, að því er snertir framleiðendur til sjávarins, enda er það svo vitað og almennt viðurkennt, að það þýðir eigi móti að mæla. Hinsvegar lét ráðh. þau orð falla um landbúnaðinn, að afkoma bændastéttarinnar væri ekki sambærileg við það, sem áður var. Samkv. þessu á hagur bænda eigi aðeins að hafa batnað 3—4 undanfarin ár, heldur á hann að hafa tekið stórfelldum breyt. til batnaðar. Þessi orð hæstv. ráðh. taldi ég gum eitt og yfirlæti og benti á í því sambandi, í fyrsta lagi, að jarðirnar væru teknar af bændum í hópum vegna vanskila og þær seldar eða reynd á þeim sala; í öðru lagi, að bændur eigi hefðu haft efni á því að byggja upp nauðsynlegustu hús á jörðum sínum; í þriðja lagi, að bændur eigi hefðu efni á að halda fólk; í fjórða lagi, að bændur bæru minnst úr býtum allra stétta; og í fimmta lagi, að bændur flýðu sveitirnar. Þessar staðreyndir og margar fleiri taldi ég og tel óræk vitni þess, að hæstv. ráðh. hefir tekið um of djúpt í árina, þá hann taldi hag bænda eigi sambærilegan við það, sem áður var. Að hagur einstakra bænda kunni að vera betri, og þá aðallega í vissum landshlutum, skal ekki dregið í efa. En sé litið á bændastéttina í heild, fara hin stóru orð ráðh. að verða allvafasöm. En honum er nokkur vorkunn, þó að hann reyni af einhverju að státa f. h. ríkisstj., og þá eigi síst af einhverju því, sem viðkemur sérstaklega bændum, þar sem ráðh. og Framsfl. hafa fyrst og fremst talið sig umboðsmenn og fulltrúa bændastéttarinnar á þingi.

Annars hafa það nú allt til þessa verið fjármálin og hin óviðjafnanlega þekking ráðh. og hæfni á þeim sviðum, er hann hefir verið drýgstur af. En úr því vígi verður nú ekki lengur varizt, þar sem það allt er sundurtætt og öll fjármál þjóðarinnar ramba á barmi gjaldþrots. Nú gripur ráðh. til þess að verja hag og afkomu bændastéttarinnar. En svo segir mér hugur um, að það vígi muni eigi betur gefast en vígi það, er áður var byggt úr fjármálunum. Og svo mun fara um flest eða öll þau vígi, er hæstv. ráðh. kann að byggja til varnar sér og þeirri ríkisstjórn, er hér fór með völd árin 1934—1938. Hagur bænda er eigi aðeins betri, heldur ósambærilegur við það, sem áður var, segir ráðh. Ég gæti vel unnt hæstv. ráðh. þess, að þessi orð hans væru sönn. Og enn þá fremur gæti ég unnt bændastéttinni þess. En þá sorgarsögu verður því miður að segja, að í þessum ummælum felst lítill sannleikur eða a. m. k. mjög takmarkaður. Af

hverju dregur nú ráðh. þessa ályktun? Dregur hann hana af umsögn annara? Dregur hann hana af persónulegri reynslu eða þekkingu á búskap? Eða er þetta aðeins fullyrðing út í bláinn, er við ekkert á að styðjast? Óneitanlega væri persónuleg reynsla eða kynning hæstv. ráðh. öruggust að byggja á. Reynslu mun hann eigi hafa af búskap. En eigi er ólíklegt, að hann hafi nokkra kynning af ríkisbúunum, er ráðuneytið ræður yfir, og af þeirri kynningu sé ályktun hans gerð. En er nú rekstur ríkisbúanna undanfarin ár þannig, að hann heimili og réttlæti slíka ályktun um afkomu bændastéttarinnar? Hefir hagur þessara búa farið batnandi undanfarin ár? Sé svo, hefir ráðh. nokkra ástæðu til að ætla, að svo muni einnig hafa verið um hag bænda. Til þess að fá úr þessu skorið, mun ég kynna ykkur að nokkru rekstur ríkisbúanna. Mun það vafalaust hafa verið gleymska hæstv. ráðh. að gera það ekki, og því vil ég taka af honum ómakið, veit, að hann muni mér þakklátur fyrir.

Ég mun þó aðeins geta tveggja ríkisbúa, búanna á Vífilsstöðum og Kleppi. Þau liggja bæði nærri höfuðborginni, og því sérstök ástæða til að ætla, að hæstv. ráðh. hafi kynningu af þeim og e. t. v. einhverja reynslu, þar sem eigi er ólíklegt, að hann sem fulltrúi bænda á þingi hafi svo lifandi áhuga fyrir landbúnaðinum, að hann aki þangað við og við í ráðherrabílnum og líti eftir búrekstrinum. Á Vífilsstöðum er allstór búrekstur. Túnið gefur af sér um 2 þús. hesta, og þar munu vera um 40—50 kýr. Búið er aðallega eða nær eingöngu rekið sem kúabú. Búið er undir stjórn Björns Konráðssonar, en hann er af framsóknarmönnum talinn gæddur óvenjulegum hæfileikum til bústjórnar. Skyldu menn því að óreyndu eigi draga í efa, að búreksturinn undir handleiðslu slíks manns sé til fyrirmyndar. Árið 1937 var seld mjólk frá búinu fyrir tæpl. 34 þús. kr., eða nákvæmlega fyrir 33937.13 kr. En auk þess voru nokkrar aðrar tekjur, og námu tekjurnar alls 41519.33 kr. Útgjöld búsins voru 45619.46 kr., og var því rekstrarhallinn 4100.13 kr. Þess skal getið, að þegar talað er um rekstrarhagnað eða rekstrarhalla ríkisbúanna, eru eigi reiknaðir með vextir af því fé, sem bundið er í búrekstrinum, nema þess sé sérstaklega getið.

Heyskapur er hér svo fljóttekinn og ódýr sem frekast má verða, þar sem allt það land er véltækt, sem heyja er aflað á. Því miður munu þær jarðir teljandi á landinu, þar sem heyja er einvörðungu aflað á véltæku landi. Væri slíkt almennt, mundi afkoma bænda betri en hún er nú. Fyrir hvern lítra mjólkur fær búið við fjósdyr 28 au. Mun það vera ⅛ hærra a. m. k. en verð það, er bændur fá til jafnaðar í mjólkurbúum. Hér er því svo ástatt um heyöflun og mjólkurverð sem bezt má verða. En þrátt fyrir þessi einstöku hlunnindi og þrátt fyrir það þótt engir vextir séu reiknaðir af fé því, sem bundið er í búinu, er rekstrarhalli búsins árið 1937 4100.13 kr. Væri nú leiga reiknuð 4% af matsverði jarðar og bús, en það mun vera um 130 þús. kr., og 6% vextir af rösklega 20 þús. kr. rekstrarláni við ríkissjóð, þá ykjust hin raunverulegu útgjöld búsins um 6400 kr. Og því er hinn raunverulegi rekstrarhalli, að þeim lið meðtöldum, 10500.13 kr. Ef nú búið aðeins hefði fengið 18.66 au. heim fyrir hvern lítra mjólkur, en láta mun nærri, að það sé meðalverð til mjólkurframleiðenda frá mjólkurbúunum, þá hefðu tekjur búsins lækkað um 11347.67 kr. Og þá er rekstrartapið orðið 21847.80 kr. Þetta er nú sýnishorn af þeim búrekstri, er sósíalistar, kommúnistar og hin rauða sveit Framsfl. vill, að verði upp tekinn hér á landi.

Stjórnarflokkarnir hafa gert sér mikið far um að gera lítið úr þeim nefndum óg þeim einstaklingum, er reynt hafa að reikna út framleiðsluverð á afurðum bænda, og jafnan talið framleiðsluverð of hátt reiknað. Menn skyldu því halda, að á ríkisbúskapnum væri framleiðsluverð landbúnaðarafurða mjög lágt, og við það miðuðu stjórnarflokkarnir þessar aðfinnslur sínar. En reynslan er sú, að framleiðsluverð er hvergi hærra en í ríkisbúunum. T. d. hefði búið á Vífilsstöðum þurft að fá 37 au. fyrir hvern lítra mjólkur, ef búreksturinn hefði átt að bera sig síðastl. ár. Er þess því að vænta, að hin auma afkoma ríkisbúanna kenni þessum herrum framvegis að taka með sanngirni réttmætum kröfum bænda um framleiðsluverð. Allur heilbrigður búrekstur hlýtur að verða að svara vöxtum af því fé, sem bundið er í jörð og búi, og það án tillits til þess, hvort þessar eignir eru í skuld eða eigi. Virðast þessir vextir eða leiga ekki geta verið minni en 4% af matsverði jarðar og bústofns.

Þegar bændur eiga jarðir sínar og bú skuldlaust, getur allt bjargast, þótt þeir eigi fái leigu eða vexti eftir þessar eignir sínar. En slíkur búrekstur ber sig ekki, og tæplega hægt að búast við því að bændur uni því að fá enga vexti af því fé, sem bundið er í framleiðslunni. Hversu mundu sparifjáreigendur una því að fá enga vexti af inneignum sínum? Bændur og aðrir framleiðendur eiga sömu kröfu og þeir til vaxta af því fé, sem bundið er í framleiðslunni, og ættu í raun og veru að fá hærri vexti vegna þeirrar áhættu, sem alltaf er bundin við framleiðsluna. Því aðeins, að framleiðslan geti svarað þessum vöxtum, er hún heilbrigð. Annars ber hún sig ekki og hlýtur að falla í mola fyrr eða seinna. Sé nú aftur á móti jörðin og búið í skuld að einhverju eða öllu leyti, en svo mun það því miður vera hjá flestum bændum, hljóta þeir að komast í fjárþrot, gefi búið eigi það af sér, að þeir a. m. k. geti svarað vöxtum af skuldum. Hversu hefði nú farið um búskap skuldugra bænda, hefði hann hlutfallslega borið sig jafnilla og búreksturinn á Vífilsstöðum hefir borið sig á undanförnum árum, hvort heldur mjólkin er reiknuð því verði, sem búið í raun og veru fær, 28 au. pr. lítra, eða sem næst meðalverði, er bændur munu fá greitt frá mjólkurbúunum, 18.66 au. pr. lítra? Því er fljótsvarað. Þeir væru komnir á hausinn með tölu.

Mönnum til fróðleiks mun ég gefa hér samandregið yfirlit um rekstrarafkomu búanna 6 undanfarin ár. Rekstrarafkomu hinna einstöku ára mun ég eigi skýra frá, en aðeins taka heildaryfirlit. Rekstrarhagnaður búsins á Vífilsstöðum

öll árin hefir orðið 8 þús. kr. 92 au., eða 1333.49 kr. til jafnaðar á ári. En samkv. þessu yfirliti er ógreidd 4% leiga eftir jörð og bú og 6% vextir af rösklega 20 þús. kr. rekstrarláni við ríkissjóð. Svo sem áður er getið, nemur sú upphæð 6400 kr. á ári, og verður því rekstrarhalli búsins í raun og veru 6 undanfarin ár yfir 30 þús. kr. En hefði mjólkurverðið verið ⅓ lægra, gengið út frá meðalverði til bænda, þá mundi rekstrarhalli hafa orðið nær 100 þús. kr. Sé nú tekin rekstrarafkoma árin 1932 til 1934, það ár tekið með til hægðarauka, þó að það tilheyri bæði núverandi og fyrrv. stj., þá er *rekstrarhagnaður þeirra að meðaltali* kr. 2865.25 á ári. Árið 1935 til 1937 er aftur á móti rekstrarhalli samt. 178.28 kr. á ári. Svipað er að segja um rekstur og afkomu búsins á Kleppi. Árið 1937 var tap á því 2062.97 kr., og eru þá eigi fremur en á Vífilsstöðum reiknaðir vextir af því fé, sem bundið er í búinu, en það skuldar ríkissjóði 142229.68 kr. Séu nú reiknaðir 6% vextir af þeirri upphæð, nema þeir 8533.78 kr., og verður því hinn raunverulegi rekstrarhalli búsins 10596.75 kr. Ef nú mjólkurverðið á Kleppi væri reiknað svo sem á Vífilsstöðum, 18.66 au. fyrir lítra í stað 28 au., ykist taprekstrinn um 7 þús. kr. og þar með rekstrarhallinn upp í 17596.75 kr. Rekstrarhagnaður búsins um 6 ár hefir orðið samtals 20465.59 kr. eða 3410.93 kr. til jafnaðar. Séu tekin árin 1932—1934 er rekstrarhagnaður 7105.89 kr. á ári. Hinsvegar er rekstrartap áranna 1935—1937 284.03 kr. á ári. Rekstrarhagnaður beggja búanna er því til jafnaðar 9971.14 kr. á ári árin 1932—1934. En rekstrarhalli þeirra til jafnaðar árin 1935—1937 462.31 kr. á ári. Árin 1932—1934 vantaði því um 15 þús. kr. til þess, að búrekstur þessara tveggja ríkisbúa bæri sig. En árin 1935—1937 vantar um 45 þús. kr. til þess, að búreksturinn beri sig. Er því um 60 þús. kr. tap á báðum búunum í 6 ár, og þá miðað við 28 au. verð, en mundi hafa orðið um 100 þús. kr. betur, hefðu búin fengið ⅓ minna, eða 18.66 au. pr. lítra. Meðalverð til bænda mun vera það í hæsta lagi frá mjólkurbúunum. — Þessar tölur eru að vísu eigi nákvæmar, en þær gefa þó ljósa hugmynd um, hvernig búin eru rekin. Og sízt verða þær ráðuneytinu til uppsláttar. Því að þegar ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar fór með stjórn 1932—1934, var rekstrarhagnaður hjá búunum tæpar 10 þús. kr. á ári. En árin 1935—1937, þá er ráðuneyti Hermanns Jónassonar fór með stjórn, var rekstrarhalli.

Af þessu verður það séð, að hafi hæstv. fjmrh. byggt dóm sinn um stórbættan hag bænda á rekstri ríkisbúanna undanfarin ár, hefði dómurinn átt að vera gagnstæður, eða að ósambærilegt væri, hvað hagur bænda væri verri en áður.

Bændur í nærsveitum Rvíkur hafa talið sig þurfa að fá 28 au. nettó fyrir hvern lítra mjólkur, ef þeir ættu að geta rekið bú sitt á heilbrigðum grundvelli, — ætti búreksturinn að bera sig og þeir að geta svarað sköttum og skyldum. Fyrir sama mjólkurverð og ríkisbúin í nágrenni við þá telja bændur sig þess megnuga að greiða alla skatta og skyldur, þar með taldir vextir og afborganir skulda, og er það meira en sagt verður um ríkisbúin, svo sem ég hefi áður getið. Bú bænda eru því rekin á hagkvæmari hátt og ódýrari en ríkisbúin, þrátt fyrir verri skilyrði a ðýmsu leyti. Sýnir þetta það, að opinber búrekstur þolir eigi samanburð og stenzt eigi í samkeppninni við einkarekstur, séu aðstæður hinar sömu eða svipaðar. Nú fá bændur í nærsveitum Rvíkur 22—23 au. heim fyrir hvern lítra mjólkur. Samkv. framangreindu geta þeir eigi rekið bú sín með því mjólkurverði. Og sé þetta verðlag borið saman við rekstur ríkisbúanna, er fá 28 au. fyrir hvern mjólkurl., þarf slíkt ekki að þykja undarlegt. Bændur þessir búa á mjög dýrum jörðum. Verð þeirra ákveðst af legu þeirra og góðum skilyrðum, er ábúendur höfðu til mjólkursölu í höfuðborginni, meðan markaður var frjáls. Vegna opinberra ráðstafana, mjólkurlaganna, sem voru nauðsynleg, verður ríkið þess óbeinlínis valdandi, að bændur þessir verða vanskilamenn, vegna þess að þeir eru sviptir hinu háa verði, er þeir vegna legu jarðanna höfðu aðstöðu til að fá, meðan mjólkurmarkaðurinn var frjáls. Vegna opinberra ráðstafana, mjólkurlaganna, sem voru nauðsynleg, verður ríkið þess óbeinlínis valdandi, að bændur þessir verða vanskilamenn, vegna þess að þeir eru sviptir hinu háa verði, er þeir vegna legu jarðanna höfðu aðstöðu til að fá, meðan mjólkurmarkaðurinn var frjáls. Gæti eigi verið ástæða til, að létt yrði að nokkru fasteignaveðskuldum af þessum bændum fyrir milligöngu ríkisvaldsins?

Það, sem er mjög áberandi, þegar athugaður er rekstur ríkisbúanna, er hið geysiháa kaupgjald, sem þar er greitt. Væri ánægjulegt, ef bændur gætu greitt sér og sínum og öðrum, er að búrekstri þeirra vinna, slíkt kaup. Bústjórar búanna hafa 3000 og 3420 kr. í kaup, auk húsnæðis og fæðis. Vinnumenn komast upp í 1854 kr. og vinnukonur upp í 838 kr. Hvenær mun búskapur á Íslandi geta greitt slíkt kaupgjald? Því miður mun það eiga langt í land. Og sízt mun þess kostur um opinberan búrekstur, eigi hann að bera sig. Mannahald á Vífilsstöðum svarar til þess, að þar hafi verið árið 1937 10 ársmenn, sé bústjóri og yfirfjósamaður með taldir og 3 ársstúlkur. Greitt kaup var 18959.85 kr. Slíkt kaupgjald og mannahald á búi, sem nær eingöngu er kúabú, með 40—50 kýr, það er furðulegt.

Af því, sem ég nú hefi sagt, má ráða það:

1) Að allur búrekstur hér er miklum erfiðleikum bundinn, þar sem ríkisbúskapurinn á Vífilsstöðum og Kleppi þrátt fyrir ágæt skilyrði og þriðjungi hærra mjólkurverð en framleiðendur fá til jafnaðar í mjólkurbúunum, eigi hafa getað 3 undanfarin ár svarað einum einasta eyri í vexti af því fé, sem bundið er í búunum, þegar tekinn er jöfnuður allra áranna.

2) Að bændur í nágrenni Rvíkur geta rekið heilbrigðan búrekstur, sem m. a. svari vöxtum og afborgunum af því fé, sem bundið er í jörð og búi, fái þeir sama verð fyrir hvern lítra mjólkur og greitt er í ríkisbúunum.

3) Að einkarekstur á búskap er hagkvæmari og ódýrari en opinber rekstur, séu skilyrði svipuð eða hin sömu.

4) Að ef svo hefði gengið undanfarið um búrekstur bænda sem um ríkisbúin, væru allir skuldugir bændur með öllu fjárþrota. En þeir bændur, er átt hafa jarðir sínar og bú skuldlaust, hefðu engan arð fengið af þessum eignum sínum.

5) Að allur búskapur er dauðadæmdur í framtíðinni, ef eigi tekst að reka hann með betri árangri og arðvænlegri afkomu en orðið hefir til jafnaðar 3 síðastl. ár í ríkisbúunum á Vífilsstöðum og Kleppi.

Enda þótt afkoma ríkisbúanna árið 1937 hafi orðið svo aum sem ég nú hefi lýst, þá mun afkoma bænda það ár hafa orðið nokkru skárri en undanfarið. Og byggist það fyrst og fremst, ef ekki eingöngu, á auknu afurðaverði á ull og gærum. En þessi hækkun verðlagsins og batnandi hagur bænda, er af því kann að leiða, er á engan hátt að þakka aðgerðum ríkisvaldsins eða stjórnarflokkanna. Það er aðeins að þakka hækkandi verði erlendis. Það að sum kaupfélög kunna að hafa bætt nokkuð hag sinn við S. Í. S. síðastl. ár, mun byggjast á þessu hækkaða verði og ennfremur á því, að bændur í þeim héruðum, er mæðiveikin geisar í, hafa lógað óvenju mörgu af fé sínu af ótta við veikina. En það kemur fram á minnkandi fjárstofni og versnandi afkomu næsta ár. En þótt nú þetta eina ár kunni að hafa orðið bændum hagkvæmara en undanfarin ár og þeir því getað staðið eitthvað betur í skilum, hvað verður þá á þessu ári? Nú er verð á ull og gærum stórfallandi, mun þegar vera fallið um 30—50%. Verð á útlendum nauðsynjavörum fer hækkandi, m. a. fyrir nýjar tollaálögur hv. stjórnarflokka. Kaupgjald fer einnig hækkandi. Skuldugustu bændurnir eru þó að jafnaði þeir, sem erfiðast eiga og eru sviptir vaxtastyrk af fasteignaveðslánum, sem þeir hafa notið undanfarið. Á það má minna, að bændur munu eigi hafa staðið betur í skilum um greiðslu vaxta og afborgana af fasteignaveðslánum um síðastl. áramót en þeir hafa gert undanfarið, og sýnir það m. a., að hagur þeirra muni eigi hafa stórum batnað. Ríkisstj. hefir því af litlu að státa, að því er snertir hag og afkomu bændastéttarinnar. Hið hækkaða afurðaverð til bænda síðastl. ár er eigi henni að þakka. Og það er að skreyta sig með stolnum fjöðrum, vilji hún þakka sér þá hækkun og þá lítilfjörlega bættu afkomu, er hún kann að hafa veitt bændum.

Eitt meðal annars, er leiðir af hinni erfiðu afkomu landbúnaðarins, er flóttinn úr sveitunum til kaupstaðanna og kauptúnanna. Ég hefi borið fram í Sþ. till. til þál. um, að skipuð yrði þriggja manna n. til þess að rannsaka ástæður flóttans úr sveitunum og jafnframt til að gera till. um, hvað gera mætti af löggjafans hálfu til að ráða bót á þessu þjóðarböli. N. sé skipuð einum fulltrúa frá félagi héraðsskólakennara, öðrum frá Búnaðarfél. Ísl., og formann skipi landbrh.

Allir munu sammála um, að flóttinn úr sveitunum sé ein hin mestu vandræði þjóðarinnar, og það því fremur sem atvinnuleysi og erfiðleikar fara sívaxandi í kaupstöðunum. Og verður því aðstreymið aðeins til að auka á erfiðleika og atvinnuleysi þar. Fólk þetta verður allajafna fyrir sárustu vonbrigðum. Það finnur hvorki gull né græna skóga, svo sem það gerði ráð fyrir. Aðeins blasir við því atvinnuleysi og örbirgð. Oft lendir þetta fólk, og þá að jafnaði vegna atvinnuleysisins, út í pólitískar öfgar og annað, er miður má fara, er sízt verður að telja uppbyggilegt fyrir þjóðfélagið. Ég skal geta þess, að á árunum 1900—1930 fækkaði fólki í sveitum um 12444, og síðan 1930 hefir því fækkað sem næst um 300 manns á ári hverju. Það er því ekki aðeins hin eðlilega fólksfjölgun í sveitinni, er flýr þaðan, heldur verður þar jafnframt fækkun ár frá ári. Með sliku áframhaldi eru fullar líkur til þess, að sveitirnar muni tæmast. — Þó vil ég og geta þess í sambandi við nefndarmanninn frá félagi héraðsskólakennara, að hann er til nefndur vegna þess, að þessir menn hafa stöðu sinnar vegna haft tækifæri til að kynnast æskunni í skólunum, og jafnframt og öllu fremur vegna þess, að ég vil fá skólana til þess að vinna að því, að sveitaæskan, er skólana sækir, flýi ekki sveitirnar að náminu loknu. Skólarnir eiga að gera æskunni það ljóst, að hún vinnur bezt landi og þjóð með því að fórna sveitunum og landbúnaðinum kröftum sínum og þannig stuðla að því, að jafnaldrar þeirra, er eigi eiga kost á því, að sækja skólana, geri slíkt hið sama. Með því að skapa þannig hreyfingu meðal æskunnar um byggðir landsins mætti koma meira til leiðar heldur en möguleikar væru til með nokkrum lagaboðum.

Í 16. tölubl. Tímans þ. á. er prentaður upp kafli úr ræðu hæstv. fjmrh., er hann flutti við vantraustsumr. 5. apríl síðastl. Þar segir svo: „Þá er eigi síður óviðfelldið að liggja undir ámæli þessara manna fyrir skuldasöfnun við útlönd, þar sem sú staðreynd liggur fyrir, að hækkun heildarskulda þjóðarinnar hefir eimittt verið stöðvuð í tíð núverandi stjórnar".

Þetta er hv. lesendum, eða a. m. k. hv. kjósendum Framsfl. ætlað að melta og taka sem góða og gilda vöru. Það er vægast sagt mjög leiðinlegt að maður, sem situr í ráðherrasæti, skuli leyfa sér að bera slíka staðlausa stafi, slíka tálbeitu, á borð fyrir kjósendur Framsfl. og ætla þeim að gleypa. Ekki einn einasti samflokksmaður ráðh. á þingi, og því síður aðrir þm. efast um, að skuldirnar hafi stóraukizt í tíð núverandi stj. Þá er eigi hægt að blekkja. Til þess eru þeir of kunnugir öllum málavöxtum. En almenningi úti um byggðir landsins, er hefir lítil skilyrði til að afla sér þekkingar í þessum efnum og einu sinni treysti hæstv. fjmrh. til að fara með fjármál ríkisins, er ætluð þessi andlega fæða.

Enda þótt þessar fullyrðingar hæstv. ráðh. hafi verið áður hraktar hér í útvarpinu, mun ég fara hér með nokkrar tölur, er hann mun eigi vefengja, en sýna það ótvírætt, að hæstv. ráðh. er eigi upp úr því vaxinn, enda þótt gera mætti kröfu til þess af manni í hans stöðu, að hagræða sannleikanum, telji hann það við eiga.

Í áliti skipulagsnefndar atvinnumála, hinni svo kölluðu Rauðku, er á bls. 36 birt yfirlit frá hagstofunni um skuldir þjóðarinnar allmörg undanfarin ár til ársloka 1934. Samkvæmt því eru skuldir í árslok 1933 74,6 millj. kr. Á bls. 56 segir svo: „Í árslok 1935 hafa skuldirnar við útlönd því verið rétt við 100 millj. kr., og Sogsvirkjunarlánið þó enn að litlu leyti talið." Sé því láni bætt við, aukast skuldirnar upp í a. m. k. 105 millj. kr. Hafa því skuldirnar vaxið frá 1933 til 1935 samkvæmt áliti skipulagsnefndar

um 30 millj. kr. Á árinu 1934 uxu skuldirnar við útlönd allverulega. Telur hagstofan samkvæmt yfirlitinu, sem ég áður gat um, að þær hafi vaxið um 9 millj. kr. eða upp í 83,4 millj. kr. Rauðka telur þó, að skuldirnar í árslok muni hafa verið 93 millj. kr. Hæstv. ráðh. mun vilja afneita árinu 1934, en að sjálfsögðu ber hann ábyrgð á því ári ásamt fyrrv. fjmrh., Ásgeiri Ásgeirssyni. Ef við nú samt sem áður sleppum árinu 1934, þá hafa skuldirnar eigi að síður vaxið um 12 millj. kr., sé uppgjör Rauðku á skuldum í árslok 1934 lagt til grundvallar, en um 22 millj. kr. sé miðað við yfirlit hagstofunnar í árslok 1934. Hversu svo sem farið er að til að létta af hæstv. ráðh. skuldaaukningu, verður eigi komizt neðar en í 20 millj. kr., en allar líkur benda til, að þar muni óhætt að bæta við nokkrum millj. kr. Þrátt fyrir þetta segir hæstv. ráðh., að það sé staðreynd, að skuldirnar við útlönd hafi eigi vaxið í tíð núverandi stj. Ef til vill telur ráðh. það enga aukningu skulda, þótt þær hækki um 2—3 tugi millj. kr. Ef svo er, mun slíkt alveg ný fjármálauppgötvun, sem hæstv. ráðh. ætti að fá „patent“ á bæði utanlands og innan.

Fjárhagsafkoma þjóðarinnar er hin erfiðasta og útlitið framundan mjög ískyggilegt. Mun það lakara en menn gera sér nokkra grein fyrir. Bezta sönnun þess er hin nýja lántökuheimild, þar sem hæstv. fjmrh. fer fram á, að honum leyfist að taka 12 millj. kr. lán.

*__Emil Jónsson__: Herra forseti, góðir hlustendur! Mér þykir rétt að gera með nokkrum orðum grein fyrir afstöðu Alþfl. til núverandi hæstv. ríkisstj., því að þótt hún sé að mörgu leyti öllum kunnug, svo að ég þarf ekki að eyða löngum tíma í það, þykir mér rétt á þessum eldhúsdegi, þegar ætlazt er til, að stjórnmálaflokkarnir geri upp sínar óskir við ríkisstj. frá sínum bæjardyrum, að fara nokkrum orðum um það, hvers vegna afstaða Alþfl. til hæstv. ríkisstj. er með þeim hætti sem hún er.

Það er enginn vafi á því, að við síðustu Alþingiskosningar ætluðust bæði kjósendur Alþfl. og Framsfl. til þess, að samvinna gæti tekizt á milli flokkanna á svipuðum grundvelli og verið hafði, þannig að tryggt væri með opinberum aðgerðum, eins og geta ríkissjóðs frekast leyfði, að atvinnuvegir landsmanna gætu haldið í horfinu, nýjar tilraunir til framleiðslu og atvinnuaukningar yrðu studdar og hinar opinberu framkvæmdir ríkissjóðsins hafðar eins miklar og mögulegt væri, sérstaklega með hliðsjón af því, að þær gætu tekið við sem flestum af þeim vinnufúsum atvinnuleysingjum, sem hvergi hefðu getað komizt að við framleiðslustarf þjóðarinnar. Samtímis yrði þó þess einnig gætt, að fjárlögin yrðu afgreidd tekjuhallalaus og það eftirlit haft með rekstri þjóðarbúsins í heild, sem verið hefir að undanförnu í gegnum gjaldeyris- og innflutningsnefnd, að ekki yrði flutt meira inn af varningi heldur en við hefðum efni á að greiða. Að öðru leyti yrði fyrirkomulagið á stjórnarsamvinnunni einnig í svipuðu formi og verið hefir, sem sé í fæstum orðum sagt, að ríkisstj. ræki það sem kallað hefir verið frjálslynd umbótapólitik.

Okkur alþýðuflokksmönnum hefir verið það ljóst frá upphafi, að þetta er engin framkvæmd okkar höfuðmála, — engin framkvæmd sosialismans í þeim skilningi, sem í það ber að leggja, en með hliðsjón af þeim hættum, sem yfir vofa, með hliðsjón af þeim fréttum sem stöðugt berast utan úr heimi um vaxandi gengi einræðisstefnanna, og með alveg sérstakri hliðsjón af þeim einræðistilhneigingum, sem bólað hefir á hér heima, teljum við sem ábyrgur stjórnmálaflokkur óforsvaranlegt að freista ekki samvinnu við þann af hinum stjórnmálaflokkunum, sem þó a. m. k. tryggir það bezt — þó að ekki sé sýnt, hvort hann tryggir það nægilega —, að einræðis- og íhaldsöflum sé haldið í skefjum í þessu þjóðfélagi, eins og á Norðurlöndum.

Það hefir verið gæfa Norðurlanda, að samvinna hefir þar tekizt milli verkamanna og bænda, og á þann hátt fyrst og fremst hefir tekizt að standa á móti þeim einræðisöldum, sem risið hafa yfir heiminn á síðustu misserum, og ég veit, að það muni einnig reynast svo hér, ef Framsfl. ber gæfu til þess að hlusta ekki um of á þann „leiðslu-töfrasöng“ íhaldsins, sem kunnugt er, að ýmsir þar í flokki hafa nokkuð lagt kollhúfurnar við. Með samvinnu þessara flokka hefir líka tekizt að tryggja meiri opinbera íhlutun um atvinnurekstur landsmanna öllum almenningi til góðs heldur en á nokkurn annan hátt hefði getað tekizt. En það er kunnugt, að bæði Sjálfstfl. og Bændafl. eru mjög á móti þessari íhlutun. Ég man ekki, hvort það var við síðustu eldhúsumr. eða fyrr, sem hv. þm. Dal. taldi þessa opinberu íhlutun ofstjórn og jafnaði til óstjórnar, en víst er um það, að hugarfarið hefir hvorki þar né hjá Sjálfstfl. breytzt til hins betra, síðan það var sagt, svo að þeir eru eins nú eins og fyrr — tilbúnir til þess að afnema þessa íhlutun, hvenær sem þeir geta höndum undir komizt.

Niðurstaðan af þessum lauslegu hugleiðingum minum verður þess vegna sú, að Alþfl. taldi óforsvaranlegt að freista ekki enn, hvort takast mætti að halda áfram samskonar eða svipaðri stjórnarsamvinnu og verið hefir undanfarið, þar sem það væri langsamlega sá bezti kostur, sem alþýða landsins til sjávar og sveita ætti völ á, eins og nú er ástatt. Eðlilegast hefði auðvitað verið, að samvinnan hefði getað orðið eins og áður, þannig að Alþfl. hefði sinn mann í ríkisstj., en með því stökki, sem Framsfl. tók út undan sér í gerðardómsmálinu, var það ómögulegt. Alþfl. gat ekki þá, og getur ekki enn, unað því, að kaup og kjör verði ákveðin með gerðardómi. Hann bauðst til að vera með eftir atvikum og samkomulagi og flutti frv. um, að kaupið yrði í sérstökum tilfellum ákveðið með lögum, eins og kunnugt er, en á því og gerðardómnum telur flokkurinn höfuðmun í „principinu“. Þetta vildi Framsfl. ekki, því að eins og menn muna, kaus hann heldur að hlusta á töfrasöng íhaldsins og komst við það tækifæri svo nærri íhaldsbakkanum, að það var eingöngu fyrir það, hvernig Alþfl. tók á þeim málum, að ekki hlauzt verra af fyrir alla alþýðu þessa lands, en þar sem bæði hefir verið mikið um þennan ágreining milli Alþfl. og Framsfl. rætt og ritað, og ég

vænti þar að auki, að á það mál verði minnzt af þeim ræðumönnum Alþfl., sem síðar tala, skal ég ekki fara nánar út í það.

Það verður ekki skilizt svo við þetta mál, afstöðu Alþfl. til Framsfl., að ekki sé minnzt á afstöðu Kommfl. til þeirra mála um leið — og þá auðvitað einnig hv. 3. þm. Reykv., HV, því að hann er eins og kunnugt er, genginn þeim alveg á hönd. Í orði krefjast þeir samvinnu allra vinstri flokka í landinu, og þar með líka samvinnu við Framsfl., en á borði haga þeir þannig sínum vinnubrögðum, að slík samvinna er óhugsandi. Í orði telja þeir, alveg eins og við alþýðuflokksmenn gerum, að höfuðáherzluna beri að leggja á að vinna gegn hinni yfirvofandi einræðishættu og að aukningu atvinnuveganna í landinu, en á borði draga þeir fram, hvenær sem þeir sjá sér færi á, þau ágreiningsmál, sem þeir geta fundið upp til þess, að öruggt sé, að til þessarar samvinnu geti ekki komið, sem þeir vilja vera láta með vörunum, því að það er vitað, að raunverulega vilja þeir hana ekki, heldur eingöngu sundrung Alþfl. Framkoma kommunista í þessum málum er því nákvæmlega eins og í sameiningarmálunum við Alþfl. — Þeir láta skína í, að þeir vilji samkomulag, tala um það, kjósa nefndir í það — ekkert nema pólitískt herbragð til þess að reyna að tæla til fylgis við sig þá, sem ekki þekkja þá betur en það, að þeir trúa, að þeim sé alvara. Á þennan hátt hefir tekizt að fleyga úr Alþfl. nokkurn hóp manna, en þeim fjölgar nú óðum, sem fá augun opin fyrir þessu herbragði þeirra og sjá, að allt samningaskraf þeirra er ekkert annað en yfirskin til þess að sölsa menn yfir í sinn flokk, og að sameining við þá er ekki möguleg nema á kommúnistiskum grundvelli — það hafa þeir sýnt — enda benda allar líkur til þess, að annað sé þeim óheimilt fyrir húsbændum sínum í Rússaveldi. Framsfl. hefir þá einnig marglýst yfir því, að samvinna við þann flokk geti ekki komið til greina frá þeirra hálfu. Samruni Alþfl. við Kommfl. eða náin samvinna eða samstarf við hann af okkar hálfu á kommúnistiskum grundvelli, sem er sá eini grundvöllur, sem legið hefir fyrir frá þeirra hálfu hingað til, hlyti því óumflýjanlega að leiða til samvinnuslita við Framsfl. En þessi gundvöllur er hingað til það eina, sem kommúnistar hafa fengizt til að tala um sem samningsgrundvöll.

Okkur alþýðuflokksmönnum hefir verið fundið það til foráttu stundum, að við gengjum furðu langt til samkomulags við Framsfl., að við værum of eftirgefanlegir við Framsfl., og þetta er að nokkru leyti rétt — við höfum teygt okkur svo langt til samkomulags, sem við höfum frekast séð okkur fært. En af hverju höfum við gert það? Vegna þess að við erum og viljum vera ábyrgur flokkur, flokkur, sem kjósendur okkar geta treyst til þess að freista ávallt að fá það bezta mögulega út úr ástandinu á hverjum tíma og út úr hverju máli þeim til handa. Það er ólíkt þægilegra að vera andstöðuflokkur ríkjandi stj., flokkur, sem setur fram kröfur og ber fram óskir, sem að vísu eru æskilegar, en fyrirsjáanlegt er, að ekki muni ná samþykki þingsins. Það er ólíkt hægara að standa upp og bera fram kröfur, berja höfðinu við steininn og undirstrika svo, hversu miklir íhaldsmenn andstæðingarnir séu, heldur en að reyna á hverjum tíma að ná því bezta mögulega, sem auðvitað fengist ekki, án þess að eitthvað sé slegið af í einstökum tilfellum.

Þetta er í stuttu máli mismunurinn á afstöðu Alþfl. og Kommfl. í þessu efni. Alþfl. hefir valið sér það hlutskipti að koma fram sem heilbrigður flokkur, en Kommfl. sem óheilbrigður flokkur eingöngu í pólitísku sérhagsmunaskyni. Við viljum með þessari stefnu okkar sýna, að bresti samkomulagið við Famsfl., þá er það ekki vegna þess, að við höfum ekki viljað ganga til móts við þá — það höfum við sannað. Þetta þurfa kjósendur beggja flokkanna, Alþfl. og Framsfl., að athuga mjög vel.

Þessi samvinna, sem hefir tekizt milli Alþfl. og Framsfl., er eingöngu til bráðabirgða og ótímabundin, eins og kunnugt er. Hvort framhald fæst á þeirri samvinnu eða ekki, veltur mjög mikið á því, hvernig samstarf tekst í þeim mþn., sem ýmist hafa verið skipaðar eða er verið að skipa nú í stærstu og mest aðkallandi vandamálum þjóðarinnar. Á ég þar við mþn. í bankamálum, sem áður hefir verið skipuð, mþn. til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar, sem nýlega hefir verið samþ. að skipa og bráðum tekur til starfa, og mþn. í skatta- og tollamálum, sem sjálfsagt einnig verður sett og mun taka til starfa á næstunni. Eftir því, hvernig samstarfið við Framsfl. tekst í þessum n., sem fara með stærstu og þýðingarmestu mál þjóðarinnar og koma til með að segja afgerandi orð um þau, fer það, hversu langt og hversu lengi Alþfl. og Framsfl. geta fylgzt að.

Þó að ég hafi nú varið nokkrum tíma til þess að skýra afstöðu Alþfl. til hæstv. ríkisstj. — og geri ég það sérstaklega í tilefni af þeim breytingum, sem þar hafa átt sér stað nú nýlega, af þeim ástæðum, sem ég hefi lýst — þá fer ekki hjá því, að umr. á eldhúsdegi eins og þessum snúizt fyrst og fremst að því, sem liðið er, og þeim ávirðingum, sem stjórnarandstæðingar telja sig geta fundið ríkisstj. til foráttu. Ég mun því nokkuð snúa mér að því, sem fram kom í ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa talað í kvöld, og því, sem þeir hafa haft fram að flytja, vegna þess að við alþýðuflokksmenn erum stuðningsmenn ríkisstj. Þessar ræður voru sérstaklega athyglisverðar, og einkum tvær þær fyrstu.

Hv. þm. Snæf. flutti ræðu, sem ég vænti, að bæði hv. þm. og hv. útvarpshlustendur hafi gefið gaum, því að tónninn í henni var ósvikinn íhaldstónn, og hann var svo virðingarlaus og skeytingarlaus um hag landsfólksins, að hann talaði um „hina svo kölluðu“ neytendur úti um byggðir landsins, og hann fann þá einu og beztu lausn til þess að breyta um á Alþ., að fækka þm. Hann hóf ræðu sína á því, að það væri farið að slá skugga á ljóma Alþ., og orsökina til þess taldi hann þá, að það væri um of háð Alþýðusambandi Íslands, og ráðið til þess að ráða bót á því áleit hann fyrst og fremst, eins og ég sagði, að þm. yrði fækkað. Ég vil nú benda hv. þm. og öðrum hlustendum á, hversu þröngt og afturhaldssamt íhaldssjónarmið það er, að

vilja ekki hlusta á þær raddir, sem frá Alþýðusambandi Íslands koma, þar sem saman eru komnir fulltrúar allrar alþýðu landsins til skrafs og ráðagerða. Það hefir ekki oft komið fyrir, að þingstörf Alþ. hafi tafizt vegna þess, að það hafi þurft að bíða eftir störfum Alþýðusambands Íslands, en þó að það hefði þurft að bíða 1—2 daga, þá tel ég það ekki eftir. Ég teldi það ekki eftir, þó að fulltrúar þjóðarinnar hér þyrftu að bíða 1—2 daga til þess að hlusta á raddir fólksins, sem þeir ættu að reyna að leggja sér á minni og breyta eftir. Þarna eru tvö sjónarmið. Annarsvegar er sjónarmið þeirra, sem vilja ástunda lýðræði í landinu, og hinsvegar einræðissjónarmiðið, sem engu vill skeyta nema því, sem formælendur þess segja fyrir.

Þá minntist hv. þm. á skatta og tolla og sagði, að þeir hefðu aukizt mjög í tíð núverandi ríkisstj., og hann vissi vegna hvers. Hann sagði, að það stafaði af því, að ríkisstj. og sérstaklega Framsfl. hefði verið í vondum félagsskap. Það var frá sósialistum, sem þessi ógæfa stafaði, þeir voru svo dýrir í rekstri, eins og hann orðaði það. Við skulum nema staðar við þetta augnablik og líta á, hvernig sosialistar eru dýrir í rekstri og á hvern hátt þessi hv. þm. vill minnka útgjöld ríkissjóðs? Vegna hvers hafa fjárl. hækkað? Vegna hvers hafa skattar, bæði beinir og óbeinir, verið hækkaðir að nokkru? Fyrst og fremst til þess að auka atvinnuna í landinu. Þeir hafa verið hækkaðir fyrst og fremst til þess að geta komið á móti óskum hins atvinnulausa fólks um það að rétta dálitla hjálparhönd, þegar neyðin var stærst. Þeir hafa verið hækkaðir til þess að geta stofnað til stórfelldra trygginga, til þess að geta hjálpað bæjarsjóðunum til þess að standa undir sínum þörfum og útgjöldum í sama augnamiði.

Þetta er það, sem hv. þm. Snæf. kallar, að sosialistar séu dýrir í rekstri. Og hvert var svo ráðið? Bótin er sú, sagði hv. þm., að losa sig við sosialista og áhrif þeirra á ríkisstj., og hvernig verður þá umhorfs á fjárl.? Það getið þið hlustendur reiknað út eftir þessum orðum hv. þm. Breytingin yrði sú, að fjárl. mundu ef til vill eitthvað lækka, en á hvern hátt? Með því að draga úr opinberum útgjöldum ríkissjóðs til atvinnubóta, með því að draga úr opinberum gjöldum til styrktar og tryggingar alþýðunni í einu eða öðru formi. Þetta er það, sem hann vill. Bæði þessi hv. þm. og hv. 4. landsk., sem síðastur talaði, minntust nokkuð á skuldir ríkissjóðs, og án þess ég ætli nokkuð að hlaupa í kapp við hæstv. fjmrh., sem að sjálfsögðu mun svara hér til saka, vil ég, vegna þess að báðir þessir hv. þm. vitnuðu til álits skipulagsnefndar atvinnumála, hafa hér yfir kafla úr því áliti, sem einmitt sýnir, hvernig skuldirnar við útlönd hafa myndazt og hvað þær voru orðnar miklar, áður en núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Því hefir sí og æ verið haldið fram, að skuldasöfnunin við útlönd hafi aldrei verið meiri en í tíð núverandi stj. Þetta er rangt, og þeir sem þessu halda fram, vita, að það er rangt. Þegar gerður er samanburður á öllum skuldum ríkisins við útlönd nú og áður, þá er ekki farið lengra en til ársins 1927, eða eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, aðeins til ársins 1933. En sannleikurinn er sá, að ef maður les þetta niður í kjölinn, þá sér maður, að skuldasöfnunin við útlönd er miklu eldri og hefir verið mynduð á tiltölulega örskömmum tíma fyrir einum 20 árum. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp örlítinn kafla úr áliti skipulagsnefndar:

„Ekki eru til samstæðar heimildir um skuldirnar við útlönd eldri en frá árinu 1922. En af ýmsum heimildum má gera sér nokkurn veginn ljóst, hvenær og hvernig þær hafa myndazt. Í árslok 1914 voru erlendar skuldir ríkissjóðs 2727 þús. kr. og Reykjavíkurbæjar 1235 þús. kr. eða alls 3962 þús. kr., en þá áttu bankarnir inni erlendis 1812 þús. kr., og skuldir einstaklinga og stofnana erlendis geta eigi hafa verið mjög miklar. Árin 1915 og 1916 var verzlunarjöfnuður hagstæður, enda jókst þá innstæða bankanna erlendis og var orðin 7035 þús. kr. í árslok 1916, en erlendar skuldir ríkisins og Reykjavíkurbæjar höfðu staðið í stað frá því 1914. Eimskipafélag Íslands hafði þá að vísu stofnað allmikla skuld erlendis, en þó má fastlega gera ráð fyrir, að í árslok 1916 hafi skuldir erlendis eigi verið meiri enn innstæður. En með árinu 1917 skiptir um. Árin 1917—22 var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 27,2 millj. kr. öll árin, en „duldar greiðslur“ hafa verið 5—6 millj. kr. á ári, eða lítið eitt minni en síðar varð. Allar erlendu skuldirnar í árslok 1922 hafa myndazt á þessum 6 árum, 1917—22“.

Þær eru þá orðnar um 60 millj. kr.

Á 6 árum safnar þjóðarbúið við útlönd um 60 millj. kr. skuld. Og þetta er að mörgu leyti skiljanlegt, það er eðlileg afleiðing af stríði og kreppu. En af þessu er það augljóst, að það er ekki rétt, að megnið af erlendu skuldunum hafi myndazt á síðustu árum. Skuldasöfnunin er miklu eldri. Svo gengur hún upp og niður á árabilinu frá 1922, kemst í stjórnartíð Sjálfstfl. niður í 39 millj., og 1928 voru skuldirnar um 43 millj. Á þessum árum, sem síðan eru liðin, hafa þær svo vaxið upp í það, sem þær nú eru. Þetta sýnir betur en nokkuð annað, hversu fáránlegt er að halda því fram, að skuldasöfnun ríkissjóðs sé tiltölulega ný.

Hv. þm. Snæf. minntist á, að gjaldeyrisjöfnuðurinn væri óhagstæður og ekki hefði tekizt að koma honum í lag. Ég skal játa, að þetta hefir ekki tekizt eins vel og æskilegt væri. En menn beri saman hvernig hann er þó með 6—7 millj. kr. óhagstæðum verzlunarjöfnuði og hvernig hann mundi hafa verið, ef ekki hefði verið tekið til neinna þeirra ráðstafana um innflutningshöft og annað þar að lútandi, sem beitt hefir verið af núverandi stjórnarflokkum. Hv. þm. vissi, hverju þarna var um að kenna. Hann sagði: „Mun þar um valda ágengni vildarvina hæstv. ráðh. og gjaldeyrisn., hinna svo kölluðu neytenda í landinu. „Hverjir eru það, sem hann talar hér til með þessari fyrirlitningu. Ég hygg, að hann hafi ekki áttað sig fyllilega á því, hvað hann var að segja, og að þeir verði nokkuð margir þessir „svo kölluðu neytendur“, eins og hann orðaði það.

Hv. þm. lauk máli sínu með því að leggja til, að bönnuð yrði starfsemi kommúnista í land-

inu. Ég býst við, að þetta sé aðeins byrjunin, síðar verði aðrir flokkar bannaðir, Alþfl. sjálfsagt, og kannske fleiri, þar til hv. þm. og hans flokksmenn hafa fengið sínum einræðiskenndum fullnægt. Yfirleitt bar ræða þessa hv. þm. vott um miklu meiri einræðishneigð og hroka en ég hafði búizt við, að hann mundi leyfa sér að bera fram í útvarpið, fyrir alla „hina svo kölluðu neytendur" þessa lands. Og ráðin, sem hv. þm. kunni við ástandinu, sem hann taldi ekki gott, voru, að banna ákveðna flokksstarfsemi í landinu og taka þannig upp einræði í takmörkuðu formi og hindra samvinnu Alþfl. við Framsfl. til þess að losa Framsfl. við þessa menn, sem höfðu verið svo dýrir í rekstri og heimtað fé handa sínum mönnum, þegar þeir gátu ekki lengur staðið sjálfir undir sinni eigin framfærslu.

Um ræðu hv. 1. landsk. þm. get ég verið fáorður. Hann sá þrjú ráð sjávarútveginum til hjálpar. Í fyrsta lagi vildi hann gera lítilsháttar stjórnarfarsbreytingu á Landsbankanum. Það kann að vera, að þetta væri til nokkurra bóta, en ég sé ekki, að á því velti allt.

Þá talaði hv. þm. um, að þeir vildu fá ábyrgð á 750000 kr. til vélbátakaupa. Ég veit ekki betur en allir þingfl. hafi orðið sammála um, að breyta l. um fiskimálasjóð, og eykur það mjög þá möguleika, sem útvegsmenn hafa til að stækka flota sinn. Allir þrír aðalflokkar þingsins hafa undanfarin ár borið fram frv. um breyt. á fiskimálasjóði, hver á sinn hátt. Þau hafa nú verið sameinuð í eitt frv., sem gengur mjög til móts við óskir okkar alþýðuflokksmanna, t. d. að veita meira fé út á þá báta, sem smíðaðir eru hér á landi, heldur en hina, sem fengnir eru erlendis frá.

Í þriðja lagi taldi hv. þm. það höfuðnauðsyn, að útvegsmenn fengju nægilegan aðgang að gjaldeyri, til þess að þeir gætu losnað undan okurvaldi auðhringanna, sem lægi þyngst á útgerðinni. Ég þykist vita, að þar sem þeir hafa nú eignazt einn fulltrúa fyrir slíkan auðhring, geti þeir komið sér saman við hann um það mál, og öfunda ég þá ekkert af því.

Hvað snertir atvinnubótafé, til verkamannabústaða og aukinna vitabygginga, sem hv. þm. var að tala um, er það að segja, að þetta er ekkert annað en yfirboð, fyrir það, sem við höfum náð samkomulagi um við Framsfl. Það er alveg sama, hvað við hefðum náð samkomulagi um, þeir hefðu alltaf komið með meira til þess að hindra samstarfið milli þessara flokka, því að það hefir æfinlega verið aðeins í orði hjá þeim, en aldrei á borði.

Hvað hafa svo þessir hv. þm. að flytja? Hvaða ávirðingar hafa þeir helzt fundið á ríkisstj.? Ég hefi rætt það nokkuð. Hv. þm. Snæf. vildi innleiða einræði í takmarkaðri mynd til að byrja með, losa Framsfl. undan áhrifavaldi alþýðunnar í landinu. Hann telur eftir, að Alþingi bíði einn eða tvo daga til þess að hlusta á ráð fólksins, hann vill ríkja og ráða einn. Þetta er hans boðskapur.

Boðskapur kommúnistanna var yfirboð, og ekkert annað, sem gert er í pólitískum tilgangi, en ekki til þess að gagna almenningi í landinu, sem þeir ættu að vera umboðsmenn fyrir.

Við hv. 4. landsk. þm. hefi ég lítið að segja. Hann talaði eingöngu um sérmál landbúnaðarins, sem ég mun ekki að þessu sinni blanda mér inn í, nema sérstakt tilefni gefist.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti, góðir Íslendingar!

Ég þarf, eins og þið hafið heyrt, bókstaflega engu að svara vegna minna stjórnardeilda, og því verður ræða mín nokkuð almennt svar við þeim árásum, sem stjórnarandstæðingar halda uppi gegn ríkisstjórninni, sem í aðalatriðum eru þessar.

1. Að fjárlögin séu svo há, og eyðslan svo mikil, að það sé ríkinu um megn.

2. Að starfsmannahald ríkisstjórnarinnar sé óhóflegt og launin of há.

3. Að gjaldeyrismálunum hafi verið illa stjórnað.

4. Að sjávarútvegurinn hafi verið vanræktur, og loks

5. Að þingstörfin gangi seint og illa.

Þegar almenningur á að dæma um þessar ásakanir, dæmir hann fyrst og fremst út frá því, hvort betur mundi hafa verið stjórnað, ef stjórnarandstæðingar hefðu farið með völdin.

Um 1. atriðið, að fjárlögin séu of há og eyðslan of mikil, má þegar á það benda, að þörfin fyrir framlög til atvinnulífsins hefir verið meiri þessi 4 ár heldur en nokkurntíma á undanförnum árum. En jafnframt hefir verið ríkari þörf fyrir verklegar framkvæmdir vegna þess, hve atvinnulífið hefir víða dregizt saman sökum fjárkreppunnar. Stefna ríkisstjórnarinnar hefir verið sú, að reyna að gera þetta tvennt: að halda uppi verklegum framkvæmdum, eftir því sem hægt hefir verið, til að draga úr atvinnuleysinu, en jafnframt að reyna að efla atvinnulífið og gera það fjölbreyttara með fjárframlögum til þess og með því að veita þeim gjaldeyri, sem til hefir verið, fyrst og fremst til framleiðslunnar, og þá ekki síst til iðnaðarins, sem hefir aukizt stórkostlega á þessum árum. — Afleiðing þessa hefir orðið sú, að fjárlögin hafa orðið allhá, en reynslan hefir líka orðið þannig, að enginn þingmanna Sjálfstfl. hefir getað bent á neinn verulegan lið í fjárlögum, sem ætti að fella niður; svo rík hefir þörfin verið fyrir þau fjárframlög, sem í fjárlögum hefir verið ákveðin. Hinsvegar hafa sjálfstæðismenn komið fram með till. á undanförnum þingum um fjárframlög, sem numið hafa millj., og það svo, að tekjuhallinn á fjárlögum 1937 hefði orðið meiri en 4 millj. kr., ef farið hefði verið eftir till. þeirra. Meðal annars ber einn af þm. Sjálfstfl. fram till. um að hækka atvinnubótafé eitt úr hálfri milljón í heila milljón. Sjálfstæðismenn geta því sízt allra ásakað okkur framsóknarmenn fyrir há fjárlög, því að okkar barátta á undanförnum þingum hefir verið í því fólgin að halda aftur af Sjálfstfl. og koma í veg fyrir, að sá flokkur kæmi því til leiðar, að fjárlög yrðu ennþá hærri. Þetta er í samræmi við stjórn Sjálfstfl. á Reykjavíkurbæ, þar sem öll útgjöld hafa hækkað tiltölulega miklu meira en útgjöld ríkissjóðs. Ég skal játa, að fjárlögin eru há, og það væri ákjósanlegra, að þau gætu verið lægri, en öll rök

liggja til þess, að þau mundu sízt hafa verið lægri ef Sjálfstfl. hefði stjórnað, heldur hið gagnstæða, og er þá dæmt út frá staðreyndum einum um bæjarstjórn Reykjavíkur og framkomu flokksins hér á Alþingi.

Þá er því haldið fram, að starfsmannahaldið sé of mikið og launin of há. Ég neita því ekki, að það væri æskilegt, að hægt væri að fækka opinberum starfsmönnum. En það er þó í fyrsta skipti, síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum, að samin hefir verið starfsmannaskrá og fjvn. gefið tækifæri og aðstaða til að fylgjast með starfsmannafjölgun og launum starfsmanna betur en nokkurntíma hefir áður tíðkazt. Með beinum sköttum hefir verið tekinn kúfurinn ofan af hæstu laununum, og launin hafa víða lækkað frá því sem var. Í stofnunum, þar sem sjálfstæðismenn ráða, eins og t. d. Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, voru til skamms tíma 3 framkvæmdastjórar, sem höfðu samtals 63 þús. kr. í laun, en þeir munu nú hafa 54 þús., og skrifstofustjórinn þar var með 15 þús. kr. laun. Forstjóri Eimskipafélagsins hefir víst 24 þús. kr. árslaun. Hjá bænum hafa sumir æðstu starfsmennirnir haft um 20 þús. kr. í laun. Þetta er framhald af því, þegar þeir réðu bankastjóra Íslandsbanka á sínum tíma með 40 þús. kr. árslaun og forstjóra áfengisverzlunarinnar með 18 þús. kr. laun. Hjá bænum og í stofnunum, sem Sjálfstfl. ræður yfir, hefir verið hrúgað saman fleiru af starfsfólki en dæmi eru til í öðrum opinberum stofnunum, samanber alla fátækrafulltrúana hjá bænum og skiptingu á embættum til þess að koma fleiri mönnum að. Það hljómar því næstum eins og Sjálfstfl. sé að gera skop að sjálfum sér, þegar hann kemur fram með aðfinnslur við ríkisstjórnina út af þessum málum, því að það hefir engin stjórn gert meira að því að jafna laun manna en núverandi stjórn. Hefir hún þar eins og víðar leiðrétt margskonar misrétti, er voru leifar frá því, að Sjálfstfl. hafði stjórnað.

Þær aðfinnslur, sem oftast eru þó fram bornar, eru út af gjaldeyrismálunum, og eru þær tvennskonar. Í fyrsta lagi telja stjórnarandstæðingar, að innflutningshöftunum hafi verið beitt ranglátlega; þau hafi verið notuð til hagsmuna fyrir kaupfélögin, en kaupmannastéttinni sýnt ranglæti. Eins og mönnum er kunnugt, hefir verið farið eftir félagatölu kaupfélaganna með innflutning, og verður sannast að segja ekki séð, að réttlátari regla verði fundin um innflutning. Enda hygg ég, að flestir líti svo á, að þessar aðfinnslur séu meira bornar fram til að gera sig góða í augum kaupmanna, og ef til vill af nokkurri óvild til kaupfélaganna, heldur en að það sé sannfæring þeirra, sem bera þetta fram, að innflutningshöftunum hafi ekki verið réttlátlega beitt.

Hin árásin er þó öllu algengari í seinni tíð, að vegna mistaka á framkvæmd gjaldeyrishaftanna sé gjaldeyrisástandið svo örðugt sem raun er á. Það er næstum óþarfi að svara þessum aðfinnslum, svo oft hefir það verið gert með gildum rökum og svo auðsæ er þessi blekking. Það mun sanni nær, ef innflutningshöftunum hefði ekki verið beitt og Sjálfstfl. hefði farið hér með völd, þá mundi, eins og árferðið hefir verið undanfarið, vera komið hér í það öngþveiti, að ekki hefði verið hægt að kaupa lífsnauðsynjar. Það er ofureðlilegt, að kaupmennirnir, sem miklu ráða í Sjálfstfl. og hafa mikinn hag af því, að innflutningur haldist sem mestur, einkum á allskonar óþarfavörum, sem mikið má leggja á, þrýsti á flokk sinn um innflutninginn. En afleiðingin hefði óumflýjanlega orðið: Skortur á lífsnauðsynjum.

Eftirlitið með innflutningnum hefir borið þann árangur, að 3 síðustu árin var meðal innflutningur 10 millj. kr. lægri en meðalinnflutningur 10 næstu ára á undan. Verzlunarjöfnuðurinn hefir á þessum 3 árum að meðaltali orðið helmingi hagstæðari en næstu 10 árin þar á undan, og þó er meðalútflutningur undanfarinna þriggja ára 8 millj. kr. lægri. Það verður heldur ekki um það deilt, að innflutningshöftin hafa jafnframt eflt iðnaðinn í landinu stórkostlega, og á það sinn þátt í því, að atvinnuleysið var minna í síðastl. ágústmánuði en það hafði verið undanfarin 5 ár. Þannig hefir tekizt að halda verzlunarjöfnuðinum hagstæðari en nokkrar vonir stóðu til. Og þó hefir verið lögð svo mikil áherzla á það, að efla iðnaðinn, að það hefir á 3 árum t. d. verið komið á fót jafnmiklu af nýjum iðngreinum og gert hafði verið á 10 árum þar á undan. Það er vitað mál samkvæmt upplýsingum hagstofunnar, að skuldirnar við útlönd hafa ekki aukizt síðan í ársbyrjun 1935 meir en sem svarar Sogsláninu einu, eða um 6,6 millj. kr. Ástæðurnar fyrir því, að gjaldeyrisástandið er ekki gott, þýðir ekkert að færa á reikning innflutningshaftanna. Það skilur hver maður, sem vill skilja það, að það er ekkert undarlegt, þótt gjaldeyrisástandið sé ekki gott eftir 2 aflaleysisár og markaðshrun auk annara erfiðleika, sem yfir hafa dunið í tíð núverandi stjórnar, og taka auk þess við öllum greiðsluhallanum við útlönd frá 1934. Á þessum tíma hefir saltfisksútflutningurinn verið að meðaltali fyrir 17 millj. kr., en á árunum 1924—1927 var meðalandvirði útflutningsins 41 millj. kr. Hvað halda menn, að hefði orðið um gjaldeyrisástandið á árunum 1924—27, ef þáverandi fjármálastjórn hefði þurft að sjá af þessum 24 millj. kr. útflutningi árlega eða samtals á þessum árum 96 millj. króna! Ég held, að árásir andstæðinganna út af gjaldeyrismálunum séu fyrir almenning svo augljós rangsleitni, að þeir afli sér tæplega þess kjósendafylgis á því, sem til er ætlazt. Menn skilja áreiðanlega, að það munar um minna en 96 millj. kr. útflutningstap á saltfiskinum einum á 4 árum. Það hefir að vísu stundum verið komið með þau rök, og það eru raunar einu rökin, sem reynt hefir verið að bera fram, að síldarútflutningurinn hafi verið svo mikill á síðastl. ári, að það hafi numið 9—10 millj. kr. umfram það venjulega. Þetta er rétt, en þá var líka innflutningurinn til sjávarútvegsins 16—17 millj., en hafði verið áður 11—12 millj. Var þetta vegna hinna stórkostlegu aukningar flotans. Það verður vissulega ekki mikið út af þessum árásarefnum andstæðinganna, ef þjóðin gerir sér grein fyrir öllum þeim staðreyndum, sem að þessu máli lúta.

Um það árásarefni, að lítið hafi verið gert

fyrir sjávarútveginn, má vísa til þess, sem oft hefir verið sýnt fram á áður, að það hefir aldrei verið lagt jafnmikið fé fram til styrktar sjávarútveginum eins og á þessu stjórnartímabili.

Að lokum er rétt að upplýsa það í sambandi við árásirnar fyrir hið langa þinghald, að á stjórnartímabilinu 1924—27, þegar Íhaldsflokkurinn fór hér með völd, stóð þinghaldið þannig:

1924	frá	15. febr.	til	7. maí
1925	frá	7. febr.	til	16. maí
1926	frá	6. febr.	til	14. maí
1927	frá	9 febr.	til	19. maí

Og menn urðu satt að segja ekki varir við, að þingið tæki til meðferðar nokkurt stórmál á þessum árum, og vegna góðæris lék yfirleitt allt í lyndi, svo að aðeins fátt af því kom þá til meðferðar á Alþingi, sem nú þarf að taka þar til meðferðar vegna hinna miklu erfiðleika. Það verður því jafnlítið úr þessum árásarefnum stjórnarandstæðinga eins og öllum hinum, þegar það er sýnt, að á þeim tíma, sem Sjálfstfl. stjórnaði, þegar þingið hafði minnst að gera og allt lék í lyndi um árferði, var þinghaldið stórum lengra en það er nú.

Eins og af þessu má sjá, eru aðalárásir stjórnarandstæðinga næsta einkennilegar og líklega sérstakari í sinni röð en árásir nokkurrar stjórnarandstöðu í öðrum löndum. Venjan er sú, að stjórnarandstæðingar marka og bera fram sína stefnu, deila á ríkisstjórnina og reyna að færa rök að því, að réttara hefði verið að fylgja þeirra stefnu en stefnu stjórnarinnar. En hér á Alþingi deila andstæðingarnir á stjórnina fyrir það, að hún hafi verið of duglítil í því að afnema þá stefnu, sem stjórnarandstæðingar hafa fyrst og fremst fylgt og fylgja enn innan þings og utan.

Fjárlögin eru of há, segja þeir, en sjálfir hafa þeir viljað hafa þau enn þá hærri.

Laun embættismanna eru of há, en sjálfir greiða þeir hærri laun allstaðar, þar sem þeir ráða.

Gjaldeyrismálin eru í öngþveiti, segja þeir, en þó hafa þeir stöðugt heimtað aukinn innflutning og tilslökun á innflutningshöftunum.

Þeir segja, að það hafi verið of lítið gert fyrir sjávarútveginn, og þó hefir verið meira fyrir hann gert en þeir nokkurntíma gerðu, þegar þeir réðu.

Þeir segja að þinghaldið sé of langt, og þó er það miklu styttra en þegar þeir réðu og sáralítið var að gera vegna stöðugs góðæris.

Ég viðurkenni, að það megi sjálfsagt gera eitthvað af þessu og öðru betur en gert hefir verið, en það er bara ekki það, sem sker úr. Hið erfiða ástand stafar fyrst og fremst af hinum óvenjulegu tímum, sem gengið hafa yfir þetta land. En eitthvað verða nú andstæðingarnir að segja, og jafnvel þó þeir sumir hverjir innst með sjálfum sér kynnu að líta svo á, að á þessum erfiðu tímum mundi sízt hafa gengið betur, nema síður sé, ef stjórnað hefði verið af þeim, þá er vissulega til of mikils mælzt, eins og ástandið er í stjórnmálunum, að þeir viðurkenni það á sjálfu Alþingi í eldhúsdagsumræðum fyrir opnu útvarpi.

En þó hið sérstaka árferði ár eftir ár valdi aðalerfiðleikunum, þá er þó ýmislegt fleira, sem vert er að gefa gaum og hugleiða.

Við höfum hér á landi fram til ársins 1931 eða 1932 næstum samfleytt haft einsdæma góðæri. Peningarnir flæddu yfir landið. Það var mikið framkvæmt bæði af ríki og bæjum og einstaklingum. Atvinnulífið virtist vera bjarg, sem óhætt væri að byggja á þungar og veglegar byggingar. Þjóðin breytti lífsvenjum sínum og jók lífsþægindin, eins og hin mörgu stóru íbúðarhús og margt annað ber með sér. Það var ótakmarkaður gjaldeyrir fyrir kaupmennina til að kaupa vörur fyrir og flytja inn í landið og selja með miklum gróða. Verzlunarstéttin varð fjölmennari með hverju ári, og menn græddu stórfé á verzlun. Hinar miklu framkvæmdir, einkum byggingarnar, juku eftirspurn eftir iðnaðarmönnum, og iðnaðarmannastéttin varð fjölmenn. Þannig var útþenslan á öllum sviðum. En svo vöknuðu menn skyndilega af þessum þægilega draumi. Og við sáum, að grundvöllurinn, sem við höfðum reist hallirnar á, var ekki traustur. Fiskveiðarnar geta brugðizt ár eftir ár, og hafa gert frá landnámstíð. Hin ótakmarkaða eftirspurn eftir fiski, kjöti og annari framleiðslu okkar getur horfið skyndilega, og hefir gert það. Og verðið getur orðið óþægilega lágt á þessum vörum, samanborið við aðrar vörur, sem við þurfum að kaupa. Allt þetta og meira til hefir komið yfir okkur eins og reiðarslag eftir hin miklu góðæri. Þannig hefir rás viðburðanna verið, hvað sem menn annars finna upp á að segja almenningi um, að svo og svo illa hafi verið stjórnað nú seinustu árin.

Sumir líta svo á, að góðæri og lífsvenjubreytingar til aukinna þæginda hafi gert nokkurn hluta þjóðarinnar lingerðari, værugjarnari og ófærari í lífsbaráttunni. Um það skal ég ekki dæma, en hitt er víst, að einstaklingar og stéttir vilja ógjarnan missa þau réttindi og lífsþægindi, sem góðærið og velmegunin hafa skapað, og jafnvel sízt þær stéttir, sem bezta hafa aðstöðuna. Og í stað þess að rísa sameiginlega gegn erfiðleikunum og reyna að skilja og taka tillit til aðstæðna hvers annars verða flestir óánægðir með það, sem þeir missa, og skipa sér í stéttir og félög og hyggjast að vernda sína hagsmuni með harðri hendi. Iðnaðurinn er lokaður fyrir öllum nemendum. Það er hækkað kaupið, því minni sem atvinnan verður, en við það minnkar hún enn meir. Sjómennirnir heimta fleiri menn á skipin, eftir því sem skipunum fækkar, svo að nú eru að minnsta kosti fleiri yfirmenn á okkar skipum en annarsstaðar tíðkast. Því styttri sem útgerðartiminn verður, vegna aflabrests og sölutregðu, því hærra kaupgjalds er krafizt, en við það dregst útgerðin enn meira saman. Kaupmenn fá minna af vörum til að selja og leggja þá því meira á.

Ég nefni þessar stéttir sem dæmi, en ekki vegna þess, að þær séu óbilgjarnari en ýmsar aðrar.

Svona erfiðleikatímar eftir eyðslutíma eru góðæri aðeins fyrir eina stétt, áróðursmennina, kommúnistana. Enda hafa þeir óspart notað sér aðstöðuna til þess að vekja tortryggni milli stétta, úlfúð og stéttarhatur,

Það er eftirtektarvert, að þegar Framsfl. á yfirstandandi þingi bendir á þessa hættu og hefir borið fram frv. til að fyrirbyggja algerða lokun á iðnaðinum, þá rísa kommúnistar upp og hrópa, að það sé ofsókn á iðnaðarmennina. Þegar talað er um að fækka yfirmönnum á skipunum til samræmis við það, sem annarsstaðar tíðkast, ef þannig mætti styðja að því, að útgerðin gæti gengið og borið sig, þá er hrópað um ofsókn á sjómennina. Og sjálfstæðismenn hér á Alþingi glúpna undan þessum hrópyrðum, enda kemur oft sama tilhneigingin fram hjá þeim viðvíkjandi innflutningshöftunum vegna hagsmuna kaupmannastéttarinnar. — Smátt og smátt virðist vera að takast að koma þeirri eitruðu skoðun inn í meðvitund nokkurs hluta þjóðarinnar, að réttur stéttanna sé sá eini helgi réttur í þessu landi, og enginn annar réttur til. Áróðursmennirnir telja fólkinu trú um, að nú sé eiginlega til aðeins ein dyggð — það er að vera stéttvís, með öðrum orðum sagt, blindur á allt nema augnablikshagsmuni sína og sinnar stéttar. Og eftir að búið er að binda menn þannig, er auðvelt fyrir áróðursmenn að leiða menn út í hverja deiluna eftir aðra, deilur, sem sýnast vera um hagsmuni stéttanna, en eru oft, þegar dýpra er skoðað, eyðilegging á atvinnugrein stéttarinnar. Gott dæmi um þetta er það, að nú eru það 20 stýrimenn, sem sumir hafa um 9 þús. kr. laun, sem stöðva allan siglingaflotann, sem 16 þús. landsmanna, flestir fátækir og búa við lakari kjör en þessir stýrimenn, hafa byggt upp vegna fórnfýsi og föðurlandsástar, sem kommúnistar telja eina af hinum verstu ódyggðum. Ef einhver þessara manna segði við sína stéttarbræður: „Þessi stöðvun er hættuleg fyrir atvinnugrein okkar, skipaflotann," o. s. frv., þá mundi hann vera stimplaður með orðinu óstéttvís, og fólki er kennt að trúa því, að það sé svívirðilegra en að vera sauðaþjófur.

Kommúnistar styðja að sjálfsögðu þessi verkföll, en svo ganga þeir hér sama daginn um göturnar í kröfugöngu með stór kröfuspjöld, þar sem þeir heimta 8 þús. kr. hámarkslaun, sömu mennirnir, sem styðja kauphækkun þeirra, sem nú hafa 9 þúsundir.

Þetta alveldi stéttanna er að verða íslenzku þjóðinni hættulegra en flest, ef ekki allt annað, jafnhliða þeirri sterku tilhneigingu, að flýja framleiðsluna og erfiðið og komast inn í léttari störf. Kommúnistar, sem róa bak við í stéttunum, vita það mæta vel, að ekkert er líklegra og sigurvænlegra til þess að liða þjóðfélagið í sundur en stéttabaráttan. Því meira sem tillitslaus stéttabarátta magnast, því veikara verður þjóðfél. og því óhæfara til að sigrast á erfiðleikunum. Hér beita þeir því sömu bardagaaðferð eins og annarsstaðar og spila á sérdrægnina og eigingirnina. En það fyrsta, sem þeir sjálfir gera, þar sem þeir ná völdum, er að afnema stéttirnar, þótt menn búi þar við hin misjöfnustu kjör, og innleiða það, sem þeir kalla alræði öreiganna.

Einn þátturinn í þessu starfi, að láta stéttakröfurnar og stéttahatur sundra þjóðfélaginu, er það, að þegar samþykkt er hér á Alþingi hin sanngjarnasta vinnulöggjöf, espa kommúnistar til andstöðu gegn henni og hóta því, að hún skuli brotin. Frummælandi samfylkingarinnar hér á Austurvelli í gær bar fram eina ósk, og hún var þannig: Ég vona, að í dag takist okkur að bera fram miklar kröfur. — Og fyrir framan ræðustólinn, þar sem hv. 3. þm. Reykv. talaði, stóðu kröfuspjöld með áletrun: „Niður með auðhringana". „Átta þúsund króna hámarkslaun".

En þótt þetta og annað sé skoplegt og fullt af andstæðum og mótsögnum, hefir það þó allt hið sama og ákveðna markmið: að ala á stéttabaráttunni og sundrunginni til þess að gera þjóðfélagið óstarfhæfara, og þeir hafa rétt í því, að það er vísasti vegurinn að því marki.

En við þessa menn, sem á sundrunginni ala, vil ég segja það, að þeir hefðu áreiðanlega gott af að hugleiða þá lífsreglu, að misnotkun allra gæða endar aðeins á einn veg. Þeir, sem misnota þau, glata þeim. Þessi regla er svo ófrávíkjanleg, að sjálfur lífgjafinn, sólarljósið, getur deytt, ef það er notað um of. Frelsið, sem er eitt af æðstu gæðum mannanna, er heldur engin undantekning fá þessari reglu. Misnotkun frelsisins veldur almennri tortímingu í hverju þjóðfélagi og hefir þann endir, að þeir sem misnota frelsið, glata því!

Við Íslendingar vorum lengi ánauðug þjóð og almúginn kúgaður. Það hefir tekið okkur aldir að vinna þetta frelsi aftur. Og það er þetta frelsi, sem hefir gefið almenningi í þessu landi þær réttarbætur, sem hann hefir fengið. En nú er það, sem við kunnum okkur ekki læti. Bæði stéttir og einstaklingar, æðri sem lægri, virðast eftir alla kúgunina vilja njóta frelsisins eins og ofdrykkjumaður áfengis. Menn skiptast í stéttir, og í nafni stéttanna eru gerðar kröfur um aukin lífsþægindi, en öllu öðru og öllum öðrum er gleymt, og mönnum er talin trú um, að þetta sé hin æðsta dyggð mannanna. Áður þurftu menn að komast undri vernd ættar hér á landi til þess að geta komið sér vel fyrir. Nú eru það stéttirnar. Réttur þeirra er nú talinn heilagur, en rétt þjóðarinnar man enginn, og þegar á hann er minnzt, er hann með fyrirlitningu kallaður réttur hinna ríku. Það er aftur hið sama og hinn heilagi réttur ættanna áður á Sturlungaöldinni, þegar við glötuðum frelsinu, sem tók okkur aldir að vinna aftur. Þá mundi heldur enginn eftir þjóðinni.

Hvað er hér að gerast?

Mér finnst stundum, góðir Íslendingar, þegar athugaðar eru bardagaaðferðir stéttanna í seinni tíð og bardagaaðferðir hinna óheiðarlegri áróðursmanna, og allt þetta er kallaður heilagur réttur og frelsi, að ég endurþekki þar samskonar rétt og frelsi og hér ríkti stuttu áður en við glötuðum sjálfstæði okkar forðum. Það er þetta afskræmda frelsi. Munurinn er sá, að áður voru það ættir, en nú eru það stéttir, sem eigast við.

Á Sturlungaöld tóku ættirnar sér frelsi til þess að meiða, misþyrma og kúga í nafni ættanna. Nú vilja stéttirnar hafa samskonar frelsi til að kúga allt og alla, hver fyrir sína ímynduðu augnabliks hagsmuni.

Okkar saga, og saga annara þjóða, sýnir það, að í þessari mynd birtist frelsið rétt áður en það veldur tortímingu og hverfur, og þá fyrst og fremst úr eigu þeirra, sem misbeittu því.

Það er orðin venja hér á Alþingi á eldhúsdegi, og henni er haldið nú, að vera með allskonar sparðatíning sannan og ósannan um ágalla á stjórnarfarinu, þótt allir þessir menn viti, að ástandið hefir verið, og er þannig, vegna utankomandi og óviðráðanlegra atvika, að hverjum flokki, sem ætti að stjórna nú, mundi reynast það næsta erfitt.

En það sem við ættum að ræða um og getum ráðið við, er að afstýra hinni blindu stéttabaráttu og sérdrægni meðal æðri og lægri stétta í okkar eigin landi og koma í veg fyrir, að hún valdi meira tjóni en orðið er, geri þjóðina óhæfari til þess að brjótast fram úr örðugleikunum. Því að lokum lenda erfiðleikarnir á þjóðinni sem heild, þótt sumum stéttum takist að velta þeim af sér um stund, og þess vegna eru það hinir sönnu hagsmunir allra að taka sameiginlega á í tíma til þess að afstýra afleiðingunum, sem fyrir alla hlýtur að leiða af sundrunginni.

Það er þetta, sem virðist aðkallandi fyrir þjóðina, til þess að hún geti verndað frelsi sitt, lýðræði og sjálfstæði.

En því skal heldur ekki gleymt, ef gera þarf þessar kröfur um fórnfýsi til þeirra stétta, sem lægra eru launaðar og á allan hátt ver settar, að þá verða fyrst og fremst þeir einstaklingar og þær stéttir, sem meira mega, að ganga á undan um að sýna þessa fórnfýsi.

Þetta er hin sanna köllun tímans eins og nú horfir við.

*__Héðinn Valdimarsson__: Það er lærdómsríkt fyrir verkafólk að hlusta hér á hæstv. forsrh. Hann situr með stuðningi eða hlutleysi þingmanna þess, og það lítur út fyrir, að hann sé að búa sig undir að beita ríkisvaldinu til að svipta það réttindum. — Ég vil að sjálfsögðu ekki fara út í deiluna um stýrimannaverkfallið og grípa þannig fram fyrir hendur hæstv. forseta, hv. þm. Seyðf., því að sú deila er á vegum Alþýðusambandsins.

Ég mun í þessum eldhúsumræðum, sem venjulega fara mikið á víð og dreif, snúa mér að vinnulöggjöfinni, sem nú á að fara að samþykkja á Alþingi og rætt var um í útvarpi í fyrra kvöld, bæði vegna þess, að tími minn var of naumur þá til svars, og vegna þess að ég álít afstöðu ríkisstjórnarinnar til verklýðssamtakanna vera grundvallandi fyrir því, hvaða afstöðu verkalýðurinn tekur til ríkisstjórnarinnar, enda þótt önnur mál geti einnig valdið þar miklu um. En sú ríkisstjórn, sem nú situr, leggur hið mesta kapp á að fá frv. um vinnulöggjöf samþ. óbreytt að mestu eða öllu leyti.

Hv. þm. N.-Ísf. sneri sér að mér í síðari ræðu sinni á laugardagskvöld, er ég gat ekki svarað, og eins og ég mun síðar lýsa, með þeim blekkingum, að jafnvel hér í þingsalnum eru fá dæmi annars eins. Og mun orsök þessa ekki, að hv. þm. sé þetta tamt, heldur illur málstaður. Hann fæst um það, að á fyrra þinginu 1937, er þingrof stóð fyrir dyrum og Framsókn hugðist að keyra gegnum þingið frv. sitt um vinnulöggjöf, hafi ég viljað flytja frv. frá sjónarmiði Alþfl., samið af hv. 3. landsk. þm., og Guðmundi Í. Guðmundssyni, án þess að við hefðum endurskoðað það þm. Veit þó hv. þm. manna bezt, að þetta frv. hefði því aðeins verið flutt, að við hefðum fyrst farið gegnum það vandlega og leiðrétt, og að það hefði ekki orðið samþ. á þinginu þá, heldur hefði einungis sýnt alþjóð það, að við neituðum ekki með öllu löggjöf um málið, heldur krefðumst þess, að hún væri í anda verklýðsfélaganna, og ákvæði hefði verið sett, er gerði samþykkt Alþýðusambandsins nauðsynlega. Við hefðum þá ekki þurft að standa á því fastar en fótunum að vilja enga löggjöf, eins og hv. þm. ætlar, að vísu með óréttu, kommúnistana fyrir. En að loknum þessum inngangi talaði hv. þm. N.-Ísf. af miklum fjálgleik um, að við hefðum setið við sama borð og farið gegnum enn verri vinnulöggjöf en nú liggi fyrir þinginu, og hafi ég ekkert lagt til málanna, en hann gagnrýnt þetta frv. Vildi hann með þessu gefa í skyn, að ég hafi verið óðfúsastur alþýðuflokksmanna að fá vinnulöggjöf, og líklega hana sem versta, og þá víst af því, að ég hafi verið þeirra fastastur í tengslum við Framsfl. Staðreyndirnar hafa talað nokkuð öðruvísi, og verkalýðurinn mundi jafnvel í hinum fjarlægari stöðum, eins og Norður-Ísafjarðarsýslu, vera undrandi, ef þessu væri öllu ómótmælt. En það vill nú svo vel til, að ég hefi fundið skrifleg gögn, sem taka af öll tvímæli í þessum efnum, en það er uppkast að vinnulöggjafarfrumvarpinu eins og það var síðastliðið haust samið af þeim hv. 3. landsk. þm. og Guðm. Í. Guðmundssyni, lagt fyrir miðstjórn Alþfl. og þm. hans, og sýnir þá stefnu, sem flokkurinn tók í þessu máli. Uppkastið var að vísu ekki vandlega rætt, en þó farið lauslega gegnum tvo fyrri kafla þess, en ekki tvo þá síðari. Á þetta plagg hefi ég þar að auki ritað aths. minar, en ég minnist þess ekki, að hv. þm. N.-Ísf. hafi gert neinar aths. né get séð þess stað.

Hvernig er svo þessi löggjöf, sem hv. þm. vitnar til? — Þar er skemmst frá að segja, að þetta uppkast með aths. mínum er í nálega öllum ágreiningsatriðum, sem gerð hafa verið við frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, frábrugðið því, en eins og brtt. þær, sem ég hefi gert, og allt annað og betra en frv. það, sem hv. þm. N.-Ísf. ver öllum lífs og sálarkröftum til að verja. Svo að þessi ásökun hans á hendur mér verður að hinu sárasta vopni á hann sjálfan og fylgilið hans og sýnir það eitt, hversu gersamlega rökþrota hann er orðinn. Vil ég nefna nokkur dæmi til samanburðar úr uppkasti Alþýðuflokksins á móts við núverandi frv., sem hv. þm. ver.

Í 4. gr. uppkastsins eru ákvæði um, að styrktar- og menningarsjóðir félaganna og sambands þeirra séu undanskildir öllum skuldbindingum þeirra, ekki einungis sektum, heldur líka gjaldþroti, og er það ólíkt lengra gengið en nú í samþykktri brtt.

Í 5. gr. uppkastsins er harðar tekið en í frv. á afskiptum atvinnurekenda af stjórnmálaskoðunum og verklýðsmálaafskiptum verkamanna, bannaðar allar ógnanir og gyllingar, en aths. hefi ég gert um frekari tryggingar í því efni.

Í 10. gr. uppkastsins, sem hefir verið niður felld í frv., er skylda til, ef þess er krafizt, að fella úr gildi samning, ef verulega raskast hlutfall

milli framfærslukostnaðar og vinnulauna eða gengisbreytingar koma, en sleppt með öllu framleiðslukostnaði, sem síðar var settur inn í frv. mþn. og var því þessi grein mjög verulegur ávinningur.

Þá eru sérstakar 11. og 12. gr. í uppkastinu, sem nú eru algerlega horfnar, og gefa þær kauptaxta verkalýðsfélaga sama gildi sem samningi, ef honum er ekki í tíma mótmælt af atvinnurekanda — einmitt það, sem krafizt hefir verið af verklýðsfélögunum —, og eru ýtarleg ákvæði um þetta.

Skipun trúnaðarmanna nær í uppkastinu lengra en í frv., t. d. í verzlunum og skrifstofum. Þá eru í uppkastinu þessi ákvæði til að tryggja afstöðu trúnaðarmanna: „Uppsögn eða önnur breyting á kjörum trúnaðarmanns, honum verulega í óhag, af hálfu atvinnurekanda, skal ætíð skoðuð sem risin af störfum hans sem trúnaðarmanns fyrir félag sitt, nema atvinnurekandi færi fullar sannanir fyrir öðru". En þetta vantaði algerlega í frv. og er ekki fyllilega tryggt einu sinni með brtt., sem nú er nýbúið að samþ.

Í 19. gr. uppkastsins er talað um, hvenær heimilt skuli að samþ. verkföll, og aðeins þessi þrjú skilyrði sett:

a) á löglega boðuðum félagsfundi, þar sem minnst 20% atkvæðisbærra félagsmanna eru mættir.

b) við almenna skriflega atkvæðagreiðslu utan fundar, og hafi hún staðið minnst þrjá daga.

c) af þeim, sem samkvæmt ákvæði í lögum viðkomandi félags hefir verið gefið umboð til þess að taka slíkar ákvarðanir.

Við þetta hefi ég gert þá aths., að auk ákvæðis í félagslögum ætti að taka gild umboð samkv. fundasamþykktum, og var það tekið til greina af þingflokknum. Með öðrum orðum: Í uppkastinu halda verklýðsfélögin sínum forna rétti til verkfallsákvarðana samkvæmt þessari grein, einmitt þeim rétti, sem flest verklýðsfélögin hafa krafizt að halda og ég hefi flutt brtt. um á þinginu. En þær brtt. hafa allar verið felldar og valdið tekið af félagsfundum og félagsstjórnum.

Þá koma nokkur öðruvísi ákvæði en í frv. um fyrirvara til rikissáttasemjara vegna verkfalla, sem ég hefi ekkert verulegt haft við að athuga nema hvað ég hefi gert aths. um, að skýr ákvæði þyrfti til þess að heimila skyndiverkföll, svipuð og ég bar fram brtt. um við 2 umr. Í uppkastinu er bann gegn pólitískum verkföllum, en linara en í frv. En ég hefi gert alvarlega aths. gegn því ákvæði.

Loks hefi ég borið fram samskonar brtt. og við 2. umr. um að útiloka verkfallsbrjóta, og hefir þingflokkurinn þá ekkert haft á móti henni, en nú hefir hún verið felld.

Ég hefi rakið þenna undirbúning málsins innan alþýðusamtakanna og í mþn. svo nákvæmlega vegna þess, að hann sýnir hvernig afstaða Alþfl. og einnig þingflokksins og mín sérstaklega var í þessu máli síðastl. haust, líka hv. þm. N.-Ísf., núverandi aðalverjandi frv. í þeirri mynd, sem það liggur fyrir. En þetta var áður en hægri menn Alþfl., hin svonefnda Skjaldborg, voru langt komnir með klofningsfyrirætlanir sínar fyrir síðasta sambandsþing. Það er af öllu þessu auðsætt, að uppkastið og frv. er tvennt ólíkt. Uppkastið, eða 1. og 2. kafli þess, var í aðalatriðum viðunandi lausn málsins frá sjónarmiði alþýðusamtakanna með þeim aths., sem gerðar voru við það. En frv. er alger svik og undanhald frá hinni fyrri stefnu, einmitt í þýðingarmestu atriðunum. Sést bezt á þessu, hvílikar ótrúlegar rangfærslur og blekkingar það eru hjá hv. þm. N.-Ísf. að vilja nugga mér upp úr frv. því, sem hann nú berst fyrir, með því að skýra frá, að ég hafi ekki gert aths. við gr. í fyrra uppkastinu, sem þar voru allt öðruvísi og þar að auki ekki endanlega frá gengið. En einmitt í þessu uppkasti eru flest þau ákvæði, sem ég vildi og vil koma inn í frv. það, sem er í þinginu nú. En hv. þm. N.-Ísf. er hinsvegar orðinn svo samdauna þeim hugsunarhætti, sem ráðið hefir hjá stærri atvinnurekendunum í þessum málum, að hann telur ákvæði uppkastsins, sem breytt hefir verið, ýmist lítils virði eða til hins verra, að 2—3 till. undanteknum, sem sumir innan þingflokks Alþfl. hafa þó líka greitt atkvæði á móti. Þeir, sem snúizt hafa gegn Alþfl. í þessu máli og sjálfum sér eins og þeir voru síðastl. haust, eru einmitt þeir hv. þm. Vilmundur Jónsson & Co. Þegar borið er saman uppkastið og frv. og síðan athuguð hin mikla leynd, sem höfð var um útsendingu frv. til verklýðsfélaga, en að engar frekari umræður voru leyfðar um uppkastið né breytingarnar á því bornar undir sambandsþing, að send voru jafnvel út fölsuð meðmæli með frv. í nafni Alþýðusambandsins, — þá fyrst verða ljós þau svik, sem hafa átt sér stað við verkalýðssamtökin og Alþfl. og stefnu hans af hálfu örfárra forustumanna flokksins, þau launráð, sem brugguð voru til þess að svíkjast aftan að verkalýðnum óafvitandi í þessu máli, — sú stórkostlega hægri sveifla, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir gert ásamt fyrrv. hæstv. ráðh., hv. þm. Seyðf., og þeim öðrum Skjaldborgarmönnum, sem sent hafa út ávarp til almennings um að koma sér til hjálpar til að verja aðstöðu þeirra í flokknum í þessum málum og öðrum.

Þeir, sem mig þekkja, vita vel, að enda þótt ég hafi ávallt óskað samstarfs við Framsfl. sem eina verandi aðalflokk sveitaalþýðunnar, þá hefir mér verið það ljósara en öðrum þm. Alþfl., að ákveðin landamæri væru, sem Alþfl. gæti ekki gengið yfir, né heldur gæti hann unnið með Framsfl., ef sá flokkur yrði íhaldsflokkur og vinstri menn Framsfl., sem eru velviljaðir vinstri stjórn og vinstri samvinnu, réðu ekki. Það er líka kunnugt innan Alþfl., að einmitt vinnulöggjöfin var mál, sem ég bjóst við, að yrði lagt hið mesta kapp á af hægri mönnum Framsfl. að útbúa þannig, að Alþfl. yrði að snúast gegn henni. Allt bæri að gera til að hindra þetta, en hinsvegar mætti Alþfl. aldrei svíkja verklýðsfélögin og grundvallarstefnu þeirra í þessum málum. En þetta síðarnefnda er einmitt það, sem gert hefir verið, og fyrst þegar hægrimenn Alþfl. höfðu ákveðið klofning flokksins, gengu þeir að því að breyta uppkastinu og berjast fyrir vinnulöggjöf, sem verklýðsfélögin vildu ekki hafa.

Lýsingar hv. þm. N.-Ísf. á því, að ég hafi gengið yfir til kommúnista í málinu, hitta því ekki mig, sem hefi haldið mér á óbreyttum grundvelli Alþfl. frá síðastl. hausti. Og afstaða verklýðsfélaganna flestra og einmitt þeirra, sem bezt hafa getað kynnt sér málin, er líka óbreytt hin sama. En það er afstaða Skjaldborgarinnar, sem hefir breytzt með klofningnum. Þeir hafa gengið andstæðingunum á vald, og nú berst hv. þm. N.-Ísf. undir þeirra merkjum í hinum sameiginlega her sjálfstæðismanna, Framsfl. og Bændafl.

Hitt er annað mál, að ég, sem ekki er kommúnisti né verð það, hefi þá sannfæringu ásamt þúsundum annara alþýðuflokksmanna, að við getum rúmazt í sameiginlegum, sósialistiskum flokki, eins og hér var fyrir 1930 og fyrir var um allan heim, og sjálfsagt verður í öllum löndum í framtíðinni, jafnvel þó að það eigi að kosta það, að nokkrir vel gefnir og vel metnir embættismenn láti draga sig út úr slíkum hreinsósialistiskum flokki, eins og á sínum tíma varð, er norski verkamannaflokkurinn var í sköpun.

Nú hefir í dag fengizt nokkur bót ráðin á tveim gr. vinnulöggjafarfrv., — um trúnaðarmennina, þannig að þeir skuli að öðru jöfnu sitja fyrir vinnu, — og að fundahús, menningar- og sjúkrasjóðir séu undanþegin aðför, en þó ekki aðrir styrktarsjóðir né líknarstofnanir félaganna, og greiddi hv. þm. N.-Ísf. og þeir félagar ekki atkv. með till. frá mér þess efnis að undanþiggja alla styrktarsjóði. Vill hv. þm. N.-Ísf. þakka sér þessar lagfæringar, sem þó ná á þessum einum sviðum alls ekki uppkastinu, — en á engan hátt þakka þær mér né verklýðsfélögunum, sem mótmælt hafa hinum ýmsu kúgunarákvæðum frv. — og vill til taka, að ég hafi ekki tekið aftur samskonar till. mínar við 2. umr., svo að hann gæti brætt þær til 3. umr. En allar brtt. mínar höfðu verið opinberlega birtar fyrir 1½ mánuði, og var því nægur tími til bræðslunnar, en áhugi Skjaldborgarinnar er ekki meiri en þetta, að þeir greiddu aðeins fáum af þeim atkvæði — og þó ekki allir, t. d. ekki hv. þm. V.-Ísf. En svo, þegar útvarpið á að koma til sögunnar með umræður um málið, þá geta þeir ekki aðeins með samþykki Framsóknar, heldur líka án nokkurrar mótstöðu frá Sjálfstfl., fengið þessar tvær till. samþykktar algerlega fyrirhafnarlaust. Ef viljinn hefði verið að halda frv. eins og uppkastinu, sem Alþfl. hafði síðastl. haust, ásamt aths., þá mundi frv. hafa litið öðruvísi út en nú. En því miður: Viljann hefir vantað, — eins og allur gangur málsins og atkvæðagreiðslur hafa sýnt.

Hv. þm., HG og VJ, leggja sig í framkróka til að sýna fram á, að þingflokkur þeirra sé hinn eini rétti Alþýðuflokkur — og í rauninni sé enginn klofningur í alþýðuhreyfingunni, aðeins einn maður, HV, hafi verið rekinn úr flokknum, vegna þess að hann hafi verið genginn yfir til kommúnista, en annars séu alþýðusamtökin ánægð undir stjórn „Skjaldborgarinnar". Þessar útlistanir og afsakanir geta ef til vill villt einhverja kjósendur þeirra í fámenninu úti um land, en hér í Reykjavík og nágrenni og víðar verka þær nánast hlægilega, og þá ekki sízt eftir daginn í gær, 1. maí. Menn skyldu halda eftir því, hvernig hv. þm. N.-Ísf. talar um þessi mál, að hann sé allra manna nákunnugastur innanflokksstarfinu og sérstaklega innan verklýðssamtakanna, að hann verji öllum tómstundum sínum til slíkra starfa og þekki, a. m. k. í Reykjavík, verkafólk hundruðum saman og hafi við það náið samband og við hið starfandi áhugalið samtakanna, sem aðallega hefir verið innan Jafnaðarmannafélags Reykjavíkur. Á kvöldin hafi ég sótt hann heim móður og þreyttur og ofurliði borinn af Dagsbrúnarfundum, og hann hafi lagt á ráðin, talað í mig kjark og bjargað öllu saman! Sér er nú hvert yfirlæti og oftrúin á sjálfan sig. Hann er vel gefinn maður og þrátt fyrir þessi ræðuhöld lengst til vinstri handar af hægrimönnum Alþfl. En mjög pólitiskur er hann ekki né áhugasamur um þessi mál. Þau mál, sem hann getur sett himin og jörð í hreyfingu fyrir, eru mál eins og dósentsmálið, sem flestum alþýðuflokksmönnum fannst ómerkilegt og lítið leggjandi í sölur fyrir, — það að grafa Sigurð Einarsson í starfi, sem ekki er við hans hæfi, en frekar fyrir hans fordild. Ég efast heldur ekkert um, að hv. þm. N.-Ísf. hafi reynzt mjög liðtækur fyrir Guðmund Hagalín í því að útvega honum prófessorsnafnbótina, þó að hv. þm. Seyðf. hafi áorkað mestu í því stórmáli, sem gerði Guðmund á þrem dögum úr svo áköfum sameiningarmanni við kommúnista, að ég hafði orðið að gera það, sem ég gat til að halda honum í röðum okkar hinna sameiningarmannanna, að hirðskáldi og útfararskáldi Skjaldborgarinnar og ákveðnum liðsmanni klofningsmanna. En hitt vita flestir reyndir flokksmenn, að það er ekki nema með ærnustu fyrirhöfn, að við miðstjórn Alþfl. höfum fengið hv. þm. N.-Ísf. til að ljá tíma sinn í framboð. Að öðrum flokksstörfum en þingmennsku hefir hann yfirleitt ekki komið og margoft harðneitað að vinna slík nauðsynleg utanþingsstörf. Hann kemur aldrei á neina fundi, hvorki verkamannafundi né aðra, og þekkir ekkert af áhugaliði alþýðuhreyfingarinnar, ekkert nema Skjaldborgina. Hann er ekki í neinu flokksfélagi, — er yfirleitt alls ekki í Alþýðuflokknum, heldur aðeins í þingflokki Alþýðuflokksins. Og þetta er maðurinn, sem er frsm. hægri mannanna fyrir vinnulöggjöfinni og flytur skýrslur um, að andstaðan innan alþýðusamtakanna í Reykjavík sé lítils virði og eingöngu frá kommúnistum eða nazistum og sjálfstæðismönnum, þó að öllum sé kunnugt, að sjálfstæðismenn eru með honum um þetta frv. Og allt þetta flytur hann með látæði og orðbragði þess eina manns, sem kynnt hefir sér þetta frá rótum. Hann vill svo sem sannfæra hlustendur um, að allir þeir, sem ekki mæta á Dagsbrúnarfundum, séu fylgjendur þingflokks Alþfl., Skjaldborgarinnar. Þeir, sem mæta þeim megin frá, hafa aldrei orðið yfir 40%, þrátt fyrir undirbúningsfundi og smalamennsku hv. þm. Seyðf., á móti hundruðum alþýðuflokksmanna, sem fyrirlíta allt þetta brugg og klofningsstarfsemi Skjaldborgarinnar. Og hv. þm. N.-Ísf. veit svo sem líka, að flest öll verklýðsfélögin í Reykja-

vík eru aðeins smáfélög, stofnuð af andstæðingum Alþfl. til að kljúfa hann.

Jæja, hvar er þá Alþfl., ef þeir menn fylla hann ekki, sem í verklýðsfélögunum starfa? — Sá Alþfl., sem ég tilheyri og hefi tilheyrt, er hér óbreyttur og hefir ekki minnkað frá síðastl. hausti, heldur vaxið. En Alþýðuþingflokkurinn, Skjaldborgin, hún er ekki að ráði innan verklýðssamtakanna hér um slóðir. Fylgi hennar hlýtur að vera þar, sem það sést ekki. En hv. þm. N.-Ísf. vonast til að geta fengið alþýðufólkið á Vestfjörðum til þess að taka dýrð Skjaldborgarinnar trúarinnar augum og steypa okkur sósialistunum í Alþfl. út í hin yztu myrkur. 1. maí, gærdagurinn, sýndi fylgi Skjaldborgarinnar annarsvegar og verklýðsfélaganna, Alþfl. og Kommfl. í Reykjavík hinsvegar. Í hópgöngu Skjaldborgarinnar út í kirkjugarð voru taldir 260 menn með börnum, en í kröfugöngu alþýðusamtakanna voru milli 1800 og 2200 menns, eftir því hvar talið var, og miklu fleiri á útifundinum. En hv. þm. N.-Ísf. heldur auðvitað áfram: Við eigum þá, sem hvergi sáust, auk hópgöngunnar. — Ef hann sæi sjálfur, hve hlægilegur hann er, syngjandi í þessari tóntegund, þá mundi hann hætta. En þá, sem guðirnir vilja tortíma, svipta þeir líka vitinu.

Hv. þm. N.-Ísf. hefir talað um foringja, sem yfirgefi alþýðuna og gangi yfir til andstæðinganna, og telur þá brtt. við frv. fjandsamlega við Alþfl., að allir meðlimir verklýðsfélaga skuli hafa kjörgengi í trúnaðarstöður þeirra og stéttarsambands þeirra. En mér er spurn: Hverjir hafa stofnað Alþfl. nema verklýðsfélögin í landinu? Og til hvers gerðu þau það, nema til að hafa pólitískt tæki til að koma fram kröfum sínum. Fyrst eftir 1930, er klofningur varð milli Alþfl. og Kommfl., var nauðsynlegt að fá biðtíma til þess að skilja Alþfl. frá Alþýðusambandinu. Því voru sett þau ákvæði um kjörgengi til alþýðusambandsþings, að menn yrðu að vera alþýðuflokksmenn. En nú er tíminn kominn til að leysa upp þetta ákvæði, því að nú er það orðið bæði til skemmda og klofnings fyrir verkalýðshreyfinguna í heild og fyrir Alþfl. sem hennar flokk. Vegna þessa ákvæðis hefir allt ákvörðunarvald um stefnu flokksins og framkvæmdir einangrazt hjá flokksstjórninni. En með þessu aukna pólitíska valdi hennar hefir yfirstjórn verklýðsstarfseminnar verið vanrækt, pólitíska starfið farið meira og meira yfir í fárra manna hrossakaup, en sambandið slitnað við alþýðuna í sambandsfélögunum, *verkalýðinn og sósialistana. Og nú vill sá meiri* hluti sambandsstjórnar ásamt nokkurri hirð „skjaldborgarinnar" svo nefndu, sem hefir hreiðrað sig innst í alþýðusamtökunum, — nú vill hann kljúfa sem mest milli þinga og útiloka með úrskurðum og bannfæringu þá sósialista og alþýðuflokksmenn, sem vilja hafa Alþfl. fyrst og fremst baráttutæki fyrir alþýðuna sjálfa. Nú vill „Skjaldborgin" leggja öll tæki flokksins og verklýðssamtakanna undir sína stjórn, sem ekki getur endurnýjast nema innan að.

Til þess að bjarga þessu þarf að aðskilja verklýðssamtökin, landssamband þeirra og faglega starfsemi þessarar aðilja að skipulagi til frá hinni pólitísku starfsemi Alþfl., þó að hann að sjálfsögðu verði að halda sinu sérstaka nána samstarfi við verklýðssamtökin. Til landssambandsins eiga allir að hafa fullt kjörgengi og kosningarrétt, en til pólitíska flokksins eiga einungis flokksmenn að hafa kjörgengi og kosningarrétt. Þá er náð takmarkinu fyrir lýðræði innan verklýðssamtakanna og Alþfl., sem ekki er síður nauðsynlegt en utan þeirra, en „Skjaldborgin" og hv. þm. N.-Ísf. með allar sínar varajátningar berst eindregið á móti heima fyrir.

Ég gæti farið út í enn frekari lýsingu á því, hvernig klofningsstarfsemi hægri mannanna, sem geta ekki lengur talizt tilheyrendur Alþfl. í landinu, þó að þeir eigi þingflokk hans, hefir breytt hugarfari þeirra til verklýðssamtakanna í heild. Mætti nefna tilraunir hv. þm. Seyðf. til klofnings á Dagsbrún og afskipti hans af uppsögn samnings þvottakvennafélagsins Freyju, afskipti Guðmundar R. Oddssonar forstjóra Alþýðubrauðgerðarinnar af málum Alþýðusambandsins og Iðju nú upp á síðkastið, framkomuna í sjómannadeilunni o. s. frv. En til þess er ekki tími, en nóg að nefna til að sýna, hvaða menn það eru, sem fyrir skömmu hafa talizt foringjar alþýðunnar í landinu, en nú berjast gegn henni.

Í þessum deilum á hv. þm. N.-Ísf. heldur engan þátt frekar en öðrum verklýðsmálum. Hann lætur sér nægja að vera sérfræðingurinn, þegar á þing er komið, og flytja síðan verkalýðnum vestfirzka, sem hann hefir verið mjög vel kynntur að maklegleikum hjá, allar fréttirnar úr Reykjavík, málaðar upp í heimahúsum, og kveðju guðs og sína. En ég vil hinsvegar flytja verkalýðnum um land allt kveðju reykvísku alþýðunnar, þúsundanna frá kröfugöngu alþýðusamtakanna og útifundunum í gær, sem vænta þess, að íslenzka alþýðan standi fast saman um samtök sín gegn árás löggjafar og atvinnurekenda gegn klofningsmönnunum, sem vilja að innan, úr sambandsstjórn, kljúfa þau og ræna skipulagi og tækjum þeirra yfir til borgaralegra flokka á rólegan og öruggan stað.

Við þurfum ekki að bera kvíðboga fyrir afdrifum okkar gömlu vina eftir þessa orðahríð. Þeir eru allir óhultir og hafa fengið sín laun „hinumegin", þ. e. a. s. hjá borgaralegu flokkunum, eftir sína virðingarverðu en árangurslausu tilraun til að stöðva sameiningar-„æfintýri" alþýðunnar á Íslandi. Góða nótt.

Forseti (JakM): *Þá er fyrstu umferð lokið,* og hefst nú önnur umferð, og tala þá flokkarnir í þessari röð: Sjálfstfl., Kommfl., Framsfl., Bændafl. og síðast Alþfl. Nú tekur til máls hv. þm. A.-Húnv., Jón Pálmason, og talar f. h. Sjálfstfl.

***Jón Pálmason:** Háttvirtu tilheyrendur fjær og nær! Ég skal fyrst geta þess, að þegar hæstv. forsrh. var að slá um sig með spádómum um það, hvernig hér væri ástatt, ef sjálfstæðismenn hefðu ráðið, þá er það furðulega fávíslegt, því að þar talar hann um það, sem hann veit ekkert um, því við höfum verið minnihlutaflokkur

í bráðum 11 ár og því ekki getað ráðið í fjármálum þjóðarinnar eða á Alþ.

Á síðasta eldhúsdegi hér á Alþ. sýndi ég fram á það með glöggum dæmum, hvernig fjármálastjórnin hefir verið hér á landi að undanförnu, hvernig skuldir og rekstrarhalli framleiðslunnar hefir farið vaxandi og hvernig allur rekstrarkostnaður í ríkisstarfseminni hefir blásið út ár frá ári. Nú skal ég sýna fram á, hvaða máli síðustu þekktar staðreyndir tala um þetta efni og draga dæmin mest frá síðasta ári, 1937.

Í byrjun þessa þings, þegar hæstv. fjmrh. lagði fjárl.frv. fram, lét hann vel af afkomu síðasta árs, eins og venjulega, og gat þess m. a., að skuldir ríkisins hefðu minnkað á árinu um 1 millj. kr.

Þetta lét vel í eyrum, en það var ekki rétt nema að forminu til, því að jafnframt því, sem borgað hafði verið af föstum lánum, hafa skuldir ríkisstofnananna vaxið þeim mun meira, því að eftir því, sem næst verður komizt, voru þær skuldir ríkisstofnana, sem ekki eru taldar með skuldum ríkisins á áramótum, 4½ millj. kr., þar af voru ósamningsbundnar vanskilaskuldir 1. febr. rúml. 1½ millj. kr., og í jan. hafði verið samið um 400 þús. kr. af skuldum tóbakseinkasölunnar. Auk þess voru vanskilaskuldir pósts og síma rúm 400 þús., en það virðist talið með ríkisskuldum. Við áramótin næstu á undan voru skuldir ríkisstofnana ekki taldar með ríkisskuldum, um 1600 þús. kr., svo að þessar skuldir virðast hafa aukizt á árinu um 2,9 millj. kr., en þar í er eitt fast lán, til stækkunar á útvarpsstöðinni, 747 þús. kr. Að öðru leyti er þessi skuldaaukning þannig til komin, að mikið af þeim vörum, sem ríkisstofnanirnar hafa flutt inn, hafa þær ekki getað greitt vegna gjaldeyrisskorts. Svo langt er komið t. d. með tóbakseinkasöluna, að hún skuldar meira erlendis en nemur öllum ársinnflutningnum. Það er nú náttúrlega ekki gott, að samningsbundnar skuldir ríkisins séu miklar og vaxi, en hitt er þó hálfu verra, að hinar og þessar stofnanir, sem ríkið á og rekur, skuldi hingað og þangað úti um öll lönd háar upphæðir fyrir raftæki, bíla, tóbak, brennivín, útvarpstæki o. fl. En skuldaaukningin erlendis frá viðskiptum síðastl. árs er meiri en þær 2,9 millj., sem ég hefi nú nefnt, því að nýlega upplýsti hv. þm. Vestm. hér á Alþ., að skuldir 60 innflytjenda, sem gefið höfðu skýrslu, hefðu á árinu vaxið um 2,3 millj. kr., og auk þess eru háar upphæðir þar fyrir utan, sem aðrir skulda, svo skuldaaukningin frá viðskiptum síðasta árs er ekki undir 6 millj. kr., þrátt fyrir allt gumið um góðan verzlunarjöfnuð.

Eins og hv. þm. Snæf. gat um hér í kvöld, er ástandið með erlend viðskipti nú verra en nokkru sinni fyrr, enda engin furða, þegar svo er ástatt, sem ég hefi nú lýst. Þetta sannar það, sem vænta mátti, að innflutningshöft koma ekki að því haldi, sem til hefir verið ætlazt, þegar ár eftir ár er með erlendu lánsfé haldið uppi falskri kaupgetu hjá nokkrum hluta þjóðarinnar, en það kalla ég falska kaupgetu, sem er í fullu ósamræmi við kaupgetu þjóðarheildarinnar út á við og í fullu ósamræmi við fjárhagsmátt framleiðslunnar og alls almennings í landinu.

Á þessu þingi, eins og undanfarið, hefir fjvn. lagt í það mikla vinnu að kynna sér ríkisrekstrinn og allar þær kröfur, sem til þingsins berast. Menn undrast að vonum, að af þessu skuli ekki leiða viðtækar till. um niðurskurð á fjárl., en til þess liggja tvær aðalástæður. Sú fyrst, að allar ónauðsynlegustu greiðslur ríkisins eru föstum samningum bundnar milli stjórnarflokkanna, og till. og frv. frá sjálfstæðismönnum um niðurfellingu þeirra myndu aðeins leiða af sér rifrildi, meiri tímaeyðslu og lengra þing ár eftir ár. — Hin ástæðan er sú, að þm. horfast ár eftir ár í augu við þá aðferð ríkisstj., að taka fjárl. alls ekki til greina í framkvæmdinni nema á vissum sviðum. Verður slíkt eðlilega til að lama viðleitni þm. af öllum flokkum í því að leggja sig fram um nauðsynlegar endurbætur. Fjárl. eru árlega ljót og ákveða miklu hærri fjárframlög en þjóðin er fær um, en reynslan hjá hæstv. stj. er þó fjárl. miklu verri. Hæstv. fjmrh. hefir ár eftir ár þverbrotið það loforð, sem hann alloft hefir hrópað út til þjóðarinnar, að fylgja fjárl., og skal ég færa að því nokkru frekari rök en hv. þm. Snæf. gerði áðan. Árið 1937 segir hæstv. fjmrh., að ríkisgjöldin hafi farið 2,3 millj. fram úr áætlun fjárl., og er það allrífleg upphæð. En það er meira blóð í kúnni, því að þar til viðbótar hafa gjöld ríkisstofnananna orðið miklu hærri en fjárl. ákveða. Þannig hafa gjöldin hjá pósti og síma farið fram úr áætlun um 383 þús. kr., hjá útvarpi, tóbakseinkasölu og Áfengisverzlun 65 þús. kr., eða samtals 448 þús. kr. Hvað gjöldin hjá öðrum stofnunum hafa orðið hærri en heimildir, er ekki unnt að sjá til hlítar, af því að þær eru ekki færðar upp í fjárl. Þó er ljóst, að hjá viðtækjaverzluninni, landssmiðjunni, bifreiðaeinkasölunni og raftækjaeinkasölunni hefir verið greitt samtals rúml. 48 þús. kr. í laun um fram það, sem ákveðið er í starfsmannaskrá ríkisins. Það liggur því fyrir, að hjá stofnunum ríkisins hefir verið eytt til gjalda nærri ½ millj. kr umfram það, sem fjárl. ársins 1937 heimila. En þetta kemur ekki fram í skýrslu hæstv. fjmrh. og er hulið almenningi, því að reikningsfyrirkomulagið er þannig, að tekjurnar samkv. 3. gr. fjárl. eru 500 þús. kr. minni en ella mundi. Umframgreiðslurnar 1397 eru því ½ millj. kr. hærri a. m. k. en hæstv. fjmrh. gaf upp. Í allri upphæðinni, 2,8 millj., eru að vísu allstórir póstar, sem greiddir eru eftir öðrum l. en fjárl., svo sem til pestarinnar o. fl., og auk þess er alltaf eitthvað, sem fer fram úr áætlun og er óviðráðanlegt, en þrátt fyrir það er eyðslan hóflaus, sem þarna kemur í ljós.

Eins og kunnugt er, fer hæst upphæð af gjöldum ríkisins og stofnana þess í laun allskonar, og þær fjárhæðir fara ört vaxandi ár frá ári. Síðan byrjað var að setja af fjvn. starfsmannaskrá ríkisins, hefir ætlunin verið sú, að ríkisstj. fylgdi skránni, a. m. k. þannig að greiða ekki hærra. Þetta hefir þó alltaf verið þverbrotið af hæstv. stj., og skal ég því til sönnunar sýna fram á, hvernig þetta hefir verið síðastl. ár. Ég hefi sem sé reynt að gera upp, hve

miklu munar á starfsmannaskrá og raunverulegri eyðslu í laun allskonar í allri ríkisstarfrækslunni. Alveg nákvæmt er þetta ekki, því að öll kurl koma þar ekki til grafar. Þar sem starfsmannaskrá og fjárl. ber ekki saman, hefi ég farið eftir fjárl. Niðurstaða þessarar rannsóknar er sú, að í laun hefir tekizt að eyða árið 1937 722680 kr. samtals umfram það, sem heimilað er í fjárl. Svo einstök hefir eyðslan verið á árinu 1937, jafnhliða því, sem framleiðsla landsmanna til sjávar og sveita er rekin með stórum halla.

Ég gat þess í vetur, þegar ég gerði grein fyrir fjármálastjórninni í útvarpinu, að ég tæki þá stofnun sem sýnishorn, enda kvartaði Jónas útvarpsstjóri undan því, að ég skyldi vera að finna að hjá honum einum. Ég ætla ekki að tala um útvarpið sérstaklega nú, en staðfesta þau ummæli útvarpsstjórans, að það er víðar ófagurt um að litast. Það getið þið öll líka gert ykkur hugmynd um af því, að slík undur hafa skeð, að á einu ári er eytt í laun 722 þús. kr. umfram fjárl.

Ég skal þá fyrst minnast á þá stofnun, sem stendur hæstv. ráðh. næst, stjórnarráðið. Þar hefir verið greitt í starfslaun árið 1937 45439 kr. umfram fjárlagaáætlun. Það er vel að verið, enda koma þar fram ýmsir furðulegir póstar. Í þessu er t. d. upphæð, sem heitir launabót, samtals 24233 kr., og fyrir aukavinnu 5415 kr. Undir annan kostnað er fært kr. 11429, sem eru laun til ýmsra manna. T. d. eru 2500 kr. til Ólafs Friðrikssonar, þótt ekki sé vitað, að hann hafi starfað neitt í stjórnarráðinu. 2750 kr. til Guðmundar Péturssonar símritara. 970 kr. til Einars Magnússonar fyrir að þýða dósentsritgerðirnar frægu. Og margt fleira. Bóndi norðan úr Skagafirði, Gísli í Eyhildarholti, fær þar 300 kr. o. s. frv. Þegar það er borið saman við fyrri ár, hvað fer í laun og annan kostnað í stjórnarráðinu auk ráðherralaunanna, má geta t. d. þess, að árið 1928 var allur kostnaður við stjórnarráðið, auk ráðherralauna, tæp 127 þús. kr., en 1937 er þessi kostnaður fullar 200 þús. Um 73 þús. kr. hefir þessi liður hækkað síðan 1928.

Hjá póststjórninni hér í Reykjavík hefir kostnaðurinn aukizt allriflega síðustu árin, og þykir mér rétt að geta um það. Árið 1937 fóru launagreiðslur aðeins í pósthúsinu í Reykjavík og póststjórnarskrifstofunni um 52905 kr. fram úr heimild fjárl. Síðan 1930 hafa launin í pósthúsinu í Reykjavík hækkað um 65 þús. kr., en á sama tíma hafa launin á öllum öðrum póstafgreiðslum og bréfhirðingum í landinu hækkað um ein 4 þús. Að hækka laun á einu ári án fjárlagaheimildar í ekki stærri stofnun en pósthúsinu og póstmálaskrifstofunni hér í Reykjavík um nærri 53 þús. kr., hygg ég, að sé nokkuð einstakt stjórnarfar; og þetta er því ljótara, sem lengra er skyggnzt undir yfirborðið, því að á sama tíma sem mest hækkun hefir orðið á launum hjá póststjórninni, hafa tekjurnar minnkað og einn fyrirhafnarmesti þáttur starfseminnar næstum horfið út úr vegna haftanna, en það er erlendur bögglapóstur. Nettohagur ríkisins af póstmálastarfseminni hefir líka minnkað úr 182 þús. kr. 1933 í 24 þús. kr. 1937. En 1937 er greitt í eftirvinnu, aukalaun og frímerkjauppbót hjá póststjórninni hér hvorki meira né minna en 66800 kr., þar af fyrir eftirvinnu og aukavinnu 40 þús. kr. Eitt dæmi um stjórnina að öðru leyti á þessum stað er, að póstmeistari hefir að undanförnu haft á kostnað póstmálanna dýran luxusbíl, einn þann finasta í bænum, og að mestu til eigin þarfa. 1936 var kostnaðurinn við hann 3215 kr., en 1937 3364, og þá voru höfð bílakaup og gefið í milli 1800 kr., svo að kostnaðurinn 1937 varð um 5164 kr.

Það hefir á þessu sviði, sem mörgum öðrum, komið í ljós, hver áhrif það hefir að skipta um menn, og margt leyfir hæstv. stj. góðum flokksmönnum. Hjá landssímanum hafa launin farið fram úr ákvörðun Alþ. á árinu 1937 um 92800 kr., en þar með eru allar I. flokksstöðvar í landinu. Þetta er nú óneitanlega allríflegt, þó að það komist ekki neitt í námunda við póstinn.

En svona gæti ég haldið áfram að telja upp stofnun eftir stofnun, því að þær eru tiltölulega fáar hjá hæstv. stj., sem í launagreiðslum hafa haldið sig við starfsmannaskrá og fjárl. ríkisins. Þrátt fyrir allt þetta fer það ekki dult, að ýmsir stjórnarliðarnir hér á þingi telja á því mikla nauðsyn að hækka launin hjá starfsmönnum ríkisins. T. d. hélt hv. 1. þm. Skagf. mikla ræðu hér við 2. umr. fjárl. um það, hvílík ósvífni og lýðskrum það væri af mér, sem er bara fátækur bóndi, að heimta lækkun á launagreiðslum ríkisins. Það hefir líka tekizt að fá hæstv. fjmrh. til að hækka laun menntaskólakennara um 15 þús. kr. aðeins með fjárlagaákvæði, og þannig eru góðar líkur til, að áfram haldi. — Hvernig háttað er launagreiðslum og aukagreiðslum hjá ýmsum gæðingum stj., er mál, sem er næstum ótæmandi, og sleppi ég því að sinni. Ef til vill gefst færi á að drepa á fáein atriði, áður en þessum umr. lýkur, ef tilefni gefst til.

En það er fleira en laun, sem stofnanir ríkisins eyða að óþörfu í, og mætti margt til tína. Það má t. d. nefna það, að 5 stofnanir hafa 1937 borgað til tækifærisgjafa 5694 kr. Þá hafa 5 stofnanir, raftækjasalan, landssmiðjan, útvarpið, ríkisprentsmiðjan og tóbakseinkasalan greitt fyrir skemmtiferðir starfsmanna 4060 kr., og til risnu hafa 6 stofnanir greitt 5429 kr. Mætti þar og víðar nefna ýmsa furðulega liði. Þetta eru þó smámunir einir hjá öllu því óhemjufé, sem borgað hefir verið í aukalaun allskonar og ég hefi drepið nokkuð á.

Þá skal ég fara fáeinum orðum um annan þátt svipaðrar tegundar í óstjórn landsins, en það er öll kaupskrúfupólitíkin og öfgarnar á því sviði, sem þróazt hafa undir handarjaðri stj. og náð heltaki á öllum atvinnurekstri landsmanna, beinlínis fyrir það, að ríkisstj. hefir átt líf sitt undir því, að vera nægilega taumlipur við Alþýðusamband Íslands. Það er kunnugt mál, að síðastl. 10 ár hefir aldrei verið gerður svo samningur um kaup og kjör, að ekki hafi verið aukin fríðindi og hækkað kaupgjald, hvernig sem á stendur, og vitanlega af áðurnefndum ástæðum. Hagur framleiðslunnar og

fjárhagsgeta landsins hefir á þessu sviði jafnt sem í launamálum alveg verið lagt til hliðar. Enn er þessi stefna í fullum gangi og verður áreiðanlega áfram, meðan sú stjórn situr, sem á líf sitt undir hinum svonefnda Alþfl. Afleiðingarnar eru nokkuð kunnar, en verða aldrei skýrðar til fulls. Ég skal nú taka tvö dæmi þessu til sönnunar, sitt úr hvorum aðalatvinnuvegi. Ég ætla ekki að draga fram myndirnar úr lífi okkar skuldugu og aðþrengdu bænda í dreifbýlinu, sem flesta er búið að dæma til einyrkjahokurs og fjárhagslegrar eymdar. Ekki heldur frá útgerðarmönnum, sem undantekningarlítið eru orðnir eignalausir og vonsviknir. Nei, ég skal taka dæmin þar, sem aðstaðan er bezt, úr rekstri sjálfrar hæstv. stj. Að gefnu tilefni skal ég fyrst víkja nokkru nánar að því, sem fulltrúi Bændafl. drap á, sem sé rekstur ríkisbúanna á Vífilsstöðum og Kleppi. Því fremur hefi ég ástæðu til að víkja að þessu, af því sá ræðumaður þekkti sýnilega ekki orsakir þeirrar útkomu, sem hann drap á og var sameiginlega sú árið 1937, að þótt engin leiga væri reiknuð eftir höfuðstólinn, lönd, hús, bústofn og áhöld, sem er að matsverði um 300 þús. kr. virði, þá er samt 6 þús. kr. halli á búrekstrinum. Þessi búskapur hefir lengst af gengið prýðilega, enda hafa búin verið heppin með bústjóra. Þó hefir gengið stórum betur á Vífilsstöðum, því að ríkið hefir lagt í það bú aðeins 26 þús. kr., en þar er nú höfuðstóll upp á 160 þús. kr. Hvernig stendur þá á þessari eindæma útkomu 1937 þarna, þar sem aðstaðan er bezt á landinu? Allur heyskapur tekinn á vélfæru túni og mjólkin keypt á 28 aura á staðnum. Þegar ég fór að athuga, hverju þetta gegndi, sá ég, að orsökin er ein, og hún er ekki of lítið mjólkurverð, heldur hin, að vorið 1936 var gerður vinnusamningur við verklýðsfélag hér í Reykjavík, sem raskaði öllum fyrri reglum. Þessum samningi var kúgað inn á ráðsmenn búanna, auðvitað að þeim nauðugum, af stjórnarnefnd ríkisspítalanna, undir forustu helzta launaráðunauts stj., hv. þm. N.-Ísf. Aðalatriðin eru svona: Karlmenn hafa 110 kr. á mánuði hálft árið og 100 kr. hálft árið; kvenmenn 75 kr. á mánuði hálft árið og 55 kr. hálft árið. Allt verkafólk hefir frítt fæði, húsnæði og öll vinnuföt. Vinnutími er 9½ tími á dag. Ef lengur er unnið, t. d. við heyþurrk, þá er yfirvinnukaup eða frí í vinnutíma næstu daga. Ef giftir menn búa utan heimilis, ber búunum að greiða þeim 100 kr. á mánuði fyrir fæði og húsnæði. Allt verkafólk fær hálfsmánaðar frí um hásláttinn með fullu kaupi og allt árið frí einn dag í viku, hvernig sem á stendur. T. d. verða bústjórarnir að kaupa annað fólk einn dag í viku allan veturinn til að annast búpeningshirðingu, og raskar það vitanlega öllum reglum um hirðingu, eins og gefur að skilja. Þessi samningur mun nú vera eins dæmi á landbúnaði a. m. k. á Norðurlöndum. Áður en hann var gerður, þurftu bústjórarnir árlega að neita fleiri tugum af fólki um vinnu, svo að þörf búanna var ekki til að dreifa. Eftir nánustu upplýsingum kostar samningur þessi t. d. Vífilsstaðabúið 5—6 þús. kr. á ári í beinum framlögum, en óbeina tjónið er miklu meira, eins og útkoman ber vott um. Þið skuluð nú, bændur góðir og aðrir landsmenn, sem fylgið stjórnarflokkunum við hverjar kosningar, hugleiða það, hvernig þetta dæmi gefur myndina af manndómi ykkar ríkisstj.

Hitt dæmið ætla ég að taka frá síldarverksmiðjum ríkisins, þeim fyrirtækjum, sem talin eru arðsamasti atvinnuvegur landsins eins og stóð síðastl. ár. Veiðin var fágætlega góð og verð á afurðum í bezta lagi. Um útkomuna höfum við glögga skýrslu frá öruggum liðsmanni Framsfl., Jóni Gunnarssyni framkvæmdarstjóra. Og hvernig varð svo niðurstaðan af rekstri þessara arðsömu fyrirtækja í bezta veiðiári, sem komið hefir? Þannig að rekstrarhallinn á öllum verksmiðjunum á árinu er að áliti framkvæmdarstjórans og meiri hl. verksmiðjustjórnarinnar 435 þús. kr. Þetta ódæma ástand er auðvitað að kenna óstjórn, sem eðlilega hlýtur að skrifast fyrst og fremst á reikning ríkisstj., sem setti óhæfa menn til stjórnar á þessum þýðingarmiklu fyrirtækjum. Annarsvegar hefir óstjórnin komið fram í misheppnuðum og rándýrum framkvæmdum, eins og stóru þrónni, og á þann hátt hefir óhemjufé verið á glæ kastað. Hinsvegar hafa launagreiðslur verið hóflausar. Framkvæmdarstjórinn fékk, eins og kunnugt er orðið, 12 þús. kr. árslaun, 4 þús. kr. launauppbót og 110 kr. á dag í ferðakostnað erlendis. Allir starfsmenn aðrir hafa verið launaðir á sosialistiskan mælikvarða, eins og við mátti búast, og til sönnunar því, að launin hafi ekki verið mjög skorin við neglur skal ég geta þess, að ég hefi hér í höndum skýrslu um launagreiðslur til allra fastráðinna starfsmanna verksmiðjanna á Siglufirði, að ársmönnum undanskildum. Þessir menn eru 165 að tölu og hafa fengið 22 kr. á dag að meðaltali allt vinnslutímabilið, 71 dag. Nú hafa stjórnarliðarnir í verksmiðjustjórninni samið um allverulega kauphækkun til þessara manna. Þó eru síldarafurðir nú fallnar í verði um nærri helming, og síðastl. ár vantaði 300 þús. kr. til, að verksmiðjurnar gætu greitt upp rekstrarlán sitt í Landsbankanum. Á síðasta þingi hjálpuðum við sjálfstæðismenn Framsfl. til að bjarga verksmiðjunum undan þeirri óstjórn, sem yfir þeim var, og flestir okkar munu hafa gert ráð fyrir, að ráðh. flokksins, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., myndu ekki óðfúsir óska eftir að semja á ný við sósialista um þetta eða annað, sem hangir saman eins og keðja, fyrst stjórnarsamvinnan rofnaði á annað borð. En sjón er sögu ríkari um það efni, og þegar hæstv. forsrh. er að tala um þetta ástand, þá slær hann mest sjálfan sig, því að undir hans stjórn, hefir þetta þróazt bezt.

Annars ætti það nú að vera ljóst öllum landslýð, að þessi tvö dæmi, sem ég hefi hér dregið fram frá landbúnaði og sjávarútvegi, þau sanna það betur en nokkuð annað, að ekkert land, engin aðstaða, engin góðæri, dugir til að þola slíka endemisóstjórn, sem lýsir sér í þessu og fleira. Ágætustu aðstöðu og eindæma góðæri er á arðsamasta sviði okkar framleiðslu snúið upp í ægilegan rekstrarhalla og tjón. Þrátt fyrir það er haldið áfram samvinnunni.

Sama stefna er boðuð áfram, enda vitað, að ekki er á miklu betra von. Það er nú ekki furða, þótt hinn smærri og arðminni atvinnurekstur á sviði landbúnaðar og útgerðar eigi örðugt uppdráttar, þegar svona gengur þar, sem aðstaðan er bezt, enda hafa öfgarnar alstaðar læst klónum í allan frjálsan atvinnurekstur og stefnt til eyðileggingar.

Nú er nýbúið að hækka kaup og auka fríðindi á siglingaflotanum hjá hásetum og vélstjórum. Kröfur liggja fyrir um hækkað kaup í vegavinnu og daglaunavinnu allskonar, og svo stöðva stýrimennirnir siglingaflotann út af kauphækkunarkröfum. Má búast við, eftir fenginni reynslu, að á öllum sviðum verði hækkað kaup, ella dregur Alþfl. hungurólina að hálsi ríkisstj. Stýrimannaverkfallið er sérstaklega ljóst dæmi um sanngirnina á þessu sviði og hvernig sú stefna og sá hugsunarháttur er, sem stjórnarflokkarnir hafa alið upp í landinu. Stýrimennirnir eru meðal bezt launuðu manna þjóðarinnar, með 5—10 þús. kr. launum auk ýmsra fríðinda. Þessir menn, sem hafa mun betri kjör en ríkar þjóðir í nágrannalöndunum veita samskonar stétt, láta spana sig til að heimta meira og hlaupa svo í land og stöðva allan flotann, þegar ekki er gengið strax að, og það einmitt þegar tæpast stendur hagur þjóðarinnar og alls almennings í landinu. Þarna er myndin af áhrifum þeirra pólitísku og félagslegu kenninga, sem stjórnarflokkarnir hafa á undanförnum árum dreift yfir landið.

Ég skal taka það fram, að það hefir komið glöggt í ljós að undanförnu, að nokkrir menn í þingliði Framsfl. eru algerlega andvígir ýmsu því, sem er og hefir verið að gerast. Þeim er farið að blöskra og taka fullkomlega undir það höfuðboðorð, sem stefna Sjálfstfl. grundvallast á, að allur atvinnurekstur verði að bera sig og svara vöxtum af þeim höfuðstóli, sem í honum stendur. En þessir menn og þessar skoðanir hafa reynzt vera í minni hluta meðal hv. framsóknarmanna, og þess vegna er samið við verkfallapostulana enn á ný og sama stefna í fjármálum og atvinnulífi þjóðarinnar boðuð áfram, hve lengi sem minni hl. þingflokksins og meiri hl. kjósendanna lætur það við gangast.

Ég get nú búizt við, að ýmsir, sem lítið fylgjast með alþjóðarmálum, undrist að mér skuli ofbjóða launagreiðslur og kaupgjald í landinu. Þessu er þannig varið, að það er svo tiltölulega fátt af öllu landsfólkinu, sem er á föstum launum eða í stöðugri atvinnu, að eftir því sem launin eru hærri og kaupið hærra, eftir því er ranglætið meira gagnvart öllum öðrum, sem hafa miklu verri aðstöðu og verri kjör.

Í launa- og kaupgjaldsmálum á að ráða tvennt: Hvað er ríkið og atvinnuvegirnir fært um að greiða og fyrir hvað er hægt að fá fólk til þeirra starfa, sem vinna þarf. Þetta hefir verið og er að engu haft, en haldið uppi launum og kaupgjaldi á kostnað framtíðarinnar með erlendu lánsfé. Nú sækja tugir og jafnvel hundruð manna um hverja launastöðu, sem vitað er um og auglýst er, og það er margvíslegum örðugleikum og oft pólitískum kröfum háð, að koma fólki í vegavinnu og aðra þá vinnu, sem hið opinbera lætur framkvæma. Því betri sem kjörin eru, því fleiri reyna að keppa um hnossið, því fleiri hverfa frá framleiðslunni, því meira verður atvinnuleysið og því breiðara djúpið milli lífskjara þeirra, sem út undan verða, þ. e. meiri hlutans, og hinna, sem hið opinbera veitir fríðindin. Þetta er óþolandi ástand, og þetta er að drepa allan sjálfstæðan atvinnurekstur í landinu og allar framtíðarvonir á því sviði.

Ef einhverjir undrast mína afstöðu til þessara mála, þá vil ég minna á, að ég er hér á Alþ. fulltrúi fátækra sveitamanna og atvinnulítilla og eignalausra verkamanna. Og ég verð að segja það, að því betur sem ég kynnist ástandinu, því meira rennur mér til rifja sá misrnunur, sem hið opinbera vald skapar á lífskjörum fólksins í landinu, og ekkert meira öfugmæli er til í okkar máli en jafnaðarmannaheiti þeirra manna, sem mesta eiga sökina.

Nú mundu náttúrlega allir óska, og ég manna frekast, að allt fólk ætti þeim kjörum að sæta, sem bezt eru, en fátækt og framleiðsluhættir okkar lands útiloka það. Þess vegna verður að krefjast einfaldari og jafnari lífskjara, og þessvegna verður að krefjast annarar stjórnarstefnu. Þessi þjóð hefir lengst lifað á því að notast sem mest við eigin framleiðslu. Því lengra sem frá því er horfið, því meira hallar undan fæti í menningu og sjálfstæði þjóðarinnar. Þá siglir skútan alltaf undan ólgandi straumi nautnagirni, kröfufrekju og ábyrgðarleysis.

*__Ísleifur Högnason__: Herra forseti, góðir hlustendur!

Ríkisstjórnin, sem fyrir 4 árum kallaði sig „stjórn hinna vinnandi stétta“, hefir nú í seinni tíð hætt að nefna sig því fallega nafni. Þó að það megi kallast virðingarvert, að ríkisstjórnin hefir látið af þeim ósið að skreyta sig með nafni, sem hún ekki getur borið með réttu, er það hryggilegt, að hún skuli á þann hátt hafa brugðizt óskum og vonum hins vinnandi fólks í bæ og byggð, að nú sæmdi henni betur nafnið „stjórn hinnar iðjulítlu yfirstéttar.“ Svo skýr og afdráttarlaus eru lagafrv. þau, sem Framsfl. flytur nú hér í þinginu og öll miða að því að þrengja að rétti og lífsskilyrðum hinna vinnandi stétta, að jafnvel hinar litskrúðugustu auglýsingar, sem fylgja þeim í grg. og meðmælum fim., fá ekki dulið innihald þeirra fyrir hverjum skynbærum manni. Svo langt ganga þau til móts við óskir hinna gömlu opinberu málflytjenda afturhaldsins, að þeir geta ekki dulið fögnuð sinn yfir flutningi þeirra, og yfirborðságreiningurinn, sem hinir svonefndu sjálfstæðismenn hafa belgt sig upp með í hverju máli, til þess að ósóminn af frv. lenti ekki á þeim, verður að gjalli og ösku, þegar til atkvgr. kemur, því að ef hægri foringjar Alþfl. ganga ekki með Framsókn í málum, tryggir íhaldið Framsókn það mikið fylgi við frv., að þau nái samþykki. Sem dæmi þessarar verkaskiptingar þingflokka borgaranna ætla ég að tilfæra lagafrv. það, sem nýbúið er að afgreiða frá hv. Nd. um fækkun siglingafróðra manna og vélgæzlumanna á is-

lenzkum skipum. Lögin um atvinnu við siglingar eru frá árinu 1936. Þá var álitið, að nauðsyn bæri til þess að fjölga stýrimönnum og vélgæzlumönnum á skipunum. Var tilgangurinn fyrst og fremst sá, að auka öryggi skipa og áhafna að öðrum þræði, og einnig til þess að veita sjómönnum í þessum starfsgreinum betri praktiska uppfræðslu og gera þá hæfari til þess að taka við ábyrgðarmeiri stöðum í skipstjórn og vélgæzlu. Gegn þessu frv. hafa komið fram hin kröftugustu mótmæli frá sjómönnum og farmönnum. Er það einróma álit þessara manna, að öryggi skipa sé aftur stefnt í voða, og sparnaðurinn við fækkun á þessu sviði sé lítill eða enginn. Skipstjóra og stýrimannafélag Reykjavíkur hefir skipað nefnd til að athuga frv., og er í nál. þeirrar nefndar færð fram mörg og ýtarleg rök fyrir skaðsemi frv. Og á hinn bóginn sýna nm. fram á, að sparnaðurinn er sama sem enginn fyrir útgerðarmenn. Telja þeir, að einmitt fyrir vöntun siglingafróðra manna hafi nokkur stórslys hér við land að öllum líkindum orsakazt, þar á meðal strand togarans Jóns forseta, sem er eitt hið hörmulegasta slys, sem hér hefir orðið. Það er blátt áfram hryllilegt ábyrgðarleysi, sem lýsir sér í því, að menn, sem þessum málum eru með öllu ókunnugir, skuli láta smámunalegan nirfilshátt nokkurra stórútgerðarmanna hafa áhrif á sig til þess að berja þessi „manndrápslög“ í gegn. Flm. frv., sem allt eru framsóknarmenn, höfðu mjög litlar málsbætur eða engar, aðrar en sparnaðarhliðina, þegar um málið var rætt. Og að lokum tók einn flm., hv. þm. Barð., þá virðingarverðu afstöðu til frv., að greiða atkv. gegn því. Það var aftur á móti hv. þm. Borgf. sem sjálfstæðismaður, sem heimtaði framgang frv., og það með þeim krafti og frekju, að hann ögraði beinlínis einum flm. þess, hv. atvmrh., með því, hvort hann ætlaði nú virkilega að bregðast „þessu fóstri sínu“, en svo kallaði hann frv. Það kom þá greinilega í ljós, að Framsókn var þarna að efna einhver gömul loforð við íhaldið. Sjálfstfl. mun hafa þótt öruggara að hafa „hreinan skjöld“ í þessu máli. Annars þykjast þeir herrar einir hafa einkarétt á því, að berjast fyrir kröfum útvegsmanna. En hér skiptir auðvitað engu máli um afkomu útvegsins, nema ef vera kynni, að þeir, sem eiga ryðkláfa og fúaduggur, haldi ekki neitt sérstaklega upp á þessa gripi og kysu heldur að hafa vátryggingarféð milli handa.

Það verður mjög að harma það, að þm. Framsfl. skuli láta ginna sig til að ganga þannig erinda Íhaldsins, eins og hér hefir raunin á orðið. Og þessi afstaða öll verður beinlínis viðurstyggileg, þegar formaður Framsfl. ritar hverja greinina á fætur annari í Nýja dagblaðið, þar sem hann fellir höfug krókódílatár yfir hinum bágu kjörum sjómanna, mönnunum, sem hann vorkennir einhver ósköp að vera langdvölum frá heimilum sínum og búa við mjög slæm kjör. Hann spyr í feitum fyrirsögnum að því, hvers vegna endilega þurfi að ofsækja sjómennina, á þeim sama tíma sem hann lætur flokksmenn sína flytja lagafrv. þess efnis, að auðveldlega getur leitt til þess, að heimilin heimti þá aldrei framar. Ég hefi sérstaklega tekið þetta mál til meðferðar vegna þess, að enn á frv. eftir að ganga í gegnum Ed., og vænti ég þess fastlega, að hinir hugsandi og betri menn Framsfl. hefti framgang þess þar. Þetta frv., sem ég hefi gert að umtalsefni, er auk þess, sem það er skaðlegt, mjög hættulegur leikur í stjórnmálataflinu. Eftir að afturhaldsöflin í Framsfl. urðu úrkula vonar um það, að fá meiri hl. þingliðs flokksins til þess að ganga inn á stjórnarsamvinnu við íhaldið, hafa þessi afturhaldsöfl unnið markvisst að því, að eyðileggja samstarf Alþfl. og Framsfl. Þetta er á góðum vegi með að takast. Í taflinu hafa hægri foringjar Alþfl. beðið þann eftirminnilega álitshnekki, að þeim er sýnilega ekki viðreisnarvon. Nú sýnist röðin vera komin að þeim þm. í Framsfl., sem ekki hafa viljað láta undan form. flokksins, og á meðan hann sjálfur þvær hendur sínar í Nýja dagblaðinu og flaðrar upp um sjómennina, lætur hann flokksmenn sína flytja hvert frv. öðru óvinsælla, með skírskotun til undangenginna flokkssamþykkta, í þeim tilgangi jafnframt að rýja af þeim fylgið eins og hægri foringjum Alþfl.

Vinnulöggjafarfrv., frv. það, sem ráðgerir að svipta sveinafélögin rétti til þess að takmarka tölu iðnnema, og frv. það, sem ég hefi verið að lýsa, eru öll þess eðlis, að þau hljóta að verða illa þokkuð og hötuð af þeim, sem þau snerta mest. Og hver sá þm., sem sekur gerist í því að ljá þeim fylgi sitt, opinberar fjandskap sinn við alþýðu landsins. Stjórnin hefir sýnt mjög vítaverða vanrækslu í því að búa þjóðina undir að taka afleiðingum komandi kreppu og yfirvofandi heimsstyrjaldar. Þegar í fyrrahaust lá hér frammi í lestrarsalnum fundarályktun frá Vestmannaeyjum, sem krafðist aðgerða þingsins í þessum efnum. Og ekki þarf því um að kenna, að okkur hafi ekki borizt mjög ótvíræðar aðvaranir um þessi mál frá aðiljum, sem óhætt er að telja, að ríkisstj. og þingið taki meira mark á en kjósendum sínum. En það eru fréttir, sem daglega berast um varúðarráðstafanir ríkisstjórna og þinga á Norðurlöndum, gerðar í því skyni að mæta afleiðingum stríðs og kreppu. Það er ekki nóg með, að ríkisstj. vanræki gersamlega að sameina fólkið til átaka í þessum efnum, eins og við kommúnistar höfum krafizt, heldur er beinlínis svo sumt af ráðstöfunum hennar, að þær ganga í þveröfuga átt eða gera oss enn erfiðara fyrir um að mæta þessum vágestum, þegar þá ber að garði. Það er ekki nóg með það, að útsæðiskartöflurnar séu af skornum skammti, og má um það eflaust kenna verzlunarstéttinni eins og grænmetiseinkasölunni, að hafa ekki pantað nóg af útsæðiskartöflum, heldur er hitt alvarlegra, að kartöflurnar eru svo uppskrúfaðar í verði af grænmetiseinkasölunni, með háu verzlunarálagi, og ríkinu, með aðflutningsgjaldi, að það stappar nærri okri. Mér hefir verið skýrt frá því af innflytjenda útsæðiskartaflna, að kartöflur hafi kostað 8,78 sekkurinn við skipshlið. Tollar, aðflutningsgjald og álagning grænmetisverzlunarinnar námu 5,03 kr. á hvern poka. Smásölunum er heimilt að leggja 40 % á kartöflur í útsölu,

þótt bót sé í máli, að fæstir eða engir hafi notað sér það. Samt sem áður verða kartöflurnar óhæfilega dýrar. Og veldur þar um mestu álag ríkisins, að fjöldi garðeigenda hefir engin ráð til að kaupa útsæði í þá garða, sem hann hefir, hvað þá að fátækir verkamenn og bændur geti látið sig dreyma um að auka kartöfluræktina. Það er hálfur mánuður síðan ég vitti þetta hér á þingi, að einum ráðh. viðstöddum a. m. k. En að þetta hafi verið leiðrétt, er mér ekki kunnugt. Þess er hér með krafizt af ríkisstj. fyrir hönd þeirra mörgu, sem við kartöfluræktina fást, og jafnframt í nafni alþjóðar, sem á svo mjög undir því, að nóg sé til af þessari nauðsynjavöru, að hún tafarlaust afnemi allan toll og allt álag á útsæðiskartöflur og sjái um, að nóg verði til útsæðis, þegar verður farið að sá.

Enginn ágreiningur virðist um það vera, að nauðsyn beri til þess að hagnýta bæði hveraorku og fallvötn, svo sem frekast er unnt, til þess að spara þjóðinni erlent eldsneyti og orkugjafa. Eitt stærsta málið, sem að þessu lýtur, er hitaveita Reykjavíkur. Nú hefir tekizt svo illa til við undirbúninginn á þessu máli, að ekki hefir tekizt að fá erlendis fé til þess að framkvæma hitaveituna fyrir Reykjavíkurbæ. Með tilliti til ófriðarhættu er þetta ekki lengur einkamál Reykjavíkur, heldur mál, sem alla þjóðina varðar. Tugum þúsunda tonna af kolum er eytt til hitunar og suðu hér í Reykjavík. Gera má ráð fyrir, að mjög erfitt verði um aðdrætti á kolum til landsins, ef til styrjaldar kæmi, vegna sjóhernaðar, og verður þá augljóst mál, hve mikill ávinningur það væri fyrir aðra landshluta, ef ekki þyrfti að sjá Reykjavík fyrir kolum. Sama máli gegnir vitanlega um þá aðra staði í landinu, sem tök eru á að nota jarðhitann. Þess ber einnig að gæta, að ef hægt yrði að hrinda byggingu hitaveitu Reykjavíkur í framkvæmd, yrði það svo mikil atvinna, að betri tök yrðu á því fyrir ríkissjóðinn að fullnægja þörf annara landshluta um úthlutun atvinnubótafjár. En bezt myndi öllu atvinnubótafé varið til stuðnings þeim framkvæmdum, bæði í hagnýtingu innlendrar orku og aukningu garðávaxta, sem gerðu þjóðina sem óháðasta erlendum innflutningi. Ríkisstj. ber að sjálfsögðu að láta þetta hitaveitumál til sín taka, og þingið myndi vinna þarfasta verk með því að greiða fyrir skjótri lausn þess. Till. okkar kommúnista um það, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir útgerðarfélög og einstaklinga til þess að kaupa nýtízku stór dieselmótorskip og endurnýja á þann hátt flotann, hefir hv. Alþingi enn á ný vísað á bug við 2. umr. fjárlaganna. Mér þykir óþarft að lengja umr. um þetta mál með því að endurtaka það, sem ég sagði um þetta efni við útvarpsumr. um fjárlögin í fyrra. Aðeins get ég upplýst það, og hefi eftir góðum heimildum, að danskt 100 smálesta dieselmótorskip, stundaði dragnótaveiði við suðausturströnd landsins 9 mánuði síðasta árs og seldi aflann til Englands. Aflasalan var að verðmæti þessa 9 mánuði 6000 sterlingspund eða röskar 130 þús. krónur og taldi sá, er sagði mér frá þessu, að kostnaður við úthaldið myndi ekki hafa farið fram úr helmingi þess, sem aflinn seldist fyrir. Ég vil að nýju undirstrika það, að mér virðist það barnaskapur að ætla sér að rétta við togaraútveginn með því að ívilna honum um alla tolla og skatta.

Það er augljóst, að auk þeirrar óstjórnar, sem ríkir í togaraútgerðinni, að kolavélar þær, sem notaðar eru, eru sá baggi, sem allt er að sliga. Það er ekki einungis hið háa verð kolanna, heldur þungi þeirra og þungi sjálfra gufukatlanna í samanburði við steinolíu og þunga dieselvéla, sem ríður baggamuninn um það, að fiskframleiðsla á gufuskipum verður að mun dýrari en á dieselskipum, og ber þá einnig að taka legu landsins til greina. Hinn frjálsi erlendi markaður spyr ekki um tilkostnað við framleiðsluna; og í samkeppninni við dieselmótorskipin verða gufuskipin undir. Eina framtíðarlausnin á útvegsmálum okkar er því sú, að breyta til frá kolavélum í dieselmótora í flotann. Að till. okkar í þessu efni hafa ekki mætt meiri skilningi en raun ber vitni, verður hæstv. ríkisstjórn ekki ein sökuð um. Allir þeir hv. þm. úr öllum hinum flokkunum, sem lögðust gegn till., eiga þar óskipt mál.

Sjálfstæðismenn hafa hreyft því hér á þingi, að ríkið hætti að reka bú sín á Kleppi og Vífilsstöðum, og bera því við, að tap hafi orðið á rekstri búanna síðastl. ár. Kenna þeir um, að eigi sé gætt hófs um greiðslu launa til verkamanna, sem á búunum vinna. Ég hefi séð vinnuskýrslur Kleppsbúsins frá árinu 1936, og verður ekki sagt, að kaupið þar sé óhæfilega hátt, þótt hækkað hafi verið, frá því sem áður var, og ekki hærra en annara verkamanna, sem að landbúnaði vinna hér í nágrenni Reykjavíkur. Miklu frekari ástæða er til að ætla, að eitthvað færi í handaskolum, hvað rekstri búanna viðkemur. Ríkið rekur eitt bú að Reykjum í Ölfusi. Þetta bú hefir að vísu með höndum fjölbreyttari búskap, en það hefir skilað miklum tekjuafgangi bæði árin 1936 og 1937, 20 þúsund kr. fyrra árið, og röskum 11 þús. kr. hið síðara. Í viðtali við bústjórann þar upplýsti hann, að nautgriparæktin þar hefði einnig borið sig, enda þótt að ýmsu leyti sé örðugra en t. d. á Kleppi og Vífilsstöðum að reka þessa grein búskaparins. Mjólkin er 3 aurum lægri hver lítri en á báðum hinum búunum, nokkuð af hinu ræktaða landi nýrækt og kostnaðarsamari flutningur að og frá en á hinum búunum. Þessum bústjóra er nú sagt upp starfi sínu frá næstu áramótum vegna væntanlegrar skipulagsbreytingar þar eystra. Þar á að verða skóli og tilraunabú í framtíðinni. Þangað mun nú vera ráðinn skólastjóri, því að augsýnilega hefir hann vantað eitthvað að gera. Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að ég hefi ekki hugmynd um stjórnmálaskoðanir bústjórans á Reykjum, nema að hann er ekki flokksbróðir minn. Því skal ekki haldið fram að óreyndu, að þessi maður, sem við á að taka, sé ekki starfi sínu vaxinn, en hitt tel ég með öllu óafsakanlegt, að víkja trúverðugum mönnum og hagsýnum frá stofnunum ríkisins. Hér á ég ekki við hagsýni, sem felst í kaupkúgun, og hefi ég ekki heyrt, að á Reykjabúinu hafi henni verið beitt. Hagsýni getur verið fólgin í hirðusemi og réttri vinnutilhögun, og þjóðin

gerir kröfur til þess, að menn með slíkum kostum stjórni opinberum rekstri, en ekki menn, sem vegna stjórnhollustu einnar saman fá að hanga í stöðum sínum.

Flokksbróðir minn, hv. 1. landsk., hefir lýst nokkrum þeirra frv., sem Kommfl. hefir borið fram á þinginu. Ég ætla að minnast á tvö, sem bæði hafa verið borin fram á þessu þingi og hinu síðasta. Annað er frv. um greiðslu kaupgjalds í peningum, og er farið fram á það, að kaupgjald skuli skilyrðislaust og án allra undantekninga greitt verkamönnum í peningum. Í gildandi lögum eru ákvæði, sem rýra gagnsemi gildandi kaupgreiðslulaga, svo að hægt er fyrir atvinnurekendur að komast framhjá þeim. Víða í bæjum landsins er kaup ennþá greitt með vörum eða skuldajöfnuði, og eiga bæjarstjórnir sumra bæja þyngsta sök í þessu efni. Með því að greiða starfsmönnum sínum og verkamönnum laun sín með ávísunum á vöruúttekt í kaupmannaverzlunum gefa bæjarstjórnirnar þessum verzlunum sínum kost á að rýra tekjur starfsmannanna með óhæfilegu verzlunarálagi. Auk þess sem það heftir frjálsræði manna um val á, hvar þeir kaupa sínar lífsnauðsynjar, og gerir þeim öll skipti óhagkvæmari. Vegna lágmarksálagningar á ýmsum vörum bænda kæra þessar verzlanir sig ekki um að hafa þær á boðstólum þar eð þeim er hagkvæmara að verzla með vörur, sem þeir geta lagt á eftir eigin geðþótta. Af því leiðir, að launþegar geta ekki, þótt þeir vildu, keypt ýmsar vörur landbún., og er því þessi kaupgreiðsluháttur, sem ég hér hefi lýst, einnig til óþurftar bændastétt landsins. Engu að síður hefir flokkslið Framsóknar og Alþfl., sem skipar meiri hl. í öllum n., ekki fengizt til að skila nál. um þetta mál. Leiðrétting sú, sem hér er farið fram á, kostar ekki ríkissjóð grænan túskilding, en er stórvægilegt hagsmunamál hinum vinnandi stéttum. Þetta mál leyfa þeir fulltrúar bænda og verkamanna sér að hundsa, og má af því marka hollustu þeirra við þessar stéttir.

Hitt málið er frv. um innlendar skipaviðgerðir. Árlega er greitt út úr landinu í verkalaun hundruð þúsunda króna fyrir viðgerðir á íslenzkum járnskipum. Hér myndi auðvelt að framkvæma skipaviðgerðir eins vel og fljótt, og það er álit margra, sem málum þessum eru kunnir, að viðgerðirnar yrðu sizt dýrari hér á landi en erlendis.

Iðnaðarmenn hafa eindregið mælt með því, að lög, sem færu í þessa átt, yrðu sett af Alþingi. En það gegnir sama um þetta frv. og önnur, að því hefir ekki verið skilað úr n., og er ekki sýnilegt, að það muni koma þaðan á þessu þingi.

Þjóðin má ekki láta umboðsmönnum sínum á Alþingi líðast að halda uppteknum hætti, að vanrækja hin mest-aðkallandi mál til viðreisnar hag þjóðarinnar og tryggja hana gegn hættu stríðs og kreppu. Það má ekki líðast, að í hverju máli sé látið stjórnast af blindum flokkshagsmunum án minnsta tillits til velferðar fólksins.

Kommfl. æskir samvinnu við alla þá menn í þinginu, sem vilja, þótt ekki væri nema að einhverju leyti, fallast á nauðsyn þess, að mál okkar nái fram að ganga, eins og hann sjálfur er og reiðubúinn til að þess að styrkja hverja þá viðleitni, sem miðar að því að tryggja landslýðnum betri afkomu. Utan þingsins vinnur flokkurinn þrotlaust að sameiningu alþýðunnar til lausnar hinna aðkallandi mála, og það með ágætum árangri. Dagurinn í gær sannaði þm. það, að alþýða landsins lætur ekki standa á sér til þess að vinna að settu marki. En það er: Verndun þeirra lýðréttinda, sem þjóðin þegar nýtur. Markviss sókn til fullnægingar lífsskilyrðum samboðnum menningarþjóð.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hæstv. forsrh. hefir flutt hér yfirlitsræðu um niðurstöður af starfi ríkisstjórnarinnar. Ég ætla þess vegna að snúa mér að því að svara því, sem hér hefir komið fram í kvöld, þótt ég geti náttúrlega ekki á þeim stutta tíma, sem ég hefi til að svara, fengizt við allt það moldviðri, sem hér er þyrlað upp. Hv. þm. A.-Húnv. deildi á ríkisstjórnina fyrir launagreiðslur. Ég get fært sannanir fram fyrir því hvenær sem er, að launagreiðslur hjá ríkisstofnunum eru yfirleitt lægri hjá þeim, sem hafa laun um meðallag og yfir meðallag heldur en hjá stofnunum í Reykjavíkurbæ. Og á sama tíma sem ríkisstj. hefir unnið að því að færa niður kaup hjá þeim, sem hærra eru launaðir, þá er ekkert gert eða sáralitið til þess hjá hliðstæðum fyrirtækjum og einkum hjá þeim fyrirtækjum, sem flokksbræður hv. þm. A.-Húnv. stjórna. Ég hefi athugað launagreiðslur hjá 16 einkafyrirtækjum hér í Reykjavík, og ekki tekið bankana með. Niðurstöðurnar eru, að í þessum 16 fyrirtækjum eru 23 framkvæmdarstjórar, og meðallaun þeirra eru 16 þús. kr. á ári. Ennfremur eru 7 aðrir með 11 þús. kr. árslaun að meðaltali. En hæstu laun hjá forstjórum ríkisins eru 10 þús. kr. á ári, eins og laun eru að meðaltali hjá bókurum og fulltrúum hjá þessum einkafyrirtækjum. Og ráðherralaunin eru sem kunnugt er 10 þús. kr. Þá eru bankarnir. Hjá Landsbankanum eru 3 menn með 21600 kr. að meðaltali og 3 með 11 þús. kr. Hjá Útvegsbankanum er 1 með 21600 kr. og 2, sem unnið hafa til skamms tíma með 12 þús. kr. að meðaltali, og 3 með 10500 kr. Þessar launagreiðslur eru flestar hjá fyrirtækjum, sem flokksbræður hv. þm. A.-Húnv. ráða yfir. Og fram til skamms tíma hafa þeir haft meiri hluta í bankaráði Landsbankans, og mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi gert nokkra einustu tilraun til, að færa launin niður. Ég vil nefna sem dæmi það, sem kom nýlega fram í sjúkrasamlagi Reykjavíkur, sem er ákaflega eftirtektarvert í sambandi við launagreiðslur. Þar varð ágreiningur um, hvað launin ættu að vera há. Vildu fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. hafa launin a. m. k. 600 kr. á hverjum mánuði. Var það nokkuð fyrir ofan það, sem fulltrúi Framsfl. lagði til. Þannig er afstaða Framsfl. yfirleitt, bæði þeirra, sem fara með stjórn, og undirtektir blaða hans gagnvart launagreiðslum. En hver er afstaða Sjálfstfl.? Hver nema sú, að það voru blöð þessa flokks, sem í sambandi við sjómannadeiluna á Siglufirði æstu upp kröfur sjó-

manna til launahækkunar og héldu fram, að þær væru á fullum rökum reistar, þrátt fyrir tap á útgerðinni. Það voru atvinnurekendur á Siglufirði, sem höfðu forgöngu í því að hækka launin í launadeilunni þar. Það, sem bezt ber vitni um afstöðu sjálfstæðismanna í launamálum, er það, að ekki einu sinni þessir fjórir sjálfstæðismenn, sem eiga sæti í fjvn. fyrir hönd flokksins, gátu sameinazt um till. hv. þm. A.-Húnv. um að lækka laun hjá ríkisstofnunum. Einn af þeim greiddi atkv. gegn henni. Og það er á allra manna vitorði, að hér á þingi myndi till. hv. þm. í þessu efni ekki fá neinn byr innan Sjálfstfl. Með hverju ætlar hann að ráða bót á þessum of háu launagreiðslum? Með því að fylgja Sjálfstfl. Með því að vinna að því, að flokkurinn fái meiri hluta og þeir menn, sem ráða launakjörum hjá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og hjá Eimskip og öðrum stofnunum í bænum, sem gera nær ókleift að lækka laun hjá ríkisstofnunum. Þetta eru nú heilindi! Hver skyldi trúa, að menn eins og hv. þm. Reykv., hv. þm. Vestm., hv. þm. G.-K. og hv. þm. Borgf., sem allir eiga mikinn þátt í því að ákvarða launakjör hjá þeim fyrirtækjum, sem ég talaði um, verði til að lækka launin hjá þeim, sem hærri laun hafa í þjónustu ríkisins, eftir að þeir hafa tekið þessa ákvörðun í þeim fyrirtækjum, sem þeir ráða yfir. Ef ríkisstj. er ámælisverð fyrir að greiða það kaup af hálfu ríkisins, sem gert er nú, hvað má þá segja um þá sjálfstæðismenn, sem reka þannig umboðsstjórn eins og t. d. í Sölusambandinu, þar sem þeir ákveða mönnum allt að því tvöfalt hærri laun en þeir hafa, sem hæstu laun hafa hjá ríkisstofnunum. Ef við höfum brugðizt trúnaði kjósenda okkar, hvað má þá segja um þá, sem hv. þm. A.-Húnv. ætlast til, að komi til valda hér á Alþingi? Og hversu færir væru þeir til að lækka þessar greiðslur, sem hann hér hefir verið að fjargviðrast um? Hér á þingi hefir enginn af flokksbræðrum hv. þm. A.-Húnv. tekið undir þessi mál með honum, og það er vegna þess, að þeir eru honum alls ekki sammála. Hinsvegar er það vitanlegt, að ef þeir ættu að ráða, þá yrðu það þeir, en ekki hv. þm. A.-Húnv., sem skipuðu þessum málum.

Hv. þm. A.-Húnv. fór hér með nokkrar fleiri tölur aðrar en þær, sem snerta launagreiðslur, og var með ýmiskonar upptuggu um það, að samtals hjá öllum ríkisstofnunum færu í tækifærisgjafir 5 þús. kr., til skemmtiferða 4 þús. kr. og til risnu 5 þús. kr. Þetta er allt og sumt af þessu tagi, sem hann hefir getað fundið í 3 mánuði. En sumt af þessu er þannig, að ekki er hægt að spara það, vegna þess að einkafyrirtækin hafa veitt mönnum þessi fríðindi og ríkisfyrirtækin hafa komið á eftir. Ég hefi viljað skapa heilbrigt aðhald um kostnað ríkisrekstrarins og lagt mig fram til að sjá um, að fjvn. fengi nægilegan tíma til að sinna þessu. Ég hefi gert það í þeirri trú, að stjórnarandstæðingar vildu hafa í n. heilbrigða gagnrýni og þannig styrkja ríkisstj. gagnvart einstökum forráðamönnum, sem kannske hafa tilhneigingu til að fara ekki sem sparlegast með fé. En slíkur málflutningur eins og hjá hv. þm. A.-Húnv., með þeirri illkvittni og ósanngjörnu gagnrýni, sem hann notar, verður til einskis gagns. Nú er ekkert við því að segja, þótt hv. þm. A.-Húnv. deili á háar launagreiðslur og annað þesshátta og reyni að auka fylgi Sjálfstfl. ef honum gæfist tækifæri til og álíti, að Sjálfstfl. myndi reynast betur en Framsfl. En af þeim dæmum, sem ég hefi bent á, og fjölda mörgum öðrum, sem hv. þm. A.-Húnv. eru eins kunnug eins og mér, þá veit hann, að það er svo fjarri því, að það myndi verða stýrt nær hans sjónarmiðum, þó að Sjálfstfl. réði í þessu máli. Þess vegna er það aðallega ámælisvert hjá hv. þm. að láta Sjálfstfl. nota sig til að hafa þennan málflutning í útvarpið og tyggja þetta í eyru kjósenda vitandi að það er ekkert annað en blekkingar, og yrði ekki framkvæmt, þótt hans flokkur kæmist í meiri hl. Hv. þm. A.-Húnv. sagði einhverju sinni í útvarpið í sambandi við launagreiðslur, að hann myndi aldrei láta bregða sér um „hin þöglu svik". En ég vil nú segja þessum hv. þm., að hann gerir sig beran að ennþá verri svikum með því að leggja áherzluna á að gagnrýna þau atriði, sem fara betur úr hendi, en láta vera að deila á það, sem fer stórlega verr úr hendi fyrir hans flokksmönnum.

Hv. þm., sem hér hafa talað, hafa rætt nokkuð um afkomu ríkissjóðs, og það með nokkuð undarlegum hætti, þannig að þeir hafa sérstaklega lagt megináherzlu á að reyna að rugla málin fyrir hlustendum, svo að þeir fengju ekki að átta sig á þeim. Hv. þm. Snæf. sagði, að skuldir ríkissjóðs hefðu í tíð núverandi stj. aukizt um 5—6 millj. kr. Í árslok 1934 hefðu þær verið um 42 millj. kr., en í árslok 1937 46 millj. kr., sem sé að aukningin á þessu tímabili hefði verið 4 millj. En öll sú upphæð er ekki nema sem svarar því, sem ríkið hefir tekið á sig af skuldum Útvegsbankans. Niðurstaðan er því sú, að vegna ríkisrekstrarins hafa skuldirnar ekki hækkað einn einasta eyri á þessu tímabili, þrátt fyrir þótt að greiddar hafi verið til óvenjulegra útgjalda og óvenjulegra framkvæmda á þessu tímabili stórkostlegar fjárhæðir úr ríkissjóði. Vil ég í því sambandi nefna skuldir vegna Skeiðaáveitunnar, 350000 kr., áhvílandi skuldir Eyrarbakka og Stokkseyri 250000, til fiskimála 750000 og vegna sauðfjárpestarinnar 630000 kr. Þrátt fyrir allar þessar miklu skuldir, sem ríkið hefir þannig tekið á sig vegna annara, og þrátt fyrir þessar gífurlegu upphæðir, sem orðið hefir að leggja fram vegna sérstakra ástæðna, hefir tekizt að komast yfir þetta tímabil án þess að skuldir ríkissjóðs hækkuðu um einn einasta eyri.

Þá hefir sí og æ verið talað um hin stórauknu útgjöld ríkissjóðs og haldið fram, að það væri aðallega kostnaður við ríkisreksturinn. Ég hefi athugað sérstaklega útgjöldin samkvæmt 9. og 10 gr. fjárlaganna, en það er alþingiskostnaður og kostnaður við stjórnarráðið og annar slíkur kostnaður. Hann nam árið 1926 6,4% af útgjöldum ríkisins, en árið 1936 var hann aðeins 5%. Hlutfallstala þessara útgjalda hefir því lækkað á þessu tímabili. Kostnaður á 11. gr., dómgæzla og lögreglustjórn, var 1926 5,9%, en 1936 var hann 6%, þrátt fyrir allar þær geysilegu

upphæðir, sem varið hefir verið nú síðari árin til þess að bæta lögreglueftirlit og löggæzlu, svo að það er miklu betra nú en þá, og samt hafa þessi gjöld ekki aukizt hlutfallslega.

Þetta sífellda tal stjórnarandstæðinga um aukin útgjöld og árásir á stj. í sambandi við það, kemur heldur ekki sem bezt heim við það, sem þeir segja, þegar þeim liggur á að halda öðru fram, sbr. t. d. síðustu bæjarstjórnarkosningar. Þá var birt yfirlit frá hagfræðingi Rykjavíkurbæjar, þar sem því var haldið fram, að óhjákvæmilegt væri að útgjöld bæjarins ykjust, ekki aðeins sem svaraði venjulegri aukningu bæjarins, heldur talsvert meira, vegna þess að kröfur bæjarbúa á hendur bænum væru alltaf að aukast. Þetta kemur ekki sem bezt heim við það, sem hv. stjórnarandstæðingar segja hér á eldhúsdaginn um útgjöld ríkissjóðs.

Ég hefi ekki tíma til að svara þeirri ádeilu, sem hér hefir komið fram um umframgreiðslur stj. eða þær tollahækkanir, sem hún hefði komið á, en vil eyða þeim mínútum, sem ég á eftir, til þess að fara nokkrum orðum um gjaldeyrismálin. Hæstv. forsrh. gaf um þau atriði mjög glöggt yfirlit í ræðu sinni áðan. Hv. andstæðingar stj. hafa haldið fram, að í þeim málum ríkti nú hið mesta öngþveiti, og gengið þar svo langt, að þeir hafa haldið því fram, að skuldir þjóðarinnar við útlönd hafi hækkað á undanförnum árum um 30 millj. kr., og þessi tala er þannig fengin, að þeir segja, að skipulagsnefnd atvinnumála hafi haldið fram, að í árslok 1934 hafi skuldirnar verið 74 millj., en í árslok 1936 hafi þær verið 105 millj., og svo segja þeir, að mismunurinn sé um 30 millj. Þetta er áreiðanlega vísvitandi fölsun hjá hv. þm. Skipulagsnefnd atvinnumála gerði skuldirnar ekki upp nær okkur en til ársloka 1934 og komst ekki að þeirri niðurstöðu, að þær væru 74 millj., heldur 93600000 kr. eins og stendur skýrum stöfum í áliti n. En svo áætla þessir hv. þm., að síðan hafi skuldirnar hækkað um 12 millj., en það er gert alveg út í bláinn og þvert ofan í allar staðreyndir, sem fyrir liggja. Samkvæmt upplýsingum hagstofunnar, þá liggur það fyrir, að skuldirnar hafa hækkað um 6,5 millj. frá árslokum 1934 til ársloka 1936 og heldur lækkað á árinu 1937. Þetta liggur í þeirri einföldu staðreynd, að um leið og komið hafa nýjar skuldir, hafa eldri skuldir verið greiddar um 4 millj. kr. árlega, sem eru þær föstu afborganir. Það hefði þó verið minnsti þegnskapur, sem þjóðin hefði getað ætlazt til af fulltrúum sínum á Alþingi, að þótt þeir vildu sverta andstæðinga sína, þá færu þeir ekki að koma með vísvitandi ósannindi um skuldaaukningu þjóðarinnar út á við og auka þannig á þá erfiðleika, sem hún á við að búa. Það var sá minnsti þegnskapur, sem þeir gátu sýnt, að neita ekki staðreyndum, sem sú stofnun, sem á að hafa þessi mál með höndum, hefir lagt fyrir, og slíta ekki út úr samhengi einstakar tölur á áliti skipulagsnefndar og skálda svo það, sem á vantar, til að fá sem óhagstæðasta niðurstöðu. Það er langt síðan menn hafa staðið í því hér, að rífast um, hversu miklar skuldirnar væru, og ég verð að segja, að mér þykja þessir hv. þm. vera nokkuð gamaldags, þegar þeir taka upp þennan málflutning, sem ég hélt, að væri löngu lagður niður.

Eins og hæstv. forsrh. minntist á í sinni ræðu, þá hefir verzlunarjöfnuðurinn undanfarið verið hagstæður um 5300000 kr. á ári, á móti 2500000 kr. að meðaltali næstu 10 ár á undan. Það hefir því tekizt þrátt fyrir alla þá erfiðleika að bæta verzlunarjöfnuðinn þetta. En ástæðan til þess, að ástandið í gjaldeyrismálum er ekki betra en það er nú, er, að 1934 og 1935 var verulegur halli á viðskiptum okkar við önnur lönd, og í öðru lagi, að á síðasta ári urðum við að fresta í bili a. m. k. 2 millj. kr. í vörukaupareikningum okkar í öðrum löndum og safna þá tilsvarandi upphæð í lausum skuldum til viðbótar við það, sem fyrir var. Það er ekki rétt, sem þessir hv. þm. hafa verið að halda fram, að þetta *stafi af því, að menn hafi gert sér rangar hugmyndir* um duldu greiðslurnar, heldur eru þær niðurstöður, sem fyrir liggja, eins og þrásinnis hefir verið gerð grein fyrir, í samræmi við þær hugmyndir, sem menn höfðu gert sér um þau mál, að duldu greiðslurnar eru um 5—6 millj., þegar ekki eru taldar með afborganir af lánum. Það er því tilhæfulaust, að duldu greiðslurnar séu um 14½ millj., heldur eru þær með afborgunum um 10 millj. kr., og ber það að sama brunni og það, sem ég hefi áður haldið fram.

Þessi tala, sem hv. þm. Snæf. var hér að breiða sig út yfir, að ábyggilegur maður hefði áætlað duldu greiðslurnar um 14½ millj., er að mestu leyti rangfærsla, en að nokkru leyti til orðin þannig, að það er sú upphæð, sem tekið hefir verið til, að þyrfti að greiða, ef ætti að borga a. m. k. 3 millj. kr. á einu ári upp í lausaskuldir, sem fyrir lágu, en slíkt telur enginn með duldum greiðslum.

Gjaldeyrislánið fyrirhugaða hefir verið dregið nokkuð inn í þessar umr. Ég er næstum búinn með tíma minn og get því ekki gert því skil nú, en mun koma inn á það á morgun. Ég vil aðeins taka það fram nú, að þetta gjaldeyrislán er 11 millj. og á að takast á 3 árum. Ástæðan til þess, að nú er beðið um þessa heimild, er sú, að þjóðinni er gersamlega um megn að lækka skuldir sínar um 4 millj. kr. á ári, eins og nú standa sakir, því að það er eins og hún ætti að gerast útflytjandi að erlendu lánsfé, en það er ómögulegt að hugsa sér, þegar margra ára aflaleysi og fjárpest í 7 sýslum steðjar að landsmönnum auk allra annara erfiðleika, að þá getum við gerzt útflytjendur að fjármagni, í stað þess að áður var það flutt inn í stórum stíl, og það tekur út yfir, þegar það er gert að árásarefni á stj., að hún bendir á þessa staðreynd og gerir ráðstafanir til að mæta henni. Er þar gengið lengra en ég hafði fyrirfram gert mér hugmynd um, að það skuli vera haft fyrir árásarefni á stj., að hún skuli ekki telja fært að lækka skuldirnar við útlönd á einu ári um 4½—5 millj. eftir 3 ára aflaleysi og alla þá aðra erfiðleika, sem að okkur hafa steðjað og við höfum orðið að mæta, en of langt yrði upp að telja.

Ég mun svo annað kvöld víkja að því, sem

sjálfstæðismenn hafa leyft sér að halda fram, að ef þeir hefðu stjórnað á undanförnum árum, hefði ekki þurft að grípa til þessa, þá hefði verið til sá gjaldeyrissjóður, að hægt hefði verið að sinna þessum afborgunum án þess að taka nokkurt lán á móti. Ég mun víkja að því annað kvöld, hvað reynslan frá 1924—1927 segir um, hvað líklegast væri, að hann hefði gert nú, ef hann hefði verið við völd.

Góða nótt!

*Þorsteinn Briem: Herra forseti! Það vakti undrun hinna flokkanna, að Bændafl. skyldi ekki þegar í stað nota tækifærið til að ráðast á nýja ráðh. í útvarpinu, af því að Bændafl. ætti þar í að hefna frá kosningunum í vor.

Bændafl. hefir skapstillingu til þess að halda persónunum utan við landsmálin. Bændafl. unir því, þótt menn undrist það, að hann rekur ekki haturs- né hefndapólitík, og geymir dómana, þar til dæmt verður af verkunum. Ég mun því einnig að þessu sinni leiða hjá mér að dæma um störf hins nýja atvmrh. þar til þau koma í ljós. Ég geri það því fremur, þar sem Bændafl. hefir fylgt þessari sömu reglu frá upphafi, að dæma eigi um verk stjórnarherranna fyrr en jafnóðum og þau dæma sig sjálf.

Bændafl. tók þann hátt upp í eldhúsumr. í fyrstu, að gagnrýna minnst gerðir hæstv. fjmrh. *Olli því í fyrsta lagi það, að svo virtist sem* í fari hans og stjórnarháttum lægju tveir straumar, annarsvegar einhver tilhneiging til að hafa hemil á útgjöldunum og velta ögn fyrir sér krónunni, áður en henni væri kastað, en hinsvegar áberandi undanlátssemi við eyðslutilhneigingu sumra flokksbræðra sinna og þróttleysi gagnvart fjárkröfum samstarfsflokksins. Og af því að hæstv. fjmrh. var reynslulítill og óráðinn ungur maður, er hann tók við þessu ábyrgðarmikla starfi sínu, þá hafði Bændafl. tilhneigingu til að virða honum yfirsjónir hans til vorkunnar, með því að hann leit svo á, að ráðh. gæti verið betri maður, ef hann væri í öðrum félagsskap. Hæstv. fjmrh. fór og í fyrstu í einu atriði skynsamlegar að en samráðh. hans. Hinir ráðh. byrjuðu strax að tala og láta í blöðum og útvarpi um það, sem þeim var sjálfum óheppilegast að um væri talað, en það var það, sem þeir væru búnir að gera. Fyrrv. atvmrh. bjó sér strax til sína alkunnu grammófónplötu. Það var platan, sem nú er orðin svo gamalkunn, um harðfiskinn, karfann og síldarverksmiðjurnar. Sú grammófónplata er nú ekki aðeins útspiluð, heldur er fyrrv. atvmrh. nú útspilaður sjálfur úr ríkisstj. eða dreginn, að því er hann segir sjálfur, og skal ég því að svo komnu ekki ónáða hann í sínu náðuga, friðsæla, nýja embætti. Sama er og um grammófónplötu hæstv. forsrh. um afurðasölumálin, um nýbýlin, vaxtatillagið og jarðræktarlögin. Aðalafrekin í afurðasölumálunum voru nú raunar þau, að spilla lagafrv., frá því sem SÍS og undirbúningsnefnd fyrrv. stj. *hafði lagt til, einkum með því* að draga úr umráðum bændanna sjálfra yfir framkvæmd l. Í nýbýlamálunum voru að vísu sett l., eftir að Búnaðarfélag Íslands hafði hrundið málinu af stað með frv., sem var að ýmsu betra en frv. Framsfl., sem hann bar fram síðar. Þær fáu umbætur, sem í jarðræktarl. felast, voru allar teknar upp úr jarðræktarlagafrv. Bændafl., og þó aðeins lítið brot af þeim umbótum, sem Bændafl. hafði barizt fyrir árum saman. En þessar litlu umbætur áttu svo bændur að kaupa með eignarkvöðum, sem sósíalistar settu inn til að tryggja hinu opinbera smám saman eignarrétt yfir parti úr hverri einustu jörð landsins. Hvað snertir vaxtatillagið af fasteignaveðslánum bænda, þá var afrekið nú raunar ekki annað en það, að lækka tillagið, sem áður hafði verið, um þriðjung fyrstu 3 árin, en síðan að afnema tillagið með öllu á 4. árinu, nema að eins á fjársýkissvæðunum. Með þessu átti svo hæstv. ráðh. að hafa gert hvorki meira né minna en að breyta hallæri í góðæri fyrir bændur landsins. Ástæðan til þess, að nokkuð rættist úr afurðasölu bænda síðastliðin ár, er sem kunnugt er fyrst og fremst sú, að bæði freðkjöt, og þó einkum ull og gærur, hækkaði í verði á heimsmarkaðnum, en að hæstv. forshrh. hafi valdið þessari verðhækkun, er hinsvegar ekki kunnugt. Annars hefir stj. greinilega sýnt, hvernig henni hefði sjálfri tekizt að búa, ef hún hefði sjálf átt að búa við sömu markaðsskilyrði á ríkisbúunum eins og hæstv. forsrh. telur svo ágæt fyrir bændurna. Ríkisbúin á Vífilsstöðum og Kleppi fá 9 au. hærra fyrir hvern mjólkurpott við *fjósdyrnar en bændurnir fá að meðaltali í* mjólkurbúunum almennt. Þessi bú greiða ekki landsskuld, ekki leigur og ekki vexti af bústofni, vélum né neinu því, sem í þau hefir verið lagt, og samt hafa þau tapað um 6 þús. kr. síðastl. ár. Það er því ljóst, að ef þessi stj. hefði sjálf átt að búa við sömu kjör og þau, er kölluð eru góðæriskjör hjá bændum, og fengið sama afurðaverð og reitt 5% vexti af höfuðstólnum, þá hefði stj. tapað ekki aðeins 6 þús. kr. á sínum eigin búrekstri hér skammt frá Reykjavík, þar sem aðstaðan ætti að vera bezt. Þessi grammófónplata hæstv. forsrh. um þau afrek, sem hann sé búinn að gera fyrir íslenzkan landbúnað, er því svo útspiluð og úr sér gengin, að ég sé ekki ástæðu til að minnast á hana frekar, enda er hann hættur við gömlu plötuna og talaði ýmist eins og flokksmaður hv. þm. Seyðf. eða eins og gamall stjórnarandstæðingur, t. d. um stýrimannaverkfallið, sem flokkur hv. þm. Seyðf. berst fyrir með Alþfl. í broddi fylkingar.

Ég kem þá að hæstv. fjmrh. Bændafl. lét sér ekki tíðrætt við hann í fyrstu, af því að hæstv. ráðh. tók í byrjun það hyggilega ráð, að tala um fyrirætluð og óunnin afrek sín, en ekki unnin. Þau afrek, sem hæstv. ráðh. ætlaði sér að vinna, og voru einkum tvö. Í fyrsta lagi að ganga svo frá fjárl., að gjaldaáætlun þeirra gæfi rétta mynd af gjöldunum eins og þau yrðu síðar á ríkisreikningnum, þannig að komizt yrði hjá umframgreiðslum, og í öðru lagi að komið yrði á fullkomnum greiðslujöfnuði við útlönd, *þannig að innflutningurinn væri alltaf látinn* vera svo miklu minni en sá gjaldeyrir, sem fengist fyrir útfluttu vörurnar, að hann hrykki ekki aðeins til að greiða allar aðkeyptar vörur, heldur væri jafnan til nægur afgangur til greiðslu

á umsömdum afborgunum skulda, vöxtum, náms- og ferðakostnaði, erlendum tryggingum og öðrum svonefndum „duldum greiðslum". Þennan lofsverða ásetning hafði Bændafl. síður en svo neitt við að athuga. Bændafl. gat því leitt það hjá sér, þó að honum sýndust þessi fögru loforð stundum flutt með óþarflega miklum belgingi og fullyrðingum fyrirfram.

Kem ég þá að hinu fyrra afreki, sem hæstv. ráðh. ætlaði að vinna í fjármálastjórn landsins, að forðast umframgreiðslurnar og gæta þess, að fjárveitingarnar á fjárlögum á sínum tíma stæðust á. Allar rekstrargjaldaáætlanir fjárlaganna voru hækkaðar, til þess að komizt yrði hjá umframgreiðslum. T. d. var rekstrargjaldaáætlunin á fjárlögum 1935 hækkuð úr 10,9 millj. kr. upp í 13,1 millj. kr. til þess að hægt yrði að forðast umframgreiðslurnar. Þessum hækkunum til afsökunar færðu ýmsir flokksmenn hans það, að þeir hefðu um leið handjárnað fjmrh. til þess að láta gjöldin eigi fara fram úr áætlun. Einn stuðningsmaður hans komst jafnvel þannig að orði á fundi 1935, að svo vel yrði passað upp á, að þótt gjöldin gætu farið 10 kr. fram úr áætlun, þá yrði það aldrei mikið.

Hvernig hefir hæstv. fjmrh. tekizt þetta?

Á því sama ári tókst það svo, að gjöldin fóru ekki aðeins 10 kr., ekki aðeins 10 þús., ekki aðeins 10 hundruð þús., heldur 2300000 kr. fram úr áætlun. 1936 fóru gjöldin 1,6 millj. fram úr fjárveitingunni, og 1937 urðu umframgreiðslurnar um 2 millj. kr. fram yfir áætlun auk framlagsins vegna fjársýkinnar, sem ég tek ekki með í þessu sambandi. Þau þrjú heilu ár, sem núverandi hæstv. fjmrh. hefir stýrt fjármálum landsins, hafa umframgreiðslurnar því orðið um 2 millj. kr. á ári fyrir utan þau útgjöld, sem stafa af fjársýkinni og eru sérstaks eðlis. En þó hefir verið gífurleg eyðsla þar að auki í ríkisstofnunum. Ef tekin eru á sama hátt til samanburðar þau tvö heilu ár, sem fyrirrennari hans var fjmrh., sést, að umframgreiðslurnar á rekstrarreikningi hafa verið 2,3 millj. En þar er þess að gæta, að þá voru rekstrargjöldin áætluð á 3. millj. kr. lægri að meðaltali hvert ár, og þess utan ekki tekin í áætlun ný útgjöld vegna l., sem samþ. voru á sama þingi, eins og nú er gert.

Hæstv. fjmrh. hrósaði sér eigi lítið af því á fyrsta stjórnarári sínu, hversu honum hefði tekizt að gera gjaldaáætlun fjárlaganna svo úr garði, að hún gæfi sem réttasta mynd af gjöldunum eins og þau yrðu á hverju ári, svo að komizt yrði hjá umframgreiðslunum. Það var rétt, að gjaldaáætlanirnar voru hækkaðar, og það stórlega. En umframgreiðslurnar héldust bara eftir sem áður. Þær urðu, þrátt fyrir stórum hækkaða áætlun, lítið lægri en á meðan gjaldaáætlunin var ónákvæmari og á 3. millj. kr. lægri þau 2 heilu ár, sem fyrirrennari hans var fjmrh., svo að ekki séu fleiri dæmi talin. Þegar þessa er gætt, er auðsætt, að þær raunverulegu umframgreiðslur eru miklu meiri, miðað við samskonar áætlun þau 3 heilu ár, sem núverandi fjmrh. hefir farið með fjármálastjórnina, heldur en þau 2 heilu ár, sem fyrirrennari hans hafði hana með höndum, og þótti þó núverandi hæstv. fjmrh. þar þurfa stórar umbætur á. En hvað hefir hæstv. fjmrh. fundið upp til að afsaka þetta? Hann hefir fundið upp það snjallræði, að halda því fram, að umframgreiðslurnar séu þó hlutfallslega lægri hundraðshluti af áætluninni en áður. Já, þakka skyldi, þar sem búið var að hækka áætlunina um millj., einmitt til þess að umframgreiðslurnar yrðu sama sem engar. Þetta er því ein af þeim blekkingum, sem hæstv. ráðh. ætlar þeim að gleypa, sem lítið fylgjast með, og staðfestir aðeins hið góða og gamla spakmæli, að það, sem að helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann. Það er því ljóst, að þetta fyrsta afreksverk, sem hæstv. fjmrh. ætlaði að vinna, hefir honum ekki tekizt.

Þá kem ég að því afrekinu, sem hæstv. fjmrh. þykist hafa unnið mest, þ. e. greiðslujöfnuðinum við útlönd.

Og þá er bezt að láta hv. fjmrh. tala fyrst sjálfan.

Í fjárlagaræðu sinni á fyrra þinginu 1937 hóf hann mál sitt á þessa leið: „Í fyrstu fjárlagaræðu minni haustið 1934, lagði ég áherzlu á, að stj. liti á það sem eitt af sínum stærstu verkefnum, að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd. Þótt stj. vildi á engan hátt gera lítið úr þeirri þýðingu, sem fullur greiðslujöfnuður á fjárlögum og landsreikningi hefir fyrir þjóðarbúskapinn, þá varð þó, að hennar áliti, hitt að teljast aðalatriðið, að unnt væri að standa í skilum út á við".

Hér segir hæstv. fjmrh. það skýrum stöfum, að það hafi verið aðalverkefni stjórnarinnar, að ná greiðslujöfnuðinum út á við, svo að hægt væri að standa í skilum við útlönd. Þetta var lofsvert verkefni, og því þurftum við innflutningshöft.

En hvernig hefir þá þetta höfuðverkefni stjórnarinnar tekizt?

Ég sleppi alveg að eltast við allar þær staðlausu blekkingar, sem stjórnarflokkarnir hafa þyrlað upp um þetta mál. Ég lít á þær skýrustu tölur, sem hægt er að fá um þetta efni úr opinberum skýrslum og úr yfirlýsingum fjmrh. sjálfs um verzlunarjöfnuðinn í þau þrjú heilu ár, sem núv. hæstv. fjmrh. hefir stýrt fjármálum landsins. Og ég geri hæstv. ráðh. þann greiða, að taka síðan til samanburðar þá fjármálastjórn, sem núv. hæstv. fjmrh. hefir mest deilt á, en það er fjármálastjórn fyrirrennara hans. Miða ég þá á sama hátt við þau 2 heilu ár, sem hann var fjmrh.

Ef tekin eru hin 3 heilu ár núv. hæstv. fjmrh., 1935—1937, þá hefir verzlunarjöfnuðurinn verið hagstæður um 5,3 millj. kr. á ári að meðaltali, eftir því sem fjmrh. hefir skýrt frá hér á þingi fyrir fáum dögum, og er það raunar um 400 þús. hærra en aðrar skýrslur segja til um, en þó skal því hér fylgt. En ef tekin eru hin 2 heilu ár fyrirrennara hans til samanburðar eftir opinberum skýrslum, þá kemur í ljós, að þau árin hefir verzlunarjöfnuðurinn verið hagstæður um 6,5 millj. á ári, líka að meðaltali.

Hér kemur þá í ljós, þegar staðreyndirnar einar tala, að verzlunarjöfnuðurinn hefir verið 1 millj. og 200 þús. kr. óhagstæðari á ári, að meðaltali, í tíð EystJ. en í tíð fyrirrennara hans.

Í hverju liggur þetta, að núv. hæstv. fjmrh. hefir, þrátt fyrir sitt háa ris, reynzt í þessu efni minni maður en fyrirrennari hans, sem núv. fjmrh. hefir a. m. k. ekki fundizt mjög til um? Liggur það í því, að verzlunarárferðið hafi verið óhagstæðara í tíð EystJ en fyrirrennara hans, ÁÁ? Nei, því að aldrei hafa, síðan fyrir stríð, útflutningsvörur landsmanna frá sjó og sveit verið í lægra verði á erlendum markaði en 1932, hinu fyrra ári ÁÁ. Liggur það þá í hinu, að útflutningurinn hafi verið minni síðan núv. fjmrh. tók við völdum? Nei, því að hin 3 heilu ár núv. fjmrh. hefir útflutningurinn verið að meðaltali 52 millj. eftir skýrslu hans sjálfs. En hin 2 heilu ár fyrirrennara hans var meðalútflutningurinn ekki nema 48,8 millj., eða á 4. millj. minni.

Það skal að vísu játað, að ein útflutningsvara vor, saltfiskurinn, hefir minnkað. En þar á móti kemur hitt, að ýmsar aðrar útflutningsvörur vorar hafa vaxið meira en því svaraði, bæði að magni og verðgildi, svo að meira hefir gert en að bæta upp þann halla, svo sem gleggst sést af því, að heildarútflutningurinn hefir vaxið úr 48,8 millj. að meðaltali árin 1932 og 1933 upp í 52 millj. að meðaltali árin 1935—1937.

Nákvæmastur samanburður á verzlunarjöfnuðinum, miðað við útflutningsframleiðslu landsmanna í tíð núv. fjmrh. og fyrirrennara hans, fæst með því, að draga innflutningsverðmætin frá útflutningnum árlega, og sjá svo, hvað afgangurinn hefir numið mörgum prósentum eða hundraðshlutum af útflutningnum að meðaltali í tíð hvors þeirra um sig. Þá kemur í ljós, að á þessum 3 heilu árum, sem núv. hæstv. fjmrh. hefir farið með fjármálin, hefir þessi afgangur, eða hinn hagstæði verzlunarjöfnuður, verið 5,3 millj. að meðaltali af 52 millj. meðalútflutningi á ári, eða um 10,2% af útflutningnum. En ef 2ja ára tímabil fyrirrennara hans er tekið á sama hátt, þá var afgangurinn, eða hagstæður verzlunarjöfnuður, um 6,5 millj. að meðaltali af 48,8 millj. kr. meðalútflutningi, eða um 13,5% af útflutningnum.

Nú er það öllum skiljanlegt, hve miklu auðveldara er að ná hagstæðum verzlunarjöfnuði með miklum útflutningi en litlum. Þó hefir núv. hæstv. fjmrh. ekki náð eins hagstæðum verzlunarjöfnuði með sínum 52 mill. meðalútflutningi eins og fyrirrennari hans náði meðan meðalútflutningurinn var aðeins 48,8 millj. Verzlunarjöfnuðurinn er 1⅓ millj. kr. lakari árlega að meðaltali hjá núv. fjmrh., með mikla útflutninginn, heldur en hjá hinum mjög gagnrýnda fyrirrennara hans, með litla útflutninginn. En ef aðeins er miðað við það, hvað hinn hagstæði verzlunarjöfnuður séu margir hundraðshlutar af útflutningnum, þá eru þeir 33% fleiri hjá fyrrv. fjmrh. en hjá núv. eftirmanni hans.

Af þessu sést, að þegar alls er gætt, þá hefir verzlunarjöfnuðurinn verið 33% lakari hlutfallslega eftir útflutningnum í tíð Eysteins Jónssonar en í tíð fyrirrennara hans. Þetta eru þá öll afrekin!

Hæstv. fjmrh. hefir aldrei sparað það að taka munninn fullan. Hann ætlaði sér að verða mikill maður á því að gagnrýna fjármálastjórn fyrirrennara sinna, nema þess eina, sem enn er flokksmaður hans. Hann ætlaði sér að umskapa fjármálastjórnina með því að hækka gjaldaáætlun fjárlaganna, svo að hún yrði sem réttust mynd af hinum raunverulegu greiðslum. En reynslan hefir sýnt, að eyðslan hefir orðið meiri, og umframgreiðslurnar eru enn nær því í sama farinu, þrátt fyrir stórhækkaða áætlun. Hann ætlaði sér og að umskapa verzlunarjöfnuðinn, svo að alltaf væri nægur gjaldeyrir afgangs innflutningi fyrir afborgunum og vöxtum og öðrum duldum greiðslum og skuldbindingum til útlanda. Hann fékk alla þá löggjöf, sem hann óskaði, til þess að hann gæti haft fullt vald á innflutningnum og gjaldeyrismálunum. Hann var svo heppinn, að ársútflutningurinn var á 4. millj. kr. hærri að meðaltali í tíð hans heldur en í tíð fyrirrennara hans. Hann var svo heppinn, að á síðastl. ári varð útflutningurinn nær 60 millj., og hefir hann aldrei verið neitt nándar nærri svo hár síðan 1930, og aðeins 5 sinnum í allri sögu landsins að nokkrum verulegum mun hærri en hann var nú.

En samt er nú allt dottið úr reipunum.

Gjaldeyrismálin eru nú komin í svo mikið öngþveiti, að slíkt hefir aldrei fyrr þekkzt. Mörg heilbrigð verzlunar- og iðnfyrirtæki hafa nú svo gersamlega tapað lánstrausti sínu erlendis, að þau fá ekki venjulegan 3ja til 6 mánaða gjaldfrest hjá sínum gömlu viðskiptamönnum, af því að ekki hefir verið hægt að yfirfæra skuldagreiðslur þeirra að undanförnu, þó að þau hafi haft gjaldeyrisleyfi og staðið með íslenzka peninga í höndunum. Alkunnugt er, að margt ísl. námsfólk sveltur nú í útlöndum, vegna þess, hve örðugt er að fá handa því erlendan gjaldeyri héðan að heiman. Alkunnugt er, að mesta verzlunarfyrirtæki bændanna hefir, þrátt fyrir verðhækkun landbúnaðarvara erlendis orðið að auka skuld sína utan lands á 2. millj. kr. Og hlýtur það að stafa af gjaldeyrisvandræðunum, því að samtímis hefir hagur þess stórbatnað hér innanlands. Alkunnugt er, að tóbakseinkasalan, sem nú hefir mjólkað, að tolli meðtöldum, á 3. millj. kr. í ríkissjóðinn, hefir, þrátt fyrir þenna gróða sinn, verið í svo miklum vanskilum ytra að forstjórinn varð sjálfur að sigla til útlanda f. h. ríkisins til að fá greiðslufrest eins og vanskilamaður. Allir vita, að áfengisverzlunin er nú á síðustu 3 árunum búin að selja áfengi fyrir á 11. millj., eða fyrir nær þrisvar sinnum hærri upphæð en allt landverð allra jarða í Austuramtinu. Menn skyldu því ætla, að þegar ríkisstjórnin er búin að selja vín og spíritusblöndur fyrir þrefalt landverð allra jarða í heilum landsfjórðungi og græða á því á 4. millj. kr. árlega, — þá gæti hún borgað sínar vínskuldir í útlöndum. Svo er það þó ekki. Áfengisverzlunin og aðrar einkasölur ríkisins hafa nú aukið vanskil sín á síðastl. ári á 6. hundrað þús., af því að gjaldeyrir er ekki til.

Allir vita, hvaða áhrif slíkt ástand hlýtur að hafa á viðskiptatraust landsins út á við, þegar þvílík vanskil eru hjá þeim stofnunum, er allir erl. viðskiptamenn hljóta að líta á svo

sem þar væri að eiga við ríkið sjálft. Það er og ekki að undra, þó að lánstraust almennra verzlunar- og iðnfyrirtækja og annara atvinnufyrirtækja, og svo bæjarfélaganna, verði ekki mikið erlendis, þegar jafnvel gróðamestu fyrirtæki sjálfs ríkisins eru í vanskilum, af því að gjaldeyrir er ekki til. Það er og vitað, að árlega safnast nú saman svo milljónum skiptir innifrosið erlent fé í landinu, vegna vanskila við útlönd. En innifrosið fé er ekkert annað en erlend skuld, sem er í vanskilum.

Það er því ljóst mál, að þó að hæstv. fjmrh. hafi fengið alla þá löggjafaraðstoð, sem hann óskaði, til þess að hafa hemil á gjaldeyrismálunum, þá hefir hann misst vald á þeim málum, og því hefir nú allt snarazt af hjá hæstv. ráðh.

Þetta sitt aðalverkefni, að koma lagi á gjaldeyrismálin út á við, hefir hæstv. fjmrh. því ekki heldur tekizt. Og nú er svo komið, að hæstv. fjmrh., sem áður tók munninn svo fullan, hefir nú þegar gefið upp alla von um að geta með sömu stjórn náð þeim greiðslujöfnuði, að unnt verði að standa í skilum við útlönd um næstu þrjú ár. Og því hefir hann nú beðið um heimild þingsins til þess, auk 3ja millj. lánsins, sem hann er að taka, að mega nú taka erlent lán upp á 12 millj. Þar af á að vísu 1 millj. að fara í nýja síldarverksmiðju. En hitt á að nota til að létta á gjaldeyrisþörfinni um nær 4 millj. kr. á ári, það sem eftir er kjörtímabilsins, eða á meðan að hann sé við völd.

En fær þá hæstv. fjmrh. þetta lán? Hvað tekur við, þegar þarf að fara að borga þetta lán, — ef það fæst? Hvað tekur við, ef að lánið fæst ekki?

Nú í vetur þegar Leon Blum foringi sósialistafylkingarinnar frönsku var að fara frá völdum, þá lýsti hann ástandi stj., sem hann veitti forsæti. Hann sagði, að hún væri eins og illa kominn kaupsýslumaður, sem lægi andvaka í svitabaði og væri að velta fyrir sér, hvar og hvernig hann gæti slegið sér út vixil til að komast hjá gjaldþroti á morgun. „Þannig má stjórn Frakklands ekki vera", sagði hann. Og því vildi hann vinna það til að fara sjálfur frá völdum, til þess ef hægt væri að mynda þjóðstjórn, eða trausta meirihluta þingræðisstjórn, til að reyna að kippa í lag fjármálum ríkisins.

Svona er nú einnig komið fyrir landsstjórn vorri, og raunar mestöllu atvinnulífi þjóðarinnar, fyrir atbeina sósialfylkingarinnar íslenzku. Ég vil því enn af nýju skora á stærsta þingflokkinn að beita sér fyrir myndun þjóðstjórnar eða traustrar meirihluta þingræðisstjórnar til þess að reyna að koma fjármálum og atvinnulífi þjóðarinnar aftur á réttan kjöl. Því að svona má stjórnin ekki heldur vera á Íslandi.

*__Finnur Jónsson:__ Það fór svo að vonum, að hv. þm. Dalm. skildi ekki við Framsfl. á þessari nóttu, án þess að hann klæddi sig í biðilsbuxurnar að vanda, enda þótt hann fengi hryggbrot sem fyrr. Ég hélt að hv. þm. væri að tala upp úr svefninum, er hann sagði, að gjaldeyririnn hefði ekki verið notaður til annars en að kaupa tóbak og brennivín. Hann kvað fjárhag ríkisins illa komið af þeirri ástæðu, að Framsfl. hefði sýnt þróttleysi gagnvart fjárkröfum Alþýðuflokksins. En þessar fjárkröfur hafa verið í því fólgnar, að Alþfl. hefir fengið á fjárl. fé til alþýðutrygginga, elli- og sjúkratrygginga. Þetta telur hann eftir. Alþfl. hefir líka fengið aukið framlag til atvinnubóta. Það telur hann einnig eftir. Alþfl. hefir fengið því framgengt, að aukin voru framlög til að bæta úr stórvandræðum og raunar hungursneyð, sem stafað hefði getað af því, að markaðir brygðust fyrir sjávarafurðirnar. Þetta telur hann eftir. — Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að gera þessum hv. þm frekari skil. Fjárkröfur Alþýðuflokksins hafa allar miðað að því að bæta kjör alþýðunnar við sjóinn, og er það hv. þm. samboðið, að hann skuli sjá eftir hverjum eyri, sem til þess hefir farið.

Hv. þm. A.-Húnv. söng hér að miklu leyti sama sönginn. Hann blandaði saman öllum kaupkröfum á þessu ári og fyrr og kallaði kröfur sjómanna nautnagirni og heimtufrekju, er þeir vildu fá mánaðarkaup sitt hækkað úr 214 kr. Ætli hann myndi ekki hafa sömu orð um útgerðarmenn, sem vaðið hafa í bankana og tekið þaðan það fé, sem þeim sýndist.

Hv. þm. barði mjög lóminn og sagði tap á öllu og til dæmis tók hann það, að 435 þús. kr. halli hefði orðið á Síldarverksmiðjum ríkisins síðastliðið ár. Þetta er alveg tilhæfulaust. Þrátt fyrir mikið verðfall vantaði aðeins 120 þús. kr. til þess, að síldarverksmiðjurnar gætu borgað að fullu sjóðagjöld sín, sem námu, með fyrningargjaldi o. fl., um 500 þús. kr. Á þeim tveim árum, sem fyrrv. stj. verksmiðjanna sat, bættu þær hag sinn um 1 millj. kr. Þetta kallar hv. þm. tap. Væri gott, ef hann gerði sömu kröfur til þeirra fyrirtækja, sem stjórnað er af sjálfstæðismönnum, er vaðið hafa í bankana og sóað milljónum á milljónir ofan af fé landsmanna. — Læt ég svo þessi orð nægja um hv. þm. A.-Húnv., en sný mér að hv. 3. þm. Reykv.

Sú stranga húðstrýking, sem hann fékk hjá hv. þm. N.-Ísf. á laugardagskvöldið, hefir auðsjáanlega farið svo í taugarnar á honum, að hann hefir tapað stjórn á skapi sínu. Það er skiljanlegt, að menn geti misst stjórn á skapsmunum sínum á deilufundum, þar sem menn hafa lítinn tíma til umhugsunar. En hv. þm. hafði skrifað heima hjá sér þessa dæmalausu ræðu, sem hann hélt hér, og er hún því yfirveguð óskapstillingarræða. Hann byrjaði með því öfugmæli, að í hópgöngu Alþýðuflokksins í gær hafi verið 260—270 manns, en 1800—2000 í kröfugöngu hans manna og kommúnista. Ég læt áhorfendur um að dæma um þetta. Ég hefi komizt að því af óhlutdrægra manna sögn, að þátttakan í báðum göngunum hafi verið svipuð og í fyrra. Svo að þó að hann færi yfir í kröfugöngu kommúnista, hafa aðrir komið í hans skarð í hópgöngu Alþýðuflokksins, þannig að hún varð ekki minni en í fyrra.

Þá dró hv. þm. nöfn utanþingsmanna inn í umr. á ósæmilegan hátt. Hann fór ósæmilegum orðum um Guðmund Hagalín, og sýnir þetta meðal annars, hve mjög hv. þm. skortir getu til að stjórna skapi sínu.

Hv. þm. talaði um, að Alþýðusambandið hafi

falsað meðmæli með vinnulöggjöfinni. Það þótti ekki góður siður hér áður að höggva alltaf í sama farið, en það er þetta, sem hv. þm. gerir. Það var eitt af síðustu verkum Jóns Baldvinssonar, að hann sendi út bréf með frv. En hv. þm. nægir ekki að hafa traðkað á Jóni Baldvinssyni í Dagsbrún og síðan svívirt minningu hans. Hann heldur áfram að svívirða minningu Jóns Baldvinssonar með því að segja, að hann hafi falsað meðmæli með vinnulöggjöfinni. Og þó vill hv. þm. halda því fram, að hann standi enn á grundvelli Alþfl. Hamingjan hjálpi þeim Alþfl., sem ætti eftir að hafa hann fyrir forystumann.

Þá sendi hv. 3. þm. Reykv. hv. þm. N.-Ísf. tóninn. Ég ætla ekki að bera blak af hv. þm. N.-Ísf. Hann stendur jafnréttur eftir þrátt fyrir þessi ummæli. En ég bendi á það, að hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi á laugardaginn, að hann hefði ætlað að flytja frv. um vinnulöggjöf, án þess að verklýðsfélögin eða hann sjálfur hefði séð það.

Hv. þm. kvaðst standa á grundvelli Alþfl. og aldrei verða kommúnisti. Það getur verið, en hann notar þó allar bardagaaðferðir kommúnista gegn Alþfl. Hann skiptir Alþfl. í hægri og vinstri arm og lætur sem hann sé sjálfur frjálslyndur vinstri maður, en við séum hægri menn, sem ekki stöndum lengur á grundvelli Alþfl. Nú eru þeir menn almennt kallaðir vinstri menn, sem vilja hrinda sem flestu í framkvæmd á sem skemmstum tíma. En ég veit ekki til, að hv. 3. þm. Reykv. hafi nokkurn tíma viljað fara hraðar en aðrir alþýðuflokksmenn, heldur miklu fremur hægar. Þegar hátekjuskatturinn var hækkaður 1936, greiddi hann með ólund atkv. með þeirri hækkun. Það má vera, að slíkar skoðanir eigi nú orðið heima í Kommfl. En ég held a. m. k., að aðrar orsakir liggi til þess en frjálslyndi hv. 3. þm. Reykv., að hann leitar nú samstarfs við Kommfl.

Það verða að teljast grátleg örlög hv. þm., að hann skuli nú vera farinn að berjast gegn öllu því, er hann barðist fyrir áður fyrr. Hann veit, að hann verður í minni hl. á næsta alþýðuflokksþingi, og því leitar hann nú aðstoðar kommúnista og íhaldsins. Í l. Alþýðusambandsins hefir t. d. verið ákveði um það, að fulltrúar á þing sambandsins skuli jafnan vera alþýðuflokksmenn. Við 2. umr. báru kommúnistar fram brtt. við vinnulöggjafarfrv. (þskj. 306), sem hljóðar svo:

„... allir meðlimir stéttarfélaganna skulu kjörgengir til allra stjórnarstarfa og trúnaðarstarfa sambandsins og félaga þess, án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgja eða tilheyra".

Þessari till. greiddu atkv. Bændaflokksmaður, hv. 3. þm. Reykv., kommúnistar og íhaldið. En við 3. umr. bera íhaldsmenn fram brtt. á þskj. 373, sem hljóðar svo:

„Allir félagsmenn skulu hafa jafnan rétt til trúnaðarstarfa félagsins og stéttasambands þess, án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgja".

Samfylking hv. 3. þm. Reykv., kommúnista og íhaldsins, greiddi þessari till. einróma atkv. Með öðrum orðum: Hv. 3. þm. Reykv. nægir ekki lengur að leita aðstoðar kommúnista til að eyðileggja Alþfl., heldur gengur hann til samvinnu við íhaldið til að eyðileggja ákvæði í l. Alþýðusambandsins, sem verið hefir bezta vörn þess hingað til. Ég vona þó, að hv. 3. þm. Reykv. gangi ekki greitt, þrátt fyrir þennan liðssafnað, að gera allt að engu, sem hann hefir áður unnið til gagns. — Hv. 3. þm. Reykv. talar um hægri alþýðuflokksmenn, sem vilji hindra sameingaræfintýri alþýðunnar á Íslandi. Hann viðurkennir með því, að hann rekur æfintýrapólitík. En pólitík Alþfl. er hinsvegar engin æfintýrapólitík, heldur þrotlaus barátta, sem Jón heitinn Baldvinsson talaði um. 1. maí í gær sýndi það. Yfir hópgöngu Alþfl. var þá sami blær og áður hefir verið. Yfir kröfugöngu kommúnista var einnig sami blær og áður. Þó söknuðu sumir eins kröfuspjalds sem áður hafði verið þar, en var nú horfið. Það hljóðaði svo: Niður með olíuokrið! En í staðinn var hv. 3. þm. Reykv. sjálfur kominn sem kröfuspjald. Alþýðuflokksmenn vita, að hér er ekki um að ræða neina sameiningu Alþfl. og Kommfl., heldur aðeins það, hvort hv. 3. þm. Reykv. tekst að kljúfa stórt eða lítið brot út úr Alþfl. Alþýðuflokksmenn eru nú búnir að átta sig á því, hvert stefnir í þessu máli. Þeir eru búnir að átta sig á því, að Alþfl. hefir unnið sína miklu sigra á grundvelli laga og réttar, og að það er öruggasta vörnin gegn fasismanum, að stór og sterkur alþýðuflokkur vinni hér á landi á þessum grundvelli. Flokkur, sem ynni hér á grundvelli kommúnismans og talaði um byltingu, sem hann raunar meinti ekki neitt með, yrði til þess eins að æsa upp fasismann hér á landi, og þá mætti svo fara, ef alþýða manna ber ekki gæfu til þess að sjá við slíkum öfgum, eins og fór í Þýzkalandi, þar sem nazisminn náði völdum, að 1. maí, hátíðisdagur verkalýðsins, yrði einskonar háð og spé fyrir verkalýðinn eða hátíðisdagur, sem haldinn væri í minningu þess, að verkalýðurinn beið ósigur í baráttu sinni.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með þessu ávarpi til alþýðuflokksmanna, sem mál mitt heyra: Látið ekki fjörráð kommúnistanna eða æsingar hv. 3. þm. Reykv. villa ykkur sýn. Látið ekki siga yður út af lýðræðisgrundvellinum. Veljið frjálsa hugsun og verndið hagsmuni ykkar og Alþfl. gegn hvers konar árásum, hvort sem þær koma frá kommúnistum eða Héðni Valdimarssyni. Góða nótt.

Forseti (HG): Hv. þm. Ísaf. hefir lokið máli sínu, og er þá síðari umferð lokið í kvöld.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 3. maí, var umr. fram haldið.

Forseti (HG): Að þessu sinni fara fram þrjár umferðir flokkanna, og eru tvær fyrstu umferðirnar 15 mínútur fyrir hvern flokk í hverri umferð, en í síðustu umferð 10 mínútur fyrir hvern flokk. Þessir tala í 1. umferð: Fyrir Bændafl. talar hv. 4. landsk. StSt, fyrir Alþfl. þm. Seyðf., HG, fyrir Sjálfstfl. hv. þm. Snæf., TT, fyrir Framsfl. hv. þm. S.-Þ., JJ, og fyrir Kommfl.

hv. 5. þm. Reykv., EOl. Fyrstur tekur til máls fyrir hönd Bændafl. hv. 4. landsk., StSt, og talar í 15 mín.

*Stefán Stefánsson: Herra forseti! Hæstv. forsrh. og landbnrh. reyndi að þvo sig í gærkvöldi, eins og Pílatus forðum, af öllum afskiptum af ríkisbúunum á Kleppi og á Vífilsstöðum og skaut sér á bak við þáv. atvmrh., HG, núv. hv. þm. Seyðf. Hæstv. ráðh. gat samt ekki komizt hjá því að vera með nokkrar blekkingar í sambandi við ríkisbúin. Hann kom inn á það, að búin væru ekki sambærileg við bú bændanna, því að þau væru rekin í sambandi við sjúkrahús. En það er ekkert samband á milli sjúkrahúsanna og ríkisbúanna annað en það, að mjólkin er seld frá ríkisbúunum til spítalanna 9—10 au. hærra verði en þeir bændur almennt fá fyrir þá mjólk, sem þeir selja til mjólkurbúanna. Það stendur því óhaggað, sem ég sagði í gærkvöldi, að búreksturinn á ríkisbúunum er sá aumasti sem hugsast má. Ég benti á það, að á síðasta ári hefði orðið um 20 þús. kr. taprekstur á búunum, ef búin hefðu greitt vexti af því fé, sem bundið er í búunum. — Annars skal ég bæta því við til viðbótar því, sem ég sagði í gærkvöldi, að svo aumur er hagur búanna, að ríkisstj., eða ráðh. sá, sem er yfirmaður búanna, hefir ekki séð sér annað fært en að hækka verð mjólkurinnar úr 28 au. upp í 32 au., svo að búin selja mjólkina 13 au. hærra til búanna heldur en meðalverðið er til bænda.

Þá kom hæstv. fjmrh. hér fram í gærkvöldi og bar á okkur hv. þm. Snæf., að við værum að ljúga skuldum upp á ríkissjóðinn. Ég byggði mína reikninga á tölum, sem útvarpið flutti, og tók úr riti því, sem skipulagsnefnd atvinnumála hefir látið semja. Ég skora á hæstv. ráðh. að fletta þessum tölum upp og sjá, hvort þar er ekki rétt með farið. Ef hann gerir það ekki, þá stimplar hann ekki aðeins mig sem lygara, heldur líka skipulagsnefnd atvinnumála, en í henni áttu sæti m. a. hv. þm. S.-Þ., JJ, hv. 2. þm. Skagf., StgrS, og hv. 7. landsk., EmJ. Það er gott fyrir þær n., sem hafa starfað og munu starfa í framtíðinni, að fá að vita það, að hæstv. ráðh. viðurkennir því aðeins niðurstöður þeirra, að hann geti notað þær sér til pólitísks framdráttar, en segir þær ósannindi og lygar, ef þær ganga á móti því, sem hann vill vera láta.

Við hv. þm. Dal., ÞBr, höfum flutt till. til þál. í fimm liðum um að jafna og samræma laun starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, um að lækka laun þeirra starfsmanna um 15%, er laun taka utan launalaga og hafa samanlagt yfir 4500 kr., um að takmarkaður væri réttur starfsmanna ríkisins til að hafa með höndum mörg störf og taka fyrir margföld laun, um að nöfn þeirra manna væru birt í starfsmannaskrá ríkisins, er hefðu yfir eitt þúsund kr. fyrir aukastörf, og um að birt væri yfirlit yfir ferðakostnað og dagpeninga þeirra manna, er ferðast fyrir ríkisfé. Enda þótt allir þessir liðir séu réttmætir og sjálfsagðir, lagðist hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar mjög á móti till. Óréttlætið og ósamræmið er mjög áberandi um launagreiðslur hjá hinu opinbera. Má t. d. aðeins á það minna, að prestar landsins hafa að byrjunarlaunum sömu laun og skrifstofudömur hjá ríkiseinkasölunum. Kennarar menntaskólans hafa sömu laun og þeir, er afgreiða tóbak og sígarettur hjá tóbaksverzlun ríkisins. Prófessorar við Háskóla Íslands hafa sömu laun og þeir, sem skrifa vínnótur í áfengisverzlun ríkisins. Það er ekkert um það spurt, hvort menn hafi fórnað beztu árum æfi sinnar til undirbúnings starfi sínu, eða hvort þeir eru teknir án undirbúnings upp af götunni í Reykjavík.

Á þessu þarf að ráða bót. Ennfremur er það með öllu óverjandi að hlaða fleiri störfum á einstaka starfsmenn ríkisins, svo sem gert er, og greiða þeim fyrir margföld laun. Slíkar margfaldar launagreiðslur eru spilling ein, sem útrýma þarf, aðeins gerðar til uppkaupa og þóknunar bitlingasjúkum lýð. Eitt starf, ein laun, að því ber að stefna, og að hver starfsmaður ríkisins hafi sómasamleg laun, svo að hann geti fórnað sér og sínum starfskröftum óskiptum fyrir starfið. Við leggjum því til, að takmarkaður verði með lögum eða á annan hátt réttur starfsmanna ríkisins til að hafa með höndum mörg störf og taka fyrir margföld laun, og ennfremur, að nafna bitlingamannanna verði getið sérstaklega í starfsmannaskrá ríkisins og launa þeirra fyrir hvert einstakt starf, aukastörf sem aðalstörf. Myndi slík birting vissulega draga úr bitlingunum.

Þá hefir það og tíðkazt, a. m. k. við sumar stofnanir ríkisins, að forstjórar þeirra, sem eru á háum, föstum launum taka dagpeninga, þegar þeir ferðast fyrir stofnunina, hvort heldur er utanlands eða innan. Hafa þessir dagpeningar komizt upp í 50 kr. á dag í ferðum erlendis, en 15 kr. innanlands. Slíkur fjárdráttur af ríkisfé er með öllu óþolandi. Menn, sem eru á föstum launum, og góðum launum, eiga að sjálfsögðu að ferðast án þess að fá aðra greiðslu en ferðakostnaðinn einan. Til að fyrirbyggja slíkt höfum við lagt til, að birt yrði yfirlit með hverju fjárlagafrv. yfir ferðakostnað og dagpeninga starfsmanna ríkisins.

Ég vil nú að nokkru bera saman, hvernig ástatt var með þjóðinni 1933, þegar ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar fór hér með stjórn, og hversu nú er ástatt, þegar fyrra ráðuneyti Hermanns Jónassonar lét af stjórn. Má af þeim samanburði ráða, hver gifta hefir fylgt ráðuneytinu og samstarfi stjórnarflokkanna undanfarið, og hver árangurinn hafi orðið.

1) Í árslok 1933 voru heildarskuldir þjóðarinnar við útlönd 74,6 millj. Allar líkur benda til þess, að þær séu nú a. m. k. 105—110 millj. En þrátt fyrir tugi millj. kr. skuldaaukningu segir fjmrh., að það sé staðreynd, að skuldirnar við útlönd hafi eigi vaxið í tíð núverandi stjórnar. Ekki er hreinskilninni fyrir að fara.

2) Í árslok 1933 voru engir teljandi erfiðleikar um yfirfærslu gjaldeyris. Í tíð núv. stj. hafa vandræðin á þessu sviði aukizt með ári hverju, og aukast nú með hverjum mánuði. Þetta viðurkennir fjmrh., þegar hann segir, að gjaldeyriserfiðleikarnir muni eiga eftir að vaxa og grípa verði jafnvel til ráðstafana, sem ég tel

neyðarráðstafanir, svo sem þess að takmarka og jafnvel skammta nauðsynlegar matvörur.

3) Árið 1933 var öll fátækraframfærsla í landinu um 1,9 millj. Árið 1936 nam fátækrabyrðin nálega helmingi hærri upphæð. Síðastl. ár mun upphæðin hafa farið allverulega vaxandi, frá því sem áður var. Þessi aukning fátækrabyrðarinnar byggist fyrst og fremst á vaxnadi atvinnuleysi, enda þótt það væri eitt af því, sem gera átti, að útrýma atvinnuleysinu með öllu.

4) Í febrúar 1933 voru skráðir 623 atvinnuleysingjar í Reykjavík. Á sama tíma 1937 voru þeir 933. Atvinnuleysið í höfuðborginni hefir aldrei verið meira en nú síðan um áramótin.

5) Skattar og tollar hafa stóraukizt. Árið 1933 greiddi þjóðin til ríkisþarfa sem svaraði 119 kr. á hvern einstakling. En 1937 155 kr. Aukningin er því 36 kr. á hvert nef. Eitt af því, sem stjórnarflokkarnir ætluðu að gera, var að aflétta tollum og sköttum.

6) Árið 1933 voru atvinnuvegir landsmanna yfirleitt reknir með tapi. Svo hefir einnig verið áframhaldandi í tíð núv. stj. Og er nú svo komið, að aðalatvinnuvegir landsmanna liggja í meiri og minni rústum, einkum þó sjávarútvegurinn. Svo hefir nú farið, enda þótt stjórnarflokkarnir ætluðu að færa nýtt fjör í atvinnuvegina.

7) Árið 1933 flýði fólkið sveitirnar. Þannig er það enn, þrátt fyrir alla vellíðan og alla sælu, er stjórnarflokkarnir stæra sig af, að hafa flutt út í byggðir landsins.

8) Árið 1933 var það engum erfiðleikum bundið fyrir ríki eða einstaklinga að fá lán í útlöndum. Nú er lánstraust ríkisins og þegnanna þrotið. Má í því sambandi benda á ummæli hv. þm. S.-Þ., JJ, í Nýja dagbl. 20. apríl síðastl., þar sem hann ræðir um lánið til hitaveitu Reykjavíkur, og hvers vegna það hafi ekki fengizt í Englandi. Hann segir meðal annars: „Neitun stjórnarvaldanna þýðir ekki annað en það, að þeim þykir ekki öruggt að lána hingað meira fé, að óbreyttum kringumstæðum.

9) Sjálfsbjargarhvöt einstaklinganna er æ meir og meir lömuð með allskonar ófrelsi og einokunum, þannig kippt styrkustu stoðum undan framtíð einstaklinganna, og þá jafnframt undan afkomu og hag ríkisins.

10) Árið 1933 átti kommúnisminn hér mjög erfitt uppdráttar. Nú dafnar hann sem gorkúla á þeim haug upplausnar og glundroða, er skapazt hefir með þjóðinni í tíð núv. stjórnarflokka. Vera má, að hv. stjórnarflokkum sé eigi með öllu sjálfrátt um, hversu öll þeirra vopn, er þeir ætluðu að beita til fjár og frama þjóðinni, hafa snúizt í höndum þeirra og orðið til ógæfu einnar. Mun það hvorttveggja, að stjórnarflokkarnir kunna ekki vel til vígs — eru eigi færir um að fara með stjórnina á þessum erfiðu tímum, — enda fylgir þeim lánleysi mikið.

Ástæðan til vandræða þjóðarinnar er fyrst og fremst það ósamræmi á verðlagi innanlands, er stj. hefir átt sinn þátt í að skapa. Því til sanninda vil ég benda á mjög ýtarlega grein, er hinn merki bóndi, Jón Gauti Pétursson á Gautlöndum, hefir skrifað að tilhlutun S. Í. S. um afkomu landbúnaðarins fyrrum og nú. Hefir grein þessi birzt í blaði Kaupfélags Þingeyinga, og mun hafa verið ákveðið á sambandsfundi að birta hana einnig í „Samvinnunni". En þegar betur var að gáð, mun hafa verið horfið frá því, þar sem greinin kynni að varpa nokkrum skugga eða fölva á hina fölsku gyllingu þeirra framsóknarmanna á vellíðan og batnandi hag bænda. Kemst greinarhöfundur að þeirri niðurstöðu, að það séu eigi viðskiptin við útlönd, verzlunarárferðið, sem erfiðleikunum valdi, en að það sé ósamræmið eða misvægið í afurðaverði annarsvegar, og í kaupgjaldi og opinberum gjöldum hinsvegar, sem ófarnaðurinn byggist fyrst og fremst á. Ég vil aðeins minna á, að því er kaupgjaldið snertir, að hann segir, að hækkað kaupgjald og afurðaverð hafi haldizt í hendur á árunum 1900—1919. Þaðan frá dregur svo í sundur, að 1920—1929 þarf til jafnaðar 18 ærafurðir til greiðslu sömu vinnu, sem 10 ærafurðir þurfti áður. Og 1930—1935 þarf 35 ærafurðir. Alveg sama eða svipuð hlutfallshækkun segir hann, að hafi orðið á opinberum gjöldum til sveita. Lýkur Jón grein sinni þannig: „Þetta misvægi þarf að hverfa, ef allt atvinnulíf í landinu á ekki að fara í kaldakol. Og það er fávíslegt að halda, að það lagist af sjálfu sér, þannig að markaðsverð afurða okkar í útlöndum hækki teljandi frá því, sem orðið er. Miðað við verð á öðrum matvælum og hráefnum, er framleiðsla okkar keypt furðu háu verði eftir gæðum og meðferð. Jafnvægi milli afurðaverðs og annars verðlags í landinu fæst því ekki, nema með gengislækkun krónunnar eða öðrum aðgerðum, sem hafa sviplík áhrif til sérstakrar hækkunar á verðgildi afurðanna, sem út eru seldar. Ennfremur segir höfundur, að það þurfi að beita sér fyrir að skapa samræmi í innanlandsverðlagi, ef fólkið á að geta lifað í landinu.

Hróp kommúnista um það að auka kaupgetuna, án þess að gæta þess á nokkurn hátt, hvað framleiðslan þolir, hafa stjórnarflokkarnir tekið sér í munn og framkvæmt í verki, skapað þannig falska kaupgetu og gert hvorttveggja í senn, lagt framleiðsluna í rústir og skapað atvinnuleysi og örbirgð hjá verkalýðnum.

Heyrzt hefir, að stjórnarflokkarnir, vegna lánleysis síns og hinna auma ávaxta af samstarfinu, hafi nú þegar gefið upp alla von um, að þeim takizt að bjarga þjóðinni frá hruni, og hafi því ákveðið að láta allt fljóta sofandi að feigðarósi. Í krafti þessarar ákvörðunar er sagt, að þeir ætli að taka upp 10 ný boðorð, er þeir segja í fullu samræmi við ávextina af samstarfinu. Eru þau svohljóðandi:

1) Aukum skuldirnar.
2) Blómgist gjaldeyris- og yfirfærsluerfiðleikar.
3) Vaxi fátækrabyrðin.
4) Eflist atvinnuleysið.
5) Tvöföldum tolla og skatta.
6) Lömum atvinnuvegina.
7) Flýjum sveitirnar.
8) Eyðum lánstraustinu.
9) Kyrkjum einkaframtakið.
10) Sköpum góðæri fyrir kommúnismann.

Það, sem ef til vill er ljósasta táknið um það ófremdarástand, er nú ríkir með þjóðinni,

er sá vöxtur, sem hlaupið hefir í Kommfl. í tíð núverandi stj., enda er Kommfl. mjög þakklátur stjórnarflokkunum fyrir það ástand, er þeir hafa átt beztan þátt í að skapa með þjóðinni. Einustu aðfinnslur þeirra eru, að ástandið eigi er aumara en það er, samanber að eigi hafi verið stjórnað nægilega í anda kommúnismans.

Þar, sem sæmileg afkoma er með þjóðunum, þar, sem atvinnulífið stendur í blóma, þar eru engin skilyrði fyrir kommúnismann. Kommúnisminn er byltingarstefna og hlýtur að skapa af sér aðra byltingarstefnu, fasismann, eigi hann eftir að dafna hér frekar en orðið er. Og því ber öllum Íslendingum að vinna að því að uppræta þetta illgresi með þjóðinni. Núv. stjórnarflokkar hafa bæði viljandi og óviljandi skapað það ástand, er hæfir kommúnisma og eflir hans lífsskilyrði. Er slíkum mönnum treystandi til að fara fram með stjórn landsins? Mönnum, sem gengið hafa undir jarðarmen með kommúnistum, blandað við þá blóði? Eru þeir líklegir til að hrinda þessum ófögnuði af þjóðinni? Því aðeins má vænta þess, að Ísland verði áfram í tölu fullvalda ríkja, að allir andstæðingar kommúnismans í hvaða mynd, sem hann kann að birtast, taki höndum saman til viðreisnar landi og þjóð. Og fyrsta skilyrðið til þess, að það megi takast, er að útrýma öllum kommúnisma og hálfkommúnisma úr þessu landi. Og það verður bezt gert með því að efla framleiðsluna, og að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir taki sér í munn kjörorð Bændafl.: Framleiðslan verður að bera sig. Verði því kjörorði fylgt og það framkvæmt og allt við það miðað, þá er einhver von um batnandi tíma.

*__Haraldur Guðmundsson__: Herra forseti! Hv. 7. landsk., EmJ, gerði í gær grein fyrir afstöðu Alþfl. til stjórnarinnar, en hún er á þessa leið: Hlutleysi með stuðningi gegn vantrausti meðan stj. fylgir sömu stefnu og fyrra ráðuneyti Hermanns Jónassonar, sem Alþfl. átti ráðh. í, og einstakar stjórnarframkvæmdir eða lagasetning ekki gefur tilefni til annars.

Alþfl. telur samvinnu bænda og verkalýðs kaupstaða og við sjávarsíðu æskilega, eðlilega og nauðsynlega til að tryggja hag þjóðarmeirihlutans og lýðræði í landinu. Eini möguleikinn til þess, að vinstri stjórn, frjálslynd stjórn, sem gætir réttar og hagsmuna þessara meginstétta þjóðarinnar, fari með völd, er, að þessi samvinna haldist. Því hefir Alþfl. ekki, þrátt fyrir það, sem Alþfl. og Framsfl. hefir greint á um, viljað slíta samvinnunni að svo stöddu, og það jafnvel þótt ágreiningsatriðin væru það mikilsverð, að hann vildi ekki bera ábyrgð á afgreiðslu þeirra þann veg, sem Framsókn kaus að ráða þeim til lykta, með því að hafa áfram ráðh. í ríkisstj., og ákvað því að draga hann út úr stj., eins og gert var við afgreiðslu laganna um gerðardóm í togaradeilunni.

Eftirtektarvert er það, að öll þau mál, sem alvarlegastur ágreiningur hefir risið út af milli Alþfl. og Framsfl., eru þess eðlis, að Framsfl. hefir ekki fengizt til þess, að dómi Alþfl., að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins og þess fólks, sem á afkomu sína undir honum. Svo var það vorið 1937, þegar Framsókn neitaði að fallast á till. Alþfl. um rannsókn á rekstri og hag togaraútgerðarinnar og uppgjör gjaldþrota fyrirtækja. Svo var það haustið 1937, þegar Framsfl. afgr. lögin um síldarverksmiðjur ríkisins með Sjálfstfl., og loks á þessu þingi, þegar hann samþ. lögin um gerðardóm í togaradeilunni í stað þess að fallast á till. Alþfl. um að lögfesta till. sáttasemjara um kaup á saltfisksveiðum.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá því að benda á, hversu ranglega blöð Framsfl. segja frá þessu, og er það sérsaklega áberandi í Nýja dagblaðinu 9. apríl 1938, því að þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Danskir jafnaðarmenn vilja heldur gerðardóm en lögfestingu kaups". Síðan er birt fregn, sem kölluð er útvarpsfregn, um það, að jafnaðarmannastjórnin í Danmörku hafi viljað gerðardóm, en ekki lögfestingu kaups, sem stjórnarandstæðingar hafi stungið upp á. Síðan bætir blaðið við frá eigin brjósti: „Eftir öðrum fréttum að dæma höfðu verkamenn samþ. till. sáttasemjara, en vinnuveitendur hafnað henni. Ef danskir jafnaðarmenn hefðu farið að dæmi Alþfl. hér, hefðu þeir átt að bera fram frv. um lögfestingu kaupsins í stað gerðardóms".

Svo mörg eru þessi orð. Þessi fregn er öll skökk, og ef blaðið hefir ekki vitað þetta, þegar það birti hana, þá hlýtur það að hafa fengið að vita þetta strax á eftir, því að þarna er öllu snúið við. Það var danska stjórnin, sem lögfesti till. sáttasemjara um ákveðið kaup. Það voru Jafnaðarmannaflokkurinn og Radikali flokkurinn, sem samþ. þá till., en andstöðuflokkarnir, íhaldsmenn, vinstrimenn og Retsforbund, voru andvígir henni og kröfðust þess, að settur væri gerðardómur til þess að dæma um kaupið. Það var því alveg samskonar till., sem jafnaðarmannastjórnin samþ., og sú, sem við fluttum um að lögfesta till. sáttasemjara um kaup á saltfisksveiðum. En þessu er alveg snúið við hjá blaðinu, og engin leiðrétting er flutt á þessu. Þetta var atriði, sem ég gat ekki látið hjá líða að beina til hæstv. forsrh.

Þessi afstaða í heild til sjávarútvegsins sýnir og sannar, að erfiðleikarnir á samvinnu flokkanna hafa aldrei stafað af því, að Alþfl. hafi ekki skilið og metið nauðsyn landbúnaðarins og fólksins, sem stundar hann, fyrir hina margvíslegu aðstoð og fjárhagsstuðning, sem Alþ. hefir veitt honum síðan stjórnarsamvinnan hófst 1934. En hið sama er því miður ekki hægt að segja um skilning Framsfl. á nauðsyn og aðstöðu þess fólks, sem við sjóinn býr og á allt sitt undir sjávarútveginum, afkomu hans og starfsháttum. Atvinnuleysi og tekjurýrnun verkamanna og sjómanna, sem er afleiðing aflabrestsins gífurlega og saltfisksmarkaðstapanna, er mæðiveiki kaupstaða og sjávarþorpa, sem engu síður þarf að mæta með opinberum aðgerðum en mæðiveiki sveitanna, fjárpestinni.

Nú hafa á þessu þingi verið samþ. lög í samræmi við fyrri hluta till. Alþfl. á vetrarþinginu 1937 um rannsókn á rekstri togaraútgerðarinnar, ásamt athugun annara mikilsverðra mála, svo sem bankamála og tolla- og skattamála. Við

afgreiðslu þeirra fæst úr því skorið, hvort grundvöllur fæst fyrir áframhaldandi, varanlegri samvinnu milli flokkanna.

Áður en ég vík að öðrum flokkum og afstöðu þeirra til ríkisstj., verð ég að beina nokkrum orðum til hæstv. forsrh., HermJ. Ummæli hans um stéttabaráttuna gefa fyllsta tilefni til fjölmargra aths. En að þessu sinni skal ég láta nægja að benda á það eitt, að það er hvorki á hans færi né nokkurs annars að koma í veg fyrir hana, meðan svo er fyrir komið okkar þjóðmálum, að stéttirnar búa við hin ólíkustu kjör og andstæða hagsmuni. Með því einu að koma á gagnkvæmri samvinnu stéttanna, að meginstéttirnar standi saman og styðji hver aðra, má afstýra því böli án stórfelldra skipulagsbreytinga. Að því vill Alþfl. vinna. Vill hann og hans flokkur það? Ég vona, að svo sé.

Út af ummælum hans og nokkurra hv. þm. um deilu stýrimanna við útgerðarfélögin, vil ég taka það fram, að það er alveg rangt, að deilan snúist aðallega um kaupgjaldið til þessara manna. Aðalkrafa þeirra er, að þeir fái ákveðinn takmarkaðan vinnutíma, eins og stéttarbræður þeirra í nærliggjandi löndum. Þessi aðalkrafa þeirra verður ennþá ákveðnari vegna aðgerða Framsfl., *sem hefir nú með aðstoð Sjálfstfl.*, fengið samþ. í Nd. frv. um fækkun stýrimanna, sem áreiðanlega, ef það skyldi verða að l., yrði til þess fyrst og fremst, auk annars, að lengja vinnutíma þeirra, sem eftir yrðu. Það er því sízt að furða, þótt hér hafi risið ágreiningur, sem ég þó vona, að muni jafna sig, án þess það þurfi að koma til aðgerða ríkisstj., a. m. k. beinlínis. Það verður að teljast sjálfsagt, að reynt sé til þrautar, áður en til þess komi.

Ég skal einnig geta þess, að sá samanburður á kaupi þessara manna hér á landi og annarsstaðar, sem Nýja dagblaðið og Morgunblaðið hafa gert, er mjög villandi. Þar er ekkert tillit tekið til þess, að dýrtíðin hér er 257 á móti 161 þar.

Flokksmenn hæstv. ráðh. hafa borið fram frv., sem sýna, að þeim er ekki ljós stéttaraðstaða ýmsra stétta í þjóðfélaginu. Það eru frv. um breyt. á siglingalögunum og breyt. á lögum um iðnaðarnám, sem þeir vona að fá menn innan Sjálfstfl. til að fylgja. Ég vona, að ekki hljótist nein stór vandræði af þessu. En ég get ekki hjá því komizt í sambandi við þetta og fleira að benda hæstv. ráðh. á hið gamla orðtak, að gæta sín fyrir vinum sínum.

Ég sé, að í Nýja dagblaðinu, þar sem eru hugleiðingar um hina erfiðu tíma, sem eru svo algengar nú á tímum, er bent á, að eitt bezta bjargráðið sé að afnema kosningaréttinn hjá þeim, sem þurfa að þiggja opinberan framfærslustyrk. Ef margar raddir í hans flokki eru þessari svipaðar og flokkurinn hallast að slíku, þá hygg ég, að hljóti skjótlega að enda sú samvinna, sem verið hefir milli flokkanna og ég vona, að eigi eftir að haldast milli Alþfl. og Framsfl.

Ég verð að láta þetta nægja til hæstv. forsrh. Hv. þm. Snæf. hóf ræðu sína á því, að virðingu þingsins færi óðum hrakandi. Ég skal nú ekki margt um þetta ræða við hann. En ég verð að draga það mjög í efa, að ræða, slík sem hann flutti, sé líkleg til þess að bæta úr þessu, ef satt kynni að vera. Hún var að mestu leyti stóryrði og fúkyrði og illyrði, í stað raka, ef svo mætti segja. A. m. k. lánaðist mér ekki að finna rök í hans ræðu. Hv. þm. sagði, að viðskilnaður minn við sjávarútveginn hefði verið hinn ámátlegasti, og talaði um, að framundan væri útlitið ekki glæsilegt og allt væri í kalda koli. Það er rétt, að útlitið framundan er ekki bjart. En er það sök atvmrh.? Ég veit ekki, hvað þessi hv. þm. er langminnugur. En ég vil benda honum á að fletta upp í þingtíðindunum frá 1934 og lesa þar ræðu síns eigin bróður, hv. þm. G.-K., ÓTh, þar sem hann er að lýsa ástandi sjávarútvegsins 1934. Þá var allt í rústum og kalda koli, eftir því sem hann lýsir sjávarútveginum þá, þrátt fyrir eindæma aflabrögð undanfarið og opna markaði. Þrátt fyrir það, þótt svona hafi verið ástatt þá, að dómi hv. þm. G.-K., þá hefir þó lánast að halda sjávarútveginum gangandi síðustu ár, án þess að nokkur röskun hafi orðið á eðlilegu úthaldi. Þetta hefir tekizt þrátt fyrir eindæma aflabrest og þá markaðslokun, sem hv. þm. er kunnugt um. Þetta hefir verið gert þrátt fyrir það, þótt við höfum að *mestu leyti tapað mörkuðum okkar á Spáni* og á Ítalíu. Þetta veit hv. þm., og hann veit líka, að það er ekki neitt lítið átak, að hafa haldið þessu svo gangandi sem gert hefir verið til þessa tíma. Hann veit líka, að aldrei á nokkru tímabili hefir jafnmikið verið gert að því að létta gjöldum af sjávarútveginum og veita honum stuðning. Hv. þm. veit um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, afnám útflutningsgjalds af saltfiski, afnám kola- og salttolls, og hann veit, að á síðasta þingi var gert ráð fyrir fjárframlögum til sjávarútvegsins, sem nema 11—12 hundr. þús. kr., að mestu leyti nýjar fjárveitingar, og hann veit líka, að þetta á að auka nú á þessu þingi. Hvernig hefði farið, ef þetta hefði verið vanrækt? Hvernig hefði farið, ef útveginum hefði ekki verið haldið gangandi með þessum framlögum, hefði hann verið látinn eiga sig þrátt fyrir öll áföllin, sem hann hefir orðið fyrir? Það er rétt, að ég vildi ekki fallast á að útvegsmenn mættu nota gjaldeyri landsmanna til þess að braska með hann og fella þannig krónuna fyrir landsmönnum. Sömuleiðis er það rétt, að ég var því ekki fylgjandi að kaupa togaraútgerðarmenn hér í Reykjavík til að gera út á saltfisksvertíð með því að lofa þeim fríðindum sem námu 40 þús. kr. á skip, eða 1½ millj. kr. alls, að óbreyttu rekstrar- og stjórnarfyrirkomulagi þessara fyrirtækja, eins og t. d. Kveldúlfs. Þetta skal játað.

Hv. þm. þótti við sósialistar dýrir í rekstri. Er það undarlegt, þar sem við höfum lagt til sjávarútvegsins svo gífurlegt fé, til atvinnubóta 500 þús. kr., til alþýðutrygginga 550 þús. kr., til framfærslu sjúkra manna 300 þús., og til byggingarsjóða verkamanna 280 þús. kr. Ég veit, að hv. þm. Snæf. þykir við sósialistar dýrir í rekstri, en fleiri eru það, sem dýrir eru. Þykir hv. þm. Kveldúlfur ekki dýr í rekstri, Kveldúlfur, sem um fleiri ár hefir verið einskonar byggingarsjóður fyrir Thorsbræður? Hver borgar

þann rekstur? Ég teldi það fé betur komið í annan byggingarsjóð. Þessi hv. þm. talar úr glerhúsi, þegar hann talar um dýran rekstur. Hann er líka í stjórn fisksölusambandsins. Er það ekki ódýr rekstur?

Hv. þm. valdi Alþfl. hæðileg orð og hrokaleg fyrir að afstýra vantraustinu á ríkisstjórnina, eftir að ég var farinn úr ríkisstjórninni, og þótti það hin hræðilegasta útreið. Ég þakka hv. þm. umhyggjuna fyrir mér, en ég held, að það stæði honum nær að bera þessa umhyggju fyrir sínum eigin flokki. Það er vitað, að togarastöðvunin var gerð til þess að koma stjórninni í vandræði og veikja hana, í von um að fá íhlutun og áhrif á hana að því loknu. Það sannar meðal annars, að togarastöðvunin var ekki kaupdeila, að stöðvaðar voru ufsaveiðarnar, þar sem engin kaupdeila kom til. Lok togarastöðvunarinnar urðu íhaldsmönnum vonbrigði. Henni lauk svo, að gerðardómurinn var samþ. og íhaldsmenn féllu frá kröfum sínum um óbreytt kaupgjald sjómanna og gengu inn á hækkun. Þeir féllu frá kröfunum um friðindi frá ríkissjóði, sem námu um 40 þús. kr. á skip, með óbreyttum rekstri togaraútgerðarinnar. Þeir féllust á rannsókn á rekstri togaraútgerðarinnar, sem þeir töldu áður hina mestu óhæfu, en form. Sjálfstfl. talar nú um sem sitt hjartans mál og þykist sjá þar hilla undir uppfyllingu innilegustu óska sinna, ef frv. það verði samþ.

Loks fagnar hv. þm. Snæf. yfir því, að útlit sé með, að vinnulöggjöf verði samþ. á þessu þingi. Sú löggjöf er ekki um hækkað kaup og bætt kjör verkamanna. Það er löggjöf, sem bannar atvinnurekendum að reyna að fá félagsbundna verkamenn til að gerast verkfallsbrjóta, sem löghelgar verkföll, jafnvel skyndiverkföll, sem baráttuvopn alþýðunnar gegn atvinnurekendum, sem bannar pólitiska brottrekstra og lögverndar trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Ég verð að segja, að rækilegar getur enginn stjórnmálaflokkur kysst á vöndinn en Sjálfstfl. hefir gert með þessu, og þá ekki sízt þessi hv. þm., eins og ummæli hans hér síðast báru með sér. En í hvaða skyni er allt þetta gert? Til þess að spyrjast fyrir um það hjá Framsfl., hvort hann vilji ekki taka Sjálfstfl. með sér í þjóðstjórn. Í þjóðstjórn með flokki, sem hefir lýst því yfir, að hann muni fylgja sömu stefnu í fjármálum atvinnumálum og viðskiptum framvegis. Nú gerir ekkert til með l. um skipulagning síldarsölunnar, mjólkurlögin, kjötlögin, um fisksöluna, um innflutning og gjaldeyrisverzlun og um tryggingar. Ekkert af þessu skiptir neinu máli, bara ef þessir menn verða teknir inn í þjóðstjórn. Þá má allt þetta haldast. Þeir eru vonlausir um meirihl. síðan „breiðfylkingin“ brást líka, svo að þeir snúa nú vonum sínum til samkomulags við Framsfl. Hverju þeir ætla svo að bjarga með því, það vita þeir bezt. En þetta verður að teljast sú fullkomnasta uppgjöf, sem nokkurn stjórnmálaflokk hefir hent.

Thor Thors: Herra forseti, góðir áheyrendur! Ég hefi aðeins örstuttan tíma, en þarf að svara ýmsu í ræðum hv. andstæðinga, einkum frá því í gærkvöld.

Í sporum hv. þm. Seyðf., HG, mundi ég ekki minnast á orð eins og að kyssa á vöndinn. Annars mátti segja, að kjörorð ræðu hans væri: „Miklir menn erum við, Hrólfur minn“. Hann taldi í þessari ræðu sinni, að ríkisstjórnin hefði hvorki meira né minna en bjargað sjávarútveginum, og sér hann bjargráðið einna helzt í starfi ýmsra n., sem nú á að fara að skipa. Það er ekki furða, þótt hæstv. forsrh. gæti ekki notazt við þennan úrræðagóða ráðh.

Ég ætla annars að snúa máli mínu til sósíalista.

Háttv. 7. landsk., EmJ, var í gærkvöldi aðalræðumaður úr hópi sjömenninga hv. þm. Seyðf., HG. Ræða hans bar vott um samskonar vingulsháttt og vandræði og gripið hefir alla hersing HG, eftir að HV var rekinn úr matardeild Alþfl. Hv. þm. virðist farin að förlast vígfimin, og ljósið á vita hans var óvenju dauft. Þessi hv. þm. sagði, að það hafi ekki verið unnt fyrir þá félaga að hafa ráðh. úr þeirra hópi í stj. Framsfl. vegna hliðarstökks þess flokks í gerðardómsmálinu. Gott og vel. Það vita allir, sem eiga sæti hér á hv. Alþ., að hæstv. forsrh., HermJ, beinlínis flæmdi hv. þm. Seyðf., HG, stig af stigi beina leið út úr ríkisstj., og það skilja víst allir þm., að hæstv. forsrh. var orðinn dauðleiður á hv. þm. Seyðf., mannalátum hans annarsvegar, en úrræðaleysi hans hinsvegar. Þeir Haraldur & Co. voru búnir að svíkja sitt aðalstefnumál, samningsrétt verkalýðsins sjálfs í kaupdeilum og höfðu sjálfir borið fram frv. um lögfestingu kaupsins. Þeir þurftu þess vegna ekki að skilja við Framsfl. vegna mismunandi stefnumiða. En úr því að þeir neyddust til að draga ráðh. sinn úr ríkisstj., — hvernig í ósköpunum gátu þeir þá skriðið aftur að værðarvoðum Framsfl., beðizt ásjár og skjóls? Það gera engir nema langþreyttir, örvinglaðir og uppgefnir vegfarendur úr hríðum og óveðrum pólitíska vegleysa. Bugaðir menn báðust gistingar. Ef það var ástæða fyrir þessa sjömenninga, sem kalla sig Alþfl., að draga ráðh. sinn úr ríkisstj., þá leiðir sú ástæða rökrétt og óhjákvæmilega til þess, að þeir hlutu að slíta stjórnarsamvinnu með öllu og neita allri ábyrgð á ríkisstj. Það liggur í augum uppi, að Alþfl. ber jafnt ábyrgð á ríkisstj., hvort sem hann hefir mann í henni eða ekki. Munurinn er aðeins sá, að með því að hafa mann í stj. hefir flokkurinn aukin völd og aðstöðu til að fylgjast með stj. framkvæmdum, en án ráðh. veikari aðstöðu, en sömu óþægindi. Þegar hv. 7. landsk. þm., EmJ, segir, að Alþfl. hafi ekki talið sér kleift að setja mann í ríkisstj., þá beitir hann vísvitandi blekkingum. Allir hv. þm. vita, að Alþfl. sótti með mestu áfergju að koma ráðh. í ríkisstj., ekki aðeins einum, heldur tveimur ráðh., en Framsfl. harðneitaði. Samt sem áður gengu þeir HG og félagar í skála Framsfl., ekki sem hirðmenn, heldur sem húskarlar. Það er athyglisverð bersögli, þegar EmJ segist viðurkenna, að Alþfl. hafi teygt sig of langt til samvinnu við Framsfl. — En þetta gerði Alþfl., bætti EmJ við, af því að Alþfl. er ábyrgur flokkur og þarf að ná sem mestu úr öllum atvikum. Þarna kom líklega alveg óvart hin hreinskilnislega játning sósíalistanna. Þeir

þurfa, Haraldur & Co., að ná sem mestu úr öllum atvikum, og þess vegna styðja þeir jafnvel forsrh., sem hafði flæmt þá á brott. En handa hverjum vilja þeir ná sem mestu, þessir makalausu foringjar? Hverja hugsuðu þeir mest um undanfarið kjörtímabil? Það þarf ekki annað en að líta á feril þessara manna til að svara þeirri spurningu, það þarf ekki nema skyggnast eitt augnablik inn til þeirra, inn í það fyrirtæki, sem HV, sem er gerkunnugur þessu öllu, kallar nú „beinaverksmiðjuna Skjaldborg". Þá þekkir maður andlitin. Handa sjálfum sér þurfa þeir enn að ná sem mestu. Þess vegna fórna þeir Haraldur og félagar hans fornum hugsjónum, samþ. vinnulöggjöf, sem þeir undanfarið hafa kallað þræla- kúgunarlög, og nudda sér í rólegheitum og spekt utan í ríkisstj. Framsfl. — Hv. 7. landsk., EmJ, sagði þó, að samvinnan ylti á starfi þeirra mþn., sem nú starfa í bankamálum, útvegsmálum og skattamálum. En því skyldu þær nefndir slíta samvinnunni? Þeir sjömenningar hafa engin áhugamál önnur en þau, sem Framsfl. skammtar þeim. Og ef þeir skyldu nú verða óþægir í taumi, þá má líklegt telja, að málefni nái samt fram að ganga á þingi, og sósialistar halda áfram að hanga aftan í. Það eina, sem getur slitið þá úr taumi, er þing Alþýðusambandsins, — sú rödd, sem EmJ sagði í gær, að ég vildi að engu hafa. Maður líttu þér nær. Ég hafði sagt, að þessari samkomu bæru ekki yfirráð yfir Alþingi Íslendinga, og að Alþ. mætti ekki tefja vegna hennar. Þetta fannst EmJ hreinasta goðgá og vottur einræðishneigðar, er ég vildi hafa að engu ályktanir þessa klíkufundar, er hann kallaði vilja alþýðunnar í landinu. Vilji alþýðunnar í landinu kemur fram við hverjar alþingiskosningar, og eftir þeim vilja ber alþm. að fara. Það hafa þeir HG og félagar hans ekki gert. En ef EmJ álítur þing Alþýðusambandsins svo helga samkomu og óvefengjanlega véfrétt um vilja alþýðunnar í landinu, hvernig stendur þá á því, að hann og félagar hans þverskallast af öllum lífs- og sálarkröftum við því að kalla þetta þing nú saman, þrátt fyrir margendurteknar áskoranir fjölda verkalýðsfélaga á hinum alvarlegustu og vandasömustu tímum í sögu þessa félagsskapar? Því má þessi rödd alþýðunnar ekki tala nú? Ég spyr. Og ég skal svara. HG og félagar hans þora ekki að kalla saman alþýðusambandsþing, af því að þeir vita, að rödd þess mun fordæma þá og þeirra valdabrask. En meðan þessu fer fram, ættu þeir sjömenningar sem minnst að tala um þing Alþýðusambandsins. En það hefir komið fram við þessar umr. enn á ný, hversu veik aðstaða hæstv. núv. ríkisstj. er. Hún styðst frá einu máli til annars, einni stjórnarframkvæmd til annarar við þessa fylgislitlu og óttaslegnu sjömenninga. Sjá allir, hversu ófær og veik aðstaða hennar muni vera í öllum stærstu ágreiningsmálum og mestu vandamálum, þegar mest á ríður.

Ræða mín í gær virtist hafa farið óstjórnlega í hinar órólegu taugar EmJ. Hann sagði, að hún hefði verið í afturhaldsátt, aðallega, að mér skildist, af því að ég hafði minnzt á hugsanlega fækkun þm. Ég skil vel, að sósialistum hrjósi hugur við að missa þingsæti, en með eða án fækkun þm. mega þeir ekki sköpum renna. EmJ, fannst ég hneigjast til einræðis og sagði, að ég hefði viljað banna kommúnista. Þetta er hrein blekking. Ég talaði um samstarf allra ábyrgra stjórnmálaflokka til að kveða niður á þingræðislegan og lýðræðislegan hátt hinn rússneska ófögnuð, gera kommúnista valdalausa, forsmáða, aumkunarverða lýðskrumara, eins og þeir eru á Norðurlöndum og í Englandi. Ég veit, að EmJ vill í hjarta sínu ekkert heldur, en hann þorir ekki að taka upp baráttuna, af því að hann er háður fylgi þessara manna og skortir manndóm til að segja þeim til syndanna.

EmJ benti á blessun stjórnarfarsins undanfarin ár. Enginn hefir fundið til þeirrar blessunar, nema stjórnarherrarnir sjálfir og þeirra nánasta fylgilið. Ég má svo ekki vera að því að eyða fleiri orðum í hann.

Ég vil þá snúa mér að hæstv. forsrh. Hann var eins og fyrri daginn ánægður með sjálfan sig. Það var allt í stakasta lagi með þinghaldið. Þing hafa áður verið löng, sagði hæstv. forsrh. Og ég vil segja: Langt þinghald er engin synd, ef þingið aðeins hefir afrekað eitthvað nýtilegt og farsælt fyrir þjóðina. Þingin 1924—1927 voru að meðaltali 95 daga. Á því tímabili var þjóðinni bjargað úr fjárhagslegum voða fram til sæmilegrar afkomu. Þá þurfti sjávarútvegurinn engan stuðning ríkisvaldsins, en skip voru byggð til landhelgisgæzlu, og hún mjög aukin, hagsmunum landbúnaðarins var borgið m. a. með stofnun ræktunarsjóðs og byggingu *kæliskips*. Þá var vinna í landinu handa þeim, sem vildu vinna, og þjóðin undi hag sínum undir öruggri forystu. En í tíð núv. stj. hafa þingin staðið að meðaltali í 108 daga og afrekað það, sem þjóðin nú finnur í öllu sínu daglega lífi. En svipur þingsins hefir og gerbreytzt. Hin fyrri virðing fyrir Alþ. er horfin, og þjóðin lítur ekki lengur vonaraugum til Alþ., heldur óttast afglöp þess.

Hæstv. forsrh. sagði, að aldrei hefði meiru verið varið til sjávarútvegsins en einmitt nú. Það er vitað, að sjávarútvegurinn hefir á undanförnum áratugum ekki sótt fé í ríkissjóðinn, heldur hafa dropið gullhringar Draupnis í sjóði þjóðarinnar frá þessum atvinnuvegi. En nú, þegar hann er að þrotum kominn og þarfnast stuðnings, þá bjóða stj.flokkarnir þá stoð að skattleggja hann til nefndarstarfa, nefndar, sem fram til þessa hefir í augum útvegsmanna aðeins verið þeim nýr og dýr ómagi. Hæstv. forsrh. talaði af talsverðum skilningi og með fyllstu rökum um þann voða, sem þjóðinni er búinn af ofríki og kúgun einstakra stétta. Hann líkti ofríki stéttanna við yfirgang ættanna á Sturlungaöld. Þetta er rétt samlíking. En hverjir eru það, sem magna ófrið og yfirgang stéttanna? Eru það ekki einmitt stuðningsmenn og bandamenn hæstv. forsrh., sósialistar? Ráðh. minntist á eina kaupdeilu, hina ósanngjörnu stöðvun stýrimanna á skipaflotanum. Þeirri deilu stjórnar Alþýðusambandið og sjömenningarnir, sem ráðh. styðst við á þessu þingi. Það er satt, þjóðfélagið er margklofið í óteljandi stéttaklíkur, sem hver um sig reynir að

slíta sig úr eðlilegu sambandi við þjóðfélagsheildina og kúga hana. En höfðingi þessa þjóðfélags heitir HermJ. Hann verndar og eflir þá menn, sem fyrir þessum skemmdarverkum standa. Vilji hæstv. forsrh. bjarga þjóðinni út úr þessum ógöngum, þá þarf hann að taka á sig rögg, og það sem fyrst, áður en það verður um seinan. Annars verður hann aðeins litli hermaðurinn í illum álögum. En varast skyldi hann það að ala þennan hættulega snák við brjóst sér.

Þá kem ég að hæstv. fjmrh. Hann var alveg óvenju órökvís í vörn sinni í gær. Það er samt líklega of snemmt að fagna yfir iðrun hans, því að sennilega verður annar tónninn í honum í kvöld. Ráðh. vildi aðeins viðurkenna, að skuldir ríkisjóðs hefðu aukizt um 4 millj. í stjórnartíð hans. En hann vildi miða við árslok 1934, en auðvitað ber að miða við árslok 1933, því að núv. fjmrh. réð fjármálunum nær hálft það ár og hóf þegar í öndverðu eyðslustefnu sína. Það stendur því ómótmælt, að ríkisskuldirnar hafa aukizt um 6 millj. kr. En þar við bætist, að ríkisstofnanir hafa aukið skuldir sínar um 4½ millj. kr. Ríki og ríkisstofnanir hafa því aukið skuldir sínar í tíð núverandi fjmrh. um 10½ millj. kr., en þetta hafði hæstv. ráðh. lofað að lækka á valdaferli sínum.

Þá brást ráðh. hinn reiðasti við og missti jafnvel alveg stjórn á tungu sinni og skapsmunum, er raktar voru skuldir þjóðarinnar í heild við útlönd. Ég vil nú biðja hæstv. ráðh. að fletta upp í nál. skipulagsnefndar atvinnumála á bls. 36. Þar er skýrsla, sem sýnir, að þessar skuldir voru í árslok 1933 74 millj. 674 þús. kr. Þá vil ég biðja hæstv. ráðh. að fletta upp á bls. 56 í sama nál. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í árslok 1935 hafa skuldirnar við útlönd því verið rétt við 100 millj. króna — og Sogsvirkjunarlánið þó enn að litlu leyti talið“. Þetta segir nú Rauðka. Það er þá ákaflega lágt áætlað að telja þessar skuldir nú 105 millj. En samkv. því hafa skuldir þjóðarinnar við útlönd hækkað í tíð hæstv. fjmrh. um a. m. k. 30 millj.

Í skipulagsnefnd atvinnumála áttu sæti m. a. hv. þm. S.-Þ., JJ, form. Framsfl., StgrSt, hv. 2. þm. Skagf., og EmJ, hv. 7. landsk. þm. Ráðh. sagði, að tölur mínar væru „vísvitandi fölsun“ og það væri lítill þegnskapur að leika sér að því að „ljúga upp skuldaaukningu“, svo að ég viðhafi hin stráksleglu og óþinglegu orð ráðh. Þessum ummælum vil ég vísa til þeirra hv. flokksmanna ráðh., sem að þessum tölum standa. Við þá getur hann deilt um þessa fölsun og lygi. En fyrir ráðh. fór svo, að svo magnað var reiðikast hans, að segja má: „Ekki sér hann sína menn, svo hann ber þá líka“. En það er annars athyglisvert, að þegar athugaðar eru tölur skipulagsnefndar yfir skuldirnar við útlönd, þá sést, að í fyrrj valdatíð sjálfstæðismanna, frá 1924—1927, lækka þær um 17,4 millj. (úr 66,7 millj. í árslok 1923 í 49,3 millj. í árslok 1927), en síðan hafa þær hækkað undir fjármálastjórn Framsfl. um liðlega 55 millj. Þess er og að minnast, að það var Jón heit. Þorláksson, sem fyrstur manna benti alvarlega á það árið 1922, á hvaða glæfrabraut þjóðin væri stödd vegna skuldasöfnunar erlendis, og það varð hans hlutskipti að veita viðnám á þessari braut og taka upp nýja stefnu.

Þá vildi hæstv. fjmrh. ekki viðurkenna, að hinar duldu greiðslur nú í ár næmu nær 14 millj. Ráðh. hefir nú áður talið þær 6 millj., síðan 10 millj. Nú vil ég fullyrða og vísa til upplýsinga, sem hæstv. ráðh. mun hafa fengið hjá einum helzta trúnaðarmanni Framsfl. á sviði fjármála, að við þörfnumst á þessu ári rúml. 14 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri til greiðslu afborgana og vaxta erlendis. — Ég skil að hæstv. ráðh. sé óljúft að viðurkenna þetta. Það er langt stökk fyrir litinn mann úr 6 millj. upp í 14. millj.

Hæstv. fjmrh. var mjög gramur vegna ummæla minna um hið nýja 12 millj. kr. gjaldeyrislán hans. Ég hefi þó aðeins bent á það, að þetta lán er afleiðing af stjórnarstefnu undanfarinna ára og ekkert varanlegt bjargráð. Ég bendi enn á það, að til þessa láns hefði ekki þurft að koma, ef á annan veg og betur hefði verið búið að atvinnulífi þjóðarinnar og framtak manna fengið að njóta sín. Sjálfstæðismenn hafa á öllum undanförnum þingum bent á, í hvert óefni væri stefnt. En rödd okkar hefir verið rödd hrópandans í eyðimörkinni. Það hefir ekki verið á okkur hlýtt. Nú er fram kominn hinn beiski sannleiki. Staðreyndirnar sanna spádóma okkar og hæstv. fjmrh. þarf ekkert að undra, þótt við enn á ný vekjum athygli á verkum ríkisstj. og afleiðingum þeirra. En nú er svo komið á sviði gjaldeyrismálanna samkv. síðustu bréfum frá Bretlandi, að enska verzlunarráðuneytið er opinberlega farið að lýsa eftir vanskilakröfum á hendur Íslendinga. Þetta er sorgleg afleiðing ábyrgðarlitilla verka. — En hv. stjórnarfl. halda áfram að kyrja lofsönginn um sjálfa sig, en — og ég verð að segja því miður — þeim fækkar óðum, sem geta tekið undir þann söng. Stjórnarflokkarnir hæla sér af verklegum framkvæmdum í landinu. Það er rétt, að einstaka vegir hafa eitthvað lengzt á ýmsum stöðum á landinu. En það, sem mestu máli skiptir, er, að vegurinn til sjálfsbjargar verður stöðugt þrengri og vandratаðri í þjóðfélagi voru. Þar liggur rót meinsemdarinnar.

*Jónas Jónsson: Góðir tilheyrendur! Ráðherrar Framsfl. hafa í gærkvöldi rakið mjög ýtarlega öll þau aðalatriði, sem deilt hefir verið á núverandi ríkisstjórn út af dægurmálum þeim, sem mest hefir verið talað um á síðustu tímum. Mun ég því leiða þau að mestu leyti hjá mér, en víkja nokkrum orðum að tveimur atriðum í ræðu hv. 5. þm. Reykv., EOl, frá síðustu útvarpsumr. Þar hélt hann því fram, að ég hefði veitt honum eina stöðu og boðið honum aðra hér fyrr á árum. Þetta er oflof um mig. Báðar þessar stöður voru háðar valdi annara manna, 10 manna n., sem ég hafði aðeins nefnt einn mann í. Því er þetta oflof um mig hjá hv. þm. samskonar oflof og hv. þm. G.-K., ÓTh, hefir stundum látið mig óverðugan njóta.

Hér í þingsalnum kom fyrir atvik eitt um

tólfleytið í gærkvöldi, sem minnti á atvik, sem gerðist í Bankastrætinu fyrir mörgum árum, þegar Þórður vinur minn á Kleppi mætti þar pakkhúsmanni, sem var nýlega dáinn. Maðurinn sneri sér að Þórði og ætlaði að heilsa honum, en Þórður sagði honum, sem satt var, að hann væri dauður, en pakkhúsmaðurinn lét sér ekki segjast. Svipað þessu var það, þegar ÞBr, hv. þm. Dal., fór að tala hér um fjármál og landbúnað eins og hann væri lifandi leiðtogi í stjórnmálaflokki. En raunar er þessi hv. þm. dauður pakkhúsmaður í hinu pólitíska pakkhúsi Framsfl., eða öllu réttar, hann strauk þaðan, þegar hann átti að vera að vinna þar, og andaðist svo upp úr því. En af því að hann gerði mér þann sama sóma og maðurinn Þórði á Kleppi, að víkja að okkur framsóknarmönnum nokkrum orðum, þá vil ég minna hann á, að hann ætti að fara varlega í það að kasta hnjóðsyrðum til okkar framsóknarmanna fyrir það, hvað við stöndum okkur illa í skiptum okkar við útlönd. Ég vil benda honum á það, að árið, sem hann tók við stjórn, árið 1932, þá var verzlunarjöfnuðurinn okkur í vil um 10 millj. kr. fyrsta árið, en honum tókst að koma því niður í 2 millj., og 1934, þegar hann stjórnaði ekki nema hálft árið, lagast þetta svo mikið, að það komst upp í 4 millj. 1935 var það svipað, 1936 lagast þetta undir stjórn Framsfl. upp í 7 millj., og 1937 verður verzlunarjöfnuðurinn hagstæður um 8 millj. kr. Ég læt þessar tölur nægja til að tala fyrir sig.

Hv. þm. Dal. veit vel, að bændur, sem lifðu við ágæta framleiðslu áður, flosnuðu upp um allt land fyrir það ólag, sem var á verzluninni og hann gat ekki lagað, og upp úr því kom hin geigvænlega kreppuhjálp, sem allir vita, hvaða þýðingu hefir. Það er beinlínis óþolandi af hv. þm. Dal. að kasta hnýfilyrðum að Framsfl. Hans stj. tókst ekki að leiðrétta innanlandsmarkaðinn. En allir vita, hvað núverandi stj. hefir tekizt að gera með skipulagningu á öllu búnaðarlagi, og hefir tekizt að breyta fyrir bændur hallærinu á dögum ÞBr í góðæri. Hitt er annað mál, þótt fjárpest sú, sem sumir lærðir menn álíta að hafi komizt hingað til lands fyrir óheppni á stjórnarárum hans, þjaki bændur nú, en það verður ekki kennt núverandi stj. Þessi orð vildi ég láta falla til þess, að almenningur viti allt um hans flokk, er nú hefir verið felldur til jarðar, og þeir, sem áður voru fylgismenn hans, færu í þá tvo flokka, sem lögðu honum til efnið, meðan það var eitthvað, Framsfl. og Sjálfstæðisfl.

Ég vildi eftir þessi fáu orð víkja að afstöðu okkar inn á við og út á við. Afstaðan út á við er sú, að allar stórþjóðirnar, bæði Englendingar, Þjóðverjar og Frakkar, búast stríði, og litlu þjóðirnar nágrannar okkar, svo sem Danir og Svíar, óttast líka að stríð skelli á, þótt þær ekki ætli sér að fara inn í þann rugling. Yfir heiminum vofir stríðshættan með þeim hörmungum, sem fáir geta gert sér í hugarlund, nema helzt þeir, sem annaðhvort hafa farið um stríðslöndin eða talað við það fólk, sem þar býr og kvíðir nú fyrir komandi erfiðleikum. En af þessu höfum við Íslendingar ekkert að segja, af því að við erum í góðu sambýli við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum og í vinsamlegu sambýli við hinar stærri og fjarlægari frændþjóðir okkar, Þjóðverja og Englendinga. Þeir viðurkenna sjálfstæði okkar og menningu eftir því, sem búast má við vegna þess hve þjóðin er fámenn. Okkar trygging fyrir að halda fullveldi okkar felst í því, að við búum í skjóli við herveldi Breta, sem eru sterkasta sjóveldi heimsins og sterkasta lýðræðisþjóðin, sem til er í heiminum. Þegar við lítum yfir okkar aðstöðu og þá erfiðleika, sem við höfum við að stríða, þá sjáum við, að þeir eru að vísu nokkrir, en við höfum ekkert af þeim mestu erfiðleikum að segja, sem hinar ágætu þjóðir kringum okkur eiga við að búa. Viðfangsefni okkar eru að halda uppi sjálfstæðu menningarríki og nota þær auðlindir, sem landið á, til þess að fullnægja þörfum þjóðarinnar og halda við krafti hennar; með því eina móti getum við haldið við sjálfstæði okkar og andlegu lífi. Eins og áður, munum við ekki geta komizt hjá því að líta á þá mestu erfiðleika, sem við Íslendingar eigum við að búa, þótt þeir séu litlir hjá erfiðleikum annara þjóða, en þeir eru okkur sjálfum að kenna. Ég vil ekki draga úr þeim augnablikserfiðleikum, sem stafa af litlum sjávarafla undanfarin ár, þröngum markaði fyrir aðal útflutningsvöru okkar, saltfiskinn, og fjárpestina, sem herjar á mörg héruð landsins, því að þeir erfiðleikar, sem við eigum við að búa frá náttúrunnar hendi, eru þannig, að það á að vera unnt að yfirstíga þá. En það, sem rétt er að minnast á á þessum tímum, þegar við gerum upp styrk okkar og veikleika, er, að við höfum einskonar leyndan sjúkleika, sem ekki er eins einfaldur, eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Snæf. hélt. Eru þeir erfiðleikar, sem nú steðja að, tekjuhallarekstur, alls ekki núverandi ríkisstj. og hennar illu stuðningsmönnum að kenna. Þetta er miklu eldra mein en svo, að núverandi stj. eigi sök á því. Hér er um nokkrar gamlar hneigðir Sjálfstfl. að ræða, hneigð til að forðast vinnu á kostnað annara og lifa léttu eyðslulífi. Þetta nær ekki til neins sérstaks flokks út af fyrir sig, en samt nær það minnst til stuðningsmanna Framsfl. Ef við lítum um öxl til ástandsins á Íslandi frá aldamótunum 1900 til stríðsáranna, þá er þar um hæga, rólega og örugga þróun að ræða, allar skuldir voru þá hjá einstaklingum, bæjarfélögum og ríkinu. En svo kom gróðatímabil stríðsáranna og mörgum fannst þeir verða ríkir, ekki aðeins þeir, sem voru það, svo sem forfeður hv. þm. Snæf., heldur líka fólk almennt. Ungir menn hugsuðu ekki mikið um, þótt þeir eyddu 50 kr. í að skreppa austur í Rangárvallasýslu með bíl. En þegar stríðsárunum, með hinum skjótfengna stríðsgróða, var lokið, þá var farið að taka lán.

Þetta dýra eyðslulíf nær til allra stétta. Það nær ekki minnst til margra af samherjum hv. þm. Snæf. í pólitík. Eftir að stríðinu var lokið, varð þessi gróði fljótt uppétinn, og svo var farið að taka lán. Það var einn af stéttarbræðrum þessa hv. þm., sem stóð fyrir því, að vísu tilneyddur, að taka fyrsta 10 millj. kr. lánið, árið 1921, til þess að halda við eyðslunni. Annar

ágætur maður, sem líka var flokksbróðir þessa hv. þm., tók 8 millj. kr. lán erlendis á árunum 1925—1927, sem var flutt inn í landið. Svo tók Framsfl. 10 millj. kr. lán árið 1930, og síðan hafa mörg lán verið tekin erlendis, bæði af ríkinu, hæjarfélögum og einstökum mönnum. Að vísu hefir margt nýtilegt verið gert fyrir þetta fé, en eyðslustefnan hefir alltaf haldið áfram. Lífsvenjurnar frá árunum 1914—18 hafa haldizt við allt til þessa. Þegar kreppan skall á árið 1931, benti ég fyrstur manna á að við yrðum að snúa við og gera lífsvenjubreytingu. Þessu var ekki vel tekið, því að þá var settur í ráðherrastól sá linasti af þeim linu. Sú ráðstöfun var eingöngu gerð til þess að forðast átök og tryggja það, að stj. gæti haldið áfram að sitja við völd, án þess að nokkuð væri gert til þess að stöðva eyðsluna. En það, sem nú þarf að gera, er, að taka upp þráðinn frá 1913—14 eða, ef menn vilja heldur, þráðinn frá síðustu aldamótum. Við verðum að byrja á því að láta framleiðsluna bera sig. Við verðum að vinna undir tveim kjörorðum: „Allir eiga að vinna“ og „Framleiðslan verður að bera sig“. Ég vil enda þessi orð mín með því að minna á þessi orð. Í þeim er fólgin stefna okkar framsóknarmanna, sem við munum fylgja, þó að sumir menn virðist kjósa aðra stefnu, og þótt það kosti átök. Við munum gera alla þá menn að samherjum okkar, sem vilja starfa að lausn málanna á friðsamlegan hátt og virða rétt lög og rétt lands og þjóðar, vegna þess að hér er ekki um eins manns verk að ræða, heldur átak þjóðarinnar í heild. Það er spekulationsandinn, sem hefir lagzt yfir þjóðina og allir verða að hjálpast að að kveða niður.

Einar Olgeirsson: Hv. þm. S.-Þ., JJ, sagði mjög skemmtilega sögu áðan, og ég býst við því, að allir hlustendur hafi fundið mjög til þess, hve aumkunarverður hv. þm. Dal., ÞBr var. En nú skal ég segja ykkur sögu, sem að vísu er ekki eins sennileg og hin, — en samt sönn. Og hún er sú, að síðan hv. þm. Dal. og Bændafl. dóu sínum pólitíska dauða, af snertingu við íhaldið, þá hefir hv. þm. S.-Þ. enga heitari ósk en að fara sömu leið, mynda nýja breiðfylkingu með íhaldinu, — og allir vita hver afleiðingin yrði, pólitískur dauði þeirra framsóknarmanna, er það gerðu. Það verður því ekki annað sagt en að íhaldsbráðapestin, sem Bændafl. dó úr, sé farin að smitta inn í Framsókn, og sjálfur formaðurinn sé nú orðinn þar nokkurskonar pólitískt lík í lestinni. Það er þess vegna í rauninni nokkurskonar draugaglíma, sem þessir tveir gömlu samherjar eru að heyja hér í útvarpinu.

Hv. þm. Snæf., TT, talaði hér í gær mikið um kröfur útgerðarmanna og aðferðirnar til að bjarga útgerðinni. Og það vantaði svo sem ekkert á, að frelsun útgerðarinnar ætti að koma frá Kveldúlfi og heildsalaklíkunni í Sjálfstfl. En smáútgerðarmennirnir hafa nú eitthvað aðra sögu að segja. Að áliti skipulagsnefndar atvinnumála hefir tap á íslenzka sjávarútveginum verið t. d. árið 1932 tæpar 2 millj. kr., og mun það oft hafa verið nálægt þeirri upphæð. Á sömu árum og tapið er þetta, nemur hreinn gróði verzlunarauðvaldsins í landinu um 5 millj. kr. Þar af mun álagning hringanna, sem verzla með olíu, kol, salt og veiðarfæri við útgerðina, vera upp undir 2 millj. kr. Og hvað hafa svo Kveldúlfarnir — þessir bjargvættir útgerðarmannanna, sem þeir þykjast vera — gert til þess að losa útgerðamennina við þetta farg, sem á þeim hvílir? Kveldúlfarnir hafa, eins og hringarnir, setzt á hið breiða bak fiskimannanna og reynt að sliga þá enn meir. Árið 1934 átti Kveldúlfur aðalþáttinn í því, að verðjöfnunargjaldið illræmda var lagt á útgerðarmenn og sjómenn, 5 kr. á hvert skippund. Það var meira en 1 millj. kr. tollur á útgerðina, — og fór allt í mútur til vildarvina Kveldúlfs á Spáni. Svona fara þeir Thorsararnir að því að bera byrðar útgerðarmannanna og losa þá undan farginu, sem á þeim hvílir! Og ætli útgerðarmenn sjálfir að reyna að losa sig undan oki fiskhrings Kveldúlfs og Alliance, þá hika þessir postular verzlunarfrelsisins ekki við að lögbjóða einokun á fiskinum — eins og hv. þm. G.-K., ÓTh, gerði árið 1932, og hv. þm. Seyðf. HG, varð að gera árið 1935 eftir kröfu Landsbankans, og hlaut lof Morgunblaðsins fyrir. Og auk alls þessa fargs, sem hvílir á herðum fiskimannanna frá hendi fiskhrings og söluhringa, þá liggja svo hinar háu rentur bankavaldsins sem mara á útgerðinni, — og þessar háu rentur eru afleiðingin af tveggja áratuga óstjórn og braski einkaframtaksins svokallaða, allt frá Copeland til Kveldúlfs.

Við Kommúnistar álítum, að útgerðinni verði ekki komið á heilbrigðan grundvöll, fyrr en vald hringanna sé brotið á bak aftur og yfirráð Kveldúlfs yfir S. Í. F. afnumin, þannig, að samtök útgerðarmanna á lýðræðisgrundvelli fái jafnt yfirráð yfir gjaldeyrinum til innkaupa á útgerðarvörum og ráði sjálfir yfir sölunni á fiskinum, en njóti aðstoðar ríkisvaldsins í sambandi við hvorttveggja. Og jafnframt sé gert upp í Landsbankanum og heilbrigð fjármálastjórn sköpuð í fjármálalífi landsins.

Það er ekki von, að Kveldúlfi og hans fylgifiskum, sem lifa á undirokun smáútgerðarmanna og sjómanna, litist neitt vel á okkar stefnuskrá í þessum málum, því að hún boðar endalokin á óreiðunni og spillingunni, sem hringavaldið þrífst í. Þess vegna var það líkast því, sem hv. þm. Snæf., TT, sleppti sér, þegar hann fór að tala um okkur. Hann ásakaði ríkisstj. fyrir, að „hún hefði látið kommúnistana halda lífi“. Hann heimtaði að okkur yrði útrýmt, kvað hægðarleik að „kyrkja Kommúnismann“, ef menn þ. e. a. s. Kveldúlfur og þjónar hans, stæðu saman. Við hræðumst ekki hótanir þessara herra. Við vitum, að hvaða ráðum, sem þeir beita, þá geta þeir aldrei sigrað. Þið getið bannað okkur, ofsótt okkur, beitt öllum ráðum, sem villimennskan, er nú ríkir í Þýzkalandi og Ítalíu, hefir kennt ykkur. Þið útrýmið okkur aldrei! — Meðan það hneyksli er til, að menn, sem vilja vinna, fá ekki atvinnu, — meðan sú svívirðing helzt við lýði, að þeir, sem vinna, eignist aldrei neitt, og hinir, sem ekkert vinna, eigi allt, — meðan sá glæpur er algild regla í þjóðfélögum, að mennirnir verði að svelta mitt í allsnægtunum, sem þeir hafa skapað, —

þá verðum við Kommúnistarnir til sem svarnir fjendur auðvaldsskipulagsins. Og það er óhugsandi að útrýma okkur og stéttabaráttu verkalýðsins, því að sjálf tilvera auðvaldsskipulagsins framkallar frelsisbaráttu alþýðunnar. Og þegar auðvaldsskipulaginu loks yrði útrýmt, og með því stéttaskiptingunni og stéttabaráttunni, þá er um leið hugsjón okkar, sósialisminn, kominn í framkvæmd. — Og Thorsurunum vil ég segja það: Þið reynið að halda því fram, að það sé linkind Hermanns Jónassonar og ræfilsháttur hægri mannanna, sem halda kommúnismanum við! Nei, mínir herrar. Það eruð þið, sem skapið Kommúnismann. Það er ykkar stórútgerð, togararnir, sem gera ósamtaka bændasyni úr dreifðum býlum landsins að samstilltri heild togarasjómanna, brjóstfylkingu hinnar skipulögðu íslenzku verkamannastéttar. Það er kúgun ykkar í einni kliku með fiskhring, söluhringum og bankavaldi, sem mun þjappa allri alþýðu Íslands saman í eina fylkingu gegn yfirráðum ykkar og fjármálaspillingunni, sem þið hafið skapað í þjóðlífinu. Það er auðvaldið sjálft, sem hefir skapað verkalýðinn og kennt honum að berjast, og þarmeð hefir það ekki aðeins skapað það afl, sem grefur því sjálfu gröfina, heldur og arftaka sinn. Og sem kunnugt er, þá getur enginn drepið eftirmann sinn, og þess vegna getur auðvaldið heldur aldrei ráðið niðurlögum verkalýðsins.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 7. landsk., EmJ, í gær. — Hann sagði, að Alþfl. hefði ætlazt til þess, að samkomulagið við Framsókn í haust yrði á svipuðum grundvelli og áður. Þetta kemur nú flestum hlálega fyrir sjónir. Hvers vegna var þá Alþfl. að leggja út í kosningarnar 20. júní í fyrra og slíta samvinnunni við Framsfl., ef hann ætlaði að semja á sama grundvellinum og áður, grundvellinum, sem Alþfl. einmitt ekki gat sætt sig við? Nei, það duga engar blekkingar um þetta atriði. Alþfl. fór út í kosningar af því, að hann heimtaði róttækari pólitík en áður, — og hann heimtaði róttækari pólitík vegna þess, að hann vissi, að fólkið sætti sig ekki við þá tvístígandi pólitík, sem rekin var af ríkisstj. og einkum birtist í því, hve háð hún var hinni drottnandi kliku í landinu, Landsbankanum og Kveldúlfi. Þess vegna heimtaði Alþfl. uppgjör Kveldúlfs og breyt. á stj. Landsbankans. En stj. Alþfl. neitaði að skapa í þeim kosningum það eina vald, sem hugsanlegt var, að gæti komið róttækari pólitík fram, — það vald, sem fólst í einingu verkalýðsins. Og því fór sem fór. Og nú er eins og þessi hv. þm., meðlimur í stj. Alþfl., sé búinn að gleyma öllum þessum stóru kröfum, og fer jafnvel að tala um frv. Alþfl. um breyt. á stj. Landsbankans sem litilfjörlegt frv., þegar við Kommúnistar nú flytjum það með hv. 3. þm. Reykv., HV. Öðruvísi mér áður brá, — í fyrra átti þetta frv. að bjarga landinu!

Óhamingja stj. Alþfl. og hægri mannanna á síðasta ári á rót sína að rekja til ofstækis þeirra, og neitunar á samvinnu við kommúnista, þvert á móti vilja fólksins.

Hv. 7. landsk., EmJ, reynir að afsaka sig með því, að við Kommúnistar höfum ekki viljað samvinnu nema á kommúnistiskum grundvelli! Þetta er þvaður og örgustu blekkingar. Engum er kunnugra en þessum hv. þm. um, að grundvöllurinn, sem við buðum Alþfl. að hafa samvinnu á, var grundvöllur lýðræðisins og hagsmunabaráttu alþýðunnar. Og þessum grundvelli hafnaði stj. Alþýðusambandsins í ofstæki sínu og gorgeir. Samt studdum við ýmsa þessara manna við þingkosningarnar, ekki aðeins í orði, heldur og á borði. Þar á meðal þennan hv. þm. í Hafnarfirði. Og við síðustu bæjarstjórnarkosningar höfðum við sameiginlegan lista þar með honum og komum honum inn í bæjarstj. Var sú samvinna á kommúnistiskum grundvelli? Var kosningasamvinnan í Vestmannaeyjum, á Norðfirði, á Siglufirði og Ísafirði eingöngu á kommúnistiskum grundvelli? Eða kosningasamvinnan í Reykjavík, sem Stefán Jóhann Stefánsson sveik? Stefán Jóh. gat ekkert gagnrýnt í kosningastefnuskrá A-listans við bæjarstjórnarkosningarnar út frá sjónarmiði Alþfl. Það eina, sem þeir reyndu að fetta fingur út í, var, að ætlazt skyldi vera til, að leitað yrði álits styrkþeganna viðvíkjandi framfærslufulltrúunum. Það þótti þeim lýðræðispostulunum víst fullmikið lýðræði. Ekki hefir Alþfl. þurft að kvarta yfir því, að við kommúnistar höfum ekki allsstaðar staðið við skuldbindingar okkar sem ábyrgur flokkur, — en við höfum ástæðu til að kvarta yfir, að hægri menn Alþfl. í Reykjavík hafi beinlínis svikið þær skuldbindingar, sem þeir gengust undir. Þetta þvaður um, að ekki sé hægt að vinna með okkur, er því markleysa. Hv. 7. landsk., EmJ, veit ósköp vel, að samvinnan, sem við bjóðum alltaf bæði Alþfl. og Framsfl. er mestmegnis um að framkvæma þeirra eigin stefnuskrár, því að eins og allir vita, eru stefnuskrár Alþfl. og Framsfl. mjög fagrar, og að ýmsu leyti góðar, — en framkvæmdin á þeim er hinsvegar fyrir neðan allar hellur. Við bjóðum þeim sem sé að framkvæma þeirra eigin stefnur, gera kosningaloforð þeirra að veruleika. Og það er það, sem þessum ágætu flokkum er um og ó, því að þeir hugsa sér auðsjáanlega kosningaloforðin sem loforð, en ekki sem efndir. Og einu sinni neituðu alþýðuflokksmenn samvinnu við okkur, af því að það, sem við heimtuðum, að væri framkvæmt, stæði í stefnuskrá þeirra.

Til þess svo að fullu og öllu að afsanna allt þetta þvaður hv. 7. landsk. EmJ, um, að ómögulegt sé að hafa samvinnu við kommúnista, því að þeir vilji ekki ganga inn á neitt nema kommúnistiskan grundvöll til samvinnu á, þá skal ég lofa honum að heyra, hvað hv. þm. Ísaf., FJ, sagði fyrir skömmu viðvíkjandi vantrauststill. á ríkisstj. Þetta er prentað í Alþýðublaðinu 8. apríl, og ætla ég að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get einnig nefnt hér sem dæmi um samvinnu flokka, sem á rétt á sér, samninga, sem gerðir hafa verið milli Alþfl. og Komfl. um ýmiskonar framkvæmdir í bæjarmálum úti á landi.

Þessi síðari samvinna er þó til orðin á þann hátt, að kommúnistar hafa að öllu leyti gengið inn á stefnu Alþfl. um framkvæmd bæjarmála,

þar sem slíkir samningar hafa verið gerðir, en fallið frá sínum fyrri kröfum og stefnum.“

Að vísu er nokkuð orðum aukið hjá þessum hv. þm., FJ, hvað síðustu orðin snertir, en rangfærslur hans eru a. m. k. í þveröfuga átt við fullyrðingar hv. 7. landsk., EmJ. Annar ber okkur sem sé óþolandi einstrengingshátt á brýn, en hinn takmarkalausa eftirgefni. Orð beggja eru a. m. k. sönnun fyrir þeim takmarkalausa ruglingi, sem nú er hjá hægri mönnunum. Þeir vita ekkert, hvað þeir eiga að segja, af því að þeir þora ekki að segja satt.

Svo talaði hv. 7. landsk., EmJ, um, að við hefðum „látið skína í, að við vildum sameiningu“, en það hefði bara verið herbragð! Það er bezt að rifja ofurlitið upp fyrir þessum herrum. — Svarið, sem við venjulegast fengum hjá Alþfl., þegar við buðum upp á samvinnu, var: Við viljum bara sameiningu. Og loks þegar það fór að nálgast, að við gætum farið að athuga málið á þeim grundvelli líka, þá er samþykktin fræga gerð í Dagsbrún í fyrra, og sameiningarsamningarnir hefjast. En hvað segir nú sjálf stj. Alþýðusambandsins, þ. e. a. s. meiri hl., hægri mennirnir, um þetta sameiningartilboð? Hún segir nú, eftir að hún rak Héðin, í yfirlýsingu, sem hv. 7. landsk., EmJ, sjálfur skrifar undir, að sameiningartilboðið hafi aðeins verið herbragð Alþfl. á móti herbrögðum kommúnista, en alls ekki verið meint alvarlega. Þetta er einlægnin hjá þessum mönnum, sem eru að bera okkur hræsni á brýn. Svo tala þessir menn svart um stefnuskrána, og það er nú sérstaklega „spesiale“ hv. þm. Seyðf., HG. Svona vildum við hafa það, segja þeir, en þetta neituðu þeir að ganga inn á, nefnilega laga- og þingræðisgrundvöll. En hvernig var þá þessi grundvöllur í stefnuskránni í haust? — Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Flokkurinn berst á þingi og í bæjarstjórnum á þingræðisgrundvelli, með löggjöf og hverskyns umbótastarfsemi, að bættum lífskjörum hinna vinnandi stétta“. Er Framsfl. á móti þessu? Nei. Hægri menn Alþfl. geta ekki heldur að því fundið. En þeir segja, að sameiningarstefnuskráin stefni engu síður að blóðugri byltingu, og það, þó að þeir geti hvergi fundið því stað í stefnuskránni sjálfri. Hvernig myndi þeim þá lítast á að samþ. það, sem stendur í stefnuskrá norska verkamannaflokksins? Þar segir, að á þeim tíma, sem úrslitabaráttan stendur, sé flokkurinn reiðubúinn að beita öllum vopnum og öllu því harðfylgi, sem hann ræður yfir, til að brjóta niður mótspyrnuna, og leggja grundvöllinn að sósíalismanum.

Þannig hafa Kommúnistar sýnt hina ýtrustu tilslökun gagnvart Alþfl., en hægri menn hans ásaka okkur um einstrengingshátt og það, að *við höfum ekki viljað ganga inn á atriði, sem* ekki eru nærri eins róttæk og stefnuskrá norska verklýðsflokksins. Svo svara þeir, að þm. Kommfl. geri yfirboð, þegar þeir bera hér á Alþ. fram till., sem ganga í þá átt, að koma almenningi að gagni. En ég vil spyrja þessa hv. þm. Hvað vildi Alþfl. árið 1933, þegar hann bar fram frv. um að verja 11 millj. kr. til kreppuhjálpar og til verklegra framkvæmda? Var það yfirboð? Eða voru það yfirboð, þegar Alþfl. var að vinna að breyt. á kjördæmaskipuninni og l. um verkamannabústaði, eða gerði Alþfl. það ekki til að vinna fyrir almenning? Það nær engri átt fyrir hægri menn Alþfl. að halda slíku fram. Þeir ættu að stinga hendinni í sinn eigin barm, áður en þeir ráðast þannig á okkur kommúnista. Ég mun síðar víkja nánar að þessu, sem hv. 7. landsk., EmJ. talaði um áðan, í sambandi við ræðu hans í gær.

Héðinn Valdimarsson: Ég ætla að segja nokkur orð um sameiningu Alþfl. og Kommfl., er var ætlazt til, að næði fram að ganga síðastl. haust. Slík sameining er ómöguleg, nema hún komist á þann grundvöll, sem báðum flokkum er sameiginlegur, er væri hinn sami sem norski verkamannaflokkurinn hefir samþ. En hér á landi er það hér um bil útilokað, að takast megi að byggja upp samvinnu Alþfl. og Kommfl., öðruvísi en á grundvelli sameiningarinnar. En hægri menn Alþfl. telja ógerlegt að semja um slíka sameiningu, heldur verði fyrst að leggja Kommfl. niður og alla starfsemi af hans hálfu.

Af umr. í gær var aðallega tvennt, er snerti Alþfl. í heild, afstaðan til sameiningar Alþfl. og Kommfl. í einn sósíalistaflokk, og afstaða Alþfl. til Framsfl., og snerta þó bæði þessi mál hvort annað.

EmJ, hv. 7. landsk. þm., neitaði að vísu ekki því, að sameining alþýðuflokkanna væri æskileg, en staðhæfði að hún væri ekki möguleg nema á kommúnistiskum grundvelli. Sá grundvöllur, er flokkarnir gátu sameinazt á á síðasta hausti, var ekki kommúnistiskur, heldur hinn sami sem norski verkamannaflokkurinn hefir, og stefnuskráin svo að segja hin sama; sameinaði flokkurinn skyldi vera utan beggja alþjóðasambandanna, kommúnista og sósialdemokrata, fyrst um sinn, og íslenzki Kommfl. að sjálfsögðu lagður niður við sameininguna og öll starfsemi af hans hálfu. Hinsvegar héldu hægrimenn Alþfl. því fram, að ekki væri nógu skýrt á kveðið um lýðræðisgrundvöll flokksins og hótuðu að segja sig úr lögum við aðra alþýðuflokksmenn — kljúfa flokkinn —, ef stefnuskránni yrði ekki breytt á *þann hátt sem líklegt þótti*, að Kommfl. gæti ekki gengið að. Varð það til þess, að við sameiningarmenn innan Alþfl. frestuðum í bili samþykkt þessarar stefnuskrár, sem víst var um, að gæti sameinað flokkana, og féllumst á að reyna leið hægri mannanna í það sinn. Kommúnistar gengu ekki að þeim till. breytingalaust og síðan hófst klofningsárás hægrimanna sambandsstjórnar á sameiningarmenn Alþfl., eins og kunnugt er. Það, sem aðallega var borið við af hálfu klofningsmanna, var, að það skildi flokkana, að Kommfl. vildi ekki *segja, að hann vildi taka völdin á lýðræðislegan* og friðsamlegan hátt, hvort sem það tækist eða ekki. Hér í þinginu hefir þingflokkur Alþfl. hampað þessu, sérstaklega hv. þm. N.-Ísf., VJ, og nokkuð líka hv. þm. Ísaf., FJ, og hv. þm. Seyðf., HG. Þetta er þó þvert ofan í fyrri yfirlýsingar Kommfl. um að flokkurinn óski einskis framar en að þessi leið takist, og er þetta áreiðanlega yfirskinsástæða hjá hægrimönnum.

En þessar ásakanir þeirra gefa tilefni til þess

að athuga yfirleitt lýðræðisgrundvöllinn í landinu, hvernig hann er og hvaða kröfur verður að gera til pólitiskra flokka, sem vilja telja sig á lýðræðisgrundvelli.

Þó að kosningarétturinn sé fyrir atbeina Alþfl. orðinn almennur frá 21 árs aldri, þá er hann ekki til alþingiskosninga jafn að sama skapi, en þá kröfu verður að gera til kosningaréttar í lýðræðislandi. Enn er kjördæmaskipunin úrelt og ójöfn og kosningarréttur kjósenda því mismunandi, eftir því í hvaða kjördæmi þeir eru búsettir. Stjórnmálaflokkarnir í landinu fá ekki hluttöku á þingi eftir atkvæðamagni þeirra í landinu. Gengur þetta sérstaklega út yfir verklýðsflokkana, en er til framdráttar einum flokki, Framsfl. Stjórnmálaflokkar þeir, sem krefjast lýðræðisgrundvallar fyrir sjálfa sig og aðra, eins og Alþfl., verða því að krefjast algerðrar breytingar á þessu, réttlátrar kjördæmaskiptingar, lýðræðisgrundvallar fyrir æðstu stjórn landsins, Alþingi. Framsfl., sem vill telja Kommfl., eins og hann er nú, fyrir utan þjóðfélagið, og að ekki sé hægt að hafa samstarf við hann vegna þess, að hann starfi ekki á lýðræðisgrundvelli, verður þá að sýna sjálfan sig sem lýðræðisflokk með því að fallast á og jafnvel gangast sem stjórnarflokkur fyrir stjórnarskrárbreytingu, er komi á réttlátri kjördæmaskipun, jöfnum kosningarétti, lýðræðisgrundvelli, fyrir sjálft Alþingi. Undirtektir undir þetta mál eru prófsteinn á, hversu einlægt mál lýðræðið er fyrir flokkunum. Hingað til er það einmitt Framsfl., sem hefir barizt gegn því, að löggjöfin kæmi á lýðræðisgrundvelli fyrir æðstu stjórn landsins. Aftur á móti hefir Alþfl. ávallt haft forustuna í þeim málum, en nú hefir með málefnasamningslausu samstarfi við Framsókn orðið algerlega hljótt um þau, og er full þörf á að halda þeim málum vakandi.

En „miskunnsemin á að hefjast heima fyrir", og lýðræðisflokkar eiga fyrst og fremst að starfa sjálfir á lýðræðisgrundvelli. Enda er það í raun og veru eina tryggingin fyrir, að stjórnmálalífið í landinu sé yfirleitt á lýðræðisgrundvelli.

Sjálfstfl. starfar yfirleitt ekki á lýðræðisgrundvelli. Þingfl. hans og miðstjórn er mestu ráðandi, en sambandið við kjósendurna utan kosninga losaralegt, og þeir hafa engin tök á innan síns flokks að koma fram áhugamálum sínum á félagslegan hátt. Flokksþing sjálfstæðismanna eru fámenn af kosnum fulltrúum frá félögum. Flestir fulltrúarnir eru sjálfkosnir eða boðnir og skipaðir af miðstjórninni, og flokksþingið hefir engin veruleg pólitísk áhrif. Flokknum er aðallega stjórnað af fámennri kliku stóratvinnurekenda og atvinnustjórnmálamanna.

Framsfl. var lengi svipað skipulagður, nema hann náði aðallega til bændastéttarinnar. En fyrir fáum árum var myndaður sæmilegur vísir flokksskipulags á breiðum grundvelli, lýðræðislegum í aðalatriðum, þó að einnig þar séu þingflokknum gefin sérstök völd í þingmálum gagnvart flokknum. Þessi flokkur er samt í innra skipulagi sínu að verða lýðræðisflokkur, og flokksþing hans hin síðustu hafa verið fjölmenn og haft fulltrúa víða að.

Alþfl. var stofnaður af verklýðsfélögunum, þannig að samband þeirra og jafnaðarmannafélaga Alþýðusambands Íslands hafði bæði pólitísk og fagleg mál í senn, var bæði stéttarsamband og Alþfl. — Jafnaðarmannafélög hafa lengst af verið fá og fámenn, þungamiðjan verið verklýðsfélögin, en fulltrúar félaganna, kosnir á lýðræðislegan hátt, hafa skipað sambandsþing og kosið sambandsstjórn. Var þetta lengst af fullkomlega lýðræðislegur grundvöllur, og byggt á því, að verklýðsfélögin væru að meirihluta til fylgjandi Alþfl.

Eftir 1930, er Kommfl. klofnaði frá Alþfl., varð á þessu stórbreyting. Verkalýðsfélögunum var nauðsyn að vera í félagasambandi innbyrðis, hvað sem stjórnmálunum leið, og þau kusu því að halda áfram að vera í Alþýðusambandinu, enda þótt meiri hluti meðlimanna fylgdi ekki ávallt Alþfl. Kommfl. varð hinsvegar sjálfstæður stjórnmálaflokkur, en meðlimir hans margir áfram í verklýðsfélögunum með atkvæðisrétti um þeirra mál og þar með Alþfl., eins og aðrir verklýðsmenn. Þá var gerð af sambandsþingi Alþýðusambandsins bráðabirgðalagabreyting, er miðaði kjörgengi til sambandsþings við það, að menn væru alþýðuflokksmenn, til þess að vernda hina pólitísku hlið Alþýðusambandsins frá því að sprengjast. En í huga var haft, að samfara þessu yrði að byggja betur upp pólitískt skipulag, þar sem flokksmenn einir hefðu aðgang. Þessi ákvæði hafa síðan staðið. Hið pólitíska skipulag hefir að litlu leyti verið byggt upp, þó að ég og ýmsir aðrir hafi lagt á það ríka áherzlu innan flokksins. Helzt hefir það þó orðið einmitt á síðasta ári, og má þar nefna til vöxtinn í Jafnaðarmannafél. Reykjavíkur. En á 7 árum hafa þessi ákvæði verkað skaðlega bæði fyrir verkalýðssamtökin og Alþfl., af því að skipulagsstarf, sem átti að gera í sambandi við þau, hefir ekki verið unnið. Og nú er hjá öllum þorra alþýðuflokksmanna samkomulag um, að skipulaginu verði að breyta. Eins og nú er háttað málum, hafa að vísu allir meðlimir verklýðsfélaga sambandsins og jafnaðarmannafélaga kosningarrétt á fulltrúum til sambandsþings, sem ákveður bæði um félag og pólitísk mál, en kjörgengi hafa aðeins alþýðuflokksmenn. Í faglegu málunum er það ástæðulaust með öllu að gera ekki öllum meðlimum stéttarfélaganna, sem eru opin, jafn hátt undir höfði. Auk þess er kosið á þingið með mjög mismunandi fyrir augum, hjá sumum félögum eftir faglegum línum, en hjá öðrum eftir stjórnmálalit, og þingið verður þannig undarlegt sambland af faglegu og pólitísku fulltrúaliði. En þar að auki verður kosningin í þeim félögum, þar sem ekki er einmitt alþýðuflokksfylgi, oft komin undir því, hvernig þeir meðlimir félaganna, sem fylgja ekki Alþfl., kjósa. Þeir geta oft ráðið um, hver alþýðuflokksmaðurinn verður kosinn. Loks verður þetta ákvæði einnig oft til þess, að menn undirrita skuldbindingar um, að þeir séu alþýðuflokksmenn, til þess að geta setið á þingum vegna faglegra mála þar. Á þennan hátt verður sambandsþingið hvorki rétt fulltrúaráð fyrir hin faglegu mál né fyrir Alþfl., og báðar hliðar alþýðusamtakanna hafa lamazt við þetta. En við allt þetta má svo bæta því,

að hvað stefna Alþfl. sé, hvað sé að vera alþýðuflokksmaður, markast af þessum þingum einum, en aðgangur að þeim hefir verið mest kominn undir úrskurðum sambandsstjórnar um inntöku félaga og framkvæmd á stefnu flokksins. Á þennan hátt hefir flokksvaldið annarsvegar *einangrazt hjá sambandsstjórninni*, en hinsvegar hið lýðræðislega samband við hinn breiða flokk meðlimanna horfið eða orðið mjög losaralegt og óljóst. Þetta hefir haft þau áhrif, því meir, sem þetta ástand hefir lengur staðið, að sambandsstjórnin hefir meira og meira vanrækt að gæta hinnar faglegu yfirstjórnar og látið hana í hendur einum einasta önnum köfnum starfsmanni, en fært sig yfir á pólitiska sviðið og þar gengið meira og meira inn á fámennisstjórnarfyrirkomulagið, með allskonar samningamakki og áhrifum manna, sem tiltölulega lítil ítök höfðu hjá fólkinu, án þess að sambandsstjórn gæti treyst eða vildi treysta á hinn breiða lýðræðislega kjósendagrundvöll í starfsemi sinni.

Verklýðsfélögin eru á lýðræðislegum grundvelli. Allir meðlimir hafa þar kosningarrétt og kjörgengi til starfa innan félagsins. Alþýðusambandið *sem heild er ekki á lýðræðislegum grundvelli* sem stéttarsamband, þar sem allir meðlimir félaganna hafa ekki kjörgengi í allar stöður þess. Og sem stjórnmálaflokkur er það ekki skipulagt á lýðræðislegan hátt, þar sem utanflokksmenn hafa atkvæði um kosningar og úrslit mála þess. Fyrir hvaða flokk sem er hlýtur slíkt skipulag að vera stórskaðlegt og óhæft til *lengdar, og fyrir sósialistiskan flokk er það* með öllu óþolandi.

Innan Alþfl. hafa því sameiningarmennirnir í sambandi við sameiningu verklýðsflokkanna gert kröfur um, að næsta sambandsþing geri á þessu breytingu: Stéttasambandið verði Alþýðusambandið, það verði faglegt og afnumin flokksskuldbindingin til kjörgengis; en verklýðsflokkarnir *sameinist hinsvegar í einn pólitiskan* flokk, Alþýðuflokk Íslands, undir sínu sérstaka lýðræðisskipulagi, þar sem einungis flokksmeðlimir hafi kosningarrétt og kjörgengi, en flokkurinn geti náð yfir bæði stjórnmálafélög og verklýðsfélög, þó aðeins þá meðlimi verklýðsfélaga, sem telji sig til flokksins, og verði þannig fullt samstarf við verkalýðinn. Þessi barátta okkar er fyrir því að koma Alþfl. og Alþýðusambandinu á hreinan lýðræðisgrundvöll og gera með bættu skipulagi bæði stéttasambandið og hinn sameinaða flokk fært um að *leysa af hendi* hlutverk sitt fyrir alþýðuna á Íslandi.

En hvaðan kemur svo aðalmótstaðan gegn þessu? Einmitt innan úr sambandsstjórninni og þingflokknum, þar sem völdin hafa á óeðlilegan hátt safnast um of. Nú berjast sömu mennirnir, sem ekki þykjast geta sameinazt kommúnistunum í einum flokki vegna þess, að lýðræðisgrundvöllur *stefnuskrárinnar sé ekki nógu glöggt* orðaður, gegn því, að Alþfl. og Alþýðusambandið komist á réttan lýðræðisgrundvöll. Og sömu mennirnir, sem mest tala um grundvöll laga og réttar, reyna innan Alþýðusambandsins — án laga og réttar — á allan hátt að kæfa niður raddir fólksins í flokknum og sambandinu. Þeir reyna að halda undir sinni fámennisstjórn tækjum flokks og stéttarsambands, blaði, eignum og nafni, hvað sem það kostar, og skirrast ekki við að stofna til klofnings alþýðusamtakanna um allt land af þessum valdaástæðum. En þá afstöðu hyggjast þeir svo að geta notað aftur til samninga við Framsfl. um þátttöku í ríkisvaldinu. — og þá hverjum til hags? Fámennri stjórn Alþfl.

Ég hefi tekið þetta mál svo *nákvæmlega fyrir* hér vegna þess, að fyrst og fremst er undir lausn þessara mála Alþýðusambandsins komið, hvernig hin pólitiska framtíð ísl. alþýðu verður, því að sköpun sterks og starfandi stéttarsambands annarsvegar og sterks sameinaðs sósialistisks flokks hinsvegar, á fullkomnum lýðræðisgrundvelli, er skilyrði fyrir vexti og þroska og *sjálfstæði alþýðuhreyfingarinnar*, ekki síður hér en á öðrum Norðurlöndum, og í öðru lagi hefir slík umsköpun Alþfl. hin mestu áhrif einmitt á sigurför lýðræðisins meðal allrar íslenzku þjóðarinnar.

Einmitt þetta skapar ábyrga stjórnmálaflokka, en ekki ábyrgðarlausa þingflokka.

Þetta skapar þann grundvöll, sem getur gert *varanlegt málefnasamstarf* mögulegt milli lýðræðisflokkanna — milli sveitaalþýðunnar og frjálslyndu mannanna í Framsfl. annarsvegar og verkalýðsins og sósialistanna í hinum sameinaða sósialistiska lýðræðisflokki hinsvegar — staðið á verði um sjálfstæði þjóðarinnar, bætt kjör hennar, aukið frelsi hennar og menningu.

Vilmundur Jónsson: Verður það er varir og það er ekki varir. Við eldhúsumræður í gærkveldi er ég, óbreyttur og afskiptalítill maður, fyrir litla verðleika gerður að þeirri höfuðpersónu í hinum pólitísku viðskiptum, að margur mætti ætla, að ég væri fjórði ráðh., er standa þyrfti á báðar hendur reikning ráðsmennsku minnar. Vænti ég, að mér fyrirgefist, að ég beri að nokkru hönd fyrir höfuð mér, þó að óvenjulegt sé við eldhúsumræður, að slíks gerist þörf fyrir óbreytta þingmenn. Ég, sem er í engu pólitísku félagi *og sæki enga pólitiska fundi* nema hér á hv. Alþ., — og fæ nóg af — á að vera svo tilþrifamikill í því félagslífi, eftir því sem hv. Snæf. segist frá, að tillögum rigni þar niður, sem við mitt nafn eru kenndar, og er helzt að heyra sem ég hafi myndað einhvern sérstakan tillöguskóla. Sérstaklega vildi hann telja mér til ámælis einhverja till., sem borin *hefði verið upp og felld við lítinn orðstír í* Sjómannafélagi Reykjavíkur í sambandi við hina alvarlegu kaupdeilu sjómanna á togaraflotanum í byrjun síðustu vertíðar. Mundi hér ekki fara æði mikið á milli mála? Það var till. frá hv. 3. þm. Reykv., væntanlega studd af félögum hans, kommúnistunum, sem fékk ein 11 atkv. á hinum umtalaða sjómannafélagsfundi, þar sem saman voru komnir mörg hundruð félagsmanna. Aftur get ég, að visu aldrei þessu vant, ekki af mér svarið þá greiðasemi — en ekki slettirekuskap, sem er ódyggð, er ég reyni að forðast —, að undir mig var borin till., er ég átti nokkurn þátt í að orða og hugði vandlega að orðalaginu — till., er síðan var borin

upp og samþ. með yfirgnæfandi atkvæðafjölda á hinum sama sjómannafélagsfundi. Það var sú ályktun — það voru þau orð, sem sjómennirnir kusu að hafa fyrir sér gagnvart hinni uppkveðnu, lögskipuðu og af þeim lítt þokkuðu og varhugaverðu gerð, er þeir í þetta sinn lögðu út á vetrarvertíðina til þess, eins og oft áður, að gera sitt til þess að bjarga landinu frá fjárhagslegu hruni. En það er um þessa ályktun sjómannafélagsins að segja, að hún hefir síðar verið hér til umr. á hv. Alþ. oftar en í eitt sinn. Hún hefir sérstaklega verið rakin og nákvæmlega sundurliðuð og dæmd af hæstv. forsrh., og niðurstaðan orðið sú, að ekki er um að villast, að sjómennirnir hafa á þessu kritiska augnabliki hitt á að segja nákvæmlega það, sem þeir þurftu að segja, til þess að gera sinn hlut sem bezt an, eftir því sem komið var, og án þess að verða hankaðir á einu orði. Þessi niðurstaða er því merkilegri og eftirtektarverðari fyrir það, að hún er niðurstaða sjálfs dómsmálaráðh., áður lögreglustjóra og reynds dómara, og nú opinbers ákæranda. Að því leyti sem ég átti litinn þátt í að orða þessa till. tek ég ekki við ámæli fyrir, nema úr þeirri átt, þaðan sem mér er í þessu sambandi last kærara en lof, en það er frá hv. þm. Snæf. og þeim, sem hann er málsvari fyrir. En verkamönnum vil ég segja það, ef þeir hafa ekki vitað það áður, að bæxlagangur á félagsfundum er ekki einhlítur. Með slíkum hvalablæstri eru sjaldan samdar fumlausar, vel grundaðar till., og mundu þær sumar, sem nú upp á síðkastið hafa verið bornar upp og samþ. í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík bera því órækt vitni nú þegar og þó sennilega hálfu betur, þegar frá líður. Teldi ég mönnum eins og mér og hv. 3. þm. Reykv., HV. sæmra, að svo miklu leyti sem við höfum vilja á að leggja samtökum alþýðunnar eitthvert lið, að gjalda henni fósturlaunin og langa skólagöngu með því að aðstoða hana við að hugsa ráð sín sem rækilegast heldur en að eiga þátt í, og ef til vill upptök að, ærslum og uppþotum, sem aldrei skortir lið né stólfætur til — að minnsta kosti ekki meðan heill pólitískur flokkur í landinu hefir slíkt fyrir sína sérgrein.

Á þessum eldhúsdegi taldi hv. 3. þm. Reykv. sig hafa meiri ástæðu til að lýsa afstöðu sinni til mín en hæstv. stj., og er mér nú flest borið á brýn, svo sjúklegan viðbjóð, sem ég hefi á öilu tildri, er ég á að vera í útvegunum um meiorðaglingur og titla handa vinum mínum. Slíkt gæti ég, og þó tæplega, látið hengja á óvini mína, og sízt þá, sem eru þeir afreksmenn, að þesshättar gull gyllir þá ekki. Þessu líkt er að bendla mig við það, að ég hafi haft áhuga á því, að sr. Sigurður Einarsson fengi dósentsstöðu við guðfræðideild Háskólans. Þessa líka dýrðar og virðingarstöðu! Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að það sé allt of mikill iburður fyrir guðfræðideildina að fá henni annan eins hæfileikamann og sr. Sigurð Einarsson, og mátti minna duga. Hitt kann hv. 3. þm. Reykv. að hafa merkt á mér í okkar hóp, við fleiri tækifæri en eitt, og rekur vel líklega til þess, hversu ópólitískur ég í rauninni sé, að ég hefi sennilega of barnalega tilfinningu fyrir því, að rétt sé haft við í leik, til þess að vera að hans mati gjaldgengur í pólitík. Jafnvel í svo pólitísk þýðingarlausu máli, eins og var val eins kennara að hinni ómerkilegu guðfræðideild, verð ég að játa, að ég hafði ríka tilfinningu fyrir því, er sr. Birni Magnússyni hafði verið dæmdur sigurinn í keppninni, að ekki mætti begðast, að hann hlyti embættið og mætti einskis í missa fyrir tortryggni, sem eðlilegt var, að upp kæmi í sambandi við dóminn. En þegar rök hnigu að hinu, og síðar sannaðist til fullnustu, að ekki aðeins var sr. Sigurður Einarsson hinn rétti sigurvegari, heldur hafði hann verið beittur hinni fáheyrðustu hlutdrægni og réttnefndum níðingsbrögðum í sambandi við samkeppnisprófið, hafði ég jafnrika tilfinningu fyrir því, að honum bæri embættið, sem um hafði verið keppt. Svo barnalegur er maður á fullorðinsaldri og í miðri pólitíkinni.

Hv. 3. þm. Reykv. vill nú verja sína fyrri afstöðu til vinnulöggjafarmálsins með því, að frv. það, er farið var yfir á sambandsstjórnarfundi, að mér og honum viðstöddum, og hann hafði engar athugasemdir við að gera, hafi verið annað frv. en það, sem fyrir Alþ. var lagt og nú hefir verið afgr. til hv. Ed. Þetta er léleg vörn. Ýms uppköst eru til af frv., þar sem kröfur Alþfl. voru settar fram til undirbúnings samkomulagi við Framsfl., svo og kröfur Framsfl. til undirbúnings samkomulagi við Alþfl. Þegar málið var til athugunar í sambandsstjórn, var störfum n., sem að undirbúningi frv. hafði unnið, að verða lokið. Aðalhöfundur frv. af hálfu Alþfl., Guðmundur Guðmundsson lögfræðingur, hafði fyrir sér eitt undirbúningshandritið að frv., las það gr. fyrir gr. og gat þess jafnharðan um hver atriði hann vænti samkomulags við Framsfl. og hver alls ekki. Samkvæmt því samkomulagi, er Guðmundur Guðmundsson skýrði nákvæmlega frá á þessum fundi, var gengið frá frv. því, sem n. skilaði af sér og birt er í nál. hennar, og þó er það frv. aðgengilegra, því að á síðustu stundu unnu alþýðuflokksmennirnir í n. fulltrúa Framsfl. til samkomulags um nokkur þýðingarmikil atriði, auk þess sem við meðferð málsins í Nd. hafa enn fengizt mikilsverðar lagfæringar á frv. Það var þetta væntanlega samkomulag við Framsfl. um vinnulöggjöf, sem gekk í engu nær kröfum verkamanna og í ýmsu fjær en frv., sem hv. 3. þm. Reykv. tók afstöðu til á umræddum fundi, og með þeim orðum, sem ég hefi hermt upp á hann, sem hann hefir ekki mótmælt og ekki verða skilin í öðru sambandi en því, sem ég hefi skýrt hér frá: „Haldið þið virkilega, að Framsfl. gangi að þessu frv.?“ Svo ótrúlega aðgengilegt fannst honum frv. vera fyrir Alþfl. Hvaða athugasemdir hv. þm. kann að hafa skrifað á eitthvert frumvarpsuppkast í svefnhúsi sínu á eintali við sálu sína, sennilega einhverntíma löngu síðar, þá meira eða minna haldinn orðinn af hinum kommúnistiska anda, og kallar skjallega sönnun um afstöðu sína, kemur ekki ágreiningi okkar minnstu vitund við. Það er opinbert, að hann hefir snúizt í málinu, og þarf engra dularfullra skriflegra gagna að leita um það, því síður sem sá snúningur er að fullu skýrður með hinni pólitísku

afstöðu hans nú til Alþfl. annarsvegar og kommfl. hinsvegar. Pólitiskur loddaraleikur er ekki merkilegri fyrir það, þó að hann sé krotaður upp á blað.

Ég tek að mörgu leyti til min og viðurkenni ljúflega ummæli hv. 3. þm. Reykv. um hlédrægni mína fyrr og síðar i hinni pólitisku baráttu fyrir Alþfl., og það með, að ég megi fyrir það naumast til fl. teljast. Það skýrist ef til vill að einhverju leyti af því, að ég hefi, ólíkt hv. 3. þm. Reykv., ekki keppt til neinnar forystu, en kosið að mega vera sem allra óbreyttastur liðsmaður, og það þótt mest á skorta, að ég hefi ekki að öllu leyti fengið því ráðið. Það hefir þannig atvikast svo, að ég hefi verið bæjarfulltrúi fl. i tug ára. Aftur tókst mér að draga mig i hlé sem þm. Alþfl. i hans allra öruggasta kjördæmi, en að vísu til að víkja sæti fyrir einum hinum harðduglegasta þm. fl., sem hann nú má allra sízt án vera. En þó lenti það á mér, svo undarlegt sem það má virðast, að vinna fyrir Alþfl. ekki aðeins hans fyrsta sveitakjördæmi, heldur kjördæmi, sem talið var — og var til þess tima — eitt allra öruggasta sjálfstæðikjördæmi landsins, að ég ætla helzt til jafns við Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það er fjarri mér, að ég jafni mér við hv. 3. þm. Reykv. um dugnað, og allra sizt um fyrirgang i pólitik. En hver veit nema hlutskipti hans væri nú annað og betra en það er, ef hann, i stað þess að láta hrapa utan af sér fylgið kosningu eftir kosningu hér i Reykjavík, til litillar uppörvunar öðrum landshlutum, hefði sett þar i stað sinn annan mann, boðið sig i vonleysu fram i Gullbringu- og Kjósarsýslu og unnið kjördæmið. Vissulega væri þá hans hlutskipti annað, og þegar fyrir það, að þá væri hann allt annar maður en hann er. Og ef hann hefði ekki mér fremur verið i Alþfl., hefði a. m. k. ekki þurft að bjarga Alþfl. með því að reka hann úr honum.

Mér blöskrar ekki stór orð um fylgisleysi Alþfl. frá þeim, sem kljúfa sig út úr honum og þykjast þá jafnan einir hafa umboð til að tala máli alls verkalýðs. Hefi ég af slíku skvaldri nokkra reynslu. Ég minnist þess á Ísafirði 1930, er nokkrir menn yfirgáfu flokkinn þar i nafni kommúnismans og tóku að tala um okkur bæjarfulltrúana og aðra trúnaðarmenn Alþfl. og verkalýðssamtakanna, að sínu leyti eins og hv. 3. þm. Reykv. talar nú um stjórn Alþýðusambandsins og okkur þm., bæjarfulltrúa flokksins i Reykjavik og nær alla trúnaðarmenn hans fyrr og síðar, sem fjandmenn verkalýðsins. Verkalýðurinn vildi þetta og hitt, eitthvað allt annað en við, sem vorum svikarar við verkalýðinn og verkalýðsböðlar. Þessir piltar náðu af okkur blaðinu Skutli og héldu fram þessum kenningum, að mig minnir i heilt ár, án þess að við fengjum rönd við reist, en þess á milli birtu þeir starf kommúnismans eftir Bukharin, höfuðkennimann hins rússneska kommúnisma — sem síðan hefir að vísu játað á sig fyrir hinum rússneska rannsóknarrétti að hafa verið þá, og raunar alltaf, höfuðsvikari sósalismans, njósnari og landráðamaður, og loks ráðbani sjálfs Lenins — að ógleymdum ýtarlegum frásögnum af uppreisninni i Kína, blað eftir blað og mánuð eftir mánuð. Verkamenn hér á Ísafirði voru hættir að vita, hvað gerðist i bænum fyrir fréttum frá Kína. Þar kom, að þá fór að langa til að vita, hvað væri um að vera úti i Krók og niðri i Norðurtanga. Til þess þurftu þeir að koma öllu i samt lag, og það gerðu þeir svikalaust við fyrsta tækifæri. Svo vildi það til, að skömmu síðar buðum við okkur báðir fram i Norður-Ísafjarðarsýslu, ég og Kina-ritstjórinn, sem kallaður var. Kosningin fór svo, að ég, höfuðverkalýðssvikarinn, náði kjördæminu, en ritstjórinn, bezti og vandaðasti piltur, sem kunni stafróf kommúnismans betur en faðirvorið, vissi allt um uppreisnina i Kína og hafði talað máli verkalýðsins i 2 ár, fékk — segi og skrifa — 3 atkv. Það var allur verkalýðurinn i Norður-Ísafjarðarsýslu þá, og hefir þó farið stórum fækkandi síðan. Á þessu lærðist mér að „verkalýður" kommúnistanna og þeirra sálufélaga, sem þeir hýða andstæðinga sína með i tima og ótima, og vita alltaf upp á hár, hvað vill i hverju einstöku tilfelli, á ekkert skylt við mennina á eyrinni, á sjónum eða i sveitinni. Það er hugtak — abstraktion —, sem svarar til heilags anda hinna trúuðu. Þetta heitir síðan kínatímabilið i sögu verkalýðsbaráttunnar á Ísafirði og Vestfjörðum. Ég spái Alþfl. i Reykjavík og landinu yfirleitt öðru Kinatímabili fyrir tilverknað hv. 3. þm. Reykv.

Hv. 3. þm. Reykv. lýsti því hátíðlega yfir hér i gærkveldi, að hann væri ekki kommúnisti, og myndi aldrei verða kommúnisti. Hann lætur sér ekki skiljast, að þar með eru örlög hans innsigluð. Spyrjið þið hv. 1. landsk., BrB, og félaga hans hér, sem stjórna Kommfl., hvort þeir séu ekki kommúnistar, og muni ekki alltaf verða kommúnistar. Þeir svara því hiklaust játandi, og standa áreiðanlega við það. Þeir hata sósialdemokrata og sósialdemokratiska flokka, eins og jafnaðarmannaflokkana á Norðurlöndum, — hata þá eins og pestina. Rekja þeir til þeirra allt illt og spá Norðurlöndum tortimingu fyrir þeirra tilverknað. Höfum við heyrt þær ræður hér á hv. Alþingi, að þegar þeir vilja svivirða núverandi forseta Alþýðusambands Íslands, Stefán Jóh. Stefánsson, blikna öll skammaryrði, sem þeir lengi hafa þó lotið að: hægri foringi, verkalýðssvikari, sósialfasisti — svartara skal það vera — og hann er réttnefndur fulltrúi sósialdemokratanna sænsku. Með þessum mönnum — undir forustu þessara manna — ætlar hv. 3. þm. Reykv. að byggja upp verkalýðsflokk, er ekki sé kommúnistiskur, og þá sósialdemókratiskur, og hann hyggst að gabba þá þannig, að þeir leiðréttist og lagfærist með því einu, að heitið sósialdemókratiskur flokkur sé að hálfu leyti þýtt á islenzku, og sé hinn fyrirhugaði sameinaði flokkur kallaður sósialistiskur lýðræðisflokkur.

Kröfugöngur i Reykjavík eru yfirleitt ekki lærdómsrikar, og skal játað, að þar er kommúnistanna sterkasti leikur. Kröfuganga samfylkingarinnar á sunnudaginn, sem öllum ber saman um, að sízt hafi verið fjölmennari en síðastl. ár, sýndi nokkurnveginn greinilega, hvor var líklegri til að verða hins munnbiti, flokkur

kommúnista eða flokkur hv. 3. þm. Reykv., ef flokk skyldi kalla, lítill halakleppur aftan í fylkingu kommúnista, sem fór geyst fyrir og lét mikið yfir sér. Bar hátt við loft skildi áletraða: Lifi kommúnistaflokkur Íslands (sem þrátt fyrir samfylkingarskrafið á eftir því ekki alveg að fara að leggjast niður) og: Lifi alþjóðasamband kommúnista (sem kommúnistarnir sjálfir segja, að stjórnað hafi verið frá öndverðu og fram til síðustu tíma af flugumönnum kapitalismans, landráðamönnum, njósnurum og morðingjum). Minna hefir farið fyrir spjaldi, ef til hefir verið, með nafni alþjóðasambands jafnaðarmanna, sem allir bræðraflokkar okkar á Norðurlöndum teljast til, og norski alþýðuflokkurinn er alveg nýlega genginn í eftir dýrkeypta reynslu af alþjóðasambandi kommúnista, sem hér á lengi að lifa.

Mér er sagt, að lítið barn hafi dregið spjaldkríli, þar sem móta sást fyrir nafni Alþýðuflokksins, og mun enginn fullorðinn hafa fengizt til að halda slíku á lofti, í því selskapi, ekki einu sinni hv. 3. þm. Reykv. sjálfur, sem sæmzt hefði verið að bera stórt spjald áletrað: Deyi Alþýðuflokkurinn — sem er það eina, sem fyrir bandamönnum hans, kommúnistunum, vakir, mænandi eftir aukningu síns eigin flokks á kostnað Alþfl. og umráðum yfir verkalýðssamtökunum í landinu, hafandi hv. 3. þm. Reykv. að ginningarfífli, ráðnir í að kasta honum sjálfum frá sér með hæðiyrðum, að lokinni þjónustu.

Alþýðuflokksmenn og konur á Íslandi. Við látum ekki Alþýðuflokkinn deyja! Hjálpumst að því að láta Kínatímabil það, sem hv. 3. þm. Reykv. er að leiða yfir Alþýðuflokkinn og verkalýðssamtökin í landinu, verða sem allra stytzt!

***Þorsteinn Briem:** Hv. þm. S.-Þ. mun hafa verið sendur hingað upp í ræðustólinn síðast til þess að gegna hlutverki hinnar afdönkuðu leikkonu, sem hann nú er. Hann mun hafa verið látinn tala nú, til þess að mér gæfist ekki tími til að svara hæstv. ráðh. fyrr en með nokkrum mínútum eftir miðnætti. Bændafl. mun ekki kippa sér upp við það, þótt hv. þm. S.-Þ. tyggi nú enn upp þetta sama, sem framsóknarflokksráðh. hafa alltaf sagt á hverju þingi, að Bændafl. sé dauður. Þeir lifa lengst, sem með orðum eru vegnir. Á meðan Framsfl. er í sæng með sósíalistum og hefir Kommfl. sér til fóta, þá mun Bændafl. eiga góð lífsskilyrði, því að stefna hans á framtíðina fyrir sér. Svo lífskröftug er stefna Bændafl., að hv. þm. S.-Þ. er nú horfinn frá villu síns vegar, þegar hann fordæmdi boðskap Bændafl., að framleiðendur yrðu að fá kostnaðarverð. Hv. þm. er nú farinn að taka annað slagið undir kjörorð Bændafl., að framleiðslan verði að bera sig. Ég fagna þessum framförum hv. þm. S.-Þ. Ég harma það, að hann skuli nú vera svo forsmáður í sínum flokki sem hann er. Það er leiðinlegt, að flokkur hans skyldi, þegar þurfti að kjósa mann í mesta virðingarsæti þingsins, forseta Sþ., velja þá þann manninn, sem fyrirlitlegast allra hafði talað um hv. þm. S.-Þ. hér á þessu þingi. Þeir virðast hafa gert þetta svo sem til að staðfesta fyrir sitt leyti orðin, sem hv. þm. Seyðf. var búinn að segja fyrir fáum dögum um hv. þm. S.-Þ., að sér væri sama hvorumegin hryggjar hann lægi. Og fyrst að hans eigin þingflokkur hefir þannig staðfest þessi orð, þá get ég látið nægja að taka undir þessi sömu orð með honum. — Hv. þm. S.-Þ. þóttist hafa skilað þjóðinni 10 millj. kr. hagstæðum verzlunarjöfnuði 1932. Hann fór frá völdum um mánaðamótin maí og júní það ár. Á þeim degi var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 10400000 kr. En þeir, sem við tóku, gátu haldið svo á málum, að þeir gátu skilað 10400000 kr. hagstæðum verzlunarjöfnuði í árslok. Svona er nú sannleikurinn í öllu, sem hv. þm. S.-Þ. sagði. Hann ætti ekki að gera samanburð á fjármálum hjá sér og öðrum, því að hann mun fara því verr út úr því, sem hann fer lengra inn á þá braut. Ég þarf svo ekki að tala meira við hann.

Þegar ég heyri hv. þm. S.-Þ. og hæstv. fjmrh. tala um fjármál landsins undir sinni stjórn, þá kemur mér í hug útlendur maður, sem veitti einu sinni íslenzku verksmiðjufyrirtæki forstöðu. Menn vissu, að fyrirtækið var að tapa, og sumir héldu, að það væri á heljarþröminni. En þegar hluthafarnir spurðu, þá var alltaf sama svarið hjá forstjóranum: „Það gengur bara gott“. Og annað svar var ekki að hafa hjá honum fyrr en fyrirtækið var komið á hausinn. Allt til síðustu daga a. m. k. hefir fjmrh. haft sviputð ummæli. Daginn, sem hann lagði lántökufrv. fyrir þingið, lækkaði að vísu risið dálítið rétt sem snöggvast. En nú virðist hann vera kominn á það lagið aftur að segja „það gengur bara gott“, og útlit fyrir, að hann haldi svo áfram, þangað til landið er komið á hausinn. Þeir hv. þm. S.-Þ. og hæstv. fjmrh. reyna nú sem fyrr að slá sér upp á því að deila á fyrrv. samsteypustjórn. Hún hafi ekki verið nógu dugleg að pína tolla og skatta af landsfólkinu. Hún hafi ekki ráðizt í stórræði, meðan heimskreppan var ægilegust, heldur reynt að fleyta þjóðinni yfir erfiðleikana án bægslagangs og yfirborðsháttar. Nú held ég, að þessari stjórn hefði verið eins gott að hafa lægra ris og lægra fall heldur en nú er komið á daginn. Nú veit Framsfl. ekkert annað sér til bjargar en slá sér 12 millj. kr. lán. Árlega hafa fjárlögin hækkað. Og árlega hafa vaxið örðugleikarnir, þangað til nú er svo komið, að fáir sjá út úr þeim. Og sjálfur fjmrh. er nú orðinn eins og braskari, sem verður að velta því fyrir sér, hvar og hvernig hægt verði að fá nýtt lán til að fleyta sér yfir næsta misseri, svo að ekki verði gengið að honum sem vanskilamanni fyrir hönd landsins. Skal ég nú víkja að þessari lántöku. Ef á að taka þetta nýja lán, og reyndar hvort sem er, þá tel ég nauðsynlegt, að gerð sé gangskör að því að rannsaka allt fjármálaástandið og alla fjárhagsafkomu lands og þjóðar, til þess að komizt verði að öruggri niðurstöðu um, hvernig unnt sé að ráða fram úr vandræðunum. Það á ekki að velja til þeirrar rannsóknar þá, sem fremstir eru á oddi í flokkadeilum. Það á að velja til hennar glöggustu fjármálamennina eða menn með hagfræðilegri reynslu og þekkingu eftir til-

nefningu eða í samráði við stærstu flokka þingsins. Ég tel rétt að taka mennina fremur utan þings en innan. Segjum t. d. að Framsfl. veldi Jónas Þór og Jón Árnason, sjálfstæðismenn hagstofustjórann og einhvern reyndasta og glöggasta mann á fjálmálasviðinu í sínum flokki, og alþýðuflokksmenn veldu einnig glöggan og gætinn mann úr sínum flokki. Og svo fengi þessi fjármálanefnd einn reyndan hagfræðing eða fjármálamann sér til aðstoðar frá einhverri af þeim þjóðum, sem við eigum mest viðskipti við og oss þætti mest undir komið, að eiga traust hjá. Og þessari fjármálanefnd væri svo falið að rannsaka ástandið ofan í kjölinn og komast að niðurstöðu um, hvernig hagað verði fjármálastjórninni hjá ríkisstjórn, bönkum og þingi, til þess að komizt verði aftur á réttan kjöl. Ég geri ráð fyrir, að eftir þá rannsókn yrðu það að vera óskrifuð lög hér á þingi, að rekstrarútgjöld fjárlaga mættu aldrei fara fram úr tiltekinni fjárhæð árlega, sem miðuð væri við gjaldþol þjóðarinnar og atvinnuveganna og þær afborganir fastra lána og lausaskulda og vexti, sem greiða þarf, til þess að þjóðin öðlist viðskiptatraust sitt aftur. Hitt yrði stjórnin og þingið að taka ákvörðun um í hvert sinn, hvernig þessum tilteknu rekstrarútgjöldum yrði skipt. En jafnframt yrði auðvitað að hafa þann hemil á stj., að umframgreiðslurnar yrðu sem minnstar. Það kynni að þykja hart aðgöngu fyrir þingið að handjárna sig þannig sjálft. En af tvennu er það þó betra, að setja sér af frjálsum vilja reglur, heldur en að þingið og stjórnin og öll þjóðin verði handjárnuð af erlendum skuldheimtumönnum. Það blessast aldrei lengi að hafa það eins og hv. þm. Ísaf. vildi hafa með ríkisbrennivínið og tóbakið í gærkvöldi, að slá sér fyrst út tóbak og brennivín, og láta svo vera að borga það á gjalddaga. Annaðhvort verður að láta vera að taka út brennivín og tóbak, sem auðvitað væri bezt, eða þá að borga það skilvíslega eins og heiðarlegur borgari. Eins er með lánið. Annaðhvort verður að láta vera að taka nýtt stórlán, eða við verðum að athuga möguleikana á því að geta borgað það.

Við verðum með óvilhallri rannsókn og kaldri og rólegri yfirvegun að komast að niðurstöðu um það, hverju þarf að breyta í afgreiðslu fjárlaga, stjórn gjaldeyrismálanna og í öllum fjármálum lands og þjóðar, til þess að geta staðið sem heiðvirðir og ábyrgir menn að þessari 12 milljóna lántöku, í stað þess aðeins að sökkva enn dýpra og stofna til enn meiri óreiðu. Mér finnst framkoma fjármálaráðh. í öllum þessum málum vera næsta fálmandi og óljós. Hann hefir sett sér það sem aðalverkefni að koma á svo hagstæðum greiðslujöfnuði, að vér gætum fullkomlega staðið í skilum við útlönd. Hann hefir margsagt og lagt á það áherzlu, að þessi greiðslujöfnuður hafi náðst bæði árin 1936 og 1937, þó að nú sé orðið nokkurt hik á.

Árið 1935 var tekið lán, og af því hefir fjármálaráðh. sjálfur sagt, að hálf 4. millj. hafi verið flutt inn eða verið sem raunverulegt gjaldeyrislán. Gerum nú ráð fyrir, að það hafi gengið upp í halla ársins 1934. En 1935 var líka nokkur hluti Sogslánsins fluttur inn fyrir innlendum kostnaði, og er sá hluti lánsins því gjaldeyrislán, sem kom upp í greiðsluhalla þess árs. 1936 er enn flutt inn af Sogsláninu fyrir hérlendum kostnaði, og er það því líka gjaldeyrislán, og ætti það þá að hafa bætt upp til fullnustu halla ársins á undan. En 1936 og 1937 hefir tekizt að ná fullum greiðslujöfnuði, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefir sagt sjálfur.

Hvað er þá eiginlega að, ef treysta má orðum hæstv. fjmrh.? Er ekki allt í lagi. Eða skilst mér það ekki rétt, sem hæstv. fjmrh. hefir sagt og er enn að reyna að segja, að það „gangi bara gott". Jú, ef orðin ein væru nóg. En svo koma bara staðreyndirnar, sem sýna, að komið er í baklás. Og mér skilst, að þó að hæstv. fjmrh. kannist ekki við þessar staðreyndir í orði, þá hafi hann viðurkennt þær svo sem bezt má á borði með þessari 12 milljóna lántöku, þar sem öll von er gefin upp um greiðslujöfnuð á næstu 3 árum. Hæstv. fjmrh. hlýtur að sjá, að hann er hér kominn í lokaða kví milli sinna eigin orða og ólukku staðreyndanna. Öðru megin hefir hæstv. ráðh. sín eigin orð: „Allt í lagi. Það gengur bara gott". Hinum megin er staðreyndin: Vanskilaskuldir ríkisstofnananna og hinar innifrosnu erlendu skuldir, sem safnazt hafa í bönkunum.

Mér fær ekki skilizt, hvernig hæstv. fjmrh. hyggst að komast úr þessari sjálfheldu. Hitt skilst mér betur, hvernig hann er í hana kominn. Hann er svo í hana kominn, að hann veit ekki eða hefir ekki vitað, hvað hinar duldu greiðslur eru miklar. Og því hefir hann alveg rennt blint í sjóinn um það, hvað hægt væri að leyfa mikinn innflutning, til þess að fullur greiðslujöfnuður næðist. Þetta staðfestist af orðum hæstv. fjmrh. sjálfs, því að þau eru ekki á einn veg um þetta atriði.

Í fjárlagaræðunni 1935 segir hann:

„Greiðslur okkar til útlanda aðrar en fyrir vörur, eru 7—8 millj. meiri en innborganir frá útlöndum, aðrar en fyrir andvirði vara". (Alþt. 1935. B. 30).

Hér telur hann þá duldar greiðslur vera 7—8 millj.

1936 segir hann enn í fjárlagaræðu:

„Fullum greiðslujöfnuði hefir ekki verið náð á árinu (þ. e. 1935). Til þess að slíkt takizt, þarf verzlunarjöfnuðurinn sennilega að vera hagstæður um 6 millj." (Alþt. 1936. B. 28—31).

1938 segir hann í Nýja dagbl. 24. febr.:

„Mér virðist allt benda til þess, að hallinn á duldu greiðslunum muni nema allt að 10 millj., ef afborganir af föstum lánum eru taldar með". — En þær eru taldar vera 5 millj.

Fyrir fáum dögum bað ég hæstv. fjmrh. þess, að þingið fengi vegna þessa ósamræmis í umsögnum hans að vita um álit Landsbankans um, hvað þessar duldu greiðslur hefðu verið t. d. nú síðustu ár. Hann svaraði því ekki, en lét sér nægja að lýsa því yfir fyrir þingheimi, að hann sjálfur gæti vel ímyndað sér, að þær væru í kringum 10 milljónir.

Þarna er ástæðan til þess, að hæstv. fjmrh. er nú kominn í þessa sjálfheldu, sem hann situr nú fastur í, — að hann hefir ekki vitað um duldu greiðslurnar nema það, sem hann á hverj-

um tíma gat ímyndað sér. Í þessa sjálfheldu hefði hann ekki þurft að komast, ef hann hefði í tíma, eða um leið og hann hóf gjaldeyrisráðstafanirnar, aflað sér þeirra gagna, sem hann hefir sem fjmrh. allra mann bezt aðstöðu til að afla, um duldu greiðslurnar. Ég efast ekki um, að svo töluglöggur maður sem fjmrh. er hefði með aðstoð bankanna getað komizt að nokkurn veginn niðurstöðu um þetta, í stað þess að ímynda sér eitthvað og eitthvað, svo að notuð séu hans eigin orð á þinginu fyrir fáum dögum. Þetta hefir hæstv. fjmrh. vanrækt, og það þótt hann vissi, að við þessar duldu greiðslur yrðu allar gjaldeyrisráðstafanir að miðast.

Hæstv. fjmrh. hefir því farið eins og manni, sem þekkir ekki það mark, sem hann vill stefna að, og lendir því í ógöngum. Og þegar hann sér, hvernig hann er staddur, þá verður hann eins og villtur maður. Það kemur fát á hann, svo að hann gerir ýmist að tala eins og hann hefir áður talað um að allt sé í lagi og gangi bara gott, eða hann gefur algerlega upp vonina og slær því föstu, að þjóðin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar út á við nema með 12 millj. lántöku erlendis. Ég vil halda því fram, að það sé ekki einhlítt að búa við forsjá hæstv. fjmrh. eins í þessum málum. Ég vil halda því fram, að hér þurfi fleiri menn, og það menn, sem meira traust er í um þessi mál, að fjalla með honum. Og ég tel hæstv. fjmrh. mann að meiri, ef hann kannast við þetta.

Það kann að þykja harkalegt af Alþingi að handjárna fjármálaráðh. sinn. En það er þó bæði honum og þjóðinni betra en láta erlendan lánardrottinn handjárna hann aftur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég verð að segja, að ég hefi heyrt sitt af hverju í pólitískum umr. Þó blöskrar mér mest þær blekkingar, sem stjórnarandstæðingar flytja í þessum umr. Hv. þm. Snæf. og hv. 4. landsk. halda því blákalt fram, gagnstætt öllum staðreyndum og prentuðum skýrslum, að skuldir þjóðarinnar hafi hækkað um 20 til 30 millj. síðustu 2 til 3 árin.

Þetta eru tilhæfulaus ósannindi, og ég hefi hér í höndunum bréf frá hagstofustjóra, þar sem skýrir frá því, að í ársbyrjun 1935 og þangað til í árslok 1936 hafi þessar skuldir samkvæmt uppgjöri hagstofunnar hækkað um 6,6 millj. kr., eins og ég hefi margoft upplýst; og allt það, sem hv. þm. segir um þetta, er því tilhæfulaust. Það er hvergi, þótt leitað væri með logandi ljósi í áliti skipulagsnefndar, nefnt á nafn, að skuldirnar séu 105 millj. í árslok 1936. Skipulagsn. gerir skuldirnar upp í árslok 1935 og fær 10 millj. hærra en hagstofan á sama tíma, og þessum 10 millj. bæta þeir við skuldaaukninguna, sem kemur fram samkvæmt skýrslum hagstofunnar. Ég hefi rætt þetta mál alveg sérstaklega við hagstofustjóra, og hann álítur að breytingar, sem hagstofuuppgjörið sýnir, séu réttar; er þetta í samræmi við verzlunarjöfnuð og duldar greiðslur. Og ég skal viðurkenna, að mér gremst það, að hv. þm. skuli láta sér sæma slíkan málflutning. Ábyrgur maður í Sjálfstfl. lætur sér sæma að álíta, að duldar greiðslur séu nálægt 14 millj. Er hv. þm. Snæf. að flíka því sem hann telur sig hafa úr trúnaðarbréfum frá bankaráði, sem þó eru tómar rangfærslur? Og frá hverjum fær hann þessar upplýsingar? Um duldu greiðslurnar er það að segja, að þær eru að meðtöldum afborgunum 10,5 millj. Mér finnst yfir höfuð vera hér deilt mjög undarlega um þetta mál. Eins og komið hefir greinilega fram í þeim upplýsingum, sem ég hefi gefið um þetta mál, að vanskilaskuldir, sem liggja fyrir í bönkum landsins, stafa ekki af því, að hafi verið gefnar neinar rangar upplýsingar, og það veit hv. þm. Dal. vel og aðrir. En það hefir ekki ennþá tekizt að vega upp verzlunarhallann frá 1934 og 1935, og þaðan af síður þær 2 millj., sem söfnuðust af vanskilum íslenzkra innflytjenda, móti því, sem fest er á vöruskiptareikningnum undanfarið. Þetta veit hv. þm. og flytur þetta á móti betri vitund til þess að blekkja hlustendur í útvarpinu. Alveg af sama toga eru spunnar blekkingarnar, sem hv. þm. A.-Húnv. og Snæf. og hv. 4. landsk. þm. ætla að reyna að koma inn hjá þjóðinni, að rangt séu upp gerðar ríkisskuldirnar, af því að skuldir ríkisstofnananna hafi vaxið nokkuð síðastl. ár. Á móti þessum skuldum ríkisstofnananna standa ýmsar vörubirgðir og beinlínis peninga-inneign í bönkum vegna yfirfærsluvandræða. Að læða því inn hjá hlustendum í útvarpinu, að fjárhagurinn hafi versnað tilsvarandi þessum skuldum, er vitanlega ekkert annað en vísvitandi blekkingar, eins og hv. þm. hafa látið sér sæma í þessum umr. Og ennfremur telja þeir í þessu uppgjöri lán, sem nemur 750 þús. kr., sem alls ekki var búið að taka fyrir áramót — og það vissu þeir vel — til að stækka útvarpsstöðina. Og ég verð að segja það, að mér finnst það meira en lítill loddaraleikur, sem þessir hv. þm. hafa hér viðhaft frammi fyrir alþjóð manna með því að gefa allar þessar röngu upplýsingar, sem eru — og það er það sorglegasta af því öllu saman — flestar vísvitandi rangar.

Hv. þm. Dal. sagði, að niðurstaðan hjá okkur viðvíkjandi greiðslujöfnuðinum við útlönd hefði verið verri heldur en á þeim árum, sem hann átti sæti í ríkisstjórninni, þrátt fyrir það, að ég hefði sagt, að eitt aðalhlutverk núverandi ríkisstj. væri það að bæta verzlunarjöfnuðinn. Þetta er algerlega rangt. Verzlunarjöfnuðurinn hjá samsteypustjórninni 1932, sem þeir stjórnuðu ekki nema hálft árið, var hagstæður um 10 millj. kr., enda voru þá í landinu miklar vörubirgðir frá 1930—31. 1933 var verzlunarjöfnuðurinn hagstæður um 2½ millj. kr., m. ö. o. verulegur greiðsluhalli. En 1934 var hann óhagstæður um 4 millj. kr., hvorki meira né minna, eða a. m. k. 10—11 millj. kr. halli á greiðslunni við útlönd, þótt ekki séu taldar með afborganir af föstum lánum. Þannig skildi sú stj. við, sem hv. þm. Dal. átti sæti í. Það situr því ekki verr á nokkrum þm. heldur en honum að tala eins og hann gerir nú í þessu máli.

Síðan 1935, eftir að Spánarmarkaðurinn lokaðist, hefir aftur á móti tekizt að færa þetta þannig til horfs, að 1935 var verzlunarjöfnuðurinn hagstæður um 2 millj. kr., og hefir síðan orðið hagstæðari og hagstæðari með hverju ár-

inu, þannig að hann hefir á þessu tímabili að meðaltali verið 5300000 kr., eða hvorki meira né minna en það, að verzlunarjöfnuðurinn, þrátt fyrir lokun Spánarmarkaðarins, hefir verið bættur um 11 millj. kr. frá því, sem hann var á þeim tíma, sem hv. þm. Dal. hékk við þessi mál. Og það eru ekkert nema blekkingar hjá þessum hv. þm., þegar hann heldur því fram, að það sé ekki samsteypustj., sem ber ábyrgð á afkomu ársins 1934, því að hún sat fram yfir mitt árið og var þá þegar búin að gefa út ¾ hluta af innflutningsleyfum ársins. — Sama er að segja, ef maður tekur umframgreiðslurnar. Síðasta árið, sem hv. þm. Dal. átti sæti í ríkisstj., voru þær 5200000 kr., og fyrstu árin eftir að við tókum við stj., þurftum við að vera að greiða loforð, sem þessi hv. þm. hafði skilið eftir sig í stjórnarráðinu. Það hefir sem sagt enginn íslenzkur ráðh. skilið við sitt bæli í stjórnarráðinu með öðrum eins endemum og þessi hv. þm., og er það því að bíta höfuðið af skömminni, að þessi hv. þm. skuli koma hér fram og gera sig breiðan yfir því, að á þeim tímum, sem verið hafa síðan hann sat í ríkisstj. hafi ekki fyllilega tekizt enn að vega upp þau vandkvæði, sem hann stofnaði til, og á ég þar fyrst og fremst við verzlunarjöfnuðinn 1934 og umframgreiðslur sama árs.

Hv. þm. Snæf. og eins hv. þm. Dal. hafa talað hér um það, að ef þeirra stefnu hefði verið fylgt í gjaldeyris- og viðskiptamálum, þá hefði ekki þurft að taka 12 millj. kr. lán, og að þá hefði verið hægt að lækka skuldirnar um 4—5 millj kr. árlega. Og hafa sjálfstæðismenn í þessu sambandi vitnað til áranna 1924—27. Ég skal nú nefna nokkrar tölur til að sýna, hvort hér sé um nokkuð sambærilegt að ræða. — Fiskverðið 1924—27 var frá 100—190 kr. per skpd. og aflinn að meðaltali 50 þús. tonn, en meðalverðið nú á seinni árum hefir verið 70—80 kr. og meðalafli 20—28 þús. tonn. Útflutningur saltfiskjar var á þessum 4 árum 96 millj. kr. hærri heldur en hann hefir verið undanfarin 3 ár. En hvernig var svo útkoman í viðskiptunum við útlönd á þessum eindæma góðærum. Niðurstaðan var sú, að þau 2 ár, sem Sjálfstfl. réð þessum málum einn, 1925—26, hækkuðu skuldirnar við útlönd samkvæmt skýrslum hagstofunnar um 9 millj. kr. M. ö. o. það var tekið lán til þess að mæta afborgunum af öllum föstum lánum þessi 2 ár, og þar að auki fluttar inn 9 millj. kr., þó að á þessu tímabili væri fluttur út saltfiskur fyrir 24 millj. kr. meira á ári heldur en undanfarin 3 ár.

Þetta er nú það, sem hv. sjálfstæðismenn eru að vitna til og á að vísa manni leiðina um það, að Sjálfstfl. hefði verið þess megnugur að koma í veg fyrir gjaldeyrislántöku. — Hvert mannsbarn á landinu veit, að á þessu tímabili gerði Sjálfstfl. nánast ekkert annað en að hirða þá peninga, sem inn fluttust í góðærinu. Og hvernig halda menn, að ástandið væri nú, ef undanfarin 3 ár hefði verið fylgt þessari sömu stefnu, og á hvað bendir sú stefna hv. stjórnarandstæðinga í fjármálunum nú? Bendir hún til þess, að niðurstaða þessara mála væri betri, ef þeir hefðu fengið að ráða? Hverri einustu niðurfærslu hefir verið mætt af fullum fjandskap af þessum flokkum, og þeir hafa alltaf krafizt þess, að meira væri flutt inn heldur en leyft hefir verið. Og þeir tala nú um vanskilaskuldir, en þeir hafa í raun og veru heimtað, að þær væru miklu meiri, og meira að segja nú þessa sömu dagana, sem þeir eru að tala um vanskilaskuldirnar, eru þeir að heimta af okkur meiri innflutning heldur en við viljum leyfa og láta blöð sín stöðugt róa á okkur út af því.

Það er nú kannske til of mikils mælzt, að spyrja þessa hv. þm., sem hér tala fyrir Sjálfstfl., hvaða úrræði það eru, sem þeir vilja hallast að í þessum efnum. Og hvaðan kemur þeim kraftur til þess að halda því fram, eftir allt sem á undan er gengið, að þeir hefðu getað greitt niður fastar afborganir af öllum skuldum og lækkað þær árlega um 4½ millj. kr. Og ég verð að segja það, að þeim mönnum, sem að meira eða minna leyti bera ábyrgð á því, að á árunum 1925—1934, þrátt fyrir eindæma góðæri, var helmingi óhagstæðari verzlunarjöfnuður heldur en nú á síðustu 3 árunum, þrátt fyrir lokun Spánarmarkaðarins, og koma svo fram hér á Alþ. og dæma okkur, sem stöndum fyrir síðari niðurstöðunni, er ekki klígjugjarnt!

Jón Pálmason: Það var svaki á hæstv. fjmrh. út af því, að við sjálfstæðismenn hefðum farið hér með blekkingar, eins og hann sagði. En ég verð nú að segja, að það sem hann færði fram því til sönnunar, var heldur veikt.

Hæstv. fjmrh. sagði viðvíkjandi skuldum ríkisstofnananna við útlönd, sem uxu árið 1937 um 2,9 millj. kr., að það væri algerlega rangt, að þær hefðu raskað skuldum þjóðarinnar í heild við útlönd. Ég veit nú ekki hvernig hæstv. fjmrh. getur haldið því fram, að það raski ekki neitt skuldasöfnun þjóðarinnar í heild við útlönd, þegar skuldirnar aukast um 2,9 millj. kr., og eru þar að auki meira eða minna í vanskilum. Hann sagði, að þetta væri í vörum fyrirliggjandi og peningum í bönkum. En ég vil biðja hæstv. ráðh. að sanna það, að vörur þessara stofnana hafi vaxið frá því árið næst á undan. Og að vísu er nokkuð af þessu peningar í bönkum, en ég leyfi mér að efast um, að þeir séu þar allir.

Þá var hæstv. fjmrh. mjög mikið að tala um launamálin, sem ég gerði að umtalsefni í gærkveldi. Það var helzt á honum að skilja, að ríkið, sem borgar 6—7 millj. kr í laun ætti að miða allar sínar launagreiðslur við það, ef einhver einkafyrirtæki greiddu hóflaus laun. Þetta er hin mesta fjarstæða, því að vitanlega er ekki réttmætt, að Alþ. setji lög um laun einkafyrirtækja, og allar ásakanir hæstv. ráðh. til mín um ósamræmi, af því að ég tali ekki um laun einkafyrirtækja eru út í bláinn, af því að við höfum ekkert með slík laun að gera öðruvísi en sem skattstofn. Annars má nú minnast þess, sem hæstv. ráðh. gat um, að launin eru hæst í bönkunum, og yfirmaður þeirra er og hefir verið hæstv. ráðh. Það eru fjmrh. Framsóknar, sem hafa ráðið yfir þeim í 10 ár. Þess má og geta, að fæstir landsmenn vita, hvernig háttað er launum stjórnargæðinganna innan þings og utan og

hvernig hrúgað er launum á einstaka menn með allskonar aukastörfum, þó að fjöldi annara hafi ekkert. Ég skal nú taka fáein dæmi og byrja innan þings. Þar er úr nógu að velja, en ég nefni bara einn mann úr hvorum stjfl. Hv. þm. Skagf., Pálmi Hannesson, er rektor menntaskólans og hefir 5 þús. kr. laun fyrir það. Hv. þm. N.-Ísf. er landlæknir og hefir 6600 kr. Þetta eru nú hófleg laun, og ekkert við að athuga, ef þar með væri búið. En það er nú ekki alveg. Pálmi Hannesson hefir 3 þús. kr. húsaleigustyrk, 2 þús. kr. í risnu, 1500 kr. fyrir að vera í útvarpsráði, 500 kr. í menntamálaráði, 800 kr. í veiðimálanefnd, 800 kr. fyrir þjóðvinafélagsstjórn, og líklega 1500 kr. fyrir að vera á Alþ., og þá eru komnar 15100 kr. En til þess að auglýsa það, að þessi maður hafi nægar fristundir frá störfum sínum, hefir ríkisstj. nú skipað hann í tvær mþn., í launamálum og íþróttamálum. — Landlæknirinn hefir 3500 kr. fyrir eftirlit með lyfjabúðum og mun hafa neitað að láta það af hendi til lyfjafræðings, sem átti að taka við því. Hann hefir og 2500 kr. fyrir stjórn spítalanna, sem auðvitað ætti að vera hans skylduverk, og svo er hann á Alþ. og hefir því a. m. k. alls um 15 þús. kr. laun. — Svona gæti ég talið röð af gæðingum stj. innan þings og utan, en verst er, þegar þeir hafa há laun fyrir lítil eða nálega engin störf. Nýlega var einn gerður að dýraverði í atvinnudeildinni með 3600 kr. launum, en þegar hann var búinn að vera þar um tíma, kom ráðherrabréf um, að hann ætti líka að hafa 75 kr. á mánuði í húsaleigustyrk. Þessi maður hafði verið rekinn frá annari stofnun, og þarna hefir hann lítið eða ekkert að gera annað en að leggja í miðstöðina. Annar starfaði í sömu stofnun og hafði 600 kr. á mánuði þar og 400 kr. annarsstaðar. Í nóv. var annar settur yfir þennan og laun hans lækkuð um 100 kr. og nú eru gefnar þær upplýsingar, að hann hafi eiginlega ekkert annað að gera en að passa þrjár stúlkur, en launin eru 500 kr. á mánuði. Og svona mætti lengi telja, en ég læt hér staðar numið að þessu sinni.

Hæstv. fjmrh. ætlaði að slá sig til riddara í gærkveldi á því, að kostnaðurinn við ríkisstj. hefði verið hærri prósentvís 1926 af ríkisgjöldunum heldur en 1936. Hann hefði átt að nefna tölurnar, því að þá væri myndin rétt, en þessi kostnaður er 1936 97769 kr. hærri en 1926. Svona eru rök hæstv. ráðh.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að mínar till. mundu ekki fá mikinn byr, því að ég væri nokkuð einstæður í launamálum. Eitthvað er nú til í þessu, en það er engin sönnun fyrir því, að ég hafi ekki á réttu að standa, og það vil ég segja hæstv. ráðh., að öll fjvn. hefir samþ. till. frá mér um að afnema allar greiðslur fyrir eftirvinnu og aukavinnu, lengja og jafna nokkuð vinnutíma, og banna greiðslur fyrir skemmtiferðir og tækifærisgjafir alstaðar hjá ríkinu og stofnunum þess. Einnig að ákveða fastan taxta á dagpeningum í ferðalögum starfsmanna ríkisins í þess þarfir. — Mér þykir nú miklu meira ætlað til launa eftir fjárlfrv. eins og það kemur frá fjvn. heldur en ég tel þörf á, en þó vil ég segja hæstv. ráðh. það, sem hann ekki veit, að hjá 20 stofnunum og starfsgreinum er ætlað 280 þús. kr. minna til launa heldur en eytt var 1937. Verði hæstv. ráðh. áfram við starfið 1939 og fylgir þessu, þá er framförin óneitanlega nokkur.

Þá var hæstv. fjmrh. að endurtaka það, sem hann hefir svo oft sagt áður, að okkur sjálfstæðismönnum færist ekki að gaspra um eyðslu, því að við bærum einungis fram till. um útgjöld, en hefðum engin úrræði til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er fyrir hendi. Þetta ættu stjórnarliðar aldrei að leyfa sér að nefna, því að ég staðhæfi og legg áherzlu á, að enginn flokkur í landinu mundi, svo lengi sem Sjálfstfl. hefir verið í minni hluta, sýna þvílíka ábyrgðartilfinningu og vægð gagnvart ríkisstj. sem hann hefir gert. Um Framsfl. munum við allt of vel hans feril, öll yfirboðin og öfgarnar 1926—27, þegar verið var að telja þjóðinni trú um það, að Jón Þorláksson væri að setja landið á hausinn og glata lánstrausti og sjálfstæði þjóðarinnar. Slíkir menn ættu að fara sér hægt í því að nefna ábyrgðarleysi á nafn. Um Alþýðufl. eru nýrri dæmi til, því að í fyrra bar hann fram á fáum dögum hér á Alþ. nýjar fjárkröfur, sem námu 8—10 millj. kr., af því að þeir slitu stjórnarsamvinnunni til málamynda um stund. Ef við sjálfstæðismenn kæmum einhverntíma þannig fram, mundi víst syngja í tálknunum á hæstv. ráðh., en þá hefir ekki klígjað við að ganga tvisvar síðan í tjóðurbandið hjá Alþfl.

Við hv. þm. N.-Ísf., sem brá mér um ósannindi í gær, snertandi rekstrarhalla síldarverksmiðjanna, hefi ég það eitt að segja, að ég hefi ekki reiknað þetta út sjálfur, heldur Jón Gunnarsson framkvstj., og tölurnar hafa verið birtar í stjórnarblöðunum sem rétt niðurstaða.

Þá skal ég minnast á eitt dæmi um fjármeðferð stjórnarfl. til flokksþarfa, en það eru auglýsingar ríkisstofnanna. 1937 hafa 6 stofnanir greitt fyrir auglýsingar 19700 kr. Af því hefir Nýja dagblaðið fengið 5338 kr., Alþýðublaðið 4080, en Morgunblaðið 828 kr., Vísir 700 kr. og Þjóðviljinn 333 kr. Hitt hefir farið til tímarita og annara blaða. Auk þessa fá sumar einkasölurnar talsvert fé erlendis frá til auglýsinga. T. d. hefir Tóbakseinkasalan úthlutað 4700 kr. þannig 1936: Til Nýja dagblaðsins 1600 kr., Alþýðublaðsins 2200 kr., Tímans 700 kr. og Skutuls 220 kr. Hve mikið þetta er hjá öðrum stofnunum, er ókunnugt, en þetta sýnir, að blöð stj. eru að talsverðu leyti gefin út fyrir auglýsingar ríkisfyrirtækjanna.

Ég hefi svo ekki meiri tíma nú að þessu sinni, en e. t. v. gefst mér tækifæri til þess að taka nokkuð nánar fram um fleiri atriði í þessu sambandi.

Einar Olgeirsson: Það er margt skrítið um VJ, hv. þm. N.-Ísf. Eitt er það, að hann er montinn. En það eru nú fleiri. En í einu slær hann þá alla út, og það er í því, að hann hælir sjálfum sér alveg sérstaklega fyrir það, að hann sé laus við alla drýldni og fram úr hófi yfirlætislaus! Og ekki sparaði hann áðan að halda sér fram á þennan „yfirlætislausa“ hátt. Hann

hælir sér svo sérstaklega af því, hver snillingur hann sé í því að búa til tillögur, — og svo barmar hann sér yfir því, að hann hafi of mikla tilfinningu fyrir því, að haft sé rétt við í leik. Þetta segir maðurinn, sem útbúið hefir þá skaðlegustu till., sem saga íslenzku verkalýðshreyfingarinnar getur um, — till., sem hindraði sameiningu verkalýðsflokkanna á síðasta alþýðusambandsþingi, — till., sem menn nú sjá, að haft hefir þann tilgang að gefa hægri mönnunum tíma til þess að reka HV, hv. 3. þm. Reykv., úr Alþfl. og sprengja flokkinn. Og svo er þessi maður svo brjóstheill að segja, að hann hafi alveg sérstaklega mikla tilfinningu fyrir því, að rétt sé haft við í leik! Ég er nú hræddur um, að dómurinn um þennan hv. þm. verði álíka eins og forðum um Hvamms-Sturlu: „Enginn frýr þér vits, en meir ertu grunaður um grælzku".

Þá fór hv. þm. N.-Ísf. álíka heiðarlega að, þegar hann var að tala um Alþjóðasamband kommúnista og þá, sem dæmdir voru í síðustu málaferlunum í Moskva. Hann sagði, að þeir hefðu átt sæti í stjórn Alþjóðasambandsins upp á síðkastið. En þetta er ekki rétt. Enginn þeirra hefir átt sæti þar síðan Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður. Hv. þm. telur þessa menn nú landráðamenn og njósnara, — Alþýðublaðið telur þá alla saklausa og mestu heiðursmenn. Mér þykir vænt um, að hv. þm. skuli vera orðinn sannfærður um sekt þeirra af því að lesa málsskjölin frá Moskva. — Hv. þm. N.-Ísf. virtist telja, að fyrst Bucharin hefði svikið sitt föðurland, þá væri óhugsandi, að hann hefði getað skrifað góður bækur hér áður fyrr. En þetta er vitleysa. Bucharin gat vel skrifað góðar bækur hér áður, þótt hann sviki síðar, — alveg eins og þessi hv. þm. t. d. skrifaði einu sinni ágæta grein um mann, sem sveik verkalýðinn. Greinin hét „Með kossi", — og samt virðist þessi hv. þm. alveg sérstaklega sækjast eftir félagsskap þeirra manna, sem svíkja með kossi. —

Þá ætla ég að snúa mér að hv. þm. Ísaf., FJ. Hann var að tala um olíuokur. Ég ætla nú að spyrja hann, hvað lengi hann hafi verið í þjónustu BP? Hann og fleiri félagar hans eru nú farnir að tala um olíuokur. Já, þeir þora það nú upp á síðkastið! Öðru vísi mér áður brá! Eða hafa þeir gleymt benzinverkfallinu? Og svo eru þeir að reyna að bendla okkur kommúnista við olíuokur. Ég ætla að biðja þá að athuga Þjóðviljann og það, sem hann segir um síðustu herferð olíuhringanna. Hvers vegna fer ekki Alþýðublaðið og Nýja dagblaðið af stað, sem talað hafa svo djarft um olíuokur? Við skulum vona, að þið fetið í fótspor okkar á morgun, hetjurnar! —

Hv. þm. Ísaf. varaði verkalýðinn við flæráði kommúnista að kjósa hann á Ísafirði til þings eða Harald Guðmundsson á Seyðisfirði eða styðja Emil í Hafnarfirði? Var hitt ekki frekar flæráði við verkalýðshreyfinguna að berjast eins og ljón á móti kosningu okkar hér í Reykjavík? Og var það ekki flæráði að reka þann mann úr Alþýðufl., sem þorði að mæta staðreyndunum eins og maður og berjast fyrir einingu verkalýðsins. Það var meira en flæráði, það var fólskuverk. —

Og svo eru þessir herrar að tala um það, að Kommfl. sé ekki ábyrgur stjórnmálaflokkur, og hv. þm. N.-Ísf. var sérstaklega að gefa það í skyn, að við værum skýjaglópar. En ég vil nú spyrja þá, hvort þeim finnist ekki Kommfl. á Spáni og Frakklandi vera ábyrgir stjórnmálaflokkar. Og finnst þeim ekki Kommfl. vera ábyrgur flokkur á Ísafirði, Siglufirði og Norðfirði, þar sem þeir mynda meiri hl. með Alþfl. og stjórna þessum bæjum með honum? Og ég vil spyrja: Hvað ætla þeir að þvaðra svona lengi, eins og þeir væru launaðir við Alþýðublaðið, í staðinn fyrir að haga sér eins og ábyrgur og raunhæfur stjórnmálaflokkur? — Svo læt ég útrætt um þá.

Hæstv. fjmrh., EystJ, kom inn á þetta spursmál um ábyrga stjórnmálaflokka. Ég ætla að leggja ofurlitið nánar út af ræðu hans í því efni heldur en hann gerði sjálfur. Hæstv. ráðh. nefndi stjórnarandstæðinga sem eitt í þessu sambandi. Ég vil algerlega mótmæla því, að Kommfl. sé nefndur í sömu andránni og íhaldið, og skal ég benda á nokkur atriði í því sambandi.

Íhaldið bar hér í fyrra fram till., sem þýddu minnkaðar tekjur og aukin útgjöld ríkisins upp á 4—5 millj. kr. Það sýndi ekki lit á að bera fram eina einustu till. um tekjuöflun. Allt var þetta gert í lýðskrumstilgangi, til þess að geta sagt við fólkið: Sjá, allt þetta viljum vér gefa yður! — En ekki nóg með það. Á sama tíma, sem Íhaldið reynir þannig að veiða allan almenning til fylgis við sig með till. um takmarkalausan austur úr ríkissjóðnum, sendir það JPálm, hv. þm. A.-Húnv., út af örkinni til þess að prédika sparnað. Þannig er lýðskrumið til beggja handa, og þannig rekur sig hvað á annars horn hjá Íhaldinu. Og svo fer hv. form. Framsfl., hv. þm. S.-Þ., út af örkinni til þess að telja þennan argasta og mótsagnakenndasta lýðskrumsflokk landsins sem ábyrgan stjórnmálaflokk og berst um á hæl og hnakka til þess að komast í stjórnarsamvinnu við hann.

En hvað gerum við kommúnistar á sama tíma? Við berum fram útgjaldatill., sem nema um 1 millj. kr., og jafnframt tekjuöflunartill., sem nema álíka upphæð. Við högum okkur sem sagt sem ábyrgur stjórnmálaflokkur, en Íhaldið sem lýðskrumsflokkur.

Þá kem ég að því, sem hæstv. fjmrh. sagði um gjaldeyrislánið. Hann var að tala um það, að íhaldið notaði það sem árásarefni á ríkisstj. Við kommúnistar tókum gagnvart spursmálinu um gjaldeyrismálin pólitíska og raunhæfa afstöðu og bentum á, að nauðsynlegt væri, að reynt yrði að forðast þá einangrun, sem við erum komnir í um okkar skuldir, þar sem meiri hluti þeirra er nú við England. Við bentum á, að ef til vill væri bezt að fá þetta lán í Svíþjóð. Og við bentum ennfremur á, hversu óheppilegt væri að láta Landsbankann stjórna þessu láni eða hafa með það að gera á nokkurn hátt, vegna þeirrar reynslu, sem af hans fjármálastjórn er fengin. Íslenzkur verkalýður er óhræddur við að taka á sig ábyrgð á slíkum

málum í sameiningu við ríkisstjórnina, og Kommfl. er reiðubúinn til þess. En hann vill ekki taka ábyrgð á pólitík, sem þýðir undanhald og uppgjöf fyrir öflum fjármálaspillingarinnar í landinu. Hann vill ekki taka ábyrgð á pólitík, sem óhjákvæmilega þýðir versnandi kjör fyrir alþýðu landsins. Pólitíkin, sem Kommfl. og allur íslenzkur verkalýður vill vera með í að reka, er sókn fram til betri kjara, bjartara og fegurra lífs fyrir vinnandi stéttir þessa lands, og það þýðir sókn gegn öflum, sem í krafti peningavalds og klíkuskapar halda fyrir fólkinu þeim lífsskilyrðum, sem það þarf að ná, til þess að öðlast betri afkomu og njóta ávaxtanna af vinnu sinni.

Hæstv. forsrh. hélt hér hjartnæma prédikun í gær. Hann sagði, að þeir, sem misnotuðu gæðin, sem þeim væru fengin, myndu glata þeim, og þannig væri einnig með frelsið. Við skulum nú heimfæra þessi orð upp á staðreyndirnar í landi voru. Landið okkar er fátækt, en það á mikla möguleika. Og það hefir klifið þrítugan hamarinn til að reyna að nota sér þá. Það hefir m. a. tekið stórlán erlendis, og fólkið hefir sparað fé saman, sem numið hefir 60 millj. Allt þetta hefir verið sett í banka þjóðarinnar og síðan lánað út af bankastjórnunum til nokkurra stóratvinnurekenda. Þessir stóratvinnurekendur hafa ekki aðeins haft frelsi, þeir hafa líka fengið umráðin yfir helztu gæðunum, sem þjóðin gat boðið, og þeim hefir verið trúað fyrir hagnýtingu á því bezta, sem þjóðin á, vinnuafli þúsundanna. Og hvernig hafa þeir nú notað gæðin? Um 40 millj. kr. af fé þjóðarinnar hafa þeir glatað. Togaraflotann hafa þeir látið ganga úr sér án þess að endurnýja hann. En því færri sem togararnir urðu, því fleiri og stærri urðu „villur“ togaraeigendanna, sem hv. þm. S.-Þ., JJ, skrifaði einu sinni svo mikið um. Hann er nú hættur því núna! Og þegar svo kreppti að, fóru þá þessir fínu menn eftir kenningu forsrh. um, að þeir, sem betur væru staðir, ættu að byrja á fórnfýsinni? Nei. Þegar óstjórn þeirra keyrði svo úr hófi, að þeir gátu ekki einu sinni notað vinnuafl þúsunda verkamanna, þá heimtuðu þessir stóratvinnurekendur stórlækkun á kaupi þeirra allra fátækustu, en sátu sjálfir með 20—30 þús. kr. árslaun og datt ekki í hug að lækka þau. Þegar svo verkamenn sýndu mótþróa, hvað ætlaði þá aðalforsprakki þessara stórskuldugu atvinnurekenda að gera eftir upplýsingum hæstv. forsrh. sjálfs? Hann ætlaði að fangelsa alla helztu trúnaðarmenn verklýðshreyfingarinnar, setja þá í sundhöllina og geyma þá þar.

Og nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Ef þessi bankaráðsklíka, sem drottnað hefir yfir gæðum þjóðarinnar, hefir ekki misnotað þau, hver hefir þá gert það? Hún hefir haft meira en frelsi. Hún hefir haft forréttindi. Og hún hefir misnotað þau svo herfilega, að hún á að glata þeim. Og vegna yfirgangs þessarar klíku, vegna forréttinda hennar og einokunar á mestu gæðum landsins, hefir þjóðin sjálf, hinar vinnandi stéttir Íslands, ekki einu sinni fengið að njóta frelsis síns. Barátta þjóðarinnnar fyrir fullu frelsi sínu er því barátta á móti forréttindum þessara fáu stórlaxa. Og svo spyr ég hæstv. forsrh.: Ætlar hann eftir þau fögru orð, sem hann mælti um misnotkun gæðanna, að standa með forréttindum hinna fáu auðmanna eða með frelsisbaráttu þjóðarinnar fyrir afnámi á yfirráðum braskaranna?

Góða nótt?

Brynjólfur Bjarnason: Góðir hlustendur! Þetta er síðasta ræðan, sem við kommúnistar eigum kost á að flytja hér í útvarpið í kvöld. Og þar sem tíminn er naumur, ætla ég að reyna að draga það saman í mjög stutt mál, sem sérstaklega hefir einkennt þessar umr.

Það, sem alveg sérstaklega vakti athygli við umr. í gærkvöldi, var, hvað allir borgaraflokkarnir, Sjálfstfl., Bændafl. og Framsfl. og þingfl. Alþfl. — hvað allir þessir flokkar voru hjartanlega sammála um það, hversu viðurstyggilegt það væri af alþýðunni að vera að gera kröfur, að vera að gera jafn ósvífnar kröfur og þær, að reynt verði að bæta eitthvað úr atvinnuleysinu, að reynt verði að hamla á móti vaxandi dýrtíð og tekjurýrnun vegna aukins atvinnuleysis með ofurlítið bættum kaupkjörum, að reynt verði að lækka vöruverð o. s. frv. — Hv. þm. Snæf., TT, talaði um hina óseðjandi græðgi neytenda í landinu, sem væru að stofna kaupfélög, og heimtuðu gjaldeyri til innflutnings á nauðsynjavörum í hlutfalli við meðlimafjölda. Það er nú ekki langt síðan gróði heildsala og kaupmanna nam hvorki meira né minna en fimm millj. króna samkvæmt opinberum skýrslum. Það var áður en KRON var stofnað. Hv. þm. Snæf., TT, finnst það alveg fram úr skarandi ósvifni af neytendum, að þeir skuli vera svo gráðugir, að seilast eftir einhverjum hluta af þessum gróða, með því að lækka vöruverðið og heimta gjaldeyri fyrir þau félög, sem að því standa. — Hæstv. forsrh., HermJ, var ekki síður hneykslaður yfir því, að fólk skyldi vera að gera kröfur, — á sama tíma sem tólf hundruð heimilisfeður í Reykjavík ganga að jafnaði atvinnulausir, — á sama tíma sem tekjur verkamanna hafa rýrnað um 2½ millj. kr. á tveimur árum, — og á sama tíma sem heildartekjur Reykvíkinga eru samt sem áður svo miklar, að 7000 kr. koma á hverja 5 manna fjölskyldu, ef þeim væri jafnað niður, og Íslendingar eiga eignir, sem nema 15 þús. kr. á hvert heimili, ef þeim væri jafnað niður. Þessi kenning hæstv. forsrh. var svo flutt á enn blygðunarlausari hátt af hv. þm. S.-Þ., JJ.

Hv. 7. landsk. þm., EmJ, kallaði það „yfirboð“, þegar kommúnistar fóru fram á það, að atvinnubótafé yrði aukið ofurlítið, og nokkru meira fé yrði varið til verklegra framkvæmda. Sömuleiðis kallaði hann það „yfirboð“, þegar við lögðum til, að til vitamála yrði veitt það, sem l. raunverulega ætlast til, eða allt vitagjaldið. M. ö. o.: Þingflokkur Alþfl. telur enga nauðsyn bera til þess að vera að auka atvinnuna. Hvað segið þið um þetta, þið sem lesið hafið 4 ára áætlunina, sem gaf fyrirheit um það að útrýma atvinnuleysinu gersamlega? Eða hvað segið þið um þetta, sem lesið hafið Alþýðublaðið, sem stöðugt er að skamma kommún-

ista fyrir það, að þeir beiti ekki samtakamætti verkalýðsins nógu öfluglega til þess að knýja fram aukna atvinnu? En því verður ekki neitað, að þessi afstaða þingflokksins er í samræmi við stefnu hægri mannanna 1. maí. Þá lýstu þeir því yfir, að þeir létu allar kröfur niður falla, því að þingmenn Alþfl. hefðu gert sitt bezta. Hvaða ástæða var til þess að vera að gera kröfur um aukna atvinnu og þess háttar. Allt slíkt eru nú kölluð „yfirboð". Því að þingmennirnir höfðu gert sitt bezta. Þeir eru fimm hægri alþýðuflokksmennirnir í Nd. Einn er vitamálastjóri, annar er fræðslumálastjóri, þriðji er forstjóri tryggingarstofnunarinnar, fjórði er síldarmálastjóri og fimmti er landlæknir. Það var trúðleikarinn, sem þið heyrðuð í áðan. — Allt saman prýðilega launaðar stöður. Alþýða! Hvað viltu meira? Hvað viltu vera að gera meiri kröfur?

Þessir menn eru stöðugt að tala um fórnir, sem verkalýðurinn þurfi að færa. Þeir eru að reyna að koma því inn hjá verkalýðnum, að honum beri siðferðileg skylda til þess að umbera atvinnuleysið, aukna tolla og skatta, vaxandi dýrtíð og minnkandi tekjur. Það sé siðferðileg skylda verkalýðsins að taka öllu slíku með langlundargeði og færa þessar fórnir.

Vissulega hefir verkalýðurinn siðferðislegar skyldur og vissulega þarf hann að færa fórnir til samtaka sinna, til þess að binda enda á þetta siðlausa ástand.

Þið hafið heyrt þessar stöðugu prédikanir, bæði sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, um að atvinna verði meiri, ef kaupið er lækkað. Þessar prédikanir eru nú raunar ætlaðar fyrir ístöðulaust fólk, sem ekki getur hugsað sjálfstætt. Ef menn gefa sér tóm til þess að hugsa ofurlítið út í þetta, þá er nú í fyrsta lagi augljóst, að markaður fyrir íslenzkar vörur erlendis rýmkast ekki, þótt kaupið lækki. Ísl. útflutningsvörur hafa yfirleitt verið seldar undanfarin ár á erlendum markaði fyrir það verð, sem kaupendurnir hafa viljað gefa fyrir þær, hvorki meira né minna. Það væri frámunalega heimskulegt frá öllu sjónarmiði fyrir lítið og fátækt land eins og Ísland, að fara að gera undirboð á erlendum markaði. Upp úr því væri ekkert að hafa annað en minnkandi tekjur fyrir landið í bráð og lengd og minnkandi gjaldeyri. Um áhrif kauplækkunar í þeim greinum, sem framleiða fyrir íslenzkan markað, er það að segja, að því lægra sem kaupgjaldið er, því meira þrengist markaðurinn, því að kaupgetan minnkar. Hinsvegar aukast við það vonir framleiðenda í þeim greinum um meiri gróðamöguleika, og slíkt lendir jafnan í offramleiðslu, sem hefir í för með sér enn meira hrun og atvinnuleysi. Það er hinsvegar alveg víst, að ef verkalýðnum væri tryggð stöðugri atvinna og þar með auknar árstekjur, þá væri hann reiðubúinn til að lækka tímakaupið. Ef Dagsbrúnarmönnum væri t. d. tryggð atvinna allt árið, þá væru þeir vafalaust reiðubúnir til að lækka tímakaupið niður í kr. 1,20, ef þeim þar með væri tryggð ársvinna, eða 3600 kr. árslaun, sem þeir mundu fá með þessu tímakaupi. Hversvegna gera atvinnurekendur, sem stöðugt eru að tala um, að þeir vilji tryggja mönnum stöðuga vinnu, ef þeir stilli kaupkröfum sínum í hóf, þá verkamönnum ekki slík tilboð? Því mundi áreiðanlega verða vel tekið. — En það er líka annað, sem er sérstaklega athyglisvert í þessu sambandi. Þessir herrar tala aldrei um, að það þurfi að spara á öðrum liðum. Þeir tala aldrei um, að það þurfi að létta af framleiðslunni þeim bagga, sem fólginn er í snikjulífi yfirstéttarinnar á atvinnuvegunum. Af þessu hljóta menn að sjá, hver hugur fylgi máli, þegar þessir herrar þykjast tala í nafni alþjóðar. Hvert barnið hlýtur að skilja, að þeir tala í nafni þeirrar stéttar, sem lifir snikjulífi á framleiðslu landsmanna.

Að endingu vil ég kveðja hlustendur með þeirri ósk, að allir vinnandi menn og konur til sjávar og sveita megi bera gæfu til að skipa sér þéttar saman í baráttunni fyrir sínum eigin hagsmunum og réttindum, sem er baráttan fyrir hagsmunum og réttindum alþjóðar.

Góða nótt!

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. Snæf. lét svo um mælt, að ég væri allt of mikill oflátungur; ég hefði sagt, að í minni ráðherratíð hefði ég bjargað landinu. Þessi ummæli hv. þm. eru fjarri öllum sanni. Ég sagði, að meðan ég hefði verið atvmrh., hefði tekizt þrátt fyrir það ástand, sem var, þegar ég tók við, og þrátt fyrir ýmislegt það óviðráðanlegt, sem fyrir kom, á meðan ég var ráðh., að halda útveginum nokkurn veginn gangandi með óskertri útgerð. Þetta veit hv. þm., að er rétt. Og hann veit líka, að ef ekki hefði verið varið því fé til stuðnings sjávarútveginum eins og gert hefir verið, hefði ástandið hér á landi nú verið fullkomið neyðarástand.

Það var eftirtektarvert við ræðu þessa hv. þm., að hann ámælti sjömenningunum, sem hann svo kallaði, en talaði ekkert styggðaryrði til hv. 3. þm. Reykv., HV. Sýnir það, hverjum augum hann lítur á það starf, sem hann vinnur nú í stjórnmálum landsins.

Hv. þm. Snæf., TT, sagðist vera á móti stjórninni. Honum þótti það á skorta, skildist mér, að Framsfl. vildi ekki taka sjálfstæðismann inn í hana, sem þjóðstjórnarmann, skildist mér. Og hv. þm. Dal., ÞBr, sagði, eins og vant er: Ég líka.

Um kommúnista og Héðin er það að segja, að þrátt fyrir þeirra löngu orð og löngu ræður er enn óupplýst, sem hlustendur hefðu væntanlega kosið að heyra, hver er afstaða þeirra til ríkisstjórnarinnar. Kommúnistar hafa lýst stjórninni sem verkalýðskúgurum og verkalýðsböðlum og talið upp hermdarverk, sem þeir segja, að hún hafi unnið í garð alþýðu manna. En þegar vantraustið var hér til umr. fyrir nokkrum dögum, lyppuðust þeir niður og voru hvorki með því né móti. Þeirra hlutskipti hefir hinsvegar verið að tala og tala ábyrgðarlaust, en losna við að ráða nokkru um úrslit mála eða sýna yfir höfuð að tala nokkra viðleitni til þess.

Hv. 1. landsk., BrB, og þeir aðrir kommúnistar, hafa talað margt um till. kommúnista, um

það allt, sem þeir hafi viljað láta gera, sem svo að segja ekkert atkv. hefir fengizt fyrir hér á þingi, nema frá hv. 3. þm. Reykv., HV, sumpart vegna þess, hve fjarstæðar þær eru, og sumpart vegna þess, að búið er að gera þessar ráðstafanir á annan hátt. Ég vil spyrja hv. 1. landsk., BrB, hvaða réttindaaukningu eða hvaða máli til hagsbóta fyrir alþýðuna Kommfl. hafi nokkru sinni komið fram hér á landi? Ég spyr í fullri alvöru. Mér er ekki kunnugt um eitt einasta slíkt mál. Hinsvegar er mér kunnugt um það, það verður að játa sem staðreynd, að hvarvetna blasir það við, að ávinningur alþýðunnar í baráttu sinni fyrir auknum réttindum og hags- og kjarabótum stendur að jafnaði og víðast hvar í öfugu hlutfalli við styrk kommúnista í löndum. Hver var styrkur kommúnista í Þýzkalandi, Ítalíu og Spáni? Eru bezt kjör alþýðunnar í þessum löndum? Hver er styrkur kommúnista á Norðurlöndum? Eru verst kjör alþýðunnar og minnst hennar réttindi í þessum löndum? Ég segi nei. Það er öfugt. Og það vita kommúnistar og Héðinn, að svo er.

Hv. 5. þm. Reykv., EO, fagnaði því, að hv. þm. N.-Ísf. hefði viðurkennt, að Bukharin hefði verið svikari. Hann rómaði mjög ástandið í Rússlandi. Skal ég ekki margt um það segja og ekki leggja neinn dóm á málaferlin þar. En annaðhvort eru þessar sakir, sem á þessa menn sem þar hafa verið ákærðir fyrir landráð, sannar eða lognar. Ef þær eru sannar, þá hafa svo að segja allir stjórnendur þess ríkis á seinni árum verið eins og þeim er lýst; þeir hafa þá brugðizt landi sínu og stjórnarfyrirkomulaginu. Og það ástand er vissulega gífurlega alvarlegt, ef svo er. Allir þessir spámenn kommúnista, sem þeir svo mjög hafa vitnað til, eru þá falsspámenn, ef ekki eitthvað enn verra. Ef hinsvegar hafa á þessa menn verið bornar lognar sakir, — hvernig er þá réttarfarið í þessu landi? Ég hefi fengið bók, sem mér hefir verið send, um þessi réttarhöld, sem virðist vera nákvæm skýrsla um þau. Ég veit ekki, hvort þessi skýrsla er þyngri áfellisdómur um ástandið í þessu landi á þessu sviði, ef ákærurnar eru sannar eða ef þær eru lognar.

Alþfl. lítur ekki svo á, að það sé heldur hans hlutverk að leika kappleik við kommúnista eða Héðin, hvorki á þingi eða utan þings, um að koma með till., sem eingöngu eru til þess að sýnast. Hann skoðar það hinsvegar hlutverk sitt hér á þingi og annarsstaðar að koma fram með mál til hagsbóta fyrir alþýðuna og varna því, að óþurftarmál annara nái fram að ganga. Alþfl. hefir komið fram ýmsum nauðsynjamálum fyrir verkalýðinn í landinu, svo sem styrk til verkamannabústaða, auknum kosningarétti alþýðunnar, kjördæmamálinu o. fl. málum. Hann hefir einnig varnað vinnulöggjöf Eggerts Claessens.

Þeir segjast vilja sameiningu verkalýðsins, kommúnistarnir. Hv. 1. landsk., BrB, sagði hér þessi orð: „Það versta, sem hægt er að gera, er að nota málskrúð um sameiningu verkalýðsins sem skálkaskjól fyrir annað". En í þessu efni hafa kommúnistar gerzt sekir. Þeir hafa neitað því eina raunverulega sameiningartilboði, sem kom fram frá Alþfl. nú, því að sameining alþýðu Íslands getur því aðeins orðið, að hún sé gerð á þeim grundvelli, sem meiri hl. getur sameinað sig á. Það, að alþýðan sameini sig á þeim grundvelli, sem meiri hluti hennar getur sameinað sig á, er að vinna að valdatöku alþýðunnar í landinu á lýðræðisgrundvelli, en ekki eftir þeim aðferðum, sem kommúnistarnir vilja fara, sem er að mega ekki vilja ná völdum í landinu eftir lýðræðis- og þingræðisreglum.

Hv. 3. þm. Reykv., HV, hefir talað um, að lýðræðinu væri áfátt í Alþfl. og að skipulagi hans þyrfti að breyta. En þeim málum á ekki að skipa hér á hæstv. Alþ. Þeim hlutum ræður Alþfl. sjálfur sem slíkur, hvernig reglur hann setur fyrir stjórn flokksins og á hvern hátt mönnum er vísað löglega brott úr flokknum fyrir brot á löglegum samþykktum. Og hv. 3. þm. Reykv. var vísað úr flokknum fyrir brot á löglegum samþykktum hans. Og þá, eins og kunnugt er, vísaði hann Jóni heitnum Baldvinssyni úr Dagsbrún. Svo er hann farinn að gefa út blað, sem stefnt er á móti þeim flokki, sem hann kennir sig þó við, Alþfl.

Héðinn og kommúnistar segjast vilja ganga að stefnuskrá, sem sé samhljóða stefnuskrá norska alþýðuflokksins. En þeir neita að sameinast norska alþýðuflokknum. (**EOI**: Við?) Kommúnistar í Noregi, og það er sami rassinn undir kommúnistum hér eins og þar. Nei. Skraf kommúnista allt um sameiningu er ekkert annað en yfirvarp. Og Héðinn hefir því miður af ýmsum ástæðum látið leiðast til þess að vera erindreki í þessu skemmdarstarfi.

Góða nótt!

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti! Góðir hlustendur!

Hv. þm. A.-Húnv., JPálm, hefir talað hér í þessum eldhúsumr. bæði í gær og í dag. Hann kvartar um skuldir, of há laun og óþarfa eyðslu hjá ríkinu og stofnunum þess. Og hann heimtar völdin í hendur Sjálfstfl. til að bæta úr þessu öllu. Hann las upp margar tölur eins og hann er vanur við slík tækifæri. Sérstaklega átelur hann stjórnina fyrir of háar launagreiðslur, og telur mikið ósamræmi í tekjum manna, sem vinna hjá því opinbera, og hinna, sem stunda framleiðslustörf. Ég get verið hv. þm. A.-Húnv. sammála um það, að enn meira þurfi að gera að því að jafna kjör manna í landinu, en ég er honum fullkomlega ósammála um, að þetta verði gert með því, og að hagur ríkisins verði bættur með því að fela Sjálfstfl. að fara með stjórn í landinu. Hæstv. fjmrh. hefir þegar gert samanburð, sem sýnir, að í fyrirtækjum, sem sjálfstæðismenn stjórna, eru launagreiðslur yfirleitt miklu hærri en hjá ríkinu. Það getur því enginn búizt við, að Sjálfstfl. myndi lækka launin, þótt honum væri falin stjórn landsins. En enginn veit til þess, að hv. þm. A.-Húnv. hafi nokkuru sinni fundið að því við flokksbræður sína, að þeir greiða miklu hærri laun heldur en þau laun, sem þessi hv. þm., JPálm, telur óhæfilega há hjá ríkinu. Á það má einnig minna, að á undanförnum þingum hafa hv. þm. Sjálfstfl. flutt hverja till. á fætur annari um tekju-

hækkanir og útgjaldahækkanir, sem, ef þær hefðu verið samþ., hefðu valdið því, að stórkostlegur tekjuhalli hefði orðið hjá ríkinu. Aldrei hefir sá mikli vandlætari, hv. þm. A.-Húnv., risið úr sæti hér á Alþ. til að mótmæla þeim mörgu gáleysistill., sem flokkur hans hefir borið fram og hefðu aukið ríkisskuldirnar stórkostlega, ef þær hefðu verið samþ. — Geta má þess, að Sjálfstfl. hefir ávallt verið mjög andstæður ríkisverzlunum, sem þó hafa gefið ríkinu mjög miklar tekjur að undanförnu. Á árunum 1932—1937 hefir ríkissjóður grætt á tóbakseinkasölunni samtals fast að 3½ millj. kr. og mikið fé á öðrum einkasölum. Ekkert af þessu fé hefði ríkissjóður fengið, ef Sjálfstfl. hefði ráðið, og áreiðanlega hefði hv. þm. A.-Húnv. verið öðrum þm. í þeim flokki hjartanlega sammála um, að þessar milljónir hefðu heldur átt að renna til einstakra kaupsýslumanna. Það mundi sjálfsagt verða fyrsta verk Sjálfstfl., ef hann kæmist í meiri hl. á Alþ., að leggja niður þessar verzlanir. Og hv. þm. A.-Húnv. mundi greiða atkv. með því. Ég tel sennilegt, að eitthvað mætti spara hjá einstökum ríkisstofnunum, en hitt er víst, að ekki mundi verða mikið bjargráð fyrir ríkisbúskapinn að láta Sjálfstfl. fá ríkisstj. í hendur til þess að leggja þessi fyrirtæki niður.

Hv. þm. Snæf. og hv. þm. A.-Húnv. tala um skuldir við útlönd, þó að framtal þeirra sé mjög langt frá því rétta, eins og hæstv. fjmrh. hefir bent á. En hvað hafa sjálfstæðismenn gert til að vinna á móti skuldum við útlönd? Helztu afskipti þeirra af þessum málum er þeirra sífellda nöldur um, að of lítill innflutningur sé leyfður.

Þá er öllum kunnugt um hina miklu mótstöðu Sjálfstfl. gegn hækkun tekjuskattsins, sem komið hefir verið á á undanförnum árum og fyrst og fremst snertir hátekjumennina og verkar því sem launalækkun hjá þessum mönnum, hvort sem þeir eru í vinnu hjá ríkinu eða öðrum. Og ekki er kunnugt enn, að hv. þm. A.-Húnv. hafi haft nokkra sérstöðu í þessum málum. Hann belgdi sig út hér áðan yfir tekjum einstakra manna í stjórnarflokkunum, en þessi sami þm. hefir rétt upp höndina við atkvgr. á móti því, að tekjuskatturinn verði hækkaður. Þannig er allur hans ferill. Einn daginn ætlar hann að rifna að endilöngu yfir háum launum hjá einstökum mönnum í stjflokkunum, en næsta dag greiðir hann atkv. með öðrum hv. þm. Sjálfstfl. á móti því, að tekjuskatturinn sé hækkaður. Hvernig á að skilja þetta? Hvi er hann að hlífa þessum mönnum við hátekjuskatti? Er það af umhyggju fyrir Pálma Hannessyni eða Vilmundi Jónssyni, sem hv. þm. A.-Húnv. og flokkur hans berst á móti hækkuðum beinum sköttum? Ætli það séu ekki einhverjir aðrir, sem standa nær hv. þm. A.-Húnv. og Sjálfstfl., sem hafa fyrst og fremst hagsmuna að gæta og skipa honum því að vera á móti skattinum? En hvernig er hægt að taka þá stjórnmálamenn alvarlega, sem viðhafa slíka tvöfeldni?

Þegar þetta allt er athugað, að sjálfstæðismenn greiða hærri laun í stofnunum, sem þeir ráða yfir, heldur en greidd eru hjá ríkinu, að þeir bera ár eftir ár fram brtt. við fjárl., sem orsakað hefðu stórkostlegan halla hjá ríkissjóði, ef samþ. hefðu verið, að sjálfstæðismenn hafa sífellt heimtað aukinn vöruinnflutning til landsins og að þeir hafa barizt á móti hátekjuskattinum, þá verður ekki annað sagt en að hv. þm. A.-Húnv. sé heilsugóður, betur en í meðallagi, fyrst honum verður ekkert flökurt af því að vera sendur af Sjálfstfl. að útvarpinu til að færa þingheimi og þjóðinni allri þann boðskap, að til þess að lækka launin, til þess að bæta fjárhag ríkisins, til þess að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd og til þess að jafna kjör fólksins í landinu, þurfi að afhenda Sjálfstfl. stjórn landsins. Það er spaugsamur maður, hv. þm. A.-Húnv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Því hefir verið haldið fram hér af stjórnarandstæðingum, að mjög hafi verið þyngdir skattar og tollar undanfarið. Ég hefi látið gera um þetta samanburð, þar sem þetta var borið saman, miðað við upphæðina á hvern mann að meðaltali, frá því 1925. Kemur þá í ljós, að meðaltal áranna 1925—1934 er kr. 100.48, en 1934, næsta ár áður en núv. ríkisstj. tók við, kr. 103.22. Undanfarin 3 ár, 1935—1937, er þetta meðaltal kr. 109.74. M. ö. o. er hækkunin á mann 9 kr. miðað við 1925—1934, eða 9%, en 6½ kr. miðað við 1934, eða 5½%. Ef athugað er, hvað gert hefir verið á þessum sama tíma til aukinnar fyrirgreiðslu fyrir almenning, og að sauðfjárpestin ein hefir kostað ca. 5 kr. á hvert mannsbarn, þá sést, hvað áþjánin er mikil. Þetta eru staðreyndir, sem svara betur en nokkuð annað gífuryrðum hv. andstæðinga. Á þessum sama tíma hafa skattar í Rvík aukizt á hvern mann úr 88 kr. upp í 123 kr., eða um 40%.

Hér hefir mikið verið rætt um umframgreiðslu úr ríkissjóði. Við skulum nú athuga sannleikann í þeim efnum. Árið 1934 voru þær 5263000 kr., 1935 2300000 kr., 1936 1500000 kr. og 1937 2300000 kr. Þar af voru um 650 þús. kr. vegna fjárpestarinnar. Ég skal geta þess hv. sjálfstæðismönnum til samanburðar, að þau 2 ár, sem Jón Þorláksson fór með fjármálastjórn, var þetta 24% og 40% á móti 10—15% undanfarin 3 ár.

Þessum eldhúsdegi er að lykta. Hann hefir verið með nokkrum öðrum hætti en undanfarið. Það hefir minna verið rætt um meginstefnurnar, en verið meir um útúrsnúninga og rangfærslur um fjármálin. Þetta ber vott um þróttleysi andstæðinganna í að halda fram sinni stefnu.

Ég vil að lokum segja það, að þrátt fyrir lokun Spánarmarkaðarins og þrátt fyrir það, að fjárpestin geisar í 7 sýslum, hefir það tekizt á undanförnum 3 árum að auka hjálp til atvinnuveganna án þess að hækka tolla og skatta nema um 4½%. Skuldir ríkissjóðs hafa ekki aukizt og hagur hans ekki versnað. Síðan Spánarmarkaðurinn lokaðist, hefir verzlunarjöfnuðurinn verið hálfu hagstæðari. 1936 og 1937 hefir skuldasöfnunin við útlönd stöðvazt, þó að lausaskuldir hafi safnazt. Þrátt fyrir allt var at-

vinnuleysi minna síðastl. sumar en undanfarin 5 ár. Við eigum við að stríða ægilega fjárpest, en samt er ekki ástæða til að örvænta. Við skulum komast fram úr örðugleikunum, ekki með því að ljúga skuldum upp á landið, heldur með því að horfast í augu við erfiðleikana eins og þeir eru og láta ráðstafanir gegn þeim sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru.

Þorsteinn Briem: Hæstv. fjmrh. flýði eins og vant er frá röksemdunum og yfir í sömu skammirnar og öll hin fyrri ár í orðastað sinum við fulltrúa Bændafl. Það sýnir veikleikann í vörn hans. Hæstv. ráðh. hrakti það ekki með einu orði, að verzlunarjöfnuðurinn hefði verið hagstæður um 6½ millj. hjá fyrirrennara hans. En hvernig sem hann reynir að fegra sinn fífil, kemst hann ekki með sinn hagstæða verzlunarjöfnuð hærra en í 5½ millj., eða 1200 þús. kr. lægra en í tíð fyrirrennara hans.

Hæstv. fjmrh. var að reyna að gera sér mat úr rekstrarhallanum og verzlunarjöfnuðinum 1934. Ég hélt satt að segja, að honum mundi ekki þykja varlegt að bíta svona nærri greninu. Því að eins og allir vita, tók ráðh. við völdum í júlímán. 1934 og ber því sjálfur ábyrgð á h. u. b. hálfu árinu. Allra síst ætti hæstv. fjmrh. að tala um umframgreiðslurnar 1934, því að nú er í ljós komið, að ýms gjöld, sem raunverulega heyrðu til árinu 1935, voru af núv. stj. rétt á reikningi 1934 og það miklu lengur fram eftir ári 1935 en dæmi munu áður til þekkjast. Hvers vegna? Auðvitað til þess að stj. gæti fegrað sinn fífil með því að koma sínum eigin útgjöldum yfir á reikning fyrirrennara síns. Með slíkri reikningsfærslu getur hæstv. ráðh. komið umframgreiðslunum 1934 nógu hátt. Og það þarf brjóstheilindi til — á eftir slíkri framkomu — að brigsla öðrum um það, sem hann sjálfur hefir til stofnað.

Ef menn vilja sjá, hvernig raunverulega er ástatt um umframgreiðslurnar, þá hafa fjárlögin og ríkisreikningurinn síðasta orðið í því efni.

Þegar fjárl. og ríkisreikningurinn fyrir 1933 eru borin saman, sést, að útkoman á rekstrarreikningi var um 100 þús. kr. betri en fjárl. gerðu ráð fyrir. Hvenær hefir sú endanlega útkoma á ríkisreikningnum orðið betri hjá núv. stj. en gert var ráð fyrir í fjárl.? Aldrei. 1935 var útkoman 280 þús. kr. lakari. 1936 var útkoman 670 þús. kr. lakari, þrátt fyrir brennivínsgróðann, og 1937 var útkoman 170 þús. kr. lakari samkv. bráðabirgðaskýrslu hæstv. ráðh., en hún á áreiðanlega eftir fyrri reynslu að dæma fyrir sér að breytast svo við endanlegt uppgjör, að útkoman verður a. m. k. eigi minna en ¼ millj. kr. lakari en fjárl. fyrir 1937 gerðu ráð fyrir.

Þetta sýnir, að þrátt fyrir allan áfengisgróðann og þrátt fyrir síauknar álögur til ríkisþarfa, þá hefir núv. stj. á hverju einasta ári staðið verr við áætlun þingsins og þannig haldið verr á því, sem henni var í hendur búið á Alþ., en fyrrv. stj.

Tími minn er á enda. Ég kveð góða hlustendur með óskum árs og friðar. Góða nótt.

Héðinn Valdimarsson: Manni getur orðið bumbult af að hlusta á blekkingar hv. þm. N.-Ísf. Ég skýrði frá því í umr. í gær, að uppkastið að frv. um vinnudóm hefði verið á allt annan veg en frv., og frv., sem síðar kom fram, verið hrein svik við stefnu Alþfl. Nú vill hv. þm. segja, að þessi uppköst séu ekki þau réttu, heldur hafi komið fram nýtt uppkast. Ég lýsi þetta helber ósannindi, enda munu allir vita það, því að í fyrri ræðu sinni sagði hv. þm. N.-Ísf., að þetta hefði verið síðasta sumar, en það var síðasta haust. Það er rétt að geta hér um þátt hv. þm. N.-Ísf. í þessu máli, en hann er sá, að á sambandsþinginu í nóv. gekk hann á milli manna og hvatti þm. Alþfl. og bæjarfulltrúa Rvíkur til þess að undirskrifa skjal um klofninginn. Hann lítilsvirti meiri hlutann á því sambandsþingi, og sýnir það bezt hug hans og hans manna. Hvers virði eru svo orð hv. þm. Seyðf., HG, um lýðræði? Þegar þessir menn eru búnir að svíkja skriflega samninga í flokknum til þess að hindra það, að stefna meiri hl. gangi fram, er það, að þeir reka mig út flokknum. Það vita allir, að Alþýðublaðið er ekki málgagn Alþfl.

Það er af miklu lítillæti, sem hv. þm. N.-Ísf. talar um sín verk innan flokksins. Hann segist vilja vera óbreyttur flokksmaður. En þegar hann féll í Ísafjarðarsýslu, lá hann 3 ár í sárum án þess að vilja vinna fyrir flokkinn. Kannske hv. þm. N.-Ísf., VJ, hefði t. d. viljað taka að sér forstöðu Dagsbrúnar? Hún var boðin Jóni Baldvinssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Ingimar Jónssyni, en allt kom fyrir ekki. Þeir vildu ekki taka þátt í starfi flokksins fyrir utan þingið.

Við alþýðuflokksmenn munum láta oss litlu skipta þá menn, sem nú kalla sig þm. flokksins. Þeir eru ekki alþýðufl.menn, heldur svikarar. Við munum halda áfram okkar starfi, en þeir mega fara til þess flokks, sem þeir lúta nú.

Jón Pálmason: Það kom í ljós hjá hæstv. atvmrh., að ádeila mín á há laun snerti viðkvæma strengi í brjósti hans, enda hefir hann í því efni stungið út alla aðra þm. Um spádóma hans um það, hvernig fara mundi, ef við sjálfstæðismenn réðum, vil ég segja það eitt, að hann talar þar um hluti, sem hann veit ekkert um. Hann hafði það eftir mér, að okkur kæmu ekkert við há laun hjá einkafyrirtækjum. Það er ekki rétt, en hitt er rétt, að Alþ. hefir ekkert um það að segja. En að því er snertir mótstöðu mína gegn hækkun á sköttum, hefir það lítið komið til greina á þessu þingi. Jónas Guðmundsson lýsti því hinsvegar yfir í fyrra, að það væri ekki hægt að hækka skattana.

Ég vil segja það, að ég mundi bera sæmilegt traust til hæstv. atvmrh., ef hann hefði tekið við stöðu sinni sem frjáls maður, en hann fer í stj. með hengingaról frá sósíalistum um hálsinn, sem hv. þm. N.-Ísf. heldur í.

Til hæstv. fjmrh. vil ég segja það, að hann talar ekki um aðra andstæðinga en Bændafl. og Sjálfstfl., og það sannar, að kommúnistar standa stj. ekki fjarri. Hæstv. ráðh. fannst það sýna þróttleysi, að tal okkar andstæðinganna

væri aðallega um fjármálin, en þau eru vissulega dagsins mál, og ég vænti, að þjóðin skilji það, að það eru þau mál, sem mikilsverðust eru fyrir okkur á þessum vandræðatímum.

Ég óska hv. hlustendum gleði og farsældar á hinu nýja sumri. Góða nótt.

Thor Thors: Herra forseti, góðir áheyrendur! Ég hefi aðeins 4 mín. til umráða. — Út af margendurteknum ásökunum vegna rekstrarkostnaðar S. Í. F. vil ég geta þess, að launagreiðslur eru þar 0,75% af umsetningunni, en hjá ríkiseinkasölunum um 5%. Laun forstjóra hafa verið lækkuð um 25% og eru eins og laun meðal framsóknarmanna með viðeigandi bitlingum. Hv. 1. þm. N.-M. hefir áreiðanlega hærri laun en forstjórar S. Í. F. — Hv. þm. Seyðf., HG, talar um sparnað. Hann framkvæmdi víst sparnað í tryggingarstofnuninni, tróð sér þangað inn, þó að hann sé þar alóþarfur maður. Hv. þm. blundaði allan daginn, á meðan hann var í ráðh.sessi. Hann segir, að tekizt hafi að bjarga sjávarútveginum. Það er rétt. Þrátt fyrir hv. þm. Seyðf., HG, hefir sjávarútvegurinn bjargazt.

Hv. 5. þm. Reykv., EOl, ætti að skilja töp á útgerð, síðan forstjóra síldareinkasölunnar tókst að hafa allt andvirði síldarinnar af sjómönnum.

Grobbi hv. þm. N.-Ísf. þarf ég engu að svara. Hann má lifa sæll í ljómanum af sinni sjálfsaðdáun fyrir mér.

Umr. þessar sanna, hversu margklofnir hinir svonefndu verkalýðsflokkar eru og hversu innilegt er hatrið á milli forsprakkanna. Aðaláhugamál þessara manna er að svívirða hver annan. Slíkir menn bjarga aldrei þjóðinni úr voða.

Þá kem ég að hæstv. fjmrh. Honum finnst allt vera í lagi! Hann talar um blekkingar í sambandi við skuldaaukninguna. En samkv. opinberum skýrslum hafa skuldirnar við útlönd hækkað um allt að 30 millj. kr. Þetta er frá áramótum 1933, en ráðh. vill ekki tala um nema 2—3 síðustu ár. Til samanburðar skal ég geta þess, að í stjórnartíð sjálfst.manna lækkuðu skuldirnar við útlönd um 17,4 millj. En á þessum síðustu 10 árum, sem Framsfl. hefir farið með fjármálastj., hafa skuldirnar hækkað um 55 mill. kr. Þetta eru talandi tölur. Nú í ár þarf nær 14 millj. til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum erlendis. Þetta stendur fast. Það mun hæstv. ráðh. reka sig á.

Jómfrúræðu hæstv. atvmrh. þarf ég ekki að svara. Hann lætur það sennilega verða sitt hlutverk í ríkisstj. að hrifsa bein og bitlinga frá gírugum flokksmönnum sínum! Vongóður maður, hæstv. atvmrh.!

Fyrri ræðu hæstv. fjmrh. vil ég svara þannig, að tollar og neyzlugjöld hafa aukizt úr 6,5 millj. kr. 1933 upp í 9,5 millj. kr. 1937. Þjóðin finnur líka til þessara álaga, hvað svo sem hæstv. ráðh. segir. Ég vil minna hann á, að stefnur stjórnmálaflokkanna voru þrautræddar við vantraustsumræðurnar nýlega. Ég vil loks vekja athygli á því, að skuldir ríkisins og þjóðarinnar hafa aukizt. Skattar og tollar hafa stórhækkað, og atvinnuleysið hefir aldrei verið sárara en nú. Útlitið er dapurt, en þó skal ekki gefizt upp. Það þarf að breyta um stjórnarstefnu.

Að lokum aðeins þetta: Það hefir verið hinn rauði þráður í afskiptum stjórnarflokkanna af atvinnumálunum að draga úr athafnafrelsi manna, skapa bönn, ófrelsi og fjötra. Sjálfstfl. vill gerbreyta um stefnu. Það er framar öllu öðru hugðarefni Sjálfstfl. að færa aukið fjör og framtak í atvinnulíf þjóðarinnar. Takmarkið er, að atvinnuvegirnir verði einfærir um að veita allri þjóðinni vinnu og brauð, að atvinnuvegirnir rísi undir menningarlífi sjálfstæðrar og hamingjusamrar þjóðar. Vér viljum ná þessu marki með því að auka frelsi manna og veita þeim hvöt til heilbrigðrar framsóknar og framtaks. Saga íslenzku þjóðarinnar sýnir það meginstöfum, að aukið frelsi hefir ætíð fært þjóðinni auknar framfarir.

Sjórnmálabaráttan snýst um hagsmuni manna, einstaklinga, stétta og þjóðarinnar í heild. Sjálfstæðisstefnan sér öllum þessum hagsmunum bezt borgið. Hún er vitund og játning þess, að orka hvers þjóðfélags er fólgin í hugum og höndum fjölda einstaklinga. Einstaklingarnir verða að eiga sér frjálsræði til athafna. Við það skapast auðurinn, sem er hyrningarsteinn hvers þjóðfélags. Auðsöfnun verður síðan næsta viðfangsfnið. Auðjöfnun stjórnarflokkanna miðar niður á við, að því að drepa þá efnaðri án þess að auðga þá efnaminni — að því að gera alla jafnsnauða. Auðjöfnun sjálfstæðismanna miðar upp á við, að því að fá sem flestum beina hlutdeild í arði og stjórn stöðugt vaxandi atvinnulífs og þar með að veita sem flestum landsmönnum vorra batnandi afkomu og betri lífskjör.

Tími minn er á enda. Góðir sjálfstæðismenn og konur um land allt! Verið viðbúin til baráttu, hvenær sem það kall kemur, verið einnig viðbúin til hollráða fram úr ógöngum líðandi stundar.

Að lokum vil ég óska öllum áheyrendum þess, að þeirra lífsbarátta megi á nýbyrjuðu sumri verða háð í sólskini batnandi tíma. Verið þið sæl!

2. Fjáraukalög 1937.

Á deildafundum 5. maí var útbýtt frá Sþ.:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1937 (stjfrv. A. 448).

Á 27. fundi í Sþ., 6. maí., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir það ætíð verið venja að leita heimildar fyrir þeim greiðslum, sem engin sérstök heimild hefir verið fyrir, með sérstökum fjáraukal. Frv. þetta hefir að geyma heimild fyrir þessum greiðslum á árinu 1937. Samtals er þetta kr. 56800.00, sem frv. fjallar um. Sé

ég ekki ástæðu til að rekja efni þess nánar, en óska því vísað til hv. fjvn. Bið ég n. að hraða afgreiðslu þess, svo að frv. fái afgreiðslu þessa þings, þótt áliðið sé.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 24 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 448, n. 509).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—5 gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 581).

---

3. Fjáraukalög 1936.

Á deildafundum 27. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1936 (stjfrv., A. 348).

Á 23. fundi í Sþ., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er svona seint fram komið vegna þess, að dregizt hefir um endurskoðun á landsreikningnum. Ég vil mega vænta þess, að það verði greitt fyrir frv. svo sem verða má. Að svo mæltu vil ég óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, n. 514).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): N. hefir farið yfir þetta frv. og borið það saman við ríkisreikninginn, og hefir ekkert fundið við að athuga. En þó hafa fulltrúar Sjálfstfl. skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að þeir vísi til aths. endurskoðenda ríkisreikningsins fyrir árið **1936**. Leggur n. til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 580).

---

4. Ríkisreikningurinn 1936.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936 (stjfrv., A. 349).

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 5. maí var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 433).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi ekki annað um þetta að segja en það, að n. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 6 maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 502).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er eins og jafnan byggt á ríkisreikningnum fyrir 1936, og eru teknar upp niðurstöðutölur einstakra gr. á ríkisreikningnum. Hefir það verið borið saman og ekkert fundið athugavert við það. N. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 544).

---

5. Skatta- og tollaviðauki 1939.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er nákvæmlega shlj. l., sem samþ. voru á síðasta þingi, og fer það fram á framlenging nokkurra viðauka á sköttum og tollum, sem hafa verið í gildi um nokkurt skeið.

Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. þetta nú, en óska eftir, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 60).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Eins og fram kemur í nál. á þskj. 60, hefir fjhn. haft málið til meðferðar, og leggur hún til, að frv. verði samþ.

Þess skal getið, að þegar málið var afgr. frá n., var einn nm. fjarverandi, hv. þm. Ísaf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, EE, EmJ, GG, HG, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, JörB.

nei: EOl, ÍslH.

GSv, JakM, JGM, SEH, SK greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJ, BjB, EystJ, FJ, GÞ, HelgJ, HV, JPálm, ÓTh, PHann, PO, TT, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 5, 65).

***Einar Olgeirsson:** Við hv. 5. landsk. höfum flutt litla brtt. við 4. gr. frv. Það er nú svo komið vegna skemmtanaskattsins, að fyrir félög eins og verkalýðsfélögin er orðið því nær ókleift að ná nokkru inn með því að halda skemmtanir, en af sliku hafa ýmsir styrktarsjóðir þessara félaga haft aðaltekjur sínar. Nú er svo komið, að félögin hafa nær alltaf litlar sem engar tekjur af skemmtunum sínum, og oft beinlínis tap. Skatturinn er nú beinlínis farinn að verka öfugt við tilgang sinn, þegar svo er komið, að menn fara að hætta að halda skemmtanir, jafnvel þó að í góðum tilgangi sé.

Till. okkar fer fram á, að auk leiksýninga, hljómleika og söngskemmtana innlendra manna verði einnig skemmtanir þær, er verklýðsfélögin gangast fyrir, undanþegnar þessari 80% álagningu. Vona ég, að hv. deild taki þessari litlu brtt. okkar vel.

ATKVGR.

Brtt. 65 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, ÍslH, VJ, EOl, EmJ.

nei: GG, HelgJ, JPálm, PHann, SkG, StSt, SvbH, BjB, EE, EystJ, JörB.

GSv, JakM, JGM, SEH, SK, GÞ greiddu ekki atkv.

11 þm. (HV, ÓTh, PO, StgrSt, TT, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, FJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, GG, HG, HelgJ, PHann, SkG, StSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, JörB.

nei: ÍslH, EOl.

GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm, SEH, SK, EE greiddu ekki atkv.

11 þm. (FJ, HV, ÓTh, PO, StgrSt, TT, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 20. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 167).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað þetta mál, og er það sama um það að segja og öll önnur mál, er fara fram á að framlengja tolla og skatta, sem ríkissjóður hefir haft undanfarin ár, að ekki verður séð, að hann megi missa þá, og leggur n. því til, að frv. verði samþ.

Fjhn. hefir borið frv. saman við núgildandi lög um þetta efni, og er það shlj. þeim að öðru leyti en því, að nú er bætt inn í það, að innheimta einnig aðflutningsgjaldið samkv. l. frá 13. júní 1937, með viðauka, en þó með nokkrum undantekningum, þannig, að viðaukinn virðist ekki ná til annara vara, sem nefndar eru í þeim l., en einkasöluvara, en þegar búið er að undanþiggja aðrar vörur þessum viðauka, þá verður ekki sagt, að breytingin á frv. frá l. sé í raun og veru þýðingarmikil. Fjhn. leggur þó til, að frv. verði samþ. óbreytt; þó hefir einn nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir.

***Magnús Jónsson:** Ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir fyrirvara mínum. Hv. frsm. fjhn. gat um breyt. þá, sem er á frv. frá gildandi l., en það er einmitt þessi breyt., sem fyrirvari minn snýst um. Ég sé nfl. ekki, hvers vegna verið er að taka inn undir þetta aðflutningsgjald af vörum samkv. l. frá 13. júní 1937, þegar jafnframt eru undanþegnar vörur eins og sykur, sírop, brennt og óbrennt kaffi, öl og aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í l. frá 27. júní 1921, en þegar búið er að undanþiggja þessar vörur, er ekki annað eftir en te og kókó. Hvers vegna hér á að undanþiggja kaffi og kaffibæti, en ekki te og kókó, fæ ég ekki skilið, þar sem ekki verður annað sagt en að hér sé um alveg hliðstæðar vörur að ræða. Er kannske nokkur ástæða til fyrir ríkisvaldið að fara að halda fram kaffi fram yfir te og kókó? Ég fæ ekki annað séð en að þetta séu allt jafnnauðsynlegar vörur.

Að fara aftur á móti að undanþiggja öl þessu aukagjaldi, er hreint og beint skoplegt, þar sem þessi vörutegund er alls ekki flutt inn í landið; fyrir því er séð með hinum háu tollum, sem á því eru. Hvernig sem á mál þetta er því litið, fæ ég ekki annað séð en að það sé alveg óþarfi að taka upp þessa breyt. frá núgildandi l., og í því liggur fyrirvari minn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 198).

---

6. Verðtollur.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með þessu frv. er farið fram á, að framlengt sé gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll fyrir árið 1939. Frv. er shlj. löggjöf um þetta efni, sem sett var á fyrra þinginu 1937, og er hv. þdm. málið svo kunnugt, að ég þarf ekki að fjölyrða um það. Ég legg til, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 35).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað þetta frv. og borið það saman við þau l., sem nefnd eru í frvgr., og leggur n. til, að frv. verði samþ., því að hún sér vitanlega ekki, að það sé hægt að komast af án þeirra tekna, sem frv. á að veita. En eins og nál. á þskj. 35 ber með sér, hefir einn nm., hv. 1. þm. Reykv., skrifað undir það með fyrirvara, sem hann sjálfsagt gerir grein fyrir. Það er að vísu álit n., að heppilegra væri að setja ný l. um verðtollinn, sem giltu svo áframhaldandi, en að framlengja þetta svona ár eftir ár. Ég vil fyrir hönd n. beina þessu til hæstv. stj. til athugunar, en hinsvegar sér n. sér ekki fært að koma með slíka till. nú.

ATKVGR.

Brtt. 35 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ErlÞ, PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: BrB, GL.

MJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (JJós, JJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 49).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ErlÞ, HermJ, IngP, PHerm, PZ, BSt, EÁrna.
nei: BrB, GL.
BSn, JJós, ÞÞ, ÁJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJ, MJ, SÁÓ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 74).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. er um framlenging á þeim l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll, sem nú eru í gildi og er gert ráð fyrir, að þau verði framlengd til ársloka 1939. Fjhn. hefir haft frv. til athugunar og mælir með því að það verði samþ. Einn nm. hv. þm. G.-K., var ekki á nefndarfundi, þegar málið var afgr., en mér er kunnugt um, að hann er samþykkur nál. á þskj. 74.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞBr, ÁÁ, BÁ, EE, GG, HelgJ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, JörB.
nei: EOl, ÍslH.
GSv, HV, JakM, JGM, JPálm, PO, SEH, SK greiddu ekki atkv.
10 þm. (BJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, HG, ÓTh, PHann, TT) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 22. og 30. fundi í Nd., 15. og 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 302).

---

7. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er shlj. þeim l., sem sett voru á síðasta þingi um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., eins og segir í aths. við frv. Ákvæðin í frv. eru hv. þdm. svo kunn, að ekki er ástæða til að rekja þau. Ég legg svo til, að málinu verði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Það er orðinn siður, að þetta frv. gengur í gegn hvert þingið eftir annað. Það var sérstaklega 3. liðurinn í frv., sem ég gerði aths. við á síðasta þingi og mig langar til að ræða dálítið um hann aftur. Það er sem sé það ákvæði í „bandorminum" að halda áfram að svipta byggingarsjóði í kaupstöðum og sveitum tekjum þeim, sem þeim voru upphaflega ætlaðar með tóbakseinkasölul., þegar þau voru sett. Það er nú að byrja 6. árið, sem þessir byggingarsjóðir verkamanna og bænda eru sviptir þeim tekjum að miklu leyti, sem ætlazt var til, að þeir fengju, sem sé tekjunum af tóbakseinkasölunni. Það var ætlazt til, að þeir fengju 600 þús. kr. samkv. upprunalegu l., 300 þús. kr. til byggingarsjóða í kaupstöðum og 300 þús. kr. til byggingar- og landnámssjóðs. Að mínu áliti er það varhugavert fyrir þingið að samþ. ár eftir ár að afnema þau beztu l., sem Alþ. hefir samþ. fyrir verkamenn í landinu. Þetta ákvæði í frv., sem ég gat um, hefir orðið til þess að draga mjög úr því, að hægt væri að gera eins mikið að byggingu verkamannabústaða eins og ella. Þetta hefir auk þess mjög slæm áhrif á trú manna á lýðræðið. Þegar verkamannasamtökin fá í gegn l. með sérstakri samvinnu, þá hefir það áreiðanlega ill áhrif á trú manna á lýðræðið, þegar menn eru með öðrum l. sviptir ávöxtunum af þessum gömlu lögum.

Ég álít varhugavert fyrir þingið að samþ. þetta, og vil alvarlega mælast til þess, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, rannsaki ýtarlega, hvort ekki sé hægt að gera breyt. á þessu til batnaðar.

Ég vil ennfremur koma fram með fyrirspurn til stjórnarflokkanna, hvort þeir hafi samið um í sambandi við það, að þetta frv. eigi að ganga fram, á hvern hátt byggingarsjóði verkamannabústaða verði bætt upp það tjón, sem hann bíður við þetta. Undanfarið hefir það verið svo, eftir þeim upplýsingum, sem komu fram á

síðasta þingi, að ríkisstj. hefir hlutazt til um, að góð lán fengjust til verkamannabústaða í staðinn fyrir það fé, sem þeir eru sviptir með samþykkt þessara l. Ég man ekki, hvort það hafa verið 100 þús. kr. eða 150 þús. kr., í staðinn fyrir 300 þús. kr., sem áttu að fara til þeirra eftir upprunalegu l. Ég álít, að það væri heppilegt í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að stjórnarflokkarnir upplýstu, á hvern hátt séð yrði fyrir þessu að þessu sinni. Sérstaklega á þetta við um Reykjavík, þar sem mest hefir verið gert að byggingu verkamannabústaða undanfarin ár. Eftir úrslit síðustu bæjarstjórnarkosninga þar er alveg útséð um það, að af hálfu Rvíkurbæjar verði nokkuð gert til að bæta úr húsvandræðunum þar, þar sem sá flokkur náði meiri hl., sem telur húsnæðisvandræðin í bænum sér óviðkomandi og álítur það ekki á sinni stefnuskrá að bæta úr þeirri þörf manna. Þetta má bezt sjá á því, að síðan l. um kjallaraíbúðir voru sett, þá hafa þau verið fótum troðin og einskisvirt af meiri hl. bæjarstj. í Rvík. Þegar þau voru sett, voru 300 kjallaraíbúðir í bænum, en nú eru þær 1100. Þær hafa því margfaldazt í stað þess að fækka.

Meðan bæjarstjórn Rvíkur gerir ekkert til þess að bæta úr húsnæðisvandræðum fólksins, þá getur þingið ekki látið hjá líða, að láta sig það nokkru skipta. Það er því óskynsamlegt af þinginu að halda áfram að setja ákvæði, sem nema úr gildi l., sem hjálpa til að bæta úr húsnæðisvandræðunum. Ég vil því leyfa mér að koma með fyrirspurn til stjórnarflokkanna um það, á hvern hátt eigi að bæta byggingarsjóðum kaupstaða og sveita það tjón, sem þeir bíða við áframhaldandi samþykkt þessa frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., sem hér liggur fyrir.

***Héðinn Valdimarsson:** Á síðasta þingi þegar þessi l. voru samþ., þá lofaði fjmrh. að sjá um, að byggingarsjóður verkamanna fengi aukin lán af þeim ástæðum. Það voru ekki nema 70 þús. kr., sem hann fékk á þann hátt, og svo 30 þús. kr., sem atvmrh. lofaði á sama hátt. En nú er það sýnilegt, að 100 þús. kr. til viðbótar því, sem fyrir er, er alveg ónógt. Það er komið svo nú, að byggingar eru stöðvaðar. Við höfum hingað til getað haldið áfram með 2 ári millibili, og er það alveg nauðsynlegt, því þar kemur bæði til greina húsnæðisþörf verkamanna og svo atvinnuleysi iðnaðarmanna og verkamanna í bænum, en það er mikið, eins og sjá má af atvinnuleysisskýrslunum. Þó að þar komi sérstaklega atvinna fyrir verkamenn, þá vil ég benda á, að atvinnuþörfin fyrir iðnaðarmenn er líka mikil, enda hefir byggingarfélagið hagað því svo til, að þeir hafa getað notið atvinnu við verkamannabústaðina á veturna, þegar minnst hefir verið að gera. Ef hægt væri að koma því svo fyrir áfram, þá væri atvinna sæmileg fyrir iðnaðarmenn af þeim ástæðum.

Við höfum sótt um 650—700 þús. kr. lán til byggingarsjóðsins, en í stjórn hans á 2. þm. Reykv. (JakM) sæti, en við höfum fengið það svar, að fé væri ekki fyrir hendi nægilegt í þessu skyni.

Nú liggur fyrir framan okkur frv., sem heldur áfram að svipta byggingarsjóðinn þeim tekjum, sem hann á að hafa eftir tilgangi l. og eftir samningum, sem gerðir hafa verið um þetta við Framsfl. Mér er ekki kunnugt um, að neitt hafi verið samið um þetta mál á milli stjórnarflokkanna nú. Það hefir a. m. k. ekki verið samið við þm. Alþfl. í Rvík, né fulltrúaráð verklýðsfélaganna, sem þeim málum stjórnar. Ég vil að lokum beina þeirri áskorun til Framsfl. og ráðh. hans, að ekki verði skilið svo við þetta þing, að ekki verði betur séð fyrir byggingarmálum bæjanna en gert hefir verið hingað til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 260).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Eins og nál. ber með sér, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr., en hinsvegar vill n. útvega sér upplýsingar um nokkur atriði, sem hún hefir gert ráðstafanir til að fá fyrir 3. umr. Þess vegna hafa nefndarmenn áskilið sér rétt til þess að koma með brtt. við frv. við þá umr., en hinsvegar vill n. ekki tefja fyrir því, að málið haldi áfram, og afgreiðir það því með þessu móti nú við þessa umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 4, 277, 288, 304).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 304. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Við hv. 5. landsk. eigum brtt. um það, að 3. liður í 1. gr. frv. falli burt. 3. liður í þessu frv. fjallar um, að þær tekjur, sem ríkið hefir af einkasölu á tóbaki, skuli renna í ríkissjóð. Ég býst nú við, að það sé nauðsynlegt sem oftar að rifja upp fyrir hv. þm., hvernig þessi lög voru upphaflega sett og hver hafi verið tilgangurinn með setningu bæði þessara laga um einkasölu á tóbaki og eins laga um verkamannabústaði. Þegar lög um verkamannabústaði voru upphaflega sett, þótti það mjög nauðsynlegt, að hægt væri að byggja í landinu við hæfi alþýðunnar. Það voru hvað eftir annað sett í gegn l. á þeim árum, sem áttu að tryggja landsmönnum viðunanlegar íbúðir. Það var sett í slík l. bann gegn því að nota kjallaraíbúðir, a. m. k. þær, sem óheilnæmastar eru og mikið undir jörðu. Nú hefir reyndin orðið sú um þá lagasetningu, að þessi l. hafa tiltölulega að litlu leyti verið fram-

kvæmd. Frá því að kjallaraíbúðalögin voru sett hefir þeim íbúðum fjölgað mjög mikið. Og ákvæðunum um, að ágóði af tóbakseinkasölunni renni til að greiða fyrir, að hægt sé að reisa verkamannabústaði, hefir ekki verið framfylgt, heldur hafa þau verið numin úr gildi síðustu 5 árin eða svo. Ég ætla nú að lesa upp úr l. um tóbakseinkasöluna frá 8. sept. 1931 þá gr., sem fjallar um, hvert tekjur hennar skuli renna, 14. gr. Hún hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Tekjum ríkissjóðs samkv. lögum þessum skal verja þannig:

Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist á helmingur milli byggingarsjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. lögum nr. 35 1928.“

Með þessum l. er svo mælt fyrir, að allar tekjur tóbakseinkasölunnar skuli renna til byggingarsjóða, helmingurinn til byggingarsjóðs kaupstaða og helmingurinn til byggingar- og landnámssjóðs. Nú eru tekjur tóbakseinkasölunnar fyrir árið 1939 áætlaðar 600000 kr. Það þýðir, að það, sem ætti að renna af þessum tekjum til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna til þess að byggja verkamannabústaði fyrir, ætti að vera 300000 kr. samkv. þessum l. Hinsvegar er í fjárlagafrv., sem liggur fyrir þinginu, aðeins gert ráð fyrir, að 30000 kr. renni til byggingarsjóða þessara. Það á sem sé að taka 270000 kr. af því, sem l. upphaflega gera ráð fyrir að renni til verkamannabústaða, og taka það sem eyðslufé í ríkissjóð.

Þegar tóbakseinkasölulögin voru sett, þá voru samningar gerðir um það milli Alþfl. og Framsfl., að tekjur þessarar verzlunar skyldu renna til þessara fyrirtækja, byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna og byggingar- og landnámssjóðs. Og ríkisstj. hefir viðurkennt á undanförnum árum, að það væri neyðarúrræði að breyta þessum lagaákvæðum. Þess vegna hefir ríkisstj., a. m. k. á undanförnum árum, hlutazt til þess, að fé upp í einhvern hluta af því, sem upphaflega var ætlazt til, að byggingarsjóðirnir fengju, væri hægt að fá að láni, svo að hægt væri að halda áfram byggingu verkamannabústaða, hér í Reykjavík a. m. k., nokkurnveginn eins og ef þessar tekjur af tóbakseinkasölunni hefðu runnið til þessara sjóða, sem upphaflega var til ætlazt. Mismunurinn lá í því, að í staðinn fyrir að sjóðurinn fengi þetta sem eign, þá hefir ríkisstj. hlutazt til um, að þetta fengist sem lán. En nú virðist, eftir því, sem fyrir liggur, ekki einu sinni hafa verið séð fyrir þessu. Það hefir venjulega verið annaðhvert ár hér í Reykjavík hafizt handa um byggingu verkamannabústaða. Og nú á árinu 1938 hefði átt að gera það, svo framarlega sem allt hefði verið með felldu. Og við umr. fjárl. á síðasta þingi og nú við umr. um þetta frv. (bandorminn), sem hér liggur fyrir, þá hefir það legið sérstaklega fyrir, að það horfði illa um byggingu verkamannabústaða, ef ekki væri séð fyrir þessum styrk þeim til handa.

Nú virðist það vera að koma á daginn, að ekki verði hægt að byggja neina verkamannabústaði í sumar; ekki nema knúð verði fram einhver breyting á þessu. En það hafa ekki komið fram frá hæstv. ríkisstj. neinar yfirlýsingar um, að slíkt verði gert. Nú er það vitanlegt, ef á að halda því sama áfram 1939 — og allt útlit er fyrir, að þá muni verða verri afkoma heldur en í ár —, að þá muni ástandið verða enn verra hvað þetta snertir en í ár. Ég álít, að ekki megi svo búið standa, að framkvæmd þessara l. sé alltaf frestað og þannig nokkurnveginn girt fyrir, að hægt sé að halda áfram að byggja verkamannabústaði. Þess vegna höfum við borið fram þessa till. um, að tekjum tóbakseinkasölunnar verði varið, a. m. k. hvað snertir byggingarsjóð kaupstaða og kauptúna, eftir því, sem til var ætlazt í fyrstu; því að það er þó heldur betur séð fyrir þörfum byggingar- og landnámssjóðs í fjárl. heldur en þörfum byggingarsjóðs verkamannabústaða. Það er ekki nýtt, að svona till. séu fluttar hér á Alþ. Árið 1933 t. d. munu af hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Seyðf. hafa verið fluttar till. í sömu átt. Ég vil vona, og sérstaklega með tilliti til þess slæma útlits um byggingar, sérstaklega hér í Reykjavík, að hv. þm. sjái möguleika á því að samþ. þessa brtt. okkar og með því tryggja, að verkamannabústaðirnir fái á næsta ári það framlag, sem þeim ber samkv. l. Hinsvegar vil ég taka það fram, að með því er ekki séð fyrir byggingu verkamannabústaða í ár. Til þess þarf aðrar ráðstafanir heldur en þessar.

*Stefán Stefánsson: Ég á hér brtt. á þskj. 304. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir og verið hefir til athugunar í fjhn., er nákvæmlega shlj. frv., sem afgr. var sem l. á síðasta þingi. Þetta frv. er þó ekki eins og það frv. var, þegar það var lagt fyrir fjhn. á síðasta þingi. Síðan hefir verið bætt inn í það einum eða tveimur liðum, sem skotið var inn í það af hæstv. fjmrh. með brtt. í lok síðasta þings. Þær brtt. komu aldrei til umsagnar fjhn. Og það er einmitt þessi 17. liður frv., sem ég hefi gert þá brtt. um, að hann verði felldur niður.

Ég vil taka það fram í sambandi við 17. lið frv., að vaxtastyrkur af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl. er fyrst lögtekinn á árinu 1933, að tilhlutun landbrh. Síðan er greiddur vaxtastyrkur árin 1933 og 1934, og nam hann til bænda 120—130 þús. kr. Síðan var á Alþ. 1934 borin fram brtt. um nokkra hækkun á vaxtastyrknum frá því, sem hafði verið. En hún náði ekki fylgi þingsins og var afgr. með rökst. dagskrá. Síðan 1935 hefir svo einnig verið greiddur vaxtastyrkur til bænda árin 1935, 1936 og 1937. En á síðasta ári var, samkv. þessari brtt. hæstv. fjmrh. við frv., felldur niður þessi vaxtastyrkur.

Brtt. mín er borin fram af þeirri ástæðu, að ég tel, að bændastétt Íslands sé ekki vel við því búin að takast á hendur þessa byrði, sem leiðir af niðurfellingu vaxtastyrksins. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi réttlætt þessa brtt. í fyrra með því að segja, að svo mikið fé væri greitt til styrktar bændum á mæðiveikisvæðun-

um. En ég tel neyðarúrræði að kippa af bændum utan mæðiveikisvæðanna þessum fríðindum, sem þeir hafa notið og þarfnast svo mjög að fá að njóta áfram, vaxtastyrknum, í sambandi við styrkinn til bænda á mæðiveikisvæðunum, þó um nauðsyn þessa síðartalda styrks sé vitanlega enginn ágreiningur.

Hæstv. fjmrh. mun nú svara því til, að þessa upphæð verði einhversstaðar að fá, og að jafnframt þessari till. verði ég að benda á einhverjar tekjuleiðir til þess að afla fjár til þessa. Mér kemur aðeins í hug, að tekjur af áfengisverzlun ríkisins hafa verið um 600 þús. kr. Væri nú ekki ráð að taka svo sem 50 þús. kr. af þessum gróða til þess að láta koma til styrktar bændum í mæðiveikihéruðunum og koma þannig í veg fyrir, að bændur, sem eru að sligast undir þungum vaxtabyrðum, verði sviptir þessum styrk, sem þeir hafa fengið á undanförnum árum?

Ef þetta þykir ekki tiltækilegt, þá teldi ég, að ná mætti fé til þessa með því t. d. að hækka verð á áfengi um svo sem 25 aura á hverri flösku. Með því mundi fást inn að líkindum 75—100 þús. kr. Mér virðist þetta ekki ótiltækileg leið, því að undanskildum beinum sköttum er engin leið eins aðgengileg til fjáröflunar fyrir þarfir ríkissjóðs eins og tollur á tóbaki og víni.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. og hv. þm. taki vel í þessa brtt. mína og að þeir vilji, að bændur fái notið þessa stuðnings, sem þeir hafa notið með þessum styrk þangað til þetta yfirstandandi ár. Það er sízt bjartara framundan fyrir bændum nú heldur en verið hefir undanfarin ár.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Aðeins örfá orð. Þessi 17. liður þessa frv. var settur inn í l. í fyrra og fjallar um, að ekki skuli greiða á árinu 1939 vaxtastyrk til landbúnaðarlána, eins og áður hefir verið gert. Þetta var gert með það fyrir augum að verja því fé, sem með því sparaðist, til þess að greiða fyrir bændum, sem höfðu orðið fyrir tjóni af völdum mæðiveikinnar. Það var þaulathugað þá, hvað hægt væri að gera í þessu sambandi, og eftir þá athugun var að þessu horfið. Það eru sömu röksemdir fyrir þessu nú, nema að því leyti, að það þyrfti kannske að auka fremur þetta tillag til handa þessum bændum. Þarfir manna fyrir hjálp frá því opinbera eru miklu meiri á mæðiveikissvæðunum en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Þetta virðist því sanngjarnt, að hinir fái ekki þennan styrk, meðan svo stendur, til þess að hægt sé að létta undir með mönnum á þessu svæði. Enda mun afurðaverð hafa breytzt mikið síðan þessi vaxtastyrkur var ákveðinn. — Ég mun ekki treysta mér til að mæla með því, að þessi brtt. verði samþ.

Um brtt. á þskj. 277, um að fella niður 3. tölul. 1. gr. frv., verð ég að segja það, að ég er alveg á móti því, að þessi brtt. verði samþ. Það, sem þar er farið fram á, ef samþ. væri, mundi þýða það, að fjárl. mundu verða afgr. með verulegum halla, því að það er stór upphæð, sem mundi renna eftir þeirri leið til verkamannabústaða umfram það, sem ákveðið er í fjárl. Nú er í fjárl. hækkaður þessi styrkur frá því, sem verið hefir, upp í að mig minnir 180 þús. kr.; og það ætla ég, að sýni bezt vilja meiri hluta Alþ. til þess að sinna þessu nauðsynjamáli, að þingmeirihlutinn skuli nú, þrátt fyrir slæmt útlit á atvinnu- og fjárhagssviðinu, vilja hækka þetta framlag. Um meiri hækkun en þetta getur ekki verið að ræða, eins og sakir standa nú.

Ég sé ekki ástæðu til að tala um brtt. á þskj. 288. Ég hefi í sjálfu sér ekkert við hana að athuga og geri ráð fyrir, að hún verði samþ.

***Haraldur Guðmundsson:** Út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. viðvíkjandi framlaginu til byggingarsjóðs verkamannabústaða finnst mér rétt að gefa nokkrar upplýsingar.

Ég teldi mjög æskilegt, að hægt væri að hækka tillagið til verkamannabústaða meira en um þær 50 þús. kr., sem samþ. var hér við 2. umr. fjárl. En ég játa á því ýmsa örðugleika, eins og hæstv. fjmrh. hefir réttilega bent á. En eins og sakir standa er það, sem sjóðnum ríður mest á, nú í bili a. m. k., til þess að geta haldið áfram þessari starfsemi sinni, ennþá meira en þessum styrk, að hann fái tryggt starfsfé. Mér þykir rétt að benda í þessu sambandi á það, að fjmrh. hefir lofað að sjá sjóðnum árið 1938 og 1939 fyrir 70 þús. kr. láni á ári, eða samtals 140 þús. kr. bæði árin. Meðan ég var atvmrh., hafði ég lofað að greiða fyrir láni sem svaraði sömu upphæð á sama tíma, eða öðrum 140 þús. kr., sem starfsfé fyrir sjóðinn. Þá hefir verið ákveðið á árinu 1938 tillag úr ríkissjóði, 100 þús. kr., gegn jöfnu tillagi frá hlutaðeigandi bæjarsjóðum, að viðbættum 30 þús. kr. af hagnaði tóbakseinkasölunnar. Á árinu 1939 hefir verið ákveðin sama upphæð úr ríkissjóði, 100 þús. kr. gegn jöfnu tillagi frá hlutaðeigandi bæjarfélögum, að viðbættum þeim 80 þús. kr., sem ákveðnar hafa verið til þessa sjóðs af ágóða tóbakseinkasölu ríkisins. M. ö. o., bein framlög til sjóðsins bæði árin eru alls eftir þessu 510 þús. kr.

Þá hefir verið gert ráð fyrir lánum handa þessum sjóði á þessum tveimur árum, sem nema samtals 280 þús. kr. Starfsfé sjóðsins er þannig ætlað að geti orðið á þessu tímabili 790 þús. kr.

Ég tel, að með þessu fé eigi að vera hægt að ráðast í byggingar verkamannabústaða, sem óneitanlega er mjög aðkallandi, þó ekki geti það verið á þessu ári, þá haldið áfram á því næsta. Með þessari fjáröflun, sem hér hefir verið bent á, ætti það að vera hægt.

***Einar Olgeirsson:** Ég þakka hv. þm. Seyðf. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf viðvíkjandi þessum loforðum frá fjmrh. um lán til þess að byggja fyrir verkamannabústaði, 70 þús. kr. í ár og 70 þús. kr. á næsta ári. En ég vildi fyrst og fremst lýsa þeirri skoðun minni, að þetta sé allt of lítið fé til þess, að mögulegt sé að hefjast handa um byggingu verkamannabústaða á þessu ári. En var það ekki mun meira, eða um 150 þús. kr., sem ríkisstj. ætlaði að sjá til, að hægt væri að fá að

láni handa sjóðnum til byggingar verkamannabústaða? Ég er hræddur um, að þrátt fyrir 70 þús. kr. lán verði varla hægt að hefjast handa um byggingu verkamannabústaða á þessu ári, eins og ætti að vera. Mér virðist alveg auðséð, að þetta verði gersamlega ónóg. — Hv. þm. Seyðf. sagði alveg réttilega, að þessi brtt. okkar mundi ekki bjarga þessu við í ár. En í fyrra bárum við fram brtt. við lögin, samskonar eins og þessa. Sú brtt. var felld. Ég man ekki, hvort þá kom fram sú röksemd, að hún mundi ekki hjálpa nægilega til þess að hægt væri að framkvæma byggingar verkamannabústaða árið, sem nú er að líða. En hefði brtt. okkar verið samþ. þá, hefði allt verið í lagi um lán í ár til þessara bygginga og hægt að hefjast handa um byggingar verkamannabústaða á þessu yfirstandandi ári. En nú er útlit fyrir, að ekki verði hægt að byggja neina verkamannabústaði í ár, vegna þess, hvernig hefir verið í pottinn búið um þetta allt saman. Ég sé því ekki betur en að það, sem nú beri að gera, sé að tryggja það sem bezt, að hægt verði að hefjast handa um þessar byggingar á næsta ári, og það helzt svo, að hægt verði að bæta upp það, sem tapazt með því að geta ekkert byggt upp af verkamannabústöðum á þessu ári.

Hv. þm. Seyðf. var að reikna út, hvað það yrði til samans, sem lagt yrði fram til verkamannabústaða á þessu og næsta ári. Og það má fá dálitla upphæð úr því með því að leggja saman það, sem kemur til þess frá tóbakseinkasölunni, það ennfremur, sem bæjum ber að leggja fram samkv. lögum um verkamannabústaði, og í síðasta lagi ef bætt er svo við þeim lánum, sem ríkisstj. hlutast til um, að fáist, og svo lagt saman það allt, sem fæst með þessu á tveimur árum, til þess að upphæðin verði myndarlegri. Það væri líka hægt að reikna, hverju byggingarsjóðirnir eru búnir að tapa með því, að bandormurinn (þessi lagabreyt., sem hér er um að ræða) skuli hafa verið samþ. ár eftir ár og byggingarsjóðirnir þannig sviptir þeim tekjum af tóbakseinkasölunni, sem þeim ber. Ég býst við, að það sé a. m. k. kringum 1½ millj. kr., sem byggingarsjóðirnir eru beint búnir að missa á þessu. Það er ekki svo lítil fúlga. Fyrir slíka fjárhæð hefði mátt byggja verkamannabústaði, sem hefðu gerbreytt byggingarfyrirkomulaginu hér í Reykjavík og komið í veg fyrir tilfinnanlega dýrtíð, sem stafað hefir af hárri húsaleigu. Því að það er fyrst og fremst húsnæðisleysið, sem gerir Reykjavík svo dýran bæ, sem réttilega er kvartað yfir að hún sé.

Það er náttúrlega sagt alveg út í hött, að fjárl. verði með tekjuhalla, þó að þessi brtt. verði samþ. Það eru ótal póstar í fjárl., sem bent hefir verið á, að hægt væri að skera niður, svo að með því væri hægt að sjá fyrir fé til þessa nauðsynjamáls. Það er áreiðanlega hægt að spara 270 þús. kr. á öðru sviði en með því að fella niður að fara eftir l. um að láta bær ganga til verkamannabústaða, og spara þær um leið á miklu skynsamlegri hátt. Þess vegna hygg ég réttast að samþ. þessa brtt. og svipta ekki verkamannabústaðina þeim styrk, sem þeim ber eftir l. að hafa af tóbakseinkasölunni. Ég álít líka, að þetta eigi að framkvæma af því, að þetta eru einhver beztu l., sem verkalýðurinn hefir fengið samþ. Vil ég því mjög eindregið skora á hv. þm. að samþ. þessa brtt., sem hér liggur fyrir.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Ég ætla aðeins vegna ræðu hv. 5. þm. Reykv. að skýra frá því, að eins og nú standa sakir verða alls ekki byggðir neinir verkamannabústaðir í ár. Það er nýkomið bréf frá stjórn byggingarsjóðsins, þess efnis, að engir peningar verði til þess, og þær skuldir, sem á sjóðnum hvíla, séu svo miklar, að tekjur þessa árs verði allar að fara í greiðslur vegna þeirra skulda. Það er ennfremur nokkuð ógreitt af þeim gjöldum, sem bæjarsjóði Reykjavíkur ber að greiða til byggingarsjóðsins. Það er þannig bersýnilegt, að með þessum fjárframlögum úr ríkissjóði verður ekki hægt að halda verkamannabústaða byggingunum áfram í ár, og ekki heldur á næsta ári. Og það, sem tefur fyrir því m. a., að hægt sé að fá lán handa sjóðnum, er það, að ríkissjóður er að reyna að fá lán hjá sömu stofnun eins og sjóðurinn. Ef ekki eiga að stöðvast byggingar verkamannabústaða, þá verður þingið að gera einhverjar ráðstafanir til þess, auk þess að láta tekjur tóbakseinkasölunnar renna til þeirra.

Með þessari brtt. hv. 5. þm. Reykv. er þessu máli ekki bjargað fyrir árið í ár. En með samþykkt hennar mundi myndast betri grundvöllur fyrir framtíðina til að byggja á í þessum efnum. Og meðan svo er, að ríkissjóður virðist ætla að taka þau lán, sem hægt er að fá frá þessum tryggingarstofnunum, sem lánað hafa áður fé til þessa sjóðs, þá sé ég ekki, hvernig hægt er að auka fé byggingarsjóðsins með öðru móti en því að auka framlag ríkissjóðs til hans. Ef menn vilja ekki láta þessi l. sofa 2—3 ár a. m. k., þá verður það opinbera að skerast betur í leikinn en það hefir gert.

*__Jakob Möller:__ Þetta atriði er miklu minna virði heldur en ætla mætti, eftir því sem orð hafa fallið hjá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. um það, hvort þessi ágóði af tóbakseinkasölunni skyldi renna til byggingarsjóðs eða ekki. Það er vitað, að hér í Reykjavík er að jafnaði byggt fyrir 4—6 millj. kr. á ári, svo að það er auðsætt, að sá hluti af þessum 300 þús. kr., sem talað er um í þessu sambandi og fellur í hlut Reykjavíkur, veldur engri gerbreytingu á húsnæðisástandinu hér. Og þó að 1½ millj. kr. væri skipt milli allra byggingarfélaga í landinu á 3 árum, þá mundi þess ekki gæta mikið, þegar tekið er tillit til þess, að í Reykjavík einni er að jafnaði byggt fyrir samtals 16—18 millj. kr. á 3 árum, og sá partur, sem hefði fallið í hlut Reykjavíkur af þessari 1½ millj. kr., mundi á þessum 3 árum engri gerbreytingu valda á húsnæðisástandinu, þegar þess er gætt, að það er bersýnilegt, að byggingar muni verða takmarkaðar á þessu ári, og því miður sennilega einnig á næsta ári, fyrst og fremst af því, að ekki er hægt að sjá fyrir byggingarefni. Það er því auðsætt, að það verður

byggt jafnmikið í bænum hvað sem líður þessum hluta af tekjum byggingarsjóðs.

Það, sem hér um ræðir, er þess vegna ekkert annað en það, hvort nokkrir tiltölulega örfáir einstakir menn eigi að verða þeirra hlunninda aðnjótandi að geta eignazt íbúðir fyrir minna verð en þær raunverulega kosta, því að þegar verið er að tala um húsaleiguokur í samanburði við leiguna á verkamannabústöðunum, þá er þess ekki gætt, að verkamannabústaðirnir njóta hlunninda í vaxtakjörum, sem gerir þá ódýrari en annars er kostur á. Það er gjöf úr ríkissjóði til þeirra manna, sem eignast þessa bústaði. Þess vegna er enginn samanburður mögulegur á leigunni í þeim bústöðum og öðrum íbúðum, sem ekki njóta slíkra hlunninda.

Annars gætti nokkurs misskilnings um það, hvernig það er tilkomið, að verkamannabústöðunum var gefið fyrirheit um þessar tekjur tóbakseinkasölunnar. Það var í sjálfu sér aldrei höfuðtilgangurinn með endurnýjun tóbakseinkasölunnar, að hún yrði lyftistöng fyrir íbúðabyggingar í kaupstöðum, heldur var þetta bara bragð til þess að fá átyllu til að einoka þessa vörutegund. Ef verðið hefði ekki verið hækkað á þessari vöru, hefðu engar tekjur orðið á einkasölunni. Það, sem skeð hefir, er það, að varan hefir hækkað í verði í meðferð einkasölunnar og almenningur þannig verið skattlagður í þessu skyni. Það má um það ræða, hvort ekki sé hægt að hækka verðið á tóbakinu og láta þá verðhækkun renna til byggingar verkamannabústaða, hvað sem verður um þennan ágóða af tóbakseinkasölunni. Sá ágóði, sem nú er af tóbaksverzluninni, er m. a. til orðinn fyrir það, að fyrir nokkrum árum var tóbaksverðið hækkað til þess að afla fjár til að greiða með tillag ríkissjóðs til sundhallarinnar. Náttúrlega ætti þessi verðhækkun að falla niður, þegar þeim tilgangi er fullnægt. Þessi upphæð mun vera 100 þús. kr. á ári.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði mig, hversu mikið ég héldi, að hægt yrði að byggja í ár. Það verður áreiðanlega lítið, og án tillits til þess, hvort þessi ágóði af tóbaksverzluninni verður látinn renna til byggingarsjóðs eða ekki, vegna þess að það, sem fyrst og fremst takmarkar byggingarnar, er hörgull á byggingarefni, en ekki tekjur byggingarsjóðs. Þess vegna hefir þetta spursmál miklu minni þýðingu fyrir byggingarþörfina og fullnægingu hennar heldur en hv. ræðumenn virðast halda, eins og ég minntist á áðan. Það hefir sem sagt engin áhrif. Það tekur því varla að eyða tíma í langar deilur um þetta atriði.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla ekki beinlínis að skipta mér af þessum umr. á milli þeirra hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv., að öðru leyti en því, að það var ýmislegt í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem gefur mér tilefni til þess að lýsa minni skoðun. Hann gat þess fyrst og fremst, að hér í bænum væri árlega byggt fyrir 4—6 millj. kr., og þess vegna væri hluti Reykjavíkur af þessum 300 þús. kr. tiltölulega lítil viðbót. Ég get fallizt á, að þótt þetta framlag yrði látið renna til verkamannabústaðanna, þá er mjög fjarri því, að byggingarþörfinni sé fullnægt, því að það yrði kringum ⅙ þess fjár, sem þyrfti árlega að byggja verkamannabústaði fyrir í Reykjavík eftir þeim kröfum, sem menn gera til Byggingarfélags alþýðu. Hinsvegar verður að geta þess, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, að ástandið í þessum efnum er nokkuð öðruvísi nú en fyrir nokkrum árum. Það er ekki annað fyrirsjáanlegt en að öll byggingarvinna leggist niður og menn verði hundruðum saman atvinnulausir. Menn vita, að það verður engin vinna við Sogið og engin vissa fyrir vinnu við hitaveituna, svo að það má yfirleitt búast við neyðarástandi í Reykjavík, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir. Eftir því, sem ég veit bezt, hefir ekki verið sótt um byggingarleyfi fyrir meir en 2—3 húsum fyrir utan viðgerðir á nokkrum húsum. Svo að sú upphæð, sem byggt verður fyrir í sumar, verður mjög lítill hluti af þessum 4—6 millj. kr., en þess meiri þörf er á því, að þær byggingar, sem reistar verða, séu hagkvæmar og fyrir þann hluta fólksins, sem erfiðast á með að útvega sér góðar íbúðir, og eftir l. um verkamannabústaði mega félagsmenn ekki hafa meira en 4000 kr. árstekjur að meðaltali 3 síðustu árin, að viðbættum 300 kr. fyrir hvern ómaga, svo að það er 4000—5000 kr. hámark.

Það er algerlega rangt hjá hv. 2. þm. Reykv., þegar hann segir, að þær byggingar, sem Byggingarfélag alþýðu hefir látið reisa með lánum úr byggingarsjóði, séu tilkomnar sem gjöf til meðlima félagsins, því að þeir greiða það, sem þetta kostar byggingarfélagið, en það tekur lán úr byggingarsjóði með þeim kjörum, að sjóðurinn tapar engu við það, því að hann hefir hingað til fengið lán sín með góðum kjörum, að hann hefir ekki skaðazt, þó að hann hafi lánað til byggingarfélagsins með þessum vöxtum. Þar að auki hefir sjóðurinn sitt eigið fé, sem hann þarf ekki að reikna sér hærri vexti af en hann fær af lánum til byggingarfélagsins. Þannig vex sjóðurinn bæði með tillögum frá bæjarsjóði og ríkissjóði og einnig vegna sinna eigin vaxta, svo að því fer fjarri, að hér sé um einhverjar gjafir að ræða. Hér kemur tvennt til greina; í fyrsta lagi, að hvað ábyrgðirnar snertir, þá ættu byggingarnar sjálfar fyrst og fremst, sem eru ódýrar og hentugar, að vera nægileg trygging, og svo er ábyrgð bæjarsjóðs og þar að auki er ábyrgð ríkissjóðs á öllum lánunum. Af þessum ástæðum hafa fengizt mjög ódýr lán. Í öðru lagi hefir verið byggt í stórum stíl, þannig að þessar íbúðir eru miklu ódýrari heldur en aðrar byggingar hér í bænum. Þegar byggingar eru takmarkaðar, þá er eðlilegt, að menn séu því mótfallnir, að haldið sé áfram að takmarka og eyðileggja þetta byggingarfyrirkomulag, sem hefir komið alþýðu þessa bæjar að miklu gagni. Ég get að vísu, eins og ég gat um áðan, fallizt á það með hv. 2. þm. Reykv., að þessi viðbótarstyrkur mundi ekki leysa þetta spursmál, en hann mundi hjálpa nokkuð á leið. Lausnin fæst ekki fyrr en byggingarsjóður getur fengið betri og meiri lán, enda var upphaflega ætlazt til þess, að styrkir frá því opinbera yrðu aðallega til þess að taka

við halla, sem yrði af dýrari lánum, en það hefir hingað til ekki orðið.

Ég veit, að yfirleitt vekja mál Reykjavíkurbæjar ekki mikinn áhuga hér í þinginu, eins og það er saman sett, en íbúar Reykjavíkur vilja líka hafa sinn rétt að einhverju leyti, og ef þingið skilur nú við þessi mál án þess að gera neinar ráðstafanir í þessu efni, þá verður það því miður til þess, að stj. þarf að grípa til sérstakra ráðstafana áður en næsta þing kemur saman.

*__Jakob Möller:__ Að ekki sé búið að sækja um byggingarleyfi fyrir meira en 2—3 húsum, eins og 3. þm. Reykv. hélt fram, er sú mesta fjarstæða, sem hugsazt getur. Byggingarleyfin, sem sótt hefir verið um, munu a. m. k. skipta tugum. En það breytir samt engu um það, að ástandið í þessum efnum er afskaplega alvarlegt, en það mun mjög lítið batna við þessar ráðstafanir. Til dæmis um það get ég sagt frá því, að í ráði er að byggja stóra viðbyggingu við hafnarhúsið. Byggingarleyfið fæst sjálfsagt, — ég veit ekki hvort búið er að sækja um það —, en það er annað verra, og það er það, að það hefir ekki fengizt innflutningsleyfi á efni til þess að byggja húsið. Þegar svona er ástatt, þá er þersýnilegt, að það eru litlar líkur til, að það hafi mikil áhrif á það, hvað mikið verður byggt í bænum, hvort þessi ágóði af tóbaksverzluninni er látinn renna til húsabygginga eða ekki. Það eru fleiri örðugleikar, sem hér koma til greina, og er ég sammála hv. 3. þm. Reykv. í því, að það horfir til vandræða með fyrirsjáanlegt aukið atvinnuleysi út af þessu.

Það nær engri átt að deila um það, hvort um nokkrar gjafir sé að ræða í sambandi við l. um verkamannabústaði, þar sem l. mæla svo fyrir, að ríkissjóður og bæjarsjóður skuli leggja fram tillag til verkamannabústaða á ári hverju. Nú er það 140 þús. kr. Hvað er það annað en gjöf? Og hvernig er sú gjöf hagnýtt? Þannig að lánskjör til þessara bygginga eru miklu betri heldur en til allra annara bygginga í landinu. Í staðinn fyrir að einstaklingar verða að borga upp í 8% vexti af lánum til þeirra bygginga, sem þeir framkvæma, þá þarf ekki að borga nema 4% af lánum til verkamannabústaðanna. Ég skil ekki, hvað það á að þýða að berja höfðinu við steininn og neita því, að hér er um gjöf að ræða. Það er einmitt það, sem Alþfl. getur miklast af, að flokksmenn hans komu því til leiðar, að fátækari stéttunum var ívilnað með þessum hætti. En það breytir engu um það, að þetta spursmál hefir mjög litla þýðingu í því að bæta byggingarmál bæjarins og landsins í heild, eins og nú er ástatt.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þó að 270 þús. kr. rynnu til viðbótar í byggingarsjóð, ef brtt. væri samþ., þá hefði það út af fyrir sig ekki mjög mikla þýðingu í sambandi við byggingar hér, þar sem venjulega væri byggt fyrir 4—6 millj. kr. Hv. þm. viðurkenndi, að í ár yrði byggt fyrir miklu minna, og að öllum líkindum enn minna næsta ár á eftir. Þar að auki ber þess að gæta, að þessar 270 þús. kr. mundu verða til þess, að mikið meira fé yrði notað í heild til þess að byggja verkamannabústaði. Þessir peningar hafa verið til, svo framarlega sem á þessu ári og árinu, sem leið, hefir komið reglulegt framlag frá tóbaksverzluninni, sem átti að koma lögum samkvæmt. Og því meira mundi muna um þetta viðbótarfé, sem það er vitað og viðurkennt, að horfur um auknar byggingar í sumar eru mjög slæmar.

En það er annað atriði í þessu máli, sem hefir líka þýðingu, og það er spursmálið um það, á hvern hátt byggt er og með tilliti til hverra hagsmuna sérstaklega. Það, sem er að mörgu leyti það dýrmætasta við verkamannabústaðina, er, að með þeim er mörgum mönnum tryggð ódýr húsaleiga, og það er vitað, að verkamannabústaðirnir hafa bæði með frágangi á íbúðum og með ódýrari húsaleigu stuðlað að því, að húsaleigan almennt lækkaði. Þess vegna skil ég vel, að hv. 2. þm. Reykv. hugsi sem svo, að það sé nóg, ef hægt er að fá flutt inn byggingarefni og einhverjir fái að byggja, þó að það séu annaðhvort einhverjir ríkir menn, sem byggja villur, þar sem 4—5 fjölskyldur gætu búið, eða húsabraskarar, sem byggja til þess að leigja íbúðir sem dýrast og halda húsaleigunni þannig uppi. Það er hv. 2. þm. Reykv. sama.

Það, sem við leggjum aftur á móti áherzlu á, er, að á þessum tímum, þegar svo lítið er byggt og húsnæðiseklan fer vaxandi ár frá ári, þá sé byggt með tilliti til þess, að húsaleigan geti orðið ódýrari fyrir þá, sem í byggingunum búa, og jafnvel fyrir hitt fólkið líka. Þarna greinir okkur hv. 2. þm. Reykv. á um stefnu. Hann vill láta húsabraskarana byggja og lítur því hornauga til þessara brtt., en við viljum láta byggja verkamannabústaði, til þess að hægt sé að lækka húsaleiguna.

*__Jakob Möller:__ Það er vitanlega fullkomlega gegn betri vitund, sem hv. 5. þm. Reykv. slær því hér fram, að ég líti heldur óvinsamlegu hornauga til verkamannabústaðanna; það er mjög fjarri öllum sanni. Sannleikurinn er sá, að verkamannabústaðirnir hafa engin áhrif haft á húsaleiguna í Reykjavík, því að þeir eru fyrir utan alla samkeppni um húsaleigu. Einnig er þess að gæta, að leigan á íbúðum í verkamannabústöðunum er tiltölulega ekkert lægri heldur en almennt gerist í bænum, þegar tekið er tillit til þess, að þau hús eru byggð með betri kjörum en önnur hús, því að þegar einstaklingar borga 8% af lánum til sinna bygginga, borga eigendur verkamannabústaðanna ekki nema 4%. Það gerir ekki litinn mun á húsaleigunni.

Ég vil ekkert fremur en að hægt væri að byggja sem mest af verkamannabústöðum, blátt áfram vegna almennra hagsmuna bæjarins í heild, sem okkur kemur mjög vel saman um, að sé mjög illa kominn í þessu efni, og mörgum fleiri, eins og nú standa sakir. En það, sem hér er til farartálma, er ekki þetta framlag, sem er til umræðu. Bygging verkamannabústaða er fyrst og fremst komin undir því, hvort hægt er að skapa leið til þess að fá lán til húsabygginga

í stórum stíl, en það er það, sem bregzt nú. Ef hægt væri að fá þau, þá væri hægt að byggja þessi hús. En þetta smáræði, sem hér um ræðir, hefir tiltölulega sáralitla þýðingu í þessu efni.

ATKVGR.
Brtt. 277 felld með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HV, ÍslH.
nei: SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞorlÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JakM, JPálm, PHann, PO, JörB.
SK, VJ, FJ, greiddu ekki atkv.
6 þm. (TT, ÁÁ, EmJ, HG, JGM, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 288 samþ. með 15:4 atkv.
— 304 felld með 18:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 319).
Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 353).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir haft málið til athugunar og hefir sama að segja um það og önnur slík framlengingarlög, að hún sér ekki, að hjá því verði komizt að framlengja þennan svokallaða bandorm. Þar gildir eitt og sama um þessar ráðstafanir og aðrar, er snerta sérstaka tekjustofna ríkissjóðs. Eins og sjá má á þskj. 353, mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

A 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 319, 410).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 410 — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil vekja athygli á því, að í 14. lið 1. gr. frv. er prentvilla, sem fjhn. sá þó ekki ástæðu til að bera beinlínis fram brtt. við, vegna þess, að þá hefði málið þurft að fara aftur til hv. Nd. og tefjast, en nú er áliðið þingtímans og því óheppilegt, að mál tefjist. Prentvillan er sú, að í þessum lið stendur (með leyfi hæstv. forseta): „Á árinu 1939 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóðs en það sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933". En þessi l., sem þarna er vitnað til, tala um „pro mill", en ekki „pro cent". Nú vil ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki megi líta svo á, að þetta megi leiðrétta án atkvgr. og án brtt. Í brtt. þeirri, sem útbýtt hefir verið og leyfð afbrigði fyrir, er einmitt sama prentvillan. Þetta atriði þarf því einnig að taka til athugunar viðvíkjandi brtt., ef hún skyldi verða samþ. En líti hæstv. forseti svo á, að ekki megi leiðrétta þetta í prentun, þá mun ég bera hér fram skrifl. brtt. En það er svo alveg augljóst, að um prentvillu er hér að ræða, þar sem vitnað er til einstakra l., þar sem talað er um, að ríkissjóður leggi fram helming á móti því, sem lagt er fram úr héruðum, þar sem talað er um 2—4‰ o. s. frv.

Forseti (EÁrna): Út af þessu vil ég taka það fram, að það er samkomulag um það á milli mín og hv. frsm. fjhn., að það þurfi ekki að flytja brtt. við frv. til þess að leiðr. þetta. Ég hefi þegar talað um málið við skrifstofuna, og verður að skoðast, að það sé fullkomlega heimilt, samkv þessari yfirlýsingu hv. frsm., að þessu verði breytt þegar frv. verður prentað sem l., að þá komi 4½‰, en ekki 4½%. En nú hefir komið fram brtt., eins og allir hv. þdm. vita, sem er með sömu villu; og væri þá vitanlega réttara, að sú brtt. væri leiðrétt. Ef hún á annað borð verður samþ., þá þarf málið að fara til hv. Nd., og þá tel ég réttara, að málið fari þannig til Nd., að ekki væri þessi villa í því. Ég vil því ógjarnan bera upp brtt. eins og hún er orðuð.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er vegna prentvillu-púka, sem komizt hefir hér inn, að ég tek þessa brtt. mína aftur, sem nú liggur fyrir, en mun bera hér fram skrifl. brtt., sem hljóðar svo, að í 14. lið 1. gr. í stað „4½%" komi: 5‰. Þá er í raun og veru búið að komast hjá þessu skeri, sem frv. hefir steytt á. Ég hefi afhent hæstv. forseta þessa brtt.

Með l. frá 1933 var ríkissjóði gert að skyldu að leggja fram fé jafnhátt eða hærra á móti sýsluvegasjóðsfénu. Þá var því þannig komið fyrir, að á móti því, sem lagt var fram af fé úr sýsluvegasjóðum fram yfir visst mark, 2‰, væri lagt miklu nokkuð meira úr ríkissjóði heldur en sýsluvegasjóðsframlaginu næmi, jafnt á móti 2—4‰, og tvöfalt á móti 4—6‰. Nú er þessu snúið þannig við, að þegar maður t. d. miðar við jarðafasteignir, þá er lagt fram á móti 4½‰ gjaldi úr sýsluvegasjóði aðeins 3‰ úr ríkissjóði. Áður var látið jafnmikið frá hvorum aðilja. Ef sýsluvegasjóður lagði fram allt að 5‰, þá lagði ríkissjóður fram jafnmikið. En nú er ekki hægt að fá eins mikið frá ríkissjóði eins og frá sýsluvegasjóði. Hinsvegar fá þær sýslur, sem enga sýsluvegasjóðasamþykkt hafa, en gera vegi hjá sér, jafnt úr ríkissjóði og sýsluvegasjóður leggur fram. Þannig er þá útkoman orðin á þessu nú, að þær sýslur, sem helzt hafa keppt að vegagerðum hjá sér og gert hafa samþykkt um vegagerðir, eru um það verr settar heldur en

þær sýslur, sem hafa látið leika lausu um stofnun og starfrækslu sýsluvegasjóðasamþykkta. Og ég geri ráð fyrir, ef það heldur áfram að vera þannig, þá upphefji sýslurnar sýsluvegasamþykktir sínar og það sæki í gamla horfið, sem er verra fyrir sýslurnar og ríkissjóð líka.

Það var byrjað á því á þinginu 1935 að færa niður þessar greiðslur ríkissjóðs, þannig að á árinu 1936 væru þær jafnar úr ríkissjóði og sýsluvegasjóði, allt upp í 5‰. Í fyrra var farið enn lengra, og því er haldið nú. Þetta þarf að leiðrétta. Ég veit, að erfitt er fyrir ríkissjóðinn að greiða þetta fé. En það er líka tilfinnanlegt fyrir hann að láta af höndum annað eins gegn framlagi sýslufélaganna, og um það munu koma kröfur frá þeim, ef horfið verður að því ráði að samþ. þetta frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er rétt, að ef sú skrifl. till., sem hv. 6. landsk. boðar, verður samþ., þá er þetta leiðrétt, og er þá tvímælalaust, hvað við er átt. En þá þyrfti málið að fara til Nd. aftur, því að till. felur í sér meira en leiðréttingu á prentvillu. Þar er um beina efnisbreyt. að ræða: að hækka þetta úr 3½‰ upp í 5‰.

Því verður vist ekki móti mælt, sem hv. þm. sagði, að þægilegt væri að fá þessa hækkun, en það má segja um svo margt annað, sem menn gera kröfur um. En einhversstaðar verður að setja takmörkin um framlög úr ríkissjóði. Nú legg ég ekki mikið upp úr þessu í sjálfu sér, því að hér er ekki um mikla fjárhæð að ræða. En fjhn. hefir gengið frá öllum áætlunum um tekjur og gjöld ríkissjóðs, og þótt í litlu sé, er þetta þó nokkur röskun á þeim áætlunum. Ég myndi fyrir mitt leyti frekar mælast til þess, að hv. d. samþykkti frv. óbreytt, þó að ég geri það ekki að kappsmáli. En ég mæli hér aðeins fyrir sjálfs míns hönd, en ekki n., því að þetta hefir ekki verið lagt fyrir hana. En n. hefir öll lagt til, að frv. verið samþ. óbreytt, og verður því að líta á það sem hennar afstöðu, meðan ekki annað kemur fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 416) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 410 tekin aftur.

— 416 felld með 8:5 atkv.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 422).

8. Bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar og sveitarfélaga (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er shlj. l., sem samþ. voru á síðasta Alþ. um sérstaka tekjuöflun til ríkissjóðs. Mönnum er efni þessara laga svo kunnugt, að ég sé ekki ástæðu til að rekja það eða forsögu þessa máls. En til viðbótar vil ég aðeins taka það fram, að í 4. gr. er nokkuð önnur skipting en verið hefir á því, sem ætlað er til vega af benzínskatti. Ég geri ráð fyrir, að það verði sérstaklega athugað í n., og þá sérstaklega í samráði við fjvn., eins og áður hefir verið talað um hér í d. Ég vil svo óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara út í frv. í heild, en aðeins skjóta því fram í sambandi við 4. gr., að mér virðist, að það muni vera í alla staði óviðkunnanlegt og óvenjulegt að afgreiða í tvennu lagi l. um fjárveitingar til vega landsins. Mér hefði þótt fara stórum betur á því, að ákvæði um þessi efni hefðu aðeins verið í fjárl. Hér getur farið svo, að það verði raunverulega búið að samþ. önnur l. um þennan hluta fjárl. áður en þau verða afgr. Mér hefði þess vegna þótt rétt, að þessari sundurliðun í 4. gr. hefði verið sleppt, og ég vil beina því til n., sem fær þetta til meðferðar, að hún taki þetta til athugunar. Ég vil líka beina því til n., að þar sem þetta kemur af þeim benzínskatti, sem bifreiðaeigendur láta af hendi, þá tel ég réttara að láta þetta renna til þeirra héraða, sem mest bílaumferð er um, heldur en að veita því til vega á fáförnum heiðum og annnesjum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, 24, n. 199, 213, 224).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er nú orðið langt síðan þessu máli var vísað til fjhn., þó að það hafi dregizt, að n. afgreiddi málið, og valda því ástæður, sem ekki þarf að rekja hér. Eins og ég hefi áður getið hér í d., í sambandi við önnur mál, sem vísað hefir verið til fjhn., þá lítur n. svo á, og sennilega eru allir þm. henni sammála um það, að svo sé ástatt nú, að ekki megi skerða þær tekjur ríkissjóðs, sem hann hefir haft á undanförnum árum, og ennfremur vill n. benda á það, að fulla nauðsyn ber til þess að sjá jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga fyrir sömu tekjum á næsta ári eins og hann á að hafa á þessu ári. Þess vegna mælir n. með því, að þetta frv. verði samþ. Þó skal ég geta þess, að hv. 1. þm. Reykv. hefir fyrirvara um málið, sem hann mun gera nánari grein fyrir sjálfur.

Eins og sést af nál. fjhn. á þskj. 199, þá gerir hún nokkrar brtt. við frv. Fyrsta brtt. á þessu þskj. er ekki frá n. allri, heldur frá meiri hl. hennar, mér og hv. 11. landsk. Þessi fyrsta brtt. okkar er þannig tilkomin, að n. tók til athug-

unar brtt. við þetta frv. frá fyrrv. atvmrh. (HG). Sú till. er á þskj. 24 og er þess efnis, eins og þm. hafa sjálfsagt kynnt sér, að hluti bæjar- og sýslufélaga af hinum svo kallaða hátekjuskatti skuli renna til byggingarsjóða verkamanna, og ennfremur er svo ákveðið í þeirri till., að sá hluti skattaukans, sem innheimtur er á þessu ári, skuli einnig ganga til byggingarsjóða. N. er víst öll á einu máli um það, að ekki sé fært að taka það fé, sem ráðstafað er á þessu ári, og verja því á þá leið, sem till. á þskj. 24 fer fram á. Aftur á móti lítum við tveir nm. svo á, að eins og nú er ástatt um atvinnuvegina, þá myndi vera réttara og koma að meiri notum að verja þessu fé til þess að styrkja atvinnuvegina í bæjum landsins og við sjóinn, heldur en að láta það renna beint í bæjarsjóðina, og þá töldum við rétt, að fénu væri varið þannig, að reynt væri að styrkja menn til að bjarga sér sjálfir, ef þess væri kostur. Þess vegna leggjum við til, að þetta fé renni í fiskimálasjóð, og því verði varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem vilja gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa, samkv. l. frá síðasta Alþ. Þetta lánsfé yrði ⅓—½ af þeirri upphæð, sem l. ákveða, að þeir leggi fram. Þó að það sé ekki mjög mikill hluti, sem l. ákveða, að sjómenn og verkamenn leggi fram í slík félög, þá er það skiljanlegt, að þeir muni eiga erfitt með að leggja svo mikið fram. Þess vegna er hér lagt til, að þeir fái þenna stuðning. Þessi till. byggist á þeirri skoðun, að heppilegast sé, að sjómenn og verkamenn taki að nokkru leyti þátt í ábyrgðinni á þeim atvinnurekstri, sem þeir vinna við og að þau fyrirtæki, sem rekin eru á þann hátt, hafi meiri skilyrði til þess að geta staðið heldur en annar rekstur, ef rétt er að farið, og þar af leiðandi beri þjóðfélaginu sérstaklega að styrkja slíka starfsemi. Ég skal játa það, að þetta getur vitanlega orkað tvímælis, hvort hér sé lagt út á rétta braut eða ekki; úr því verður d. að skera, en þetta er till. meiri hl. n. — Hvað snertir að öðru leyti till. á þskj. 24, þá veit ég ekki, hvort rétt er að bera hana hér undir atkv., þar sem tillögumaðurinn á ekki lengur tillögurétt í þessari d. Þó hygg ég, að það hafi verið meining hans, þegar till. n. kom fram, að taka þá sína till. aftur.

Þá er önnur brtt. n. á þessu sama þskj. við 3. gr. frv. Er það fyrst tölul. 1, 3. stafl. Þær till. eru um að lækka aðflutningsgjöld á skipum og bátum úr 8% í 2% og einnig að lækka á sama hátt aðflutningsgjald af prentpappír. N. lítur svo á, að það sé hið mesta neyðarúrræði að leggja slík gjöld á framleiðsutæki. Þess vegna vill hún hafa þessi framleiðslutæki, skip og báta, a. m. k. í þeim flokki, sem lægst er tollaður, og auk þess var n. fullkunnugt um það, að innflutningsgjaldið hefir hvílt töluvert þungt á bóka- og blaðaútgáfu í landinu, sökum þess hvað það hefir verið hátt á pappír. N. vill því leggja til, að það lækki þannig á prentpappír úr 8% í 2%. — Þá er annar tölul. brtt. við 3. gr., og 2. stafl. er aðeins orðabreyt, þar sem n. þótti betur fara. Ég skal játa það, að það er sjálfsagt margt fleira, sem ástæða er til að breyta hvað orðalagið snertir, en n. fær ekki séð, að þess þurfi við, heldur gerir aðeins þessa einu orðabreyt.

Þá vil ég geta þess, að ákvæðunum um það, hvernig því fé, sem inn á að koma af benzínskattinum, skuli varið, hefir verið breytt frá því, sem það er í gildandi l. fyrir yfirstandandi ár. Ein af þessum breyt. liggur nú í augum uppi, sem sé, að sjálfsagt er að fella niður framlag til Holtavörðuheiðarvegarins, sem á að verða lokið á þessu ári, en í þess stað er tekin upp allhá fjárveiting til vegar yfir Vatnsskarð. En aftur á móti eru önnur atriði í þessum brtt., sem n. hefir ekki fengið neinar skýringar á, og þykir því ekki tímabært að taka afstöðu til þessara atriða málsins að sinni, heldur lætur það bíða til 3. umr. málsins. Ég verð að segja það sem mína skoðun um þennan benzínskatt, án þess að ég taki það fram fyrir hönd n., að eðlilegast væri, að honum yrði öllum varið til viðhalds á vegum. Bifreiðarnar slíta vegum mest allra farartækja, og því eðlilegt, að þær séu sérstaklega skattlagðar til viðhalds veganna. Þessi leið hefir þó ekki verið farin, nema hvað nokkrum hluta skattsins er varið til malbikunar, sem segja má, að sé viðhald vega. Heldur hefir skattinum að mestu leyti verið varið til þess að leggja nýja vegi. En úr því að þessi aðferð er höfð, sem hefir verið notuð síðan benzínskatturinn var tekinn upp, þá finnst mér, að tvö sjónarmið ættu að koma til greina við úthlutun þessa fjár. Í fyrsta lagi, að vegirnir, sem þetta fé er lagt til, hafi almenna þýðingu fyrir þjóðarheildina eða fyrir heila landshluta, svo að féð komi að sem almennustum notum. Þetta má segja bæði um það fé, sem veitt er til vega norður um land, og líka það fé, sem varið er til Suðurlandsbrautarinnar. Í öðru lagi væri rétt að taka tillit til þess, hvar á landinu mestur benzínskattur er greiddur, og verja því fé helzt til vega á þeim stöðum. En nú er svo komið, að það hafa verið teknir vegakaflar upp í þetta frv. án þess að séð verði, að þeir geti heyrt undir þetta tvennt, sem ég hefi nú talið upp. Af þessum ástæðum telur n. rétt að taka þetta mál um úthlutun benzínskattsins til nánari athugunar fyrir 3. umr. frv.

Þá hefir komið fram brtt. frá tveim dm. einmitt út af þessu atriði, skiptingu benzínskattsins. Þeir þm., sem bera fram þá brtt., eru hv. 6. landsk. og hv. þm. Vestm. Samkv. því, sem ég hefi nú sagt um það, að n. hefir fyrir sitt leyti frestað ákvörðun um þetta mál, þá fyndist mér nú rétt, að flm. þessarar till. láti þær bíða til 3. umr.

Annars verð ég að segja það, að úr því að það er upptekið að úthluta þessum benzínskatti til einstakra staða á annað borð, en ekki til vegaviðhalds, sem ég fyrir mitt leyti hefði talið réttara, þá teldi ég, að sú úthlutun ætti eingöngu að fara fram á fjárl. eftir till. fjvn., eins og hún yfirleitt hefir það hlutverk að gera till. um það, hvernig tekjum ríkissjóðs sé varið. Ég álít það nóg, ef það á að vera á annað borð togstreita um þetta fé, að hún færi fram í sambandi við afgreiðslu fjárl., en sé sleppt úr einstökum málum eins og þessu. Það má því vel

vera, að ég geri till. milli umr. í n., að úthlutunin fari fram eftir ákvæðum fjárl. Þarf ég ekki að fjölyrða um þetta að sinni.

*Magnús Jónsson: Ég þarf í raun og veru ekki mikið að gera grein fyrir minum fyrirvara í n. viðvíkjandi afgreiðslu þessa máls; það er orðið mjög kunnugt, í hverju hann liggur. Ég tel yfirleitt, að sú tekjuöflunarleið, sem hér er farin í þessu frv., sé nokkuð varhugaverð. Get ég tilnefnt hátekjuskattinn, sem lagður er á samkv. 2. gr., er ég tel vera mjög um of, þar sem eins er háttað eins og nú er í landinu. Það er augljóst mál, ef á að fara að bæta hátekjuskatti ofan á alla beina skatta, verkar það heldur deyfandi á framtak manna um að afla verulegra tekna, og slík fjáröflun er svo skammt komin áleiðis, en hinsvegar mikil þörf á að örva hana. Ég ætla ekki að fara langt út í það, af því að það er gamalt deilumál á milli flokka.

Það er einnig ýmislegt í tekjuöflun 3. gr., sem ég tel vera nokkuð nálægt hámarki, þar sem svo mikið er aukið innflutningsgjaldið ofan á það, sem fyrir var. Ég álít, að það sé komið að því marki, að erfitt muni að framfylgja lögum. Það er alkunn reynsla, þegar allt er orðið svona reifað með tollum og sköttum, að menn reyna að svipta slíku af sér með smygli og öðru þess háttar. Og það er þess vegna, að ég ekki lagði til, að frv. yrði samþ. fyrirvaralaust. En hinsvegar sá ég ekki ástæðu til að kljúfa n., því að leggja á móti samþykkt slíks frv. myndi krefjast að koma með till. um að draga úr útgjöldunum eða að tekna væri aflað á annan hátt, sem ég sá ekki möguleika til eins og á stendur.

Eins og menn sjá á nál. 199, hefi ég skrifað undir nál. almennt með fyrirvara, en er alfarið mótsnúinn þeim aðalbreyt., sem eru við frv., sem sé að bæta ofan á þennan hátekjuskatt. En það dró nokkuð úr skaðsemi hans, að dálítill hluti hans rann til bæjarsjóðs. Nú er farið fram á að nema þetta burt, og lágu fyrir tvær brtt. Önnur frá þáv. atvmrh. um að taka þennan skattauka og verja honum til byggingarsjóðs. Svo er aftur komin önnur brtt. nú, sem meiri hl. n. hefir tekið upp á sína arma og flutt hér inn. Og það er að taka þetta fé til að lána þeim mönnum, sem gefa á kost á að eignast hlut í togara. Samkv. lögum frá í fyrra fá þeir lán, sem er hluti þess fjár, sem þeim var gert að leggja fram í þessu skyni.

Mín fyrsta ástæða á móti er sú, að ég vil ekki láta svipta bæjarsjóð þessu gjaldi, þótt það sé að vísu ekki stór upphæð. Ég hygg, að áætlunin á fjárhagsáætlun Reykjavíkur hafi verið um 90 þús. kr. hvort árið, og mun ekki hafa náð því. Ég ætla fyrir árið 1937 tæp 83 þús. kr., sem kom í hlut bæjarsjóðs af hátekjum. Ég hefi ekki aflað mér upplýsinga um, hvað það er mikið í allt. Það er búizt við, að fyrir árið 1938 verði upphæðin svipuð, kannske aðeins meiri. Mér finnst eiginlega þessi lög frá í fyrra um nýtízku togara, sem menn eiga að leggja 15% frá sjálfum sér til að kaupa, vera svona hálfgerð skripamynd, ef svo á að auki að leggja fram ríflegan part af þessum 15%. Því þó að þetta sé kallað „lán gegn tryggingu“, þá þarf ekki langa reynslu til að sjá, hvernig gengur með að innheimta, ef fyrirtækinu gengur ekki vel. Menn geta náttúrlega haft sína skoðun á því, að þessir togarar róti inn fé, en eins og hefir gengið annarsstaðar með togara, þá hefir útkoman oft verið önnur. Það hefir verið sagt — og er nokkuð til í því —, að ég ætti ekki sem þm. Reykv. að hafa á móti þessari breytingu, því að sjálfsögðu verður fyrsti togarinn keyptur í Reykjavík. Og þetta sé því í raun og veru ekki annað en að sópa peningunum frá öllu landinu til Reykjavíkur. En ég tel, að það sé þó sá minnsti prófsteinn, sem hægt er að setja á alvöru manna að koma upp slíkum skipum, að þeir verði í raun og veru að leggja fram 15%, sem áskilið er í l., til þess að þeir geti notið þeirra fríðinda, sem fram eru tekin í þeim. Ég mun ekki geta fylgt þessu, og ég leit svo á, þegar till. atvmrh. kom fram í byrjun þingsins, að hér sé í raun og veru ekki um riftun neinna samninga að ræða, því enginn samningur hefir verið gerður um þetta, en það er svona hálfgerð brigðmæli í þessu, — að setja fyrst á þennan skatt og milda hann með því að skipta nokkuð á milli ríkis- og bæjarsjóðs, en koma svo nálega þegar í stað og kippa þessum hluta bæjarsjóðs í burtu. Það kom fram till. um þetta einmitt á síðasta þingi í báðum deildum, að svipta bæjarsjóð þessum parti, en þær voru felldar í báðum deildum, ég held með öllum atkv. móti atkv. flm. Ég hélt þess vegna, að það væri nokkuð fastur þingvilji fyrir því að halda þessu. Það er alstaðar reynslan sú að verða í bæjum, að það eru stórvandræði fyrir þá að ná sínum tekjum inn, vegna þess hve þrengt er að þessum aðaltekjustofnum, sem eru aukaútsvörin. Og hvað sem líður þeim lofsverða og góða tilgangi, sem er verið að þjóna með þessum tveim brtt., þá er leiðin, sem farin er, að minu viti algerlega í öfuga átt við það, sem stefna ætti að.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég er sammála frsm. n., að hún sé farin að verða nokkuð óeðlileg, þessi upptalning vega í 4. gr. og að það sé verið að eyðileggja þann tilgang, sem var verið að reyna að ná, þegar á að kasta þessu fé út um hvippinn og hvappinn.

Ég álít, að eigi að koma meiri festa á þessi mál. T. d. að þetta fé þyrfti ekki að vera komið undir fjárlagaákvæðum í hvert skipti, heldur væri það ákveðið glöggt, hvaða vegir það væru, sem ætti að verja þessu fé í. Og finnst mér það þá eðlilegast að verja þessu fé einmitt í þá vegi, sem snerta ákaflega mikinn hluta þjóðarinnar. Og kæmi þá fyrst og fremst til greina vegurinn, sem tengir Suður- og Vestur- og Norðurland, og Austurland þegar til kemur. Mér finnst, að við eigum að keppa að því að fá verulega góða bifreiðabraut á milli Reykjavíkur og Akureyrar, og ekki um of, þó að þessu fé verði að mestu leyti varið til þessa. Þá væri það ekki óeðlilegt að taka af þessu fé í akbraut, sem tengdi meginland Suðurlandsundirlendis við Reykjavík, en láta svo staðar numið. Það er áreiðanlegt, að það er alveg nóg verkefni fyrir þetta fé fyrstu árin á þessum tveim stöðum.

Mér finnst vera farið að misnota þetta, þegar farið er að verja þessu fé eins og t. d. til Steingrímsfjarðarheiðar, sem að vísu gerir þar sitt gagn, eins og maður getur sagt um alla vegi, en liggur mjög utan við þá leið, sem allur almenningur í landinu notar. Mér hefði fundizt, alveg eins og frsm. sagði, eðlilegast að skipta þessu eftir tveim sjónarmiðum. Annarsvegar að leggja féð í þær brautir, sem mest af þjóðinni notar, og það er vafalaust brautin norður í land. En hinsvegar að taka nokkurt tillit til, hvar mest af benzínskattinum er borgað, og verja því aftur á móti til malbikunar og gera sem fullkomnastan bílveginn, sem er næstur þeim stöðum, þar sem aðalfjöldinn af bifreiðum nú er. Ef á að fara að búta þetta niður á hina og aðra staði, því þá ekki að bítast um hann í fjvn. eins og annað?

Ég verð að segja, að það er ákaflega leiðinlegt, þetta einkennilega þolleysi, sem alstaðar kemur fram. Það er ómögulegt að taka fyrir neinn hlut og ljúka við hann. Það þurfa alltaf að koma inn endalausar undantekningar og hringl fram og aftur, svo að allt lendir í gagnsleysu. Mér skildist á frsm. n., að hann vildi taka þetta til athugunar til 3. umr. Og það er nauðsynlegt, að n. komi sér niður á einhverja fasta stefnu í þessu. Það er bæði tjón fyrir bíla og óþægindi fyrir vegfarendur, ef vegirnir eru meira og minna torsóttir og samsvara ekki þeim kröfum, sem þarf að gera til þeirra.

Um hinar smærri till. er, eins og hv. frsm. sagði, ákaflega mikill vafi á, hvað það er, sem taka á upp um undanþágur og þesskonar, og hirði ég ekki að telja upp einstaka hluti, þó að mér fyndist eðlilegast að losa þá þarna burt.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil ekki ræða neitt almennt um málið, en kvaddi mér einvörðungu hljóðs vegna þeirra brtt., sem liggja fyrir á þskj. 213, og sérstaklega ákvæði frv. um vegafé í 4. gr. Menn kannast við það hér í d., að þó að þarna sé að finna ákvæði, um notkun benzínskattsins til vega, þá er þetta nú skoðað sem einskonar hluti af fjárl. og fjárveiting til þessara vega, og hlýtur að blandast mjög inn í ákvörðun fjvn. um fjárveitingar til annara vega, og er þess vegna ekki svo gott að slita ákvæðið um benzínskattinn úr samhengi frá störfum fjvn.

Ég vildi mælast til þess, þar sem fjárl. liggja nú fyrir til 2. umr. í Sameinuðu þingi, og fjvn. af þeim ástæðum heldur ekki verulega fundi — geri ég ráð fyrir —, meðan á því stendur, þá vil ég mælast til, að þeir, sem till. fluttu, vildu taka þær aftur til 3. umr. Þá gæfist fjvn. kostur að taka þær til athugunar. Vona ég, að hv. flm. geri það. Fer ég því ekki inn á efni till.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla nú að snúa mér aðeins að einni gr. þessa frv., 4. gr. Ég get tekið það fram strax, að mér þótti nm. tala viturlega um málið og sanngjarnlega, og virtist þeir vilja beina benzínskattinum inn á réttlátari leið en áður hefir verið. Og ég er sammála frsm. um það, að benzínskatturinn eigi ekki að vera til togstreitu hér og þar úti um land til nýrra vega, heldur eingöngu til viðhalds á vegum, því að það eru bílarnir, sem borga þennan skatt, og það eru þeir, sem skemma mest vegina. Ég er líka sammála þeim nm., sem hér hafa talað, að það sé ekki rétt að vera að úthluta þessu í tvennu lagi. Þetta er mjög óþægilegt og veldur meira og minna ósamræmi, væri alveg sjálfsagt, að þetta lægi allt í valdi fjvn. Tilmæli þeirra hæstv. fjmrh. og hv. frsm. um það að taka till. mína aftur til 3. umr. skal ég fúslega taka til greina. Ég heyrði, að það á að taka þessa gr. til athugunar, og það er a. m. k. hugur hjá nm. að beina þessu fé inn á viðfelldnari brautir. Ég verð að segja það hér áður, af því, sem fram hefir komið, að þegar á að fara að setja tugi þúsunda út á annnes og fáfarnar heiðar, þá má þó ekki minna vera en að fyrir liggi, hvort rétt sé að setja þessar brautir, sem fara á að leggja.

Það hefir verið lesið upp efni úr fundargerð frá Austur-Barðstrendingum, þar sem þeir telja, að meginleið vestur um land eigi að vera um Þorskafjarðarheiði, og þá á hún að ganga fyrir Steingrímsfjarðarheiði um benzínskattinn. Frá þessari togstreitu, hvar leiðin eigi að liggja, er ekki búið að ganga rækilega, og finnst mér varla koma til greina að fara að verja stórfé í aðra leiðina. En þar sem ég hefi tekið till. mínar aftur, þá ætla ég ekki að fara lengra út í atriði, sem í henni felast. Ég vænti, að hv. nm. haldi þeirri stefnu, sem ég gat um áðan, eins og þeir hafa tekið hana upp.

*Bjarni Snæbjörnsson: Það var ekki meiningin að gera frv. í heild að umræðuefni. Það var svo mikið talað um það á síðasta þingi, og gerði ég þá, eins og ýmsir aðrir, grein fyrir mínu atkv. og hvernig ég hefði litið á það frv. Ég kvaddi mér hljóðs vegna brtt. á þskj. 199. Ég vildi gjarnan fá hjá frsm. n. betur skýrt, hvernig hann hugsaði sér að koma þessu í framkvæmd.

Eins og l. voru úr garði gerð á síðasta þingi, var ætlazt til þess, að nokkur hluti almenna tekjuaukans, sem við þetta skapazt, sem frv. fer fram á, væri notaður til þess að kaupa fyrir hann nýtízku togara. Nú er það vitanlegt, að ekki geta allir kaupstaðir á landinu, sem aðallega stunda sjávarútveg, tekið þátt í að kaupa einn nýtízku togara, né heldur þó að þeir væru keyptir jafnvel tveir. Ef þess vegna þessi tekjuaukning yrði hjá bæjarfélögum, hvort sem það væri Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar, Ísafjörður, Siglufjörður eða Akureyri, þá ætti þessi tekjuauki þessara bæjarfélaga að verða til þess að styrkja menn annarsstaðar, t. d. í Reykjavík, til þess að gerast kaupendur að þessum togara eða togurum. En viðkomandi bæjarfélög, sem hefðu greitt þetta gjald í fiskimálasjóð, fengju engin fríðindi vegna þess gjalds þeirra, og misstu þar með tekjur þær, sem þau höfðu áður haft. Mér finnst, að ef ætti að fara að taka nokkurn hluta af þessum tekjum, til þess að láta hann renna yfirleitt til að hjálpa sjálfsbjargarviðleitni manna, eins og hv. frsm. minntist á, til þess að gerast eigendur að fiskiskip-

um, þá væri það ólíkt skynsamlegri og réttari leið, að þetta gjald væri þá t. d. sett í sérstakan sjóð, innan viðkomandi bæjar- og sýslusjóða, þar sem gjaldið væri greitt, sem hjálpuðu svo sjómönnum og verkamönnum til þess að gerast eigendur að fiskiskipum almennt. Til upplýsinga skal ég geta þess, að t. d. í Hafnarfirði eru töluvert háværar raddir uppi meðal bæjarbúa, verkamanna og sjómanna, um að þeir vilji leggja í mótorbátakaup. Og undanfarin ár hafa komið ekki svo fáir menn og beðið um ábyrgð bæjarsjóðs til mótorbátakaupa. Hefir bæjarstjórn ekki séð sér fært að neita þessum tilmælum og oft og tíðum ákveðið, að bærinn gengi í ábyrgð *til slíkra kaupa*, og lagt fram meira og minna fé til slíkra bátakaupa, án þess í sjálfu sér að hún væri þess megnug að standast það. Nú væri það ólíkt betri aðstaða, við skulum segja t. d. fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, ef hún hefði sérstakan sjóð *sem hún gæti gripið til* og menn gætu fengið lán úr til slíkra bátakaupa, og að það væri ekki bundið við togarakaup, heldur kaup á fiskiskipum almennt, hvort sem það væru mótorbátar eða trillubátar eða önnur fiskiskip. Og þá kæmi þessi hjálparstarfsemi við sjávarútveginn miklu léttar niður fyrir bæjarsjóði og sýslusjóði, ef þessu væri þannig hagað.

Það, sem aðallega kom mér til þess að standa upp, er, að ég vil fá nánari skýringar á því, hvort það er meiningin, að þessi tekjuaukning, sem yrði í viðkomandi bæjum utan Reykjavíkur, skuli renna til þess að hjálpa mönnum í öðru eða öðrum bæjarfélögum en þeim, sem gjaldið greiða, til þess að kaupa togara, og til þess að gera tillögu um það, hvort ekki væri skynsamlegra að fara þá leið, sem ég benti á. Og ef hv. frsm. virtist svo, að mín till. um þetta væri á rökum byggð, vildi ég beina því til hans, *hvort hann vildi þá ekki láta till. koma* til atkv. við þessa umr., svo að hægt væri að athuga þetta nánar. Manni hefir eiginlega ekki unnizt tími nú, síðan þessi till. kom fram fyrir þrem dögum, til þess að athuga hana nærri því nógu vel.

Jóhann Jósefsson: Ég tók eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., þegar hann talaði hér um þetta mál, að hann fór fram á það við mig og annan þm., hv. 6. landsk., að við tækjum okkar brtt. aftur til 3. umr. Skal ég fyrir mitt leyti ekki setja mig neitt upp á móti því. En hinsvegar get ég ekki annað en minnzt þess, að þessi sama aðferð var viðhöfð í fyrra, þegar ég flutti samskonar till., og hún var svo strádrepin á sínum tíma. Ég get þess í þessu sambandi til athugunar fyrir hv. n., að þegar benzínskatturinn var settur á, var hann fóðraður með því klæði fyrir þá, sem fyrir honum urðu, að það ætti að verja honum til vegabóta þegar í stað. Í öðru lagi vil ég benda hv. n. á það, að Vestmannaeyjar greiða af sínum 50 til 60 bílum í þennan aukaskatt, þ. e. a. s. 8 aura hækkunina, milli 5 og 6 þús. kr. Og krafan um, að þær fái að njóta þeirrar upphæðar til þess að bæta sína eigin vegi, sem hér er framsett, er því á fullkomlega réttum rökum byggð. Ég vonast til þess, að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið það í hug að eyðileggja þetta réttlætismál fyrir Vestmannaeyingum og að það liggi ekki til grundvallar fyrir því, að hann vill láta taka aftur till. mína til 3. umr. Ég skýt því til hv. fjhn., að þessi sérstaka till. styðst við svo góð rök, sem sjálf ríkisstj. hefir lagt upp í hendur þeirra, sem eiga að borga þennan skatt, að það er ekki með nokkurri sanngirni hægt að halda fram, að rétt sé að skattleggja bifreiðaeigendur í Vestmannaeyjum til þess fyrir þann skatt að bæta vegina hér á meginlandinu. Hitt er miklu nær, að sá hluti af þessum skatti, sem Vestmannaeyingar greiða, fari til þess að bæta þá vegi, *sem þessar bifreiðar Vestmannaeyinga* renna á. — Ég verð við þessum tilmælum um að taka þessa till. aftur nú, en ég mun halda henni til streitu á þeim öðrum vettvangi, er opnast kann til þess að koma henni að. Og ég vil sérstaklega fara þess á leit við hv. n., að hún líti á þær ástæður, sem hér liggja fyrir um þessa till.

Svo eru till. sjálfrar fjhn., sem ég vildi aðeins drepa á. Það gengu allmörg ár í það fyrir hv. stjórnarflokkum hér á Alþ. að finna ráð við því, að tekjulindir bæjar- og sveitarfélaga fóru síþverrandi, en kröfurnar um fjárframlög af hendi þessara aðilja fóru sívaxandi. Og stjórnarflokkarnir munu ekki geta — og kannske ekki heldur Alþ. í heild sinni — talið sig undan því að hafa átt stóran þátt í því að auka byrðar sveitarfélaganna og bæjarfélaganna á undanförnum árum. Svo að það væri engum aðilja skyldara en Alþ. að bæta úr erfiðleikum bæjar- og sveitarfélaga um tekjuöflun. En þetta hefir gengið allböngulega fyrir hv. stjórnarflokkum, sem eru meiri hl. Alþ. Það var sett í þetta mál milliþn., sem kom með till., allar á víð og dreif, þannig að í sjálfu sér var ekki hægt að segja, að *neinn jákvæður árangur* yrði af starfi þeirrar n. Hinsegar var þar haldið fram ýmsum till. í þessu máli. Og það, sem yfirleitt verður fangaráðið hjá hv. stjórnarflokkum, er að leggja á svokallaðan hátekjuskatt og leggja nýjan skatt og toll á innfluttar vörur, sem þeir svo kalla bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Og hitt ráðið var að heimila bæjar- og sveitarfélögum að leggja nýjan fasteignaskatt á húseignir og lóðir í kaupstöðum. Þetta ráð var upp tekið, og til þessara ráðstafana var vísað í umr. og bent á, að þar væri búið að sjá bæjunum fyrir tekjustofnum. Nú er því ekki að leyna, að ýmsir meðal hv. þm. hafa litið svo á, að þessi lausn, sem stjórnarflokkarnir hafa fundið á málinu, sé ekki í alla staði hin heppilegasta. Að sjálfsögðu mundu aldrei hafa fundizt leiðir, sem af öllum væru taldar hinar heppilegustu. Í sambandi við það *liggur nærri að benda á, eins og gert hefir* verið áður, að nýr fasteignaskattur í bæjum er, hvað innheimtu snertir og það að greiða hann, í sjálfu sér ekkert annað en eins og ný viðbót við útsvörin. Náttúrlega miðar hátekjuskatturinn beint til þess að rýra gjaldþol þeirra manna, sem hann greiða, til þess að greiða útsvör í bæjum. Hér var að nokkru leyti vegið í sama knérunn sem útsvarsgreiðslan er og var,

Ég skal nú ekkert undra mig á því, þó að sjómenn og verkamenn hafi ekki hlaupið til eða verið svo mjög ginnkeyptir af því fyrirheiti, sem síðasta þing gaf um að styrkja togarakaup með 25% framlagi, að þeir hafi farið að taka sína sparipeninga, ef einhverjir eru, til þess að leggja þá á móti, með þeim aðbúnaði, sem þessi útvegur á við að búa hjá núverandi valdhöfum.

Það hafa nú legið hér fyrir þinginu beiðnir frá sjávarútveginum, bæði smáútgerðinni og stórútgerðinni, til stj., rökstuddar beiðnir um að rétta úr ýmsum málum sjávarútvegsins, aðallega með því að létta af sköttum o. fl. En það hefir orðið sáralítil áheyrn, sem útvegurinn hefir fengið hjá ríkisstj. og þingmeirihl. Ég held, að maður geti sagt, að sú áheyrn hafi hingað til verið sama sem núll. En á sama tíma hefir hæstv. ríkisstj. verið að veifa því framan í þá, sem talað hafa um þarfir sjávarútvegsins, að hún sé búin að veita 400 þús. kr. til þess að kaupa nýja togara, og þetta eigi svo að vera léttir fyrir sjávarútveginn. Um leið og þingmeirihluti fæst ekki til að hreyfa hönd né fót til þess að hjálpa þeim útvegi, sem fyrir er, hvorki smáútveginum né stórútveginum, þá er verið að veifa því framan í sjómenn, að það sé verið að veita 400 þús. kr. úr ríkissjóði, og í því sambandi er sagt við sjómenn: Ef þið viljið leggja í togarakaup, þá skulum við gefa ykkur nokkuð í skipunum. — Hvernig skyldu nú sjómenn leggja fram slíkt fé, þegar þeir vita fyrir víst fyrirfram, að það mundi verða tap af þeim rekstri? Það hefir heldur enginn maður komið og leitað eftir að fá þennan styrk, sem l. um fiskimálan. ákveða, að skuli lagður til þessara kaupa á nýjum togurum.

Hv. þm. Hafn. var hér með uppástungu í þessu máli, sem ef endilega á að fara inn á þessa braut, er miklu sanngjarnari en það, sem hér stendur í nál. fjhn. Það er till. um, að þeir bæir, sem alls ekki koma til greina um þá togaraútgerð, sem hér getur verið um að ræða samkv. þessu frv. fiskimálan., geti fengið að leggja það fé, sem hér er um að ræða, í sérstaka sjóði, hvert bæjarfélag hjá sér, sem svo væri varið til þess að styrkja sjómenn og verkamenn þar á hverjum stað fyrir sig til þess að geta eignazt fiskiskip, svo sem mótorbáta og aðra smábáta eða önnur fiskiskip, eða önnur framleiðslutæki. Vitaskuld eiga gjaldþegnarnir í þessum bæjum, þ. e. a. s. þar sem gjaldið er greitt, skýlausan rétt á því að fá að nota þetta gjald á þennan hátt. Öll sanngirni mælir með því. En eftir frv. eiga gjaldþegnarnir í hinum ýmsu kaupstöðum landsins vitanlega að standa undir þessu gjaldi.

Þegar ég hefi verið að baksa við að fá leyfi þingsins til þess fyrir Vestmannaeyjakaupstað að fá að leggja á vörugjjald í Vestmannaeyjum á Vestmannaeyinga sjálfa, til þess að viðhalda bæjarfélaginu, þá hefir sú mótbára komið fram hjá einstökum mönnum, að það væri varhugavert, af því að það kynni að koma niður á öðrum en Vestmannaeyingum sjálfum að standa undir þess gjaldi. Nú er sú mótbára ekki á rökum byggð. En nú hafa menn komið fram með till. um, að önnur bæjarfélög, sem eru áföst við sveitir, fengju að leggja á hjá sér þetta gjald. Og þá hafa risið þær mótbárur upp gegn því, sem ég greindi, að hefðu komið fram viðvíkjandi því að leggja á vörugjald í Vestmannaeyjum. Þetta hefir hv. þingmeirihl. þótt nægileg ástæða til þess að leggjast á móti vörugjaldi í þeim kaupstöðum, þar sem hugsanlegt væri, að einhver lítill hluti vörugjaldsins kæmi á bök annara manna en íbúa sjálfra kaupstaðanna, sem vörugjaldið áttu að fá samkv. till., sem um það voru gerðar. En ég vil nú gera fyrirspurn um það, svona í allri kurteisi, hvað orðið sé nú af þessari viðkvæmni hv. stjórnarflokka fyrir því að láta ekki aðra aðilja greiða gjöld til hjálpar bæjarfélögum í sinni baráttu fyrir lífinu en þá, sem njóta eiga ávaxtanna af þeim gjöldum, þ. e. a. s. þau bæjarfélög, sem gjöldin eiga á einhvern hátt að vera til styrktar. Ég sé ekki þessa viðkvæmni í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir a. m. k., því að hér er lagt til að skattskylda alla landsmenn til ágóða fyrir einhvern hóp sjómanna og verkamanna í einum stað á landinu, sem þá sennilega yrði Reykjavík, til þess að geta hjálpað þeim með því að lána þeim fé til þess að eignast togara. Mér er spurn: Hvað er nú orðið af þessari viðkvæmni manna fyrir því að láta ekki gjöld, einum stað eða stétt til framdráttar, vera borin uppi af öðrum aðilja óskyldum? Mér sýnist, að það prinsip, ef prinsip skyldi kalla, hafi beðið nokkurn hnekki við þessa till. hv. fjhn.

Ég hefi nú látið uppi það álit, að ef á annað borð á að fara að hverfa frá hinum upprunalega tilgangi með jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, þá sé miklu skynsamlegra að hverfa að fyrirkomulagi eins og drepið var á af hv. þm. Hafnf. heldur en að hverfa að þessum till. hv. fjhn.

Annars er það í hæsta máta grátbroslegt, þegar hv. þingmeirihl. og hæstv. ríkisstj., sem hafa sýnt sig einskis megnug um að ráða bót á vandræðum útgerðarinnar og hafa hvorki vit né vilja til að sinna á nokkurn hátt hinum aðkallandi málum útvegsins, málum, sem eru svo aðkallandi, að jafnvel mætustu flokksmenn hv. frsm. fjhn. hafa látið uppi það álit, að ef eins verði haldið áfram og hingað til, sé ekki annað fyrirsjáanlegt en algert hrun þessa atvinnuvegar — það er grátbroslegt, segi ég, þegar þessir menn, sem horfa með köldu blóði á þennan atvinnuveg hrynja, koma nú með till. um að taka háan skatt af landsfólkinu til að lána öðrum mönnum, sem ekki taka þátt í útveginum, svo að þeir komist í sama öngþveitið.

Manni sýnist sem það væri sjálfsagðari leið fyrir hv. þingmeirihl. og hæstv stj. að reyna heldur að hjálpa útgerðinni, sem er á heljarþröm, en að ausa enn af landsfé til þess að koma nýjum mönnum af stað út í nýjan taprekstur á þessu sviði. Og hvað skyldi landið svo vera bættara, þó að hingað kæmi einn eða tveir nýir togarar, ef allir hinir eru reknir með tapi og sjávarútvegurinn í heild í kaldakoli?

Ég geri svo ráð fyrir, að hv. frsm. n. taki til

athugunar tilmæli, sem komu frá hv. þm. Hafnf., um að taka aftur til 3. umr. þessa einkennilegu brtt., sem þeir hafa flutt á þskj. 199, því að það má sannarlega bæta hana mikið, ef endilega á að fara inn á þessar brautir. Má þá m. a. gera hana réttlátari í garð landsmanna.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég þarf í raun-inni ekki mörgu að svara þeim aths., sem hér hafa fram komið.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi sig mótfallinn því að bæta ofan á annað illt, sem frv. fylgdi, að afnema hluta bæjanna af hátekjuskattinum, er þeir hafa haft. Ég skal í því sambandi benda á, að síðan þessi l. voru sett, hafa komið l., sem sett voru á síðasta þingi, um tekjur sveitar- og bæjarfélaga, þar sem þeim er ætlað margfalt meira fé af tekjum ríkissjóðs en sem þessu munar. Viðhorfið er því talsvert ólíkt þegar af þessari ástæðu. Þá er það ekki rétt hjá hv. þm., að svipta eigi bæina þessum tekjum, ef till. meiri hl. n. verður samþ. Bæirnir eru ekki raunverulega sviptir þessum tekjum, þó að bæjarsjóðirnir séu sviptir þeim, því að fé gengur til þess að auka atvinnuna í bæjunum. (**JJós:** Vitleysa!) Ég kem að þessu síðar. Annars er meiri hl. af því, sem hv. þm. Vestm. sagði um þessi mál, ekkert annað en vitleysa.

Hv. þm. kvaðst hafa litla trú á fyrirtækjum, sem væru þannig reist sem hér er ráð fyrir gert. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma. En togaraútgerðin hefir gengið svo vel hingað til, að vel gæti verið biluð trú manna á því fyrirkomulagi, sem ríkt hefir um þann atvinnuveg, og ekki óeðlilegt, þó að mönnum fyndist reynandi að breyta eitthvað til. Ég hefi ekki trú á framtíð þessa atvinnuvegar, nema hugsað sé til þess, að sem flestir, er að honum starfa, hafi þar hagsmuna að gæta og beri jafnframt nokkra áhættu. Það, að verkamenn og sjómenn gera annarsvegar háar kröfur um kaup, en útgerðarmenn standa hinsvegar á móti, þannig að úr verður stöðug togstreita, verkföll og verkbönn — það er ekki vegurinn til að koma þessum atvinnuvegi á réttan kjöl.

Það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ákvarðanir um úthlutun benzínskattsins hlytu að blandast inn í ákvarðanir um fjárl., tel ég rétt. En úr því í frv. stendur þetta um úthlutunina, verð ég að segja, að sú n., sem um frv. fjallar, verður líka að fjalla um þetta ákvæði, því að enda þótt ég sé kominn í fjvn., get ég ekki skoðað hana sem neina yfirnefnd í málum, sem til annara n. er vísað.

Þá er það, sem hv. þm. Hafnf. sagði. Hann taldi það galla á þessum till. fjhn., að svo liti út, sem enginn kaupstaður landsins myndi njóta neins góðs af þessu nema Reykjavík. Hann taldi hina kaupstaðina missa við þetta fríðindi, án þess að fá nokkuð í staðinn. Hv. þm. skaut því til n., hvort ekki væri rétt að þetta fé rynni í sérstakan sjóð í hverju bæjarfélagi til styrktar atvinnuvegunum þar. Ég vil í því sambandi geta þess, að mest af hátekjuskattinum kemur frá Reykjavík. Reykjavík stendur líka verr að vígi en aðrir kaupstaðir, samkv. ákvæðum fátækral., um að fá framlag úr jöfnunarsjóðnum. Þó er sjálfsagt að taka þessa uppástungu hv. þm. til athugunar, og lofa ég því fyrir hönd n. Aftur sé ég ekki ástæðu til, að till. n. komi ekki til atkv. að þessu sinni, því að þó að hún verði samþ. og n. fallist síðan á hans uppástungu, er ekki ómögulegt að breyta frv. í samræmi við hana. En ég tel rétt, að till. fari til atkv., því að þá er úr því skorið, hvort hv. þingdeild vill verja þessu fé til þeirra hluta, sem hér er ráð fyrir gert.

Hv. þm. Vestm. gat um, að hann tæki aftur brtt. sína um tillag af benzínskatti til vegar í Vestmannaeyjum. Hann gat þess líka, að hann hefði áður orðið við samskonar tilmælum, og hefði þó till. hans síðar verið felld. Í tilmælum mínum um, að hann tæki aftur till. sína, lá ekkert fyrirheit um að verða með þessari till. En af því að n. vill taka sínar till. um benzínskattinn aftur til 3. umr., taldi hún sanngjarnt, að aðrir þm. gerðu slíkt hið sama, svo að hægt væri að afgr. málin öll í einu lagi.

Hv. þm. talaði annars langt mál og deildi fast á hæstv. stj., en sá galli var þar á, að hann virtist vera að tala um annað frv. en það, sem hér liggur fyrir, frv., sem hefir ekki komið fram og er ekki nema í hans hugskoti. Hann talaði mikið um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og sagði, að með till. fjhn. ætti að fara að skerða tekjur jöfnunarsjóðs þeirra. Þetta nær engri átt. Hátekjuskatturinn hefir ekki runnið í þennan sjóð, svo að þetta eru staðlausir stafir.

Þá sagði hann, að till. milliþn. þeirrar, sem skipuð var í hitteðfyrra, hafi verið á við og dreif og, að því er mér skildist, tóm vitleysa. Ég tel hinsvegar, að þær till. hafi verið á fullum rökum reistar, og ég man ekki betur en að hv. þm. greiddi sjálfur atkv. með þeim. En annað mál er það, að meiri hl. fékkst ekki fyrir því hjá þinginu, sérstaklega ekki í Nd., að gera þessar till. að l. Og í fyrra var horfið að öðrum ráðum til að koma þessum málum fyrir á sæmilegan hátt.

Annars var einkennilegt að heyra hv. þm. leggja út af því sem einhverjum voða eða jafnvel svívirðu, að hér ætti að fara að skattleggja menn til þess að láta aðra menn hafa fé til útgerðar. Mér hefir nú virzt þessi hv. þm. vera allt eins kröfufrekur og aðrir um stuðning við útgerðina og framlög til annara hluta. Og hvað er gert með allri skattheimtu til fjárveitinga annað en það, að lagður er skattur á vissa borgara landsins, til að framkvæma ákveðin verk eða styðja atvinnuvegi og annað, er þjóðfélaginu þykir rétt að styðja? Því getur þetta ekki verið hin raunverulega ástæða til þess, að hv. þm. er á móti till. n., og ég get fullyrt, að hann hefði ekki einasta viljað styðja þessar skattaálögur til handa útgerðinni, heldur og miklu meiri, ef þetta hefði verið í því formi, sem honum líkaði.

Það má sitt hvað segja um aðbúnað útvegsins, sem hv. þm. talaði um. Það má hafa ill orð um ríkisstj. og flokka þá, er hana styðja, segja, að lítið hafi verið gert gagnlegt o. s. frv., enda sparaði hv. þm. það ekki. En mér sýnist þó ekki

sem starfað hafi verið að öðru meira undanfarið en því, að gera ráðstafanir þessum atvinnuvegi til bjargar. Ég býst við, að þingið geri það í þessum efnum, sem fært þykir fjárhagsins vegna. Annars mætti margt tala um þann hugsunarhátt, sem fram kemur í þessum staðhæfingum hv. þm., þó að ég sleppi því. Ef eitthvað fer aflaga um atvinnurekstur eða á öðrum sviðum, þá á allt að vera sök þings og stj.

Hv. þm. spurði, hvað bæjarfélögin ættu að fá í stað þess, sem þau myndu missa samkv. 1. till. fjhn. Ég hefi áður svarað því, að þau fá aukna möguleika til framleiðslu og atvinnurekstrar.

Ég er óviss um, að meira hefði verið gert í þessum málum, þó að hv. þm. hefði haft aðstöðu til að ráða meiru um þau en verið hefir. Það kom líka fram hjá honum, að honum þótti það ekki helzt athugavert, hversu miklu fé væri varið til útgerðarinnar samkv. þessum till., heldur hitt, til hverra því væri ætlað að fara. Hann kvað það broslegt að verja fé til þeirra, sem tækju ekki virkan þátt í útveginum. Ég tel nú, að sjómenn taki tvímælalaust virkan þátt í útveginum, og í þessu liggur víst aðalskoðanamunurinn. Og, eins og ég sagði, ef hægt væri að koma þessu svo fyrir, að því væri líka nokkur ábyrgð samfara af þeirra hálfu, þá myndi það reynast meira bjargráð en það, sem hv. þm. stakk upp á.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., 12. apríl, var framhaldið 2. umr. um frv.

Forseti (EÁrna): Þar sem lítur út fyrir, að nú sé að verða lokið þeim deildarfundum, sem hægt verður að halda fyrir páska, hefir mér dottið í hug að stinga upp á, hvort ekki væri hægt að láta falla niður frekari umr. við þessa umr. málsins og brtt. þær, sem fyrir liggja, væru teknar aftur til 3. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil f. h. n. taka aftur til 3. umr. þær till., sem hún hefir borið fram, og munu þá jafnframt verða tekin til athugunar milli umr. ýmis atriði þessa máls.

Forseti (EÁrna): Hv. þm. Vestm. hefir kvatt sér hljóðs, og vil ég spyrja hann, hvort hann geti ekki einnig fallizt á að geyma ræðu sína til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því að geyma til 3. umr. það, sem ég hefi að segja um þetta mál. Ég kvaddi mér hljóðs áðan, en ég var búinn að því áður en tilmæli komu fram um að fresta umr. um málið. Ef það er ósk hæstv. forseta að fresta umr. til 3. umr., þá er ég þar ekki maður í milli og skal ekki neitt halda því fram að fá að tala í þessu máli nú, ekki síður fyrir það, að hv. frsm. hefir lýst því yfir, að þær brtt., sem fram eru komnar, verði athugaðar fyrir 3. umr. Allt þetta virðist mér frekar styðja að því, að sátt og samkomulag geti orðið um að geyma frekari umr. til þess tíma.

Magnús Jónsson: Ég vil taka undir þetta sama. Ég hefði náttúrlega orðið að taka til máls, af því að ég er hálfgerður minni hl. í n., en ég get vel gengið inn á að fresta málinu til 3. umr., einnig í þeirri von, að finna mætti einhvern samkomulagsgrundvöll á þeim tíma.

ATKVGR.

Brtt. 24 tekin aftur.

— 199, 213, 224 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9:1 atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þótt það sé slæmt, verð ég að fara fram á það, að málið verði tekið út af dagskrá nú. Fjhn. hefir að vísu haldið einn fund um þetta mál, en þar gat ekki orðið neitt samkomulag að sinni um þau atriði, sem fyrir liggja, og mig langar til að reyna annan fund. En sökum þess að þetta er fyrri deildin, sem frv. þarf að komast gegnum, þyrfti það náttúrlega að fá afgreiðslu héðan á morgun.

Forseti (EÁrna): Ég hefi tekið þetta mál á dagskrá í dag samkv. beiðni fjmrh. En þar sem hv. form. fjhn. gerir ráð fyrir að málið geti aftur komið fyrir á morgun, mun ég taka það af dagskrá að sinni.

Á 52. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 3, 199, 213, 224, 310, 311).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 310 og 311. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir nú á ný tekið þetta mál til athugunar, en ég skal játa, að árangurinn af því er ekki mikill.

N. tók nokkuð til athugunar þær bendingar, sem hv. þm. Hafnf. bar hér fram við 2. umr. málsins, en samkomulag gat þó ekki orðið um það að bera fram brtt. þar að lútandi. Og skal ég geta þess, að a. m. k. hvað mig snertir, þá veldur það mestu um, að þetta frv. er að forminu til aðeins til eins árs. En ef þetta hefði verið frv. um framtíðarlöggjöf, þá hefði ég haft tilhneigingu til þess að setja inn í það ákvæði um, að það fé, sem ætlað er að renna í fiskimálasjóð, yrði notað til hinna einstöku landshluta, en gengi ekki frá ári til árs til sama staðarins. En þessu er ekki hægt að koma við, þar sem lögin að forminu til gilda aðeins til ársins, en ég tel sjálfsagt, að þessa verði gætt, ef lögin verða framlengd, eins og búast má við, frá ári til árs.

Þá hefir n. athugað töluvert úthlutun benzínskattsins og þær till., sem fram hafa komið um það efni. Ég gat þess við 2. umr. málsins, að ég

teldi réttast að taka þessa úthlutun á benzínskattinum út úr frv. og hafa hana eingöngu í fjárl. Ég hreyfði þessu í n., en hún gat ekki á það fallizt. Ennfremur gat ég þess við 2. umr., að ef þetta fengist ekki — að hafa úthlutunina einungis í fjárl. —, þá teldi ég, að hafa ætti tvö sjónarmið í þessum efnum. Í fyrsta lagi það, að úthlutunin gengi til þeirra staða, sem mestur benzíntollur væri greiddur, og í öðru lagi til þeirra vega, sem hafa að einhverju leyti alþjóðlega þýðingu. Og í framhaldi af þessu hefir meiri hl. n. borið hér fram tvær brtt. á þskj. 309, sem að vísu ekki ganga langt í þessu efni, en eru þó um það að verja nokkru fé þangað, sem talsverður benzínskattur er greiddur, án þess að frv. gerði ráð fyrir, að þeir staðir nytu nokkurs af. Þessar brtt. fara í fyrsta lagi fram á það, að veittar verði 3 þús. kr. til vegar í Vestmannaeyjum. Eins og kunnugt er, þá hafa Vestmannaeyingar enga aðstöðu til þess að nota vegakerfi landsins, en greiða þó auðvitað benzínskatt. Þess vegna virðist okkur í meiri hl. n. það vera sanngjarnt, að Vestmannaeyjakaupstaður nyti nokkurs af þessu fé, og hefði það mátt vera meira, en við sáum okkur ekki fært að hafa till. hærri, því að ef farið væri að róta við fjárhæðunum og ætla þeim í aðra staði, er hætt við, að ágreiningur myndi vaxa innan hv. d. og allt komast í öngþveiti.

Hv. þm. Vestm. hefir bent mér á, að þessi 1. liður till. okkar muni ekki vera rétt orðaður, þar sem stendur „til vega út frá Vestmannaeyjakaupstað". Bendir hann á, að alla eyjarnar séu í rauninni Vestmannaeyjakaupstaður. En það vakti fyrir okkur, að ekki yrði þessu fé varið til götulagninga í sjálfum kaupstaðnum, heldur til vegalagninga utan hans, svipað og á sér stað á Akureyri, þar sem fé það, sem þangað er ætlað, á ekki að fara til götulagninga í bænum, heldur til vega út frá honum. En sé þetta ekki rétt orðað, er hægurinn hjá að breyta því með skrifl. brtt.

Þá berum við fram till. um að verja 4000 kr. til Siglufjarðarskarðsvegar. Um þetta er sama máli að gegna og um Vestmannaeyjar. Á Siglufirði er greiddur talsverður benzínskattur, en Siglfirðingar hafa þó ekki enn sem komið er, aðstæður til að nota sér vegakerfi landsins.

Í 3. lagi leggjum við til, að varið sé 3000 kr. til vegalagninga út frá Seyðisfirði. Kann þessi till. frekast að orka tvímælis, því að Seyðisfjörður er óneitanlega í sambandi við vegakerfi landsins, og í 1. er nokkurt fé ætlað til vegagerða austanlands, en þetta er þó borið fram til samkomulags.

Um till. þær aðrar, sem fram hafa komið, þarf ég ekki margt að segja fyrir hönd n. Það liggur í hlutarins eðli, að meiri hl. n. vill ekki láta samþ. till. á þskj. 224, þar sem við höfum tekið upp till. sama efnis, sem að vísu gengur lítið eitt skemmra.

Till. á þskj. 213 er víst tekin aftur, þar sem flm. hennar hefir borið fram aðra till. um sama efni. En brtt. á þskj. 310 og 311 hefir ekki verið útbýtt fyrr en á þessum fundi, svo að n. hefir auðvitað ekki unnizt tími til að taka afstöðu til þeirra.

***Magnús Jónsson:** Áður en ég vík að brtt. á þskj. 210, vil ég minnast á atriði, sem hér er um að ræða, að sá hluti af hátekjuskattinum, sem átti að renna til bæjarsjóðanna, skuli renna til manna, er kynnu að vilja leggja í það að gera út nýtízku togara. Ég taldi eðlilegt, að þetta fé rynni þá fyrst og fremst til togarakaupa á þeim stöðum, þar sem mest af þessu fé er innheimt.

Hv. frsm. gat um, að ekki væri ósanngjarnt, að þetta fé rynni til fleiri staða en eins, smám saman, þó að ekki væri hægt að setja slík atriði, varðandi framtíðina, í þessi bráðabirgðal. En ef þetta verður látið ná fram að ganga, vildi ég mælast til, að féð yrði fyrst látið ganga þangað, þar sem mest af því hefir verið tekið, og vildi ég gjarnan fá yfirlýsingu hv. flm. um, að svo skuli gert.

Hv. frsm. n. taldi eðlilegt, að fé það, sem fengið er með benzínskattinum, gengi fyrst og fremst til þeirra staða, sem greiða mestan skattinn, og ætti honum þá ekki síður að þykja mín till. eðlileg.

Svo að ég víki að brtt. minni á þskj. 310, þá er þar lítil prentvilla. Þar stendur „töluliðurinn", en á að vera „töluliðirnir". Annars vil ég geta þess í sambandi við þessa brtt., að mörgum hv. þm. finnst óeðlilegt að taka þessa skiptingu inn í l. Það var víst til þess að sætta menn við benzíntollshækkunina, að menn áttu að sjá, að hann myndi látinn fara til vega á þeim stöðum, þar sem mest af honum er innheimt. En frá upphafi hefir verið aflægislega frá þessu gengið. Meiningin er að gera þessi ákvæði frv. að hreinni og beinni vitleysu — ég segi hreinni og beinni vitleysu. Það er engin meining í því að taka þessa skiptingu upp í frv., ef þetta á aðeins að vera hliðstætt venjulegu reiptogi um fé til vegalagninga hingað og þangað um landið. Ef slíku heldur áfram, er ekki annað fyrir en að taka þetta alveg burt úr l. Ég hefi þó ekki viljað leggja það til í n., enda þótt ég telji ekki óeðlilegt að taka þetta fé frá og verja því í alveg ákveðnum tilgangi, sem hlýtur að vera tvennur, utan venjulegra vegalagninga í fjárl.: Annarsvegar sá, að malbika vegi þá, sem bifreiðar fara mest um, en hinsvegar að bæta aðalsamgönguleiðir landsins.

Nú er ekki vafi á því, að þeir vegir, sem helzt þarf að malbika, eru tveir, báðir út frá Reykjavík. Annar er vegurinn austur, þar sem svo að segja allar samgönguleiðir sameinast, og hinn er vegurinn til Hafnarfjarðar, mesta umferðabraut á landinu. Og ég hefði svo talið eðlilegt, að undir þennan lið væru teknir vegirnir út frá Akureyri.

Þegar svo er litið á það, hvaða samgönguæðar koma helzt til greina, þá verður fyrst að telja veginn milli Reykjavíkur og Akureyrar. Önnur braut, sem líka er mjög fjölfarin og notuð ef til vill af helmingi þjóðarinnar, er brautin austur til Suðurlandsundirlendisins, eina brautin, sem er svo þýðingarmikil, að þar var um skeið talin ástæða til að leggja járnbraut. Teldi ég vel farið, ef þingið vildi halda sér fast að þessum tveim brautum. Ég hefi þó látið undan með það að hafa Sogsveginn með, því að nú er verið að

ljúka við hann, og er mikil þörf á þeim vegi, ekki sízt vegna ferðamanna á sumrum. En ég álít þó, að þessi upphæð til hans eigi að falla niður jafnskjótt og vegurinn er fær orðinn.

Um aðrar brtt., sem hér eru fram komnar, get ég sagt, að þar er í einu númeri um þarfa vegi að ræða, en þeir eru þó hliðstæðir ótal vegum öðrum, sem fé er veitt til í fjárl., og þeirra pláss er þar. Og þó að fram megi færa sérástæður að því er snertir Siglufjörð og Vestmannaeyjar, vegna benzínskattsins, sem þar er greiddur, mega þeir engan veginn sitja í fyrirrúmi þessum aðalsamgöngubrautum. Þó myndi ég ekki hafa á móti því, að litil fjárhæð rynni til vega á þessum stöðum.

Ég gat ekki fengið einn meðnm. minn inn á þetta, þó að flestum muni hafa fundizt það skynsamlegt. Er eins og hinn gamli Adam sé enn of sterkur í þessum hv. þm., svo að þeir líti meira á það, sem vinsælt er í þeirra héruðum, en hitt, sem er alþjóðarnauðsyn. Þó vildi ég hér með láta það í ljós í till.formi, hvernig ég vil, að þessu fé sé ráðstafað, ef á annað borð á að fara að ráðstafa því með þessum l.

Jóhann Jósefsson: Þegar málið var hér til umr. síðast, gerði ég að umtalsefni nokkur atriði í brtt. hv. n. En ég skal þegar taka það fram, að nokkuð af því, sem ég færði þá fram, virðist hafa verið byggt á misskilningi af minni hálfu, eins og hv. frsm. benti á í ræðu sinni. Þykir mér leitt að mér skuli hafa missýnzt, og viðurkenni ábendingar hv. frsm. sem réttmætar.

En það voru fleiri atriði, sem ég minntist á og standa óhögguð, þrátt fyrir þetta. Hv. frsm. taldi réttmætt að nota hátekjuskattinn á þann hátt, sem hv. n. gerir ráð fyrir í till. sínum. Ég hafði sérstaklega áfellzt þá stefnu að nota fé til að hlaða undir nýja framleiðslu og framleiðslutæki, í stað þess að sinna því verkefni, sem fyrir liggur, að rétta hjálparhönd þeim útvegi, sem fyrir er í landinu. Til merkis um það, að ég fari ekki með staðlausa stafi, er ég ásaka sérstaklega Framsfl. fyrir vanrækslu um mál útvegsins, vil ég vísa til málaleitana útvegsmanna, er þeir hafa lagt fram, bæði á fundum er þeir hafa haldið hér, sumum með ríkisstj., og með erindum og með plöggum, er þeir hafa sent þingi og stj. Allt þetta hefir verið lagt fyrir hæstv. stj. bæði munnlega og skriflega, en hún hefir daufheyrzt við, nema ef skilja á frv. um rannsókn á högum togaraútgerðarinnar þannig, að Framsókn vilji nú gera eitthvað fyrir útveginn.

Hv. frsm. sagði flokk sinn vakandi og sofandi í því að hugsa um málefni útvegsins, og væru því aðfinnslur um það efni óréttmætar. Ég get nú t. d. bent á það, að S. Í. F. hefir skrifað hæstv. stj. annað bréf nýlega og farið þess á leit að fá viðtal við hana út af samþykktum síðasta fundar S. Í. F. En þessu erindi er enn ósvarað, eða svo var, þegar ég kom síðast á skrifstofu sölusambandsins. Ég hygg líka, að formaður S. Í. F. hafi farið þess á leit munnlega að fá að tala við ríkisstj., og hefir því ekki verið sinnt.

Þá er enn eitt dæmi um það, hve vakandi Framsfl. er í þessu máli: frv. um fiskveiðasjóð, sem búið er að ganga gegnum þessa hv. d. og hefir síðan legið 50 daga fyrir hv. Nd. tafið þar af þessum flokki. Þetta frv. miðar að því að létta gjaldabyrði þeirra útvegsmanna, sem taka lán í fiskveiðasjóði. Ég fullyrði, að töf sú, sem orðið hefir á þessu frv. í Nd., er Framsfl. að kenna.

Ég hirði ekki um að telja fleiri atriði til sönnunar tómlæti Framsfl. um þessi mál. En þegar þetta tómlæti er athugað, sýnist það kynlegt, er flokkurinn tekur nú þá stefnu að fara að taka nýjan skattstofn til að búa til nýja útvegsmannatill., en vill ekki sinna málefnum þeirra gömlu.

Hv. frsm. sagði líka, að ég myndi ekki hafa gert meira en Framsfl. í þessum málum. Um það er vitanlega ekki auðvelt að dæma. Ég hefi ekki haft sömu aðstöðu og hæstv. ríkisstj. til að vinna fyrir útgerðina. En ég get þó bent hv. frsm. á, að ég hefi þó unnið það verk til framdráttar sölu á íslenzkum fiski erlendis, sem hv. framsóknarmenn hafa ekki enn getað sýnt fram á, að verið hafi til ógagns. Ég veit ekki til, að hann geti bent á nokkurn flokksmanna sinna, sem unnið hafi útgerðinni meira gagn um útvegun markaða. Ég á við það, er mér tókst fyrir hönd fyrrv. stj. að útvega togurunum markað í Þýzkalandi fyrir 1½ millj. kr. árlega. Hinsvegar hefi ég barizt hér á þinginu fyrir ýmsum málefnum útvegsins, eins og hv. frsm. er kunnugt um, t. d. efling fiskveiðasjóðs og öðru sliku, þannig að ég hefi sýnt fullan lit á því að vilja verða útveginum að gagni. Hitt er annað mál, hvort mér hefir alltaf tekizt að fara hina réttustu leið í þessum efnum; um það er ég ekki dómbær. Og hér kemur líka annað til greina, að ég hefi ekki alltaf megnað, vegna aðstöðu minnar hérna á þinginu, að koma ýmsu því fram, sem ég hefði mjög gjarnan viljað.

Ég skal svo láta útrætt um viðskipti okkar hv. frsm. um það, hvað ég hefi viljað gera fyrir útveginn og hvað aðrir hafa viljað gera.

Þá ætla ég að víkja að till. um benzínskattinn. Ég sé, að n. hefir tekið til greina að nokkru leyti mínar óskir í þessum efnum, og er ég henni þakklátur fyrir það, þótt ég hefði gjarnan kosið, að hún hefði ekki skorið svo við neglur sér tillag það, sem Vestmannaeyjar eiga að fá af benzínskattinum. Þó mun ég ekki gera það að neinu deiluefni, því að ég veit, að n. hefir átt við ramman reip að draga. Og það er ekkert aðalatriði fyrir mér, hvort þetta tillag er einu þúsundinu meira eða minna, heldur hitt, að með þessu er fengin viðurkenning á því, að Vestmannaeyjar eiga rétt á hluta af þessari skatthækkun á benzíni, eins og aðrir aðiljar, sem þar hafa komið til greina. En vegna þess að í till. n. er þetta orðað þannig, eins og hv. frsm. minntá, að þessu skuli varið til vega út frá Vestmannacyjakaupstað, tel ég rétt, að því verði breytt á þá lund, að féð skuli renna til vega í Vestmannaeyjum. Í l. er það þannig, að kaupstaðurinn nær yfir allt landið í Vestmannaeyjum, og þess vegna kynni einhver að hártoga það orðalag, sem er í brtt. n. En ég viðurkenni réttmæti þess, sem hv. frsm. sagði, að þeir ætluðust til þess, að fénu yrði aðallega varið til vega

út frá kaupstaðnum, en ekki til sjálfra bæjarveganna í þrengstu merkingu.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. á orðalaginu í brtt. n. og vona, að hún sé borin fram með fullu samþykki n.

Forseti (SÁÓ): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Vestm. við brtt. á þskj. 309, tölul. 1. stafl. h. „Til vega í Vestmannaeyjum 3000 kr".

Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því leyfi d. til þess að hún geti komið til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 322) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal þegar í upphafi máls míns taka það fram, að ég tek aftur brtt. mína á þskj. 213, en mun hinsvegar halda fram brtt. á þskj. 311.

Ég mun aðallega snúa mér að 4. gr. frv., eins og áður, og verð að segja það, að ég tel mjög illa farið, hvernig þessari gr. er fyrir komið. Vegamál ríkisins eiga samkv. gr. að vera í höndum þriggja þingn., sem toga hver á móti annari og verður þar af leiðandi minna úr verki en skyldi. Þessar n. eru fjvn., sem aðallega skiptir fénu til veganna í landinu, og svo fjhn. Ed. og Nd., sem líka eiga að skipa fyrir um veitingu vegafjárins. Þetta fyrirkomulag er mjög óheppilegt, og hefði átt að vera ákvæði um það í gr., að fjvn. skyldi skipta þessu fé.

Ef það er ætlunin að fara að hækka einhverja þá skatta, er það benzínskatturinn, sem ég ætti erfiðast með að standa á móti að yrði hækkaður, en þó á þann hátt, að nálega öllum skattinum væri varið til viðhalds á vegum landsins. Það er sú skatthækkun, sem ég hugsa, að væri réttmætust, eins og nú er komið, og mætti minnstri andstöðu, því eftir því sem meira verður borgað í skatt þennan, eftir því verður vegunum betur haldið við og slitið minna á bifreiðunum. Einnig næðist með þessu meira jafnvægi í fjárl., því þá þyrfti ekki að verja nema litlu og kannske engu öðru fé til vegaviðhalds. En eigi að haga þessu þannig, að fénu verði skipt upp af sérstakri n. í sérstaka og lítt þarfa nývegi, þá getur ekki komið til mála, að ég styðji þessa skatthækkun.

Hvað brtt. mínar snertir, þá býst ég ekki við því, að ég verði neitt óskabarn þessarar n. Hún hefir eins og fyrr hundsað þessar till. og telur heppilegra að dreifa fénu út um andnes og heiðar, og ef ég á að taka frv. eftir orðunum, þá á að byrja á vegalagningu frá Vestmannaeyjum til lands, og hugsa ég, að það þurfi allháa kanta á þeim vegi. Sumir af heiðavegunum, sem fjárins njóta, eru ekki færir nema 2—3 mán. að sumrinu, en svo fá aðrir hlutar landsins, eins og t. d. Snæfellsnes, engan eyri til vegagerða.

Í frv. er gert ráð fyrir, að lagðar verði 12000 kr. til Steingrímsfjarðarheiðarvegar, sem er sérstaklega fáfarinn. Ég hefði viljað breyta þessu þannig, að í stað 12000 yrðu sett 6000 og svo væri hinum helmingnum varið til Vesturlandsvegar. Og því aðeins er hægt að komast að þessari umtöluðu heiði, að Vesturlandsvegurinn sé fær fyrir bíla. Það hefir oft verið slett einhverri fjárupphæð til vega í hinu og þessu kjördæminu, án þess að samfellt vegakerfi hafi fengizt, og hefir það jafnan verr farið.

Hvað viðvíkur till. minni um Stykkishólmsveginn, vil ég taka það fram, að kauptúnið hefir mikla bílaútgerð, en Kerlingarskarð er mjög illfært bílum, og það jafnvel á sumrin.

Ég hefi vonazt eftir því, að önnurhvor þessara till. minna yrði nú tekin til greina, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að d. sé svo einsýn á þessa hluti, að hún felli þær. Ef á að bera saman Stykkishólm og Seyðisfjörð, þá mun ekki vera minni bílaútgerð í Stykkishólmi, en Seyðfirðingar hafa þegar fengið akfæran veg yfir Fjarðarheiði niður í kaupstaðinn. Annars þýðir víst ekki að fjölyrða um þetta frekar. Hér sitja menn ekki til að sannfærast, a. m. k. ekki í þessu máli.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það eru aðeins örfá orð út af þeirri fyrirspurn, sem ég beindi til n. við 2. umr. málsins. Mig langar til að fá það enn skýrar fram hjá n., hvað hún meinar með þessari till. sinni. Mér finnst það ekki hafa komið nógu greinilega fram hjá hv. frsm. Eins og ég drap á við 2. umr., ætla ég ekki að gera að umtalsefni þá till., sem kom fram á síðasta þingi um viðreisn sjávarútvegsins; hún hefir verið svo mikið rædd áður. En frá mínum bæjardyrum séð var sú till. vanhugsuð, eins og kom fram þá. Vitanlega átti að endurreisa sjávarútveginn á þann hátt, eins og sjálfstæðismenn réttilega bentu á, að gera þeim mönnum, sem stunda útgerð nú og mesta reynslu hafa í þessum efnum, kleift að standast þau áföll, sem nú steðja að, svo að þeir gætu sjálfir endurnýjað flotann. En þegar þetta bætist við, get ég ekki annað séð, þrátt fyrir bezta vilja, en þessi till. verði að einskonar vanskapnaði með þessu áframhaldi.

Samkv. till. áttu 15% að greiðast af væntanlegum hluthöfum, en 25% átti að gefa. Nú er ætlazt til þess, að helmingur þess skattauka, sem myndast við þessa 15% álagningu á 6000 kr. skattskyldar tekjur, renni til fiskimálasjóðs, og sé honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem vilja gerast hluthafar í togurunum, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, og á það að vera gegn tryggingu, sem fiskimálanefnd tekur gilda. Nú er spurningin: hefir meiri hl. n. gert sér ljóst, hvaða trygging ætti að koma til greina? Sé um eignalausa menn að ræða, skilst mér, að ekki sé hægt að fá greiðslu á annan hátt en þann, að tekið sé af kaupi þeirra. Og ef þetta er ekki hægt á annan hátt, liggur í hlutarins eðli, að það er jafnhægt fyrir þessa menn að fá lán upp á mánaðarlega afborgun af kaupi þeirra hjá einhverri lánsstofnun eins og að fá lán hjá fiskimálasjóði upp á sömu tryggingu. Sé hinsvegar ekki um eignalausan mann að ræða, getur hann boðið aðra tryggingu en einhvern hluta af kaupi sínu. Mér finnst því algerður óþarfi

að fara þessa leið. Það má einu gilda, hvort maður fær lán hjá einhverri lánsstofnun, sem sennilega myndu fúsar til að lána, þegar hlutaðeigandi væri í fastri atvinnu, eða hjá fiskimálasjóði. Það getur verið, að n. hugsi sér aðra tryggingu en þessa, og þætti mér þá fróðlegt að vita, hver hún væri.

Svo er annað atriði, sem ég minntist á, og það er, hvort það eigi að skattleggja önnur sveitar- og bæjarfélög til þess að hjálpa vel stæðum bæjarfélögum eða mönnum þar til að leggja í þessa togara. Segjum t. d., að þær tekjur, sem hingað til hafa runnið til Vestmannaeyja, Ísafjarðar, Akureyrar, Siglufjarðar og Hafnarfjarðar, rynnu nú til þess að hjálpa Reykjavík til að kaupa togara. Þrátt fyrir það, að hv. frsm. minntist á, að þetta væri aðeins til eins árs, er ranglætið það sama. Það má segja, að það sé ekki mikil fúlga, sem kemur frá þessum bæjum, en þeir eru fátækir og þá munar um hvað litla upphæð sem er. Það eru nokkur þús. kr., sem koma frá Hafnarfirði í slíkan sjóð og þennan, — við skulum segja 3—4 þús. kr. —, en við höfum nóg brúk fyrir þetta fé hjá okkur, og eins er með hina bæina. Ef Reykjavíkurbær leggur fram fé í þennan sjóð, þá á hann siðferðislegan rétt til þess að fá þá tvo togara, sem um er að ræða. En verði engin breyt. gerð á þessum l., þá hafa allir kaupstaðirnir sama rétt til að ná í skipin, jafnt Hafnfirðingar og Reykvíkingar, og veltur allt á því, hverjir verða fyrstir til að mynda félag um togarana. Segjum sem svo, að það myndaðist á augabragði félag í Hafnarfirði um togara. Þá er spurningin: myndu Hafnfirðinar fá þau kjör, sem þarna eru á boðstólum, á undan Reykvíkingum? Þetta er atriði, sem mig langar til að fá leyst úr, hvort það félag, sem fyrst verður stofnað, á að fá fyrsta togarann. Ef svo er ekki og ef n. álítur, eins og hv. 1. þm. Reykv. virðist gera, að Reykjavík hafi siðferðislegan rétt og ætti að hafa lagalegan rétt til þess að verða þessara ívilnana aðnjótandi, af því að hún leggur mest af mörkum í þennan sjóð, sé ég ekki fram á, að Hafnfirðingar fái hlutdeild í þessum 2 togurum, sem hér er um að ræða. Og þá finnst mér, að bæði Hafnarfjörður og aðrir bæir, sem eins er ástatt með, ættu að mega nota þann skattauka, sem þeir fá, samkv. núgildandi l. Þetta er atriði, sem kom ekki skýrt fram hjá hv. frsm. hvort ætlazt er til þess, að það félag, sem fyrst verður stofnað utan um togara, hvar sem er á landinu, verði þessara hlunninda aðnjótandi, eða hvort það er hinsvegar ætlazt til þess, að sá bær, sem leggur mest af mörkum í þennan sjóð, *gangi fyrir með veitingu úr sjóðnum. Eins og ég* drap á áðan, finnst mér, að það sé jafnhægt fyrir sjómenn og verkamenn að fá lán gegn mánaðarlegri afborgun, sem tekin er af kaupi þeirra, hjá bönkum og sparisjóðum eins og hjá fiskimálasjóði. Þetta fé á að nást inn aftur til fiskimálasjóðs, og það ætti eins að nást inn í viðkomandi banka og sparisjóð.

Mér er kunungt um, að það hafa verið stofnuð í Hafnarfirði bæði hlutafélög og samvinnufélög meðal sjómanna, sem vinna á togurum. Og þessi félög hafa fengið lán í bönkum og sparisjóðum, sem greidd hafa verið smátt og smátt af kaupi félagsmanna. Þetta hefir gengið ágætlega, að því er ég bezt veit. Og vitanlega myndi mönnum ekki frekar verða neitað um slík lán nú, og það til að kaupa nýja togara.

Mér finnst ég ekki geta greitt atkv. í þessu máli, fyr en ég fæ úr því skorið, hvernig meiri hl. n. ætlar að haga þessu með væntanleg togarafélög.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það voru svo háværar samræður hér í næsta herbergi, þegar hv. 1. þm. Reykv. var að tala, að ég heyrði ekki vel til hans, en mér heyrðist þó, að hann væri að ræða um svipað efni eins og hv. þm. Hafnf., og mun ég geyma mér að minnast á það, þangað til ég minnist á ræðu hv. þm. Hafnf. (**MJ:** Ég vildi bara fá yfirlýsingu um það, hvort ekki væri ætlazt til þess, að þetta fé gengi fyrst til þeirra staða, þar sem hátekjuskatturinn nær eingöngu er greiddur).

Hv. þm. Vestm. rifjaði hér nokkuð upp umr. þær, sem fóru fram við 2. umr. þessa máls. Hann taldi, að það væri mjög röng stefna, sem fram kæmi í þessu frv., að fara að verja þessu fé til nýrra framleiðslutækja, í stað þess að styðja þann útveg, sem fyrir væri í landinu.

Ég verð að halda því fram, alveg hiklaust, að það hafi nokkuð verið gert til þess að styðja þann útveg, sem nú er til í landinu, með þeim ráðstöfunum, sem síðasta þing gerði og ég ætla ekki nánar að fara að rekja. En hitt er vitanlegt, að þegar fólkinu fjölgar í landinu árlega um nokkuð á 2. þús. manns og atvinnuleysi er í landinu, þá er það auðvitað nauðsynlegt líka, að styðja ný framleiðslutæki og að sjá um, að þau komi til þess að þetta nýja fólk hafi eitthvert verkefni. Það hefir verið mikið talað um það í ádeilum hv. stjórnarandstæðinga, að stj. hafi ekki tekizt að uppræta atvinnuleysið, en ég held, að í þeim ádeilum hafi ekki verið komið að því, að vitanlega hafa miklu fleiri menn atvinnu í landinu nú en höfðu þegar stj. var mynduð, þó að atvinnuleysi sé til, en það er fólksfjölgunin, sem þar kemur til greina, og þeir nýju menn, sem alltaf koma upp á hverju ári og þarfnast atvinnu.

Hv. þm. Vestm. var að tala um kröfur útvegsmanna, sem ekki hefði verið sinnt. Það er nú svo, að það er vitanlega ekki hægt að sinna öllum upphugsanlegum kröfum, sem fram koma, en ég hygg, að þeim hafi þó verið sinnt eins og eftir atvikum er fært, og að full viðleitni sé til þess, að svo miklu leyti sem stendur í valdi ríkisins, að greiða fyrir þeim svo sem mögulegt er. *Það er náttúrlega alltaf handhægt að tala um* að gerðar hafi verið kröfur og að þeim hafi ekki verið sinnt, en það væri vitanlega ómögulegt að sinna öllu. Ég hefi gert nokkurt yfirlit yfir fjárbeiðnir, sem komið hafa nú til Alþ., og mér skilst, að þó að fjárlfrv. þyki hátt og talað sé um hæstu fjárl., sem nokkru sinni hafi sézt, þá þyrfti fjárlfrv. að þrefaldast, ef fullnægja ætti öllum þeim kröfum, sem gerðar eru.

Hv. þm. var að tala um það— og það er nú ekkert nýtt frá honum og hans flokki —, að framsóknarmenn sýndu mesta tómlæti í öllum útvegsmálum. Ég verð nú að segja, að ég held,

að það megi fullyrða það, að frá ríkisins hálfu hafi ekki verið gert meira til stuðnings útveginum heldur en einmitt á þeim tíma, sem framsóknarmenn hafa verið við völd. Það er alveg rétt, að hv. þm. Vestm. hefir unnið að því að greiða fyrir sölu íslenzkra afurða erlendis, en ég hygg, að það hafi verið að frumkvæði þessarar „vondu framsóknarstjórnar", sem hann gerði það. Það var hún, sem sendi hann út í lönd í þeim erindum. — Ég ætla svo ekki að eyða meiri tíma í þetta. Það má taka upp þessar umr. hvenær sem er, og verða sjálfsagt nóg tækifæri til þess bæði utan þings og innan.

Ég skal svo geta þess, að ég fellst alveg á þá skrifl. brtt., sem hv. þm. Vestm. bar hér fram.

Hv. 6. landsk. ræddi hér um 4. gr. frv. og taldi þeim málum illa fyrir komið, sem 4. gr. fjallar um. Ég er honum alveg sammála um þetta og hefi getið þess fyrr í þessum umr., en ég hefi ekki komizt upp með það, hvorki í n. né annarsstaðar. Það hefir ekki verið tekið í það að koma þessu í það horf, sem ég tel skynsamlegast, sem er það, að þessar tekjur af benzíninu renni í ríkissjóð eins og hverjar aðrar tekjur, en sé svo úthlutað í fjárl. eftir till. fjvn., alveg eins og hverju öðru ríkisfé. En það þótti mér að ræðu hv. 6. landsk., sem var ágæt og sanngjörn í alla staði, hvað fyrri hlutann snerti, að till. hans og síðari hl. ræðu hans kom í bága við það, sem hann tók réttilega fram í fyrri hluta ræðunnar, því að hann vill með till. sínum auka þann glundroða, sem er í úthlutun þessa fjár. Hann var eitthvað að tala um það, að ég vildi láta verja því fé, sem til Vesturlandsins færi, til heiðar, sem eiginlega væri aldrei farin. Ég hefi aldrei talað um þetta. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að n. hefði enga afstöðu tekið til þeirra till., sem útbýtt var nú á þessum fundi, enda hafði hún ekki tíma til þess.

Hv. þm. Hafnf. gerði hér fyrirspurn um það, hvaða tryggingar það væru, sem ætti að setja fyrir lánum til togarakaupa. Því get ég auðvitað ekki svarað. Það er fiskimálanefnd, sem á að meta það, og þetta er ekkert nýtt í l., þó að tekið sé svo til orða, að lána eigi fé gegn tryggingum, sem stj. stofnunar metur gildar; svo mun það vera um byggingar- og landnámssjóð, nýbýlasjóð og alla mögulega sjóði, og það er ómögulegt fyrir frsm. þingnefndar að segja um það fyrirfram, hvaða tryggingar það séu, sem eigi að taka gildar. — Sama máli gegnir reyndar um þær fyrirspurnir hv. þm., sem lutu að því, hverjir ættu að fá þetta fé fyrstir. Ég get vitanlega ekki svarað því, því að samkv. till. okkar meiri hl. n. er það fiskimálanefnd, sem á að ráðstafa þessu fé, en ég get tekið það fram sem mína skoðun, að ef svo fer, að þessi l. verða framlengd óbreytt ár frá ári og ef 1. till. meiri hl. n. verður samþ., þá tel ég ákaflega sanngjarnt og eðlilegt, að þetta fé sé ekki alltaf lánað í sama stað, heldur sé reynt að dreifa því um landið. Hv. þm. spurði um það, hvort það myndi vera fyrsta félagið, sem stofnað yrði, sem ætti að fá framlag úr fiskimálasjóði, hvar sem það væri. Ég get vitanlega ekkert um það sagt. Fiskimálanefnd verður að taka þar allar ástæður til greina og meta þær, en ef t. d. eitt slíkt félag yrði stofnað, og annað félag ekki til, þá þykir mér það ákaflega líklegt, að það verði ekki látið standa í vegi, á hvaða stað þetta félag er; en um þetta get ég ekkert fullyrt. Ég álít, að það ætti að vera óhætt að trúa fiskimálanefnd fyrir þessum ráðstöfunum, alveg eins og stj. ýmsra annara sjóða er trúað til þess að fara með þá, og þó að ég skýrði þessi ákvæði eitthvað nánar en ég hefi gert, þá býst ég við, að hv. þm. væru engu nær, því að vitanlega hafa mín orð ekkert lagagildi á nokkurn hátt.

*Magnús Jónsson: Ég kvaddi mér svo seint hljóðs af því að það var rétt í þessum svifum, sem ég fékk svar við fyrirspurn minni, og þó mjög óákveðið. Mér skilst, að jafnvel tillögumennirnir sjálfir vilji enga yfirlýsingu gefa um það, að sínu leyti einu sinni, að þeim þyki það eðlilegt, að Reykvíkingar gangi fyrir um kaup á fyrsta skipinu, sem keypt verði á þennan hátt, og eins þó að þeir viti, að þessi hátekjuskattur komi svo að segja eingöngu úr Reykjavík, því að það er að eins örlítil upphæð, sem kemur annarsstaðar að.

Ég vildi því, úr því að ekki fæst yfirlýsing um þetta, bera fram skrifl. brtt. í þess átt, að á eftir I. málslið brtt. á þskj. 199, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkv. 5. gr. laga nr. 61 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum er fiskimálanefnd tekur gildar", þar bætist við: og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt.

Ég skal ekki mæla frekar fyrir þessu. Mér finnst það vera svo sjálfsagt, að sjómenn og verkamenn á þeim stað, sem hvorttveggja í senn stendur afarilla að vígi vegna þess hve togaraflotinn hefir gengið saman, og leggur hinsvegar fram svo að segja allt það fé, sem hér á að verja til þess að svona skip komi, sitji fyrir um kaup á fyrsta skipinu, að öðru jöfnu.

Ég vildi svo afhenda hæstv. forseta þessa brtt. og óska eftir, að hann leitaði afbrigða fyrir henni.

Forseti (SÁÓ): Mér hefir borizt svo hljóðandi brtt. við brtt. á þskj. 199: „Við I. Á eftir „fiskimálanefnd tekur gildar" í 1. efnismálslið kemur: Og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 323) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég þarf ekki að vera langorður að þessu sinni. Það voru aðeins eitt eða tvö atriði í ræðu hv. frsm., sem ég hefi dálítið við að athuga. Hann hélt því fram, að ég vildi, að þetta vegafé færi sem mest á einn og sama stað; svo sagði hann, að ég með minum

brtt. vildi auka glundroðann í þessari grein (4. gr.) eins og hún liggur fyrir. Þetta er algerlega rangt hjá honum. Það er ekkert annað, sem ég geri með brtt. mínum, en að reyna að lagfæra og gera réttlátari þau fyrirmæli, sem í greininni eru, skipta jafnara á milli landshlutanna. Þegar á annað borð er farið út í það að skipta, þá á að reyna að sýna réttlæti, en fara ekki á hundavaði yfir hlutina eftir því sem þægilegast er upp á aðstöðu ýmsa pólitíska og þesshættar. Það dugir ekki, og vænti ég, að hv. Alþ. sýni sig ekki bert að slíkum hlutum.

Þá sagði hv. frsm., að ég hefði haldið því fram, að hann vildi verja fé til heiðar á Vesturlandi, og vildi afsaka, að það væri ekki hans vilji; en þá veit ég ekki, hver hans vilji er, þegar hann í nál. leggur til, að þessi stafl. skuli haldast óbreyttur. Með því er það hreint og beint hans vilji, að þessu sé þannig varið, og þýðir ekki fyrir hann að vera að bera á móti því. En ég skil, að hann kæri sig ekki um að láta eigna sér þá till., því að hann býst við, að það verði erfitt að verja hana, og met ég það frekar við hann en hitt. Að hann vill ekki láta sýna það, að hann sé við þá till. mjög riðinn, er honum full vorkunn.

Þó að þessar till. mínar verði samþ., þarf ekki að fella til muna af öðru fé, og ég hygg, að þeir, sem vilja, að kauptúnin úti í landi verði ekki afskipt, vilji a. m. k. styðja þá till., sem er um Stykkishólm, um veginn þangað. Hann á frekar rétt til þess en sá kaupstaður, sem þegar er búinn að fá ágætan veg heim í sjálfan kaupstaðinn, og á ég þar við Seyðisfjörð. Sjá allir sanngirnina í þessu, þar sem bílanotkun er meiri á þessum stað heldur en hinum, Seyðisfirði.

ATKVGR.

Brtt. 213 tekin aftur.
— 323 samþ. með 9:3 atkv.
— 199,I, svo breytt., samþ. með 10:2 atkv.
— 199,II, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 310 felld með 9:5 atkv.
— 224,1 felld með 9:6 atkv.
— 224,2 tekin aftur.
— 311,1 felld með 9:6 atkv.
— 311,2 (fyrri stafl.) felld með 9:6 atkv.
— 311,2 (síðari stafl.) felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, GL.

nei: IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, ErlÞ, HermJ, EÁrna.

BrB. greiddi ekki atkv.

Brtt. 311,3 tekin aftur.
— 322 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 391,1, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 309,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 324).

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, n. 363).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði voru leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Þetta frv. er komið frá Ed., og voru þar gerðar lítils háttar breyt. á því, bætt inn í 4. gr. nokkrum liðum, h., i. og j. Sömuleiðis hefir verið gerð út breyt. í Ed. á 2. gr., um hátekjuskatt, að sá hluti hans, sem átti að renna til bæjarfélaga, fari til fiskimálan. til lánveitinga vegna togarakaupa. Þetta eru þær einu breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed. N. sá ekki ástæðu til að bera fram brtt. við frv. og mælir með, að það verði samþ. Einn nm., hv. þm. G.-K., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara eins og nál. ber með sér, og er fyrirvari hans bundinn við breyt., sem gerð var á frv. í Ed., sem hann telur sig vera andvígan, en hefir hinsvegar ekki borið fram brtt. um það atriði. Hygg ég, að fyrirvari hans þýði meira, að hann vilji ekki telja sig samþ. þessari ráðstöfun, sem gerð hefir verið, heldur en að hann vilji gera tilraun til að fella það niður. Annars mun hann gera grein fyrir sinni afstöðu um það atriði sjálfur.

Forseti (JörB): Ég sé, að einn af fjhnm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann er ekki viðlátinn nú, en mun koma bráðlega. Er því málinu frestað um stundarsakir.

Síðar á fundinum var umr. fram haldið.

***Ólafur Thors:** Ég hefi skrifað undir nál. viðvíkjandi þessu frv. með fyrirvara, og stendur í nál., að fyrirvari minn gildi 2. gr. frv. Það er í raun og veru kunnugt, að við sjálfstæðismenn vorum andvígir þessari lagasetningu og við erum yfirleitt andvígir ýmsum ákvæðum frv., sem lúta að álögum á skattþegnana, en við höfum þó ekki að þessu sinni viljað gera þann fyrri ágreining að miskliðarefni, og þá fyrst og fremst af því, að við viðurkennum, enda þótt við séum á móti þeim skattstofnum sumum hverjum, sem frv. fjallar um, að þá er þess enginn kostur að svipta ríkissjóð neinu af þeim tekjum, sem hann nú hefir, án þess jafnframt að gera till. um nýjar tekjuaflanir honum til handa, úr því vitað er, að þess er enginn kostur að fá fjárl. neitt skorin niður, nema síður sé, eins og reynslan á eftir að sýna, ef til vill, áður en fjárl. fara út úr Alþ.

Ég hefi nú, þrátt fyrir þessa afstöðu Sjálfstfl., látið þennan fyrirvara minn aðeins gilda 2. gr. þ. e. a. s. síðari málsgr. 2. gr. Þar er svo fyrir mælt, að hátekjuskatturinn, eða sá hluti hans, sem runnið hefir til bæjarsjóða og sveitarsjóða, skuli tekinn af þeim, og helmingi þeirra tekna, sem af þeim tekjustofni drýpur, skuli varið til að lána þeim mönnum stofnfé, sem hagnýta vilja þau fríðindi, sem l. nr. 61 frá 30. des. 1937

bjóða þeim mönnum upp á, sem vilja hefjast handa um byggingu og kaup á veiðiskipi, togara með nýtízkuvélum, til að vinna úr því hráefni, sem fellur til við fiskiveiðarnar. Ég hefi ekki getað sætt mig við þetta ákvæði af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég er andvígur því, að svipta þennan sjóð, sem áður hefir haft tekjur af hátekjuskattinum, þeim tekjum. Ég tel það mjög óréttlátt, og þá fyrst og fremst vegna þess, að þegar hátekjuskatturinn var lagður á, þá var mjög gengið á hagsmuni bæjarsjóðanna. Eins og kunnugt er, þá eru útsvörin einn af aðaltekjustofnum bæjarsjóðanna. Það liggur líka í augum uppi að því fastar sem ríkissjóður sverfur að skattborgurum landsins með tekju- og eignarskattinum, því minni verður aðstaða bæjar- og sveitarsjóðanna til að afla tekna með útsvörum. Þetta sjónarmið var viðurkennt af Alþ., þegar þingið, að mig minnir einróma, féllst á þá sveif, að skilja það til fyrir samþ. á hækkun tekju- og eignarskattsins, að helmingurinn af hátekjuskattinum skyldi renna í bæjar- og sveitarsjóði, til þess á þann hátt að bæta þessum sjóðum nokkuð upp þann halla, sem þeir yrðu fyrir vegna lækkunarinnar á tekjuskattinum. Ég er sem sé andvígur því að svipta þessa sjóði þeim tekjum, sem þeir þannig hafa haft.

Ég sé auk þess enga ástæða til þess, að ríkisvaldið bjóði fram önnur og meiri fríðindi þeim til handa, sem vilja kaupa svokölluð nýtízku skip, heldur en þegar er búið að gera með l. nr. 61 frá 30. des. 1937. Þar er fiskimálanefnd heimilað að greiða þeim, sem slíkt skip vilja kaupa, 25% af andvirði skipanna. Það er ætlunin, að tvö slík skip verði keypt, og að þau muni kosta 1500 þús. kr., svo þannig á að greiða um 200 þús. kr. þeim til handa, sem slíkt skip vilja kaupa. Mín skoðun er, að það séu öfugmæli að skattleggja útveg landsmanna, sem nú stendur höllum fæti, til þess að sá sami ríkissjóður, sem lifir af tekjum frá þessum hrörnandi útvegi, skuli geta veitt af því fé, sem hann þannig fær frá einstaklingunum, fjárframlög þeim mönnum, sem ætla sér að kaupa nýja togara. Þessi hugsun er líka órökrétt, þegar þess er gætt, að einu frambærilegu rökin fyrir slíkum styrk af hendi þess opinbera eru, að það eigi að vera arðvænlegra að reka hina nýtízku togara heldur en hina eldri. En með þessum hætti er svo fyrir mælt í l., að þeir, sem höllum fæti standa, skuli inna af hendi greiðslu til þess að þeir geti hlotið sérstök fríðindi, sem betur standa að vigi í lífsbaráttunni. Þetta er nýtt sjónarmið af hendi Alþ., og frá minum bæjardyrum séð ekki það eðlilegt, að hægt sé að fella sig við það. Ég get ekki með neinu móti séð, að það sé eðlilegt til viðbótar þessum fríðindum, að fara enn á ný að bjóða upp á ný fríðindi. En svo sem kunnugt er, þá mæla l. nr. 61 frá 30. des. 1937 svo fyrir, að þeir einir geti orðið aðnjótandi þessara fríðinda um að fá ¼ af kostnaðarverði, sem sjálfir vilji leggja fram 15%—20% af stofnkostnaði. Nú hefir í nokkra mánuði þetta viðhorf blasað við þeim mönnum, sem áhuga hafa fyrir þessu, án þess að nokkur hafi enn viljað hagnýta sér þessi hlunnindi, fyrr en þá ef það væri nú, þegar enn er boðið fram, að sá, sem vilji taka á móti þessari gjöf upp á 200 þús. kr. fyrir það að eignast nýtízku skip, skuli njóta þess að fá 7½ af hundraði að láni, eða í reyndinni gefins, af því fé, sem annars átti að renna í bæjar- og sveitarsjóði.

Ég ætla ekki almennt að setja þetta mál undir smásjána, þó ég geti ekki stillt mig um að benda á, að það er náttúrlega ekki aðalatriðið í þessu sambandi að efla saltfisksveiðarnar nú, þegar allir vita, hversu miklir örðugleikar hvíla á saltfisksveiðunum. Það er ekki aðalatriði í þessu sambandi.

Ég get sjálfsagt látið þessi rök nægja fyrir mínu máli til skilgreiningar á þeim fyrirvara, sem ég hefi gert um fylgi við frv. En ég mun við 3. umr. þessa máls áskilja mér rétt til að bera fram brtt. til leiðréttingar á þessu ákvæði frv., ef ég á annað borð tel von til þess, að slíkar till. nái samþykkt hér í hv. deild. Ég mun bera þær fram með þeim rökum, sem ég tel nægja til þess að skilgreina þann fyrirvara, sem ég hefi gert um fylgi við málið.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason) Út af þessum hugleiðingum hv. þm. G.-K. um það, að ekki sé rétt að veita meiri styrk til endurnýjunar togaraflotans, skal ég segja það, að ekki er veittur meiri styrkur en til þess flota, sem fyrir er. Í 6. gr. þess frv. eru ákvæði um, að ríkisstj. sé heimilt á árinu 1939: A. Að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt. B. Að falla frá innheimtu vörutolls af salti.

Hér er eingöngu að ræða um hjálp til þess togaraflota, sem fyrir er, og jafnframt því er þeir veittur styrkur til efniskaupa. Þær aths., sem hv. þm. G.-K. kom með, hafa ef til vill mikið til síns máls. En þá verður, jafnframt því, að afgr. þáltill. á þá leið, að skipuð verði n. til þess að rannsaka hag og rekstur þeirra togara, sem fyrir eru. Eitthvað slíkt verður að gera til að leiða í ljós, hvort þörf þyki á að styrkja eða bæta hag stórútgerðarinnar, sem fyrir er í landinu. Hinsvegar er það vitað, að þessi hv. þm. hefir lýst því yfir hér á Alþ. allra manna bezt og átakanlegast, hvílík lífsnauðsyn það sé, ef stórútgerðin eigi að geta haldið áfram að endurnýja togaraflotann. Öllum eru kunnar lýsingar þessa hv. þm. á þeim ryðkláfum og manndrápsbollum, sem hann segir, að flest skipin séu orðin, og flestöll þeirra eru orðin háskalega gömul. Ef nauðsynin er talin jafnmikil að endurnýja togaraflotann eins og byggja upp bændabýlin, þá er sjálfsagt, að styrkur verði veittur til þess að byggja skip, sem séu sem allra ódýrust og hentugust í rekstri, því að þau munu borga sig bezt. Það stendur engum nær en útgerðarmönnum sjálfum að leggja áherzlu á þá mestu nauðsyn, sem sé á því að endurnýja togaraflotann, af því að skipin ganga smátt og smátt úr sér.

***Ólafur Thors:** Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl. n., að í þessu sama frv. er nokkuð gert til þess að gera útgerðarmönnum hægra að útvega kol og salt til útgerðarinnar. En sú hjálp er ekki mjög mikils virði, eða a. m. k. ekki eins mikils virði og hv. frsm. meiri hl. byggur, því

að vörutollurinn af kolum er ekki talinn nema meiru en 1400 kr. á hvern togara yfir vertíðina, og salttollurinn er minni, aðeins 500—600 kr. á hvern togara yfir vertíðina. (SvbH: Hefir hann talið allt?) En svo veit ég líka, að þessi hv. frsm. er minnugur þess, að þessar tilslakanir eru bara heimild fyrir ríkisstj., sem ég geri mér þó von um, að verði notuð. Eins og hv. 1. þm. Rang. eflaust man, komast þessar tilslakanir þó ekki til jafns við hinar nýju álögur, sem lagðar voru á útgerðina á hinu sama þingi, og námu 2—6% hækkun á hverri nauðsynjavöru, sem til útgerðar þarf, nema kolum og salti. Allar aðrar vörur eru verðtollaðar, eða verðinu hleypt upp með gjaldeyrishömlunum. En auk þess arna var lagt á þessu þingi 12% álag ofan á alla skatta og tolla, sem á útgerðinni hvíla. Ég er ekki í neinum vafa um það, að enda þótt til viðbótar þessum tilslökunum komi þær tilslakanir, sem gerðar voru á síðasta Alþ., að fella niður útflutningstollinn á saltfiski, muni sú verða raunin á, ef dæmið er gert upp, að þær álögur, sem á útgerðina voru lagðar, verði meiri en það, sem henni var gefið eftir. En af því að hv. frsm. meiri hl. lét í ljós, að hann hefði ekki mjög ósvipað sjónarmið og ég, vil ég taka fram, að það hefir verið venja þingsins að leggja meiri kvaðir á þá menn, sem mjög standa miður að vígi í baráttu atvinnuveganna, en hina, sem betur standa að vígi og taka laun sín á þurru landi. En þá er höfuðröksemdin fyrir því, að það þurfi að fá nýtízku togara, sem sé að slíkir togarar hafi betri aðstöðu til sæmilegrar rekstrarafkomu en hinir eldri. Ég viðurkenni að full þörf er á því að endurnýja togaraflotann, en ég vil nota þetta tækifæri til þess að leiða athygli þessa hv. þm. að því, að það er fullkominn misskilningur, sem oft hefir sézt á prenti í flokksblöðum Framsfl. og í Alþýðubl., að ég hafi lýst því yfir, að togararnir væru ryðkláfar og manndrápsbollar. Ég get, með leyfi hæstv. forseta, lesið upp orðrétt þau ummæli mín, er ég viðhafði á Alþ. 1934 á eldhúsdaginn. Þar segir svo: „Ef til vill sýnir ekkert eins vel eymd og volæði atvinnulífsins eins og það, að nær fullkomin þögn ríkir um þá staðreynd, að árin eru smátt og smátt að breyta fiskiflotanum í ryðkláfa og fúaduggur. Svo hörð er lífsbarátttan, svo örðug glíman við hið lága afurðaverð og sligandi skattpyndingar ríkisvaldsins, að útvegsmenn gefa sér hvorki tíma til þess að líta um öxl eða horfa fram á veginn, en einblína á þann hjallann, sem næstur er, til þess að missa ekki fótanna. Þannig draga þrengingar líðandi stundar athyglina frá þeim voða, sem framundan bíður, þegar útvegsmenn, sjómenn og verkamenn, þegar öll íslenzka þjóðin vaknar til fulls skilnings á þeirri hræðilegu staðreynd, að fiskiskipin eru orðnir mannskaðabollar, ósjófærar fleytur, sem samt verða notaðar af því okkar fátæka þjóð á sér ekki annars úrkosta til lífsframfæris, notaðar þar til þeim smáfækkar, sem líkkistum dugmestu sjómanna heimsins".

Þetta mun verða fyrr eða síðar, ef Alþ. ber aldrei gæfu til þess að létta sköttum af útgerðinni. Útgerðin verður að bera sig, svo að hún geti endurnýjað sig sjálf. Við eigum ekki að endurnýja fiskiflotann á þann hátt, að ríkið gefi fjórða hlutann af andvirði hvers skips og láni þar á ofan 7—8% af kaupverðinu. Við athugun þessa máls hlýtur hv. frsm. meiri hl. að skilja það, að þetta er ekki hugsanlegt í okkar þjóðfélagi. Íslenzka þjóðfélagið getur ekki byggt upp sína framtíð á því, að togaraflotinn standi uppi algerlega ósjálfbjarga og leggist síðan sem ómagi upp á þjóðfélagið, en það gerir hann, ef hann á að baslast áfram með gjöfum af hendi ríkisins. Það, sem hér þarf að gera, er fyrst og fremst, að búa þannig um hnútana, að útgerðarmenn geti verið alveg sjálfbjarga. Það er nauðsynlegt, að þeir menn, sem leggja fyrir sig þann atvinnuveg, verði sjálfbjarga engu síður en aðrir. Einmitt vegna þess, hve þörfin er brýn á að endurnýja togaraflotann, ríður mikið á, að Alþ. geri sér ljóst, hvað það er, sem þarf að gera. Það eru ekki gjafir til einstakra manna til að kaupa nýja togara með framlagi frá ríkinu, sem svarar ⅓ kostnaðar, heldur að létta sköttum af útgerðinni. En viðvíkjandi þessum orðum þm. má segja það, að Alþ. verður að gera sér ljóst, hvað gera þarf. Það er að sjálfsögðu hin mesta nauðsyn að létta slíkum kostnaði af útgerðinni, svo að útgerðarmenn sjái sig ekki dauðadæmda af þeim ástæðum. Fyrsta boðið í viðreisnarmálum sjávarútvegsins er að skapa þeim flota, sem fyrir er, sæmilega rekstrarafkomu.

Einar Olgeirsson: Þó að ekki megi vænta verulegra átaka um þetta frv., vil ég gera grein fyrir afstöðu okkar kommúnista til þess. Við erum á móti frv., að undantekinni 2. gr. þess. Þær tekjur, sem ríkissjóður kann að missa við það, ef þetta verður samþ., verða teknar annarsstaðar frá, og þá líklega með því að hækka tolla á nauðsynjum og álögur, sem á almenningi bitna.

Þó að bæði Alþfl. og Framsfl. hafi það á stefnuskrá sinni að afnema tolla á nauðsynjum almennings, hafa þeir um skeið haldið áfram að hækka stöðugt þessa tolla, og sjá nú ekki aðra fjáröflunarleið. Við kommúnistar höfum lagt fram frumvörp, sem myndu hafa séð fyrir nokkurra millj. kr. tekjum í ríkissjóð, ef samþykki hefði náðst um þau. Auk þess myndu þau sem leiðir til tekjuöflunar hafa haft mjög mikla þjóðfélagslega þýðingu, í stað þess að nú er meira og meira stefnt í þá átt, að byrðarnar komi sem ójafnast niður.

Við kommúnistar erum með 2. gr. þessa frv., um tekjuskattinn, en þar sem við erum á móti frv. í heild sinni, hirði ég ekki um að ræða nánar efni þess.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Út af nokkrum ummælum hv. þm. G.-K. um, að útgerðin ætti ekki að leggjast upp á ríkið, verð ég að segja það, að hann er býsna ósamkvæmur sjálfum sér. Hann telur, að helzta bjargráðið sé að létta sköttum af útgerðinni, og skapa henni þannig sérréttindi í ríkinu. En þá held ég, að hún sé að leggjast upp á ríkið, því að ef hún getur ekki staðið undir sínum hluta af þjóðfélagskostnaðinum, verða aðrir að bera hann fyrir hana, og bera hana þannig uppi. Ég held,

að hv. þm. G.-K. ætti að vara sig á þessu skrafi um að leggjast upp á ríkið, ef hann er sér þess meðvitandi, að annar mesti framleiðsluatvinnuvegur landsmanna geti ekki staðið undir gjöldum tilsvarandi við aðra atvinnuvegi. En ég er sammála þessum hv. þm. um það, að Alþ. verður að gera sér grein fyrir, hvað það er, sem þarf að gera í þessum efnum. Það er einmitt það, sem Alþ. er að reyna með því að samþ. þá þáltill., sem nú liggur fyrir þinginu um að rannsaka hag togaraútgerðarinnar. Það er sú leið, sem ein er fær fyrir Alþ., og hv. þm. G.-K. ætti að hafa svolitið meiri skilning en hann hefir á þeirri ráðstöfun.

Hann heldur, að það sé ekki rétt, að ríkissjóður veiti styrk til kaupa á togurum; það gangi ekki til lengdar að halda þessum atvinnuvegi þannig uppi. Það er rétt, að á hitt ber að líta, að þegar svo er ástatt, sem nú hefir verið um mörg undanfarin ár, að enginn maður hefir reynt til að kaupa skip, þá þarf hið opinbera að skerast í leikinn, til þess að sjá hvort ekki megi með nýtízku skipum fá þennan atvinnuveg til að bera sig. Ef það er hægt, kemur fjármagnið af sjálfu sér og rennur til atvinnuvegarins aftur, þegar menn eru búnir að sjá leiðina. Þessi styrkur réttlætist af því, að hann er veittur til tilrauna, sem enginn útgerðarmaður er fær um að ráðast í af eigin rammleik.

***Ólafur Thors:** Það er ástæðulaust að vera með langar bollaleggingar um þetta mál. Ég vil svara hv. þm. Rang. stuttlega. Það var engin mótsögn hjá mér, þó að ég teldi það enga framtíð fyrir útgerðina, ef hún ætti að leggjast sem ómagi upp á ríkissjóð, og að endurnýjun togaraflotans gæti ekki byggzt á styrk úr ríkissjóði, en hinsvegar taldi ég nauðsynlegt að létta sköttum og kostnaði af þessum atvinnuvegi. Sá veit bezt, hvar skórinn kreppir, sem ber hann á fætinum. Það er mikill munur á því, hvort hver einstakur hlutur, sem þarf til útgerðarinnar, er skattlagður eða ekki.

Skattaléttir er ekki sama sem að leggjast upp á ríkissjóð. En þegar 200 þús. kr. fást með lögum lagðar fram af ríkinu í hvert einstakt skip, sem keypt er, og auk þess lán, þá er það að leggjast upp á ríkið. Ég álít, að ríkið eigi ekki að veita svo mikið fé til þeirra hluta, heldur eigi að hjálpa bæði smábátaeigendum og stórútgerðarmönnum, þannig að þessi atvinnuvegur geti verið sjálfbjarga.

Það er rétt, að Alþ. verður að gera sér ljósa grein fyrir rekstrarafkomu togaraútgerðarinnar. En var þá ekki nauðsyn að gera það, áður en samþ. var að veita 200 þús. kr. ríkisstyrk, og auk þess lán handa hverjum nýjum togara? Ég vildi, að hv. frsm. þessa máls gerði grein fyrir því, hvernig hann vill skýra þetta ósamræmi. Ég hygg, að það sé ekki fullkominn skripaleikur. Hinsvegar er sagt, að hér sé um tilraun að ræða á því, hvernig nýtízku togari muni bera sig. En þá er því til að svara, að hér er til eitt skip, sem hefir allan nýtízku útbúnað og ber sig ekki. Munurinn á arðinum ézt upp að talsverðu leyti við það, að meiri kol þarf til rekstrar þessa skips en annara. En ef reynslan hér á landi er takmörkuð í þessum efnum, þá getum við byggt á reynslu annara þjóða, og ég held, að ekki sé að neinu verulegu leyti útlit fyrir það, að íslenzkum útgerðarmönnum sé hulið, ef þar er um nokkur ný frábrigði að ræða. Séu þau nýmæli arðvænleg, ætti það fljótt að verða til þess, að flest skip, sem útveg stunda, fengju hin nauðsynlegu tæki. Reynsla erlendra þjóða getur ekki hvatt neinn til þess að leggja fé í nýja togara hér við land. Er annars hægt að fá nokkurn skýrari vott um útlitið en þann, að á síðustu 10—15 árum hefir enginn árætt að koma inn á þetta svið, enda þótt menn hafi lagt fram margar milljónir í aðrar framleiðslugreinar, t. d. iðnað. Mér er kunnugt, að það er ekki af fúsum vilja, sem Framsókn hefir samið um þetta mál. Það gekk eingöngu fram vegna þess, að á því stóðu samningar við bandamenn þeirra í Alþfl.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Hv. þm. G.-K. er að spyrja um það, hvort nokkur von sé til þess, að nokkur maður fáist til að leggja peninga í togaraútgerð. Ég held, að svo geti verið. Því að ég held, að togarafélögin séu svo illa stæð, að það sé ekkert orðum aukið, að þau hafi ekki fjármagn og geti ekki heldur fengið lánsfé til þess að gera sjálf tilraunir. Það er annað, þó að fyrirtæki, sem búið er að sýna, að margborga sig, leggi út í kostnað, eins og síldarverksmiðjur til dæmis, sem hafa sýnt sig að vera bjargvættur fyrir útgerðina. Það er annað að veita 8 millj. í það heldur en í kaup á nýjum togurum, sem ég skal alveg játa með hv. þm. G.-K., að er ekki hægt að gera sér of bjartar vonir um. En þetta verður þó að reyna, hvort þetta er ekki leiðin til þess, að þessi útvegur geti lifnað í framtíðinni. Ef ekki er hægt að reka nýtízku skip með breyttu fyrirkomulagi og með þeim tilslökunum, sem búið er að gefa útgerðinni á margan hátt, þá er stórútgerðin hér á landi dauðadæmd, eftir þeim upplýsingum, sem eru til. Þess vegna er vitanlega sjálfsagður hlutur, að gert sé allt, sem hægt er, til að reyna hvort ekki sé hægt að reka togaraútgerð áfram með sæmilegum árangri. Er því fullkomlega réttmætt að styrkja slíka tilraun svo mikið sem hér er gert ráð fyrir.

Um það, sem hv. þm. sagði, að ekki mætti slaka neitt til á tollum við útgerðina nú, þá er búið að upplýsa hér í umr., að það er búið að afnema toll af kolum, salti og olíu, eða svo að segja, og búið að tilkynna, að það komi samsvarandi fríðindi frá bæjarfélaginu til handa útgerðinni, sem sennilega mun koma. Og þar að auki er búið að létta tollum af öllum saltfiski, sem fluttur er út. Ég sé því ekki annað en orðinn sé allmikill skattaléttir til handa þessari útgerð og þeim vörum, sem hún notar og framleiðir. Því að aðalvörurnar, sem útgerðin notar, eru vitanlega kol, salt og olía; og hingað til hefir aðalsöluvaran verið saltfiskur, þó að það sé nú kannske að einhverju breytt.

***Ólafur Thors:** Það má vel vera, að þessi hv. þm. segi það rétt, að togarafélögin sem slík eigi örðuga aðstöðu til að leggja fé í nýja togara.

En svo er fyrir þakkandi, að það eru margir aðrir í þjóðfélaginu, sem eru betur staddir og engin ástæða er til að efast um, að mundu leggja í slík fyrirtæki, ef talið væri arðvænlegt. Það hefir verið keypt til landsins talsvert af öðrum skipum á síðari árum, en enginn togari. Og það legg ég sérstaka áherzlu á, að þessi hv. þm. má ekki ganga út frá því, að um eitthvað óþekkt sé að ræða, einhverjar tilraunir, sem menn geti ekki fyrirfram gert sér hugmynd um, hvernig fari. Hér er allt þekkt. Við getum fyrirfram myndað okkur nokkuð ákveðna skoðun um það, hvernig verði rekstrarafkomuhlutföll milli slíkra skipa og milli annara togara. Og ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ef ekki á að búa betur að útgerðinni en gert er nú, þá mundi ég ekki vilja þiggja þessar 200 þús., sem á að gefa þeim, sem vilja byggja nýja togara. Því að svo mikinn mun geri ég ekki á, hvaða líkur séu fyrir því, að nýtízku togari beri sig betur en hinir, en lít á það hinsvegar sem frumskilyrði, að ríkið búi betur að útveginum en gert hefir verið. Og þó að það sé búið að veita ívilnun um vissan hluta kolatollsins og salttollsins að mestu leyti, þá fer náttúrlega ákaflega fjarri því, að búið sé þar með að létta öllum gjöldum, eða svipað því, af útgerðinni. Þó að búið sé að létta útflutningsgjaldi af saltfiski, þá hvílir á sumum framleiðsluvörum útvegsins hátt útflutningsgjald, er stundum nemur allt að 7—8%, en á öðrum framleiðsluvörum útvegsins hvílir 2—3% útflutningsgjald. Þetta er ákaflega þungur skattur, og það á framleiðsluvörur, sem eru í hærra verði en saltfiskur. Fyrir utan það, ef litið er á hinar ýmsu notaþarfir útvegsins, sem eru margar. Og það eru náttúrlega ekki öll rök fram færð þegar það er sagt, að öll útgerð sé dauðadæmd, ef útvegur nýtizku togara ber sig ekki. Mér er nefnilega ákaflega nærri að halda, að eins og nú er verðlag á framleiðsluvörum annarsvegar og notaþörf útvegsins hinsvegar, og að óbreyttum skattgjöldum og öðrum kvöðum, sem á útgerðina eru lagðar, þá sé eiginlega vonlaust um allan togararekstur hér á landi. En ég er alls ekki á þeirri skoðun, að svo þurfi að vera. Því að ég álít, að það sem á útgerðina er lagt, verði að laga sig eftir gjaldgetu útvegsins. Og ég fullyrði það, að ef togarar borga sig ekki, þá gera vélbátar það ekki heldur. Og ef hvorki togarar né vélbátar bera sig, að óbreyttum kringumstæðum, þá verður þjóðfélagið að breyta kringumstæðunum, því að án þessara skipa getur það ekki lifað.

Að lokum vil ég fullyrða það, sem meginmáli skiptir, að það verða engin sérstök frábrigði frá því, sem er, þó að hingað komi nýtizku togari. Í höfuðatriðunum verður rekstrarafkoman söm eða mjög svipuð og þeirra skipa, sem fyrir eru.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A.324, 383, 391, 399).

*Emil Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð viðvíkjandi brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram við þetta frv., og er hún á þskj. 383.

Það hefir verið gerð sú breyt. á þessum l., að ákveðinn hefir verið styrkur til þess að létta undir með kaupum á nýjum skipum, og er ekkert nema gott eitt um það að segja, en ég tel sjálfsagt, að bæjar- og sveitarfélög séu jafnhátt sett og aðrir um hlunnindi til skipakaupa.

Það er sagt í l. um fiskimálanefnd o. fl., eins og kunnugt er, að þessi hlunnindi séu fyrst og fremst ætluð félagsskap verkamanna, sjómanna og annara til togarakaupa. En ég hefi nokkra ástæðu til að ætla, að það verði litið svo á af þeim, sem þar um ráða, að útgerðarfélögum bæjar- og sveitarfélaga sé ekki ætlað að koma þar inn og hafa þar sama rétt og annar félagsskapur. Ég hefi því flutt brtt., aðallega til þess að ljóst verði, hvort þessi útgerðarfélög eigi að hafa sama rétt og önnur útgerðarfélög eða ekki. Bæjarfélög, sem standa að útgerð, eru fyrst og fremst að eðli til félagsskapur sjómanna og verkamanna, því að það er ekki annarsstaðar, sem útgerð er rekin að nokkru verulegu ráði af hinu opinbera, en þar, sem hún er einmitt rekin til þess að létta undir með sjómönnum og verkamönnum, sem ekki hafa getað fengið sér atvinnu annarsstaðar. Þess vegna er þetta í sjálfu sér ekki annað en útgerð sjómanna og verkamanna í alveg sérstöku formi. Ég tel þess vegna þegar af þessari ástæðu rétt, að útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga verði ekki sett skör lægra en þau útgerðarfélög, sem í l. eru nefnd.

Um aðra brtt. við frv. og um frv. sjálft skal ég ekki ræða. Vona ég, að hv. þd. samþ. þessa brtt. mína, sem eingöngu miðar að því að taka af öll tvímæli um það, sem ég teldi sjálfsagt fyrir löggjafann að lögleiða í þessu efni.

*Ólafur Thors: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. þess efnis, að 2. gr. frv. verði færð í sama horf eins og hún var í þegar frv. kom frá hæstv. ríkisstj. Ég get um rök fyrir þeirri brtt. algerlega vísað til ræðu, sem ég flutti við 2. umr. þessa máls, þar sem ég gerði fullkomna grein fyrir, að slík breyt. á l. er í alla staði eðlileg og miðar að því að vernda rétt þeirra, sem í öndverðu var ætlað að vernda, og án þess að taka í raun og veru nokkurn rétt af nokkrum öðrum. Ég hygg, að það verði eingöngu til þess að hefja hér óþarfa stælur, að ég fari að endurtaka þessi rök nú.

Út af brtt. hv. 7. landsk. vil ég aðeins segja það, að ég hafði skilið l. svo, að þessar bæjarútgerðir gætu vel komið til greina sem styrkþegar samkv. þessum l. eins og sérhvert annað félag. Ég hafði skilið það svo, að forgang til þess að njóta slíkra styrkja ættu félög sjómanna og verkamanna en undir þau orð l. „önnur félög“ féllu bæjarútgerðir og önnur fyrirtæki, sem í landinu eru og kynnu að verða stofnuð um sjávarútgerð. Ég hefði gaman af að heyra, á hverju það væri byggt, að fyrirtæki, sem hann

(hv. 7. landsk.) ber fram brtt. um, geta ekki komið til greina um að fá þennan styrk, ef því er haldið fram, að þau komi þar ekki til greina. En ef skilningur hv. 7. landsk. er réttur á þessu atriði, þá er ég andvígur þeirri brtt., sem hann flytur, því að þá verður hún til þess, ef samþ. verður, að ákveða, að auk verklýðsfélaga og sjómannafélaga komi þá þessi félög ein til greina, bæjar- og sveitarfélög, en ekki önnur félög, sem stofnuð hafa verið eða stofnuð verða í landinu.

*__Pétur Ottesen:__ Ég á hér brtt. á þskj. 399 við þetta frv., við 4. gr. En í henni er ákveðið, hvernig skipta skuli benzínskattinum til vegaframkvæmda í landinu. Er það gert með þeim hætti að taka í þessa gr. hversu miklu fé skuli varið til þeirra vega, sem það nú annars á að renna til. Þó er gert ráð fyrir, að ekki skuli verja öllu þessu fé með þeim hætti, heldur er gert ráð fyrir, að nokkur afgangur verði af fénu. Og þá er gert ráð fyrir, að sá afgangur renni í sjóð, sem varið sé til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940. Ég hefi borið hér fram brtt., sem fer fram á það, að af þeim afgangi, sem hér kann að verða, verði varið allt að 5 þús. kr. til tengibrautarinnar milli Norður- og Suðurlands, eða þess kafla hennar, sem liggur vestan Hafnarfjalls, sunnanvert við svokallaðan Hafnarskóg, eða leiðarinnar milli Hafnarskógs og Skeljabrekku í Andakíl. En þangað liggur upphleyptur vegur í sambandi við þá brú, sem sett var á Andakílsá fyrir þremur árum síðan. Svo hagar til um þennan vegarkafla, að vegurinn spillist mjög, þegar á líður haust, vegna þess hve þar eru niðurgrafnar götur. Og auk þess er nokkur farartálmi að þessum vegi framan af vori, þannig að það er alveg nauðsynlegt til þess að halda opinni þessari leið, að byggja veg þarna á dálitlum kafla. Mundi þessi upphæð, 5. þús. kr., nægja til þess að bæta þarna úr ástandinu einmitt á þeim kaflanum, sem mest torveldar umferðina eins og nú er ástatt. Nú er það svo, að aðalleiðin milli Norður- og Suðurlands, sem haldið er uppi hraðferðum á frá því snemma á vorin og nokkuð langt fram eftir hausti, hún er nú einmitt að leggjast þarna um, þannig að nú hafa bílarnir sína endastöð á Akranesi miklu frekar en í Borgarnesi. Það, sem ráða má af þeim breytingum, sem umferðin hefir tekið á þessari leið á undanförnum árum, og þá sérstaklega á tveimur undanförnum árum, bendir á, að þessi leið leggist um Akranes frekar heldur en að endastöðin verði í Borgarnesi. Og ferðum inn fyrir Hvalfjörð fækkar alltaf þannig, að úr því dregur mjög, að sú leið sé farin. Þess vegna hefi ég lagt til, að þessi breyt. verði gerð, að af þessu fé verði varið allt að 5 þús. kr. til þessa vegar, ef þessi tiltekni afgangur verður, en að svo miklu leyti sem afgangurinn yrði fram yfir þessa upphæð, yrði engin breyt. gerð á ákvæðum frv., heldur yrði þeim hluta afgangsins varið til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940. Á þessari löngu leið frá Akureyri til Reykjavíkur, er ekki gert ráð fyrir að verja til vegalagningar neinu af þessu benzínfé á árinu 1939, nema 40 þús. kr. til Vatnsskarðsvegar. En með tilliti til þess, hve mikið ríður á því, að þessi leið geti verið fær sem allra lengstan hluta ársins, þá virðist mér, að sanngjarnt megi telja að samþ. þessa till. mína. Ég vænti þess því, að hv. þd. geti orðið mér sammála um, að rétt sé að heimila það, að af þessum afgangi benzínfjárins verði fyrst varið 5 þús. kr. til þessa vegar, sem svo mjög er nauðsynlegt að hraða endurbótum á, og sem mjög var á síðasta hausti og hefir verið undanfarin ár kvartað undan, að væri farartálmi á þessari leið.

Þó að þessi brtt. verði samþ., útheimtir það enga breyt. á fjárl., af því að þessi brtt., þó samþ. verði, breytir ekki neinu um þær upphæðir, sem hér er ákveðið, að skuli renna til hvers vegar fyrir sig, af þeim, sem þar eru taldir.

*__Jakob Möller:__ Það var fyrirspurn, sem ég ætlaði að gera. — Ég hafði í raun og veru vænzt þess, að það hefði verið lýst einhverri afstöðu til brtt. hv. 7. landsk. af hálfu hins stjórnarflokksins. Mér skilst nefnilega, að brtt. þessi stefni gersamlega að því sama, sem farið var fram á í frv., sem Alþfl. flutti hér á þingi, og það þing eftir þing, um útgerð ríkis og bæja, en fékk engan byr hjá hinum stjórnarflokknum. Ég hafði nú skilið það svo, að þegar samþ. væri að veita þessi hlunnindi félögum sjómanna og verkamanna og annara, þá væri það ekki meiningin, að það ætti að framkvæma það alveg eins og um væri að ræða útgerð ríkis og bæjarfélaga, sem ekki hafði komizt fram frv. um. Það studdi ef til vill þessa skoðun mína um það ákvæði, sem hér er í þessu frv. um styrk til félaga sjómanna og verkamanna, að af hálfu Framsfl. og ríkisstj., að svo miklu leyti sem Framsfl. skipaði hana, — var lýst mjög eindregið yfir því, að sá flokkur og þeir ráðh., sem hann skipaði, mundu ekki í neinum kringumstæðum vilja fallast á, að lagt væri í opinberan rekstur eins og þar væri um að ræða. En ef þessi brtt. hv. 7. landsk. verður samþ., þá skilst mér, að fallið sé alveg frá þeirri ákvörðun Framsfl. Ég skal ekkert um það segja, hvort það sé svo ákaflega misráðið út af fyrir sig, ef farið er út á slíka braut á annað borð, þó að það sé gert, sem í brtt. felst, því að ég held nú, að þó að stofnað verði til slíkra félaga verkamanna sem hér um ræðir, þar sem lagt sé fram af hlut höfum 7½% af stofnfénu, en ⅓ af ríkisfé og afgangurinn sé svo lánsfé, þá sé það hér um bil óhjákvæmilegt, að það verði svo um þau fyrirtæki, að þau verði rekin af því opinbera, og það sé þá með þessu verið að benda inn á þjóðnýtingarbraut, þó að Alþfl. hafi orðið að fara þessa krókaleið, til þess að koma Framsfl. inn á þessa braut.

Það er rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði, að eftir orðalagi l. er ekkert þar í raun og veru um það, hverjir geti orðið þátttakendur í þessum útgerðarfélögum, þar sem um útgerðarfélög sjómanna og verkamanna er að ræða. Ég hafði skilið l. þannig, að það væri ekki tilgangurinn, að í þeim skyldi vera um að ræða þátttöku annara félaga en verkamanna og sjómanna, en

þar sem bætt er við „og annara“, sé með því átt við, að einnig aðrir en verkamenn og sjómenn geti verið þátttakendur í þeim félögum. Hinsvegar má og vera, að þann skilning megi leggja í þetta orðalag, að einnig sé átt við félög annara manna. En þá er það rétt, sem hv. þm. G.-K. benti á, að ef orðalagið er skilið þannig, þá er það orðið einskis virði um það að takmarka hlunnindin við verkamenn og sjómenn, og gæti þá alveg eins náð til útgerðarfélaga og annara. En af sögu þessa máls hér á þingi virðist mér, að það eitt væri þó í þessu útilokað, að bæjarfélög gætu orðið aðnjótandi styrksins. Því að fram á slíkt hafði verið farið, en það náði ekki fram að ganga; og var yfirlýst andstaða Framsfl. gegn frv. um það, og yfirleitt gegn útgerð bæjarfélaga. Það er tilgangur minn að bera þetta fram sem fyrirspurn, hvort Framsfl. hafi breytt um afstöðu í málinu að þessu leyti og hvort nú væri í ráði að breyta þeirri fyrirætlun, sem mörkuð var með ákvæðum í l. um fiskveiðasjóð, á þá leið, að upp af þeirri lagasetningu eigi nú að spretta útgerð ríkis og bæjarfélaga.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason)**: Um brtt. á þskj. 391, frá hv. þm. G.-K., get ég látið nægja að vísa aðeins til þeirra umr., sem fram fóru um þetta mál hér við 2. umr., er hv. þm. G.-K. gerði grein fyrir brtt., sem hann hér ber fram, og þar sem rætt var um réttmæti hennar. En ég legg til, að hún verði felld nú við atkvgr.

Um brtt. á þskj. 399, frá hv. þm. Borgf., er það greinilegt, að hún miðar beint að því að taka fé af Suðurlandsbrautinni, sem verið er að leggja og talið er nauðsynlegt að hraða svo sem verða má, og leggja það til þessa vegar, sem hann talaði um. Það er skiljanleg pólitík frá hans hendi. En ég hygg, að það sé ekki svo um nokkurn hv. þm., að honum sé ekki alveg ljóst, að það er mikill munur á, hvorum þessara vega fyrir sig liggur meira á að vera endurbættur, þeim vegi, sem hv. þm. Borgf. talaði um, eða Suðurlandsbrautinni. Þessi vegur, sem þessi hv. þm. er að halda hér fram, er ekki nema að sáralitlu leyti notaður vegna framleiðsluþarfa viðkomandi héraða, því að bátarnir eru mest notaðir til þess að flytja framleiðsluvörur til markaðarins þaðan. En að þessu leyti er allt öðru máli að gegna um Suðurlandsbrautina, þar sem hún verður lögð til þess að fá öruggari vetrarsamgöngur við Suðurlandsundirlendið. Ég hygg því, að það væri mjög misráðið, ef ætti að fara að draga þetta fé frá Suðurlandsbrautinni. Þvert á móti álít ég, að hæstv. Alþ. ætti að bæta ríflega við og jafnvel tvöfalda það fé, sem lagt verður fram til þess að koma Suðurlandsbrautinni á til fulls á næstu 2—3 árum. Það er nauðsynlegt fyrir Suðurlandsundirlendið, Reykjavík og Hafnarfjörð, að þessari braut verði komið sem allra fyrst á.

Um brtt. á þskj. 383 get ég ekki sagt neitt viðvíkjandi því, hver er afstaða Framsfl. gagnvart henni, um það, að útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga njóti sömu hlunninda eins og ákveðið er um félög verkamanna og sjómanna til þess að fá lán vegna kaupa á nýtízku togurum. En ég hefi haft þann skilning á þessum l., að styrkurinn væri bundinn við það, að félög, sem hans yrðu aðnjótandi, væru félög sjómanna og verkamanna sjálfra, m. ö. o. samvinnufélög. Mér finnst það líka sú eðlilega og eina rétta leið. Því að ef bæjarfélög og sveitarfélög eru látin fá sérstaka aðstöðu um að fá þennan styrk, þá fyndist mér, að fleiri aðiljar gætu þar einnig komið til greina, sem reka togaraútgerð á öðrum grundvelli. Mér skilst, að það hljóti að verða skilyrði fyrir þessum styrk, að það séu mennirnir sjálfir, sem njóta eiga styrksins, sem standi fyrir þessum fyrirtækjum.

Um hitt atriðið, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að hér væri horfið inn á þjóðnýtingarbraut, þá hygg ég, að það sé ekki gert með öllu, þó að bæjar- og sveitarfélög hafi einhver fyrirtæki með höndum. Enda hygg ég, að hann sé sjálfur ekki svo mjög hræddur við að leggja í fyrirtæki fyrir hönd bæjarfélags. Mun hann fyrir hönd Reykjavíkurbæjar hafa heilabrot um ýmsar framkvæmdir til þess að létta undir með atvinnurekstri, sem og skylda er, og til þess að bæta afkomu bæjarfélagsins í heild.

***Eiríkur Einarsson**: Mér þykir rétt að fara hér fáeinum orðum um eitt atriði, sem kemur málinu við, þegar rætt er um ráðstafanir á því fé til vegagerða í landinu, sem frv. þetta fjallar um. Það er í raun og veru stærsti liðurinn, sem þar er um að ræða; það er fé ð til Suðurlandsbrautarinnar. Það hefði sannarlega einhverntíma verið gleðiefni og fagnaðar fyrir Sunnlendinga, að verja á svo miklu fé, sem frekast er kostur á, miðað við núverandi árferði, til þess að koma þessari vegagerð áfram. En ég fullyrði, ekki aðeins fyrir sjálfan mig, heldur líka veit ég fyrir hönd margra annara, að í sambandi við þessi fjárframlög til Suðurlandsbrautarinnar eigi sér stað nokkrar efasemdir um, að í þessu Suðurlandsbrautarmáli sé eins giftusamlega að verki verið sem vera bæri. Meðan þetta mál er ekki útkljáð og vegurinn um Krísuvíkurleiðina tiltölulega skammt á veg kominn þá hygg ég, að úr því maður hefir sannfæringu um, að hér sé ekki rétt að farið, þá sé rétt að segja álit sitt um málið. Og mitt álit er, að hér sé langt frá því að vera rétt á málum haldið með því að leggja veginn um Krísuvíkurleiðina. Er ég því á móti þessu, að Suðurlandsbrautin verði lögð eins og nú er í ráði, um Krísuvíkurleiðina. Ég er öruggur um það, að framtíðin muni verða mér sammála um þessa hluti, þegar reynsla fæst um þá. Í þeim áætlunum, sem vitamálastjóri stóð fyrir og erlendur verkfræðingur, var lagt til, að vegurinn væri lagður um Þrengslin. Síðan kom þessi leið, um 32 km. lengri, til sögunnar, sem Alþ. samþ., að vegurinn yrði lagður eftir. Þarna er ágreiningur um svo mikilsvarðandi málefni, að ég skil í raun og veru ekkert í því, að vegamálastjóri landsins, sem gegnir svo ábyrgðarmiklu starfi fyrir landið, skuli vera eftir sem áður í þessu starfi, að búið er að ganga svo gersamlega á móti hans till. í þessu efni. Ég get ekki séð annað en að annaðhvort hefði átt að víkja

honum frá starfi eða að Alþ. hefði að öðrum kosti átt að víkja frá kreddu sinni í þessu efni.

Þó að lagning Suðurlandsbrautarinnar um Krísuvík sé komin nokkuð áleiðis, og þó að það sé ekki nema gott út af fyrir sig um það að segja, að fátækur og vinnuþurfandi verkalýður í Hafnarfirði verði þar nokkurs góðs aðnjótandi, þá má maður ekki kaupa það of háu verði. Það þykir að sumu leyti böl og blóðpeningar, hve mikið þarf að greiða á hverju ári til atvinnubóta, en ef fólkið þarfnast þess til þess að svelta ekki, þá verður að greiða það. Samhliða þessu er annað atriði, sem oft og einatt er ekki gefinn nærri nógu mikill gaumur, sem sé það, að þeim störfum, sem unnin eru af þessum ástæðum, sé fylgt á eftir með nógu mikilli hagsýni og þau verk unnin, sem geta orðið að mestu gagni. Ég held einmitt, að þarna sé að leita ástæðunnar til þeirrar skökku stefnu, sem tekin hefir verið í þessu máli. Þess hefir ekki verið gætt, þegar þessi stefna var tekin, að eitt atriðið hefir verið látið hafa of mikið að segja á kostnað annars atriðis, sem þar átti að ráða meira. En ég held ekki, að það sé of seint að snúa við í þessu efni.

Sá spotti, sem búið er að leggja úr Hafnarfirði, hefir gert mönnum gott að því er starfið snertir, og mætti kannske koma að einhverjum notum, en ég hefi enga trú á því — og er þar á sama máli og vegamálastjóri og fjölmargir fleiri fróðir og gegnir menn um það —, að framtíðin heimti Suðurlandsbraut á allt öðrum stað, miklu skemmri og að sama skapi örugga eins og þessi leið suður með sjó, sem Sunnlendingar munu aldrei sætta sig við, því að hún er í berhöggi við veruleikann. Það er álit margra, að öruggast sé að hafa vetrarbraut þarna, en sumarveg á öðrum stað, skemmri leið. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að hingað til hefir ekki reynzt svo auðvelt að viðhalda vel einni langleið, hvað þá heldur ef varðveita ætti tvær nokkurn veginn samhliða langleiðir sína fyrir hvora árstíð. Tel ég því tvímælalaust heppilegra, bæði af þessum ástæðum og öðrum, sem ég hefi tekið fram, að þessi væntanlega Suðurlandsbraut verði lögð um Þrengslin.

Ég veit, að þetta eru ekki nema aðvörunarorð, en það er skoðun mín, að hér hafi ekki verið farið rétt að, enda mun framtíðin taka í strenginn með það, en eins og ég sagði áðan. álít ég ennþá hægt að leiðrétta þetta, eins og það þarf að leiðrétta margt, sem gert hefir verið á liðna tímanum og nauðsynin og reynslan segir betur til um, að þurfi að breyta til batnaðar og snúa í aðra átt.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég get verið sammála hv. þm. Borgf. um, að sanngjarnt sé að verja nokkrum hluta af hugsanlegum tekjuauka þeim, sem annars er ætlaður til Suðurlandsbrautar, til þess að leggja í brautina milli Suður- og Norðurlands, en mér finnst hinsvegar nokkuð einstrengingslegt að vilja ákveða með l., í hvaða kafla þessi styrkur, sem um getur í brtt. á þskj. 399, skuli fara, því að það er vitanlegt, að það eru margir kaflar á Norðurlandsbrautinni, sem hafa þörf fyrir nokkra aðgerð.

Mér finnst því rétt, að það sé í höndum framkvæmdarvaldsins á hverjum tíma að ákveða það fé, sem ef til vill á þann hátt yrði varið. Ég er hv. þm. alls ekki sammála um, að það sé undir öllum kringumstæðum víst, að leiðin milli Suður- og Noðurlands muni liggja um Akranes frekar en Borgarnes, og mætti færa fyrir því mörg rök, sem ég mun þó ekki gera nú.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að bera fram brtt. við brtt. hv. þm. um það, að ákveða ekki þann stað, þar sem þessu fé yrði varið, og legg ég því til, að orðin „er liggur vestan Hafnarfjalls og sunnan Andakílsár“ falli burt. Vil ég leyfa mér að færa hæstv. forseta þessa brtt.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt brtt. við brtt. á þskj. 399, um að orðin: „er liggur vestan Hafnarfjalls og sunnan Andakílsár“ falli burt.

Brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 431) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Emil Jónsson: Mér þótti vænt um að heyra, að hv. þm. G.-K. leit þannig á þessi lög og lögin um fiskimálanefnd um leið, að mín brtt. mundi jafnvel vera óþörf, því að það er ekkert annað, sem fyrir mér vakir, en að það komi skýrt fram, að þessi útgerðarfélög bæjar- og sveitarfélaga séu jafnrétthá eins og önnur í þessu efni, því að með góðum vilja má, eins og mér virtist koma fram hjá hv. þm. G.-K., lesa þetta út úr l., en ef það er lesið á annan hátt, virðist mér mega komast að annari niðurstöðu. Ef það reynist svo, að hv. þdm., bæði þessi hv. þm. og sérstaklega hæstv. atvmrh. og ríkisstj., vilja láta í ljós þann sama skilning á l. um fiskimálanefnd eins og kom fram hjá hv. þm. G.-K., þá er ég ánægður og skal draga mína brtt. til baka.

Þessi sami hv. þm. spurði, hvers vegna ég kæmi fram með þetta, og skal ég upplýsa það. Ég spurðist fyrir um það í fiskimálanefnd, hvernig hún mundi líta á þetta mál, og hún treysti sér ekki eftir orðanna hljóðan í l. til þess að leggja þennan skilning í þau. Ég spurði fiskimálanefnd þá að því, hvort hún teldi, að komið gæti til mála, að útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga „principielt“ gætu komið til greina í þessu sambandi, en 5 af 7 mönnum töldu það ekki. Hinir 2 töldu það geta átt sér stað. Skoðanir voru mjög skiptar í n. En ef ég fæ þessa skoðun staðfesta hjá hv. þm., sérstaklega hæstv. atvmrh., þá er ég mjög fús til að taka till. aftur, eins og ég sagði áðan.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi, að með þessari brtt. minni væri mjög sveigt inn á sömu braut eins og gert væri í frv., sem ég og aðrir bárum fram um útgerð ríkis og bæja, en þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt, og eiginlega alls ekki sambærilegt, því að í þessa útgerð og rekstur hennar er ríkissjóði ekki blandað. Hann leggur fram sitt stofnfjárframlag eins og aðrir. Mun-

urinn á þessu ákvæði í 2. gr. frv. og brtt. minni er aðeins sá, að samkv. henni mundi þetta stofnfjárframlag ríkissjóðs lenda hjá bæjar- eða sveitarfélögum, sem útgerð reka, en ekki hjá einstaklingum eða félögum þeirra verkamanna og sjómanna, sem að útgerðinni vinna. Ég hefi áður lýst, hversu lítill munur er á þessu, og tel ekki þörf á að endurtaka það. Í báðum tilfellunum er það svo, að það eru í raun og veru verkamenn og sjómenn, sem að þessu standa.

Þessi hv. þm. skildi l. svo, að það væri ófrávíkjanlegt skilyrði, að verkamenn og sjómenn, sem á þessum væntanlegu skipum ynnu, yrðu aðalþátttakendur í fyrirtækinu. Á þessu getur maður séð, hversu skoðanir hv. þdm. eru skiptar í þessu máli, þar sem hv. þm. G.-K. taldi sig geta fundið það gagnstæða út úr lögunum.

Við hv. 1. þm. Rang. þarf ég lítið að segja. Mér kom mjög á óvart, hvaða skoðun hann hafði um þetta mál. Hann taldi frá sínu sjónarmiði ekki koma til greina í þessu sambandi, að bæjarútgerð yrði þessara hlunninda aðnjótandi. Ég á ómögulegt með að skilja þessa afstöðu, sérstaklega frá hans sjónarmiði, enda færði hann ekki mikil rök fyrir henni, og vænti ég þess, að hann skýri þetta betur, ef hann tekur aftur til máls.

Ég get ekki stillt mig um að minnast ofboð lítið á ræðu hv. 9. landsk. viðvíkjandi Suðurlandsbraut, sem er góður kunningi okkar beggja og við höfum áður deilt um. Nú er hann kominn það lengra heldur en fyrir 1—2 árum síðan, að hann telur þetta í berhöggi við veruleikann. Ég veit ekki, hvað hv. þm. leggur í þessi orð, en ég held, að það sé þó það minnsta, sem segja megi nú, að þetta sé að verða að veruleika, og það er töluvert atriði í málinu, þó að hann telji það jafnvel til bóta, að hætt verði við þetta verk, þegar búið er að leggja 10—20 km. af leiðinni.

Ég er þvert á móti á sömu skoðun og ég hefi áður verið um það, að þessi leið eigi fullan rétt á sér og að það beri umfram allt að halda henni áfram, því að hún er bezta og öruggasta leiðin, sem fáanleg er milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Ég hefi áður fært rök að því hér, og þarf ekki að gera það aftur. Þó að hún sé nokkrum km. lengri, þá býst ég við, að það sé miklu minni ókostur heldur en hitt er mikill kostur, hversu snjólétt hún er, þar sem hún er um 200 m. lægri yfir sjó heldur en hin og miklu auðveldari til flutninga, því að það er ekki lengdin ein, sem gerir útslagið í þessu efni, heldur er ýmislegt fleira, sem hér kemur til greina.

Ég fagna því, að þetta mál er að verða að veruleika, og vænti þess, að það verði komið enn lengra áleiðis á næstu árum, en að það sé í berhöggi við veruleikann, tel ég alveg fráleitt.

*Ólafur Thors: Ég lét þá skoðun í ljós áðan, að ég teldi, að það mætti leggja þann skilning í lögin eins og þau eru óbreytt, að félög eins og þau, sem till. hv. 7. landsk. fjallar um, gætu fallið undir þau, og þetta er enn óbreytt skoðun mín, þegar miðað er við orðalag laganna, en ég verð að viðurkenna, að eftir að ég heyrði rök hv. 2. þm. Reykv. finnst mér sennilegt, að tilgangur löggjafans hafi verið sá, að slík félög féllu ekki undir lögin. Það er þess vegna mjög líklegt, að það sé rétt ályktað hjá fiskimálanefnd, þegar hún telur sér í rauninni ekki heimilt að taka slík félög til greina sem styrkþega samkv. lögum, þó að orðalagið sé þannig, eftir því sem ég hefi bezt vit á, að það gefi beint tilefni til að álykta annað. Það er því að sjálfsögðu rétt, að ef það á að vera kleift að taka slík félög inn sem styrkþega, þá verður að samþ. þessa till., og ef hún verður ekki samþ., þá er það af því, að þingið ætlast ekki til, að slík félög komi til greina.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, því að ég vil ekki, að þau orð, sem ég áðan sagði, yrðu til þess, að annar skilningur væri lagður í þetta ákvæði af minni hendi.

*Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. 7. landsk. taldi, að ég hefði ekki gert nægilega grein fyrir þeirri skoðun minni, að það væru aðeins félög verkamanna og sjómanna, sem kæmu til greina um úthlutun þessa fjár. Ég skal þess vegna frá mínu sjónarmiði gera grein fyrir þeim mun, sem ég tel vera á milli útgerðar bæjar- og sveitarfélaga annarsvegar og þeirrar útgerðar, sem sjómenn og verkamenn eiga sjálfir, hinsvegar, og hann er sá, að ef verkamenn og sjómenn eiga og reka sjálfir samvinnuútgerð, þá geta þeir ekki gert kröfur til annara eða skellt ábyrgðinni á aðra en sjálfa sig, en ef bæjarfélag er á bak við, sem rekur útgerðina fyrir sinn reikning, þó að það sé eingöngu gert í þeim tilgangi að skapa verkamönnum og sjómönnum atvinnu, þá hafa þeir annan á bak við sig, sem þeir treysta kannske fullt eins mikið á eins og sjálfa sig, því að bæjarfélagið ber ábyrgð á rekstrinum. Þar af leiðandi getur það komið fyrir við slíkan rekstur, að þeir, sem að honum standa, geri ekki þær kröfur til sjálfs sín, sem nauðsynlegt er.

Ég hygg því, að um það verði ekki deilt, að það sé tryggast og eðlilegast, að félög verkamanna og sjómanna, sem beinlínis reka útgerðarfyrirtæki með atvinnu sjómanna og verkamanna fyrir augum, njóti þessara hlunninda, sem hér um ræðir. Það er þetta sjónarmið, sem veldur því, að mér finnst með þessari till., ef hún verður samþ., horfið frá þeirri braut, sem upprunalega var hugsuð með lánveitingum og styrkveitingum í þessu efni.

Ég held, að ég hafi þá gert grein fyrir því sjónarmiði, sem fyrir mér vakti, þegar ég lét áðan í ljós skoðun mína á þessu atriði, án þess að ég segi nokkuð um afstöðu Framsfl., því að mér vitanlega hefir hann ekki tekið sérstaka afstöðu til þessarar brtt. hv. 7. landsk.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. G.-K. vildi halda fram í sinni fyrri ræðu, en var að nokkru leyti horfinn frá í síðari ræðu sinni, að þetta væri í raun og veru innifalið í frv. eins og það nú liggur fyrir, og það mætti samkv. því veita bæjar- og sveitarfélögum styrk og lán til togarakaupa, vil ég segja það, að ég sé ekki, að hægt sé að finna það út úr orðalagi frv., nema þá í þeim skilningi, að sjómenn og verkamenn

ættu bæjarfélögin, og þann skilning virðist mér, að hv. þm. hafi orðið að leggja í þetta atriði til þess að réttlæta þessa skoðun sína. Það getur verið í vissum tilfellum, að sliku sé til að dreifa, en það mun vera mjög lítið um það.

Hv. 9. landsk. var með spámannleg orð um að framtíðin mundi vissulega vera með þeim, sem reyna að tefja fyrir því, að hægt sé að fá sæmilegar samgöngur milli Suðurlandsundirlendis og Reykjavíkur. Ég er sannfærður um, að a. m. k. þeir, sem heyja lífsbaráttu sína á Suðurlandsundirlendinu, munu ekki telja þá menn neina sérstaka brautryðjendur eða spámenn, sem hafa lagt lið sitt til þess að hindra, að þetta næði fram að ganga. Eins og hv. 7. landsk. tók fram, er þetta að komast í framkvæmd og mun ekki verða hætt fyrr en það er búið. Þetta verður að ske á næstu árum, vegna þess að framleiðslan á öllu svæðinu austanfjalls er orðin þannig, að hún verður að hafa öruggar samgöngur allt árið, og það er skiljanlegt hverjum manni, að sú leið er tryggust og snjóléttust, sem liggur lægst yfir sjávarmál, og skiptir það engu máli, hvort hún er 32 km. lengri eða skemmri, því að ég hygg, að þeir, sem þurfa að fara að vetri til yfir Hellisheiði, þegar mikill snjór er, óski frekar eftir að fara 100 m. á sæmilega auðum vegi heldur en 2 m. eftir vegi, sem er mjög snjóþungur og illur yfirferðar.

Sem betur fer hafa menn með sama hugarfari og hv. 9. landsk. ekki lengur tök á því að hindra framgang þessa nauðsynjamáls, og vonandi hafa þeir ekki heldur tök á að tefja það, eins og mér virtist hv. þm. vera að gera sér vonir um og ræða hans átti líka að gera.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Það er tekið fram í l. um fiskimálanefnd, að sá styrkur, sem gert er ráð fyrir að veita úr fiskimálasjóði, sé veittur félögum sjómanna, verkamanna og annara. Ég skil þetta á sama hátt og hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Rang., að svo hafi verið til ætlazt, að það væri fyrst og fremst sjómenn og verkamenn, sem mynduðu þessi félög og væru þátttakendur í þeim, en jafnframt væri gert ráð fyrir, að fleiri gætu þar komið til greina. Ég tel því alls ekki útilokað, að útgerðarfélög bæjarfélaga, ef þau væru til, gætu að einhverju leyti verið þátttakendur í slíkum félagsskap, en ég skil fyrirmæli laganna þannig, eins og ég sagði áðan, að það sé fyrst og fremst átt við félagsskap sjómanna og verkamanna, sem sjálfir vinna á skipunum og við aflann í landi og hafa úrslitavald í þeim félagsskap. Mér finnst eðlilegast, að það fari eftir mati fiskimálan. í hverju tilfelli, hvort slíkur félagsskapur er myndaður á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í lögunum.

Ég er ósammála hv. 2. þm. Reykv. um það, að jafnvel þótt þessi styrkur væri veittur bæjarfélögum, þá sé þar um nokkra þjóðnýtingu að ræða í þeim skilningi, sem venjulega er lagður í það orð, því að þótt slíkum fyrirtækjum væri veittur einhver styrkur til togarakaupa, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum, þá er þar vitanlega alls ekki um ríkisútgerð að ræða, þar sem ríkið eignast ekkert í fyrirtækinu og verður alls ekki á neinn hátt þátttakandi í rekstri þess.

***Eiríkur Einarsson:** Það var aðeins út af því, sem þeir tóku fram hv. 7. landsk. og hv. 1. þm. Rang. til andsvara minni ræðu áðan. En það raskar ekki því, sem ég sagði og allt var í samræmi við veruleikann.

Hv. 7. landsk. sagði, að enda þótt leiðin um Krísuvík sé nokkru lengri, þá sé hún snjóléttari. Krísuvíkurleiðin er, sem kunnugt er, 32 km. lengri en leiðin um Þrengslin. Og ef dagleiðin er orðin löng, þá er þó dálítill spölur 32 kílómetrar, a. m. k. hefir það þótt á landi voru, því að við erum ennþá bundnir við jörðina.

Það er náttúrlega hægt að sanna, að Krísuvíkur leiðin sé lægra frá sjó. En um öryggið á leiðinni yfir Reykjanesið hygg ég, að sé bezt að hafa sem fæst orð til að sanna það, því að það er ekki reynt. Það er alls ekki tómt handahóf, að menn í ábyrgðarmiklum stöðum, sem eru trúnaðarmenn ríkisins og eiga allra manna að hafa bezta aðstöðu til þess að bera skyn á þessa hluti, hvar bezt sé að leggja vegi, hafa lagt til þessara mála allt annað en nú á að framkvæma af hinu háa Alþ. Það voru engir nýir landkönnuðir, sem, eftir að vegamálastjóri lagði fram sitt álit um þetta mál, komust að raun um, að Krísuvík væri til og að Hafnarfjörður væri til, eins og vegamálastjóri hefði ekki vitað af þessu. Það var heldur engin tilviljun, að 60—70 bændur, sem kunnugleika höfðu á þessari leið, báru vitni um, að Þrengsleiðin væri tiltölulega snjólétt, og hvöttu til þess, að þar væri vegurinn hafður, af því að sú leið væri svo örugg og snjólétt. Svo koma þessir góðu herrar og segja, að ég vilji tefja málið og vera þrándur í götu fyrir framgangi þess, vegna þess að ég leyfði mér að hafa sömu skoðun og vegamálastjóri landsins og margir fleiri um þetta mál, með því að halda fram, að betra hefði verið að leggja veginn um miklu skemmri leið með ekki minna öryggi. Hvernig leyfa þeir sér að segja þetta? Ekki vil ég segja, þó að hv. 1. þm. Rang. sé mér ekki sammála í þessu máli, að hann sé þrándur í götu þess eða með þvergirðingsháttum um það. Ég held því fram, að þessi leið, sem ég talaði um, sé réttari til þess að leggja veg eftir henni en segi ekki, né held því fram á neinn hátt, að hv. 1. þm. Rang. hafi látið stjórnast af neinum óhreinum hvötum með því að halda öðru fram en ég um þetta.

Það gleður hv. 7. landsk., að þessi vegur sé að verða að veruleika um Krísuvíkurleiðina. Já, vegurinn er náttúrlega kominn á stað, en mikið vantar nú samt á, að hann sé búinn. Hitt get ég viðurkennt, að það er vert að hrósa hv. 7. landsk. fyrir það, hve hann er duglegur fyrir umbjóðendur sína í Hafnarfirði með að útvega þeim vinnu við þessa vegalagningu, sem þeir þurfa svo mjög að fá. Það sýnir hans dug og lag, að hann hefir fengið þingmeirihlutann á þetta mál með sér, ekki hyggilegra en það nú er.

Um það, að ég vilji gerast spámaður um það, hvað framtíðin muni segja um þetta mál, vil ég segja það, að það er vitanlegt, ef maður

hefir ákveðna skoðun um mál, þá leiðir það af sjálfu sér, að maður hefir einnig þá skoðun, að framtíðin verði á sama máli um það og maður sjálfur. En ég verð að segja, að mér þykir það hart, að sagt er, að ég vilji leggja hindranir í veg fyrir það, að vegurinn verði gerður. Ég geri ráð fyrir, að við hv. 1. þm. Rang. höfum unnið svona álíka mikið í vegagerð hér á sumrin, nefnilega hvergi með eigin höndum lagt stein í veg. Ég hefi komið litlu til leiðar í þessu máli. En af því að mér er sárt um það, þá finnst mér hart, að farið sé á stað á allt annan hátt en mér virðist haganlegt og hentugt fyrir framtíðina. Því vil ég biðja hv. alþm. að gefa alveg sérstakan gaum, þegar þeir íhuga þetta stórmál — því að vitanlega er þetta Suðurlandsbrautarmál stórt og afdrifaríkt mál, hvernig á að leggja veg á leiðinni milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins — að það er nóg til að vekja tortryggni gegn því, að hér sé rétt af stað farið, að miðað er við tvær langleiðir suður yfir, vetrarleið og svo leið til að fara eftir á öðrum árstíðum. Við höfum margra ára reynslu um það, að illa gengur að sameina héruðin austanfjalls Rvík með nema einum vegi. Það á ekki að vera um nema eina aðalleið að ræða, sem örugg sé til milliferða allt árið, og engar handahófstill. eiga um þetta að gilda, þó að þær einu sinni hafi komizt inn í niðurstöður hæstv. Alþingis.

*__Jakob Möller:__ Þjóðnýtingu er hægt að framkvæma með nokkuð mismunandi hætti, og hún getur vitanlega verið framkvæmd af bæjar- og sveitarfélögum engu síður en af ríki. Og ef Framsfl. er með því að hafa þjóðnýtingu í sambandi við rekstur bæjarfélaga á atvinnufyrirtækjum, þá skilst mér, að hann geti ekki takmarkað sig við það og verið mótfallinn því, að ríkið reki einnig fyrirtæki eins og t. d. útgerð. Þetta er í raun og veru nákvæmlega það sama. Enda mundi það nú reynast svo í framkvæmdinni, að ef bæjar- og sveitarfélög þjóðnýttu alla útgerðina, þá gæti fljótlega farið svo, að framkvæmd hennar kæmist í hendur ríkisvaldsins. Og náttúrlega á nákvæmlega sama við um þetta hvorttveggja.

Hv. 1. þm. Rang. sagði fyrir sitt leyti — en hann vildi ekki slá neinu föstu um það, að það væri afstaða Framsfl., þó að ég hugsi nú samt, að honum hefði verið óhætt að gera það, — hann sagði, hvers vegna hann vildi ekki, að þessi útgerð, sem hér er um að ræða, yrði rekin af bæjarfélögum, heldur af sjómönnum sjálfum, sem stofnuðu um það samvinnufélagsskap. Hann sagði, að ef sjómenn ræku útgerðina með samvinnufélagsskap, þá ræku þeir útgerðina á sína eigin ábyrgð, en annars — ef útgerðin væri rekin af bæjarfélagi — á ábyrgð annara líka. Mér skildist hv. 1. þm. Rang. gera sér fullkomlega grein fyrir því, að þetta á jafnt við um þjóðnýtingu í höndum bæjar- og sveitarfélaga eins og um þjóðnýtingu í höndum ríkisins. Þetta, sem þessi hv. þm. tók fram sem sína afstöðu til málsins, bjóst ég líka við, að væri afstaða Framsfl. Og ég get verið ánægður með það, að ég þykist hafa fengið svar við þeirri spurningu, sem ég bar fram um það, hvort Framsfl. hefði breytt afstöðu sinni gagnvart þjóðnýtingu útgerðarinnar og hvort upp af l. um fiskveiðasjóð eigi nú að spretta útgerð ríkis- og bæjarfélaga. Þessu þykist ég nú af Framsfl. hafa fengið svarað neitandi.

Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að bæjarstj. Reykjavíkur væri á ýmsum sviðum ekki mótfallin þjóðnýtingu. En við vorum nú að tala um þjóðnýtingu útgerðarinnar. Það má segja um hæstv. ríkisstj., að hún gengur lengra í þjóðnýtingu á ýmsum sviðum en bæjarstj. Rvíkur. Ríkisstj. hefir þjóðnýtt verzlun á ýmsum vörum og rekið ýms fyrirtæki á ríkisins ábyrgð, eins og t. d. póst og síma o. fl. Alveg er eins um bæjar- og sveitarfélög. En það er töluverður munur á því að reka slík fyrirtæki með þjóðnýtingu og hinu, að þjóðnýta útgerðina, og á þessu tvennu virðist mér, að Framsfl. hafi alltaf gert mjög ákveðinn greinarmun. En um það veit ég ekki, hvort það liggur fyrir frá bæjarstj. Reykjavíkur, hvort hún er mótfallin þjóðnýtingu á útgerð. En hitt veit ég, að meiri hl. bæjarstj. er mótfallinn slíkri þjóðnýtingu.

En í þessum umr. hefir komið fleira fram. Það er gott, að það hefir komið fram, að mér skilst, að af hálfu Framsfl. sé litið svo á, að þessi togarafyrirtæki, sem hér er um að ræða, eigi að reka sem samvinnufyrirtæki. Það hefir hv. 1. þm. Rang. tekið fram og lagt áherzlu á. En það verður náttúrlega ekki gert, ef bæjarfélög eiga að taka útgerðina að sér, eins og hv. 7. landsk. hefir farið fram á. Mér er það nokkuð efamál, að Alþfl. hafi gert sér grein fyrir því, að það sé gert að skilyrði fyrir styrknum til þessara fyrirtækja, að þau séu rekin sem samvinnufyrirtæki.

*__Emil Jónsson:__ Það er alveg rétt, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það virðist eins og því sé slegið föstu af hv. 1. þm. Rang., að það rekstrarfyrirkomulag, sem vakað hefir fyrir honum og hans flokki, Framsfl., hafi verið það, að útgerð þessara skipa, sem fá að njóta þessa styrks, eigi að reka sem samvinnufyrirtæki og að annað geti helzt ekki komið til greina. Það kemur mér á óvart, því að í l. er ekkert um þetta sagt og ekkert tekið fram um útgerðarform viðvíkjandi þessum styrk, þannig að eftir orðalagi l. getur bæjarútgerð og hvert annað útgerðarform með félagsrekstri átt rétt til þessa styrks. Og þegar ég í minni fyrri ræðu lýsti eftir þeim rökum, sem þessi hv. þm. hefði um það að flytja, hvers vegna mína till. bæri ekki að samþ., þá voru rökin þau, að það væri samvinnuform, sem hentaði betur þessari útgerð heldur en það form, sem er á bæjarútgerð; það hefði ekki verið til þess ætlazt, eins og hann sagði, að útgerðin, sem hér kemur til greina, yrði höfð á þann hátt, að þeir, sem ynnu á skipunum, gerðu nokkrar kröfur, heldur yrðu þeir að sætta sig við þann hlut, sem fengist í hverri veiðiför, og að haft yrði sama samvinnufyrirkomulag á útgerðinni og reynt hefir verið á nokkrum stöðum. En ég fullyrði, að þetta fyrirkomulag er ákaflega óheppilegt og ekki líklegt til að leysa það vandamál, sem með því

hefir verið reynt að leysa. Þegar félag er stofnað með hlutafé, sem er innan við 7% af því, sem útgerðin þarf til þess rétt að geta komizt af stað, og ekki einu sinni það, því að það er ekki nema 7% af kaupverði skipanna, sem hér er til tekið, og vantar það fé til rekstrarins, — þá má ekki mikið út af bera til þess að ekki sé líklegt, að félagið komist í gjaldþrot og öngþveiti. Það hefir nú gengið svo til undanfarin ár, að tap á útgerðinni hefir orðið það mikið, að það nemur kannske upp undir eins miklu eins og kaupi allrar skipshafnarinnar á ári. Og hvar eiga þá þeir sjómenn að standa, sem í slíka samvinnuútgerð hafa lagt, sem ekki gefur neitt í aðra hönd fyrir kaupi skipshafnarinnar, ef þeir fá kannske engan hlut, þegar eitt ár er stirt og illa aflast? Það eru minni líkur til þess, að þetta komi fyrir með nýtt skip en gamalt. Þó getur alltaf komið fyrir óvænt óhapp, fiskileysi og annað slíkt. Og þá kemur fram sá stóri galli á samvinnufélagsskapnum um útgerð móts við bæjarútgerð, að samvinnuútgerðin getur ekki staðið af sér storminn nema um stuttan tíma. Fé samvinnufélagsskapar, sem innstæðu getur átt, er svo takmarkað, að félagsskapurinn getur ekki með nokkru móti staðizt töp um stuttan tíma, hvað þá langvarandi. Og þó að menn eigi að hafa svo mikið í aðra hönd, sem þeir geta aflað, þá verða þeir þó að hafa það lágmark, sem þeir þurfa til þess að geta lifað. Ég fullyrði því, að þetta útgerðarform, samvinnufyrirkomulagið, sé kannske það óheppilegasta, sem hægt er að hafa á útgerð. Og ef þetta á að vera það eina, sem til mála getur komið viðvíkjandi þessum styrk til útgerðarfélaga, þá fullyrði ég, að málið er komið inn á allt annan vettvang en því var ætlað upphaflega og að þá sé gengið á gerða samninga um það á milli Framsfl. og Alþfl.

Hæstv. atvmrh. (SkG) virtist vera á sama máli og hv. 1. þm. Rang., að það væru fyrst og fremst félög sjómanna sjálfra, sem stofnuð væru á líkan hátt og hv. 1. þm. Rang. vildi hafa þau, sem þarna gætu komið til mála. Hinsvegar vildi hann ekki mæla á móti því, að það gæti komið til mála, eins og nokkurskonar lægri möguleiki, að bæjarfélög gætu verið þátttakendur í slíkri útgerð. Ég þakka honum það nú ekkert, því að það er ekki hægt að teygja l. svo, að þetta geti komið til greina, hversu feginn sem hæstv. ráðh. kynni að vilja teygja l. svo.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. 9. landsk. um Suðurlandsbrautina. Enda er það mál, sem er útrætt mál að mestu og ákveðið. Þessum hv. þm. vildi ég benda á reynslu síðasta vetrar, þegar leiðin austur yfir Hellisheiði var ófær í 4 mánuði samfleytt. Þá var vegarstæðið um Þrengslin einnig það mikið undir snjó, að þó vegur hefði verið þar, hefði hann einnig verið ófær á sama tíma. En leiðin, sem nú er verið að undirbúa veg eftir, var á sama tíma svo snjólétt, að vegur, ef kominn hefði verið um hana, hefði verið fær allan veturinn.

*Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég viðurkenni, að það stendur ekki í frv., að sjómenn eða verkamenn þurfi að stofna samvinnufélög um útgerð til þess að fá þennan styrk. En mér skilst, að það muni verða erfitt fyrir einstaklinga, sem ekki hafa yfir fé að ráða, að mynda með sér félög um útgerð á annan hátt en með samvinnuformi. Og það er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að sjómenn og verkamenn sjálfir geri samtökin til þess að verða þessa styrks aðnjótandi. Þess vegna sé ég ekki, hvaða leið þeir geta aðra farið en samvinnuleiðina. Það getur verið, að þetta sé ekki rétt álitið hjá mér, og að það séu til aðrar leiðir fyrir þá. Og ef til eru aðrar heppilegri leiðir, þá hefi ég vitanlega ekkert á móti því, að þær verði farnar.

En þeim hugleiðingum hv. 7. landsk. hinsvegar um það, að óheppilegasta fyrirkomulagið í þessu tilliti sé samvinnufélagsskapurinn, er því að svara, að hér á landi er engin reynsla fengin um það viðvíkjandi sjávarútgerð. Og að útgerð sé fjárfrek, þá er hún það því aðeins, að árferði sé erfitt. En ef útgerðarfélög sjómanna og verkamanna hefðu verið byrjuð að starfa hér á landi fyrir árið 1920 á samvinnugrundvelli, þá mundu þau nú standa jafnföstum fótum og samvinnufélög verzlunarmanna gera nú. En að hin síðarnefndu standa nú föstum fótum, er af því að þau hafa fengið sæmileg ár á meðan þau voru að vaxa upp, og þar af leiðandi hafa þau getað staðið storminn af sér betur, þegar lakar hefir árað. Það er því alveg skakkt að miða ályktanir um samvinnuútgerð eingöngu við þá erfiðu tíma, sem ganga yfir sjávarútveginn nú, og segja, að ekki sé hægt að reka atvinnu með öðru móti en því, að hafa fjársterkari aðilja á bak við. Þeir, sem eiga að fá að hafa fjársterkari aðilja á bak við útgerðarfélögin nú, eru orðnir svo, að þeir eiga ekki neitt til. Hvaða meiri trygging fylgir því að lána h/f Kveldúlfi nú heldur en bara skipshöfn á skipi? Ég sé ekki, að neitt meiri trygging fylgi því. Það er aðeins lánsfé, sem er eign þjóðarinnar, sem útgerðarfyrirtækin eru rekin með. Ég skil ekki, að vilji þjóðarinnar yrði nokkuð minni á því að lána fé til útgerðarinnar, þó að það væru verkamenn og sjómenn sjálfir, sem stæðu á bak við útgerðina og bæru ábyrgð á henni; heldur álít ég þvert á móti, að það væri öruggara fyrir þjóðfélagið að leggja fram lánsféð með því móti heldur en eins og nú er, því að togaraútgerðin hér á landi er nú orðin svo fjárvana, að hún lifir eingöngu á því fé, sem þjóðin lánar henni. Ég er alveg sannfærður um, að það eru engir meiri erfiðleikar í sambandi við samvinnufélagsskap um útgerð heldur en í sambandi við samvinnufélagsskap um verzlun. Það var fyrir aldamótin síðustu talið af mörgum alveg óhugsanlegt fyrir fátæka bændur að leggja út í verzlun með samvinnufélagsskap, sem þeir þó gerðu. Það er satt, að byrjunarerfiðleikarnir voru miklir. En fyrir atorku manna og þrautseigju, sem að þeim félagsskap hafa staðið, ásamt því, að árferði hefir oft verið sæmilegt, er það nú svo að samvinnufélagsskapurinn stendur nú fastari fótum en nokkur önnur verzlunaraðferð hér á landi. — Það þarf að finna bezta grund-

völlinn undir rekstur atvinnuveganna, og þá verður á eftir auðveldara að sigrast á erfiðleikunum.

Það, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að ríkið gengi lengra í þjóðnýtingu en Reykjavíkurbær, skal ég ekki um deila. Má vel vera, að svo sé. En það hefir yfirleitt af öllum flokkum verið talið nauðsynlegt að þjóðnýta sumt. Ég sé ekki mikinn mun á að láta bæjarfélag reka útgerð og hinu, að láta bæjarfélag reka stórt bú til þess að framleiða mjólk fyrir bæjarbúa, eins og Jón heitinn Þorlákssón vildi á sínum tíma láta Reykjavíkurbæ gera. Hann vildi láta Reykjavíkurbæ framleiða alla þá mjólk, sem bæjarbúar þyrftu á að halda. Ég sé ekki annað en að það sé svipuð tegund af þjóðnýtingu og bæjarútgerð. Ég sé engan eðlismun þar á. Það er sannast um þetta að segja, að allir flokkar hafa meir og minna hallazt að því, að í vissum kringumstæðum sé það líklegust leið og hentugust til úrlausnar málum, að láta þjóðfélagið eða bæjarfélag taka að sér vissar tegundir atvinnurekstrar. Enginn flokkur er frí af því, hvorki þeir, sem kenna sig við einstaklingsframtak, samvinnu eða aðrar stefnur í atvinnumálum.

Hv. 9. landsk. talaði hér alllangt mál og taldi það óráð mikið að fara þá leið um lagningu Suðurlandsbrautarinnar, gegn áliti vegamálastjóra, sem valin hefir verið, yfir Reykjanesið. En ég hygg, að Alþ. vildi aldrei hafa þá menn í trúnaðarstöðum, sem ættu að vera einráðir um ýms efni sem þetta, heldur vill Alþ. hafa sinn ákvörðunarrétt um það, hvað heppilegt sé að gera. Enda hygg ég að undir ýmsum kringumstæðum hafi þm. betri aðstöðu til að dæma heldur en ýmsir, sem eru forstjórar í þann og þann svipinn. Um það, að ein leið eigi að vera milli suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, hygg ég svo fjarri lagi sem hugsazt getur. Sumarleiðin er vitanlega stytzta leiðin, og þá sjálfsagt að halda við þeirri leið, sem nú er. En reynslan er búin að sýna, að ógerningur er að halda henni öruggri; t. d. hefir verið gerð tilraun með að leggja veginn um hæstu staði á heiðinni, sem alltaf voru taldir snjóléttir. En í vetur var þessi afleggjari gersamlega ófær um tíma, vegna þess, að hún er svo hátt yfir sjávarmál. Það verður að vinna að því að gerðar verði 3 leiðir milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, er komi innan fárra ára: Sogsleiðin, innan við Þingvallavatn, og Krísuvíkurleiðin og Hellisheiðarleiðin. Ef leiðirnar eru þrjár, skapar það miklu meira öryggi heldur en hægt væri að tryggja með einni leið, hversu vel sem hún væri gerð. Enda er satt að segja þörf á öllum þessum leiðum, ekki aðeins fyrir Suðurlandsundirlendið, heldur og sveitirnar með sjónum og Ölfusið, og Þingvallasveitin og Grafningurinn þurfa engu að síður sín sambönd en aðrir. Og því þarf að velja leiðina sem undirstöðu undir öruggar samgöngur milli þessara landshluta. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að þessu sinni, og sérstaklega þar sem hv. 9. landsk. er ekki viðstaddur til að taka við andsvari gegn því, sem hann hélt hér fram.

Pétur Ottesen: Út af þeirri skrifl. brtt., sem hv. þm. Mýr. flytur, vildi ég taka það fram, að ástæðan fyrir því, að ég er með þessari brtt., er sú, að við endurbætur á alveg ákveðnu svæði vil ég fylgja þeirri reglu, sem byggt er á í þessu frv. — og byggt hefir verið á að undanförnu, t. d. viðvíkjandi Norðurlandsveginum —, að tiltaka þann vegarkafla, sem ætti að verja fénu til samkv. þessu frv. Og í öðru lagi byggi ég á því, að einmitt sá kafli á þessari leið, sem ætlazt er til, að þessu fé verði varið til umbóta á, er sá, sem hefir staðið mest í vegi fyrir því, að hægt hafi verið að halda þessum ferðum uppi frameftir hausti, og þar af leiðandi aðkallandi, að umbætur yrðu á honum gerðar. Þetta eru ástæðurnar til þess, að ég hefi lagt það til, sem í till. stendur um tilhögun á þessu. Verði nokkur afgangur af þessu fé, virðist öll sanngirni mæla með því, að nokkuð verði skipt á milli landshluta, ef slíkur tekjuafgangur verður, eins og leitazt er við með aðalfjárframlaginu samkv. þessum lögum að skipta þessu þannig.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 391 felld með 17:7 atkv.
— 383 felld með 15:7 atkv.
— 431 samþ. með 14:8 atkv.
— 399, svo breytt, samþ. með 16:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 551).

Á 73. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 551, 553, 561).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 561. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir flutt 3 brtt. við 4. gr. frv., og eru þær á þskj. 553. Öll n. stendur að 2 fyrstu brtt., en um þá þriðju er nokkur ágreiningur innan n., sem sjá má á þskj. 561. Þessar brtt. n. eru mjög einfaldar. Þær eru aðeins um það, að samræma ákvæðin um úthlutun benzinskattsins við fjárl., eins og gengið var frá þeim til fulls síðastl. nótt. Þar var samþ., eins og menn muna, að lækka tillagið til allra þeirra vega, sem nefndir eru í þessu frv., um 10%, og þarf því að samæma þetta við fjárl., svo ekki verði árekstrar. Ennfremur var sú breyt. gerð. að Siglufjarðarskarðsvegur var tekinn út af tölu þjóðvega og settur á benzínvegi, og er því lagt saman það, sem til þessa vegar var ætlað af almennu vegafé og af benzínfé, og síðan dregin 10% frá þeirri upphæð.

Ennfremur var nýr vegur tekinn úr tölu almennra þjóðvega í fjárl. og settur á benzínvegi, en það er Öxnadalsvegur. 2. brtt. n. er um það.

Þá var þannig gengið frá síðustu málsgr. 4. gr. frv. í Nd. — en eins og málsgr. hljóðaði í frv. var *hún hrein endileysa að máli til, og* þurfti því undir öllum kringumstæðum lagfæringar við —, að hugsunin í málsgr. eins og Nd. gekk frá henni var sú, að ef afgangur yrði af benzínfénu, þegar framlag til vega, sem ákveðið er, væri greitt, þá skyldi verja 5 þús. kr. til vegar frá Suðurlandi til Norðurlands. Nú er auðvitað ekkert nema gott um það að segja, þó 5 þús. kr. yrði varið í þessu skyni framyfir það, sem nú er gert. En meiri hl. n. lítur samt svo á, að ef þingið hefði viljað taka þetta upp, þá hefði það átt að vera sem einn stafl. í 4. gr., en ekki orða þar eins og það er gert. Í fjvn. er gengið frá þessu, og að okkar áliti einnig í þessu frv., sem samkomulagi fyrr á þinginu, hvað til hvers vegar eigi að fara af benzínfé, og að fara nú að bæta við nýjum vegi, algerlega dulbúnum, það teljum við ekki rétt. Að vísu virðist minni hl. n. líta nokkuð öðrum augum á þetta, því hann ber fram brtt. á þskj. 561, en þar er sennilega sama hugsun og var í síðustu málsgr. 4. gr. eftir að Nd. hafði um frv. fjallað. Munurinn er aðeins sá, það skal ég viðurkenna, að till. hv. 1. þm. Reykv. er í alla staði rétt flutt og frambærileg, en hitt var alls ekki hægt að láta standa í lögunum.

Það er þá till. meiri hl. n., að till. á þskj. 553 verði samþ. eins og þær liggja fyrir, og annað ekki, því við teljum það eitt í samræmi við það, sem fjvn. og Alþ. í heild hafa gengið frá *fjárveitingum til einstakra vega.*

Aftur á móti álít ég, að ef brtt. á þskj. 561 væri samþ., þá kæmist ruglingur á þetta, sem ég álít ekki rétt að gera á þessu stigi málsins, án þess að ég vilji á nokkurn hátt mæla á móti till. út af fyrir sig, og það hefði e. t. v. verið rétt að koma því inn í málið fyrr, að *tekinn væri upp sérstakur stafl. í gr. um sama* efni og till. fjallar um.

***Magnús Jónsson:** Hv. frsm. n. hefir leiðrétt þann misskilning, sem brtt. á þskj. 553 kann að hafa gefið tilefni til, sem sé að n. stæði öll bak við þessa till., sem flutt er í hennar *nafni. Ég lýsti því strax yfir á fundinum*, að ég væri þessu ekki sammála hvað viðvíkur 3. till., og skal ég ekki tala meira um það, þar sem hv. frsm. hefir þegar skýrt frá þessum ágreiningi.

Um fyrstu till. er ég sömu skoðunar og n. að því leyti, að ég er því andvígur, að farið sé *inn á þá braut að skipta benzínfénu í marga* staði, svo að sami reipdráttur byrji um það og um vegafé í fjárl. Ef setja á um það reglur hér, tel ég mjög heilbrigt að haga því eins og í frv. er gert, að veita það til ákveðinna vega, eða þá að það renni allt inn í ríkissjóð og verði svo veitt þaðan aftur. En til þess að fá um *þetta heillegri till.*, hefi *ég* borið fram till. um, að þessu fé verði varið til tveggja aðaltengibrauta landsins, fyrst og fremst vegarins á milli Reykjavíkur og Akureyrar og svo til Suðurlandsbrautar, sem tengir Reykjavík við meginhluta Suðurlands austanfjalls. Í samræmi við þetta hefi ég borið fram brtt., sem ekki er alveg samhljóða brtt., sem borin var upp í hv. Nd.

Ég vil benda á, að eins og frv. hefir verið prentað upp og er nú komið til okkar, hefir það verið leiðrétt, sem ég veit ekki um heimild til. Eins og hv. frsm. gat um, var till. óskapnaður eins og hún var afgr. frá Nd., en nú sé ég, að búið er að koma henni í sómasamlegt form. Það er *búið að fella niður þau orð*, sem stóðu eins og óskiljanlegt rúnaletur. Eins og frv. er nú komið til okkar, skal verja þessum 5000 kr., sem framyfir eru, til brautarinnar milli Norður- og Suðurlands, og ég hefi haldið þeirri meginreglu, að þetta fé skuli ganga til þessarar tengibrautar, en ég vissi ekki, þegar ég samdi till. mína, að frv. yrði breytt frá því, *sem* það var samþ. í hv. d. Það er tekið skýrt fram í þessari till., bæði eins og hún var borin fram í hv. Nd. og eins og ég ber hana nú fram hér, að fénu skal varið til tengibrautar milli Norður- og Suðurlands, og finnst e. t. v. mörgum þar einkennilega til orða tekið í till. minni, en það er aðeins til að slá því föstu, að þessi kafli er hluti af brautinni til Akureyrar. Ég bar fram till. um að hækka allverulega tillagið til Vatnsskarðs, en ég get einnig fallizt á, að hér sé þröskuldur, sem ástæða sé til, að nema burt, að svo miklu leyti sem hægt er. Vegurinn yfir Dragháls hefir verið ófær lengi frameftir í vor, en ef á að reyna að halda leiðinni til Norðurlandsins sem lengst opinni, þá er nauðsynlegt að breyta þessum vegi, því *hann* getur legið með sjó fram, þar sem hann verður eins lengi fær og nokkur vegur í byggð. Það er augljóst, að framtíðarvegurinn til Norðurlands verður að liggja þar um, hvort heldur farið verður á landi alla leið til Reykjavíkur, sem að vísu tekur nokkru lengri tíma, eða að vegurinn endar í Borgarnesi, eða á Akranesi. *Ég skal ekki fara* að blanda mér inn í það, hvort hann eigi að enda í Borgarnesi, Akranesi eða Reykjavík, en ég veit, að menn vilja hafa sem stytzta sjóleið, og það munar miklu, hvort endastöðin er í Borgarnesi eða á Akranesi. Með hraðskreiðum bát er ekki nema ¾ stundar ferð til Akraness, og það er leið, sem alltaf má fara án *tillits til sjávarfalla*, en leiðin til Borgarness er mun lengri og ýmsum ókostum búin, eins og allir vita. Ég hefði getað fallizt á það fyrir mitt leyti, ef brúa á verstu torfærurnar á leiðinni norður, að leggja í að gera þennan veg kringum Dragháls sem fljótast, eða að fullgera það, sem þegar hefir verið lagt af honum.

Hv. frsm. sagði, að ekki væri nema gott um þetta að segja, og ég vænti, að hann sé ekki á móti því, sem hann álítur gott málefni, og geti því fallizt á að veita nokkrum hluta fjárins til þessa vegar.

Hv. frsm. sagði, að ef ætti að taka upp þennan veg, ætti að taka hann upp við hliðina á öðrum vegum. Þar er ég á öðru máli. Með þá vegi, sem teknir eru upp undir tölul. þskj., er gengið út frá, að benzínféð meira en nægi til þeirra og afgangnum svo ráðstafað. Sá er munurinn, að afganginum er aðeins ráðstafað til Suðurlands-

brautarinnar, í stað þess að hinum vegunum eru ætlaðar ákveðnar upphæðir, en þetta hefir engin áhrif á það, sem í fjárl. stendur um þetta, ekki heldur þessi 5 þús. Verði t. d. ekki nema 2000 kr. afgangur, þá kemur það ekki fjárl. við, þótt þeim sé ráðstafað eftir minni till., svo óhætt er fyrir hv. þm. að samþ. hana upp á það, að hún rekst ekki á fjárl.

Án þess að ég ætli að fara að gera þetta að nokkru kappsmáli, vil ég mæla með, að till. mín verði samþ. og þar með samþ. að verja þessu fé til aðaltengibrauta landsins, en ég er á móti því, að mgr. verði látin standa óbreytt, eða að brtt. n. verði samþ.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég skal geta þess, að það er fyrst nú, sem mér barst frv. í hendur eins og það var prentað upp eftir að það var samþ. í hv. Nd., og er það rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að síðasta mgr. 4. gr. frv. hefir verið leiðrétt við uppprentunina, og er nú full meining í henni. Þegar fjhn. hafði málið til meðferðar, var ekki búið að endurprenta frv. og varð n. því að fara eftir brtt. eins og hún var samþ. í hv. Nd. eftir 3. umr. þar, og miðaði n. brtt. þá, sem hún hefir samþ. við frv., þannig, þótt skrifstofa Alþ. hafi lagað það við endurprentunina. Eins og frv. er nú, er hægt að láta þessa síðustu mgr. standa óbreytta.

Ég er hv. 1. þm. Reykv. sammála um ýmislegt af því, sem hann sagði, og það kom fram hjá mér þegar við 2. umr. þessa máls hér í hv. d., að ég er ekki ánægður með þá tilhögun, sem hér er höfð. Ég tel afaróheppilegt að hafa togstreitu um þetta fé á þremur stöðum í þinginu, í báðum d. og í Sþ. og þar með í fjhn. deildanna og fjvn. Mér finnst sá ágreiningur, sem hér er orðinn á síðasta stigi málsins m. a. sanna, að í þessum l. ættu aðeins að vera upphæðir, sem ætlaðar eru til nýrra vega, en skipta fénu að öðru leyti í fjárl. Ágreiningurinn hér í þessari hv. d. er um það, að ég álít, að skipti á þessu fé séu þegar framkvæmd og það væru einskonar samningsrof að fara að breyta því nú. Hv. þm. hélt því fram, að það væri ekki það sama að samþ. till. hans og að taka upp nýjan stafl. undir 2. tölul. 4. gr., vegna þess að þetta kæmi ekki til greina nema því aðeins, að afgangur yrði af þeim fjárveitingum, sem þegar eru ákveðnar af benzínskattinum, en það er nokkurnveginn víst, að benzínskatturinn verður hærri en 285 þús. kr., og því er sama að samþ. till. hv. 1. þm. Reykv. og að taka upp nýjan stafl., þótt formið sé ekki nákvæmlega sama, það er 5 þús. kr. fjárveiting í vegi einhversstaðar á leiðinni frá Suður- til Norðurlands, sem Alþ. er að samþ. Það er búið að ákveða, hvernig afganginum skuli skipt og hvað eigi að fara í hvern veg, og álít ég það vera hálfgert að fara aftan að mönnum að breyta því á þessu stigi málsins.

Hv. þm. fannst ég eiga að vera með þessu af því, að ég teldi það gott mál í sjálfu sér. Sannarlega tel ég gott, að fénu sé varið til nauðsynlegra framkvæmda, en maður verður oft að neita sér um það, sem gott þykir. Síðastl. nótt greiddi ég hiklaust atkv. gegn fjárveitingum til míns héraðs, ekki af því, að ég vildi ekki, að fé væri veitt þangað, heldur vegna þess, að hefðu slíkar till. verið samþ., hefðu fjárveitingar til míns héraðs farið langt fram úr því, sem önnur héruð hefðu fengið, svo úr því hefði orðið hið fyllsta ranglæti. Sömu augum lít ég á þetta. Það hefir verið gengið út frá þeirri skiptingu vegafjár, sem í fjárl. er ákveðin, og álít ég ekki viðeigandi að fara að breyta því nú. Tel ég, að frv. eigi að samþ. með þeim breyt., sem greinir á þskj. 553, en get sagt eins og hv. 1. þm. Reykv., að ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli, en bendi aðeins á það, sem rétt er í málinu eins og það nú horfir við, og mun ég ekki fara að deila um þetta.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingsins til að stæla um þetta eina atriði, sem við hv. 1. þm. Eyf. erum ósammála um. Mér virðist þetta mjög einfalt. Hv. 1. þm. Eyf. telur, að Alþ. sé búið að ráðstafa afgangsfénu. Nei, það er ekki búið að gera það. Búið er að ráðstafa því almenningsfé, sem fara á til vegamála, en ekki þessum afgangi af benzínskattinum. Deilan er ekki um annað. Þetta fé á að ganga til Suðurlandsbrautar eða skiptast milli Suðurlands- og Norðurlandsbrautar. Um þetta er ekkert í fjárl. Hv. þm. getur gengið inn á þessa skiptingu, og því ætti hann þá að greiða atkv. móti því, að fé væri veitt til hans fjórðungs? Ég mun geta litið á þetta nokkurnveginn hlutdrægnislaust, þar sem báðir vegirnir liggja út frá Reykjavík.

Ég skal ekkert segja um nein samningsrof. Má vera, að hv. 1. þm. Eyf. og hans flokksmenn hafi gert einhverja samninga um þetta fé, en ég er þar óbundinn og get haldið fram minni skoðun og gert mínar till. um ráðstöfun þessa fjár eftir sannfæringu minni.

Ég er sammála hv. 1. þm. Eyf. um, að afgangurinn mun áreiðanlega nema meiru en þessum 5 þús., og þá hlýtur sá afgangur að koma til ráðstöfunar.

***Páll Hermannsson:** Ég vil benda á í sambandi við niðurlag 4. gr. frv. og brtt. á þskj. 561, að ég efast um, að þægilegt verði að framkvæma þau fyrirmæli, sem þar eru, sem sé um að verja af afgangi benzínfjár 5 þús. kr. til brautarinnar á Suðurlandi. Mér skilst, að það verði ekki fyrr en í árslok 1939, sem það sézt, hver benzínskatturinn verður, og þess vegna gæti orðið hæpið að ákveða þetta fé til ákveðinna vega, því ég lít svo á, að hér sé verið að ákveða það fyrir árið 1939. Svo er komizt að orði um það, sem ganga á til Suðurlandsbrautarinnar, að það skuli ganga þangað 1940. Vil ég því spyrjast fyrir um, hvernig brtt. er hugsuð. Sé hugsunin sú, að það skuli ganga til tengibrautanna 1940, vil ég láta taka það fram, en sé ætlazt til, að vinnan verði framkvæmd 1939, finnst mér geta orðið hæpið, hvort vinnan framkvæmist eða ekki, því ekki mun upplýst fyrr en um áramót, hvort þessi afgangur verður fyrir hendi.

*Magnús Jónsson: Það er rétt athugað hjá hv. 2. þm. N.-M., að ákvæðin eru ekki alveg eins í þessum tveimur tilfellum. En ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. fái önnur eins vandamál úr að ráða eins og það, hvernig fara á með þetta mál, verði það samþ. Ég geri ráð fyrir, að seinni hluta sumars verði komið í ljós, hvort ekki verður alltaf 5 þús. kr. afgangur, og þá er óhætt að leggja í þessar framkvæmdir, og ef þetta upplýstist ekki fyrr en eftir áramót og tíð þá ekki svo einmuna góð, að hægt sé að vinna þetta um háveturinn, held ég, að meira segja ég, sem stjórnarandstæðingur, yrði að trúa ríkisstj. fyrir að geyma féð. Framkvæmdirnar við Suðurlandsbrautina eru bundnar við 1940 vegna þess, að fyrr verður ekki séð, hver afgangurinn verður í heild, en ég geri ráð fyrir, að jafnóðum og sézt, hver hann er, verði tekið af honum til vinnunnar, eftir að 5 þús. hafa verið teknar fyrst. Tel ég ákvæðið um 1940 raunar óþarft í niðurlagi gr.

Ég álít, að þessi aths., sem er í sjálfu sér rétt, muni alls ekki valda örðugleikum.

ATKVGR.

Brtt. 553,1 samþ. með 12:1 atkv.

— 553,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

— 561 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, JJós,MJ, ÞÞ, ÁJ, EÁrna.

nei: BSt, ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ.

BrB greiddi ekki atkv.

1 þm. (BSn) fjarstaddur.

Brtt. 553,3 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, ErlÞ, HermJ, IngP.

nei: ÞÞ, ÁJ, GL, MJ.

BrB, JJós, EÁrna greiddu ekki atkv.

2 þm. (BSn, JJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 566).

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég sé á þessu frv. eins og það kemur nú frá Ed., að það hefir verið felld úr því brtt., sem samþ. var hér í d., um það, að verja mætti, ef tekjur af benzínskattinum færu fram úr því, sem ákveðið er að verja til þeirra vega, sem nefndir eru í frv., 5 þús. kr. til Norðurlandsvegar, eða eins og till. var upphaflega orðuð frá mér, til tengibrautar á milli Norður- og Suðurlands, á veginum vestan undir Hafnarfjalli. Ég verð nú að segja það, að mér finnst þetta allmikil frekja og ósanngirni, sem fram kemur í því hjá Ed., að fella þessa till. úr frv. Síðan á árinu 1929 er ekki ætlazt til, að eytt sé af benzínfé í Norðurlandsveginn, nema aðeins einn einasta stað, Stóravatnsskarð. Á allri þessari leið, sem er mjög mikið ekið á, ber að vinna að því að gera þennan veg sæmilega úr garði, miðað við þá umferð, sem á honum er nú orðin allan ársins hring. Samt sem áður er ekki gert ráð fyrir því, að einum einasta eyri af því mikla fé, sem kriað er inn af öllum þeim, sem benzín nota til bílaaksturs í landinu, skuli varið til þessarar brautar, eins og ástatt er með hana, heldur eigi að ráðstafa afganginum, sem vitað er að muni vera allmikill, til eins einasta vegar, sem er Suðurlandsbrautin, sem auðsjáanlega er fullkomin ástæða til að sinna. En hitt finnst mér frekasta ósanngirni og reginhneyksli, að fara svo að sem gert er í þessu máli. Mér skilst á þeim umr., sem fram hafa farið í Ed., að þetta byggist á einhverju samkomulagi, sem orðið hefir milli stjórnarfl. áður en ráðh. sósialista var dreginn úr stj. og þeir sögðu sundur með sér, stjfl., loflegrar minningar, sem stóð þó ekki lengi. Þessi samningur hefir sjálfsagt verið endurnýjaður, þegar þeir tóku aftur höndum saman. En slíkur samningur sem þessi stríðir gersamlega á móti allri sanngirni og eðlilegum ráðstöfunum þessa fjár. Þetta er vitanlega mjög í meinum, eins og margt í þeirra hneykslanlegu sambúð er. Um það tjáir ekki að tala. En ég vildi ekki láta þetta fara svo framhjá, að ekki væri bent á, hvaða ósanngirni þeir voru að fremja, þegar þeir voru að fella þessa till. úr frv. í gær, og þjóna þannig þessu samkomulagi milli flokkanna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 588).

9. Gerðardómur í togarakaupdeilu.

Á 23. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um, að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð (þmfrv., A. 94).

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þetta frv. er tilraun til þess að leysa þá deilu, sem nú er milli botnvörpuskipaeigenda og sjómanna á þeim skipum. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir deila þessi staðið síðan um síðustu áramót, og það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að ná sáttum í deilunni. Fyrst og fremst var það verk unnið af sáttasemjara ríkisins, sem reyndi að sætta deiluaðilja með þeim árangri, að hann lagði fram till., sem fulltrúar aðilja, sjómanna annarsvegar og útgerðarmanna hinsvegar, treystu sér ekki til þess að mæla með við sína umbjóðendur. Eftir að sáttasemjari hafði á þennan hátt gefizt upp við að leysa deiluna með sáttum skipaði ríkisstj., svo sem kunnugt er, þriggja manna nefnd, sem hæstiréttur útnefndi, til þess að leita áframhald-

andi sætta í deilunni milli þessara aðilja, og var sáttasemjari ríkisins formaður þeirrar nefndar. Þessi nefnd starfaði rúman vikutíma og leitaði sátta meðal aðilja, en þær sáttatilraunir enduðu á þann hátt, sem kunnugt er, að sáttasemjari lagði fram í samráði við nefndina sáttatill., sem var felld af sjómönnum með nokkrum atkvæðamun. Já sögðu 226, en nei 284. Útgerðarmenn samþ. till. með skilorði, og ég ætla ekki að fara inn á það, hvort líta ber á svar útgerðarmanna sem samþykki eða ekki. Samkvæmt þeim l., sem fjalla um sáttaumleitanir í vinnudeilum, er svo fyrir mælt, að svara beri spurningum játandi eða neitandi, og það er ekki ætlazt til, að hægt sé að setja skilorð með þeim svörum. Eftir að málið hafði þannig strandað, fekk ég bréf frá sáttasemjara, þar sem hann skýrir mér svo frá í niðurlagi þess bréfs, að hann telji ásamt nefndinni, áframhaldandi sáttatilraunir í málinu þýðingarlausar, og það verður að líta svo á, að þessi alvarlega deila sé í raun og veru komin á það stig, að áframhaldandi sáttatilraunir í málinu séu þýðingarlausar. Vegna þess virðist ekki vera um nema tvennt að velja, þegar saltfisksvertíðin, einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, er nú byrjuð; annarsvegar að halda áfram sáttatilraunum um óákveðinn tíma, vitandi það, að allar líkur eru til þess, að vertíðin tapist að miklu leyti eða öllu leyti, eða hinsvegar, að Alþ. grípi inn í og reyni að ráða þessu máli til lykta. Ég get í þessu sambandi upplýst það, að einmitt nú í morgun bárust mér þær fregnir, að það liti út fyrir, að fiskur væri kominn á aðalstöðvar togaranna, og það er þess vegna fyrirsjáanlegt, að lausn þessa máls getur ekki beðið, nema því aðeins, að af því hljótist stórkostlegt tjón fyrir alla þjóðina og fyrst og fremst fyrir þau bæjarfélög, sem eiga hlut að máli. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir þessari hv. þd., hve geysilegt þetta tjón mundi verða, ef saltfisksveiðarnar stöðvuðust. Við vitum, að af því mundi leiða atvinnuleysi fjölda sjómanna og fólks í landi, en afleiðingarnar af því mundu verða skortur í bæjunum, aukning sveitarþyngslanna, sem erfitt yrði fyrir bæina að rísa undir, ef ekki ókleift, og jafnframt mundi þetta valda þjóðinni tapi á erlendum gjaldeyri svo millj. skipti, sem við megum sannarlega sízt án vera á þessum erfiðu tímum. Ennfremur kostar það þjóðina stórfé að láta þessi dýru atvinnutæki liggja ónotuð, og að lokum mundi það sennilega valda því, að við töpuðum að nokkru leyti markaðssamböndum, þar sem við eigum í samkeppni við nágrannaþjóðirnar um saltfisksverzlun, vegna þess að við gætum ekki fullnægt eftirspurninni nú á þessu ári, og keppinautarnir mundu þess vegna komast inn í markaðssamböndin í okkar stað. Tjónið, sem af þessu leiddi, yrði svo stórkostlegt, að ég er þeirrar skoðunar og sá flokkur, sem ég er fyrir, að Alþ. geti ekki látið þessi mál afskiptalaus og beri skylda til þess að reyna að ráða þeim til lykta, og það nú þegar, við höfum sýnt fyllstu þolinmæði og gert þær ýtrustu tilraunir til sátta, sem mögulegt er að gera. Ég viðurkenni, að samningsréttur einstaklinganna í þessu máli, eins og öðrum málum, er mikils virði, og hann ber að viðurkenna sem almenna reglu, en það getur verið um svo alvarlega deilu að ræða, sem hefir svo alvarlegar afleiðingar fyrir heildina, að þessi samningsréttur verði að víkja fyrir hagsmunum heildarinnar, sem eru stærri í þessu tilfelli heldur en samningsrétturinn. Því er þess vegna á engan hátt lýst yfir, heldur þvert á móti, með flutningi þessa frv., að ekki beri framvegis sem hingað til að virða samningsréttinn, en ég hefi sýnt fram á það með nokkrum rökum, að hér er um svo sérstakt mál að ræða, að í þessu sérstaka tilfelli verður samningsrétturinn að víkja fyrir enn meiri nauðsyn. Ég get líka bent á það, að einmitt meðal þjóða, sem virða samningsréttinn meira heldur en flestar þjóðir aðrar, og einmitt meðal flokka í þessum löndum, sem telja sig virða þennan samningsrétt deiluaðilja í kaupgjaldsmálum alveg sérstaklega, hefir orðið að grípa til samskonar aðgerða í svipuðum málum, þar sem talið er, að hin almenna regla um samningsrétt verði að víkja fyrir hinni stóru nauðsyn, sem getur borið að, þegar alvarlegar og sérstakar deilur eru á ferðinni, sem mundu verða þjóðfélaginu hættulegar og jafnvel ofurefli, ef þær væru látnar halda áfram óleystar. Ég get í þessu sambandi bent á það, að t. d. í Noregi, þar sem alls ekki hefir verið gengið inn á þá reglu að lögleiða gerðardóm sem almenna reglu til þess að skera úr kaupdeilum, voru 1919, í alvarlegri deilu, sett samskonar l. og hér er lagt til. Þau voru þá sett á þann hátt, að verkamenn í Noregi beittu sér sérstaklega á móti þeim. Þannig var þá ástatt í þinginu, að kommúnistar höfðu talsvert mikið fylgi í þinginu, og bæði jafnaðarmenn og kommúnistar beittu sér á móti l. Það var kallað saman sambandsþing þessara flokka, til þess að skera úr, hvort þeir ættu að tilnefna mann í dóminn, og það var samþ., að þeir gerðu það og hlýddu landslögum, og jafnframt var ákveðið, að það kaup, sem goldið var, þegar l. voru sett, skyldi gilda þangað til gerðardómurinn kvæði upp sinn dóm og tæki jafnframt ákvörðun um, hvort kaupið ætti að hækka. Það sýndi sig, þegar gerðardómurinn kvað upp sinn dóm, að verkamenn voru ánægðir með dóminn, og síðar, þegar samskonar l. voru sett 1920, þá var það gert með atkv. kommúnista og jafnaðarmanna gegn atkv. atvinnurekenda. Nú fyrir fáum dögum gerðust þau tíðindi í Noregi, að það kom þar upp alvarleg flutningadeila, sem hefði getað haft það í för með sér, að flutningar til Lofoten hefðu stöðvazt, en það hefði haft þær afleiðingar, að Lofoten-veiðin hefði stöðvazt að miklu eða öllu leyti. Eftir að leitað hafði verið sátta, eins og hér hefir verið gert í þessu máli, samþ. þing Norðmanna með öllum atkv. þm. úr öllum flokkum að setja gerðardóm, sem þessi l., sem hér er lagt til að setja, eru sérstaklega sniðin eftir. Þau rök voru færð fram fyrir setningu gerðardómsins, að stöðvun Lofoten-veiðanna væri svo alvarleg tíðindi fyrir norsku þjóðina, að ekki væri hægt að komast hjá því að setja gerðardóm um þetta atriði og leysa deiluna þegar í stað, og það var gengið lengra

í þessum gerðardómi, því að það var jafnframt ákveðið, að allar deilur, sem kynnu að rísa út af þessum flutningum, skyldu einnig afgerðar með gerðardómi. Það má jafnframt benda á það, að í Danmörku hafa „radikali" flokkurinn og jafnaðarmannaflokkurinn einnig sett samskonar l. 1933, 1934 og 1936. Þá voru uppi alveg sérstaklega alvarlegar atvinnudeilur, sem jafnaðarmenn og hinir „radikölu", sem vinna saman um ríkisstjórn í Danmörku, töldu sér skylt að setja löggjöf um vegna þess, hvað áframhald deilunnar hefði reynzt alvarlegt fyrir hina dönsku þjóð. Alveg sama má benda á í Frakklandi, þar sem sama leið hefir verið valin undir svipuðum kringumstæðum. Ég bendi á þetta til þess að sýna, að allar þessar þjóðir, og reyndar fleiri, sem viðurkenna samningsrétt aðilja í þessum málum, og flokkar, sem viðurkenna samningsréttinn alveg sérstaklega, hafa orðið að grípa til þess í alvarlegum vinnudeilum, sem fyrirsjáanlegt var, að hættulegar voru fyrir þjóðfélagið, að brjóta þessa almennu reglu, láta hana víkja fyrir þjóðarnauðsyninni, þó að ekkert sé fjær þessum þjóðum heldur en að viðurkenna gerðardómsleiðina sem hina almennu leið til þess að leysa kaupdeilur. Ég vil benda á það, að þegar nú er gripið til þess að fara þá leið, sem hér um ræðir, er ekki ætlazt til þess, að hún verði notuð sem almenn leið í slíkum málum, en ég álít, að eins og á stendur, sé ekki aðeins til þess fullur réttur, ef litið er á málið frá því sjónarmiði, að hinir smærri hagsmunir verði að víkja fyrir hinum stærri, heldur knýjandi nauðsyn. Og ég vil fullyrða, að í öllum þeim tilfellum, sem settir hafa verið gerðardómar meðal þeirra þjóða, sem ég hefi nefnt, gildir það, að fá þeirra eða ekkert hafa verið jafnalvarlegar kaupdeilur eins og þessi deila er fyrir okkur. Það má m. a. benda á það, að þetta seinasta tilfelli, sem leyst hefir verið á þennan hátt hjá Norðmönnum, Lofoten-veiðarnar, eru ekki nema lítið brot af því fyrir norsku þjóðina, sem saltfisksveiðarnar er fyrir okkur Íslendinga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að færa fram öllu fleiri rök fyrir nauðsyn þessa máls og ekki til þess að fara inn á einstakar gr. frv., sem heldur ekki á við við 1. umr.

Það má vera, að hægt sé að benda á einhverja aðra leið í þessu máli. Að sjálfsögðu megum við ekki meðhöndla þetta mál hér á þingi á svipaðan hátt og kaupdeilur. Það verður að reyna að flýta fyrir málinu, og ég vil óska þess, að allir flokkar þingsins hjálpi þar til. Og ég vil vænta þess, að allir flokkar megi festa sér svo vel í huga alvöru þessa máls og nauðsynina á lausn þess, að þeir geti orðið sammála um að ráða fram úr því. Ég álít, að það sé aldrei ástæða til að óska eftir því og vænta þess af þm., að þeir taki á málum án pólitískra skoðana, ef það er ekki nú, þegar um svona alvarlegt mál er að ræða. Og ég vil að óreyndu vænta þess, að það verði gert. Ef unnt er að benda á einhverja aðra leið til lausnar málinu, án þess að töf hljótist af, er ekki nema sjálfsagt að taka allt slíkt til athugunar.

Með þessum orðum vil ég óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., því að ég tel æskilegt, að það þurfi ekki að vísa því til n. En ef það hinsvegar yrði gert, móti von minni, vil ég benda á það, að þeir, sem það gera, verða vitanlega að taka ábyrgðina af þeirri töf á sig, og ég vil þá óska þess, að n. afgreiði það á örstuttum tíma, þannig að það yrði hægt að halda áfram umr. um málið hér á þingi í dag.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að eins og sakir standa nú, verður að telja, að það sé vonlaust um að ná árangri með áframhaldandi sáttatilraunum, að því er snertir kjör sjómanna á saltfisksveiðum, og tel, að ekki verði hjá því komizt, að Alþingi láti málið til sín taka og reyni að finna þannig lausn á því, að tryggt sé, að skipin fari út á veiðar.

Ég er hæstv. forsrh. sammála um það, að hér er um meiri voða að ræða en svo, að Alþingi geti látið það afskiptalaust, að togararnir stöðvist mikinn hluta saltfisksvertíðarinnar eða kannske allan tímann. Um þetta er enginn ágreiningur milli mín og hæstv. forsrh. Hitt er aftur á móti ágreiningur um á milli mín og hans, á hvern hátt sé eðlilegast og heppilegast, að þingið geri tilraun til þess að leysa þetta mál. Alþfl. telur, að sú leið, sem upp á er stungið í frv. hæstv. forsrh., sé ótæk með öllu, eins og ástatt er. Alþfl. er yfirleitt mótfallinn lögskipuðum gerðardómi, sem ákvæði kaup og kjör og slíkan hagsmunaágreining aðiljanna. Verkalýðsfélagsskapurinn treystir yfirleitt ekki þeirri hlutlausu aðstöðu, sem á að ráða í dóminum, eins og þjóðfélagsmálum er nú háttað í flestum tilfellum. Það skal játað, að þetta er nokkuð breytilegt sumsstaðar, eftir því hvernig áhrif og valdaaðstaða verklýðsflokkanna er í ýmsum löndum. En yfirleitt er enginn ágreiningur um það innan Alþfl., að eðlilegast og heppilegast sé að aðiljarnir sjálfir ráði málunum til lykta, og því aðeins beri að skerast í leikinn, að fullkomlega brýn og óhjákvæmileg þjóðarnauðsyn krefjist að það sé gert. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að svo sé ástatt hjá okkur nú, að ekki sé unnt fyrir þingið að láta málið afskiptalaust lengur, og er ég sammála hæstv. forsrh. um það. En hvernig skuli á þessu tekið, eru skiptar skoðanir um.

Áður en ég vík að því, hvaða leið ég álít heppilegasta, skal ég minnast á nokkur atriði í ræðu hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. sagði, að nú alveg nýlega hefði verið lögboðinn gerðardómur slíkur sem þessi í Noregi, að tilhlutun stj. þar, og þetta frv. væri sniðið eftir þessari norsku löggjöf. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að því er snertir frv. það, sem hér liggur fyrir, og lögin norsku. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hæstiréttur skipi 3 menn af 5 í dóminn og hafi þannig oddaaðstöðuna, og ekki einungis það, heldur líka meiri hl. Í Noregi er þetta þannig, að forsrh. eða ríkisstj. skipa 3 menn, eða meiri hl. dómsins. Nú er svo ástatt í Noregi, að verkalýðsstj. fer þar með völd. Forsrh., sem skipar dóminn, er úr flokki verkamanna, og því er eðlilegt, án þess að ég vilji nokkurt styggðaryrði mæla til hæstv. fors-

rh., að meira traust sé borið af hálfu verkalýðsins til þessa dóms en hér myndi verða til hæstaréttar. — Þá drap hæstv. forsrh. einnig á, að það hefði verið lögboðin gerð í Danmörku árið 1933, þegar stórdeilan var á milli atvinnurekenda og verkamanna. Hafi þetta verið misskilningur hjá mér, bið ég hæstv. forsrh. afsökunar. En þetta er ekki rétt. Árið 1933 var stór deila uppi í Danmörku. Atvinnurekendur kröfðust launalækkunar allt að 20%, en verkamenn vildu halda samningana, sem þá giltu, óbreytta. Þessi deila var leyst með gerðardómi, en á þann hátt, að það var lögboðin framlenging á þeim samningum, sem áður giltu.

Ef til þess er gripið að setja gerðardóm eða ákveða á annan hátt með l. um lausn slíkrar deilu og þessarar, þá er það tvennt að minni hyggju, sem fyrst og fremst verður að gæta: Annað, að fara hvergi feti framar í þessum efnum en hin brýnasta og mest aðkallandi nauðsyn heimtar, og að grípa á engan hátt fram fyrir hendur aðiljanna sjálfra eða draga úr samkomulagi. Ég viðurkenni, að þetta mál er orðið svo aðkallandi, að því er saltfisksveiðarnar snertir, að þingið getur ekki látið það afskiptalaust. En ég mótmæli, að þetta eigi við, að því er snertir aðra veiði ársins. Síldveiðarnar hefjast ekki fyrr en í júní og ísfisksveiðarnar síðar á árinu. Hvað liggur á því nú í marzmánuði að fara að lögskipa gerðardóm til þess innan tveggja daga eða svo að ákveða kaup á síldveiðum í sumar og ísfisksveiðum í haust? Er ekki sjálfsagt og eðlilegt að láta aðiljana nota þennan tíma til þess að reyna að komast að samkomulagi og grípa ekki til þessa, fyrr en fullreynt er, að aðrar leiðir eru ekki færar? Ég álít, að hér sé gengið lengra en verjandi er. Það er aðkallandi nauðsyn að gera þessar ráðstafanir, að því er snertir saltfiskinn, en ekki í augnablikinu að því er snertir aðra veiði togaranna.

Önnur krafa, sem verður einnig að gera til þess, að slíkar aðgerðir sem þessi geti verið réttmætar, er það, að sterkar líkur séu til þess, að þær nái tilætluðum árangri og verði raunveruleg lausn, í þessu tilfelli að togararnir fari á veiðar. Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hann hefir sterkar líkur fyrir, að svo myndi verða, ef þetta frv. yrði að l., og hvaða ástæður hann hefir til þess, að byggja sér slíkar líkur? Það, sem fyrir liggur í þessu máli, styður ekki að því, að svo myndi verða. Það, sem fyrir liggur, er, að útgerðarmenn sögðu um till. sáttasemjara, að þeir samþ. hana að vísu, en því aðeins þó, að Alþingi og bæjarstj. verði við þeim kröfum, sem þeir gera um fjárstuðning frá þessum aðiljum. Hér er algerlega gengið á snið við ákvæði l. um það, hvernig eigi að greiða atkv. um till. sáttasemjara, til þess að koma fram þessari kröfu. Deilan verður ekki leyst, því að eftir er að kljást við Alþingi og bæjarstj. um það, hvaða stuðning útgerðin fái. Telur hæstv. forsrh. að með því að samþ. þetta frv. sé þetta atriði leyst?

Við skulum líta á hinn aðiljann. Till. sáttasemjara hafa verið felldar. Ég ætla, að 45% hafi samþ. þær, en 55% verið á móti. Allar líkur eru til þess, að niðurstaða gerðardóms yrði ekki fjarri till. sáttasemjara. Telur hæstv. forsrh. líklegt, að sjómenn vilji una slíkum dómi, þar sem í viðbót við óánægjuna með kaupið og kjörin hlýtur að bætast óánægja með þá skipun mála, að það sé ákveðið af lögákveðnum gerðardómi, hvað kaupið skuli vera. Sjómennirnir óttast, að með því að viðurkenna gerðardóminn, gefi þeir höggstað á sér og að það verði lagt þannig út, að þeir fallist á, að mál séu leyst á þennan veg. Þeir óttast, að þessi leið verði notuð síðar, þegar verulega skerst í odda milli sjómanna og útgerðarmanna.

Ég verð því að telja, að enn sem komið er, a. m. k. hafi hæstv. forsrh ekki fært fram nægar líkur fyrir því, að með því að samþ. þetta frv. yrði tryggð skjót lausn málsins, og enn síður fært rök fyrir því, að nokkur aðkallandi nauðsyn sé fyrir hendi, að því er snertir síldveiði og ísfisksveiði síðar á árinu.

Þetta eru þær meginástæður, sem valda því, að Alþfl. getur ekki fallizt á þetta frv., en hann viðurkennir, að það er ómögulegt fyrir þingið að láta málið afskiptalaust.

Alþfl. hefir á þskj. 96 bent á sína lausn í málinu, og það frv. tryggir skjóta lausn. Um leið og það er orðið að l., er málið að fullu leyst og kaupið ákveðið. En verði hinsvegar frv. hæstv. forsrh. samþ., tekur það a. m. k. nokkra daga fyrir dóminn að ákveða kaupið. Og þetta ekki sízt, ef þess er gætt, að hæstiréttur, sem á að skipa meiri hl. dómsins, hefir þegar nefnt menn í sáttanefnd, og sennilega myndi enginn af þeim geta talizt hlutgengur til þess að taka sæti í dóminum. Það hlyti því að verða menn, sem væri ókunnugt um þetta mál eða hefðu ekki nægilega þekkingu á því. Ég fæ því ekki betur séð en óhjákvæmilegt væri, að dómurinn sæti nokkra hríð á rökstólum. Slík töf yrði ekki, ef frv. Alþfl. yrði samþ.

Í öðru lagi álít ég, að engin ástæða sé til þess að setja l. um gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör síðar á árinu, sem enginn veit, hvort deilur rísa út af. Þar álít ég, að sé gengið lengra en réttmætt er, eftir því sem á stendur. Okkar till. er því sú, að í stað þess að setja á laggirnar gerðardóm, sem dæmi um kaupið allt árið, verði lögfest till. sáttasemjara, að því er snertir kaup og kjör á saltfisksveiðum. Síðan hlutist ríkisstj. til um, að sáttatilraunir haldi áfram, í von um góðan árangur, og viðurkenni þannig rétt aðiljanna. Náist samkomulag, fellur niður hið lögboðna kaup.

Ég fæ ekki betur séð en með þessu frv. vinnist allt það, sem hæstv. forsrh. virðist hugsa sér að ná með sínu frv. Hér er hvergi gengið lengra í þessum efnum en aðkallandi nauðsyn á augnablikinu heimtar, og tel ég því meiri líkur til þess, að okkar frv. verði raunveruleg lausn á deilunni, þannig að skipin fari á veiðar. Ég hygg, að fyrir sjómennina myndi þetta frv. verða aðgengilegra en frv. hæstv. forsrh., og með því að samþ. það sé þannig tvennt unnið: í fyrsta lagi, að hvergi er gengið lengra en aðkallandi nauðsyn heimtar, og í öðru lagi, að meiri líkur eru fyrir skjótri lausn á deilunni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að þessu sinni. Ég vil þakka hæstv.

forsrh. fyrir það, að hann hefir skýrt d. frá því, að hann sé fús til að athuga hverja aðra leið til lausnar þessu máli en þá, sem felist í hans frv. Ég hefi hér f. h. Alþfl. bent á lausn, sem ég tel betri en þá, sem hann bendir á í sínu frv., og vildi ég mega vænta þess, að hann og hans flokkur gæfi því gaum. Og að lokum get ég sagt, eins og hæstv. forsrh., að verði bent á einhverjar aðrar leiðir til lausnar þessu máli, mun ég fúslega vilja athuga, hvort þær séu færar að minni hyggju og míns flokks.

***Forsrh.: (Hermann Jónasson):** Ég þarf ekki að svara þessari ræðu hæstv. atvmrh. með mjög mörgum orðum.

Það er þá fyrst viðvíkjandi gerðardóminum í Noregi. Hæstv. atvmrh. taldi, að það væri rangt, að l., sem samþ. voru í Noregi, hefðu verið hliðstæð því frv., sem hér liggur fyrir. Þetta er að því leyti rétt, að í Noregi er það forsrh., sem tilnefnir þrjá menn í gerðardóminn. En það má geta þess um leið, að af þessum þrem mönnum, sem hafa verið tilnefndir, er einn bændaflokksmaður, einn jafnaðarmaður og sá þriðji vinstri maður. Síðan tilnefna atvinnurekendur einn og verkamenn annan.

Ég þykist sjá, eftir því sem vinstri blöðin skýra frá þessu máli og tala um það, hvað mikils hlutleysis hafi verið gætt við skipun dómsins, að sennilegt er, að samkomulag hafi verið um þetta áður.

Ég get ekki séð, að það hafi við rök að styðjast, þegar kveða á upp hlutlausan dóm í máli, að annar málsaðili þurfi að hafa meiri hl. í dómnum. Ég get ekki séð nema þau einu réttu rök, að hlutlausir menn eigi að dæma í þessum málum eins og öðrum. Og ég vil ekki heyra það, að nokkrar líkur séu til þess, að hæstiréttur mundi skipa hlutdræga menn í þennan dóm. Það getur hvorugur aðilinn gert kröfu til annars en að fá hlutlausa menn og hlutlausan dóm. Allt annað væri rangt.

Viðvíkjandi þeirri deilu í Danmörku 1933, sem ég minntist á, vil ég taka fram, að það var hluti af deilunni afgerður með því að lögfesta kaupgjaldið, en hinn hluti hennar var settur í gerðardóm. Í Danmörku hefir þetta verið þannig, að formaður sáttanefndar hefir tilnefnt einn mann og fasti gerðardómurinn tvo, og þar með formanninn, en það er hann, sem ræður aðallega úrslitum í dómnum. Forsrh. þar dettur ekki í hug að gera kröfu til þess að fá að skipa í dóminn. Þannig mun það hafa verið í þeim þremur vinnudeilum í Danmörku, sem skipaður hefir verið gerðardómur í. Þetta sýnir að þarna eru hliðstæðir aðiljar látnir nefna menn í dóminn og ætlazt er til með þessu frv. að verði gert hér, þar sem er hæstiréttur.

Um þetta þarf ég ekki að segja fleira að sinni. En viðvíkjandi þeim leiðum, sem hæstv. atvmrh. benti á, að lögfesta kaupið fyrir saltfisksveiðarnar, en láta hinn hluta deilunnar eiga sig, er fyrst og fremst það að athuga, að með því er partur af deilunni og partur af till. sáttasemjara tekinn út úr, en vitanlega eru allar þessar till. gerðar í sambandi hver við aðra. Og því hefir það stóran ókost í för með sér fyrir lausn þessa máls, að taka einn þátt þess út úr og lögfesta hann. Því að vitanlega raskar það þeim till., sem hafa verið gerðar, að taka aðeins einn þátt út úr.

Í öðru lagi má benda á, að þetta væri samskonar brot á þeim frjálsa samningsrétti — sem einnig ég vil vernda —, að setja lög um að festa samningsákvæði, sem sjómannafélagið hefir þegar fellt; og ekkert liggur fyrir um, hvort það hefir fellt samningana fyrir þennan þátt eða annan. Með því að ganga inn á þá braut — fram hjá bæði atvinnurekendum og sjómönnum — og lögfesta þetta sé ég ekki betur en þverbrotin sé hin almenna regla um samningsréttinn, og þá verði aðiljar að búa við svipaðan kost eins og ef gerðardómur dæmdi.

Þá benti hæstv. atvmrh. á, að síldveiðarnar væru langt fram undan og því ekki aðkallandi að ákveða neitt um kjörin þá. — Ef svo væri, að annarhvor aðilinn, segjum sjómenn, væri ánægður með kjörin á saltfisksveiðum, en að þeir hafi fellt till. sáttasemjara vegna óánægju með síldveiðikjör, og hinn aðilinn, útgerðarmenn hafi samþykkt till. af því, að þeim líki vel sú regla, sem kaup yrði greitt eftir á síldveiðum, þótt þeim sé mjög móti skapi sú regla, sem farið er eftir á saltfisksveiðum, — og ef svo eru, að síðarnefnda aðiljanum fornspurðum, lögákveðin kjörin á saltfisksveiðum, en aðiljum eftirlátið að togast á um hitt, sjá þá ekki allir, í hvílíkt öngþveiti hér er stefnt? — Hvaða von er um, að það deilumál leysist sjálfkrafa í vor, ef ómögulegt er að leysa það nú? — Öll rök benda til, að deilan muni enn síður leysast í vor með samkomulagi. Hvað á þá að gera? — Gefa út bráðabirgðalög? Það yrði kannske eini möguleikinn, sem fyrir hendi lægi. En hvaða vissa er fyrir því, að nást mundi samkomulag um slík lög milli þeirra, sem með völdin fara? Og sjá menn ekki, hvert alvörumál og ábyrgðarhluti það væri að gefa út í sumar bráðabirgðalög um þetta viðkvæma mál, sem á að ræða fyrir alþjóð?

Eða á þá að kalla saman þing, ef deilan fæst ekki leyst áður? — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um slík óyndisúrræði og álít beinlínis rangt að tefla þannig á tvær hættur um þetta mál.

Það er spurt um, hvaða líkur séu til þess, að aðiljar muni hlíta gerðardóminum. Ég get sagt það rétt eins og er, að mér hefir ekki dottið í hug að leita fyrir mér hjá þeim, hvort þeir ætli að hlýða landslögum. Mér dettur ekki í hug að spyrja að slíku. Ég hefi bent á dæmi úr Noregi. Þegar allir aðiljar, allir flokkar, þ. á. m. kommúnistar, beygðu sig þar undir úrskurð gerðardóms, dettur mér ekki í hug, að útgerðarmenn hér og sjómenn neiti því fremur nú að hlýða landslögum. — Og hvaða líkur höfum við þá fremur fyrir því, að bráðabirgðalögum, sem stjórnin yrði að setja í sumar um síldveiðitímann, yrði hlýtt? — Og jafnvel þó að þing yrði í sumar, hvaða trygging er þá fyrir því, að lögum þess yrði hlýtt?

Í svo alvarlegu máli sem þessu verður þingið að fara þá leið, sem er réttlát. Og þingið verður að treysta því, að borgararnir hér séu ekki

ólöghlýðnari í þessu landi en öðrum. Það er það, sem ég ætla að treysta á.

Magnús Jónsson: Þetta frv. er borið fram fyrir örskammri stundu, og raunar eru það tvö frv., sem um er rætt. Það hefir ekki gefizt neitt tækifæri til að ræða þau meðal flokksmanna. Ég vildi því fyrir hönd Sjálfstfl. mælast til þess við hæstv. forseta að hann veitti nokkurt fundarhlé.

Forseti (EÁrna): Ég geri ráð fyrir, að hér eftir muni umr. einnig hljóta að snúast um frv., sem flutt er að tilhlutun hæstv. atvmrh. á þskj. 96, jafnt og um frv., sem fyrir liggur. Beiðni hv. 1. þm. Reykv. styðst við fullar ástæður, og mun ég veita nokkurt fundarhlé, að loknu svari hæstv. atvmrh.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil þakka hæstv. forseta, að hann hefir leyft að ræða frv. mitt á þskj. 96 jafnhliða þessu frv.

Hæstv. forsrh. hefir rétt fyrir sér, þegar hann segir, að verkamannaflokkurinn norski hafi ekki átt meiri hl. í gerðardómnum, sem stjórnin skipaði. Og því fer fjarri, að ég gæfi slíkt í skyn. Hvorki mér né öðrum hefir dottið í hug, að velja ætti þannig í gerðardóma, að fyrirfram mætti reikna með því, að þeir yrðu vilhallir í garð verkalýðsins. En það munar miklu, hvaða reglum er að öðru leyti fylgt við skipun dómsins og hverjir skipa hann. Í augum verklýðssamtakanna er miklu meiri trygging fyrir réttdæmi hjá gerðardómi, sem forsrh. úr þeirra flokki skipar, en verða mundi, ef hæstiréttur skipaði. Eitthvað hliðstætt mætti segja um traust og vantraust atvinnurekenda og það er skiljanleg afstaða hjá báðum.

Hæstv. forsrh. telur það höfuðgalla á frv. mínu, að það leysi aðeins part af deilumálinu. Sínum augum lítur hver á silfrið; ég tel það kost. Löggjafarvaldið á alls ekki að ganga feti lengra í þessu efni en brýnasta nauðsyn krefur. Þess vegna eru það ekki nema saltfisksveiðarnar, sem gera þarf slíkar ráðstafanir um — og nota síðan tímann, þar til síldveiðar hefjast, til að koma á frjálsum samningum.

Hæstv. forsrh. spurði, hvernig ætti að mæta árekstri, sem þá kynni að verða í deilunni. Ég vil spyrja: Hafa ekki oft risið upp deilur áður um kaup og kjör? — Er ekki hætt við, að ýmsar slíkar deilur risi í sumar, þó að þessi yrði hindruð með lögum? Hefir ekki verkamannafélagið Þróttur á Siglufirði sagt upp samningum, svo að síldveiði kunni að tefjast, ef ekki er hægt að leysa slíkar deilur nema með þvingunarlögum? — Ég er hræddur um, að ef farið er inn á þá braut að ákveða samninga með gerðardómum, veitti ekki af að hafa gerðardóm sitjandi allt árið. Ef við eigum að ganga inn á þennan hugsunarhátt hæstv. forsrh., þá ættum við að samþykkja það nú þegar. Og hvert erum við þá komnir?

Ég veit raunar, að hæstv. forsrh. er mér sammála um það, að ekki megi grípa inn í þessi mál nema í brýnustu nauðsyn og gera ekki meira að því en óhjákvæmilegt er. Við verðum auðvitað að mæta þeirri deilu í sumar, sem þá kann að vera óleyst, nákvæmlega eins og ótal deilum, sem áður hafa risið og sættir tekist um. — Sjálfur hygg ég persónulega, að búið sé að reyna svo á báða aðilja í þessari deilu, að ef togararnir fást út núna, muni hvorirtveggju hugsa sig tvisvar um að stöðva flotann aftur, áður en farið er út á síldveiðar. [Fundarhlé.]

***Magnús Jónsson:** Eins og raunar leiðir af stefnu Sjálfstfl. allri, þá heldur sá flokkur mjög fast í samningafrelsi aðilja í hverju atriði sem er, og þá vitanlega einnig í það samningafrelsi, sem hér er nú verið að tala um að skerða að nokkru leyti með því frv., sem fyrir liggur. Sjálfstfl. telur sjálfsagða þá lausn, sem eigi að jafnaði að ná í hverskonar deilu, sem komi fyrir í atvinnulífinu, að atvinnurekendur og þeir, sem hjá þeim vinna, geti á frjálsan hátt náð samkomulagi sín á milli. Þau frv. um vinnulöggjöf, sem sjálfstæðismenn hafa borið fram hér á Alþ., hafa borið þetta tvímælalaust með sér. Í þeim hafa að vísu verið ákvæði um dómstól, sem kveðið geti upp úrskurði í ágreiningsmálum þessara aðilja, en valdsvið þessa dómstóls hefir jafnan verið bundið við önnur atriði en þau, sem venjulega snerta kaup og kjör, eins og það hefir venjulega verið orðað, heldur aðeins réttarágreining aðilja.

Þetta er því hin almenna og ófrávíkjanlega regla, sem Sjálfstfl. mun fara eftir í þessum málum. Hitt er svo annað mál, hvort þær aðstæður geti komið upp í þjóðfélaginu, að Sjálfstfl. geti sem undantekningartilfelli gengið inn á það, að kveðinn sé upp dómur að landslögum um kaup og kjör manna. Það verður að vera á valdi Alþ. í hvert skipti að ákveða, hvort það telji ástæðuna vera það brýna, að þjóðfélagsnauðsyn krefjist þess, að þannig sé gripið inn í. Í sjálfu sér er ómögulegt að neita því, að í réttarþjóðfélagi er þetta út af fyrir sig ekki nein fjarstæða. Það er vitanlegt, að þegar menn fara að búa í þyrpingu, vill hver taka sér réttinn, og þjóðfélagið hefir smám saman tekið meira og minna af þessum rétti af einstaklingum og hópum manna og tekið málið undir lög lega dómstóla, sem þjóðfélagið hefir skipað til að setja þessar deilur niður. Og þetta þykir sjálfsagt. Hvert réttarþjóðfélag er byggt á þeim grundvelli, að dómstólar geri út um mál manna eftir landslögum og án tillits til þess, hvað öðrum aðiljanum eða báðum finnst gott í þann og þann svipinn.

Nú hafa komið hér upp á seinni tímum deilur, sem þjóðfélagið hefir ekki viljað taka út yfir á þann hátt, að lögbjóða beinlínis, að þessar deilur skuli ganga til fastra dómstóla, og þeim svo fylgt eftir með öllum þeim styrk og valdi, sem þjóðfélagið hefir til. En þegar fjárhagsafkoma þjóðarinnar er beinlínis undir því komin, að tveir aðiljar komi sér saman, þá er það engin fjarstæða, að þjóðfélagið skipi dómstól eins tryggilega og hægt er, ekki aðeins til þess að sætta, heldur einnig til þess að koma aðiljum eins nærri hvor öðrum eins og hægt er.

Frá sjónarmiði okkar, sem stöndum utan við þessa deilu, virðist bilið á milli þessara aðilja

vera lítið. Og þar sem komið er alllangt fram á þann tíma, sem venjulega er mesti bjargræðistími fyrir sjávarútveginn, sérstaklega fyrir togaraútgerðina, og þegar tvisvar hafa verið gerðar tilraunir til þess að setja þessa deilu niður, eins og l. mæla fyrir, án þess að það hafi tekizt, og sáttasemjari ríkisins hefir tjáð ríkisstj., að hann skili málinu úr sinni hendi, þá tel ég, að Sjálfstfl. muni ekki geta skorazt undan því að taka þátt í tilraun Alþ. til þess að jafna þetta mál eftir löggjafarleiðinni, eins og stungið hefir verið hér upp á.

Ég skal fyrir mitt leyti ekki fara að gagnrýna það frv., eða þau frv., sem liggja hér fyrir, og það er af því, að ég veit, að það verður að sjálfsögðu litið svo á, að ég tali hér að nokkru eða kannske miklu leyti fyrir flokksins hönd, en ég hefi ekki borið mig saman við Sjálfstfl. um einstök atriði frv. og það er því meira frá mínu eigin persónulega sjónarmiði, að mér finnst, að frv. það, sem hér liggur fyrir, mætti vera betra en það er, og ef ekki gefst frekara tilefni til, get ég leitt það hjá mér að minnast á það nú, enda væri þá tækifæri fyrir mig við frekari meðferð málsins að skýra frá því og e. t. v. að bera fram brtt. frá mér persónulega um það, sem ég tel, að betur mætti fara.

Hæstv. forseti hefir leyft að menn ræddu hér þau tvö frv. sem á dagskrá eru. Og þó að ég hafi sagt það hér, að Sjálfstfl. muni leggja sitt lið til þess að þessi deila verði leyst eða gerð tilraun til að leysa hana, þá er náttúrlega ekki með því sagt, hvoru frv., sem fyrir liggja um málið, Sjálfstfl. vildi fylgja, því að þau eru óneitanlega bæði tilraun til að leysa þessa deilu, sem um er rætt. En ég verð þó að segja það, að þegar litið er á þessi tvö frv., og sérstaklega ef litið er á frv. á þskj. 96, sem borið er fram fyrir hönd hæstv. atvmrh., þá hefir það frv. þann höfuðgalla, að það leysir ekki málið nema í svip, aðeins til bráðabirgða. Og það, sem þó er e. t. v. lakara, að sú bráðabirgðalausn torveldar beinlínis þá liði, sem sú lausn skilur eftir óleysta af málinu. Því að það er alveg augljóst, að ef kippt er þannig einum lið út úr allmikilli keðju, sem sett hefir verið saman, eins og hér er um að ræða, þá komast náttúrlega hinir liðirnir fjær því, að saman gangi um þá eftir en áður. Ég verð að taka undir það með hæstv. forsrh., að ég er hræddur um, að þegar fram á vorið kæmi og ætti að fara að semja um kaup og kjör sjómanna á síldveiðum og á ísfiskveiðum, að með því að kippa þannig einum lið út úr nú, yrði erfiðari síðari villan en hin fyrri. Það er beinlínis eins og með þessum till. á þskj. 96 sé boðið heim meiri vandræðum heldur en nú liggja fyrir í svipinn í kaupgjaldsmálum sjávarútvegsins. Og án þess ég sé kunnugur því, hvernig samningar hafa um þau mál verið á undanförnum árum, þá hygg ég það ekki síður áhugamál sjómanna heldur en útgerðarmanna, að samningar yrðu nú gerðir fyrir ekki skemmri tíma en eitt ár. Ég hygg, að það væri óheppileg leið að semja frá mánuði til mánaðar, engu síður yfirleitt fyrir sjómenn heldur en útgerðarmenn og atvinnurekendur yfirleitt.

Ég skal ekkert um það fullyrða, sem hæstv. ráðh. hafa nokkuð verið að deila um, hvort gerðardómi, sem kveðinn væri upp, yrði hlýtt. Það er alveg ómögulegt fyrir hæstv. Alþ. að fara inn á að setja fram slíkar spurningar. Alþ. verður að setja l. eins og það sér sanngjarnast og viturlegast fyrir alla aðilja og ganga svo út frá sem alveg sjálfsögðum hlut, að landsl. verði hlýtt. Lögbrot eiga sér alltaf stað, en það er ómögulegt fyrir Alþ. að fara að hafa neina þanka um það, hvort l. verði hlýtt betur eða verr. En mér þykir í fljótu bragði ósennilegt, að báðir aðiljar leitist ekki við að láta þessi l. koma að sem beztu gagni. Og ef þeir eru uppgefnir á því að reyna að ná saman á samningsgrundvelli, þykist ég vita, að yfirgnæfandi meiri hl. í þeirra hópi fagni yfir því að jafna þessa deilu, sem e. t. v. er að nokkru leyti stífnisatriði þeirra, er að þessum málum standa. Hæstv. atvmrh. ræddi þetta frá báðum hliðum og taldi ólíklegt, að aðiljar vildu fara eftir ákveðinni gerð frá slíkum dómi. Það er rétt, að báðir aðiljar hafa talið tormerki á því að láta gerðardóm kveða upp úrskurð í þesskonar deilum. En það er engan veginn sama sem að þessum aðiljum sé illa við, að gripið sé inn í í eins gersamlegum undantekningartilfellum og hér er um að ræða. Mér virðist bilið orðið alltof stutt á milli þessara tveggja aðilja til þess að láta saltfisksvertíð togaranna e. t. v. fara út um þúfur vegna ósamkomulags viðkomandi aðilja. Ég get ekki dæmt um, hve þetta bil er stutt. En eftir undirtektum aðilja þykist ég vita, að það sé stutt. Annar aðilinn fellir sáttatillögurnar, en með svo litlum atkvæðamun, að það virðist mjög svo á metunum, hvort sjómenn yfirleitt eru með till. eða móti. Og þegar litið er á það, hvernig þetta mál hefir yfirleitt verið túlkað í blaði Alþfl. að undanförnu, þá virðist mér undirtektirnar hjá sjómönnum um að leysa málið bera mjög mikið vott um, að svo margir væru með tilslökun á kröfum sem nægðu, til þess að gerðardómi í málinu yrði vel tekið.

Við sjálfstæðismenn munum fylgja frv. hæstv. forsrh. um lausn þessa máls og munum styðja að því, að það megi sigla svo mikið hraðbyri gegnum þingið sem frekast er unnt.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Herra forseti! Það þarf ekki að spyrja um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til þvingunarlaga í vinnudeilum. Hver stjórn, sem ber fram frv. sem slíkt, verður að reikna með þeirri staðreynd, að hún hefir verkalýðshreyfinguna á móti sér. Þess vegna held ég, að það sé alveg víst, þó að ekkert hafi í raun og veru komið fram um það í þessum umr., að samþ. þessa frv. hljóti að þýða stjórnarkreppu. Ráðh. Alþfl. getur að mínum dómi ekki lengur verið í ríkisstjórn, sem borið hefir fram slíkt frv. eins og þetta og fengið það samþ. með stuðningi andstöðuflokks gegn vilja síns eigin flokks. Hversu feginn sem hann vildi, gæti hann ekki gert það, svo lengi sem hann telur sig fulltrúa fyrir einhvern hluta alþýðunnar.

Það hefir verið viðurkennt af öllum flokk-

um, a. m. k. með vörunum, að verkfallsréttur alþýðunnar væri heilagur réttur. Meira að segja sjálfur höfuðpaur hinnar illræmdustu vinnulöggjafar, sem lögð hefir verið fyrir Alþ., hv. þm. Snæf., hefir oft byrjað ræður sínar, þegar hann hefir mælt fyrir þessu frv. sínu um vinnulöggjöf, með því að segja með allmiklum fjálgleik, að verkfallsrétturinn sé heilagur réttur. Svo augljós er helgi þessa réttar, að fulltrúar borgaraflokkanna allra hafa orðið að viðurkenna þetta, ef þeir á annað borð hafa viljað láta telja sig lýðræðisflokka. Svo augljós þáttur lýðræðisins er verkfallsrétturinn.

Er nú hægt að hugsa sér meiri kúgun og ófrelsi heldur en það að banna mönnum með l. að taka sig saman um að vinna ekki, m. ö o. að þvinga menn til að vinna fyrir það kaup, sem þeim er skammtað með l.? Ég held, að það sé erfitt að hugsa sér meira ófrelsi heldur en þetta. Eina varan, sem verkamaðurinn hefir á boðstólum, er vinnuaflið. Og þessa vöru á að þvinga menn til að láta af hendi fyrir verð, sem skammtað er fyrir hana. Og hvað er dómur til að þvinga menn til slíkrs annað en þrældómur? Er hann ekki nákvæmlega sama eðlis? En þetta er að því leyti verra en þrælahald, að yfirleitt er þrælum tryggt nægilegt fóður, en með slíkum lagasetningum sem þessum er verkamönnunum ekki tryggt nægilegt lífsviðurværi. Við sjáum á till. þeim, sem komu fram hér á þingi, og nú síðast á þessu máli, hversu heilindin eru mikil í öllu skrafi manna um helgi verkfallsréttarins. Um leið og sjálfstæðismenn töluðu sem mest um það, að verkfallsrétturinn væri helgur réttur, báru þeir fram frv. til l. um vinnulöggjöf, sem takmarkar þann rétt stórkostlega, og stappar nærri í sumum tilfellum, að það frv., ef að l. verður, afnemi hann með öllu. Það er nú ekki eingöngu Sjálfstfl., sem lagt hefir fram frv. um vinnulöggjöf, því að komið hefir fram slíkt frv. frá Framsfl., og mþn. skipuð af fulltrúum frá Framsfl. og Alþfl., hefir komið sér saman um frv., sem *stórkostlega takmarkar rétt verkamanna* til verkfalla. Og nú síðast hefir hæstv. forsrh. lagt fram frv. um lögþvingaðan gerðardóm, þar sem verkfallsrétturinn er algerlega afnuminn í ákveðinni deilu. Því hefir verið haldið fram af hæstv. forsrh., að það væri engin hætta á því, að með þessum l., sem gilda fyrir þetta einstaka tilfelli, væri skapað *fordæmi, sem hætta væri á*, að yrði notað meira en góðu hófi gegndi meira að segja frá hans sjónarmiði. Og hann vitnaði máli sínu til sönnunar í ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið og hann taldi svipaðar því, sem hér er á ferð, í Frakklandi, og eins á Norðurlöndum, sem að vísu eru ekki sambærilegar við það, sem hér er um að ræða, sem ég kem ekki nánar inn á að þessu sinni.

Við skulum bara líta á staðreyndirnar, eins og þær eru nú hér hjá okkur. Við skulum hugsa okkur þá ríkisstjórn, sem yfirleitt hefir þá stefnu að takmarka verkfallsréttinn sem mest og helzt afnema hann með öllu. Þessi stefna er nú ríkjandi í Sjálfstfl., það sýna öll hans verk, þrátt fyrir orð hv. 1. þm. Reykv. áðan, sem þeir flokksmenn hans eru nú stöðugt að endurtaka. Vinnulöggjafarfrv. sýnir þetta og afstaða þessa flokks til frv., sem hér liggur fyrir til umr., og það vitnar yfirleitt sú afstaða, sem Sjálfstfl. hefir í þjóðfélaginu og sú stétt, sem hann byggir tilveru sína á. Þessi stefna er hjá sumum mönnum í Framsfl. Sú ríkisstjórn, sem skipuð væri mönnum, sem hefðu slíka stefnu, hún mundi nota hvert tækifæri, sem hún yfirleitt teldi sér fært, til þess að koma á lögþvinguðum *gerðardómi. Og hvað liggur þá nær*, ef slíkt færi að tíðkast, en að oft væri litið svo á, að slíkt væri nauðsyn! Og þegar þetta væri svo orðin nokkurskonar regla, hvað stæði þá nær en að lögfesta það, að fastur, lögþvingaður gerðardómur yrði ein af föstum stofnunum ríkisins? Þá væri ekki ónýtt að geta vitnað í fordæmið, ef frv. hæstv. forsrh. verður að l.

Í sambandi við þetta mál talaði hæstv. forsrh. um, að það væri ákaflega nauðsynlegt, að slíkur dómur sem þessi væri hlutlaus og yrði skilyrðislaust að vera skipaður hlutlausum mönnum. Það er hægt að segja svona hluti, en ég hygg þó erfiðara að framkvæma slíkt. Ég veit satt að segja ekki, hvernig hæstv. forsrh. hugsar sér að skipa hlutlausan gerðardóm. A. m. k. er það víst, að gerðardómur, sem að meiri hl. væri skipaður af hæstarétti eða sem hæstiréttur skipaði mann í oddaaðstöðu í, yrði ekki skoðaður sem hlutlaus. Dómar hæstaréttar hafa ekki verið hlutlausir í ýmsum málum, sem snerta verkamenn, eins og t. d. í málum iðnaðarmanna og fangelsisdómarnir út af vinnudeilunni á Siglufirði, hinni svo kölluðu Dettifossdeilu. Þessir dómar tala ekki um hlutleysi hæstaréttar. Og verkalýðurinn lítur nær óskiptur á hæstarétt sem stéttardómstól, og það á grundvelli þeirrar reynslu, sem alþýðan hefir fengið af þeim dómum, sem hæstiréttur hefir kveðið upp. Enda er það svo, að fulltrúi Sjálfstfl. og jafnframt útgerðarmanna, sem talaði hér áðan, hann er ekki aðeins ánægður með aðalatriði þess frv., heldur líka harðánægður með skipun dómsins eftir frv., að mér skildist.

Þá er að athuga þetta verkfall, sem nú stendur yfir, í sambandi við þetta mál, sem hefir orðið tilefni þess, að þetta frv. hefir verið lagt fram. Því hefir verið haldið fram, að óhjákvæmileg nauðsyn sé að samþ. l. eins og þau, sem frv. þetta fer fram á, til þess að firra alla þjóðina vandræðum, vegna þess að deilan verði *ekki leyst á annan hátt. Við skulum nú* athuga þetta. Ég býst við, að það sé viðurkennt af öllum, að finna þurfi lausn á þessari deilu tafarlaust. Deilan stendur aðeins um það, hvaða lausn sé heppilegust og hvaða lausn sé líklegust til að leysa deiluna tafarlaust. Till. sáttasemjara, sem nú hefir verið felld af sjómönnum og útgerðarmönnum, var þannig vaxin, að það var í raun og veru líkast því, sem þessi till. hefði verið lögð fram til þess að smána sjómannastéttina. Hvernig var svo þessi till.? Í henni fólst í raun og veru engin hækkun á síldarkaupi í sumar, með því útliti, sem nú er um síldarverð. En það er einmitt þetta, sem er aðalatriðið fyrir sjómönnum og ég hygg, að sjómenn hafi lagt mesta áherzlu á. Hinsvegar er ofurlítil hækkun á saltfisksvertíðarkjörun-

um, sem nemur, með því úthaldi, sem togararnar hafa haft, ekki nema 15 kr. á ári, sem t. d. nægir ekki fyrir félagsgjöldum í Sjómannafélaginu. Hvernig er nú hægt að ætlazt til, að menn þiggi svona „sáttatilboð"? Samt sem áður munaði það ekki nema tiltölulega mjög litlu, að þetta væri samþ., þrátt fyrir það, að almenn reiði væri meðal sjómanna vegna þess, að verið væri að smána þá með svona tilboði. Þetta sýnir ekki annað en sáttfýsi sjómanna; það stendur sannarlega ekki á þeim í þessu máli. En ég tel, að engin tilraun hafi verið gerð til þess að leysa þessa deilu, því að ég tel þær í raun og veru ekki tilraun til lausnar till., sem sáttasemjari lagði fram. Útgerðarmenn sögðust vilja ganga að tilboðinu, ef ríkið og bæjarfélagið uppfylltu þær kröfur, sem þeir settu fram. Þeir hafa marglýst því yfir, að hagsmunakröfur sjómanna væru þeim ekkert aðalatriði, heldur að kröfurnar til þess opinbera yrðu uppfylltar. Þess vegna er það, að við verðum fyrst og fremst að líta á eðli þessarar vinnustöðvunar, sem er það, að þegar á þetta er litið, er hún pólitísk vinnustöðvun, sem hafin er og haldið er áfram í því augnamiði að þvinga ríkisstjórnina til að framkvæma ákveðna hluti og helzt til þess að koma ríkisstjórninni frá. Vandamálið, sem þurfti þess vegna að leysa, það var ekki fyrst og fremst kaupgjaldsmálið. Það var allt annað, sem fyrst og fremst þurfti að leysa, kreppa togaraútgerðarinnar. Og það, sem þurfti að gera nú í augnablikinu, var að þvinga útgerðarmenn til þess að láta togarana fara út á veiðar. Og það þurfti fyrst og fremst að athuga, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til þess.

Hvaða meining er nú í því að þvinga sjómenn til þess að vinna fyrir kaupi, sem þeim er skammtað og þeir ekki vilja vinna fyrir í slíkum kringumstæðum, þegar um það er að ræða, að fyrsta og helzta nauðsynin er að þvinga togara-„eigendur" til þess að hætta við pólitíska vinnustöðvun, sem þeir sjálfir lýsa yfir, að sé ekki orðin til fyrst og fremst vegna ágreinings um kaupgjald? Og hverskonar alvöruleysi er það að reyna ekki nýjar sáttatilraunir enn, áður en slík leið er farin, sem þetta frv. gerir till. um? Hví mátti ekki koma eitthvað til móts við sjómenn, er þeir gera kröfu um hækkun síldarpremíunnar í samræmi við hækkandi verð á síld, þannig að um raunverulegt sáttatilboð væri að ræða, en ekki óraunverulegt, eins og till. sáttasemjara var? Slíka till. er ég viss um, að sjómenn hefðu samþ. með miklum meiri hl. Og ég vil nú skora á hæstv. ríkisstjórn að fara þessa leið. Og ég vil í því sambandi skírskota til þess, sem hæstv. forsrh. sagði í framsöguræðu sinni, að ef hægt væri að benda á aðra leið til að leysa þetta mál tafarlaust, þá mundi sú leið verða athuguð. Í kvöld verður fundur í Sjómannafélaginu. Ef þessi fundur kæmi nú með tilboð, sem gæti falið í sér lausn málsins, er þá vit í að taka það ekki til greina, og er þá vert að vera að reyna að kúska þetta mál í gegn, sem hér liggur fyrir? Menn geta sagt, að þó að slík lausn fengist á málinu, sem sjómenn gætu unað við og útgerðarmenn gætu unað við, hvað kaup og kjör snertir, þá væri eftir að þvinga útgerðarmenn til að láta togarana fara út. Það geta bankarnir gert. Það er á þeirra valdi. Það er viðurkennt af öllum, að togararnir eru fæstir eign útgerðarmanna, heldur bankanna, og bankarnir eru ríkisbankar. Og hvað liggur þá beinna við undir svona löguðum aðstæðum heldur en að ríkisstj. hlutist til um, að bankarnir láti útgerðarmennina hætta að halda uppi þessari pólitísku vinnustöðvun? Og ef bankarnir vildu ekki beita þessu valdi sínu, þá skal ég viðurkenna, að undir slíkum kringumstæðum gæti það verið rétta leiðin af ríkisstj. að leysa þetta mál með lögþvinguðum dómi á grundvelli tilboðs frá sáttasemjara, sem sjómenn hefðu samþ. og báðir aðiljar gætu sætt sig við hvað kaup og kjör snertir, enda þótt útgerðarmenn héldu kröfum sínum á hendur hins opinbera til streitu. En svo framarlega sem lögþvingaðan dóm þyrfti til að knýja útgerðarmenn til að láta togarana fara út, yrði ríkisstj. að gera ráðstafanir til að þessum dómi yrði framfylgt. Hún yrði að fá hið raunverulega vald yfir bönkunum. Slíka lausn mundi hver einasti sjómaður telja rétta og sanngjarna. En væri það rétt gagnvart útgerðarmönnum? — munu menn spyrja. Ég held vissulega. Og af hverju? Vegna þess að útgerðarmenn eiga fæstir togarana sjálfir. Og þess vegna er það í raun og veru ekki annað en hreint hneyksli, að þessir menn, sem ekki eiga þá framleiðslu, sem þeir hafa yfir að ráða, geti stöðvað hana, stofnað þjóðarbúskapnum í voða og stofnað til pólitískrar kreppu, með því að stöðva fyrirtæki, sem þeir eiga ekki sjálfir, heldur þjóðin. Ef ríkisstj. hefði farið þessa leið, þá hefði hún staðið sem sigurvegari. Þá hefði hún sýnt, að hún er húsbóndi yfir eignum þjóðarinnar og yfir bönkunum. En það eru í raun og veru útgerðarmenn, sem eru sigurvegarar, ef sú leið er farin, sem framsóknar- og sjálfstæðismenn berjast nú fyrir, og þá hefir útgerðarmönnum og bönkunum tekizt að koma á stjórnarkreppu í landinu. Og skyldi það ekki hafa verið tilgangurinn með samspili þeirra frá upphafi þessarar deilu, og þeir með þessu hafi náð takmarki sínu, og það yrðu bankarnir, sem drottnuðu yfir ríkisstjórninni, ef þessi leið yrði farin?

Ég ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. En hér liggur fyrir annað frv. frá fulltrúum Alþfl., borið fram að tilhlutun hæstv. atvmrh. Og ef á annað borð á að fara þá leið, að setja lögþvingaðan gerðardóm, sem ákveði kjör sjómanna, þá hníga engin rök til þess, að rétt sé að fara lengra en það frv. gerir. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök, sem hæstv. atvmrh. hefir borið fram, ég er þeim alveg sammála að þessu leyti. Það er staðreynd, sem ekki er hægt að mótmæla, að hættan liggur í því, að flotinn stöðvist á saltfisksvertíðinni. Það er hættan, sem nú liggur fyrir, en engin önnur. En þetta frv. felur í sér, eins og hitt frv., þó það gangi skemmra, að ákveða kjör sjómanna með lögþvinguðum dómi, og er það því sama eðlis „prinsipielt". Þar af leiðandi lýsi

ég því yfir fyrir hönd míns flokks, að hann er því einnig andvígur.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Það vill nú svo til, að ég get ekki setið þegjandi hjá við umr. um þetta mál, og ég geri ráð fyrir, að það muni þykja nokkur tíðindi í þingsögu okkar Íslendinga, þegar slíkt mál sem þetta er rætt í fyrsta sinn. Ef til vill mun það þykja nokkrum tíðindum sæta, þegar Alþ. þykir svo mikið við þurfa að lögfesta, hvað hinn óbreytti verkamaður á að vinna fyrir þann og þann daginn. Mér finnst einnig mér nokkuð skylt að gera hv. þm. nokkra grein fyrir aðdraganda þessa máls, og hafði ég í rauninni sízt búizt við, að það þyrfti ég að gera á Alþ., en eins og málið liggur fyrir, tel ég rétt, að í höfuðdráttunum sé sögð sú saga, eins og hún hefir gengið. Það er þegar kunnugt, að sjómannastéttin sagði upp samningum, sem gilt höfðu til síðustu áramóta og eru í raun og veru til orðnir árið 1929. Og það, hvað þessir samningar hafa staðið lengi, sýnir, að sjómenn eru yfirleitt ekki að leika sér að deilum. Að vísu hafði komið smádeila 1935, en hún snerti aðeins lítinn hluta þessarar stéttar, þó að fleiri blönduðust nokkuð inn í hana, enda leystist hún fyrir atbeina ýmsra áhrifamanna í þjóðfélaginu með þeim samningi, sem nú er vitnað til í því frv., sem hér liggur fyrir. Þessum samningum var sagt upp með aðferð, sem í raun og veru er ekki mjög almenn hér á landi, en er alþekkt meðal erlendra þjóða, sem sé þeirri, að láta fara fram almenna atkvgr. meðal þeirra, sem við samningana áttu að búa, um það, hvort þeir vildu segja upp eða ekki. Þessi atkvgr. fór fram síðast í ágústmánuði á meðal allra togarasjómanna, hvort heldur sem þeir voru á síldveiðum, ísfisksveiðum eða öðrum veiðum. Útkoman var sú, að undantekningarlaust allir, sem þátt tóku í atkvgr., sögðu samningunum upp fyrir saltfisks-, ísfisks- og síldveiðar. Hinsvegar var nokkur atkvæðamunur, að því er karfaveiðarnar snerti. Mikill meiri hluti sagði upp, en ég man því miður ekki, hvað mörg prósent voru á móti, enda skiptir það ekki mjög miklu máli. Það voru þó nokkrir tugir manna. Ég segi frá þessu vegna þess, sem ég mun koma að síðar, að hér blandast ýmislegt inn í og hér eru dregnar ályktanir, sem í rauninni eru rangar. Því hefir verið haldið fram, að sjómenn hafi sagt upp samningunum eingöngu vegna hinnar svonefndu síldarpremíu. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt, því að ef svo hefði verið, hefðu þeir menn, sem unnu á þeim togurum, sem fóru á ísfisksv., ekki átt að segja upp, og heldur ekki á þeim skipum, sem eng. stunduðu karfav., en það gerðu a. m. k. tvö skip síðasta sumar. Þeir sögðu einnig upp. Sjóm. segja upp í fyrsta lagi af því, að þeir telja síldarpremíuna of lága, í öðru lagi af því, að þeir finna, að kaupgjald þeirra er að verða of lágt, miðað við hina vaxandi dýrtíð og framfærslukostnað í landinu. Allir sjómenn á togurum segja upp samningum, og það hefir þá þýðingu, að þegar leysa á deiluna, þarf að taka tillit til allra, sem við þetta vinna, hvort sem það eru saltfisks-, ísfisks- eða síldveiðar. Nú munu menn spyrja, hvort síðari ástæðan hafi verið réttmæt rök fyrir því, að sjómenn segðu upp. Á árinu 1936 og framan af árinu 1937 fóru ýmsar stéttir í landinu, fyrst og fremst iðnstéttin, bæði hér í Reykjavík og víðar í landinu, fram á kjarabætur, og í öllum tilfellum fengust þær að meira eða minna leyti, og þess varð ekki vart, að hin borgaralegu blöð snerust á nokkurn hátt öndverð gegn því, að þessar kröfur iðnstéttarinnar hefðu við rök að styðjast og að það væri rétt, að þær fengju þessar kjarabætur. Ennfremur má benda á það, að síðastl. sumar höfðu daglaunamenn einnig fengið nokkrar kjarabætur, en ég skal játa, að gegn því ríkti nokkur andúð hjá borgaralegu blöðunum. Að síðustu skal ég benda á það, að kvenfólk, sem vinnur við fiskiframleiðsluna, fiskþvotta, fiskþurrkun o. s. frv., fór einnig fram á kjarabætur. Sú deila var alls ekki hávær, en það var litið svo á af atvinnurekendum, að það væri réttmætt, að bæta kjör verkakvenna og þær fengu 12% kauphækkun, ef ég man rétt. Kaup þeirra var ákveðið um líkt leyti og kaup sjómannanna kringum 1928 og 1929. Þetta sýnir, að atvinnurekendum hafi í þessum tilfellum virzt, að kröfur þessa fólks væru ekki óréttmætar og það væri rétt að mæta þeim. Þess vegna litu sjómenn svo á a. m. k., að það mundi ekki þurfa að koma til mjög mikilla átaka af hálfu útgerðarmanna og atvinnurekenda, þó að þeir færu fram á, að einnig þeim yrðu veittar nokkrar kjarabætur. Sjómenn voru þegar orðnir eina stéttin af hinum vinnandi stéttum í landinu, sem engar kjarabætur fengu. Hvaða till. bera sjómenn svo fram í þessu máli? Þeir fóru svo hóflega í sakirnar, að manni virðist eins og frekast var unnt. Þeir biðja um 10% hækkun á kaupi sínu yfirleitt. Þeir fara að vísu fram á örlítið meiri hækkun á lifrarpremíunni og síldarpremíunni, en það var vitað, að til samkomulags mundu þeir vera fáanlegir til þess að slá nokkuð af. Auk þess voru gerðar ýmsar orðabreytingar á þeim samningi, sem áður hafði gilt, í þá átt, að heppilegra yrði að vinna eftir þar að lútandi ákvæðum í framtíðinni, og áttu þær breytingar ekki að kosta verulega peninga. Ég hefi haft afskipti af þessum málum að nokkru leyti síðan 1916, í yfir 20 ár, en ég hefi aldrei fyrr orðið fyrir þeim undirtektum í jafn sanngjörnu máli eins og þessu. Útgerðarmenn vildu ekki svara okkur. Allt tímabilið frá því, að við sögðum upp, sem átti að vera fyrir 1. okt., og til áramóta, fór eiginlega í ekkert, því að þótt við kæmum saman þrisvar sinnum að nafninu til, þá voru það þýðingarlausir fundir, vegna þess að útgerðarmenn vildu ekki svara okkur. Þeir sendu ekki eitt einasta gagntilboð, og það var ekki rætt um eina einustu till., sem við bárum fram. Þannig leið tímabilið til áramóta svo að engin viðleitni til samkomulags var sýnd. Slík aðferð er ekki eðlileg í neinu lýðfrjálsu menningarlandi í viðskiptum verkamanna við atvinnurekendur, að þeir fáist ekki til að tala við verkamennina. Ég hefi það mikið kynnt mér verkamálalöggjöf nágrannaþjóðanna, að

ég veit, að það er yfirleitt svo, þegar menn segja upp samningum, þá talast aðiljar við, og ef um svo mikinn ágreining er að ræða, að ekki tekst samkomulag um hann, þá endar það annaðhvort með verkbanni eða verkfalli, þegar þrautreynt er, að samningar takast ekki. Slíkar tilraunir milli sjómanna og útgerðarmanna fóru ekki fram vegna þeirrar afstöðu, sem útgerðarmenn tóku. Sjómenn fluttu sitt mál á fullkomlega löglegan hátt, eins og í þeim löndum, þar sem reglur eru um það, hvernig þessi mál skulu rekin. Framhaldið af þessu var, eins og kunnugt er, að sáttasemjari greip inn í málið, eins og honum bar skylda til lagalega, um mánaðamótin janúar og febrúar, og skal ég fara örfáum orðum um þá till., sem hann bar fram fyrir aðilja, af því að hæstv. forsrh. drap á hana. Hann átti að sjálfsögðu tal við okkur fulltrúa sjómanna og einnig við atvinnurekendur. Við höfðum sameiginlega fundi um málið, en það virtist vera svo mikið djúp milli aðilja, að þýðingarlaust væri að eiga sameiginlegar samræður um málið. Upp úr þessu kom till. sáttasemjara, og er hún þegar kunn. En aðalefni hennar var þetta: engin kauphækkun á ísfisksveiðum, 6 kr. kauphækkun á saltfisksveiðum á mánuði aðeins fyrir þá, sem eru á lágmarkskaupi; síldveiða spursmálið er leyst á þann hátt, að það þurfa 20000 mál, með 4 kr. verði hvert mál, áður en nokkur hækkun á premíu kom til mála, eða 5000 málum meira en meðalaflinn var á síðasta sumri, m. ö. o., það var vonlaust, að sjómenn fengju nokkra premíuhækkun með líku verði, og jafnvel þótt 5 kr. verð fengist, þurfti 16000 mála meðalafla til þess, að um nokkra verulega hækkun væri að ræða. Slík till. var í rauninni þess eðlis, að það var ekki hægt að ræða hana í félögum sjómanna. Þeir höfðu beðið um 10% hækkun, en fengu þessa till. sáttasemjara. Við getum komið að seinni sáttaumleituninni. Það skal játað, að þar virðist gengið nokkuð fastar að verki, þar sem m. a. er rætt uppkastið grein fyrir grein, eins og það lá fyrir. Það skal einnig játað, að sáttanefndin kemur með ýmsar breyt. eftir okkar till., að okkur skildist með samþykki útgerðarmanna, sem ég og sjómenn yfirleitt töldum nokkurs virði. Hinsvegar var það fyllilega ljóst, að sáttanefndin hafði ekki neitt glöggan skilning á því, hvað þurfti til þess að leysa deiluna. Þegar sjómannastéttin biður um 10% kauphækkun, er tæplega hægt að bjóða henni upp á núll. Það er ekki leiðin til þess að leysa deiluna. Eins og hv. þdm. er kunnugt og sjá má á þskj. 96, var till. á þá leið, að kaupið á ísfiskveiðunum hélzt óbreytt, kaupið á saltfisksveiðum átti að hækka um 4½%, og átti það að gilda fyrir alla, sem við þetta vinna, jafnt þá, sem hafa hærra kaup, og fyrir þá, sem lægra kaup hafa, og var það kostur. Lífrarpremían, hið gamla þrætuefni, skyldi haldast óbreytt. Kaupið á karfaveiðum sömuleiðis óbreytt með öllu, og einnig var mánaðarkaupinu á síldveiðum haldið óbreyttu með öllu. Og hvað skeður svo með aflaverðlaunin, sem margir leggja svo mikið upp úr, að sé höfuðdeiluatriðið? Miðað við 8 kr. síldarverð á síðasta sumri eiga aflaverðlaunin samkvæmt till. að vera 4,2 au. Þó að útgerðin sé illa stödd, þá verð ég að segja, að hún getur borgað meira en 4,2 au. í aflaverðlaun til sjómanna. Mér er ekki grunlaust um, að það, hvað útgerðarmenn skáru þessar kjarabætur mjög við neglur sér, hafi átt nokkurn þátt í því, hvernig undirtektir till. fekk, og mér er heldur ekki grunlaust um — ég get ekki fullyrt um það — að það hafi einnig átt sinn þátt í því, að till. fekk ekki byr, hvað sjómenn á ísfisksveiðum, sem hafa tiltölulega minnstar tekjur, en eins mikið erfiði, og eiga auk þess við óblíðari veðráttu að stríða en aðrir sjómenn, voru gersamlega hundsaðir. Slík sáttanefnd, sem skilur ekki sitt hlutverk gagnvart verkalýðnum, eins og þessi, veit ekki hvað hún er að vinna. Ég hefði talið það mikils virði, ef þetta mál hefði leystst þannig, að sjómenn hefðu getað samþ., þótt í litlu hefði verið, það, sem fyrir lá, en ekki þurft að hafna, því að mér var það fyllilega ljóst, og segi það enn, að deila útgerðarmanna er ekki um kaupið á togurunum, þeir mundu hafa samþ. það jafnt fyrir því, þótt það hefði verið örlítið hærra heldur en nefndin kom fram með. Þess má geta, að jafnvel í umræðum við einstaka útgerðarmenn og í blöðum útgerðarmanna hefir sú játning verið gefin, að krafa sjómanna væri hin sanngjarnasta og að þeir ættu rétt á að fá nokkrar kjarabætur. Þess vegna hefi ég fulla ástæðu til þess að ætla, að útgerðarmenn hefðu ekki sett það fyrir sig, þótt allir sjómenn á fiskiflota okkar hefðu fengið einhverjar kjarabætur í till. nefndarinnar, sem ekki hefðu þurft að nema mjög miklu, en hefði getað þýtt það, að till. hefði verið samþ. Það er nú kannske ekki rétt af mér að kasta svo þungum orðum að nefnd, sem ekki getur svarað fyrir sig hér, en ég ætla ekki að deila á hana sem privatmenn, heldur á starf hennar. Hvers vegna er nefndin svona innstillt, eins og fram kemur? Ég get ekki komizt hjá því að skýra nokkuð fyrir hv. þdm. skipun nefndarinnar. Nefndin er skipuð af hæstarétti, eins og kunnugt er. Það er vitað um tvo nm., að þeir eru ákveðnir flokksmenn í Framsfl., og ennfremur er það vitað um einn þeirra, að hann er ákveðinn sjálfstæðismaður, og loks var einn, sem, þó að hann sé ekki jafnaðarmaður, er þekktur sem velviljaður verkalýðnum. Hvað þýðir þessi nefndarskipun? Það, að í starfi sínu er nefndin innstillt af stefnu ákveðins flokks, og það er bezt að segja eins og er, innstillt af stefnu Framsfl. í þessu máli, en það er vitanlegt, hver stefna hans er, sem sé sú, að sjómenn eigi ekki að fá 1 eyris hækkun í kjarabætur. Þetta er stefna Framsfl. í launamálum sjómanna, og það er einmitt þessi stefna, sem sáttan. túlkar svo dæmalaust vel, að svo miklu leyti sem hún sér sér það fært. Það virðist sem þjóðfélagið leiki á reiðiskjálfi yfir því, að þessir menn fara fram á kjarabætur. Slíkt þekkist ekki, þó að aðrar stéttir fari fram á kjarabætur. Allir vita, hversu stórkostlega þýðingu sjómannastéttin hefir fyrir þetta þjóðfélag; hún er sú stétt, sem færir að landi þann hluta framleiðslu íslenzku þjóðarinnar, sem hún getur ekki án verið; það er sú stétt, sem leggur út á djúpin, stofnar lífi sínu í hættu öllum öðrum

stéttum fremur; það er sú stétt, sem hefir fætt hina íslenzku þjóð nú um margra áratuga skeið. Nú á að launa henni starfið á þennan hátt. Ekki 1 eyris kauphækkun. Þetta eru þakkirnar, sem hún fær frá þeim stjórnmálaflokki landsins, sem nú á að stýra mönnum og málefnum. Það má vel vera, að þessi stefna eigi sér líka hljómgrunn að einhverju leyti í Sjálfstfl. Svo þegar komið er að því, að það er ekki hægt að kúga þessa stétt nógu mikið til undirgefni undir þær till., sem nefnd, innstillt af Framsfl., ber fram, þá skal Alþ. Íslendinga dæma þessum mönnum kaup. Við þá er sagt: Þið skuluð vera eins og góð börn, hlýða og fara út á veiðar upp á þau kjör, sem við skömmtum ykkur. Ég segi: Í dag þér, á morgun mér. Slík kúgunarstefna hlýtur að hefna sín fyrr eða síðar. Öll kúgunarstefna í hverri mynd sem er, hlýtur að hefna sín.

Hæstv. forsrh. vitnaði í, hvað gerzt hefði í Noregi 1915 og 1920. Norskir verkamenn urðu á þeim tímum að þola kúgunarvald norskra atvinnurekenda, en í dag eru þeir, vegna þeirrar kúgunar, sem þeir þá voru beittir, stærsti flokkurinn í norska þinginu og fara einir með stjórn í landinu með stuðningi frjálslyndra bænda. Öll slík kúgun hlýtur að hefna sín fyrr eða síðar, og það getur vel verið, að þeir góðu herrar, sem vilja beita slíkum aðferðum við alþýðuna, sem yfirleitt lifir við skorinn skammt, sjái, að hún rísi upp og skilji, hverskonar herra hún hefir yfir sig setta.

Hæstv. forsrh. hefði vel getað látið sáttan. starfa áfram að lausn málsins, en hann hefir varðveitt þá skyldu sína að fara þessa leið.

Ég sé ekki, að nein lausn á málinu felist í till. hæstv. forsrh. Hann mun að vísu þykjast hafa nokkrar líkur fyrir því, að útgerðarmenn muni ganga að gerðardómi, þar sem sjálfstæðismenn hafa lýst yfir fylgi sínu við þá leið. Það mun vera honum mikil huggun. En það er óútséð, hvort sjómenn telja sig geta lotið að slíku tilboði. Það hefir verið stefna verkalýðsins hér, síðan hann myndaði fyrst samtök sín, að láta ekki tildæma sér kaup.

Þá vík ég að gerðardómum á Norðurlöndum, sem hæstv. forsrh. vitnaði í. Er hér ólíku saman að jafna um gerðardóma þá, sem settir voru á árunum 1915—1920 af borgaralegum flokkum, og þeirri löggildingu á kaupgjaldi, sem átt hefir sér stað í Danmörku á síðari árum. Þar er ekki um neinn gerðardóm að ræða. En þegar gerðardómar hafa verið settir á Norðurlöndum að undanförnu, hefir verkalýðurinn beygt sig undir þá, og það myndum við einnig geta gert hér á landi, ef sá gerðardómur, sem um væri að ræða, væri settur af verkalýðsstjórn. Niðurstöður slíks dóms eru mjög háðar þeirri stj., sem við völd er í hvert sinn. Úrskurðir gerðardóma í Danmörku hafa alltaf verið verkalýðnum í vil. En eru líkur til, að þessi gerðardómur yrði það? Ef litið er á sáttan., þá eru líkur til, að hún standi ekki fjarri hugarfari þeirrar stj., er nú vill gerðardóm. Hér er stigmunur á gerðardómi borgaralegrar stj., sem hefir lýst sig andvíga allri kauphækkun til verkamanna.

Sama er að segja um Norðmenn. Þeir hafa lengi verið taldir róttækastir í sinni pólitík af öllum Norðurlandaþjóðum. Þarf enginn að ætla, að verkalýðurinn treysti ekki gerðardómi, sem Nygårdsvold kemur á, til þess að dæma sér ekki í óhag. Þetta er sá mikli stigmunur, sem er á gerðardómi þeim, sem hér er í ráði að koma á, og gerðardómum þeim, sem settir hafa verið á Norðurlöndum. Maður hefir fulla ástæðu til að ætla, að dómur þessa gerðardóms fari ekki langt frá niðurstöðum sáttan.

Ég skal vera hæstv. forsrh. sammála um, að full nauðsyn er á að beita þingvaldi til þess, að atvinnufyrirtækin geti gengið. Og ég er honum sammála um, að nú er kominn sá tími, að eðlilegt væri, að skipin færu úr höfn, ef allt væri með felldu. En þessi deila útgerðarmanna virðist aðallega vera við ríkisstj. og þingmeirihl. Deilan virðist aðeins vera að litlu leyti við sjómennina. Þá er spurningin: Á að leysa þessa deilu á kostnað hins vinnandi fólks? Því er ég mótfallinn. Auk þess er ég af princip-ástæðum mótfallinn lögþvinguðum dómi í kaupgjaldsmálum. Hinsvegar lít ég svo á, að till. okkar alþýðuflokksmanna geti leyst málið fyrir líðandi stund. Það getur verið, að hæstv. ráðh. spyrji, hvað verði þá um hinar deilurnar. Ég álít nú, að því fyrr sem skipin fari úr höfn á saltfiskveiðar, því minni líkur séu til þess, að til komi, að síldveiðarnar verði stöðvaðar, því að ef síldarverðið verður ekki hærra en útlit er fyrir nú, eru ekki líkur til, að allur togaraflotinn fari á síldveiðar, og er þá ekki sennilegt, að sjómenn fari fram á kauphækkun. Um ísfiskveiðarnar er sama máli að gegna. Ég er viss um, að eftir að skipin eru komin út, er hægara að leysa málið. Hin deilan, sem nú er í uppsiglingu, er þessu alveg óviðkomandi. En ef fara á að leysa þessa deilu með gerðardómi, verður líklega reynt að fara eins að um hina, og fer því skörin að færast upp í bekkinn. Ég hefi þá skoðun, að sú deila muni ekki verða mjög harðvítug, nema pólitísk öfl kunni að gripa þar inn í. Ég þekki dálítið meira til þessara mála en hæstv. ráðh., og ég get fullyrt, að þessi hræðsla hans er ekkert annað en nokkurskonar hysteri.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara út í form frv. Ég býst við, að hér hafi verið farið eftir þeim reglum, er tíðkazt hafa í nágrannalöndunum, þegar gerðardómar hafa verið skipaðir. Mun ég geyma mér gagnrýni um þetta til 2. umr.

Ég hefi nú skýrt frá minni skoðun á gerðardómum og því, hvernig verkalýðurinn lítur á þá gerðardóma, sem skipaðir eru af borgaralegum stjórnum. Ég býst við því, að ef hér hefði setið að völdum jafnaðarmannastj., þá hefði aldrei komið til þessa gerðardóms.

Ég vil að síðustu aðeins segja það, að mér þykir vöskum drengjum, sem eru lofaðir jafnt hér sem annarsstaðar fyrir dugnað, ósérplægni og leikni í störfum, fyrir að vera afkastameiri fiskimenn en aðrir, þó að víða sé leitað, illa launað af þjóðfélaginu með því að þeim séu skömmtuð kjör, sem sennilega þýða það, að afkoma þeirra verður mjög svipuð því, sem nú er. Því að hæstv. ráðh. getur engar tryggingar gefið fyrir því, að þessi stétt fái þær launa-

bætur, sem henni ber að fá. Enda býst ég við, að hans flokkur hafi þá afstöðu, að óviturlegt sé að dæma sjómönnum launabætur sem nokkru nemi. En þegar þess er gætt, að dýrtíð vex, og skattar og tollar hækka og öðrum stéttum eru veittar ívilnanir, að ógleymdri bændastéttinni, er veitt hefir verið hærra verð fyrir kjöt og mjólk, sem ég tel ekki eftir — þá mætti ætla, að þeir, sem hafa skilning á því að bæta þyrfti hag bænda og hafa fengið því framgengt með okkar hjálp, hefðu líka slíkan skilning á þörfum sjómanna.

Ég mun af framangreindum ástæðum greiða atkv. á móti frv. En mér er það hinsvegar ljóst, að þó að ég andmæli málinu nú, þá er það aðeins til þess að staðfesta með dómi sögunnar, hvernig því hafi verið tekið af þeim fáu mönnum, sem andmæla því hér, því að málinu mun ætlaður framgangur.

En ég vona, að íslenzkur verkalýður beri sömu gæfu til að hrinda af sér borgaralegum gerðardómi sem í Noregi, Svíþjóð og annarsstaðar, og ef þetta frv. getur orðið til þess, þá er ef til vill fengur að því frá sjónarmiði einhverra. En ég tel þó ekki, að neinn fengur geti að því orðið, því að tilgangur sjómannastéttarinnar var að afla sér kjarabóta, meiri en slíkur dómur myndi dæma henni.

Forseti (EÁrna): Ég tel æskilegt, að þessari 1. umr. gæti orðið lokið áður en matarhlé hefst, bæði af því, að nauðsynlegt er talið, að málinu verði yfirleitt hraðað sem mest, og eins af hinu, að mér hafa borizt óskir um, að fundur verði ekki settur aftur fyrr en kl. 10 í kvöld. Ég teldi því æskilegast, að afgreiðsla málsins gæti farið fram fyrir matarhlé, sem verður kl 7½, jafnvel líka að því er önnur mál snertir.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og getið er í grg., er frv. þetta flutt af hæstv. forsrh., af því að hann á sæti í þessari hv. d., en annars er það flutt að tilhlutun okkar beggja og eftir ákvörðun Framsfl. Áður en 1. umr. lýkur, vildi ég segja nokkur orð um lausnir þær á þessum málum, sem stungið hefir verið upp á. Vil ég þá fyrst víkja að því, sem hv. 1. landsk. sagði. Hann sagði, að reikna mætti með því sem sjálfsögðum hlut, að verkalýðurinn og fulltrúar hans væru þessari leið andvígir. En hann gekk framhjá því, sem hér hefir verið upplýst, að í mörgum löndum hafa fulltrúar verkalýðsins gengið inn á þessa leið. Þessu hefir ekki verið mótmælt með rökum. Í Danmörku voru t. d. skipaðir gerðardómar, svipaðir þessum, sem hér er farið fram á. Þar stóðu Alþýðuflokkurinn og Radikali flokkurinn að þeirri lausn málanna.

En annað atriði var eftirtektarverðara í ræðu hv. 1. landsk. Hann virtist gera ráð fyrir, að undir vissum kringumstæðum væri leyfilegt að lögleiða kaupgjald, nefnilega þegar annar aðiljinn hefði samþ. það. Það þýðir, að þvinga má annan aðiljann, en ekki hinn. Út af því fordæmi, sem gæti skapazt af þessu, vil ég segja, að væri óvandaðri eftirleikurinn fyrir þingmeirihl., sem væri hlynntur atvinnurekendum, að lögleiða kröfur þeirra í svipaðri deilu. Þá væri svo komið, að sá aðilinn, sem sterkari væri á þingi eða í ríkisstj., kúgaði hinn aðiljann eftir vild til að hlíta sínum skilyrðum. Þetta er sú hættulegasta leið, sem hugsazt getur.

Hv. 1. landsk. sagði, að þessi vinnustöðvun væri pólitísk vinnustöðvun. Rökstuddi hann þetta með því, að útgerðarmenn hefðu trássast við að ganga til samninga um málið. Ég vil þá benda á, að það voru ekki útgerðarmenn, sem sögðu samningunum upp, heldur fulltrúar sjómanna, svo að það er ekki rétt hjá hv. 1. landsk., að þetta sé pólitísk vinnustöðvun af hendi útgerðarmanna. En aðalatriðið í því, sem hann sagði, var það, að hann hefði ráð á reiðum höndum til að kveða niður þessa pólitísku deilu. Ráðið væri það, að framkalla af hálfu sjómanna till. um lágmarkskaup, er þeir vildu hlíta, en skipa svo bönkunum að láta gera út upp á þetta kaup. Hvar værum við staddir, ef gengið yrði inn á þessa leið? Þá gæti með sama rétti hver stéttin eftir aðra komið og sagt Alþ., að hún þyrfti að fá betri laun eða kjör, og væri þá einföld leið til að framkvæma þessar kröfur, nefnilega að skipa bönkunum að skipa fyrirtækjunum að greiða þetta.

Þessi leið er auðvitað ófær, að fyrirskipa, að málstaður annars aðiljans sé tekinn til greina, en ekki hins. Sama máli væri að gegna, ef stj. segði við útgerðarmenn: Við skulum gefa ykkur eftir svo og svo mikið af sköttum og tollum, ef þið viljið gera út. Þetta hefir Framsfl. ekki heldur dottið í hug. (SÁÓ: Þetta var gert 1929). En þar með er ekki sagt, að alltaf eigi að gera það. Hvað átti Alþingi að gefa útgerðarmönnum mikið eftir af sköttum og tollum, til þess að þeir gerðu út upp á þau kjör, sem sjómenn heimtuðu? Og hvað átti svo Alþingi að segja við aðra sjómenn, sem hefðu ef til vill komið með samskonar kröfur?

Það er sama, hvor leiðin er tekin, báðar eru ófærar. Ég veit, að þeir, sem eru að fitla við þessar leiðir, sjá það líka sjálfir.

Hæstv. atvmrh. talaði hér fyrir þeirri lausn, sem lögð er til af hálfu Alþfl. Ég verð að segja, að mér kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar hv. 3. landsk. er að deila á Framsfl. fyrir það, að hann hafi sýnt fjandskap gagnvart sjómönnum, og þá væntanlega í því að leysa úr þeirra málum hér á þingi. Mér kemur þetta kynduglega fyrir. Ég veit ekki til, að það hafi legið fyrir, að Framsfl. ætti að taka afstöðu um kaupgjald sjómanna. En þegar það liggur fyrir Alþ., að bera fram lagafrv. um þetta efni, þá tekur hann einn þátt úr till. sáttanefndarinnar, svo að það er undarlegt, að hv. 3. landsk. skuli deila á okkur framsóknarmenn fyrir að vilja ekki taka málagrundvöll, sem alls ekki liggja fyrir neinar till. um, ekki einu sinni frá Alþfl. Ég veit ekki betur en Alþfl. hafi með þessu frv. gengið inn á, að það sé ekki hægt að búast við sáttum í þessari deilu, og sú leið, sem hann leggur til, að farin sé, er að lögbjóða vissan hluta úr till. sáttasemjara, eða með öðrum orðum að lögbjóða kaup á saltfisksveiðunum. Sú eina till., sem fyrir liggur frá Alþfl., ber ekki með sér það, sem mér skildist vera undirtónninn í ræðu hv. 3. landsk., að hér lægi

fyrir, að Framsfl. þyrfti að taka afstöðu til þess, hvort ætti að verða við kröfum sjómanna eða ekki. Það liggur aðeins fyrir sú leið frá Alþfl., sem felst í frv. hans.

Það er sem sé ekki deilt um það, hvort hægt sé að búast við því, að þessi deila verði leyst með samkomulagi milli aðilja. Bæði Framsfl. og Alþfl. eru sammála um, að þingið verði að grípa inn í deiluna, en það, sem deilt er um, er, hvor leiðin, sem bent er á, sé réttari.

Það hefir verið talað töluvert um það fordæmi, sem skapast við að samþ. þessar till. Það er annarsvegar farið fram á að lögleiða gerðardóm, þar sem meiri hlutinn er skipaður af hæstarétti. Það er að dómi hv. þm., sem talaði fyrir Alþfl., ófær leið, vegna þess að hún gefi svo hættulegt fordæmi. En á sama tíma leggur þessi hv. þm. til að lögleiða kaupgjald, sem sjómenn sjálfir hafa fellt að ganga að. (SÁÓ: Þeir hafa ekki fellt þetta). Þeir hafa fellt till. sáttasemjara í vinnudeilum, en þetta er einn kafli úr þeim till. Ég sé ekki, að það sé neitt verra fordæmi að lögleiða gerðardóm, sem skipaður sé af hæstarétti, heldur en að lögleiða kauptillögu, sem meiri hluti þeirra, sem við hana eiga að búa, hafa fellt.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það bæri brýn nauðsyn til að ganga ekki lengra í þessu máli en brýn nauðsyn bæri til, og taldi hann óhætt að skilja eftir þann hluta deilunnar óleystan, sem snerti síldveiðarnar og ísfisksveiðarnar. Hæstv. forsrh. hefir fært rök að því, að frá sjónarmiði okkar framsóknarmanna er þessi leið ekki fær, að skilja þennan hluta deilunnar eftir óleystan.

Ennfremur vil ég segja það, að jafnvel þótt þessi leið væri farin út af fyrir sig — sem ekki er hægt að okkar dómi —, þá mundi ekki álitið fært að slíta út úr samhengi eitt atriði í till. sáttanefndarinnar, eins og gert er í frv. Alþfl., og gera það út af fyrir sig að l., af þeirri einföldu ástæðu, að það liggur ekki fyrir neinn vilji um það frá þeirri nefnd, sem um þetta hefir fjallað, þar sem nefndin hefir gert till. um málið í heild, og þá um saltfisksveiðarnar, með tilliti til þeirra till., sem gerðar voru um önnur atriði deilunnar.

Það er því af báðum þessum ástæðum — þeirri, sem hæstv. forsrh. lagði áherzlu á, að við teljum ekki fært að skilja deiluna eftir óútkljáða, og þeirri ástæðu, að jafnvel þótt það væri fært, þá teljum við ekki fært að slíta eitt atriði út úr till. sáttanefndarinnar —, að við teljum ekki fært að fara þessa leið.

Hv. 3. landsk. fór hér áðan nokkuð hörðum orðum um sáttanefndina, sem starfaði í þessu máli, og fannst mér satt að segja nokkuð óviðkunnanlegt, hverskonar orðum hann fór um starfsemi nefndarinnar. Hann sagði, að hún hefði verið flokkspólitískt lituð, vegna þess að tveir menn í henni hafi verið framsóknarmenn. Ég verð að segja, að það mun vera erfitt að fá starfhæfa menn til þess að taka þátt í lausn mála, án þess að vita, hvaða flokki þeir fylgja, þótt þeir taki ekki þátt í pólitík. Ég verð líka að segja, að ummæli hv. 3. landsk. um starf nefndarinnar virðast ekki eiga mikla stoð í veruleikanum, þegar þess er gætt, að till. nefndarinnar um lausn deilunnar eru felldar með aðeins 58 atkv. meiri hl. á fundi sjómanna. Þetta sýnir, að nefndin hefir ekki í till. sínum farið ósanngjarnlega í málið, því að eins og allir sjá, munar sáralitlu, að till. séu samþ. Ef 30 menn, sem á fundinum voru, hefðu greitt atkv. með till., þá voru þær samþ. Það verður lítið úr svigurmælum hv. 3. landsk. í garð nefndarinnar, þegar þessi staðreynd er athuguð.

Hv. 3. landsk. sagði, að ef hér hefði setið vinstrimannastjórn, þá hefði ekki komið fyrir, að deilan hefði strandað á þennan hátt. Ég vil þá spyrja hann að því, hvernig Alþfl. hefði leyst þessa kaupdeilu, ef hann hefði ráðið einn. Við hvað á hv. 3. landsk., þegar hann segir þetta? Hvernig hefði Alþfl. leyst þessa deilu, og hvernig hefði hann leyst hana, án þess að komið hefði til aðgerða þingsins? Þessi ummæli hv. 3. landsk. koma ekki vel heim við það, að Alþfl. hefir nú einmitt flutt hér í þinginu frv. um það að leysa deiluna með valdi þingsins. Hv. 3. landsk. sagði, að það hefði verið skylt að láta sáttanefndina starfa áfram og athuga enn, hvort hægt myndi vera að fá samkomulag í þessari deilu. Þá vil ég spyrja hv. 3. landsk. að því, hvernig standi á því, að Alþfl. skuli hafa flutt hér í þinginu frv. um að lögleiða kaupgjald á saltfisksveiðum ofan í till. sjómanna, ef hann hefði trú á því, að hægt væri að ná niðurstöðu í deilunni með því að láta sáttanefndina starfa áfram. Hvers vegna flytur hann þá þetta frv., ef hann hefir trú á því, eins og kom fram hjá hv. 3. landsk.? Er ekki flutningur þessa frv. af hálfu Alþfl. skýlaus viðurkenning á því, að Alþfl. er, eins og hæstv. atvmrh. sagði í dag, ljóst, að deilan verður ekki leyst nema með þingvaldi, ef ekki á að verða sá skaði, sem þjóðfélagið ekki þolir? Þar sem þetta liggur fyrir, bæði með yfirlýsingu hæstv. atvmrh. og með flutningi frv. Alþfl., sem mig minnir, að hv. 3. landsk. sé 1. flm. að, þá kann ég ekki við ummæli af þessu tagi. Alþfl. hefði þá átt að leggja til, að sáttanefndin starfaði áfram.

Það er því ekki verið að deila um það, hvort aðgerða þingsins þurfi eða ekki, heldur um það, hvernig þær skuli vera. Það er deilt um það, hvort leiðin, sem Alþfl. bendir á, sé betri en sú leið, sem Framfl. bendir á. Við þykjumst hafa sýnt fram á með rökum, að leið Alþfl. er hvorki hættuminna fordæmi fyrir verklýðssamtökin í landinu í framtíðinni, og jafnframt langt frá því að vera líkleg til þess að skapa þann árangur í þessu máli, sem til verður að stofna.

Menn hafa verið að ympra á því, hvort hægt væri að fara eina eða aðra leið í þessu máli hér á þingi, með tilliti til þess, hvort menn myndu vilja fylgja l. Ég tel það ekki sæmandi fyrir alþm. að taka afstöðu sína til málsins út frá því sjónarmiði, hvort borgarar þjóðfélagsins muni hlýða l., sem sett eru á Alþ. Ég tel það eitt sæmandi, að ganga út frá því, að borgararnir fylgi l., sem Alþ. setur. Og eins og hæstv. forsrh., trúi ég því ekki, fyrr en ég sé það, að Íslendingar séu það öðruvísi innrættir

en aðrir, sem sett hafa hjá sér samskonar reglur af minna tilefni, að þeir fari eftir æsingarorðum einhverra, sem vilja ala á úlfúð í þessu mikla vandamáli. Ég ræði því ekki um það, hvort ein eða önnur leið er líklegri í því skyni, af því að ég álít ekki sæmandi fyrir alþm. að gera ráð fyrir slíku.

Forseti (EÁrna): Ég sé, að umr. verður ekki lokið fyrir matarhléið, og er því fundi frestað þangað til kl. 10 í kvöld.

Magnús Jónsson: Þótt mál þetta sé allathyglisvert, eins og sjá má af því, hve margir áheyrendur eru saman komnir hér, þá er málið raunverulega mjög einfalt og ekki ástæða til að halda langa ræðu. Sérstaklega verður málið einfalt, þegar menn hafa hlýtt á þessar umr. hér og heyrt til fulltrúa beggja aðilja, sem standa að þeim tveim frv., sem hér liggja fyrir og menn munu yfirleitt vera sammála um um allt þingið, nema e. t. v. kommúnistar.

Það vekur athygli manna, að bæði frv. virðast sammála um það, að Alþ. eigi að grípa inn og lögbjóða lausn á þeirri kaupdeilu, sem nú stendur yfir, svo að menn skyldu ætla, að málið væri ekki mikið hitamál flokka á milli, þótt það gæti verið hitamál í landinu, og þá einkum hjá þeim, sem hlut eiga að máli á móti Alþ.

Þótt ég hafi ekki ástæðu til að leggja margt til málanna, vil ég minnast á örfá atriði, sem komu fram í umr. nú síðast.

Hv. 1. landsk. sagði, að við sjálfstæðismenn vildum afnema verkfallsréttinn, og hann tók t. d. sem sönnun fyrir sínu máli bæði vinnulöggjöfina, sem borin hefir verið fram af hálfu okkar flokksmanna, og þau orð, sem ég hefi talað hér í dag. Ég verð að segja, að það þarf brjóstheilindi til að bera þetta fram fyrir þá, sem fylgjast nokkuð með í störfum Alþ., hvort sem er með því að lesa þingskjöl eða hlusta á umr., því að í vinnulöggjafarfrv. því, sem borið er fram af sjálfstæðismönnum, er einmitt sneitt hjá hverju því atriði, sem hallar í þá átt, að verkfallsrétturinn sé skertur, og í kaflanum um úrskurð milli aðilja í vinnudeilum er það mjög afmarkað svið, sem hægt er að fella úrskurð um, ef þessar stéttadeilur eru um kaup og kjör, og í ræðu minni tók ég skýrt fram, að það væri andstætt stefnu Sjálfstfl., að aðiljar sjálfir semdu ekki með sér um þessi mál á sama hátt og gert hefir verið. Ef svo hefði verið gert, eða sáttatilraunir tekizt, þá hefði lögboðinn gerðardómur aldrei verið settur. Að vísu hafa þessir samningar stundum gengið alltreglega, en þeir hafa þó tekizt. Ég álít, að ef litið er á sögu togaraútgerðarmanna og sjómanna á togurum, mundi sú saga sýna, að í slíkum samningum hefir verið gefið eftir á báða bóga svo mikið sem sanngirni hefir þótt mæla með. Ég held, að hv. 1. landsk. verði að snúa við með þá staðhæfingu sína, að við sjálfstæðismenn eða nokkur annar flokkur á Alþ., nema þá kommúnistar, viljum skerða verkfallsréttinn. Dæmin í Rússlandi munu sýna, að kommúnistar vilja skerða þennan rétt. Þar láta þeir fólkið vinna langt fram yfir venjulegan vinnutíma í öðrum löndum og skapa því kaup og kjör.

Sami hv. þm. hneykslast ákaflega á því, að við skildum nokkurntíma og undir nokkrum kringumstæðum ætla að lögbjóða verð á þessari einu vöru, sem verkalýðurinn hefir til sölu, sem sé vinnu sinni, og fannst það mundi vera einsdæmi og óhæfa með öllu, að löggjafinn ætti að skipta sér af því. Ég vil ekki á neinn hátt hvetja til, að þetta sé gert, nema undir alveg sérstökum kringumstæðum. En ég vil benda hv. þm. á það, sem hann og hans flokkur eru svo frakkir á að halda fram, að löggjafinn eigi að grípa allsstaðar annarsstaðar inn í til að ákveða verð á vörum framleiðenda með allskonar skipulagi. Er það ekki hliðstætt að ákveða þannig verð á þeim vörum, sem framleiðendur lifa af, og svo því, að ákveða verð á þessari vöru verkalýðsins, vinnu hans? Það situr ekki á mönnum, sem skipulagningin eða þjóðnýtingin er svo rótgróin í, að tala um, að aðrir vilji lögbjóða eitt og annað. Hv. þm. hélt því fram, að það ætti skilyrðislaust að láta þjóðfélagið ráða í þessu. Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann vilji halda fram, að aldrei geti komið fram sú þjóðfélagsnauðsyn að löggjafanum beri skylda til að grípa inn í? Ég veit ekki betur en að hann og hans flokkur vilji oft grípa inn í með miklu gagngerðari ráðstöfunum, í tilfellum þar sem minna bil þarf að brúa en hér, og bera fyrir sig þjóðarnauðsyn.

Ég er enginn málsvari hæstaréttar hér, en mér finnst bera svo mikil nauðsyn til að halda uppi virðingu fyrir lögum og reglum í landinu, að það ætti að vera leit að mönnum, sem vilja skerða virðingu manna fyrir æðsta dómstóli landsins. Hann verður oft að kveða upp dóma, sem einhverjir af þegnum þjóðfélagsins eru óánægðir með, og það veitir ekki af, að þjóðin standi fast saman utan um þessa stofnun. Ekki yrði hún betur stödd, ef grafinn væri grundvöllurinn undan hæstarétti og öðrum dómstólum landsins. Hv. þm. vísaði til afgreiðslu eins máls sem dæmi þess, að ekki væri treystandi úrskurði hæstaréttar, en þar kemur aðeins það venjulega fram, að sá reiðist, sem ekki fær sínum málstað framgengt. Hvort sá málstaður er réttur eða rangur, skiptir þá sjaldnast máli. En margir hafa vit á að bera þann harm í hljóði. Hæstiréttur dæmir eftir lögum og reglum, en engu öðru. Ef hæstiréttur er ekki fær til að skipa menn í þennan dóm, ef þjóðin getur ekki skipað sinn æðsta dómstól svo, að honum sé treystandi, þá veit ég ekki, hvernig slíkt þjóðfélag á að standa. Ef hver borgari á að geta komið fram og sagt, að hæstiréttur hafi dæmt sig ranglátt, og svo á að dæma eins og hann segir, að rétt sé, yrði erfitt fyrir þjóðfélagið að standa á eigin fótum. En vantraust hv. 3. landsk. og hæstv. atvmrh. á hæstarétti verður þeim mun einkennilegra, þegar þeir koma fram með þá till., að vísa skipun dómsins til pólitísks ráðh., og segja þar að auki, að þeir treysti dómi þess ráðh., aðeins af því að hann sé pólitískur. Ég held, að röksemdir slíkra manna gegn réttdæmi hæstaréttar verði ekki þungar á metunum. Menn geta næstum tárast yfir þeirri

miklu viðkvæmni, sem hv. þm. lét í ljós, þegar hann talaði um, að úr þessu gæti orðið stjórnarkreppa. Þó að nokkur þúsund manns liðu sult og ríkið færi á höfuðið, það væri allt hægt að bera, en ef yrði stjórnarkreppa úr þessu, ef kreppan skyldi snerta þá háu stjórn, það var heldur verra.

Ég skrifaði hér hjá mér nokkur atriði úr ræðu hv. 3. landsk., en mér er tjáð, að hann sé bundinn á fundi og muni ekki geta mætt hér. En ég held samt, að ég verði að fara örfáum orðum um það, sem hann sagði.

Hann valdi sér það hlutverk að halda kosningaræðu. Hann fór ekki mikið inn á málið sjálft, en talaði líkt og ég geri ráð fyrir, að hann vilji tala á fundi þeim, sem hann er nú á. Hann hélt í rauninni ágæta ræðu, og ég get undirskrifað margt, sem hann sagði um okkar sjómannastétt, hvílíkir ágætismenn þar væru, og ég veit, að það er enginn, sem ekki er honum samdóma um það. Íslenzka sjómannastéttin er þekkt að ágætum, ekki einungis hér á Íslandi, heldur og svo langt út fyrir landið, sem hún er þekkt. Ég held, að hv. þm. fái engan til að tala illa um hana og fái sjómenn ekki heldur til að trúa því, að þeir eigi óvini hér meðal fulltrúa þjóðarinnar. Hér er aðeins verið að ræða um, á hvern hátt þessi deila verði bezt leyst, fyrst og fremst fyrir sjómennina, og þar að auki fyrir aðra þjóðfélagsborgara. En gallinn á ræðu hv. þm. var sá, að tilgangur hennar var ekki sem beztur. Hann var sá að reyna að koma inn óánægju hjá þessari stétt og telja þeim trú um, að þeir einir væru settir hjá, og það einungis af illmennsku. Hv. þm. lýsti kaupdeilunni, hvernig hún hefði gengið til, hvenær samningunum hefði verið sagt upp, og svo þegar hefði átt að semja, þá hefðu útgerðarmenn ekki svo mikið sem viljað tala við sjómenn.

Ég skal ekki fara að endurtaka svar hæstv. fjmrh. við þessu. Það voru sjómenn, sem sögðu samningunum upp, og sögðu þeim upp í því skyni að knýja fram kauphækkun. Svo reynist ákaflega erfitt að ná tali af útgerðarmönnum. Ég vil skjóta því fram til að sýna, hve mikil rök þetta eru, að við skyldum segja, að útgerðarmenn heimtuðu kauplækkun í sambandi við árangur rannsóknar þeirrar, sem fram hefir farið á hag útgerðarinnar, og vita hvort sjómannafélagið og aðrir foringjar sjómanna hefðu orðið ákaflega fljótir og fúsir til að ræða við útgerðarmenn um þetta. Nei, ég er viss um, að það hefði reynzt ákaflega erfitt fyrir útgerðarmenn svo mikið sem að ná tali af þeim.

Málið hefir tvær hliðar. Annarsvegar er kaupkrafan, og enginn efast um, hve ágæt stétt sjómenn eru og hve mikið þeir eiga skilið, en þá ber líka að líta á þá hlið, hve erfitt það er vegna dýrtíðarinnar, sem alltaf vex, að hækka kaupið. Dýrtíðin vex meðal annars vegna atbeina þessa hv. þm. og hans flokksmanna, og því er ekki hægt að neita, að krafa þeirra um, að greiddar séu fleiri krónur, jafnframt því sem ríkisstjórnin gerir hverja krónu verðminni, er nokkuð hörð. Þetta er önnur hliðin.

Nú er ekki einungis um sjómenn hér að ræða, heldur líka útgerðarmenn. Margir hv. dm. þekkja þá sögu betur en ég, en ég held, að allir, sem hafa komið nálægt því máli, séu á eitt sáttir um, hvernig ástæður útvegsins eru. Miklar breytingar eru orðnar frá því fyrir ekki mjög mörgum árum, að útgerðin stóð, að segja mætti, með miklum blóma, og til þess nú, að hún er á barmi glötunarinnar. Mþn. til að athuga hag sjávarútvegsins starfaði fyrir eitthvað 3 árum og gerði upp hag hans eftir skýrslum, sem safnað hafði verið um nokkur ár. Ástandið reyndist þannig, að í stað þess að útgerðarmenn höfðu átt allmikið af útgerðartækjum sínum, skip, hús, reiti og veiðarfæri og annað, sem til þessa atvinnurekstrar þarf, sem er furðu lítið samanborið við þær upphæðir, sem hann veltir, þá er nú, að heita má, allt komið í skuld. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem hafa haft tækifæri til að koma nálægt bönkum, eins og ég hefi haft, hafi séð sögu útvegsins skráða í bækur bankanna, og það er ófögur saga. Frá því að togarafélögin ýmist voru skuldlaus eða skulduðu mjög lítið greiddu flest skuldir sínar upp um áramót, er svo komið, að svo að segja hvert einasta þessara félaga er nú skuldum vafið, eignirnar farnar og ekki upp á annað rekstrarfé að hlaupa en lánsfé úr bönkunum. Þetta er saga málsins frá hinni hliðinni.

Ofan á annað bætist lokun bezta markaðarins, stórkostlegt aflaleysi í þeirri grein, sem menn væntu, að tæki verulegt tak í áttina til batnaðar, og á ég þar við síldveiðarnar í fyrra sumar. Þrátt fyrir góðan afla á síldveiðum síðasta sumar hefir útgerðin ekki gert meira en að halda í horfinu.

Hv. 3. landsk. og flokksmenn hans hafa e. t. v. manna bezt lýst þessu ástandi með því að leggja fram á síðasta Alþ. frv. um að leggja niður eitt stærsta togarafélag landsins og gera ýms önnur smátt og smátt gjaldþrota. Þegar þeir flokkar, sem ár frá ári hlaða á útveginn sköttum og tollum, bera fram kröfur um hækkað kaup, fara menn að skilja, að þar er ekki einungis um að ræða kjör sjómanna. Einmitt alþýðuflokksmenn hafa talað svo mjög um, að útgerðarmenn ættu ekki lengur skipin. Því hefðu einmitt þeir átt að telja þessa kröfu fjarstæða. Hvaða heimild hafa útgerðarmenn þá til að semja um hærra kaup við þessi fyrirtæki, sem þeir eiga ekkert í?

Eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk. var það, að hann sagði: „Við gerum okkur ekki ánægða með gerðardóm, nema hann verði skipaður af okkur“. Og tók til dæmis gerðardóminn í Noregi. Hann hefði verið ágætur, af því að þar væri alþýðuflokksmaður forsrh. og hann hefði skipað í gerðardóminn. En hinn aðilinn? Ætli, að hv. þm. sneri ekki við blaðinu, ef sagt væri, að sjálfstæðismenn ættu að skipa í gerðardóminn? Mundu þá aðrir en sjálfstæðismenn verða ánægðir? Það er engin önnur leið til í þessu en að reyna að fá svo óhlutdræga menn í gerðardóminn, sem mögulegt er, eins skynsama og þekkingarmikla og mögulegt er, og enginn aðili er hæfari en æðsti dómstóllinn til að skipa þessa menn. Þar gilda þær reglur, að ef hægt er að sýna fram á, að einhver dómenda sé venzlaður öðrum hvorum aðilja eða hafi látið einhver

orð falla, sem bundið geti úrskurð hans, þá verður sá maður að víkja úr dómnum. Ef velja ætti dómara, sem búinn væri að segja, að hann væri með öðrum aðilja, þá yrði erfitt að fá góða dómara. Hv. þm. sagði, að engin trygging væri fyrir því, að sá dómur, er hæstiréttur tilnefndi, væri óhlutdrægur, og engar líkur til þess, að hann felldi dóm, sem þáðir aðiljar gætu sætt sig við. Orð þessa hv. þm., sem halda því fram, að það eigi að skipa pólitískan dóm, eru ómerk. Það er hart, að þessir menn skuli standa upp, með vandlætingarsvip yfir því, að hæstiréttur á að tilnefna helmingi fleiri menn en dæma eiga, svo að báðir aðiljar geti rutt úr dómnum. Bæði hv. 1. landsk. og hv. 3. landsk. hafa haldið því fram, að dómurinn væri pólitiskur og dregið það af því, sem hefir verið sagt um þetta mál. Það hefir komið fram hjá útgerðarmönnum, segja þeir, að útgerðarmenn vilji ekki sættir við sjómenn, en þeir töldu nauðsynlegt að gera nokkrar kröfur á hendur hins opinbera, og út af þessu kom grátstafur í kverkarnar á 1. landsk. út af stjórnarkreppunni. Deilan er pólitísk, segja menn. En er það pólitík, ef einhverjir menn sækja til stj. um að fá réttingu á sínu máli, og sækja það nokkuð fast. Ef svo er, þá eru margir menn pólitískir í þessu landi, og þá er þetta líka pólitísk deila. En í þessu öllu er gengið út frá því, þrátt fyrir allt, sem vitað er, að útgerðarmenn geti haldið útgerðinni áfram með því lagi, sem hún hefir verið rekin á undanförnum árum, og geti bætt dálitlu við útgjöldin. En mér finnst slíkt vera hrein fjarstæða.

Það, sem hér liggur fyrir, er ekkert annað en það, að það er algild sönnun og viðurkennt af hálfu aðilja af mörgum flokkum, að ég hygg, að útgerðin hafi ekki borið sig á undanförnum árum. Nokkur þúsund kr. halli hefir verið á rekstri hvers togara. Útgerðarmenn geta ekki haldið rekstrinum áfram, nema þeir fái einhverjar ívilnanir, annaðhvort auknar tekjur eða lækkun útgjalda, sem nemi nokkrum tugum þúsunda. Ef útgerðarmenn sæju ofsjónum yfir kaupi sjómannanna, gætu þeir reynt að ná þessari útgjaldalækkun með því að segja upp samningum og lækka kaup sjómannanna. Ef til vill yrði ekki svo mikill halli á útgerðinni, ef reynt hefði verið að ná tekjum inn þá þann hátt. En útgerðarmenn gerðu þetta ekki. Þeir sáu ekki ofsjónum yfir kaupi sjómannanna. Þeir völdu þá leið, að reyna að fá hið opinbera, bæi og ríki, til að lækka gjöldin, er á útgerðinni hvíla, og bæirnir féllust á að létta stórlega gjöldum af útgerðinni.

Ég hygg, að rökstyðja megi sterklega og fylgja því fast fram, að þessi framleiðslutæki séu svo stórtæk og afli svo mikið í þjóðarbúið, að þjóðarbúið yrði að halda útgerðinni við. Það mætti ekki leggja þyngri kröfur á útgerðina en svo, að togararnir gætu haldið áfram. Þeir svara út í hött, segir Nýja dagblaðið,

Við viljum viðurkenna, að kjör sjómanna eru ekki of góð, en við höldum fast við það, að halli verður á rekstrinum með svona samningum, og við eigum að fá hann bættan hjá þeim aðiljum, sem mest eiga undir því, að togararnir geti gengið og gefið arð, nefnilega bæir og ríki. Mér þótti hæstv. fjmrh. gefa heldur köld svör í ræðu sinni. Mér skildist, að hann segði það með rólegum orðum, að það kæmi ekki til mála, að ríkið létti nokkrum kostnaði af útgerðinni til þess að leysa þessa deilu. Ég veit satt að segja ekki, hvað ég á að halda um afstöðu og skoðun hæstv. fjmrh. Hann lýsir því yfir, að hann standi við frv. um gerðardóm. Hann veit, eins og allir, að langmestar líkur eru til þess, að gerðardómur myndi kveða upp mjög svipaðan dóm eins og þann sem fyrir liggur í till. sáttanefndar. Nú er búið að gera tvær till. af sáttasemjara, og eina, og þá síðustu, af hendi sáttanefndarinnar, sem skipuð var, og eru þær báðar mjög svipaðar. Aðstaða gerðardóms er að vísu nokkuð önnur en sáttanefndar. Sáttanefnd á bara að sætta aðilja, en ekki að skipta sér af því, hvað er sanngjarnt, hvar sem unnt er að finna till., sem báðir aðiljar geti gengið að. En gerðardómurinn á að kveða upp eins réttan dóm og hann getur. Ég veit líka, og hæstv. fjmrh. veit það einnig, að samningar myndu standa í stað þrátt fyrir þetta. Hann veit eins vel og nokkur maður annar, hvernig hagur útgerðarinnar er. Hann ætti að vita betur en nokkur annar, að ekki er hægt að halda rekstri útgerðarinnar þannig áfram, að hún geti borið sig. Ég veit ekki, hvernig hann hugsar sér að leysa þetta mál, ef hann neitar að framkvæma eða leggja til, að framkvæmdar verði þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að þessi bezta mjólkurkýr landsins geti haldið áfram að lifa. Mig langar næstum til þess að spyrja hann, hvort hann vildi, að haldið yrði áfram að gera út togaraflotann. Hann er yfirmaður bankanna, og vildi ég því spyrja, hvort hann teldi það forsvaranlegt, að bankarnir héldu áfram að veita fjármagn til fyrirtækja, sem búið er að eins og nú er búið að togaraútgerðinni.

Ég skal ekki fara mikið út í það, sem hv. 3. landsk. sagði. Hann felldi krókódílatár yfir því, að ekki skyldu takast sættir. Kannske það hafi verið alþýðuflokksþingmannstár, sem ég kalla því nafni, er hann felldi? Mér finnst þetta vera í skerandi ósamræmi við það, sem hans flokkur, og raunar báðir þessir flokkar, hafa lagt til þessa máls. Það er alveg ómögulegt að spilla meira fyrir sættum í þessu máli heldur en hér hefir verið gert af hálfu blaðs Alþfl. um langan tíma. Málið á að hafa verið blásið upp með ósanngirni af hálfu útgerðarmanna, að sögn þessa blaðs, og annað þess konar. Ég verð að segja, að það er sízt að undra, þótt sjómenn felldu till. Maður gæti miklu fremur undrazt yfir því, að ekki skyldu miklu fleiri greiða atkv. gegn till. En af atkvgr. sézt, hvað þessir menn hugsa sjálfstætt. Þeir fara ekki meira eftir þessu blaði en svo, að næstum jafnmargir greiða atkv. með og móti þessari fjárráðatill. Þeir hafa ekki tekið meira mark á forustumönnum hans flokks og þeim blöðum, sem hann ræður yfir, en raun ber vitni. Ræða hans snerist öll í sömu átt; hann bara endurtekur. Kúgunin er ekki lítil, þegar þess er gætt, að hann flytur sjálfur hér frv. um nokkuð samskonar kúgun, þó að hún sé ofurlítið öðruvísi. Án þess

að ég fari út í það hér, finnst mér það næstum hlægilegt, þegar þessir hv. þm. eru að tala um kúgun, en beita henni þó sjálfir, þegar þeir eru að hafa eitt og annað fram. Það eru nokkuð margir aðiljar, sem finnst hans flokkur undir stjórn hans flokksmanna hafa farið nokkuð hranalega að, þegar menn hafa verið að koma fram sínum kröfum. Nokkuð mörg kauptún hafa reynt, hve mikið sárar tilfinningar þeir hafa fyrir því, að ekki sé gengið á hlut nokkurra manna. Förum stutt, bara til Akraness. Þar vildu verklýðsleiðtogarnir reka bændur heim með ket sitt. Verksmiðjan þar er alveg vængstýfð, og settar fram kröfur um það, að ekki megi neinn vinna þar, sem ekki vill fylgja verklýðsleiðtogunum. Líklega er þetta víðar. Maður tekur ekki eins mikið tillit til þess, sem hann segir, eins og ef hann hefði alveg hreinan skjöld í þessum efnum.

Ég skal svo fara að ljúka máli mínu, en ég vildi bara ljúka því með því að minna þennan hv. þm. á það, sem er mjög eftirtektarvert, hvað þessi hv. þm. talar illa um sáttanefnd, sem hefir verið skipuð í þessu máli, og hve hann úthúðar með þeim sterkustu orðum því smánarboði, sem þessi nefnd hafi komið með til sjómanna. Nefndin var skipuð þannig, að meiri hl. var framsóknarmenn, ekki batnaði við það, að íhaldið var þar líka á ferðinni. Hann vildi ekki líta við þessu, því að þar var enginn maður, sem hafði nokkurn skilning á kröfum verkalýðsins eða Alþfl. Smánarboðið var svo ógurlegt, að út af því gat hann lagt í löngum kafla sinnar löngu ræðu. En rétt áður hefir hann skammað nefndina fyrir að gera ekki ofurlítið betra boð, en maður hefði getað haldið, að þá hefði þurft að bjóða allt annað. Einu mennirnir, sem ekkert eiga að fá annað en hreinasta smánarboð, eru sjómennirnir. Þeir fá ekki þá hækkun, sem þeim ber. Hvernig lifir hann eftir þessari reglu? Hann lifir eftir henni þannig, að nú vill hann lögbjóða part af þessu smánarboði. Hann og hæstv. atvmrh. töluðu um, að ekkert væri sannað um það, að deilan gæti ekki haldið áfram, og væri þá eftir að semja um kjörin á síldveiðunum í sumar, og á ísfisksveiðunum næsta vetur. En sérstaklega verður þetta merkilegt, þegar þess er gætt, að það skyldi eiga að kóróna allt saman, að þeir gengu inn á að lögbjóða þetta sama smánarboð. Það hefir flogið fyrir nýlega, sennilega bara fyrir sjómannafélagsfundum, að þeir væru að reyna að fá Framsfl. til að lögleiða alla þessa till. og skylda sjómenn til að taka þessu ægilega smánarboði. Það, sem þeir vilja lögleiða í sínu frv., er till. sáttasemjara, en ef nokkuð er lögleitt, hví skyldi þeir þá ekki lögleiða það allt saman. Spurningin er, hvað mikið þeir ætla að vinna fyrir það eina, sem fyrir þeim vakir, að geta fengið að sitja við völd ásamt Framsfl.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan í ræðu sinni um Sjálfstfl., að hann væri yfirleitt á móti því að taka af mönnum verkfallsréttinn. Hann benti á vinnulöggjafarfrv. Sjálfstfl. máli sínu til sönnunar. Hann sagði, að það þyrfti mikil brjóstheilindi til að halda því fram fyrir þeim mönnum, er fylgzt hefðu vel með því frv., því að þetta frv. gengi út frá svipuðum verkfallsrétti. En ég get aftur á móti sagt, að mér finnst, að það þurfi mikil brjóstheilindi til að halda því fram, að þetta frv. takmarki ekki verkfallsréttinn. Allt slíkt tal fellur um sjálft sig fyrir þeim, er hefir lesið og kynnt sér vandlega þetta frv., enda viðurkenndi hv. þm. það, að í þessu frv. fælist skerðing á verkfallsréttinum. Hann viðurkennir, að í því felist afnám verkfallsréttarins undir vissum kringumstæðum, þar sem um bindandi úrskurð væri að ræða. Þetta vita allir, og þessar röksemdir hv. þm. falla því um sjálfa sig. Þá sagði hann, að á Rússlandi væru menn þvingaðrir til að vinna ótakmarkaðan tíma. En þar er 7 stunda vinnudagur, og sumstaðar ekki nema 6. Aðrar upplýsingar hans hafa álíka mikið sannleiksgildi. Hann neitaði því, sem ég sagði um hæstarétt. En hvort hann hneykslast á því eða ekki, skiptir litlu máli. Það, sem er aðalatriðið, er það, að ekki þýðir nokkurn skapaðan hlut að mótmæla þeirri staðreynd, að mikill meiri hluti verkalýðsins lítur á hæstarétt sem stéttardómstól. Það er ekki aðeins vegna úrskurðar hans í Dettifossdeilunni, heldur líka vegna flestra þeirra deilumála, sem hann hefir dæmt, þar sem verkalýðssamtökin eru annar aðilinn. Hér er að ræða um hæstarétt frá því sjónarmiði, hvort rétt sé að fallast á, að hann sé hlutlaus dómstóll.

Þá kem ég að ræðu hv. fjmrh. Hann sagði í ræðu sinni, að það væri ekki rétt, að fulltrúar sjómanna gætu ekki unað við bindandi gerðardóm, fulltrúar verkalýðsins hlytu að geta gengið að löglegum gerðardómi eða samningum, því að fulltrúar verkalýðsins hefðu gert þetta í öðrum löndum. Stundum skamma andstæðingarnir okkur fyrir það, að við viljum fara eftir erlendum fyrirmyndum, en stundum heimta þeir, að við öpum allt vélrænt eftir öðrum þjóðum, jafnvel þó um gerólíkar kringumstæður sé að ræða. Í fyrsta lagi var í mörgum tilfellum, sem hér hefir verið talað um, um fyrirmæli um gerðardóm að ræða, sem fyrirfram hafði verið fengin trygging fyrir, að ekki myndi ganga gegn hagsmunum verkalýðsins. Í öðru lagi hafa kommúnistar aldrei gefið samþykki sitt fyrir löglegum gerðardómi. Slíkt tilfelli er ekki til, nema það kom einu sinni fyrir fyrir 18 árum í Noregi, og þá var þessi afstaða þingmanna Kommúnista fordæmd af flokknum. Þetta er sannleikur. Auk þess má benda hæstv. fjmrh. á það, að ef deilan hefði komið fram á öðrum vettvangi, gat verið nokkuð öðru máli að gegna. Mönnum er ekki alveg sama, hverskonar verk það eru, hvaða gerðardómur er skipaður, undir hvaða kringumstæðum hann starfar, í hvaða tilgangi hann er settur og hverjar verða afleiðingar hans. Hér á Alþ. hefir nú Alþfl., jafnframt því, sem hann ákveður að rísa gegn frv. Framsfl. um bindandi gerðardóm, lagt fram frv. um að lögbjóða aðra lausn á málinu, sem hefir allt annan tilgang og aðrar afleiðingar. Ég get lýst því yfir, að ég gæti gengið inn á löglega lausn, líka í þessu máli, sem væri réttlát, en ekki hróplegt ranglæti og kúgun, eins og felst í till.

Framsfl. Hæstv. fjmrh. sagði, að mínar till. kæmu ekki til mála. Sú till., sem ég drap á sem lausn á þessu máli, myndi ekki koma til mála vegna þess, að hún þvingaði annan aðiljann. Með öðrum orðum, það má ekki þvinga útgerðarmenn til þess að láta togarana fara út upp á þau kjör, sem sjómenn gætu sætt sig við, og meira að segja útgerðarmenn sjálfir gætu sætt sig við, ef stj. vildi uppfylla kröfur þeirra. Það er öllum ljóst, að það var þetta, sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann gat ekki mótmælt því, að deilan, sem nú stendur yfir, væri pólitísk, enda er hún það af hálfu útgerðarmanna. Hæstv. fjmrh. gat ekki heldur mótmælt því, að stórútgerðarmennirnir, sem mestu ráða í samtökum útgerðarmanna, eiga sjálfir skipin, sem þeir nota sem pólitískt vopn. Þetta er viðurkennt af hæstv. ráðh. Og þrátt fyrir þetta má ekki þvinga útgerðarmenn til þess að láta togarana fara út. Samt sem áður verður að lofa þeim að nota umráðaréttinn yfir eignum þjóðarinnar til þess að kúga þjóðina, og stofna þjóðarbúskapnum í voða. Þetta á ekki gera. En aftur á móti má kúga sjómenn til þess að vinna fyrir kaup, sem þeir hvorki geta né vilja vinna fyrir. Þetta er undarleg afstaða hjá hæstv. fjmrh. og óverjandi. Sannleikurinn er líka sá, að með aðferð Framsfl. er ekki um það að ræða, að báðum aðiljum sé gert jafn hátt undir höfði. Útgerðarmenn fá sitt fram og ná sínum tilgangi, eins og ég hefi áður sýnt fram á. Við kommúnistar viljum fara allt aðra leið í þessu máli. Við viljum, að ríkisstj., Alþ. og bankarnir noti sitt vald til þess að láta starfrækja þau fyrirtæki, sem þjóðin á. Við viljum láta gera meira. Við teljum nauðsynlegt, að jafnframt verði skuldamál útgerðarinnar tekin til meðferðar. Við teljum nauðsynlegt, að jafnframt verði gjaldþrota fyrirtæki gerð upp og bundinn endir á taprekstur inn. Við teljum og nauðsynlegt, að með íhlutun þess opinbera verði rekstrinum, jafnframt þessum ráðstöfunum, komið á heilbrigðan grundvöll, þannig að hann komi til með að geta borið sig. Þetta er hin eina raunverulega lausn þessa máls. Allt annað er engin lausn. Það, sem um væri að ræða, ef þetta frv. yrði samþ., væri aðeins nokkurra vikna gálgafrestur. Við kommúnistar munum að öllum líkindum, áður en þessum umr. lýkur, bera fram okkar till. í þessu máli, sem ganga í þá átt, sem ég hefi lýst. Hæstv. fjmrh. sagði, að ef þessi leið væri farin, sem ég benti á, þá væri óvandur eftirleikurinn fyrir fulltrúa útgerðarmanna, ef þeir fengju völdin. Skárri er það nú þjóðmálaspekin hjá hæstv. ráðh. Fyrst og fremst væri nú ekki verið að gera neitt ljótt, þó að þessi leið væri farin, heldur væri um að ræða ráðstafanir til varnar gegn þjóðhættulegri starfsemi, ráðstafanir, sem hverri ríkisstj. bæri skylda til að gera, ef hún hugsaði um hag alþjóðar. En eftir kenningu hæstv. fjmrh. mætti t. d. ekki leggja réttlátan skatt á auðmenn. Það mætti ekki gera upp gjaldþrota fyrirtæki o. s. frv., til þess að þeir hugsuðu ekki til hefnda, þegar þeir fengju völdin. Þetta er eina rökrétta ályktunin, sem hægt er að draga af þessari kenningu hæstv. ráðh. Þetta er nákvæmlega sama stjórnmálastefnan og bardagaaðferðin eins og hjá Bretum, þegir þeir bönnuðu vopnaflutning til Spánar í því augnamiði, að fasistar ekki flyttu þangað vopn. En eins og kunnugt er, gerðu fasistar það samt. Þeir fluttu bæði vopn og hermenn til Spánar, og þess vegna hefir nú blóðug styrjöld staðið þar í 2 ár. Það er víst, að þegar afturhaldið fær völdin, þá framkvæmir það hagsmuni sinnar stéttar gegn hagsmunum alþýðunnar, alveg eins og kraftar þess leyfa. Þessi kenning hæstv. ráðh. er því sú barnalegasta pólitík, sem hugsazt getur, að framkvæma vilja afturhaldsins til þess að kaupa sér frið. Það er allt önnur pólitík, sem leiðir til sigurs. Það, sem gildir, er að láta afturhaldið ekki fá völdin. En ráðið til þess að hjálpa afturhaldinu til valda, það er undirlægjupólitíkin, sem leiðir til klofnings í alþýðusamtökunum og hrindir alþýðunni frá þeim flokkum, sem hún telur málsvara sína. Það er þessi pólitík, sem leiðir til þess, að afturhaldið tekur völdin. Aftur á móti er ráðið til að hindra, að afturhaldið taki völdin, sú pólitík, sem samræmist hagsmunum fólksins. Það er sú pólitík, sem sameinar alþýðuna. Þegar á allt er litið, virðist mér þeir viðburðir, sem hér hafa gerzt, ekki verða skildir á annan veg en þann, að þeir menn hafi orðið ofan á í Framsfl., sem vilja enga lausn þessa máls, sem alþýðan getur sætt sig við. Ég held, að mennirnir, sem hafa samið þessa hernaðaráætlun, séu þeir menn í Framsfl., sem fyrir hvern mun vilja slíta samvinnu verkamanna og bænda og nálgast íhaldið. Nú er ekki annað sýnna en að þessum tilgangi sé náð. Þeir menn, sem hafa samið þessa hernaðaráætlun, sjá nú árangur verka sinna. En þrátt fyrir að svona er nú komið, þá geri ég ráð fyrir, að það séu margir framsóknarmenn, sem alls ekki hafa gert sér það ljóst, hvað hefir verið að gerast. Þeir hafa verið leiddir út í pólitík, sem hefir verið þeim sjálfum á móti skapi. Það mun nú ekki vanta, að það verði risið upp og þessu verði mótmælt og það talin fjarstæða. Ég þekki slík mótmæli og stóryrði, en það afsannar ekki mitt mál. Ég tek ekki slík mótmæli alvarlega. Ég lít á þau sem staðfestingu á því, sem ég er hér að halda fram. Ég hefi ekki tækifæri til að taka hér aftur til máls. Þess vegna vil ég taka það fram, að ef umr. verða um þetta atriði, þá tel ég þarflaust að svara slíkum mótmælum, sem fram kunna að koma. Hæstv. forsrh. var í dag spurður að því, hvaða tryggingu hann hefði fyrir því að deilan leystist með þeirri leið, sem stungið hefir verið upp á af honum. Hann svaraði þessu engu öðru en því, að hann gæti ekki trúað öðru en að menn hlýddu landslögum. Þetta var hið eina svar, sem hæstv. forsrh. hafði. Það var trú. Það má segja um þetta, að „mikil er trú þín kona“. Og þetta er sagt á sama tíma og hin pólitíska saga í heiminum er að mestu leyti saga um lögbrot og samningsrof. En nú er það svo, að það þarf engin formleg lögbrot til þess að láta togarana sitja í höfn, þrátt fyrir að þetta frv. yrði að l. Það stendur sem sé hvergi í frv., að togararnir skuli fara á veiðar. Það stendur ekkert annað en það, að þau ráðningarkjör skuli gilda, sem gerðardóm-

urinn úrskurðar. Togaraeigendur geta látið togarana liggja í höfn þrátt fyrir þetta. En hvað segja svo sjómenn? Eru nokkrar líkur til, að þeir láti kúga sig til þess að fara út? Hv. 3. landsk. benti á, að svo væri ekki. Hann benti á, að sjómenn hafa ekki enn sagt sitt síðasta orð um málið.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri, en ég geri ráð fyrir, að við kommúnistar munum, áður en umr. lýkur, leggja fram till., sem eru í samræmi við þær skoðanir á þessu máli, sem ég hef hér túlkað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, BSn, GL, EÁrna.
nei: SÁÓ, BrB, ErlÞ.
1. þm. (ÁJ) fjarstaddur.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:3 atkv.

Forseti (EÁrna): Það er gert ráð fyrir því, að þessi 2. umr. geti gengið þannig, að það verði ekki umræður. En hinsvegar verður við 3. umr. haft útvarp, sem óskað hefir verið eftir, til þess að hægt verði að hlusta á umr., sem þá fara fram, utan þinghúss.

Magnús Jónsson: Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að hefja ekki umr. almennt um málið. En ég gat þess við fyrstu umr., að enda þótt ég lýsti yfir því fyrir hönd Sjálfstfl., að hann myndi fylgja frv., þá eru einstök atriði í því, sem ég persónulega er ekki alveg samþykkur. Ég skal ekki tefja umr. með því að rekja þau upp. En ég vildi biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir einni brtt. frá mér við frv. Það er við 5. gr., að 2 síðustu málsl. falli niður. Það stendur þar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Dómurinn skal afla sér upplýsinga hjá sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum um kröfur og tilboð deilu aðilja. Hvorugum aðilja má dómurinn dæma frekari rétt en hann hefir gert kröfur til fyrir sáttasemjara, þó þannig, að skipverjar sæti ekki lakari kjörum en samkvæmt samningi þeim, er gilti til ársloka 1937".

Ástæðan fyrir minni brtt. er sú, að fyrri málsliður er um atriði, sem þóttu mikils virði, þegar lögin um sáttasemjara voru sett, 1925. Þar er beinlínis ákveðið svo í 7. gr. laganna, að það megi ekki, eins og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Bannað er að gefa út vottorð um eða leiða vitni um, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því aðeins, að samþykki beggja aðilja komi til".

Það er enginn vafi, að þetta ákvæði er sett þarna til þess, að menn væru óhultari, þegar þeir bæru fram kröfur sínar fyrir sáttasemjara. Og það er illa farið, ef menn, af ótta við það, að till. þeirra yrðu bornar út, væru þögulli um það, hvað væri í raun og veru þeirri vilji. Hér í þessu frv. er farið fram á að breyta þessu svo gersamlega að það er beinlínis gert að skyldu að leita umsagna um það, hvað fram hefir farið fyrir sáttasemjara. Ég held, að þetta myndi spilla mjög fyrir sáttasemjara í framtíðinni. Hitt atriðið er aftur á móti annars eðlis. Mér finnst ofurskiljanlegt, um leið og málið er lagt í gerð, að setja gerðardómi ákveðnar reglur um það, hvernig hann skuli dæma í einu ákveðnu tilliti, t. d. að fyrir rétti megi ekki dæma nema það, sem kröfuhafi hefir komið fram með. Ég held, að þessi ákvæði muni torvelda sáttasemjara starfið.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 101) leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BSn, GL, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, ÞÞ.
nei: BrB, ErlÞ, HermJ, SÁÓ.
PZ, EÁrna greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁJ) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 12:3 atkv.
2—8. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:3 atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:2 atkv.

Forseti (EÁrna): Ég leyfi mér að bera upp þá till., að umr. fari þannig fram, að ræðutímanum verði skipt jafnt milli allra þingflokka og að ræður verði takmarkaðar. Hefi ég hugsað mér, að hver flokkur hefði 15 mín. til umráða í fyrstu umferð, 5 mín. í annari umferð og svo aftur 5 mín. í 3. umferð.

ATKVGR.
Till. forseta samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., 17. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:5 atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Herra forseti! Þetta mál, sem lagt er hér fyrir þessa hv. þd., hefi ég í dag reifað í hv. Ed., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka mikið af því, sem ég sagði þá. Hinsvegar vil ég taka til athugunar nokkuð almennt þær aths., sem fram hafa komið viðvíkjandi því að skipa gerðardóm til þess að útkljá þá deilu, sem þetta frv. er sprottið upp af.

Af þeim, sem hafa andmælt þessu frv., hefir því fyrst og fremst verið haldið fram, að verkfallsrétturinn og réttur einstaklinga til þess að semja um sín deilumál sjálfir sé svo heilagur réttur, að hann megi ekki skerða. Ég hefi í framsöguræðu minni í hv. Ed. í dag lýst því yfir, að við viðurkennum þennan rétt. En ég hefi samskonar afstöðu gagnvart þessum rétti eins og einn maður meðal þeirrar þjóðar, sem sennilega hefir viðurkennt mest af frjálslyndi af öllum þjóðum, og verið þar í forustu, að vissulega er samningsréttur hvers einstaklings og hverrar stéttar helgur, eins og haldið hefir verið fram í þessum umr. Þó er einn réttur heilagri heldur en þessi réttur einstaklinga og stétta, og það er réttur þjóðfélagsins til þess að fá að lifa. Þess vegna er það, að það, sem hefir orsakað það, að nágrannaþjóðir okkar, sem hafa gefið einstaklingunum mest frelsi og bezt hafa verndað samningsrétt og annan rétt einstaklinganna, þær hafa á alvarlegum augnablikum, þegar líf heildarinnar hefir verið í veði, orðið að láta þennan samningsrétt einstaklinganna víkja fyrir rétti heildarinnar til að fá að lifa, nákvæmlega eins og lagt er til í þessu frv. Radikalir, vinstri jafnaðarmenn og kommúnistar í Noregi hafa orðið að horfast í augu við þennan rétt einstaklinganna víkja fyrir rétti heildarinnar til þess að geta lifað. Ég benti á þrjú dæmi frá Danmörku, þar sem jafnaðarmenn hafa einnig orðið að grípa til þess sama. Ég benti á Frakkland, þar sem kommúnistar og jafnaðarmenn hafa einnig orðið að grípa til þess sama. Í öllum þessum tilfellum, í öllum þeim kringumstæðum sem þar hefir verið um að ræða, hefir sá voði, sem þar hefir verið á ferð, ekki verið nema svolítið brot af þeim voða, sem vofir yfir okkur út af þessu verkfalli. Ég nefni sem dæmi, að nú nýlega var stöðvaður flutningur til Norður-Noregs, og leit út fyrir, að ekki yrði hægt að flytja matvæli og veiðarfæri til sjómanna þar. Þetta var lagt í gerðardóm, og það var samþ., að svo skyldi gera, með atkv. hvers einasta þingmanns á löggjafarþingi Norðmanna. Og þó er Lofotenveiðin, sem þar var í veði, Norðmönnum ekki nema örlítið brot af því, sem saltfisksveiðin er fyrir okkur. Lofoten-veiðin skiptir að vísu nokkrum tugum millj. í útflutningi fyrir Norðmenn. En það er sáralítið brot hjá þjóð, sem hefir haft 800 millj. í tekjur af flutningum á skipum sínum. Þó hafa þeir sett um þetta löggjöf, eins og hér er gert ráð fyrir, án þess að nokkur þm. í norska þinginu hafi mótmælt því, heldur greiddu þeir allir atkv. með þeim l.

Hér í þessu landi er af sumum mönnum reynt að andmæla þessu máli, án þess að af þeim sömu mönnum hafi verið hægt að benda á aðrar leiðir til að leysa deilumálið — ekki aðrar leiðir en að láta sultinn og neyðina skera úr, sem er of dýrt fyrir þjóðina. Ég hefi nýlega beðið um að fá þetta frv., sem ég gat um, að samþ. hefði verið í norska þinginu og úrklippur úr blöðum, þar sem skrifað hefði verið um þetta mál. Fulltrúi ríkisstj. í Osló sendi úrklippurnar. Þær eru þetta, og annað var þar ekki skrifað í blöðunum um þetta mál. Þetta mál vakti sem sé enga athygli í norskum blöðum né gagnrýni. Svo sjálfsagt þótti það að setja þessi l. þar til þess að firra norsku þjóðina vandræðum út af þessu deilumáli. Og þannig er þetta mál afgr. í Noregi, og það er gert meira að segja af jafnaðarmannastjórn. Það er sett í l., að hver einasta deila, sem rísa kann í sambandi við þessa deilu, skuli samstundis einnig lögð í gerðardóm. Og svo, þegar þetta allt er í veði hér hjá okkur, saltfisksveiðarnar, og þegar enga aðra leið hefir verið hægt að benda á til lausnar þessari deilu, þá mæla ýmsir hv. þm. á móti þessari leið. Það hefir að vísu verið talað um, að þessi aðferð væri dálítið önnur, þar sem jafnaðarmenn réðu og gætu skipað meiri hl. í dóminn sjálfir. En ég vil benda á, að í þeim þremur tilfellum, sem þessi aðferð hefir verið höfð í vinnudeilum í Danmörku, þá hefir verið nefnt í dóminn á alveg hliðstæðan hátt og ætlazt er til, að verði nefnt í hann hér. Í Noregi, þar sem þetta hefir verið gert, er það rétt, að vísu, að forsrh. útnefndi menn í dóminn. En það er upplýst mál, að þar er í dóminum einn maður frá vinstri flokknum, einn bændaflokksmaður og einn jafnaðarmaður. Forsrh. jafnaðarmanna sættir sig þannig við, að tveir menn úr öðrum flokkum heldur en hans eigin, bændaflokknum og vinstri flokknum, og maður frá atvinnurekendum, hafi meiri hl. í dóminum.

Í Frakklandi er þessu öðruvísi háttað. Þar nefndi forsrh. oddamann í dóminn 1936, sem jafnaðarmenn og komm. urðu að grípa til þar.

Nú er sagt af þeim mönnum, sem andmæla þesu máli: Að vísu er það rétt, að í einstaka kringumstæðum getur verið nauðsynlegt að skerða samningsréttinn vegna nauðsynjar heildarinnar; en þá eru það okkar flokksmenn, sem eiga að nefna í dóminn, okkar ráðh., og það er sá eini dómur, sem við viljum hlíta. Halda hv. þdm., að það sé tilviljun ein, að Nygaardsvold og Stauning hafa ekki tekið upp þessa leið, sem jafnaðarmenn hér tala um, heldur hlutlausu leiðina? Nei, slíkt er ekki tilviljun, því að það er ekki fær nein önnur leið í lýðfrjálsu landi. Ef bent er á, að verkamenn vilji ekki hlíta gerðardómi, nema þeirra eigin menn nefni a. m. k. meiri hl. í dóminn, hvað mætti þá í samræmi við það búast við, að yrði gert, ef þeir, sem eru andstæðingar stjórnarinnar í dag, fara með völdin á morgun og stofna þá til slíks dóms, en andstæðingar valdhafanna þá neita að hlíta þeim gerðardóm? Ef svona háttur væri upp tekinn, yrði útilokað, að hægt væri að nota gerðardóm, vegna þess að þá hlíta aldrei stjórnarandstæðingar dóminum. En ef flokkar nefndu menn í gerðardóma, þegar þeir væru við völd, hvaða réttarfar væri þá verið að innleiða í þjóðfélaginu? Það er hnefarétturinn, réttur þess sterkasta, sem hefir meiri hl. á hverjum tíma. Ef á að halda því fram, að það sé betra dómsvald, — hvers vegna á þá ekki að leggja dómsvaldið undir slíka dóma? En hvaða maður á þessu landi mundi vilja horfast í augu við það réttarfar nú, það réttarfar, sem við heyrum um og lesum um í blöðum frá einræðisríkjunum þessa dagana? Ef þess vegna væri farin sú leið, sem

andstæðingar þessa máls benda á, að það ætti ekki að skipa gerðardóm, nema þegar hægt væri að skipa í hann eftir vissum, tilteknum pólitískum línum, og þá ætti að hlýða honum, þá væri gengið inn á svo voðalegt fordæmi um skipun gerðardóma, að slíkt væri engu lagi líkt. Því að ef ein stjórn gerði sig seka um slíkt, mundi vitanlega sú stjórn, sem næst færi með völd á eftir, nota samskonar réttarfar. Alveg sama máli gegnir um að lögfesta tillögur annars deiluaðiljans.

Ef hér er skapað hættulegt fordæmi með því að skipa hlutlausan gerðardóm, hversu voðalegt yrði þá það fordæmi, sem gefið yrði af Alþ., ef ætti að láta flokksstjórnir nefna menn í dóminn eftir því, hver flokkur er í meiri hl. hér í þessum sölum? Nei, það er einmitt af því, að hyggnir stjórnmálamenn, eins og Nygaardsvold og Stauning, hafa séð, hvað slíkt er hættulegt fyrir verkamennina sjálfa, að þeir hafa farið þá leið að láta skipa hlutlausan gerðardóm.

Það er upplýst í þessu máli, að það hefir ekki verið hægt að benda á neina leið til þess að leysa það. Þess vegna eiga menn um það að velja, hvort við í þessu þjóðfélagi eigum að líta öðruvísi á málið heldur en frjálslyndustu nágrannaþjóðir okkar, og hvort við eigum að láta þetta þjóðfélag, sem við lifum í, líða neyð og hörmungar vegna þess, að rétt 500 manna á aðra hliðina og 30 manna á hina hliðina til þess að deila eigi að virða meira heldur en heill heildarinnar og vilja Alþ. til að sætta. Og þegar ekki liggur fyrir annað en þessi leið, sem frv. gerir ráð fyrir, þá staðhæfi ég það, að með þeim hæstarétti, sem við höfum, þá er ómögulegt að búa örugglegar um gerðardóm en hér er gert ráð fyrir, og að þetta sé eina liðin til að skipa í gerðardóm fyrir okkur, ef við viljum lifa eftir siðaðra manna reglum. Og ég lýsti eftir því í upphafi þessa máls hér á þingi, þegar allir flokkar þingsins viðurkenndu, að aðkallandi nauðsyn væri á að leysa þetta deilumál nú, þegar útlendir togarar, hver eftir annan, koma hlaðnir inn í Reykjavíkurhöfn, og þegar fiskur er að koma inn á aðaltogaramiðin, og þegar spurningin er, hvort við eigum heldur að þola þetta ástand í togaraútgerð okkar eða taka þessa leið, sem í frv. er lagt til, að farin verði, — ég lýsti þá eftir annari till. til lausnar deilumálinu. En engar frambærilegar till. aðrar eru komnar fram til úrlausnar þessu vandamáli. Hvað er þá annað að gera í þessu máli en að samþ. frv.? Hér í þessu frv. hefir verið reynt að búa eins tryggilega um þessi mál eins og siðuðu þjóðfélagi sæmir.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hæstv. forsrh. lauk máli sínu með því að spyrja: Hvar er lausnin? Hann kvaðst hafa lýst eftir annari lausn í hv. Ed. en komið hefði fram. Mig furðar mjög á þessum ummælum hæstv. forsrh. Ég veit ekki betur en að frv. Alþfl. um lausn þessa deilumáls, sem er að öllu leyti skaplegra en þetta frv., sem liggur hér fyrir, hafi af hæstv. forsrh. m. a. verið vísað til n., svo að fyrir liggur bein krafa um lausn þessa máls. Samt lýkur hæstv. forsrh. ræðu sinni með slíkum ummælum. Það er að loka augunum fyrir staðreyndum. Ég tel, að sú lausn, sem bent er á í frv. Alþfl., sé eftir atvikum eina færa leiðin, sem ég hefi komið auga á. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að Alþingi getur ekki setið aðgerðalaust og látið togarana liggja í höfn, sjómenn ganga atvinnulausa, ríkið komast í fjárþrot og atvinnuleysi magnast í landinu. Ég játa það, að Alþingi getur ekki látið þetta mál afskiptalaust, en ég tel, að sú lausn, sem felst í frv. hæstv. forsrh., sé ekki fær, af því að aðrar leiðir eru til. Hér hefir verið boðin fram önnur leið, sú að lögbjóða till. sáttasemjara á saltfisksveiðum aðeins. Það er enginn annar voði yfirvofandi en sá, að skipin fari ekki á saltfisksveiðar. Það liggur ekkert fyrir um, að ekki verði gert út á síld í sumar. Og enn fjær ísfisksveiðarnar. Ég játa, að það getur staðið svo á, og það er einmitt svo nú, að ekki er hægt að láta þetta mál afskiptalaust, en Alþingi verður að gæta þess vel að ganga ekki feti framar en aðkallandi nauðsyn ber til.

Annað atriði skiptir líka miklu máli. Að afskipti Alþingis, hver sem þau eru, tryggi virkilega lausn deilunnar. Ég hefi spurt hæstv. forsrh., hvort hann teldi, að lausn deilunnar væri tryggð með þessu frv. Hann svaraði, að hann teldi sjálfsagt, að borgararnir beygðu sig fyrir lögunum. Ég skal ekki um það segja, en ég vil benda á þá staðreynd, að till. sáttasemjara voru ekki samþ. af útgerðarmönnum. Skilyrði þeirra er, að Alþingi, ríkisstjórn og bæjarstjórnir verði við kröfum þeirra útgerðarmanna. Ekkert liggur fyrir frá þeim um, að þeir séu fallnir frá því skilyrði. Liggur fyrir nokkur yfirlýsing frá þeim um, að skip þeirra fari út, þó að deilan við sjómenn verði leyst?

Á fundi, sjómannafélagsins var m. a. samþ. með öllum greiddum atkv. till. um 5 manna n. til að leita enn samninga við útgerðarmenn og mótmæli gegn gerðardómi á þessu stigi málsins. Telur Alþingi, að svo mikið liggi á, að það eigi alveg fram hjá þessu að ganga? Má ekki fresta málinu um stund og athuga, hvort sú leið sé ekki fær, og halda jafnframt áfram sáttatilraunum, og ef þær bera árangur, þá að láta niður falla að ákveða með l. kjör á skipunum? Þetta tel ég þá einu lausn, sem Alþingi er sæmandi. Það er engin aðkallandi nauðsyn um síld- og ísfisksveiðarnar, heldur aðeins um saltfisksveiðarnar.

Hæstv. forsrh. hefir sagt, að það geti risið upp deila á síldinni í sumar, og þá væri ekkert þing. En það hefir nú oft skeð, að deilur hafa verið í aðsigi eða framundan, án þess að farið væri að mæta þeim löngu áður. Mér er sagt, að fleiri deilur séu í aðsigi, t. d. um síldarverksmiðjuna á Siglufirði. Það er líka mjög alvarlegt mál. Ef hæstv. frsrh. telur alveg nauðsynlegt að setja gerðardóm nú, liggur þá ekki eins nærri að telja nauðsynlegt að leysa hina deiluna á sama hátt? Og hvert er þá stefnt?

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að sú skipun dómsins, sem gert væri ráð fyrir í frv., nefnilega, að hæstiréttur hefði þar fullkomna meirihlutaaðstöðu, væri sú eina eðlilega og tryggði

fyllsta hlutleysi. Hæstv. ráðh. sagði líka, að forsætisráðh. í Noregi, Nygaardsvold, hefði fengið samþ. í norska þinginu l. um gerðardóm til þess að leysa flutningadeiluna í Noregi. Það er rétt, en hitt er ekki rétt, að Nygaardsvold hafi fallizt á, að það væri óeðlilegt, að pólitískur ráðh. tilnefndi menn í dóminn, því að dómurinn í Noregi var skipaður að meiri hluta af forsrh. sjálfum, en ekki af dómstólum landsins. Þetta veit hæstv. forsrh., að er rétt. Hæstv. ráðh. telur þetta mikinn háska, því að ef skipun dómsins sé undir þessum pólitíska aðilja komin, skipi ráðandi stj. jafnan dóminn með tilliti til sinnar pólitísku aðstöðu, en skipun dómsins í Noregi bendir ekki til þess. Hann var skipaður af 3 stjórnmálaflokkum í landinu, en því verður ekki neitað, að við val hans var tekið tillit til þess, að sjónarmið beggja væru jafnvel tryggð. Það er rétt, að verkalýðurinn er tortrygginn á, að með skipun dóms, eins og gert er ráð fyrir hér í frv., sé hægt að tryggja hlutlausa oddastöðu. Ég tel það eðlilegt; aðstaða verkamanna er svo veik, að óhjákvæmilegt er, ef dómstóll dæmir um þeirra líf og brauð, að tryggt sé, að sjónarmið þeirra sé fullkomlega metið af þeim dómi. Ég verð að draga í efa, að þetta frv. mundi tryggja þetta.

Það virðist svo sem örlög þessa frv. séu ráðin hér. Sjálfstfl. hefir lýst yfir fylgi sínu við það. Eitt ákvæði í frv. var formælendum Sjálfstfl. þyrnir í augum, og það er engin tilviljun, að það er einmitt eina ákvæðið, sem nokkur trygging er í fyrir verkalýðinn, nefnilega, að dómurinn dæmi skipverjum ekki lakari kjör en samkv. samningi þeim, er gilti til ársloka 1937. Þetta vildu sjálfstæðismenn ekki láta standa, og brtt. kom fram um að fella það burt. Mér finnst þetta gefa lærdómsríka vísbendingu um áframhaldandi samvinnu Framsfl. og Sjálfstfl. í þessum málum. Alþfl. hefir bent á lausn í málinu, sem tryggir betur, að tilætlunin náist, að skipin fari út, og hæstv. forsrh. segir, að það sé það eina, sem fyrir sér vaki.

Samstarfsflokkar verða að taka tillit hvor til annars, ef þeir eiga að geta starfað saman; annars er samstarfið gert ómögulegt. Hvenær sem ágreiningur risi, yrði að leita stuðnings hjá andstöðuflokkunum. Þetta hefir Framsfl. gert gagnvart Alþfl., bæði nú og t. d. á síðasta þingi viðvíkjandi l. um síldarbræðsluverksmiðjur ríkisins. Nú ætlar þetta að verða aftur í enn stærra máli. Alþýðufl. vill ekki þola það og telur, að ef þetta frv. verði að l., sjái hann ekki annað fært en að draga sinn ráðh. úr ríkisstj. Þetta hefi ég tilkynnt hæstv. forsrh. í dag. Ég harma það mjög, að til þessa þurfti að koma. Ég hefi trú á, að Alþfl. og Framsfl. geti unnið saman, að til sé sá grundvöllur, sem getur sameinað verkamenn og bændur um hagsmunamál beggja stéttanna. Ef Framsfl. gengur til samstarfs við íhaldið og hafnar tilboði Alþfl., endurtek ég hér með þá tilkynningu mína til hæstv. forsrh., að Alþfl. mun draga sinn ráðh. út úr ríkisstj., verði frv. þetta samþ.

***Ólafur Thors:** Herra forseti! Ég verð að viðurkenna, að það hefir komið mér undarlega fyrir sjónir, með hverjum hætti stjórnarflokkarnir hafa rætt þetta frv. Ég hefi litið svo á, að hér væri um að ræða mál, sem væri þess eðlis, að hv. þm. ættu að finna til ríkrar ábyrgðar, þegar þeir afgreiða það. Þessu máli ætti því að halda utan við flokkadeilur. Ég hefi nú í ræðu hæstv. atvmrh. fengið nokkra skýringu á, hvers vegna þetta er svo mikið hitamál. Að öðru leyti vil ég leiða hjá mér umræður um það á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. annarsvegar og hæstv. atvmrh. hinsvegar. En ég tel rétt að láta í ljós skoðun Sjálfstfl. á þessu máli, þó að það hafi þegar verið gert að nokkru leyti í hv. Ed. í dag.

Sjálfstfl. litur svo á, að almenna reglan eigi að vera sú, að aðiljar sjálfir og einir ákveði kaupgjaldið. Þessi skoðun kemur ótvírætt fram í frv. því til vinnulöggjafar, sem borið hefir verið fram að tilhlutun flokksins á nokkrum undanförnum þingum. Þar er það skýrt ákveðið, að vinnudómur eigi ekki að hlutast til um kaupgjald. Það er því, eins og málsvari Sjálfstfl. í Ed. tók fram í dag, vilji flokksins, að sú almenna regla gildi. Hinsvegar viðurkennir Sjálfstfl., að svo geti borið undir, að það sé ekki aðeins réttur, heldur og skylda löggjafans að hafa afskipti af þessum málum, og nú standa málefni svo, að löggjafanum ber skylda til að láta þau ekki afskiptalaus. Mér sýnist það og upplýst við málflutninginn hér á þingi, að a. m. k. 3 stærstu þingflokkarnir séu sammála um þetta, og geri ráð fyrir, að Bændafl. líti einnig sömu augum á málið, en kommúnistar hinsvegar ekki. Viðurkenning Framsfl. kemur fram í frv. því, sem hér liggur fyrir, Sjálfstfl. í því að tjá sig fylgjandi því, og Alþfl. í, að einnig hann flytur frv. um lausn málsins. Mér skilst, að það sé viðurkenning allra flokka þingsins, nema Kommfl., fyrir því, að löggjafinn hafi bæði rétt og skyldu undir vissum kringumstæðum til þess að hafa afskipti af þessum málum. Um hitt má svo spyrja og deila, hvort það ástand, sem nú ríkir í þjóðfélaginu, gefi löggjafanum þennan rétt í sambandi við þá deilu, sem nú stendur yfir um kaupgjald á togurum. Ég hygg, að um það út af fyrir sig geti enginn ágreiningur ríkt, að hinn mesti voði grúfi yfir þjóðinni, ef svo ólánlega skyldi til takast, að niður félli útgerð togaranna yfir þorskveiðarnar. Enginn viti borinn maður getur dregið það í efa, að slíkt væri hrein þjóðarógæfa. Síðasti ræðumaður, hæstv. atvmrh., lýsti þessu mjög átakanlega frá sínu sjónarmiði, og ég er honum sammála um, að það böl, sem með þessu væri leitt yfir þjóðfélagið, væri svo geysilegt, að enginn maður mætti láta undir höfuð leggjast að gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að afstýra þeim voða. Ég hygg, að ætla megi, að hér sé í húfi atvinna framt að 1000 sjómanna, og einnig sú landvinna, sem er í beinu sambandi við rekstur togaranna á vertíðinni og færir verkalýðnum í vinnulaun a. m. k. 2—3 mill. kr. Ég tel, að ef vertíðin bregzt ekki í ár, eins og hún hefir gert að miklu leyti 2 síðastl. ár, þá megi ætla, að sá gjaldeyrir, sem þjóðin fengi fyrir vertíðaraflann, yrði a. m. k. 6—7 millj. kr. Enginn viti borinn maður dirfist að neita

því, að þessar tölur tala svo skýru máli, að allir ættu að geta sameinast um það að leggja fram ýtrustu krafta til þess að leysa þessa deilu. Það er öllum vitanlegt, að deila þessi er risin út af því, að sjómenn hafa með fullum rétti bent á það, að kaup ýmsra annara stétta í landinu hefir hækkað, á meðan þeirra kaup hefir staðið í stað. Hitt er líka upplýst mál, að hagur útgerðarinnar stendur það höllum fæti, að það er engin von til þess, að útgerðin geti af eigin rammleik tekið á sig nýjar byrðar, sem stafa mundu af auknu kaupgjaldi. Frá mínu sjónarmiði er það augljóst mál, að það er a. m. k. ákaflega varhugaverð braut að fara fram á, að ríkið taki beint á sig aukningu kaupgjalds til einstakrar stéttar í þjóðfélaginu. Ég hefi aldrei farið dult með það, að ég tel sjómannastéttina verðskulda fyllilega sinn skerf, en mér er ómögulegt að vera með neina hræsni um það, að ég tel, að togarasjómenn beri á engan hátt neitt skarðari hlut frá borði heldur en aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi. Enda þótt þessir menn muni telja sig eiga réttháa kröfu á kauphækkun, þegar borið er saman við það, að aðrar stéttir hafa fengið kauphækkun, þá mun enginn þeirra neita því, að kjör þeirra eru a. m. k. ekki verri, og ég held betri, heldur en bæði landvinnumanna hér í Reykjavík og annara fiskimanna, bæði hér í Reykjavík og nágrannaþorpunum kringum Faxaflóa, og raunar flestra annara sjómanna á þessu landi. Ég kann ekki við að standa hér með neinn barlóm fyrir eyrum sjómanna og því finnst mér rétt að segja, að ég álít eðlilegt, að þeir telji sig eiga nokkurn rétt til kauphækkunar, miðað við aðrar stéttir, en á hitt verður líka að líta, að þeirra hlutur er betri en margra annara, og að útgerðin getur ekki risið undir hærra kaupi, a. m. k. ekki svo að neinu nemi. Útgerðarmenn hafa með samþykkt till. sáttanefndar sýnt, að þeir vilja ekki láta smámuni eina standa á milli, en hver maður, sem vill rannsaka þau plögg, sem fyrir liggja um rekstrarafkomu útgerðarinnar, hlýtur að komast að raun um, að útgerðinni er ekki fært af eigin rammleik að hækka kaupið. Ég tel, að sá voði, sem er framundan, ef stöðvun verður á vertíðarútgerð togaranna, sé svo geigvænlegur, að það beri að brjóta hina almennu reglu um það, að aðiljar einir afgeri sín deilumál, og af þessum ástæðum viljum við sjálfstæðismenn ganga inn á að samþ. gerðardómsfrv. það, sem hér liggur fyrir, enda þótt við séum ekki almennt þeirrar skoðunar, að gerðardómur eigi að ríkja í þessu máli. Hæstv. atvmrh. vildi slá því föstu í sinni ræðu, að Sjálfstfl. hefði sýnt hugarfar sitt til sjómanna með því að vilja gera smábreyt. á niðurlagi 5. gr. frv., en í henni er því slegið föstu, að gerðardómurinn megi í sinni gerð aldrei dæma lægra kaup sjómönnum til handa heldur en gilti síðastl. ár. Ég skal fúslega viðurkenna, að það er auðvitað tæplega hægt að halda því fram, að það sé rökrétt hugsun í því að ákveða fyrirfram, hvaða kaup gerðardómurinn eigi að dæma, en ég skal hinsvegar jafnframt lýsa yfir því, að enda þótt ég vilji ekki, að þetta sé skoðað sem neitt fordæmi, þá tel ég, eins og atvik liggja nú fyrir, nauðsynlegt, að þetta ákvæði sé í frv., og er ég því í þessu sambandi ekki á sama máli og sá hv. þm. Sjálfstfl., sem flutti þessa till. Ég lét þessa skoðun í ljós í dag við ýmsa hv. þm. úr ýmsum flokkum, svo að þetta er ekkert nýtt, sem hefir risið upp nú, en ég vil, að þetta standi þarna, af því að ef gerðardómur ætti að dæma, hvaða kaup skyldi ríkja á togurunum, þá væri mikil hætta á því, að hann úrskurðaði, að togaraútgerðin væri svo nauðulega stödd, að hún gæti ekki risið undir því kaupi, sem greitt var á síðasta ári, en ég tel, að slíkt væri sama og dómur um, að togararnir lægju inni á vertíðinni. Þetta vil ég forðast, og þess vegna vil ég, að löggjafinn í þessu tilfelli taki fram fyrir hendurnar á gerðardómnum og marki málið innan þessa ramma.

Á þessu stigi málsins sé ég a. m. k. ekki ástæðu til að blanda mér inn í þá deilu, sem er á milli hæstv. forsrh. og hans flokks annarsvegar og hæstv. atvmrh. og hans flokks hinsvegar, um ágæti þeirra lausna, sem þeir bera fram hvor um sig. Fyrir mér er það aðalatriðið, að báðir þessir menn og báðir þeir flokkar, sem að þeim standa, hafa með sínum frumvarpsflutningi viðurkennt, að nauðsyn þjóðarinnar eigi að ganga fyrir sjálfræði verkalýðsins og atvinnurekendanna í því tilfelli, sem hér liggur fyrir. Það er höfuðefni málsins. Um þennan kjarna málsins erum við sjáfstæðismenn sammála báðum þessum hæstv. ráðh., en við fylgjum frv. hæstv. forsrh. og Framsfl. vegna þess, að við teljum, að það sé í eðlilegu áframhaldi af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til þess að sætta deiluaðilja, og það er trú mín, að það séu meiri líkur til þess, að samþykkt þessa frv. leiði til þess, sem við allir verðum þó að æskja eftir, að togaraflotinn fari tafarlaust á veiðar, heldur en þó að frv. hæstv. atvmrh. væri samþ. Okkur sjálfstæðismönnum var ekki kunnugt um það, þegar við ákváðum að fylgja þessu frv., að deilan innbyrðis milli stjórnarflokkanna um þetta mál væri svo hörð, að það mundi leiða til stjórnarskipta. Við áttum ekki, einkum eftir að fram kom yfirlýsing í frumvarpsformi frá Alþfl. um að ákveða kaupið, von á slíkri niðurstöðu, en við ákváðum að fylgja frv. Framsfl. vegna þess, að við töldum, eins og ég áðan sagði, að það væri ekki aðeins réttur, heldur skylda löggjafans að hafa afskipti af þessari deilu, í slíkt öngþveiti sem hún er komin, og undan þeirri skyldu vill Sjálfstfl. ekki færast, þó að hann gæti átt rólegri daga með því að láta stjórnarflokkana glíma um þetta.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Hæstv. forsrh. talaði sérstaklega fagurlega um réttinn til að lifa. Það er einmitt sá réttur, sem sjómenn eru að berjast fyrir í sambandi við þá deilu, sem hér er háð, og í sambandi við baráttu þeirra gegn frv. þessu. Sjómennirnir halda uppi togaraútgerðinni, því að það er þeirra vinna, sem hún byggist á. Það held ég, að Framsfl. sé bezt að gera sér ljóst í sambandi við afgreiðslu þessa máls og í sambandi við þær deilur, sem eiga sér stað milli togarasjómanna og útgerðar-

manna. Það er hægt að reka togaraflotann, þegar sjómenn vilja vinna á honum, en það er ekki hægt, þó að útgerðarmenn vilji það, ef sjómenn vilja það ekki. Þjóðfélagið á líf sitt undir því, að verkamenn, og þar með sjómenn, vinni, en þjóðfélagið getur lifað án þess, að atvinnurekendur séu til. Þetta held ég, að Alþ. ætti að gera sér ljóst einmitt nú. Það vill oft vera svo, að það sé gengið framhjá því í þessum fínu sölum, hvað það er, sem heldur uppi þessu þjóðfélagi, sem við lifum í, hverjir það eru, sem skapa þá peninga, sem ráðstafað er hér í fjárl. Það er með réttu talað um þann afskaplega voða, sem sé yfirvofandi, ef togaraútgerðin gengur ekki, en hvernig stendur á því, að hún getur ekki gengið? Verður það útgerðarmönnum að þakka, þegar hún fer af stað? Geta 20—30 útgerðarmenn rekið hana? Er þeim að þakka sú fiskframleiðsla, sem allt atvinnulíf Íslendinga byggist á? Þó að vald verkalýðsins sé ekki mikið í þingsölunum, þá er það þó það vald, sem þjóðfélagið byggist á, og þeim mönnum, sem ætla að stjórna þjóðfélaginu, er bezt að muna eftir því valdi, og það er líka bezt að muna eftir þeirri grundvallarstaðreynd, að það er ekki hægt að gera út togarana án sjómannanna, en það er hægt án „Kveldúlfs“ og „Alliance“, og án útgerðarmannanna, sem Landsbankinn og Útvegsbankinn gera út. Íslenzka þjóðfélagið hefir fengið að borga tapið af togaraútgerðinni. Íslenzka þjóðin hefir síðustu 20 ár orðið að borga svo skiptir tugum millj. kr. fyrir tap togaraútgerðarinnar. Íslenzka þjóðin hefir orðið að taka tjónið á sitt breiða bak, þegar togaraútgerðarmennirnir, þessir framtakssömu og duglegu menn, hafa farið með allt í hundana. Íslenzka þjóðin varð að taka á móti tjóninu, þegar Íslandsbanki fór á hausinn, og hún kemur til með að taka við töpunum, þegar Landsbankinn fer á hausinn, ef haldið er áfram eins og nú er gert. Það er þjóðin, sem fær að borga fyrir þetta, og það eru meira að segja bankarnir, sem báðir eru ríkisbankar, sem í rauninni eiga þessa togara, sem hér er verið að ræða um. Það er vitanlegt, að allir þessir togarar eru algerlega háðir valdi bankanna. Það er vitað, að hinn svokallaði eignarréttur útgerðarmanna á togurunum er hvergi til nema á pappírnum og í reikningsbókum bankanna. Í raun og veru á þjóðin togarana, eins og hún á bankana. Það er þess vegna þjóðin sjálf, sem á að ákveða, hvort gert skuli út, en það er ekki einkamál hinna svokölluðu togaraeigenda, það eru ekki þeir, sem eiga að fella úrslitadóm um þetta. Hinsvegar er sannleikurinn sá, að deilan stendur um það, hvort togaraútgerðarmenn hér í Reykjavík geti fyrirskipað, hvort gert skuli út, eða hvort sjómenn geti fengið framgengt mjög hófsömum kröfum, sem þeir koma með og enginn þingflokkur dirfist að mótmæla, að séu sanngjarnar. Sannleikurinn er sá, að rekstur togaraútgerðarinnar íslenzku er í rauninni orðinn hreinasta kviksyndi. Það er óhjákvæmilegt, að rekstur togaraútgerðarinnar verði tekinn fyrir, og það hefir hvað eftir annað verið bent á það einmitt hér á Alþ., og verið borið fram frv. í þá átt, að það verði í eitt skipti fyrir öll að gera upp óreiðuna og spillinguna, sem á sér stað í sambandi við togaraútgerðina. Deila sú, sem nú stendur yfir, og þær ástæður, sem til þess liggja, að þetta frv. um gerðardóm er fram komið, er hvorttveggja aðeins afleiðingar af þeirri óreiðu og því kviksyndi, sem togaraútgerðin er komin í, og það er engin varanleg lausn til á þessari deilu né þessu öngþveiti, sem togaraútgerðin er komin í, nema að beita róttækum aðgerðum og gera hana algerlega upp og sjá til þess að hún sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Þegar verið er að ræða mál eins og þetta frv. um gerðardóm, þá er ekki til neins annað heldur en að taka hlutina við ræturnar, finna orsökina til meinsins og reyna að lækna það. Íslenzka þjóðin er búin að horfa upp á það, að bankarnir hafa síðustu 20 árin afskrifað töp, mestmegnis á togaraútgerð og fiskispekúlation togaraútgerðarinnar, sem nema um 40 millj. kr., m. ö. o., að meðaltali hafa bankarnir afskrifað þessi síðustu 20 ár upp undir 2 millj. kr. tap út af því braski og þeim rekstri, sem bankarnir og þeirra vildarvinir hafa haft með höndum. Spursmálið, sem liggur fyrir hjá íslenzku þjóðinni, er það, hvort þessu skuli haldið áfram, hvort þjóðin kærir sig um að láta þetta ganga svo til lengur eða hvort hún á að segja: Hingað og ekki lengra, þ. e. taka fyrir rætur meinsins. Hvaða afstöðu hafa aðiljar tekið í þeirri kaupdeilu, sem nú stendur yfir? Hvað hafa útgerðarmenn gert? Þeir hafa komið fram með þær kröfur, að ríkið yrði í raun og veru látið borga allt tapið. Þeir krefjast þess t. d. að fá yfirráð yfir öllum þeim gjaldeyri, sem inn kemur fyrir útfluttan fisk og fiskafurðir. Þeir krefjst þess, að þeim séu tryggð svo og svo mikil fríðindi frá ríki og bæjarfélögum, og segja, að svo framarlega sem þeir fái þetta, skuli þeir ganga inn á allt, sem sjómenn heimta. Hverju svara svo togaraútgerðarmenn, þegar reynt er að leggja sáttatill. fyrir báða aðilja í deilunni nú nýlega? Þeir svara í rauninni ósvífni og skætingi. Þeir svara alls ekki till., sem fyrir liggur, heldur allt öðru. Þeir segja: Við göngum inn á þessa till., ef við fáum allt, sem við höfum heimtað af ríkisstj. Hvernig mundi sterk stjórn hinna vinnandi stétta hafa svarað slíkri ósvífni? Með því að láta þessa togaraútgerðarmenn fá að vita, að það er alls ekki þeirra að gera kröfur; það eru þeir, sem eiga að þakka fyrir, meðan þeir fá að lafa í þeirri aðstöðu, sem þeir fá að hafa frá ríki og bönkum. Þannig hefði sterk stjórn verkamanna og bænda átt að svara slíkri framkomu af hálfu 20—30 braskara hér í Reykjavík. En hvernig svara svo sjómennirnir, sem halda þessari togaraútgerð uppi, mennirnir, sem hætta lífi sínu á sjónum til þess, að þessi togaraútgerð geti gengið í hvaða veðri sem er? Þó að till., sem lögð var fram, taki í raun og veru ekkert tillit til þess, sem var aðalatriðið hjá sjómönnum, að fá dálitla hækkun á síldarpremíunni, samþ. upp undir helmingur af þeim, sem mættu á fundinum, að ganga að þessari till. Sjómennirnir segja í raun og veru: Ef þið viljið taka ofurlítið tillit til okkar, sem vinnum á togurunum, þá skulum við samþ. þetta. Hvað var

sjómönnum boðið? Þeim var boðin 10 kr. hækkun á togarakaupinu á saltfisksveiðum. Það þýðir 15 kr. hækkun á ári, þegar saltfisksveiðarnar standa yfir í 6 vikur. Dettur nokkrum manni annað í hug en að sjómenn álíti slíkt smánarboð? Hvað hefði legið nær en að sagt hefði verið við sjómenn af hálfu sáttasemjara: Þið hafið farið fram á hækkun á síldarpremíunni, og ef síldarmálið hækkar í verði, þá hækkar ykkar premía dálítið. Hvað þýðir það, að síldarmálið hækkar í verði? Það, að síldarútgerðin stendur sig betur við að borga hærra kaup. En einmitt í þessu atriði er kröfum sjómanna í engu sinnt, þó að þeim sé mjög í hóf stillt og þeir gefi í skyn, að þeir séu tilleiðanlegir til þess að slá af upphaflegum kröfum sínum, ef sanngjarnt tillit verði tekið til þeirra. Sjómennirnir, sem hafa margfalt lægri laun en forstjórar útgerðarfyrirtækjanna, svara kurteislega og eðlilega og vilja sýna ýtrustu hófsemi í kröfum sínum. Sjómenn hafa líka sagt meira, en að vísu ekki í sambandi við þessa deilu. Þeir hafa sagt, að þeir vildu, að togaraútgerðin væri gerð upp og komið á heilbrigðan grundvöll. Verkalýðurinn hefir krafizt þess, að togaraútgerðinni verði komið á heilbrigðan grundvöll, þannig að hægt verði að reka togarana sem lengst af árinu, svo að þjóðin hefði sem mest upp úr því, ríkið fengi sem mestan gjaldeyri og sjómenn sem mesta atvinnu. Hvernig hefir togaraútgerðin og sjálfur formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, hv. þm. G.-K., tekið í þá sjálfsögðu kröfu, sem sameinar hagsmuni sjómanna og þjóðarinnar sem heildar? Kveldúlfur hefir svarað þessu með því að láta sína togara ganga skemmst af öllum togurunum á veiðar. *Baráttan, sem hér er háð, er því barátta um* það, hvort eigi að fara eftir ráðum togaraútgerðarmanna og þess flokks, sem þeir beita hér fyrir sig, eða eftir ráðum sjómannanna og verkalýðsins yfirleitt og hans flokks.

Við vitum vel, hvar það hefir strandað, að hreinsað væri til í togaraútgerðinni. Það hefir ekki staðið á vilja bændanna í þessu landi, og vafalaust ekki vilja bændanna í Framsfl. Og mér er næst að halda, að það hafi ekki strandað á meiri hl. þingflokks framsóknarmanna. Það hefir strandað á Landsbankastjórninni og Landsbankaráðinu. Í því bankaráði og þeirri bankastj. sitja menn, sem ekki vilja, að óreiðan verði gerð upp, sem óttast að láta spillinguna koma í ljós; menn sem eru lengi búnir að stjórna atvinnulífi þessa lands, ásamt togaraútgerðarmönnunum, og eru samsekir þeim um óreiðuna. Þess vegna hylmir stj. bankans yfir það öngþveiti, sem togaraútgerðin er komin í. Hún hylmir yfir með það fyrir augum, að láta fljóta á meðan ekki sekkur, hugsa aðeins um líðandi stund og forða þjóðinni frá að sjá ósómann, á meðan unnt er.

Það þarf ekki að ítreka það fyrir þingi og þjóð, hvernig ásigkomulagið var hjá Kveldúlfi um þetta leyti í fyrra, þegar skuldirnar voru um 6 millj. Ég hefði gaman af því að fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um það, hve miklar skuldir Kveldúlfs eru nú. Hvort hafa þær minnkað, eða hafa kannske bætzt við 1—2 millj.? Hvort hafa aukizt þær ástæður, sem Landsbankastj. hefir fyrir því, að dylja það ástand, sem skapazt hefir af rekstri togaraútgerðarinnar?

Á Landsbankastj. og hennar fylgifiskum innan Framsfl. hefir það strandað, að nokkuð hafi verið gert í þessu máli, og þaðan er komin krafan um lögþvingaðan gerðardóm. Það mun varla hafa verið komið fram með þetta frv. hér, fyrr en búið var að leita ráða til bankaráðs Landsbankans. Kemur þar fram ein mynd af því, hvernig þetta þing er, að það skuli taka á móti skipunum frá nokkrum mönnum hérna hinumegin við götuna, í stað þess að framkvæma vilja þjóðarinnar. Ef vinstri ríkisstj. ætlar að þora að stjórna þessu landi í samræmi við vilja þeirra 30 þús. kjósenda, sem kusu meiri hl. þessa þings, kusu vinstri flokkana, verður slík stj. að horfast í augu við það, að láta Landsbankann hlýða sér, en beygja sig ekki undir vilja hans. Það kemur fyrr eða síðar að því, að baráttan í þessu sambandi stendur um það, hvort það sé Alþingi, sem eigi að stjórna landinu eða Landsbankastj. Landsbankastj. hefir þann eina tilgang í augnablikinu, með því að knýja fram sín ráð, hver svo sem þau eru, að viðhalda því kviksyndi, sem togaraútgerðin er komin í og forða sér frá því að horfast í augu við þjóðina með sannleikann opinberaðan. Þess vegna hefir Landsbankinn haldið áfram að kúska þá menn, sem hann hefir bezt tök á í Framsfl. til þess að hlýða sér.

Togaraútgerðarmenn hér í Reykjavík vita vel, hverskonar barátta og hverskonar deila hér stendur yfir. Þeir eru ákveðnir í því að knýja það fram, að ríkisvaldið verði að hlýða þeim, *ástandið haldi áfram* að vera eins og það hefir verið. Þeir hafa sett fram sínar ósvífnu kröfur, og það þarf ekki annað en sjá, hvernig Sjálfstfl. hefir gleypt við þessu frv., til þess að vita, að hann er að reyna að stuðla að því, að sundra þeirri vinstri stj., sem hér hefir verið, framkvæma vilja Landsbankastjórnarinnar.

Það er ekki í fyrsta skiptið, að slík barátta sem þessi er háð hér á landi, barátta um það, hvort stj. eigi að þora að horfast í augu við það, sem er að gerast í atvinnulífi þjóðarinnar, eða fljóta sofandi að feigðarósi. Hér var eins ástatt á árunum, þegar Íslandsbanki var að sigla í strand. Þá var einnig varað við því, hvert stefndi, og ég hugsa, að flestir verði að játa, að betra hefði verið að taka það mál fyrir 1921 heldur en láta skuldirnar vaxa og óreiðuna aukast þar til árið 1930. Framsfl. stóð oft skarplega og réttilega með því að gagnrýna Íslandsbanka og óreiðuna þar. En hversvegna bregzt hann sínu hlutverki nú? Það er ekki nema um tvær leiðir að ræða í sambandi við togaraútgerðina. Önnur, sem Landsbankastj. og togaraútgerðarmenn Sjálfstfl. vilja fara, er sú, að láta allt danka, fljóta á meðan ekki sekkur, og halda áfram að ausa millj. úr ríkiskassanum til togaraútgerðarinnar, meðan nokkuð er til. Hin leiðin er sú, að þora strax að gera þetta upp, og láta þjóðina fá að vita sannleikann um það, hvernig ástatt er, og finna síðan út skipulag, sem unnt sé að reka togaraútgerð-

ina eftir. Þetta er stefna Kommfl. og Alþfl. Og Framsfl. á milli þessara tveggja stefna að velja. Ég get fullvissað hann um, að það er ekki til neins að ætla að halda þeirri pólitík áfram, að þora í hvorugan fótinn að stíga. Það er ekki hægt að stjórna þessu landi, nema annað hvort að fylgja stefnu auðmannanna eða verkamanna. Það er ekki hægt að halda varanlega áfram með að reka togaraútgerðina, nema farin sé sú leið, sem verkamenn hafa bent á. Framsfl. hefir alltaf, þegar þetta hefir komið til umr., bent á einhverja úrlausn í augnablikinu og afgreitt þál. eða frv., sem átt hafa að hjálpa. Á fyrra þinginu 1937 afgr. Framsfl. þál. um skipun n. til að athuga bankamálin og leggja fram till. um endurskipulagningu. Það er vitanlegt að þessi þál. kom fram af því, að öllum var ljóst, að á bönkunum varð að byrja, til að koma rekstri togaraútgerðarinnar í rétt horf. Sú n. átti að skila áliti á þessu þingi, en það bólar ekkert á því enn. Og ég á ekki von á því, að þetta nál. komi fram, nema ef Magnús Sigurðsson fyndi upp á því að skrifa það.

Það þýðir ekkert að ætla að róa þjóðina með slíkum samþykktum og þessari. Annaðhvort hlýtur Framsfl. að ganga með Íhaldinu og láta fljóta sofandi að feigðarósi, eða hann fylgir verkalýðnum í því, að gera óreiðuna upp og reyna að skapa heilbrigðan atvinnurekstur. Þetta er kjarni málsins, og framhjá þessu er ekki hægt að komast, ef á að finna varanlega lausn á þessari deilu.

Þá kem ég að því atriði, sem hér liggur sérstaklega fyrir, *kaupdeilunni, sem nú er háð.* Hún er aðeins aukaatriði og bein afleiðing af því ástandi, sem ríkir í togaraútgerðinni. Ég býst meira að segja við, að ef vel hefði verið að farið, hefði þessi deila ekki þurft að standa eins og hún stendur. Þegar ákvörðun var tekin í *sjómannafélagi Reykjavíkur*, eftir nokkrar umr., um það, hvað gera skyldi, komu fram tvær till.; önnur gekk í þá átt, að setja fram kröfur sjómanna sem taxta, en hin, að auglýsa ekki taxta í bráð, heldur láta sitja við það sama, með möguleikum fyrir því, að gert yrði út á saltfisk og ísfisk eftir gömlu samningunum. Nú er það vitanlegt, að sjómenn sögðu samningunum upp af því, að þeir vildu fá breyt. á kaupgjaldi við síldveiðar. Það var hróplegt ranglæti, sem sjómenn voru beittir í sumar við síldveiðarnar. Það hljóta allir að viðurkenna, að það nær ekki nokkurri átt, að 3 aura „premían", sem ákveðin var, á meðan síldarmálið var 3.50 kr., sé látin haldast óbreytt, þegar málið er komið upp í 8 kr., eins og það var í sumar. Það er sanngirniskrafa, sem ekki er hægt í móti að mæla, að kjör sjómannanna séu eitthvað bætt í samræmi við verðhækkunina.

Þegar þessar tvær till., sem ég minntist á, voru bornar upp í sjómannafélaginu, var samþ. sú till., sem gekk í þá átt, að auglýsa taxta. Hefði hin till. aftur á móti verið samþ., myndi sennilega hafa verið hægt að komast hjá þessari deilu nú, en hún hefir verið tekin upp um síldveiðarnar, sem er aðalatriðið.

En hvaða leið svo sem sjómenn hefðu valið, er stórt spursmál, hvort gert hefði verið út. Það sýndi sig, að þó að samningar hefðu verið gerðir um ufsaveiðar og engri deilu væri þar til að dreifa, þá neituðu útgerðarmenn að gera út á ufsa. Það er ómögulegt fyrir fulltrúa togaraútgerðarmanna að bera á móti því, að togaraútgerðarmenn hafa beinlínis stöðvað togaraflotann núna til þess að knýja fram sérstök sjónarmið og sérstakar kröfur, sem þeim er áhugamál að koma fram, en alls ekki vegna kaupdeilunnar við sjómenn.

Það er hlægilegt að heyra menn eins og hv. þm. G.-K. tala um það með fjálgleik, að þeir unni sjómönnum alls góðs. Og hvar er nú persónufrelsið, þegar á að skipa sjómönnum fyrir að vinna fyrir þetta og þetta kaup? Það virðist fara heldur lítið fyrir því. Og þessi hv. þm. er að tala um ábyrgðartilfinningu, eins og hér sé einhver voði fyrir dyrum, eitthvað skelfilegt geti komið fyrir, ef togararnir fari ekki af stað. Hann talaði um það, að hann og allir sjálfstæðismenn og þeirra þm. vildu leggja fram alla sína krafta til þess að koma togurunum af stað. Þetta segir sá sami maður, sem með kumpánum sínum hefir stöðvað togarana, sem ætluðu á ufsaveiðar, þótt engin deila milli sjómanna og útgerðarmanna væri þar til fyrirstöðu. Hvar er ábyrgðartilfinning þessara manna, og því sýna þeir ekki vilja sinn til þess að afstýra þeim voða, sem yfir vofir, í verki? Þeir hafa tækifærið nú þegar að láta togarana fara á ufsaveiðar. Af hverju bönnuðu þeir það? Ég hefi tekið eftir því, að fulltrúar Framsfl. hafa ekki minnzt á þetta hér. Því spyrja þeir ekki að þessu?

Hæstv. forsrh. ber fram frv. um gerðardóm og segir, að ef það gangi í gegn, fari togararnir af stað. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Því fóru þeir ekki á ufsaveiðar? Hvar var hans mikla vald og Landsbankans, sem á að koma, þegar þetta frv. hefir verið samþ., fyrst það gat ekki komið togurunum á ufsaveiðar? Ég skil ekki í öðru en hv. þm. Framsfl. fari nú að átta sig á því, hverkonar skripaleik Sjálfstfl. er að leika með þá í þessu máli, þegar hann kemur fram sem engill og ætlar að bjarga öllu saman.

Það er áreiðanlegt, að það hefði verið hægt að leysa þessa deilu, sem hér stendur yfir. Það munaði ekki miklu, að sjómenn samþ. það, sem lagt var fyrir þá seinast, og ef þeim hefði verið einhver sanngirni sýnd, með því að hækka síldarpremíuna, efast ég ekki um, að þeir hefðu gert það. En þeir hafa enn þá ekki fengið neina almennilega till., ekkert annað en smánarboð sáttasemjara og hnefahögg í andlitið frá útgerðarmönnum. Þetta er staðreynd, og með þessa staðreynd fyrir augum er ekki von á annari útkomu.

Í raun og veru eru það ekki togaraútgerðarmennirnir, sem eiga að ráða sem annar aðilinn í þessum efnum. Þeir eru búnir að sýna, að þeirra takmark með því að stöðva togaraflotann er að neyða ríkisstj. til þess að láta að þeirra vilja og knýja fram aðgerðir, sem mundu þýða stórkostlega dýrtíð í landinu og almenna kauphækkun. Þeir eru búnir að sýna þetta og sanna með stöðvun togaranna, sem ætluðu á

ufsaveiðar. Það er því ekkert spursmál, að annarsvegar eru það sjómennirnir, sem á að semja við, og hinsvegar þingið, ríkisstj. og bankarnir. Þetta eru hinir réttu aðiljar þessa máls. Togaraútgerðarmennirnir eiga ekki að hafa vald til þess að stöðva togaraflotann, því að þeir eru ekki hinir raunverulegu eigendur togaranna, heldur þjóðin. Þeir hafa ekki sýnt það með framkomu sinni, að þeir hafi vilja til þess að halda flotanum gangandi, en það hafa sjómennirnir gert. Það er engum vafa bundið, að það er hægt að finna lausn á þessari deilu á þann hátt, að fá sjómennina til þess að ganga inn á sáttatill., sem sýnir þeim einhverja sanngirni.

Hæstv. forsrh. gat þess, að hann hefði lýst eftir lausnum á þessu máli. Ég vil benda hæstv. forsrh. á, að það hafa í allri þessari deilu verið haldnir tveir fundir í sjómannafélaginu og það nú rétt síðustu dagana. Það hefir sannarlega ekki verið sýnd mikil tilhliðrunarsemi, frá hendi ríkisstj., við sjómennina eða viðleitni til þess að fá þá til að ganga inn á viðunandi till. í þessum efnum. Og því er svo langt frá, að þrautreynt sé, að unnt verði að fá lausn á þessari deilu, með því að fara samningaleiðina.

Hver er kominn til þess að segja það, að togararnir fari út, þótt þetta frv. verði samþ.? Ég verð að biðja hæstv. forsrh. að athuga, að hans frv. hefir enga lausn í sér fólgna, því að þar er ekkert ákvæði, sem tryggir það, að togararnir fari á veiðar. Í fyrsta lagi er ekkert, sem tryggir það, að togaraútgerðarmenn vilji gera út, og í öðru lagi, að sjómennirnir vinni á togurunum. Það er hægt að lögskipa það, að sjómenn megi ekki fara út á íslenzka togara, nema fyrir ákveðið kaup, en það finnst hvergi í íslenzkum l., að hægt sé að gera menn að þrælum.

Mér heyrðist vera talað um það áðan í Ed., að hlýðnast þessum l. Það er ekki um neitt slíkt að ræða. Það eru engin sektarákvæði til, þótt menn óhlýðnist þeim. Og ég vil sérstaklega benda hv. þm. Framsfl. á það nú, þegar þeir eiga að greiða atkv. um þetta frv., að það gefur enga tryggingu fyrir því, að sjómennirnir fáist til að fara út. Ég segi ekkert um það, hvað sjómennirnir gera, en það er ekki um það að ræða fyrir þá að hlýðnast neinum landslögum. Sjómaðurinn er eins löghlýðinn og Hermann Jónasson, þótt hvorugur þeirra fari út á togara. Eina lausnin á þessari deilu er að semja við sjómennina um kjör, sem þeir geta gengið að. Þetta er staðreynd, sem ekki þýðir að loka augunum fyrir. Það er auðséð, að það er hægt að leysa þetta mál með verkalýðnum, en það er ekki hægt að leysa það móti vilja hans, því að það er ekki hægt að reka togara án sjómanna. Það er ekki til neins í slíku tilfelli, þótt Landsbankastjórnin vilji ganga inn á eitthvað. Hún er ekki fulltrúi togarasjómannanna. Það er eins fráleitt og einhver valdstjórn gerði sér í hugarlund, að með því að semja við Búnaðarbankann, gæti hún ráðið öllum bændum landsins.

Ég álít að Framsfl. ætti enn að reyna samningaleiðina og gefa, þótt ekki væri nema 24 klst. frest til þess. En í stað þess hefir hæstv. forsrh. gripið til sinna ráða og lagt fram frv. um lögþvingaðan gerðardóm. Þessi gerðardómur fer í bága við allt það, sem Íslendingar og sérstaklega íslenzk alþýða hefir litið á sem rétt sinn og frelsi. Með þessum gerðardómi á að fyrirskipa, hvað kaupið skuli vera í ákveðinni atvinnugrein. Sjómennirnir eru sviptir rétti sínum til þess að ákveða verðið á þeirri einu vöru, sem þeir geta selt.

Hæstv. forsrh. viðurkennir sjálfur, að það sé ákaflega slæmt að þurfa að grípa til annars eins og þessa og að það sé brot á þeim mannréttindum, sem eigi að vera í lýðræðisþjóðfélagi. Því er hæstv. forsrh. þá að reyna að skapa þessu fordæmi? Þegar íhaldsflokkurinn vildi kannske grípa fram í kaupdeilu síðar, eftir að þetta hefir verið gert að lögum, þarf hann ekki annað en vitna í, hvað Hermann Jónasson forsætisráðherra vinstri stjórnarinnar hafi gert. Múr lýðræðisins er ekki svo sterkur, að það megi leika sér að því að brjóta skörð í hann.

Verkalýðurinn veit og skilur þessa árás og að hér er gengið í berhögg við þann rétt, sem samtök hans hafa skapað sér. Og þau verja þann rétt til hins ýtrasta. — Kommfl. tekur þess vegna afstöðu móti þessum gerðardómi.

Ég vil aftur koma að aðalatriði málsins. Þessi deila hefir orðið að baráttu togaraeigenda við ríkisvaldið. Hún er notuð til þess að koma ríkisstjórninni í kreppu, skapa það ástand, að hún geti ekki stjórnað landinu. Leiðin, sem stjórnin átti að fara, var að semja við sjómenn um viðunandi kjör og knýja síðan útgerðarmenn til að láta skipin fara út. Það, sem útgerðarmenn vilja, er hið gagnstæða, — að knýja ríkisstjórnina til að lúta vilja sínum. Nú er svo langt komið, að fulltrúi Alþfl. í stjórninni, hæstv. atvmrh., hefir gefið yfirlýsingu sína um, hvað við liggi, ef frv. hæstv. forsrh. nái samþykki. Ef Framsfl. sér sig ekki um hönd, er núv. stjórnarsamvinnu slitið.

Það hefir ekki vantað, að ýmiskonar undirbúningur ætti sér stað fyrir þetta. Mönnum er kunnugt, hverskonar samsæri bankaráðsmennirnir Jónas Jónsson og Ólafur Thors hafa gert til þess að koma hagsmunamálum Landsbankans og Kveldúlfs fram. Jafnvel Framsfl. allur hefir verið gerður að minni mönnum til að geta þetta. Loforð, sem gefið var í lok síðasta þings, um kosning á formanni í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, hefir verið svikið. Svo fast sækir formaður Framsfl. það að ná samkomulagi við Íhaldið, að hann skeytir hvorki um skömm né heiður síns eigin flokks. Það er vitað, að meiri hl. Framsfl. er þetta ákaflega móti skapi. Vitanlega er þetta ekki hægt, nema bak við það standi sterkasta fjármálavaldið hér á landi. Við stöndum hér á einhverjum mestu tímamótum í þróun íslenzks lýðræðis. Framsfl. á að velja um, hvort hann ætlar að vinna til vinstri eða taka höndum saman við Íhaldið. Það hafa vafalaust komið fram aðvaranir frá Alþfl. um, hvað í húfi var, ef upp úr slitnaði. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði fyrir kosningar, að með slíkum samvinnuslitum er Framsfl. að leggja inn á afarhættulega leið.

Ef flokkurinn fer að starfa með Íhaldinu, þýð-

ir það að halda við allri spilling, sem hér er í bönkum og rekstri stórfyrirtækja, því að upp á annað gerir Íhaldið engan samning. Þá fara líka að koma fram raddir um að banna öllum að segja annað en „sannleikann“ um þá spillingu, þ. e. „sannleikann“ eins og t. d. Thorsbræður vilja heyra hann. Kúgun Landsbankaráðsins við síldarverksmiðjur ríkisins er eitt af því, sem sýnir, að ef samvinna tekst með Íhaldi og Framsfl., þá gengur hún í átt til fasismans. Ef þeir þm. Framsfl., sem vilja hindra slíkt, geta það ekki nú, — hvað ætli þeir hindri þá seinna meir, þegar íhaldið fer að færa sig lengra upp á skaftið? — Reynslan annarsstaðar sýnir bezt, hvar þetta lendir. Það duga þess vegna ekki tómar frómar fyrirætlanir hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og annara góðra manna. Vegurinn í verri staðinn er einmitt lagður góðum áformum; menn ráða ekki við neitt, þegar þeir eru komnir á þá braut. „Hæg er leið til helvítis, hallar undan fæti“.

Hæstv. forsrh. játar, að þetta sé brot gegn sjálfsákvörðunarrétti verklýðsfélaganna. Vill hann nú ekki athuga, hvort ekki væri rétt að fresta afgreiðslu þessara gerðardómslaga 24 stundir til þess að vita, hvort þörf gerist fyrir þau? Þessi ósk hefir verið borin fram í fullri alvöru og í von um, að hægt sé að skapa lausn án þvingunar.

Þó að fulltrúar verkalýðsins á þingi séu ekki margir, verður að ætlazt til þess, að viðvörun þeirra og ósk sé tekin í alvöru og mætt með góðvilja. Það er ekki hægt að finna nema eina lausn sameiginlega á vandkvæðum bænda og verkalýðs. Og það er víst, að alþýðan stendur sameinuð. Ég veit að vísu, að sá klofningur, sem orðið hefir milli verklýðsflokkanna, veldur nokkru m. a. um það, hve lítt hefir tekizt að stappa stálinu í Framsfl. og festa vinstri pólitík hans. En það skal vitað, að verkalýðurinn skal skapa sína einingu einmitt í sambandi við það, sem nú er að gerast. Þegar lýðræðið í landinu ætlar að fremja sjálfsmorð, mun verkalýðurinn sameinast til að bjarga því og sýna mátt sinn.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þó að þetta mál hafi verið nokkuð mikið rætt í hv. Ed., vildi ég segja örfá orð við þessa umræðu.

Allir flokkar eru sammála um nauðsyn þess, að Alþingi skerist í leik til að leysa þessa deilu, — nema þá ef skilja ber afstöðu kommúnista á annan hátt, þ. e. að aldrei komi til mála að lögbjóða neina lausn.

Hv. 5. þm. Reykv. benti á, að eina lausnin, sem ekki stríddi gegn rétti verkalýðsins í þessu máli, væri, að ríkisstjórnin hefði beitt valdi sínu í bönkunum til þess að láta bankana hlutast til um, að útgerðarmenn létu skrá á skipin og fara á veiðar með því kaupi, sem sjómenn álitu sæmilegt. Mér skildist á honum, að þetta væri eina leiðin, sem fær væri, án þess að misbjóða sjómönnum. Þessi leið getur a. m. k. Framsfl. ekki farið, eins og fulltrúar hans hafa fært rök fyrir í Ed. Þá hefði a. m. k. fljótt á litið öðrum aðilja verið veitt stoð, og það gæti orðið hættulegt fordæmi síðar í höndum þeirra, sem vildu knýja fram rétt atvinnurekenda. Og sérstaklega ef Framsfl. gengi inn á þessa leið, mundi það hljóta að verða upphaf að því, að á sama hátt yrði að knýja fram fjöldamörg mál í náinni framtíð. Og ég er alveg viss um, að sú leið getur ekki verið fær. Þá hefðu sjómenn og hlutamenn á bátum, og raunar allir, sem við útveginn starfa, rétt til að segja: Togarasjómenn hafa fengið þessum kröfum fullnægt að tilhlutun Alþingis; við krefjumst þess, að sama sé gert fyrir okkur. — Þessi leið yrði strax ófær, þó að á henni væri byrjað.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist á, að það væri hættulegt fordæmi, ef samþ. yrði frv. hæstv. forsrh. um að skipa gerðardóm, þar sem meiri hl., þrír menn, yrðu skipaðir af hæstarétti. Hversu miklu hættulegra yrði þá ekki að taka upp málstað annars aðiljans? Ef atvinnurekendur kæmust síðar í aðstöðu til að geta það. mundi það ekki verða sparað. Ég vil mjög alvarlega vara við slíku fordæmi og slíkum hugsunarhætti. — Hv. þm. talar oft um það, ef eitthvað er gert á annan hátt en honum líkar, að það sé Landsbankastjórnin, sem þetta geri. Ég vil bara varpa fram þessari spurningu: Hvaða Landsbankastjórn var það, sem neyddi Nygaardsvold í Noregi til að skipa gerðardóm í vinnudeilu? Og hvaða Landsbankastjórn var það, sem neytt hefir Stauning til þess sama í Danmörku, — til þess bæði að lögskipa kaup undir vissum kringumstæðum og setja gerðardóm um önnur atriði nákvæmlega á sama hátt og hér er lagt til? Hvers vegna fóru þeir ekki þá leið, sem þessi hv. þm. vildi, ef þeir hafa álitið hana færa? — Aðeins af því, að þeir hafa talið það varhugavert og óréttlátt.

Milli Alþfl. og Framsfl. er aftur ágreiningur um þessi mál af nokkuð öðru tagi, því að það er viðurkennt af Alþfl., að þingvald þurfi til að leysa deiluna. En af hverju geta framsóknarmenn þá ekki fallizt á leið Alþfl. í málinu? — Þar er því að svara, að á öllum stigum málsins hefir þetta þrennt verið tekið saman, saltfisksveiðar, síldveiðar og ísfisksveiðar, og árangurslaust verið bornar fram miðlunartill. bæði frá sáttasemjara ríkisins og sáttanefnd, um að leysa málin í einu. Sáttasemjari lét svo um mælt, að „þar sem árangurslaust hafa verið bornar fram tvær miðlunartillögur í kaupdeilu þessari, verð ég að líta svo á, að frekari sáttatilraunir af minni hendi og meðnefndarmanna minna séu þýðingarlausar“. Samkvæmt þessu er enginn þáttur deilunnar nær því en annar að fá lausn. Engin sérstök krafa verður tekin út úr og afgr. undir því yfirskyni, að deilan standi ekki lengur um hana, því að engin samþykkt liggur fyrir frá aðiljum. Þegar málið stendur þannig, getur Framsfl. ekki fallizt á að taka sérstakan þátt út úr, en skilja eftir deiluna um síldveiðarnar, sem vissulega er ekki hættuminnst.

Það er mjög veigamikið atriði fyrir okkur framsóknarmönnum, að við teljum ekki fært að slíta einn þáttinn út úr samningatillögum sáttanefndar og gera hann að lögum. Því að ætla má, að hver þáttur sé þar miðaður við annan. Enda er neitun sjómanna miðuð við till. í heild. Framsfl. telur þá aðferð ekki koma til mála.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það hefði verið samþ. á sjómannafélagsfundinum að leita enn sætta, og óskaði eftir frestun á afgreiðslu frv. Ég vil benda á, að gerðardómsfrv. segir skýrum orðum, að lögin komi ekki til framkvæmda, nema þörf gerist, og ákvæði dómsins falli niður, ef frjálsir samningar takast. Þá geta vel orðið sættir, áður en dómur er kveðinn upp, þó að frv. sé afgr. strax.

Ég get ekki varizt því að undrast það, að Alþfl. virðist ætla að láta samþykkt þessa frv. verða þess valdandi, að hann dragi fulltrúa sinn úr ríkisstjórninni. Það hefir verið marglýst eftir því, hvort Alþfl. gæti ekki hugsað sér aðra leið en þá, sem felst í frv. hans, en það hefir ekki borið árangur. Það, að Framsfl. skyldi vilja fara sömu leið og farin hefir verið í nálægum lýðræðislöndum, þar sem gerðardómar hafa verið skipaðir, hefði sízt átt að verða til að slíta samvinnu flokkanna. — Hv. 5. þm. Reykv. sagðist syrgja það, að þetta skyldi koma fyrir, að hæstv. atvmrh. skuli biðjast lausnar, og má vel vera, að það sé í einlægni talað. Hitt ætla ég að segja, að það er líklega ekkert eitt, sem hefir torveldað eins samstarfið eins og áróður kommúnista til þess að fá íslenzka verkamenn til að sætta sig ekki við sömu úrslit mála og annarsstaðar eiga sér stað.

***Héðinn Valdimarsson:** Það er nú orðið nokkuð áliðið, og mun ég því ekki tala eins lengi eins og ég hefði kosið.

Ég vil þó fyrst minnast á það, að um þetta leyti í fyrra voru útgerðarmálin líka á dagskrá. Þá kom Alþfl. fram með þrjú frv. Eitt um skuldaskil Kveldúlfs, annað um stuðning við togaraútgerðina og hið þriðja um viðreisn sjávarútvegsins. Með þessum frv. var ætlazt til þess, að skapaður yrði heilbrigður grundvöllur fyrir atvinnu manna við sjóinn, sjómanna og verkamanna. Það var nú tekið í þau mál, eins og þingheimur minnist, á þann hátt, að viðvíkjandi skuldaskilum Kveldúlfs gekk Framsfl. algerlega ofan í sína stefnu um það mál, og gekk inn á það, að láta Landsbankann halda áfram að reka það fyrirtæki á sama hátt og áður; en út af hinum málunum varð þingrofið og nýjar kosningar.

Nú standa málin þannig, að mestu vandræðin þá, hve illa útgerðin stæði sig, þau vandræði eru enn þann dag í dag. — Þá var sagt, að bankarnir ættu að leysa þetta mál án afskipta þingsins. Í Landsbankanum, aðalbanka þjóðarinnar, sem ræður líka í raun og veru yfir fjármunum í hinum bönkunum, sitja þeir formenn Sjálfstfl. og Framsfl. Þeir hafa átt að leysa þessi mál. Þeir hafa ekki leyst þau. Ef þessi mál hefðu verið leyst í fyrra, þegar Alþfl. kom fram með þessi frv., væri þessi sjómannadeila sjálfsagt ekki nú. Nú er svo komið, að raunverulegi aðilinn, sem deilt er við, er ekki sjómenn og ekki útgerðarmenn, heldur bankarnir, og þar formenn beggja flokkanna, JJ og ÓTh, sem ráða. Allt hitt, hvað botnvörpuskipaeigendur segja í þessum efnum, getur ekki verið með leyfi bankaráðanna, því að mjög fáir af útgerðarmönnum eiga nokkurn skapaðan hlut í skipunum. Þeir verða að fá lán í bönkunum og verða að gera út eða ekki eftir því, sem bankarnir segja þeim. Það eru þess vegna tveir menn fyrst og fremst, sem bera ábyrgð á því, hvernig fer í þessari deilu, þeir ÓTh og JJ, — sömu mennirnir sem hafa verið að reyna að nálga þessa tvo flokka, Framsfl. og Sjálfstfl., og virðist vera að takast það.

Hér er verið að setja löggjöf um það, hvert kaupið skuli vera, sett ákvæði um gerðardóm, sem skammti sjómönnum kaupið. Við vitum það vel, að það er enginn grundvöllur fyrir þessa menn til að ákveða, hvert kaupið skuli vera; ef farið yrði eftir þörfum sjómanna, yrði farið hærra en þær kröfur eru, sem þeir hafa gert, og ef farið yrði eftir því, sem verstu fyrirtækin eru stæð, þá yrði kaupið ákveðið langt þar fyrir neðan. Það er því gersamlega út í loftið, sem þeir menn, sem settir væru til að dæma, kæmu til með að ákveða. Ekkert annað en það vakir þarna fyrir en að ráðast á verklýðssamtökin og að brjóta niður þau vígi, sem þau hafa skapað sér.

Það vita allir, sem við verklýðsmál hafa fengizt, að það, sem þeim mönnum, sem í verklýðsfélögunum eru, þykir dýrmætast, er réttur inn til að standa saman til þess að ákveða sín kjör á lýðræðislegan hátt. Það er ekki lengur gert hér, heldur á að skipa nokkra menn til að ákveða, hvaða kaupi þetta fólk á að vinna fyrir. Og þegar byrjað er á þessu með sjómennina, hver er þá endirinn? Nú koma vegavinnumenn með sínar kröfur um samninga væntanlega í vor, félögin norðanlands væntanlega í sumar og þá væri alltaf hægt að nota sömu ástæðuna til að ákveða kaupið.

Það er búið að skýra það vel af mörgum, sem talað hafa í dag í báðum deildum, að með þessu frv. er engin trygging fyrir því, að útgerðarmenn geri út, hvorki á síld eða þorsk, svo að þetta er engin trygging fyrir sjómenn, aðeins skylda fyrir þá að lúta því boði, sem kemur samkv. dómnum.

Hæstv. fjmrh. gat um það, að ekki væri hægt að fara þá leið, að leysa þetta mál í gegnum bankana. Það væri að taka málstað annars aðiljans. Ég verð að neita þessu algerlega. Aðiljarnir, sem hér er um að ræða, eru í raun og veru bankarnir annarsvegar, sem eru opinberar stofnanir og undir yfirstjórn þingsins, og hinsvegar sjómennirnir, og það á að liggja þinginu þungt á hjarta, að þeir fái boðleg kjör og atvinnu. En frv. tryggir á engan hátt atvinnu manna, en það er hægt að gera á hinn veginn með því að fara bankaleiðina. Þess vegna hefi ég, ásamt tveimur öðrum hv. þm. í þessari d., flutt frv., sem hefir verið útbýtt í dag, sama frv. og Alþfl. flutti á vorþinginu 1937, um breyt. á bankal., þannig að hægt sé að skipa bankaráð Landsbankans og bankanefndina í samræmi við vilja þingsins. Ef vilji Framsfl. er fyrir hendi, þá er hægt að framkvæma þá lausn á þessum málum, sem heppilegust er fyrir landið í heild; þá er líka hægt að gera það verk, sem Framsfl. hefði að sjálfsögðu átt að vinna, en hans fulltrúar í bankaráðinu

hafa ekki gert, að koma togaraútgerðinni á heilbrigðan grundvöll í gegnum bankaráð Landsbankans.

Við höfum setið hér alllengi á þingi, og hefir lítið verið aðhafzt hingað til. Ég sé ekki, að á þessu þingi sé verið að gera neitt fyrir verkalýðinn annað en það, sem nú er verið að ákveða í sambandi við sjómannadeiluna, og hinsvegar vinnulöggjafarfrv., sem ýmist eru komin fram eða í undirbúningi af hálfu Framsfl.

Það virðist, sem úr þessu muni verða stjórnarkreppa, ef málið nær þannig fram að ganga, og að þeim, sem mest hafa alið á sundrungu milli Framsfl. og Alþfl. muni ætla að takast það. En ég verð að segja, að ég er sannfærður um, að hvernig sem þessi mál skipast innan þingsins, þá muni einmitt um þessi mál öll og pólitíkina, sem um þau snýst, verða eining í verklýðsfélögunum í landinu. Ég hygg, að hv. þm. sé e. t. v. ekki eins vel kunnugt um það eins og þeim, sem starfað hafa innan verklýðsfélaganna, hve meðlimir þeirra eru sömu skoðunar um þessi mál, og hve þeir skoða það mikla kúgun, að setja gerðardóm gegn þeirra vilja, gerðardóm, sem fyrst kemur yfir sjómennina, en getur síðan komið yfir þær 16 þús. manna, sem í verklýðssamtökunum eru. Ég vil því, áður en þetta mál gengur til næstu umr., bera fram rökstudda dagskrá, ásamt hv. 5. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Þar sem frv. leysir ekki deilumál sjómanna og útgerðarmanna né tryggir á neinn hátt áframhaldandi rekstur togaraútgerðarinnar, en er hinsvegar bein árás á viðurkennd réttindi verklýðssamtakanna og lýðfrelsið í landinu, og þar sem þingið einnig kemst ekki hjá því að taka útgerðar- og bankamálin í heild sinni til varanlegrar úrlausnar, vísar deildin þessu frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Ég ætla ekki á neinn hátt að trufla þá, húsbændurna á kærleiksheimili stjórnarflokkanna, í sínum viðræðum um þetta mál. Ég ætla að láta mér nægja að lýsa því yfir, að ég er algerlega fylgjandi þeirri meginreglu, að atvinnurekendur og verkamenn semji sín á milli um kjör og kaupgjald, og það án allrar annarar íhlutunar af hálfu ríkisvaldsins en hinnar lögskipuðu milligöngu af hálfu sáttasemjara ríkisins. En þegar það er svo glögglega í ljós komið, sem nú er orðið, að allar tilraunir af hálfu sáttasemjara og sáttnefndar, sem hæstiréttur tilnefndi honum til aðstoðar, hafa orðið árangurslausar, þá tel ég, eins og hæstv. forsrh., og eins hæstv. atvmrh. lýsti líka yfir í hv. Ed. í dag, að hér verði ekki annar vegur til en að fara að dæmi annara lýðræðislanda, og það einmitt þar, sem jafnaðarmenn sitja að völdum, eins og í Noregi, Danmörku og Frakklandi, um lausn deilunnar. Vegna gjaldeyrisskorts og yfirvofandi hættu á því, að markaðir vorir þrengist framvegis, ef fiskiskip annara þjóða fá að fylla markaði þá, er vér höfum selt á, og vegna þess ógurlega atvinnuleysis, sem vofir yfir landvinnumönnum og sjómönnum, ef togararnir fara ekki út, þá tel ég óumflýjanlegt, að löggjafarvaldið grípi hér inn í á líkan hátt og aðrar lýðræðisþjóðir hafa gert, þar sem jafnaðarmannaflokkar eru við völd.

Ég skal ekki neita því, að e. t. v. hefði sá möguleiki verið til, að reynt hefði verið að ná einhverri bráðabirgðalausn á þessu máli með því frv., sem Jafnaðarmannaflokkurinn ber fram, en eftir þá afgreiðslu, sem það frv. hefir nú fengið í hv. Ed., verð ég að telja, að það frv. sé algerlega úr sögunni. En þar sem það frv. er úr sögunni, og engu síður varhugavert frá sjónarmiði jafnaðarmanna en þetta frv., þá hallast ég og Bændafl. að frv. hæstv. forsrh., og mun verða því frv. fylgjandi, sem hér liggur fyrir á þskj. 94.

Ég sé alls enga ástæðu til að lengja þennan næturfund með neinu orðaþófi, og mun þess vegna ekki taka frekari þátt í þessum umr., en mun láta mér nægja að greiða mitt atkv., þegar þar að kemur.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ,[1] HG,[2] HV, ÍslH, VJ, ÁÁ.

nei: EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, JörB.

Tveir þm. (FJ, SK) fjarstaddir.

Frv. vísað til 2. umr. með 25:7 atkv.

Till. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 22:7 atkv.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22:7 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:5 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 20:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:6 atkv.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23:7 atkv.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég þykist sjá fram á, að það sé ætlunin að knýja þetta mál gegnum þingið þegar á þessari nóttu og hafa að engu tilmæli mín, sem ég bar fram við 1. umr. þessa máls í hv. deild, að það yrði a. m. k. gefinn það mikill tími til athugunar á því, að það yrði ekki barið í gegn í nótt. Að einhver viðleitni yrði sýnd til þess að ganga til móts við þær óskir, sem komu fram frá sjómönnum á fundi þeirra í kvöld, þar sem m. a. var bent á möguleika til lausnar, ef hægt væri að tryggja a. m. k. 60 daga úthald á saltfisks-

1) **EmJ:** Þó að rökstudda dagskráin verði samþykkt, þá er enn opin leið með frv. í Alþfl. í Ed., og því segi ég já.

2) **HG:** Með tilvísun til grg. hv. 7. landsk. segi ég já.

veiðar, og þar sem kosin var 5 manna nefnd til þess ásamt með stjórninni að leita eftir samkomulagi við útgerðarmenn. Ég sé fram á það, segi ég, að ætlað er að hafa þetta að engu, en knýja málið fram í nótt. Ég tel það aðferð, sem alls ekki sæmi Alþingi, sízt eftir þær yfirlýsingar, sem bornar eru fram af formælendum og stuðningsmönnum þessa frv., — að sjálfsagt sé að láta samningsrétt aðilja njóta sín, en grípa því aðeins til slíkra ráðstafana, að önnur sund virðist lokuð.

Úr því að ég tók hér til máls, vil ég víkja að nokkrum ummælum, sem fallið hafa í umr. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að í þessu máli stæðu verkalýðsflokkarnir saman. Ég býst við, að hann hafi átt við með því, að Alþfl. og Kommfl. í öllu falli væru sammála um meðferð þessa máls. Ég vildi í þessu sambandi aðeins mega benda á það, án þess að fara út í umr. um þetta, að hv. 1. landsk., samflokksmaður hv. 5. þm. Reykv., lýsti yfir í hv. Ed. í gærkveldi, að hann gæti ekki fallizt á lausnina, sem Alþfl. hefir borið fram í málinu, þ. e. a. s. að lögfesta ákveðinn hluta af till. sáttasemjara til þess að koma skipunum út á saltfisksveiðar. — Að því er snertir ummæli hv. 3. þm. Reykv. um sama efni, verð ég að segja það, að þá leið, sem hann benti á, að afgr. málið með rökst. dagskrá, með hliðsjón af frv., sem liggur fyrir Ed., tel ég varla færa. Því að ég tel ekki, eins og ástandið er, að hefði verið kleift að bíða eftir, að heildarrannsókn fari fram á hag útgerðarinnar, áður en þetta mál hefði verið leyst, eins og mér virtist liggja í dagskrártill., sem hér var borin fram. Ég greiddi ekki atkv. á móti henni, með tilliti til þess, að ef hún verður samþ. og frv. vísað frá, þá er hin leiðin opin, sem bent er á í frv. Alþfl. í Ed.

Hæstv. fjmrh. kvað sig undra það mjög, að Alþfl. léti þetta varða samvinnuslitum. Þetta væri, sagði hann, sama aðferð eins og alþýðuflokkar nærliggjandi landa þrásinnis hefðu notað. Hann drap t. d. á Danmörku og Noreg í því sambandi. Ég hefi áður gert grein fyrir lausn deilunnar í Noregi og hirði ekki að endurtaka það. Lausn deilunnar í Danmörku 1933, sem ákveðin var af þinginu þar, að till. Stauning forsrh., var á þá leið, að lögfest var till. sáttasemjara óbreytt. Samningar skyldu gilda áfram, en útgerðarmenn höfðu krafizt 20% lækkunar. Þetta náði til mikils meginhluta allra samninga, og örlítill hluti deiluatriða var leystur með gerðardómi, sem þá var staðfestur af þinginu. Ég fæ ekki séð, að hæstv. fjmrh. þurfi að undrast, þó að Alþfl. verði að láta þetta mál valda samvinnuslitum. Hann hefði mátt vita það um nokkra hríð, og því fer fjarri, að það komi flatt upp á hann. Mér skildist á orðum hans, að hann teldi, að stæði upp á Alþfl., að hann hefði ekki bent á neina lausn í þessu máli. En hæstv. ráðh. ræddi ekki um frv. í Ed. Og ég vil þá endurtaka það, sem ég sagði við hæstv. forsrh., að Alþfl. hefir bent á lausn í þessu máli, og er reiðubúinn til að bjóða Framsfl. samkomulag um hana. Ummæli hæstv. fjmrh. í þessu efni staðfesta þann grun, sem uppi hefir verið í Alþfl., að meginástæðan til þess, að Framsfl. telur ekki fært að samþ. frv. Alþfl., sé sú, að í því væri lögfest nokkur hækkun á kaupi sjómanna, og að Framsfl. vilji ekki eða nokkur hluti hans — mæli ég það ekki sérstaklega til hæstv. ráðh. —, vilji ekki með nokkru móti ganga inn á lausn á málinu, sem slær föstu, að kaup skuli nokkuð hækka, hafandi þó í huga, að alveg nýlega er búið að hækka verð á mjólk í Reykjavík, eins og öllum er kunnugt um. Þrátt fyrir það, að þetta frv. Alþfl. hefir legið frammi í Ed. og verið rætt þar, forðast báðir hæstv. ráðh. Framsfl. að minnast á það sem mögulega lausn, — ekki einu sinni, hvaða ágallar kunni á því að vera. Ég verð að segja, þó að mér þyki það leitt, að ég fæ þetta varla skilið á annan veg en þann, að Framsfl. eða þeir menn, sem þessu ráða, óski ekki eftir því, að samstarf um ríkisstj. haldist milli Alþfl. og Framsfl. Því að ef óskir væru uppi um það, þá fæ ég ekki annað séð, en að þeir geti fallizt á frv. okkar í Ed. Ég drap á það í fyrri ræðu minni, og hirði ekki að endurtaka það, að samstarf milli flokkanna er vitanlega algerlega óhugsandi, nema því aðeins a. m. k., að þau tillit séu tekin gagnkvæmt, að flokkarnir hlaupi ekki til þess að leysa stór og þýðingarmikil mál með andstöðuflokki. Þetta er í annað skipti í stórmáli, sem Framsfl. gerir þetta. Þegar í viðbót er litið til þess, hversu frv. okkar um lausn málsins er tekið, fæ ég ekki séð, að sá vilji sé fyrir hendi hjá Framsfl. til að halda áfram samstarfi, sem ég verð að telja nauðsynlegan, ef samstarf á að eiga sér stað. Ég harma það, að svo er nú ástatt, en ég get ekki lokað augum fyrir staðreyndum. Ég harma það vegna þess, að ég tel, að þau ár, sem samstarfið hefir staðið, hafi lánazt, þrátt fyrir óvenjulega utanaðkomandi örðugleika, eins og fullkominn aflabrest og lokun markaða, að halda öllum atvinnuvegum landsmanna furðanlega vel gangandi, og að kaupgeta í landinu sé a. m. k. eins mikil og áður, og jafnvel nokkru meiri.

Hv. þm. G.-K. kvaðst hafa verið mótfallinn þeirri till., sem samflokksmaður hans bar fram í Ed., að fella úr frv. ákvæðið um að takmarka svið dómsins við það, að ekki mætti lækka kaupið frá því, sem er. Færði hann til þær ástæður, auk sinnar alkunnu umhyggju fyrir hag sjómanna, að hann hafi óttazt, að ef þetta stæði í frv., þá mundu sjómenn ekki hlíta úrskurði dómsins, því að réttum hætti, skildist mér, gæti dómurinn varla óttast slíkt ákvæði, að lögin dæmdu svo hátt kaup sem lágmarksákvæði. Ég spyr nú hv. þm., ef hann heldur þetta: Hefir hann þá engan ótta af því, að enn geti farið svo, að ekki sé víst, að þetta leysi deiluna? Það hefir ekkert orð komið frá honum, sem ég hefi heyrt, sem trygging geti verið fyrir því, að útgerðarmenn vilji sætta sig við gerðardóminn og falla frá þeim skilyrðum, sem þeir settu um fríðindi frá Alþingi og hlutaðeigandi bæjarstj.

Ég hirði ekki að lengja umr. um þetta mál, örlög þess eru þegar séð. Ég harma það, að svo óeðlileg og óverðskulduð lausn hefir orðið á slíku máli sem þessu.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég sé ekki ástæðu til að lengja umræður um þetta mál úr þessu, því að flest er tekið fram, sem máli skiptir. Ég vil þó aðeins minnast á það, sem hæstv. atvmrh. minntist á, að honum þætti leitt, að ekki væri hægt að fresta þessu máli, ef möguleikar kynnu að vera til samkomulags, svo að deilu þessari yrði lokið. Ég get ekki séð muninn á því, hvort deiluaðiljar vildu nú á ný reyna samkomulagsleiðir, t. d. í fyrramálið og á morgun, vitandi, að eftir er aðeins ein umræða um málið og að það verður samþ., eða að l. eru samþ. og þeir þrátt fyrir það leiti samkomulags. Á því er enginn munur. Og þess vegna geta aðiljar leitað samkomulags þrátt fyrir það. þó að lögin verði samþ., því að það er skýrt tekið fram í einni gr., að gangi saman um samninga á þessu tímabili, fellur gerðardómurinn úr gildi fyrir samningum. Lögin um gerðardóm koma þó aldrei til framkvæmda, ef aðiljar semdu á morgun. Þess vegna sé ég ekki, að þetta atriði út af fyrir sig skipti máli.

Það hefir verið talað um það af nokkrum hv. þm., sem hafa beitt sér gegn þessu máli, að ráðizt sé á sjálfsagðan rétt verkalýðsins með þessu frv. Mér þykir leitt að þurfa að vera með endurtekningar, en ég kemst ekki hjá því einu sinni enn að benda þessum hv. þm. á, að ef ráðizt er á rétt verkamanna með þessu frv., þá hafa jafnaðarmenn gert það þrisvar í Danmörku. Ég vil benda þeim hv. þm., sem ekki virðast þekkja þetta, á, að á bls. 17 í nál. vinnulöggjafarnefndarinnar, þar sem jafnaðarmenn í nefndinni ásamt framsóknarmönnum taka það fram, að þessa leið hafi jafnaðarmenn í Danmörku þrisvar sinnum farið, samkv. frumvörpum, sem forsrh. þar hefir látið bera fram. Í þessi skipti er skipað í dóm samkv. því, sem stendur á bls. 17, þ. e. svo að segja á sama hátt og gert er hér. Hvers vegna réðust kommúnistar í Noregi á þennan hátt á þennan sjálfsagða rétt verkalýðsins, þegar skipaður var gerðardómur með sama hætti 1930? Hvers vegna réðust þeir á rétt verkalýðsins í Frakklandi, þar sem sama var gert, — ef þetta er að ráðast á rétt verkalýðsins? Það ætti að vera óþarfi að endurtaka það, að leið þá, sem Alþfl. hefir bent á, teljum við okkur ekki geta farið, því að það var bent á í bréfi frá sáttasemjara, að lausn deilunnar með samkomulagi sé þýðingarlaust að reyna frekar að ná. Og þá er skilinn eftir partur af deilunni, til þess að skeika að sköpuðu um, hvernig leysist. Og jafnframt er óeðlilegt, að nokkur hluti deilunnar sé tekinn út úr og lögfest kaup, að því er þann hluta snertir.

Að lokum vil ég taka undir þau orð hæstv. fjmrh., að það undrar mig, að ágreiningur skuli vera slíkur milli Alþfl. og Framsfl. um lausn þessarar deilu, þar sem báðir flokkar viðurkenna, að nauðsynlegt sé að leysa deilu þessa með valdi Alþingis. Þetta undrar mig, þar sem ágreiningurinn er ekki meiri en það, að Alþfl. vill ganga inn á þá reglu, sem engu síður er hættuleg, að lögfesta kaupgjald, heldur en að ganga inn á gerðardóm, eins og jafnaðarmenn gera í öðrum löndum, — að þetta skuli valda því, að Alþfl. dregur sinn mann út úr stjórninni. Ég held það sé vafalitið, ef ekki vafalaust, að það, sem þessu veldur, að Alþfl. treystist ekki til að fallast á þessa lausn, er, hvernig málum er þar háttað. Og það vil ég segja til Kommfl. út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið, að ef nokkrir eiga þátt í því öðrum fremur að torvelda samvinnuna í stjórninni, þá hafa það verið kommúnistarnir, á þessu tímabili. Það er ástæðan til þess, að verkalýðsflokkurinn hér treystir sér ekki til að ganga inn á þá lausn mála, sem þrisvar sinnum hefir verið farin í Noregi, sem fyrir fáum dögum hefir verið farin þar; þrisvar sinnum í Danmörku, og á árinu 1936 var látin gilda í ýmsum deilum bæði af kommúnistum og jafnaðarmönnum í Danmörku og Frakklandi. Kommúnistar hér á landi hafa beitt sinni áróðursstarfsemi svo mjög, að forvígismenn verkalýðshreyfingarinnar telja hana ekki nægilega sterka til þess, að hægt sé að haga sér á sama hátt og menn í ábyrgum stjórnmálaflokkum, sem standa að ríkisstjórn, hafa gert í öðrum löndum, þar sem verkalýðshreyfingin var nægilega sterk. Í Danmörku gat Stauning sagt við sína menn: Ég verð að ganga inn á þetta, því að ég geng aldrei inn á að vernda slagsmálaréttinn til að eyðileggja þjóðfélagið. Til þess er verkalýðshreyfingin nægilega sterk í Danmörku og ýmsum öðrum löndum, að hægt er að segja hiklaust sannleikann og leiða verkalýðinn þær brautir, sem þjóðarnauðsyn krefur.

Ég ætla svo ekki að segja um þetta fleiri orð. Það hefir verið spurt um það, hvaða tryggingu ég hafi fyrir því, að þessum l. verði fylgt. Ég þarf ekki að svara þessu frekar en ég gerði í Ed. í dag, að ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að Íslendingar séu á jafnalvarlegu augnabliki eins og nú það ólöghlýðnari heldur en nágrannar okkar, Norðmenn og Danir, að þeir hlýði ekki samskonar lögum eins og þeim hafa verið sett. Það er sú trygging, sem ég fullkomlega treysti á.

*Héðinn Valdimarsson: Hæstv. atvmrh. minntist á þá lausn þessa máls, sem alþýðuflokksmenn komu með í Ed. Ég lít svo á, að hún sé dálítið athugaverð. Því að þar er farið fram á að lögfesta kaupgjald, án þess að sjómannafélagið hafi gert nokkra samþykkt um það, og það álít ég, að ætti að vera fyrsta skilyrðið fyrir því, að Alþfl. bæri slíkt fram, að málið hefði á bak við sig þá menn, sem er verið að ákveða kaupið fyrir. Ég tel það að vísu líklegt, að ef þetta hefði verið borið upp út af fyrir sig, þá mundu sjómenn hafa samþ. það. En þetta hefir ekki gerzt. Og í öðru lagi er það að athuga við þá lausn málsins, að það er engin frekari trygging fyrir því, að skipin komist út, heldur en með þessu. Aftur á móti get ég ekki fallizt á aðfinnslur hæstv. atvmrh. gegn því að leysa þetta gegnum bankana. Því er svo farið um svo að segja öll þessi skip, að skuldir þeirra liggja í bönkum, og maður veit, að þau skulda meira en þau eiga; bankarnir geta því ráðið um þetta eins og þeir vilja. Þegar ekki munar meira frá því, sem sjómenn mundu gera sig ánægða með að semja um, sem annaðhvort liggur í hærri premíu eða vinnutryggingu, þá geta bankarnir ákveðið hér um, enda þótt ekki sé

búið að láta gera þá rannsókn, sem hæstv. atvmrh. er að tala um. Ég efast ekki um, að í bönkunum séu menn nokkurnveginn kunnugir þeim fjárhag öllum. Væri samhliða því hægt að gera þá ákvörðun, sem þarf, til þess að gera upp togarafélögin og til að reyna að koma þessum rekstri á raunverulega heppilegan grundvöll, svo að hann gæti a. m. k. mætt öllum sanngjörnum kröfum á hendur útgerðarmanna. Aftur á móti álít ég kröfuna um gengisfall vera algerlega pólitísks eðlis. Það væri þokkalegt ef sjómenn ættu að fá gengislækkun ofan á það, að kaup þeirra er skammtað með lagaákvæðum.

Aðeins vil ég segja viðvíkjandi því, sem báðir framsóknarráðherrarnir hafa verið að tala um gerðardóm í öðrum löndum, þar sem jafnaðarmenn hafa staðið að, að það er einmitt þessi munur, að þeir hafa gert slíkt, ef þeir hafa haft verkamannasamtökin á bak við sig. En því er ekki til að dreifa um þetta mál, sem hér er um að ræða. Í þessum málum eru alveg ákveðnar flokkssamþykktir um það að vera á móti lögþvinguðum gerðardómi. Og ekki hefir komið neinn vilji frá sjómannafélaginu til þessa, heldur mótmæli.

***Einar Olgeirsson:** Hæstv. atvmrh. ræddi nokkuð um afstöðu verkalýðsflokkanna, Alþfl. og Kommfl., í sambandi við frv. það, sem liggur fyrir. Ég hefi látið svo um mælt, að þessir tveir flokkar myndu standa saman í baráttunni á móti þessum gerðardómi. Og það er þegar komið fram, því að sú barátta er háð þegar á þingi. Hinsvegar tók ég ekki sérstaklega til umræðu það mál, sem Alþfl. hefir borið fram í Ed. og enn þá liggur þar í salti — og alls ekki er hér til umr. —, að lögskipa þau kjör, sem sáttasemjari lagði seinast til, enda hefir Kommfl. þegar í hv. Ed. tekið afstöðu á móti því, eins og eðlilegt var, þar sem það stefnir í sömu átt og gerðardómur, þ. e. a. s. að lögþvinga kaup og kjör í einni atvinnugrein. Það er því samskonar brot á því „prinsípi“, sem við viljum halda við og varðveita, eins og gerðardómur er brot á því, þó að það gangi hinsvegar skemmra og yrði frekar viðunandi fyrir sjómenn, ef öðru hvoru ætti að una. En það felur hinsvegar ekki í sér frekari tryggingu fyrir því, að gert sé út. Kommfl. stendur alveg eindregið á móti hverskonar lögþvingunum, sem beitt er gegn verkalýðnum í baráttu hans um sæmileg kjör og kauphækkanir. Og mér er nær að ætla, að þrátt fyrir frv., sem Alþfl. bar fram í Ed., hafi hæstv. atvmrh. enn þá trú á því, að hægt væri að leysa þetta mál án lögþvingunar — líka án frv. Alþfl. —, ef gæfist frestur til þess að geta rætt við sjómenn almennilega viðvíkjandi því. Ég held það sé ekki fullkomlega skoðun hæstv. atvmrh., að það sé enga aðra leið að fara en aðra hvora þessa lögþvingunarleið, — að ekki sé hægt að komast að samningum á eðlilegan hátt með samkomulagi við sjómenn. Ég verð að segja í því sambandi, að það er engum efa bundið, að við kommúnistar höfum gert það, sem við höfum getað, á þessum fundum, sem haldnir hafa verið í sjómannafélaginu, til þess að reyna að fá fram einhverjar slíkar till. til sátta, sem hægt væri að ganga að. Seinast á fundinum í kvöld var borin fram af hendi Kommfl. till. um það, að sjómannafélagið gengi inn á till. sáttasemjara eins og hún var, að því viðbættu, að annaðhvort hækkaði premían ofurlítið á síldinni eða að tryggð yrði útgerð í 6—8 vikur á saltfisksvertíðinni. Ég held að ég megi fullyrða, að þessi till. hafi átt fylgi meiri hl. allra fundarmanna, og ef fundur yrði haldinn aftur í sjómannafélaginu, þá yrði reynt til fulls, hvort ekki væri hægt að fá sjómenn til að gera tilboð um eðlilega lausn á þessari deilu. Og þá væri ekki amalegt fyrir stj. að fá tryggt, að saltfisksvertíðin yrði 2 mán.

Ég verð að segja, að þessi afgreiðsla málsins er ekki til þess fallin að auka virðingu þjóðarinnar fyrir þinginu. Við höfum nú setið hér í einn mánuð og lítið verið gert. Fundir hafa staðið í 15—20 mín., stundum einn klukkutíma á dag; aðallega verið framkvæmt að vísa málum til n. Og ef verið hefir um að ræða einhver mál til hagsbóta fyrir verkalýðinn, þá er óhugsandi, að þau mál fáist úr n. aftur. Nú er hér komið mál, sem verkalýðurinn er á móti. Það er ekki rætt í einar 20 mín. og síðan vísað til n. Nú er ómögulegt að fá að athuga málið í n., þótt ekki væri nema nokkra klukkutíma. Í þessu frv. felst þó skipun gerðardóms, sem á að rannsaka viðvíkjandi kaupi og kjörum, til þess að hann geti kveðið upp sinn dóm. Það á að gefa þessum mönnum þó nokkurra daga frest, en það á að pína málið gegnum þingið á 12 tímum. Það má ekki fara í n. í þinginu; þó að annar stjórnarflokkurinn og ráðh. hans biðji um hálfs eða eins sólarhrings frest, þá er ekki nærri því komandi. Ég er hræddur um, að verkalýðurinn á Íslandi fái ekki aukna virðingu fyrir þingi, sem hundsar þannig hverja einustu till., sem fram kemur.

Við kommúnistar höfum í tvö skipti flutt till. um, að lagfært yrði það, sem aflaga fer um greiðslu verkkaups. Það eru sömu till. og þær, sem Skúli Thoroddsen bar fram fyrir 30 árum, en það er ekki nálægt því komandi, að hægt sé að fá hv. þm. til að segja álit sitt á því. Þá er einkennilegt, þegar fram kemur frv., sem fer í bága við réttindi verkalýðsins, þá er það keyrt í gegnum þingið á 12 tímum, enda verður lítið um málsvarnir af hendi þeirra manna, sem fegnastir eru þessu máli, en það eru sjálfstæðismenn. Þeir nudda nú saman höndunum af ánægju, einkum þó hv. þm. G.-K., og ég veit, að framsóknarmenn fylgja málinu ekki með eins glöðu geði og sjálfstæðismenn, enda hefir formaður Sjálfstfl. ekki treyst sér til að verja þá afstöðu, sem útgerðarmenn eða Sjálfstfl. hafa í togaradeilunni.

Þá minntist hæstv. forsrh. á það í svari sínu til hæstv. atvmrh., þar sem hann bað um frest í málinu, að það væri opin leið fyrir báða aðilja að semja, þó að búið væri að setja l. um gerðardóm. En ég vil bara spyrja hæstv. ráðh.: Dettur honum í hug, að togaraútgerðarmenn fáist til að semja við sjómenn eftir að þeir eru búnir að fá gerðardóm upp á höndina? Það

dettur þeim ekki í hug. Þeir vilja fá gerðardóm, til þess að þeir þurfi ekki að semja, og til þess vilja þeir nota Alþingi sem fótatusku fyrir sig. Það er ómögulegt fyrir sjómenn, eftir að búið er að setja l. um gerðardóm, að tryggja betri kjör við útgerðarmenn. Það eina, sem þeir gætu, væri að stræka á flotanum áfram, og flotinn færi ekki út. (**Forsrh.**: En ef þeir vita, að þeir fá l. á morgun)? Ef þeir fá 24 stunda frest, þá gera þeir síðustu tilraun til að leysa deiluna og losna við gerðardóminn. Það hefir verið sýnt greinilega fram á það hér, að það er ekki búið að þrautreyna allar leiðir til að leysa deiluna með samkomulagi.

Hæstv. forsrh. kom hér með tilvitnanir í önnur lönd. Margt má læra af tilvitnunum í önnur lönd. Fyrst minntist hann á Noreg. Einu sinni voru samþ. l. um vinnu, sem verkamenn kölluðu þrælalög. Þau urðu aldrei annað en máttlaust pappírsgagn. Og fyrst talað er um Frakkland, þá vil ég minna á, að þar hafa kommúnistar aðeins verið með þeim ákvæðum snertandi vinnulöggjöf, sem hafa verið til öryggis verkalýðnum gegn atvinnurekendum. En þegar um var að ræða að koma á samningum milli flokkanna, sem standa að frönsku stj., um mál eins og vinnulöggjöf, þá voru gerðar óvenjulegar ráðstafanir, eins og nú um mánaðamótin, þegar klukkan var stöðvuð og látin standa í meira en sólarhring og þingfundum haldið áfram og samræðum milli sósialradikalflokksins, sem svarar til Framsfl. hér, og kommúnista og sósialista. Ef hæstv. forsrh. vildi nú taka Chautemps sér til fyrirmyndar, þá ætti hann að vilja fresta þessu máli í 24 tíma. Hann þyrfti ekki einu sinni að stöðva klukkuna, hún mætti ganga. Ef hæstv. ráðh. vill vitna í útlönd, þá má kenna honum hitt og þetta. (**TT**: Hvernig er verkfallsrétturinn í Rússlandi?) Já, hvað yrði gert við togaraeigendur þar, ef þeir vildu gera stöðvun? En þar er búið að gera upp Kveldúlfana, svo að slíkt kemur ekki til. Hér er um það að ræða, hvort Framsfl. vill standa með vinnandi stéttunum eða þeirri litlu klíku, sem ennþá telur sig drottna yfir togaraútgerðinni.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta, en koma að því, hvernig á því stæði, að samvinna stjórnarflokkanna væri í hættu. Vildi hæstv. ráðh. þar koma einhverri sök á hendur kommúnistum. Hæstv. ráðh. vildi meina, að í sambandi við þessa deilu hefðum við komið með einhver yfirboð, eins og Jónas frá Hriflu orðar það, og neytt Alþfl. til að taka þá afstöðu, sem þeir hafa tekið. Hvaða afstöðu höfum við tekið í þessari deilu? Hæstv. ráðh. veit, að á þeim fundi sjómannafélagsins, þar sem ákveðið var að hækka þann taxta, sem gilt hefir, þá komum við fram með þá till., að sami taxti yrði látinn gilda áfram, nema tekin yrði upp barátta um kjörin á síldveiðunum. Ekki vorum við með yfirboð þar, því að þar voru aðrir með róttækari till. en við, þar sem lagt var til, að taxtinn skyldi hækkaður. Ekki vorum við kommúnistar þar að hræða Alþfl. til að fara út í eitthvað, sem var of róttækt. Og með þeirri till., sem einn af okkar félögum í sjómannafélaginu bar fram í kvöld, þar er einnig greinilega sýnt, hvað við kommúnistar viljum gera í þessu sambandi. En það, sem hefir vantað, er, að fulltrúar sjómannastéttarinnar væru sammála, og í öðru lagi hefir það vantað, að Framsfl. vildi taka tillit til sjómannastéttarinnar og sjómannafélagsins og semja við þau. Og í því sambandi komum við að því, hvar sökin liggur, hverjum það er að kenna, að spillzt hefir samkomulagið milli stjórnarflokkanna. Það hefir verið unnið að því leynt og ljóst af formanni Framsfl., hv. þm. S.-Þ., í hverju málinu á fætur öðru að reyna að fá samkomulag við Íhaldið. Og samtímis því hefir hann slegið í borðið og haldið uppi þeirri pólitík, að það næði engri átt að semja við báða verkalýðsflokkana; samstarf við Alþfl. kæmi ekki til mála, ef hann hefði samstarf við kommúnista. Nú er það vitanlegt, að Framsfl. hér á Íslandi gæti út frá sínu „prinsípi“ verið fullkomlega eins þekktur fyrir að hafa samvinnu við kommúnista eins og samsvarandi flokkar á Frakklandi eða Spáni. Ekkert „prinsip“ ætti að hindra það, að Framsfl. gæti haft samvinnu við þá flokka, sem íslenzkur verkalýður hefir myndað. Það, sem Kommfl. hefir lagt til málanna á síðasta þingi og þessu, er ekki svo róttækt, að ekki sé hægt fyrir hvern skynsaman borgaraflokk að ganga inn á það. Flokkurinn hefir stillt till. sínum svo í hóf, að ef Framsfl. vill stinga hendinni í eigin barm, þá sér hann, að okkar till. eru svipaðar þeim, sem hann flutti, þegar hann var í stjórnarandstöðu eða þegar kosningar voru fyrir dyrum. Það þarf því ekki að tala um, að við kommúnistar höfum verið með yfirboð, sem hafi gert stjórnarfl. erfitt fyrir. Það eina, sem hægt er að segja, er, að það hefir verið óánægja, ekki aðeins hjá Alþfl.mönnum, heldur einnig hjá mörgum kjósendum Framsfl., yfir þeirri pólitík, sem rekin hefir verið, og við höfum reynt að knýja fram breyt. á þeirri pólitík.

Það var því út í bláinn sagt, þegar hæstv. forsrh. er að tala um, að við kommúnistar höfum verið að reyna að spilla stjórnarsamvinnunni. En við höfum reynt að knýja fram pólitík, sem er í samræmi við kosningaloforð þeirra og stefnuskrá og vilja kjósendanna, sem hafa kosið þá á þetta þing. Ég álít því, að ástæðurnar fyrir því, að stjórnarsamvinnan springur, sé að finna í aðgerðum hægri arms Framsfl. annarsvegar og hinsvegar afstöðunni milli verkalýðsfélaganna innbyrðis. Við stöndum nú frammi fyrir því, að svo framarlega sem þetta frv. verður samþ., þá sé sú stjórnarsamvinna, sem staðið hefir undanfarið, búin að vera. Og þó að kjósendur Framsfl., Alþfl. og Kommfl. hafi látið í ljós vilja sinn um róttækari stjórnarstefnu, þá er svo langt frá, að þær hafi verið framkvæmdar, að hér er þvert á móti stigið spor í öfuga átt. Og þá er vitanlegt, að ástandið er það alvarlegt, að fyrir þá menn, sem öll þessi ár, eins og ráðh. Framsfl., hafa staðið í þessari samvinnu og vita, hvernig stemningin er úti meðal kjósendanna, er það alvöruleysi að ætla sér að afgr. þetta mál, eins og nú lítur út fyrir að eigi að gera, í staðinn fyrir að veita þó ekki væri nema 24 tíma frest, svo að hægt væri að taka þetta

mál fyrir einu sinni enn í sjómannafélaginu og reyna að fá eðlilega lausn á því.

Ég get ekki skilið það ofurkapp, sem lagt er á þetta mál, út frá neinu venjulegu sjónarmiði, en það hljóta að vera öfl frá hægra armi Framsfl., sem alltaf hafa viljað sundra stjórnarsamvinnunni, sem knýja svo á, til þess að nota tækifærið. Það þarf ekki annað en að líta framan í hv. form. Framsfl. Hægra brosið er komið yfir allt andlitið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JörB.

nei: HV, ÍslH, VJ, ÁÁ, EOl, EmJ, HG.

2 þm. (SK, FJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 103).

10. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Á 13. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og um eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna (þmfrv., A. 47).

Á 15. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti! Með l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur. Í 4. gr. l. eru gerðar ýmsar undantekningar, sem óþarfi er að telja hér upp, en ég sakna þar undanþágu til handa jarðræktartilraunastöðvum, sem reknar eru hér á landi með tilstyrk þess opinbera. Fyrir hendi liggur úrskurður atv.- og samgmrn. um, að upptalningin í 4. gr. l. sé tæmandi og nái því ekki til þessara jarðræktartilraunastöðva, og kemur því ekki til mála að undanþiggja þær nema með lagabreyt. Þess vegna er þetta frv. fram komið, þar sem farið er fram á, að þær undanþágur skattsins, sem getið er um í 1. mgr. 4. gr. laganna nái einnig til jarðræktartilraunastöðva þeirra, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti, og hugsum við okkur þetta aðallega með hliðsjón af ræktunarstöðinni á Sámsstöðum og ræktunarstöð Ræktunarfél. Norðurlands, en auk þess gróðrarstöðinni á Eiðum og á Laugarvatni. Slík rannsóknarstarfsemi sem þessi er ekki stórfelld hér, en er þó einn þáttur í eflingu landbúnaðarins. Við erum að reyna að fara hér að dæmi annara menningarþjóða, en í samanburði við þær leggjum við broslega lítið að mörkum til þessara mála. Samkv. gögnum frá Búnaðarfél. Ísl. er talið, að um 22 þús. kr. séu lagðar fram í þessu skyni, og þó kemur þar mikið til frádráttar. Stofnkostnaður tilraunastöðvanna á Sámsstöðum og Akureyri gerir tilraunaráð Búnaðarfél. Ísl. ráð fyrir, að sé um 100 þús. kr. á hvora stöð. Af árlega styrknum, sem þessar stöðvar fá, verður að greiða vexti og afborganir, svo að ekki verða eftir nema 6000—7000 kr. á ári til hvorrar stöðvar í beinan styrk. Við sjáum allir, að þetta hlýtur að vera mjög ófullnægjandi, ekki síst, ef löggjafarvaldið vill ekki sýna þá sanngirni að undanþiggja stöðvarnar skattaálögum. Þær gætu numið talsverðum upphæðum, þó ekki væri nema 0,5% eftir fasteignamati. Auk þess verða stöðvarnar líka að bera fasteignaskatt eftir fasteignalögunum frá 1921. Ég sé, að tilraunaráð Búnaðarfél. Ísl. hefir samþ. áskorun um, að þessu verði breytt og að tilraunastöðvarnar verði skattfrjálsar. Það er líka sanngirnismál, og þarf ekki meira um það að tala. — Ég óska, að þetta mál megi fá góðar undirtektir og að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 73).

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Herra forseti! Eins og hv. þdm. sjá á þskj. 73, hefir fjhn. Nd. orðið á eitt sátt um það að leggja til, að frv. á þskj. 47 verði samþ., en frv. gerir ráð fyrir nokkurri breyt. á gildandi l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, sem samþ. voru á síðasta þingi. Er lagt til, að aftan við 1. málsgr. 4. gr. l., sem er um undanþáguheimild um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, komi, að þær jarðræktartilraunastöðvar, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti, skuli undanþegnar skatti þeim, sem þar um ræðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið aftur til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 108)

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Þetta litla frv. er komið frá Nd. Fjhn. hefir athugað það og borið það saman við gildandi lög. Að því er form þess snertir, getur frv. vel staðizt. Eins og menn sjá, er efni frv. það, að undanþiggja jarðræktartilraunastöðvar, sem reknar eru með opinberum styrk, fasteignaskatti til bæjar- og sveitarfélaga. En úrskurður er fallinn á þá leið, að samkv. l. eins og þau eru nú, eru slíkar stöðvar ekki undanþegnar fasteignaskatti ef þær eru ekki eign ríkisins, bæjar- eða sveitarfélaga. Fjhn. álítur það sanngjarnt að undanþiggja þessar stöðvar skatti, og mælist því til, að frv. verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mig langar til að benda fjhn. á það í sambandi við þetta frv., sem ég er að öllu leyti sammála, hvort menn gætu ekki fundið ástæðu til þess ekki einungis að létta af hluta af fasteignaskatti af opinberum tilraunastöðvum, sem reknar eru af ríkinu sjálfu, heldur líka að létta af þeim fasteignaskatti, sem þær nú greiða eftir lögum um fasteignaskatt frá 1921. Ég hygg, að ekki þurfi að breyta þeim lögum nema lítilfjörlega. Opinberar tilraunastöðvar, sem ættu að vera undanþegnar slíku gjaldi, eru tvær, önnur eign Ræktunarfélags Norðurlands, en hin eign Búnaðarfélags Íslands (stöðin á Sámsstöðum), og hvorugt er hægt að telja opinbera eign eftir þeim skilningi, sem var ríkjandi, þegar fasteignaskatturinn var lögfestur. Mér er kunnugt um, að það sem vakir fyrir báðum þeim tilraunastöðvum — en eftir ósk þeirra er málið hér flutt —, er ekki aðeins að fá létt af þessum skatti, heldur líka þeim skatti, sem þær borga samkv. l. um skattskyldu fasteigna frá 1921. Vildi ég mælast til, að fjhn. tæki til athugunar, hvort ekki væri hægt að taka inn í lögin heimild, sem næði yfir þennan fasteignaskatt líka, eða breyta l. frá 1921 og setja inn í upptalningu opinberu fasteignanna, sem þar eru taldar undanþegnar skatti, að gróðrarstöðvarnar heyrðu þar til.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég álít, að til þess að undanþiggja þessar stofnanir fasteignaskatti til ríkisins samkv. fasteignaskattslögunum þurfi sérstakt lagafrv. Það þarf að gera breyt. við þau lög. Það er a. m. k. óviðkunnanlegt að setja ákvæði um það efni inn í þetta frv. Ég skal sjá um það, að n. taki til athugunar það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði. En ég get ekki sagt, hvort n. finnur ástæðu til þess að bera fram nýtt lagafrv. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, álít ég, að eigi að ganga áfram, hvað sem þessu líður, þar sem aldrei verður eðlilegt að setja þetta ákvæði inn í það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

---

11. Fasteignasala.

Á 15. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fasteignasölu (þmfrv., A. 59).

Á 18. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Frv. þetta er flutt af hv. allshn. eftir beiðni hæstv. atvmrh. Það gengur út á að setja ákvæði um, hverjir megi annast fasteignasölu fyrir aðra og hvaða skilyrði skuli sett fyrir leyfi til þess. Hafa ekki verið til nein lagaákvæði, er takmarki rétt manna til að annast fasteignasölu fyrir aðra, enda hafa margir fengizt við það fyrir þóknun. Hér í bæ t. d. er fasteignasala það mikil, að sjálfsagt er að setja nánari ákvæði henni aðlútandi, eins og tíðkast í öðrum löndum. Hefir þótt brenna við, að ýmsir, kannske miður ráðvandir menn, tækju að sér að selja hús fyrir aðra, og hafa stundum risið málaferli út af því, að menn hafa þótzt vera prettaðir í slíkum viðskiptum. Með frv. er reynt að tryggja það, að slík sala geti ekki verið í höndum hvers, sem er, heldur verði hún að vera í höndum manna, sem uppfylla viss skilyrði, hafa t. d. tekið próf, sem ákveðið verður nánar með reglugerð af ráðuneytinu.

4. gr. gerir ráð fyrir, að þeir, sem annast mega þessa sölu, verði í hvert sinn að gefa glöggt yfirlit um tekjur og gjöld fasteignarinnar, og sé það yfirlit undirstaða sölunnar, svo að kaupandi megi treysta þeim upplýsingum, sem fasteignasali gefur honum.

Þá er í 8. gr. ákveðið, að fasteignasali skuli í hvert sinn senda hlutaðeigandi héraðsdómara tilkynningu, er hann gengur frá kaupsamningi, afsali eða skuldabréfi með verði í fasteign, og skal þar taka fram nafn kaupanda og seljanda og upphæð kaupverðs eða skuldar, ef um veðbréf er að ræða, og útgáfudag bréfanna. Þetta ákvæði mun sett af því, að oft hefir við brunnið, að menn hafa hliðrað sér hjá að greiða lögboðin gjöld til ríkissjóðs með því að

ónýta slík gögn, ef fasteign hefir verið seld á ný.

Hér í bæ eru nokkrir menn, sem rekið hafa fasteignasölu undanfarin ár, og þótti ekki rétt að útiloka þá frá að halda áfram þeirri atvinnu. Mega þeir því, samkv. frv., halda áfram atvinnu sinni án prófs, en leyfi verða þeir að fá og uppfylla önnur almenn skilyrði, sem sett eru í 2. gr. Ennfremur verða þeir að hafa haft opna fasteignaskrifstofu undanfarin 5 ár.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 36 fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 140).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af allshn. Nd. og var afgr. þar án þess að nokkur brtt. kæmi fram við það, svo að sú d. virðist hafa verið mjög á einu máli um að setja löggjöf um þetta. Það sýnist líka nokkuð eðlilegt, að um atvinnugrein, sem er í vissu falli jafnstórbrotin að því er snertir verðmæti, séu settar reglur um, hvaða menn það eru, sem hafa fulla heimild til þess að fást við þessa atvinnugrein, milligöngu um sölu fasteigna. Frv. kemur auðvitað ekki í veg fyrir, að menn geti keypt og selt fasteignir, þar sem milligöngu þarf ekki með, en fjallar um það, hvaða menn skuli fá leyfi til þess að annast viðskiptin fyrir aðra, og allshn. Ed. telur, að það sé í alla staði eðlilegt, að sett séu l. um þetta. Í raun og veru eru það ekki strangar reglur, sem settar eru í þessu efni, og í raun og veru er það ekki nema eitt atriði, sem hægt er að segja, að sé nýtt í þessu sambandi, og það er það, að þeir, sem vilja taka sér þennan atvinnuveg fyrir hendur, verða að hafa staðizt próf, sem nánar er ákveðið í reglugerð og á að tryggja, að þeir þekki þau l. og þær reglur, sem nauðsynlegt er fyrir þá menn, sem annast sölu fasteigna, til þess að þeir geti gengið tryggilega frá öllum samningum. Er svo gert ráð fyrir, að þessir menn fái leyfisbréf, og verður þessi atvinnugrein þar með vernduð fyrir hinum og þessum, sem kynnu að vilja stunda þessa atvinnu án þess að hafa til þess full skilyrði.

Svo eru nokkur ákvæði í frv., sem eiga að reyna að tryggja heilbrigð viðskipti á þessu sviði, eins og t. d. í 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem annast fasteignasölu, hafi opna skrifstofu, þangað sem menn geta snúið sér, eins og nauðsynlegt getur verið fyrir þá, sem hafa fasteignir sínar boðnar fram og fela þær milligöngumanni. Eins er líka ákvæðið í 5. gr., sem er mjög eðlilegt, þar sem fasteignasölum er bannað að ganga sjálfum inn í samninga um kaup á fasteignum. Þetta er eðlilegt, því að það er varla von, að kaupendur treysti fullkomlega þeim upplýsingum, sem fasteignasali gefur, ef búast mætti við, að hann væri ef til vill að búa í haginn fyrir sjálfan sig.

Þá er ákvæði í 8. gr. um það, að tilkynna skuli jafnan þegar í stað, þegar gengið er frá samningum. Það er eðlileg vörn fyrir ríkissjóð, sem á að vernda á þann hátt frá því, að hlaupið sé yfir lið í viðskiptunum, eins og dæmi munu finnast um, til þess eins að spara gjöld til ríkissjóðs.

Ég skal ekki fara í gegnum þetta tiltölulega einfalda frv. nánar en ég hefi gert, en tilgangurinn með því er, eins og ég hefi tekið fram, að menn, sem fá leyfi til að annast þennan atvinnurekstur, séu verndaðir fyrir þeim, sem ekki vilja beygja sig undir ákvæði l., og svo hinsvegar að tryggja viðskiptamennina, eftir því sem hægt er, í svona sökum, og svo loks ríkissjóð.

N. hefir þó viljað reyna að fá eina litla breyt. á frv. og ber fram brtt. um það í nál. sínu á þskj. 140, viðvíkjandi þeim mönnum, sem stundað hafa þessa atvinnu hingað til. Þessi l. verða auðvitað, eins og önnur l., miðuð við það, að koma lagi á þennan atvinnurekstur í framtíðinni. Ákvæðið í 14. gr. frv. er um það, að þeir, sem hafa stundað fasteignasölu síðustu 5 ár áður en l. öðlast gildi og auglýst hafa opna skrifstofu, geta fengið leyfi atvmrh. til þess að halda áfram atvinnurekstrinum. N. fannst ekki rétt að binda þetta leyfi við atvmrh., heldur fannst henni rétt að heimila þeim að halda áfram, þó þannig, að aðeins þeir komi til greina, sem hafa annazt fasteignasölu og hafa haft opna skrifstofu síðustu 5 ár, og sanna síðan með vottorði tveggja manna, og sé a. m. k. annar þeirra lögfræðingur, að þeir séu færir um að annast fasteignasölu. Þetta ætti að vera nóg, þó að það

heyri ekki undir atvmrh. að veita leyfið sérstaklega. Ef einhverjir misindismenn slyppu inn í þessa atvinnugrein eftir l., þá er enginn skaði skeður frá því, sem verið hefir, og það væri ástand, sem stæði um stundarsakir. Annars er ekki kunnugt, að það sé nein hætta yfirvofandi í þessu efni, því að þótt margir annist fasteignasölu, þá eru fáir, sem hafa haft opna skrifstofu í 5 ár, og vottorð tveggja skilrikra manna ætti að vera sæmileg trygging fyrir því, að það væru ekki neinir bófar, sem inn í þessa atvinnugrein kæmu.

Síðan þetta nál. var samþ. hefir mér borizt ósk um eina breyt. á frv., sem ég mun leggja fyrir n. á milli umr. Hún er viðvíkjandi 13. gr., en þar stendur, að hæstaréttar- og héraðsdómsmálaflutningsmenn þurfi ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu, og það er eðlilegt, því að þessir menn ættu að vera manna færastir til þess að annast þetta starf, sem heyrir beinlínis undir verkahring þeirra, en það eru til menn, sem þykir þetta of þröngt ákvæði og óska eftir, að það sé rýmkað svo til um þetta, að lögfræðingar, sem gegnt hafa embætti eða stöðu, sem lögfræðipróf þarf til, í 3 ár, falli einnig þar undir. Maður gæti t. d. hugsað sér sýslumann, sem hefði látið af starfi sinu og óskaði eftir að taka þetta starf að sér. Annars mun ég bera það undir n., hvort hún óskar að bera þetta fram. Hinsvegar tryggir 2. gr. það, að lögfræðingar allir eru undanþegnir því að taka próf. Ég tel ekki rangt að rýmka þetta, hvort sem n. ber fram brtt. í þá átt.

Ég legg til, að frv. verði samþ. við lok þessarar umr. með þeim breyt. einni, sem n. hefir lagt til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 140 samþ. með 9:2 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 159, 162).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég gerði grein fyrir brtt. á þskj. 162 við 2. umr., svo að ég get að mestu leyti sparað mér að tala fyrir henni nú. Þessi brtt. við 13. gr. gengur út á það, að auk hæstaréttar- og héraðsmálaflutningsmanna skuli þeir lögfræðingar, er hafa í 3 ár gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðipróf þarf til, hafa réttindi til að stunda þessa atvinnu. Þetta virðist sjálfsagt, og er sennilega ekki annað en athugaleysi, er frv. var samið, að þetta skyldi ekki tekið fram. N. mælir því með því, að brtt. verði samþ. Brtt. hefir engin áhrif á gang málsins, því að hvort sem er verður málið að ganga til Nd., þar sem önnur brtt. er komin fram við frv. hér í d. Ég hefi að vísu ekki talað við marga úr allshn. Nd., en ég hygg þó, að sú n. muni verða samþykk þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 162 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A.170).

Á 40. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 180).

---

12. Þangmjöl.

Á 22. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi (þmfrv., A. 87).

Á 29. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv., sem landbn. flytur nú um heimild fyrir stj. til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi, er shlj. frv., sem iðnn. flutti á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Þeir menn, sem farið er fram á að veita þetta sérleyfi, þeir Karel Hjörtþórsson, Theódór Jónsson og Sveinbjörn Jónsson, hafa nú þegar hafizt handa og eru byrjaðir á að framleiða þetta fóðurmjöl. Hafa verið gerðar tilraunir með, hvert fóðurgildi það hafi, og bæði samkv. efnagreiningu mjölsins og einnig samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefir fyrir notkun þess, virðist, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Þessir menn hafa þegar sett upp verksmiðju austur í Ölfusi við hverahita þar og flytja þangið neðan af Eyrarbakka.

N. virðist rétt að gefa stj. heimild til að veita þessum mönnum einkaleyfi um 10 ára bil til framleiðslu á þessari vöru. Þeir þurfa að leggja í allmikinn kostnað og þurfa því með einkaleyfi að geta tryggt sér nokkurn veginn starfsfrið um þetta fyrirtæki fyrstu árin, meðan þeir eru að koma því af stað, þannig að ekki hlaupi aðrir í skörðin með óþarflega mikið framboð, svo að þeir geti komið vörunni í það verð, sem þeim er nauðsynlegt. Hinsvegar eru ákvæði í frv., sem gefa stj. heimild til að hafa eftirlit með vörunni, bæði gæðum hennar og verðlagi, svo að þeir séu ekki einir um hituna að setja verð á vöruna og noti sér á þann hátt þá einkaréttaraðstöðu, sem þeir eiga að fá. Þá eru einnig í frv. þau ákvæði, að ef sérleyfishafarnir hafa ekki hafið framleiðslu í nokkuð stórum stíl innan 3 ára frá veitingu sérleyfisins, eða falli framleiðslan niður um 2 ára skeið, þá geti stj. fellt sérleyfið úr gildi.

Landbn. er einhuga um þetta mál og vill eindregið mæla með því við hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 87, 128).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 128. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Ég efast um, hvort rétt sé að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Hér er um það að ræða að vinna úr þangi ýms efni, sem megi nota til fóðurmjölsframleiðslu. Sú framleiðsla er ekki mjög margbrotin. Það þarf að þurrka þangið og mala það. Hér getur verið um nokkuð almenna atvinnu að ræða fyrir þá, sem búa við sjávarsíðuna. Tiltölulega lítil not er hægt að hafa af þessu þangi, meðan engin reynsla er fengin í þessum efnum. Hinsvegar er framleiðslan auðveld, þegar búið væri að rannsaka fullkomlega, hve mikinn markað megi fá fyrir þessa framleiðslu. Líta ber á það, að framleiðendum væri mikill bagi búinn, ef búið væri að binda þessa framleiðslu fyrirfram við fáeina menn, sem hefði verið veitt einkaleyfi til hennar, og með því yrði rýrður kostur allra hinna, sem gætu unnið við að skapa sér uppbót á rýra atvinnu. Þarna er um það að ræða, að fóðurmjöl mætti vinna úr þangi alstaðar á landinu. Það litla, sem ég hefi kynnt mér þetta mál og það, hvað árlega berst á land af þangi, virðist það verða hentugt fyrir sjávarbændur að nota sér þetta almennt til drýginda í sambandi við sinn búskap, og gætu þeir sjálfir þurrkað og malað það. En væri búið að veita nokkrum mönnum einkaleyfi til þessa, gætu þeir skammtað verðið á þessari framleiðslu. Framboðið gæti orðið geysimikið til viðkomandi manna, og um leið gætu þeir takmarkað þá atvinnu, sem þarna skapast, og ráðið yfir henni algerlega. Er nokkuð sérstakt, sem mælir með því að koma þessu í gegn? Ef svo er, þá er rétt að byrja þegar á þessu. Annars virðist ekki gera til, þótt menn fengju að sjá, hvað úr þessu verður. Ég vildi mælast til þess, að frv. verið ekki látið fara gegnum þessa deild án þess að hægt sé að bera fram brtt. um að einkaleyfið væri ekki veitt til of langs tíma. Ef það væri veitt til 10 ára, yrði ríkið skaðabótaskylt, ef leyfinu yrði rift fyrir þann tíma. En væri það veitt til styttri tíma, t. d. 3 ára, yrði hættan miklu minni. Ef það verður ofan á, sem hv. landbn. leggur til, mætti bæta við leyfistímann síðar, ef þörf gerðist, en væri því rift, yrði skaðinn miklu minni. Ef það sýndi sig, að þetta gæti orðið til drýginda fyrir bændur, er reka búskap, þá væri það a. m. k. hagnaður fyrir sjávarbændur, er leiddi af samþykkt þessa frv., væri einkaleyfinu afstýrt. Ég sé þess vegna ekki ástæðu fyrir þá, sem eru því hlynntir, að þetta frv. nái fram að ganga, til þess að halda fast við það, að einkaleyfi sé veitt til 10 ára. Fyrir þá, sem á að veita einkaleyfi, er alltaf unnt að framleiða þetta síðar meir, ef framleiðslan borgar sig, en það er rétt gagnvart almenningi, að fyrir slíka misnotkun sé tekið þegar frá upphafi. Ég sé ekki, að það geti orðið til neins nema góðs í þessu sambandi, en hitt yrði kannske að nokkru tjóni. Ég vil ekki ræða mikið um málið á þeim grundvelli, að stöðva frv. algerlega, því að allir nm. vildu, að það yrði samþ., og þegar menn eru sammála, má telja framgang þess vísan. En ég vil mælast til þess, að brtt. á þskj. 128 verði samþ.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég get ekki fyrir hönd landbn. mælt með því, að brtt. á þskj. 128 verði samþ. Ég hygg, að það, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á í ræðu sinni, að varhugavert sé að veita einkaleyfi til 10 ára, sé ekki á rökum byggt. Landbn. hefir mælt með því, að einkaleyfið yrði veitt. Þótt þetta fyrirtæki sé ekki mjög stórt, þá er það samt nægilega stórt til þess, að það verður að leggja því til nokkuð mikið fé. Hér er um alveg nýja framleiðslugrein að ræða, sem engar líkur eru til, að myndi gefa mikinn arð í fyrstu, og engin sérþekking er til í þessari grein enn, sem byggja mætti á.

Þeir menn, sem leggja stórfé í þetta, geta tryggt sér aðstöðu til stórgróða. En meðan þeir eru að koma undir sig fótum, er mjög sennilegt, að það þurfi að gera ýmsar tilraunir þegar í upphafi, á hvern hátt fóðurmjölsframleiðslunni yrði bezt fyrirkomið, til þess að forðast ýms skaðvæn efni, sem geta verið í þessu fóðurmjöli. Þeim er sett á herðar sú kvöð, að leggja sig undir úrskurð ríkisstj. um vörugæði og annað slíkt, og þess vegna er eðlilegt, að þeim sé veittur nokkur réttur að halda starfi sínu áfram, án þess að óeðlileg samkeppni komi fram meðan þeir eru að koma fótum undir sig. Þrjú fyrstu árin myndu öll fara í tilraunir hvernig þessu yrði bezt fyrirkomið og hvaða aðferðir skyldi nota við framleiðsluna til að fá góða og óskaðlega vöru. Það er ekki rétt að synja um einkaleyfi til þessa fyrirtækis, þar sem hér er um alveg nýtt fyrirtæki að ræða, sem verður að byggja eingöngu á sínum eigin tilraunum í þessum efnum, og mjög sennilegt, að þær kosti bæði mikið fé og taki alllangan tíma að leita að þeim ráðstöfunum, sem fullnægjandi eru. Hinsvegar er séð fyrir því í frv., að ef þetta kemst á góðan rekspöl og unnt er að framleiða góða og eftirsótta vöru, geti viðkomandi menn eigi okrað óhæfilega á henni, því að þeir eru háðir þeim reglum, er ríkisstj. kann að setja til að tryggja vörugæði og sanngjarnt verðlag, eins og stendur í niðurlagi 3. gr. Nokkurnveginn fullkomin trygging er sett fyrir því, að viðkomandi menn geti ekki gert sér þessa framleiðslu að óhæfilegri féþúfu; þeir eru algerlega háðir ríkisstj. um vöruvöndun og verðlag. Hinsvegar vil ég ennfremur benda á það, að með þessu

frv. er veitt einkaleyfi á framleiðslu fóðurmjöls úr þangi aðeins til sölu. Hverjum sem er er heimilt að framleiða fóðurmjöl úr þangi í smærri stíl heima hjá sér til eigin afnota. Það gæti orðið svo, að ef góð reynsla fengist um þetta, gætu menn viða farið að framleiða fóðurmjöl úr þangi fyrir sjálfa sig. Hér er um mjög merkilegt atriði að ræða.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Mér þætti dálitið vænt um að vita, hvað hv. þm. Mýr. á við, þegar hann er að tala um, hve mikið fé þurfi til stofnkostnaðar við þessa framleiðslu, hvaða upplýsingar landbn. hefir viðvíkjandi því, og hvað þurfi til þess, að henni finnist rétt að veita 10 ára einkaleyfi á þessari framleiðslu.

Hv. þm. gat þess, að ekkert þyrfti að óttast viðvíkjandi verðlaginu. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á 3. gr. frv., þar sem talað ur um þær reglur, sem ríkisstj. geti sett viðvíkjandi verðlaginu; þar er svo ákveðið, að hún geti sett þessar reglur við veitingu sérleyfisins. Nú er það vitað, að sérleyfið yrði veitt áður en búið væri að rannsaka, hvaða aðferð væri bezt við þessa framleiðslu, svo að ríkisstj. kemur ekki til með að hafa nokkra hugmynd um, hvað sé sanngjarnt verðlag, þegar hún veitir þetta sérleyfi. Það er þess vegna ekki nein trygging gegn okri á þessari framleiðslu, eins og hv. þm. var að tala um.

Þá vildi ég í sambandi við það, að hv. þm. Mýr. var að tala um, að hægt væri að framleiða þessa vöru til eigin nota, beina þeirri fyrirspurn til hans, hvernig eigi að skilja þetta. Myndu t. d. þeir bændur, sem vildu slá sér saman til þess að framleiða þessa vöru handa sjálfum sér, geta það alveg án tillits til þessara l., ef þeir sameinuðu sig um að safna saman þangi og skiptu síðan þeirri framleiðslu á milli sín? Ég tel a. m. k. vafasamt, hvort hægt væri að skilja þetta þannig.

Viðvíkjandi tímanum, sem talað er um, finnst mér satt að segja vera farið undarlega flott í sakirnar, því þó að þessir sérleyfishafar geri svo að segja ekkert í 3 ár og framleiðslan falli niður allt að 2 árum, þá gildir sérleyfið eftir sem áður. Ég get ekki skilið, hvaða tjón væri að því, að þessi tími væri skemmri, að hann væri takmarkaður við 3 ár, því að alltaf væri hægt að framlengja tímann, ef ástæða þætti til. Ég vil þess vegna halda fast við þessa brtt. og vonast til, að hún geti náð samþykki.

*Bergur Jónsson: Ég ætla ekki að blanda mér í þessa deilu. Það getur vel verið nokkuð til í því hjá hv. 5. þm. Reykv., að sérleyfistíminn, sem veita á samkv. þessu frv., sé nokkuð langur, en ég vil benda honum á, að þessi brtt., sem hann ber fram, getur ekki staðizt við frv. eins og það er nú. Í 2. gr. frv. er tekið fram, að ef sérleyfishafar hafi ekki hafið framleiðslu í nokkuð stórum stíl að dómi ríkisstj. innan 3 ára frá veitingu sérleyfisins, þá falli leyfið úr gildi. Það er venjulegt í sérleyfisl., að frestur sé settur til þess að þeir, sem eiga að fá sérleyfið, sýni, að þeir geti eitthvað, sem bendi til þess, að þeir ætli að nota það, en sá tími hlýtur alltaf að vera miklu styttri en það tímabil, sem sérleyfið á að gilda fyrir.

Þess vegna hefði flm. brtt. þurft að flytja brtt. við 2. gr. frv., ef hann hefði viljað koma þessu í það horf, sem sérleyfisl. eru venjulega í; en það er hugsunarvilla að hafa reynslutímann hinn sama og sérleyfistímann.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta er náttúrlega hárrétt aths. hjá hv. þm. Barð., því að vitanlega nær það ekki neinni átt að hafa sömu ákvæði um það, hve mörg ár megi líða þangað til framleiðsla sé hafin í þessari grein, og um lengd sérleyfistímans. Það væri því nauðsynlegt að breyta ákvæðum 2. gr., ef till. hv. 5. þm. Reykv. yrði samþ.

Hv. 5. þm. Reykv. spurðist fyrir um, hve miklu stofnfé myndi hafa verið varið í þetta fyrirtæki. Landbn. hefir fengið þær upplýsingar, að nú þegar sé búið að verja nær 30 þús. kr., og þeir sérleyfishafar, sem ætlazt er til að verði samkv. þessu frv., gera ráð fyrir, að þeir muni þurfa að verja öðru eins fé til rekstrar fyrirtækisins.

Þá held ég, að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm., að 3. gr. beri að skilja þannig, að um leið og sérleyfið sé veitt skuli ákveðið hámarksverð sett á mjölið. Það er ekkert sagt í 3. gr. annað en það, að þess skuli gætt að þau ákvæði verði sett við veitingu sérleyfisins, að ríkisstj. geti fylgzt með verðlagi og vörugæðum og geti alltaf gripið inn í, þegar ástæða þyki til. Vitanlega er ekki ætlazt til, að hún geri þetta í upphafi, heldur þarf hún að tryggja sér, þegar hún gefur sérleyfið, að geta hvenær sem er gripið inn í viðvíkjandi verðlagi og vörugæðum. Þetta er nauðsynlegt, þar sem hér er um nýja og áður óþekkta framleiðslu að ræða.

Þá spurði hv. þm. hvort n. hefði þann skilning á þessu máli, þar sem hér væri um að ræða sérleyfi til framleiðslu og sölu, að bændur við sjóinn gætu sjálfir stofnað með sér félag til eigin nota. Þessu get ég hiklaust svarað játandi fyrir n. hönd. Einmitt þetta ákvæði „til sölu“ var sett til að tryggja það, ef góð reynsla fengizt, að öðrum væri ekki fyrirmunað á þessu tímabili að framleiða fóðurmjöl fyrir sjálfa sig, og virðist okkur, þegar málið sé komið á þann rekspöl, að viðurkenning sé fengin fyrir ágæti mjölsins, þá sé fyrirtækinu tryggður nokkurnveginn fjárhagslegur þróttur til að framleiða vöruna til þeirra manna, sem ekki hugsa um að framleiða vöruna fyrir sjálfa sig. Hinsvegar vildum við ekki leggja stein í götu þeirra manna, sem vildu framleiða þessa vöru fyrir sjálfa sig.

Þetta 10 ára tímabil, sem hér er farið fram á, er mjög sniðið eftir þeim öðrum einkaleyfum, sem liggja fyrir þessu þingi og hafa legið fyrir undanförnum þingum um nýjar og áður óþekktar starfsgreinir, og mér sýnist ekki ástæða til að klípa við neglur sér við þetta sérleyfi frekar en við ýms önnur sérleyfi, sem veitt hafa verið.

*Einar Olgeirsson: Í sambandi við þær upplýsingar, sem hv. þm. Mýr. gaf viðvíkjandi því fjármagni, sem búið er að verja í þetta fyrirtæki, þá verð ég að segja, að mér finnst það

síður en svo réttlæta það að veita þetta sérleyfi til 10 ára.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði, þá er það rétt, að það er ekki eðlilegt að hafa svo langan reynslutíma eins og 3 ár. Ég vildi því, ef hægt væri að ná samkomulagi um þetta mál, gjarnan ganga inn á að framlengja sérleyfistímann úr 3 árum upp í 5. Ég mun koma með till. um, að 2. gr. falli burt, ef samþ. yrði að hafa leyfið aðeins til 3 ára. Annars væri það óþarft. Ég vildi því mælast til þess við hæstv. forseta, að mega bera fram skriflega brtt. við brtt. á þskj. 128, að í stað „allt að 3 árum" komi: allt að 5 árum.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 128, að í stað „allt að 3 árum" komi: allt að 5 árum. — Brtt. er of seint fram komin, auk þess sem hún er skrifl., og þarf því tvennskonar afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 141) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 141 samþ. með 12:6 atkv.

— 128, svo breytt, felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, ÁÁ, BJ, EOl, HelgJ, ÍslH, JGM, SK.

nei: VJ, BÁ, BjB, EmJ, GG, JPálm, PO, SEH, StSt, JörB.

SvbH, EE greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÞorbÞ, ÞBr, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HG, HV, JakM, ÓTh, PHann, SkG, StgrSt) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 4 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 161).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landbn. hefir athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Þó vil ég f. h. n. árétta það, sem tekið er fram í nál., að sérleyfið verði ekki bundið við 10 ár, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur verði gengið út frá því, að það verði aldrei veitt lengur en allt að 10 árum. Og n. treystir því, að ráðh. sá, sem mál þetta kann að fá til meðferðar, veiti sérleyfið ekki lengur en brýnasta nauðsyn krefur.

Hvað snertir efni frv., þá er það í stuttu máli það, að veita félagi sérleyfi, sem þegar er búið að leggja fram 30—40 þús. í fyrirtæki, til þess að gera tilraunir með þessa vinnslu.

Það hefir þegar tekizt að búa til úr þaranum sæmilegan fóðurbæti, hvort sem hann stenzt samkeppni við annan fóðurbæti hvað verðlag snertir. Það á reynslan eftir að skera úr um.

En hitt hefir landbn. jafnan í hendi sinni, að þetta nýja fóðurefni verði ekki selt dýrara en annað fóðurefni samanborið við fóðurgildi þess.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu sem kallað er. — Ég tel mjög varhugavert af Alþingi að ganga langt inn á þá braut að veita sérleyfi, a. m. k. ekki svipað eins langt og það gerir, ef öll þau frv. um sérleyfisbeiðnir, sem fyrir þinginu liggja nú, verða samþ.

Þar sem svo hagar til, að það, sem sérleyfi er beðið um til þess að vinna, útheimtir ekki miklar vélar eða mikið fjármagn, getur verið álitamál, hvort ekki sé rétt að leyfa samkeppni um það, því að það getur beinlínis orðið til þess að hefta atvinnugreinina, ef vissum mönnum er veitt sérleyfi til þess að reka hana. Mér er ekki kunnugt um, hvernig háttað er með atvinnugrein þá, að vinna fóðurmjöl úr þangi, sem hér er um að ræða. Hvort t. d. ekki sé hægt að vinna það á ódýrari hátt en hér er gert ráð fyrir. Um þetta gerði ég fyrirspurn á síðasta þingi, en fékk aldrei svar við henni. Málinu var vísað til iðnn. og kom þaðan ekki aftur. Sé aftur um það að ræða, að atvinnurekstur sá, sem sótt er um sérleyfi til að reka, útheimti miklar vélar, gegnir þetta öðru máli, en það á þó alltaf að geta verið í hendi stjórnarvaldanna án þess að sérleyfi komi til, hversu mörgum er gefinn kostur á að stunda hann.

Það, sem ég nú hefi tekið fram í sambandi við þetta mál, gildir einnig um önnur hliðstæð mál, sem fyrir þinginu liggja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 196).

---

13. Lax- og silungsveiði.

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 13. jan. 1938 [Lax- og silungsveiði] (þmfrv., A. 18).

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Pálmi Hannesson):** Eins og kunnugt er, voru samþ. l. á síðasta þingi um lax- og

silungsveiði. Frv. til þessara l. var borið fram í Nd. á öndverðu haustþinginu, en svo stórfelldar breyt. voru á því gerðar, er það var afgr. frá Ed. seint á þinginu, að ég og nokkrir fleiri hv. þm. sáu ástæðu til að taka það fram við síðustu umr. þess í þessari hv. d., að ég væri andvígur þessum breyt. Í beinu framhaldi af þeim andmælum er svo þetta frv. fram komið, en það fer fram á, að þessi atriði, sem öll felast í 2. gr. l., verði felld niður. Það eru í þessari gr. atriði, sem við teljum ýmist skaðleg eða meiningarlaus, og tel ég óþarft að fara nánar út í að rökstyðja það, þar sem málið var rætt svo rækilega, þegar l. voru sett. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil óska þess, að málinu verði vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 53).

*Frsm. (Pétur Ottesen): Ég get f. h. n. látið mér nægja að skírskota til þeirra ástæðna, sem hv. 1. flm. þessa frv. færði fyrir því hér við 1. umr. málsins, og hefi ekki í rauninni neinu við það að bæta. Þetta ákvæði, sem slæddist inn í frv., sem flutt var á síðasta þingi, í Ed., og sem hér er lagt til að fella niður, kemur, ef svo má segja, eins og skollinn úr sauðarleggnum og felur í sér möguleika fyrir ráðh. að kollvarpa alveg ýmsum ákvæðum l. eins og þau eru nú. Að því leyti, sem ástæða þætti til að breyta frá því, sem nú er, þá er vitanlega sjálfsagt að gera það með þeim hætti að bera fram brtt. við hin sérstöku ákvæði l., en ekki með því að heimila ráðh. að gefa út reglugerð, sem gæti þurrkað út svo og svo mikið af þeim tilgangi, sem í l. felst; því er sjálfsagður hlutur að fella niður 2. gr. l. frá seinasta þingi í þeirri mynd, sem hún er nú í, og er það till. n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 163 og 168).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta er að nokkru leyti afleiðing frá síðasta þingi. Eins og kunnugt er, þá var 2. gr. laga þeirra, sem hér er lagt til að breyta, sett inn í þau hér í efri deild rétt undir þinglokin. Þegar svo stjórn veiðimálanna fékk lögin til þess að athuga um framkvæmd þeirra, taldi hún sér ekki fært að gera tillögur eftir þessari gr., og varð það því úr, að frv. á þskj. 18 var borið fram, til þess að fá þessa **umræddu gr. fellda** niður. Flm. frv. í Nd. var sá hluti veiðimálanefndar, sem sæti á hér á Alþingi, og auk þess nokkur hluti landbn. Nd. Í neðri deild var frv. samþ. mótatkvæðalaust og sent hingað til Ed. Hér fékk landbn. það svo til meðferðar, og töldum við hv. 11. landsk. ekki ástæðu til annars en samþ. frv. óbreytt, þar sem það virtist komið nægilega í ljós, að þessi umrædda gr. laganna væri ekki sem heppilegust, og veiðimálanefnd taldi sig ekki geta gert tillögu eftir henni. Auk þess hafði grein þessi verið samþ. með fyrirvara á síðasta þingi.

Hvað málið snertir þá tel ég það liggja svo skýrt fyrir, að ekki sé ástæða til þess að fara *inn á miklar umr. um það nú.* Við, sem skipum meiri hl., leggjum því til, að frv. verði samþ. og grein þessi þar með felld niður.

En hv. minni hl. landbn. hefir komið fram með brtt. í þessu máli og vill afnema úr l. frá síðasta þingi 1. gr. Þetta ákvæði var samþ. á þinginu í des. síðastl. Hann vill, að það sé algerlega útilokað fyrir landeigendur að fá kauprétt á veiðiréttindum í ám, sem renna um lönd þeirra og þeir eiga sjálfir. Hann telur það muni verða *til skaða fyrir laxveiðina*, ef bændur, sem jarðirnar eiga, fá að kaupa þennan rétt.

En þetta er hrein höfuðvilla, því skilyrðið til þess, að hægt sé að kaupa þennan rétt, er, að starfandi sé fiskiræktarfélag við vatnið, sem veiðin er keypt í, og það vitum við allir, að með félagsveiði eru miklu betri gætur hafðar á því, að laxinn sé ekki of veiddur og að friðun haldist og á allan hátt reynt að auka laxveiðina í ánum, sérstaklega með laxaklaki, eins og reynslan hefir sýnt víða, þar sem slík félög hafa verið sett á stofn. Ég tel það því höfuðvillu að halda því fram, að það sé til skaða fyrir árnar, að landeigendur nái umráðum yfir þeim. Ég get hugsað, að það megi koma með eitt og eitt dæmi, eins og þm. kom með á síðasta þingi, þar sem þessu sé þann veg farið, eins og t. d. með Hafursfjarðará, sem hv. þm. minntist svo oft á á síðasta þingi. Hún er eign Thors Jensens, en þar hefir sérstaklega verið unnið að laxaklaki og lítið verið veitt. Hvað hana snertir er það vafasamt, þar sem einn er eigandi allrar árinnar, hvort bændur hafa rétt til að innleysa veiðiréttinn. En það getur vel verið. Ég geri ráð fyrir, að þó aðrar ár komist í hendur landeigendum, þá verði veiði ekki svo skemmd, að til skaða horfi, heldur verði hún viðast hvar stórbætt.

Ég vil því óska þess, að frv. verði samþ. eins

og það liggur fyrir, og felld sú brtt., sem fyrir liggur frá hv. 1. þm. N.-M.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Ég vil mjög mælast til þess, að þetta mál verði ekki afgr. hér í dag, því þetta mál verður að afgr. þegar hæstv. landbrh. er við. Þessi d. samþ. í fyrra, að ég ætla með öllum atkv., þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta endurskoða laxveiði löggjöfina með hliðsjón af þeim breyt., sem felast í 2. gr. l. frá í fyrra. Þegar það var gert, að setja 2. gr. inn í l., þá leit ég svo á, að það væri gert til bráðabirgða, eða þangað til endurskoðunin hefði farið fram. Ég get þess vegna ekki rætt málið fyrr en ég hefi heyrt frá munni hæstv. ráðh., hvað hann hefir gert í endurskoðun þeirri, sem d. skoraði á hann að láta framkvæma. Þetta vil ég fá að vita áður en ég fer að ræða málið frekar, nema hæstv. forseti úrskurði, að það skuli rætt nú.

(Það var beðið dálitla stund eftir því, að landbrh. kæmi inn í d. Þegar hann var kominn, gaf forseti l. þm. N.-M. aftur orðið.)

Hv. d. samþ. hér í fyrra þáltill. þess efnis, að hún skoraði á ríkisstj. að láta endurskoða lax- og silungsveiðilöggjöfina með þá breyt. fyrir augum, að veiðiár væru flokkaðar og reglur settar um það í löggjöfinni, hverjar veiðiaðferðir megi viðhafa í flokki hverjum. Mig langar til að fá að vita hjá hæstv. ráðh., hvað síðan hefir verið gert. Okkur, sem stóðum að þessari till., var það ljóst, að þetta yrði ekki gert á mjög skömmum tíma, og því var það, að frá einum hv. þm. landbn. kom fram brtt. um að koma inn í laxveiðilöggjöfina til bráðabirgða ákvæði, sem næði þessu sama að nokkru leyti, þangað til endurskoðunin hefði farið fram.

Nú er lagt til í því frv., sem hér liggur fyrir, að fella þetta bráðabirgðaákvæði niður, sem komið var inn með 2. gr. og ætlazt var til, að stæði þangað til endurskoðuninni væri lokið og hún var samþ. af Alþ. Ég get því ekki tekið fullnaðarákvörðun um það, hvort ég vilji fella niður 2. gr., fyrr en ég veit, hvort hin endurskoðaða löggjöf kemur fram á þessu þingi eða ekki. Hinsvegar vil ég halda mér við það, sem hv. d. samþ. í þáltill., því það er betra fyrirkomulag með veiðiárnar, og ef ekki næst nú sú breyt. á löggjöfinni, sem tryggi það, þá vil ég fyrir mitt leyti lofa bráðabirgðaákvæðinu í 2. gr. að standa. Það er ekki nema til áréttingar því, að við teljum nauðsynlegt að fá löggjöfina endurskoðaða að þessu leyti, eins og d. samþ. í fyrra með þáltill.

Viðvíkjandi því, að ég legg til að samþ. þetta frv. með þeirri breyt. einni, að í staðinn fyrir 2. gr. komi 1. gr., þá felur sú breyt. það í sér, að 2. gr. fær að standa óbreytt þangað til búið er að endurskoða löggjöfina, og ákvæðið, sem sett var í 1. gr. um endurkauparéttinn, sem framlengdur var um 5 ár, upp í 10 ár, fellur þá niður. Ég lít á þetta sömu augum og ég gerði í fyrra, svo ég þarf ekki að rökræða þetta frekar en ég þá gerði, að þetta ákvæði er engum til bóta, þegar litið er á heildina. Þeir menn, sem búa á þeim jörðum, sem veiði hefir farið undan á síðasta mannsaldri, eru flestir eða svo að segja allir búnir að kaupa hana undir jarðirnar aftur. Undantekning er kringum Hafursfjarðará. Þá er ekki eftir önnur veiði en sú, sem farið hefir undan jörðunum fyrir gjafir frá löngu liðnum tíma, en ég tel mjög vafasamt að Alþ. geti með einföldum l. riftað þinglesnum gjafabréfum. Ég vil því ekki framlengja þennan rétt frekar en í fyrra, og því legg ég til, að í staðinn fyrir að 2. gr. falli niður, þá falli 1. gr. niður. En þegar búið er að endurskoða veiðilöggjöfina í samræmi við það, sem hv. d. lét í ljós með þáltill. á þskj. 321 og ég geri ráð fyrir. að ráðh. hafi látið vinna að, þá fellur sú gr. niður af sjálfu sér, því þá koma önnur fyllri ákvæði inn í l., sem ná betur tilganginum með 2. gr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er rétt hjá hv. þm., að það var samþ. á síðasta þingi, að ráðh. skyldi setja reglur um það, að fengnum till. veiðimálastjóra, hvaða veiðitæki megi nota til lax- og silungsveiða, og hann spyr um það, hvað hafi verið gert í þessu efni. Ég get tekið það fram í upphafi, að þó þessi gr. væri samþ. á síðasta þingi, þá er það nokkurn veginn fullvíst, að hún hefði aldrei náð samþykki hér, ef ekki hefði verið svo stutt eftir af þingtímanum, að jafnvel þeir, sem voru andvígir gr., samþ. hana í Nd. til þess að koma í veg fyrir, að ákvæðin í 1. gr. dagaði uppi, því ef frv. hefði verið breytt í Nd., þá var næstum sýnilegt, að frv. allt hefði fallið. Það er þess vegna dálítið vafasamt um vilja Alþ. í þessu máli. Eins og málið lá þá fyrir á Alþ., þá lét ég það afskiptalaust, því mér virtist það komið í óefni, svo ég greiddi ekki atkv. Það er kannske óþarfi að taka þetta fram, en það skýrir málið nokkuð, því einmitt þeir menn, sem með þessi mál hafa farið og eiga sæti í Nd., munu hafa verið einna andvígastir þessu ákvæði, og það hefir sennilega oltið á þeirra atkv. um þetta mál. Það er því fullkominn vafi á þessu ákvæði eins og það liggur fyrir, hvort þarna komi í raun og veru fram vilji Alþ. í þessu efni. Eins og þetta ákvæði liggur fyrir í 2. gr., þá er ráðh. í raun og veru gefið fullt vald til þess að ákveða, hvaða veiðiaðferðir séu notaðar í ánum. Þó maður sé glaður yfir því trausti, sem þannig er sýnt, þá er það meir en lítið vafasamt, að Alþ. muni, ef það hugsar málið nánar, kæra sig um að fá ráðh. slíkt vald í hendur. Það stendur sem sé í l., að ráðh. skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- og silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði ekki upprættur. Aðrar takmarkanir eru ráðh. ekki settar. Þess vegna eru að sjálfsögðu upphafnar þær reglur, sem áður hafa verið settar um takmarkanir á veiði í ám, ef ráðh. á hverjum tíma þóknast að hafa ákvæðin svo eða svo. Það er því algerlega undir honum komið, hvort árnar eru friðaðar eða ekki. Honum er gefið sjálfdæmi í þessum efnum. Hann þarf ekki einu sinni að fara eftir tillögum veiðimálastjóra, því það er aðeins að fengnum hans tillögum, sem hann getur sett þessar reglur.

Þegar menn athuga, hvernig þetta mál var afgr., þá býst ég við, að flestir hv. þm. muni komast að þeirri niðurstöðu, að það sé meir en lítið vafasamt að fella þannig úr gildi þær takmarkanir um veiði í ánum, sem settar eru í laxveiðilöggjöfinni, og fá ráðh. í hendur einræðisvald um það, hvernig þessum reglum sé hagað í framtíðinni.

Það gegnir alveg sama máli, ef gr. er lesin áfram. Þar segir, að í reglum þessum megi ákveða fjölda veiðitækja, er notuð séu samtímis í veiðiá. Ennfremur megi setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarhring megi samfleytt veiða í á o. s. frv. Síðast segir, að þessar reglur megi ekki brjóta í bág við friðunarákvæði l. En veiðitækin, sem notuð eru við lax- og silungsveiði, eru þannig, ef menn fengju óskorað að nota hvaða tæki sem er, að það mætti gereyða laxi og silungi í ánum á stuttum tíma, eins og bent var á af veiðimönnum, þegar rætt var um þetta mál á síðasta þingi.

Nú spyr hv. þm. um það, hvað hafi verið gert. Að vísu er það ekki afsökun fyrir því, að ákvæði hafi ekki verið framfylgt, að það sé vafi á um réttmæti þess. Landbrh. ber að sjálfsögðu skylda til að gera þær ráðstafanir, sem fyrir hann er lagt af Alþ. að gera. En þegar athugað er, hvernig ætti að framfylgja þessu ákvæði, ef rétt er að farið, þá er ekki um annað að ræða en að mæla upp allar veiðiárnar og kortleggja þær með veiðistöðunum. Það er ómögulegt að setja þessar reglur nema að kortleggja veiðiárnar. Ég veit, að veiðimálanefndin og veiðimálastjóri eru mér sammála um, að það sé ómögulegt að setja reglur um þetta, nema með því móti. Þetta er þess vegna ómögulegt og óframkvæmanlegt fyrr en í sumar, að undirbúa þetta verk, ef þetta verður látið standa í l. Það veit ég, að hv. þm., sem gerði fyrirspurnina, er ljóst. Það kemur vitanlega ekki til mála að fara úr öskunni í eldinn í þessu máli. Það er ekki hægt að setja reglur um lax- og silungsveiði nema ýtarleg rannsókn hafi farið fram á ánum áður. Það hefir þess vegna ekkert verið gert enn og verður ekki gert fyrr en ísa leysir í vor. Þá yrði að mæla árnar og spyrjast fyrir um veiðistaðina og kortleggja þá og ákveða síðan veiðitækin.

Um kauparétt á veiði vil ég segja það, að ég álít, að rétt sé að framlengja það ákvæði. Það er rétt hjá hv. þm., að þessi réttur er lítið notaður á ýmsan hátt, en samt sem áður álít ég það mikla framför frá því, sem áður var, að jarðirnar sjálfar ráði yfir veiðiréttinum. Ég tel því sjálfsagt að framlengja þetta ákvæði. Það er ákaflega leiðinlegt að koma málum fyrir eins og áður var, að það er búið að selja veiðiréttinn undan mjög mörgum af beztu veiðiánum í landinu og skilja þannig einhvern dýrmætasta hlutann frá jörðunum og jarðarafnotunum. Ég álít því, að það spor, sem var stigið til að heimila bændum að kaupa veiðiréttinn aftur, hafi verið rétt. Mjög víða hefir þessi kauparéttur verið notaður til að byggja upp félagsskap um veiðina, þar sem hún var áður að eyðileggjast. Það má benda á veiðiréttindi víða í Húnavatnssýslu, sem þannig er búið að ganga frá. Ég tel þetta stórt spor frá því, sem áður var. Það eru að vísu tvær ár, sem bændur hafa keypt, þar sem þeir hafa ekki haft þroska til að nota veiðivötnin á þann hátt, sem er þeim sæmandi. Þeir hafa leigt árnar út í smápörtum og eru með því á góðum vegi með að eyðileggja veiðina. Þetta er þeim til minnkunar. Ég hefi von um, að þetta verði lagað með aðra ána í vor eða sumar. Ég vona, að það verði þannig yfirleitt með hin endurkeyptu veiðiréttindi, að þau verði notuð til að stofna veiðifélög um árnar, sem leigi út árnar í einni heild og haldi uppi fiskirækt eins og víða hefir verið gert.

Það má benda á, að það hefir verið stofnaður einn slíkur félagsskapur hér á Suðurlandi, um Hvítá og Ölfusá og bergvatnsár, sem í þær renna. Það er stærsti og myndarlegasti félagsskapur, sem enn hefir komizt á um þessi mál. Það má sennilega gera þarna eitthvert bezta og fullkomnasta veiðihverfi, sm til er á landinu. Þetta hefði ekki verið hægt, ef endurkauparétturinn hefði ekki verið til staðar og margir einstaklingar hefðu átt veiðiréttindin, skilin frá jörðunum. Ég vil þess vegna ekki fella niður 1. gr. En ég álít, að 2. gr., eins og gengið hefir verið frá henni og svo lítið, sem það mál hefir verið athugað, eigi að falla niður, eins og gert er ráð fyrir í frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Hæstv. ráðh., sem ætlaði að svara fyrirspurn minni, hefir ekki enn gert það. Ég spurði hann, hvað hann hefði gert til að framkvæma þáltill., sem var samþ. hér í d. á síðasta þingi og hann sjálfur og öll d. var með í að samþ. Þessi þáltill. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Efri deild Alþingis skorar á ríkistj. að láta endurskoða löggjöf um lax- og silungsveiði, með þá breyting á löggjöfinni fyrir augum, að veiðiár verði flokkaðar og reglur settar um það í löggjöfinni sjálfri, hverjar veiðiaðferðir megi viðhafa í flokki hverjum".

Þetta var þáltill., og hún var samþ. af öllum í hv. d. og þar með af hæstv. ráðh. Nú vil ég spyrja, hvað þessari endurskoðun sé langt komið. Er búið að skipa n. til að framkvæma þessa endurskoðun? Er sú n. að verki, og kemur álit hennar fyrir þetta þing eða næsta þing? Það er það, sem ég vil fá að vita. En hvort einhver veiðimálanefnd telji annmarka á framkvæmd 2. gr. l. frá í fyrra, er allt annað mál.

Ég óska eftir að fá að vita, hvað líður þessari endurskoðuðu löggjöf, og hvort við eigum von á henni á þessu þingi eða því næsta.

***Magnús Jónsson:** Ég vildi ekki láta þessa umr. falla niður á meðan hæstv. ráðh. fór út, en ég sé, að hann er nú kominn. En hann á eftir að svara hv. 1. þm. N.-M. Mér virtist á ræðu hans, að hann hefði ekki áttað sig á því, að á hann hafi verið skorað í þessu efni eða nokkur þáltill. hefði verið samþ., því hann ræddi um örðugleikana á því fyrir stj. að framkvæma l. frá í fyrra.

Ég var einn af þeim, sem samþ. breyt., sem gerð var í fyrra, og það þó ég verði að játa, að þetta var mjög seint á þingi, sem þáv. 11.

landsk. bar þetta fram. En mér fannst mikil nauðsyn að fá ákvæði um þetta, enda þótt ákvæðið kæmi ekki fram í æskilegu formi vegna þess, hvað þetta var gert með miklum fljótheitum. En það er ekki hægt að neita því, að það er þörf á að fá ákvæði um það, með hvaða tækjum megi veiða í ám. Það er leitt, að samhliða því, sem menn vita um, að ákveðin veiðitæki eru skaðleg og líkleg til að útrýma laxinum úr ákveðnum ám, skuli ekki vera hægt að setja ákvæði, sem komi í veg fyrir það.

Það er ekki hægt að neita því, að mikið vald er lagt í hendur ráðh., en maður skyldi ætla, að einhver hefði fyrr orðið til að amast við því en ráðh. sjálfur. En ég sé ekki annað en ráðh. geti komizt mjög létt út af þessu. Það er hægt að banna ákveðin veiðitæki, eins og t. d. að húkka laxinn með þríhúkk eða viðhafa slík tæki, sem særa laxinn og stinga.

En þetta ákvæði í 2. gr. er ekki til frambúðar, og það var þess vegna, sem hv. 1. þm. N.-M. spurðist fyrir um það, hvað endurskoðun á þessu liði hjá hæstv. ríkisstj. Mér fannst vera búið að gera nóg af því í þessi 5 ár, sem lögin hafa staðið. Fimm ár má telja nógu langan tíma til að dæma um, hvernig lögin hafi reynzt í framkvæmdinni. Þau hafa víða verið framkvæmd þannig, að það stappar nærri hreinu eignaráni, þegar ár eru virtar fyrir verð, sem nemur 2—3 ára leigu af þeim. Það er eignarán þegar lög eru sett, sem heimila slíkt. Þess vegna er alls ekki ástæða til að samþ. þessi lög óbreytt. Það er rétt, ef ætti að framlengja slíkt, að sett yrðu ákvæði um það, að þeir, sem keypt hafa ár og unnið upp í þeim veiði, og þess vegna er nú hægt að leigja þær fyrir mjög hátt verð, væru tryggðir gegn því, að árnar væru teknar af þeim fyrir verð, sem aðeins nemur örlitlum hluta af raunverulegu verðmæti þeirra. Ég var á móti því, að þetta ákvæði væri sett í lögin með framlengingu. Hann nefndi dæmi um árnar í Húnavatnssýslu, sem bændur hefðu leyst til sín, eftir að hafa notað þær til óeðlilegrar veiði. Það er öllum ljóst, hve mikill skaði það er, þegar hver fer að leigja sinn part og hver um sig hefir ekki áhuga á neinu nema að róta upp laxinum með illu og góðu á sínum litla parti. En ef öll áin er eign eins manns, hefir hann það á tilfinningunni og veit það vel, að hann verður að haga sér skynsamlega til þess að þessi miklu verðmæti verði honum sem varanlegust.

Það er alltaf svona afleiðing, sem hlýzt af því, að bændur notuðu sér þann rétt að leysa hver sinn hluta af veiðiánum. Menn ættu að hafa heimild til að tryggja það, að jarðir þeirra verði ekki eyðilagðar eftir að þeir hafa myndað með sér félag með ákveðnum skilyrðum. Ég sé ekki, að það sé neitt óeðlilegt, þótt menn kaupi á, eins og hvern annan hlut, sem gæti komið öðrum við. Að vísu má segja sem svo, að áin tilheyri þeirri jörð, sem liggur að henni, en það er ekki rétt. Áin er sjálfstæður hlutur, sem kemur þeim jörðum, er hún rennur framhjá, ekki neitt við. Þeir, sem hafa átt jörð, hafa fengið sitt verðmæti frá þeim, sem hefir keypt hana, og sama máli gegnir um árnar. Ekki er sýnt, að aðrar laxveiðiár hafi verið betur verndaðar en þær, sem einstakir menn hafa leyst til sín. Það er sumpart ástæða til að framlengja þetta lagaákvæði, en þó getur það leitt til ills.

Um ákvæði 2. gr. skal ég segja það, að ég sé ekki ástæðu til að fella hana, þótt missmíði séu á henni. — 3. gr. fannst mér gera lögin betri en þau voru áður, en sú gr. var brtt. frá hv. 6. landsk. um, að mál út af brotum á þessum lögum séu rekin sem almenn lögreglumál. Það er mikil bót, að menn þurfa ekki að reka þau sem einkamál. Það er þetta ákvæði, sem á strandar; ég mun því samþ. þá brtt., að fella 1. gr. niður. En ég mun geta unað við 2. gr., sé þetta ákvæði betur útlistað, til þess að samningar komist á sem fljótast.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Hv. 1. þm. N.-M. mun ekki hafa fengið svarað þeirri fyrirspurn, sem hann hefir gert hér út af þál., sem samþ. var á Alþ. 1936. En það er nú ekkert minnzt á þá þál. í minnihl.-áliti því, sem þessi hv. þm. hefir gefið út. Enda er það eðlilegt, vegna þess að sú brtt., sem hann stóð fyrir, kom inn í l. á síðasta Alþ. Hún kemur algerlega í bága við þál. Ég hefi hvorki tekið þessa gr. né þál. til greina, því að hvorttveggja er borið fram aðeins í þeim tilgangi að koma máli fyrir kattarnef, sem þm. hafa ekki viljað samþykkja. Til þess að sýna fram á, hvernig þetta rekur sig hvað á annað, skal ég benda á það, að á síðasta Alþ. var samþ., að landbrh. eigi að setja reglur um veiði í ám eftir till. veiðimálastjóra, hvaða veiðitæki eigi að nota á hverjum stað, hve langan tíma á hverjum sólarhring megi stunda veiðar o. s. frv. En í þál. er sagt, að það eigi að endurskoða löggjöfina um laxveiðar, sem hafa verið sett eftir þriggja ára nákvæma athugun, sem var gerð af hinum hæfustu mönnum á árunum 1929—32.

Ég sé ekki þörf á neinni endurskoðun í sambandi við þessi l. samkv. þeirri reynslu, sem nú er fengin. Samkv. l. frá síðasta Alþ. átti ráðh. að setja reglur um þetta allt saman. Honum er gefin heimild til að gerbreyta þessari löggjöf, flokka árnar niður, ákveða hve lengi megi nota veiðitækin o. s. frv. En á sama tíma á að setja nefnd til að rannsaka fiskveiðalöggjöfina, og undirbúa löggjöf um það, hvernig þessu öllu skuli komið fyrir. Ég hefði þá eftir þessu átt að velja 4—5 menn til að endurskoða þetta allt saman, eftir að ég hefði verið búinn að skrifa bréf, flokka niður árnar og fyrirskipa, hvaða veiðiaðferðir skyldu notaðar. Svo sem eftir mánuð kæmu till. frá n. þessari. Önnur eins vinnubrögð og þetta er ekki hægt að taka alvarlega. Ef menn vilja vera á móti einhverju máli, verður sú andstaða að fara betur úr hendi en gert var með þessari till. Vinnan, sem þarna á að gera, er óframkvæmanleg. Það er vitað mál, að hér er ekki um annað að gera en að skipa þessa nefnd til að rannsaka málið, og ákvörðun verður tekin fyrst þegar hægt er að athuga alla aðstöðu. Hvorttveggja þetta eru fleygar, sem reka sig hvor á annan og eru því ekki til neins, svo sem þm. geta reynt til að vita, og séu þeir móti málinu, geta þeir gert

það án þess að koma með slíkar krókaleiðir. (PZ: Ráðh. var sjálfur með þál.) Málið var allt komið í hnút hér á þinginu.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég get skýrt frá því, að ég vann það til samkomulags á síðasta þingi að flytja með samnefndarmönnum minum þáltill. um að endurskoða að nokkru leyti löggjöfina um laxveiðar. Sú þál. var samþ. hér í deildinni mótatkvæðalaust. Þá taldi ég, að búið væri að ganga frá þeirri hlið málsins nógu rækilega. En litlu síðar en búið var að samþ. þessa þál. var komið fram með þá brtt., sem er 2. gr. þeirra laga, sem samþ. voru á síðasta þingi og nú á að fella.

Það er til vansa og leiðinda, eins og hæstv. forsrh. tók fram, að láta slíka lagagrein sjást í löggjöfinni. Hún átti aldrei að koma fram, því síður að samþ., en nú er sjálfsagt að fella hana.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að þál. hefði verið samþ. með hliðsjón af 2. gr. laga um þetta efni. En sú till. var ekki borin fram við 2. umr. laxveiðilaganna; þá var búið að samþ. þessa þál. fyrir viku eða meira. Þetta vil ég taka fram um þetta atriði. Þar sem hæstv. forsrh. var að taka fram, að vafi væri á um vilja Alþ. í þessu máli, hygg ég það ekki vera rétt. **(Forsrh.:** Um greinina). Það er ekki nokkur vafi á þessu; það var nýbúið að samþ. þetta mál með shlj. atkv. í Nd. Það er svo vafalaust sem mest getur verið, hvaða álit Alþ. hafði á meðferð þessa máls. **(Forsrh.:** Það var vafasamt á síðasta þingi). Við vissum alltaf, að í Nd. var mikill meiri hl. á móti þessari till., sem nú á að fella úr lögum. Henni var lætt inn í frv. til að eyðileggja málið. Nd. neyddist til að samþ. þetta vegna tímaleysis og einungis með þeim fyrirvara, að þetta yrði lagfært á næsta þingi, eins og nú er verið að gera.

Þá kem ég að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að stappaði nærri því að taka eignarréttinn af mönnum, þegar við værum að endurheimta þennan veiðirétt. Það væri ekki nema örlítið, sem fengist fyrir árnar, og þá hefðu þessir menn, sem hafa orðið að láta eignarrétt sinn af hendi, fengið hluta verðs fyrir þær á móts við það, sem þeir höfðu greitt fyrir þær í fyrstu. Þetta er alveg rangt. Þessi réttur, sem þeir verða að láta af hendi, verður þeim bættur að fullu, því að ég hygg, að það hafi aldrei komið fyrir, að veiðiréttur hafi verið tekinn af mönnum fyrir lægra verð en hann hefir kostað upphaflega. Hv. 1. þm. Reykv. taldi eigi rétt að leyfa mönnum að kaupa veiðiréttindi, fyrr en búið væri að mynda ákveðin félög. Lögin hafa sett þær takmarkanir, að ekki er unnt að endurheimta veiðiréttindi, fyrr en búið er að stofna veiðifélög eða fiskiræktarfélag. Væri nú undirbúinn félagsskapur til verndar gegn því, að farið væri illa með veiðina, yrði félagið að vera formlega stofnað, áður en unnt væri að endurheimta veiðiréttinn. Ég skil ekki í því, hvers vegna er verið að berjast fyrir því, að þeir menn, sem enn halda þessum rétti, sem nú eru að miklu leyti Reykvíkingar, fái að halda honum, og aðrir geti ekki fengið veiðiréttinn hjá þeim nú eftir nýár 1938, eins og það var leyfilegt fyrir þann tíma. Þetta gerir þeim mönnum hægt að ná í þessi réttindi, sem eru nógu miklir auðmenn, og þeir verða útundan sem sízt skyldi, ef það kæmi til mála, að brtt. hv. 1. þm. N-M yrði samþ. Deildin hefir þegar lagt sinn dóm á þetta mál, og ég treysti því, að hún hviki ekki frá þeim dómi.

***Magnús Jónsson:** Mér þótti hæstv. forsrh. vera dálítið úrillur, eins og þegar menn vakna af þungum svefni með stirurnar í augunum. Hann vissi alls ekki um það, að á síðasta Alþ. hefir hann verið fylgjandi undirbúningi þessarar löggjafar. Ef hann telur það vansa fyrir Alþ. að samþ. þetta, er það alls ekki vansalaust af hans hendi að taka ekkert tillit til þess, að Alþ. skoraði á hann að gera það. Hann hreytti ónotum að Alþ. fyrir það, sem það gerði. Annars verð ég að segja það, að ég skil ekki, á hvern hátt hæstv. ráðh. ætlar að telja mönnum trú um, að þetta tvennt rekist á. Alþ. felur ríkisstj. að undirbúa setningu l. um þetta efni, flokka árnar niður o. s. frv., en það er hægt að ákveða um einhver atriði þessa máls með bráðabirgðaákvæðum, til þess að ráðstafa því, sem nauðsynlegt verður að telja, þar til rannsókn er lokið. Það var skorað á ríkisstj. að setja ákvæði um þetta eftir að þál. var samþ., en það var hvorttveggja mjög skömmu eftir að þetta nál. kom, því að þingið var að enda. Alþ. óskaði eftir því, að stj. undirbyggi málið til næsta þings, og til bráðabirgða var það sett á vald hæstv. landbrh. að koma í veg fyrir misbeitingu, sem kynni að verða höfð í frammi meðan verið er að undirbúa l. um þetta efni. Hæstv. ráðh. hefir farið þannig að, að hann hefir sofið á málinu, í stað þess að hann hefði strax átt að skipa n. til að athuga málið.

Það var ekki ástæða til, að hann skipaði n. til að mæla upp laxveiðiárnar, rannsaka dýpt þeirra og straumþunga, og til að setja ákvæði um, hvernig veiða mætti á hverjum stað, þegar hann var sjálfur að undirbúa löggjöf um þau efni. En hann gat sett bráðabirgðaákvæði, sem kæmu í veg fyrir mestu misbeitinguna, a. m. k. þar, sem þannig hagar til, að á stuttum parti af ánum eru notaðar veiðiaðferðir, sem eru gersamlega eyðileggjandi fyrir veiðina, og eru nú þegar búnar að eyðileggja veiðina í sumum laxám. Ég vil halda það, ef vantraust á stj. er fyrir hendi, að ég vildi taka undir það, ef við höfum forsrh., sem ekki getur greitt úr öðru eins og þessu; þá er hann ekki fær um að fara með stjórn landsins, enda hefir hann greitt úr ýmsu, sem er alveg eins flókið og þetta. Hann hefði átt að geta séð um til bráðabirgða, að afstýrt væri verstu misbeitingunum, sem þessi löggjöf á að koma í veg fyrir. Ég fæ ekki séð, að það sé nokkuð til vansa Alþ., þó að það samþ. þetta.

Ég vil segja það út af þeim ummælum hv. 6. landsk., að það þyrfti að vera búið að stofna fiskiræktarfélag til að leysa árnar, að um það ákvæði er mjög lauslega búið í l. Það má stofna málamyndafélög til að leysa árnar á lengri eða skemmri kafla. Á Alþ. geta ekki allir þm. gefið sig við svo stórum lagabálkum í heild sem þess l. eru.

Það mun vera rétt hjá hv. 6. landsk., að menn hafi alltaf a. m. k. fengið sama verð fyrir árnar og þeir höfðu greitt fyrir þær í upphafi. Ég hefi a. m. k. ekki heyrt getið um neitt tilfelli, að maður, sem veiðiá hefir verið náð frá, hafi fengið minna fyrir ána en sem svaraði því, er hann hafði keypt hana fyrir á sínum tíma. En ég veit ekki með vissu um þetta. Menn hafa stundum verið nokkuð lengi að ná heilli á, þar sem þeir hafa keypt þær smám saman. Það er ekki gott að segja, hvað mikið hefir verið gefið fyrir Haffjarðará, því að um leið var keypt mikið af jörðum, sem liggja að henni.

En þessi skýring á verndun eignarréttarins í stjskr. er alls ekki fullnægjandi. Stjskr. verndar núgildandi eignarrétt hvers manns. Ef ég hefi t. d. keypt frímerki fyrir 10 aura, sem nú er orðið 100 þús. kr. virði, verndar stjskr. eignarrétt minn yfir 100 þús. kr. En verndun þessi er rofin, þegar t. d. á, sem virt er fyrir 1000 kr., er tekin eignarnámi fyrir 300—400 kr., þá er eignarrétturinn ekki verndaður eins og þarf að vera. Þetta sýnir, hve illa er búið um ákvæði l. um þetta efni, að það skuli vera hægt að ná nokkurri eign af mönnum fyrir svolítinn part af því verðmæti, sem þessi eign hefir fyrir hann. Á að framlengja þetta ástand um næstu 10 ár? Hér er komin á dagskrá brtt. um að fella þá gr. niður. Mönnum var gefinn fyrst 5 ára frestur, og alveg eins og ég var á móti því, verð ég að greiða atkv. með því, að 10 ára ákvæðið sé fellt niður.

Mér virðist vera full ástæða til þess, að ég get ekki annað en greitt atkv. með því, að þessi gr. verði felld niður. Engin ástæða er til að hlífa hæstv. landbrh. við að setja bráðabirgðaákvæði til að vernda veiðina í ánum, þar til sú löggjöf kemst á, sem hann mun nú undirbúa, þegar honum er bent á það.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég þarf ekki að taka mikið fram út af þessu máli. Fyrst farið er að rekja þetta mál hér og umbylta því, er bezt að segja frá öllu eins og það er, bæði þál. og brtt., sem var smeygt inn í frv. Þetta var gert til þess að koma málinu fyrir kattarnef. Þetta ákvæði, að kaupréttur bænda yrði framlengdur um næstu ár, er til að eyðileggja málið. Það er ekki til neins annað en að viðurkenna sannleikann. Fyrst var samþ. þál. um endurskoðun löggjafarinnar um þetta efni, án þess að talið væri líklegt, að bráð endurskoðun væri nauðsynleg. Þessi l. hafa verið meira til meðferðar en nokkur önnur löggjöf hér á Alþ. Laxveiðilöggjöf vor Íslendinga er að ýmsu leyti til fyrirmyndar fyrir þær þjóðir, sem eiga laxveiðiár, um það, hvernig veiða megi. Aðeins mætti segja, að það er ekki nógu skýrt tekið fram, hvaða veiðitæki megi nota. Og yfirleitt, þar sem veiði er stunduð hér í ám, fer það mjög í vöxt, að notaðar séu góðar veiðiaðferðir. En eftirlitið með því, hvernig menn veiða, getur sennilega aldrei orðið nægilega fullkomið. T. d. þeir menn, sem þykjast vera að veiða á flugur og önnur lögleg veiðitæki, geta skotizt í það, þegar eftirlitsmaðurinn er ekki nærri, að veiða á ólöglegan hátt. Eins og ég gat um áðan, þá eru stórkostlegar framfarir á þessu sviði, t. d. að bændur austanfjalls eru að koma í veg fyrir netaveiði nema e. t. v. í tveimur stærstu ánum 2—3 næstu árin og árnar eingöngu notaðar til stangarveiði, og verði stofnað um það félag, sem þeir hafa fullkomlega heimild til og ráða því algerlega, hvaða veiðitæki eru notuð. Svo laxveiðilöggjöfin út af fyrir sig er vel gerð löggjöf. Hitt er annað mál, að um laxinn hafa alltaf verið miklar deilur. Það er talið, að til flestra fossa, þar sem laxinn er, megi telja sveitakrit og þrætur í nágrenni veiðiánna um allt land, því laxinn er mjög dýr og eftirsóttur fiskur. Sama er það hér á Alþingi, þegar talað er um þessa hagsmuni, þá koma allskonar fleygar, og það er meir þrátt að um þetta mál en nokkurt annað. Þannig var það á síðasta þingi. Fyrst var samin þáltill., ekki af því, að það væri talin þörf að endurskoða þessa mjög svo vel gerðu löggjöf. Það má náttúrlega gera, en það tekur mikinn tíma, ef það ætti að verða til bóta. Það þarf langan tíma til að endurskoða löggjöf, sem búið er að gera með þriggja ára vinnu. En látum það nú vera, að þessi þáltill. var samþ., og ég neita því ekki, að þessi endurskoðun verður að framkvæmast, fyrst þáltill. var samþ. En þegar búið er að samþ. þessa þáltill., var bent á það, að þessi till. færi alls ekki í bága við það að framlengja lögin. Þá var búinn til nýr fleygur og settur í sjálfa lagagreinina. Og það er þessi fleygur, er varð þess valdandi, að sumir hv. þm. greiddu ekki atkv., vegna þess að þeir töldu málið komið þá í hið mesta óefni. Meðal þeirra var ég — því miður — því annars hefði kannske verið hægt að fella fleyginn. En þegar málið kom í Nd. með þessum breyt., sem allir líta á sem fleyg og til minnkunar að hafa verið afgr. frá Alþingi, þar sem ráðh. er gefið fullt vald til að kollvarpa miklu af þeirri löggjöf, sem búið er að undirbúa hér með mikilli vinnu af Alþingi og mþn., þá var þetta afgr. í Nd., vegna þess, að ekki var tími til að fella fleyginn burt. Því menn vildu heldur samþ. þennan óskapnað, sem héðan kom, er átti að verða til þess að málið yrði fellt hér, þó að allir sjái, að það nái ekki nokkurri átt að samþ. svona grein, og aðeins í því trausti greiddu menn henni atkv., að hún kæmi aldrei til framkvæmda, til þess að fá því framgengt, að kaupréttur bænda yrði framlengdur; því annars hefði hann fallið niður, og þar með skapazt millitímabil, sem er mjög óþolandi fyrir bændur, sem eru að búa sig undir að stofna veiðifélög. Frv. var beinlínis samþ. í Nd. af mörgum þm. með því fororði, að þeir samþ. frv. aðeins vegna þessa kaupréttar og í trausti þess, að óskapnaðurinn kæmist aldrei til framkvæmda. Það var sú leið, sem þeir völdu.

Hinu var búizt við af mörgum, sem vildu koma till. fyrir kattarnef, að hún myndi verða felld í Nd., og þar með væri kaupréttur fallinn og frv. En þeir í Nd. völdu þessa hyggilegu leið til að koma málinu fram.

Ég þarf ekki að tala oftar í þessu máli til þess að skýra þetta frekar. Því það vita allir hv. þm., að það er ekki hugsanlegt, að lög, sem þannig eru til orðin, verði tekin þátíðlega. Ég er sannarlega hissa á því, að nú skuli á ný verið

að rifja upp þessa leiðinlegu sögu, sem er Alþ. ekki til sóma, og sízt af öllu þeim, sem beittu sér fyrir því að koma þessum fleyg inn í málið. Þáltill. mun ég að sjálfsögðu láta framfylgja; það er ekki nema eðlilegur hlutur. En ég vænti þess, að það verði skilið, að ég hefi ekki neitt flýtt mér að því að undirbúa þá framkvæmd, sem hefir verið samþ. í raun og veru á móti meiri hl. þingsins, sem kom greinilega fram við afgreiðslu þess máls á þingi.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Mér þykir það mjög leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekkert hafa gert í því að láta framkvæma þessa þál; því það var ætlun þingsins, eins og sést á niðurlagi hennar, að endurskoðuninni verði lokið svo snemma, að frv. þess efnis verði lagt fyrir næsta þing. Og nú er það upplýst, sem við vitum hér í deildinni, að með þessari till. var ráðh. Hann gerði enga grein fyrir sínu atkv. þá, en nú segist hann hafa verið með henni. Ég geri ráð fyrir, að hann hefði talað fyrir sig sjálfan. Nú segir hann, að afstaða sín hafi verið til þess að koma 2. gr. fyrir kattarnef. Mér þykir leiðinleg þess afstaða hans til frv., ef það hefir vakað fyrir honum að koma 2. gr. fyrir kattarnef. Ég þori að fullyrða, að enginn gerði grein fyrir atkv. sínu, sem samþ. þáltill., að það væri bara til þess að stemma stigu fyrir frv. Til áréttingar því, að það komi sem fyrst að einhverju leyti í framkvæmd, sem felst í þál., samþ. meiri hl. d. brtt., sem felst í 2. gr., og þá sat hæstv. ráðh. hjá. Þá hefir hann ekki ástæðu til að vera á móti því að setja bráðabirgðaákvæði á eftir í lög, þar til endurskoðuninni væri lokið. Þá situr hann hjá. Og það er búið að samþ. till. og honum finnst ekki ástæða að bíða með að framkvæma lögin þangað til búið er að endurskoða. Hann ýtir ekkert á eftir, hann hefir ekki á móti, hann situr hjá. Nú segir hann, að þetta hafi verið skrípaleikur, en sá skrípaleikur er langsamlega mestur hjá honum sjálfum, sem hvorugt gerir, heldur situr hjá. Mér þykir mjög leiðinlegt að heyra, hvernig hefir orðið með þessar framkvæmdir. En ég vænti, að þessar umr. verði til þess, að lögin verði endurskoðuð.

Ég þarf ekki mikið að segja um brtt. mína; ég hefi áður talað fyrir henni. Það, sem ég legg mesta áherzluna á, eins og hefir komið fram við þessar umr. og meira að segja viðurkennt af hæstv. ráðh., er, að einstakir menn eigi veiðiréttinn og leigi hann út fyrir sig. En til þess að fyrirbyggja misnotkun á veiðirétti var 2. gr. sett, og til að láta það vera skýrt þegar lögin yrðu endurskoðuð, að notuð yrði í ám þau veiðitæki, sem bezt eiga við með tilliti til nútíðar og framtíðar. Ég vænti, að þessar umr. gefi þann árangur, þótt ekki verði annað, að sú endurskoðun — hvernig sem ráðh. vill haga henni —, sem þessi deild skoraði á hann í fyrra að láta fara fram og hann sýnist ekkert hafa byrjað á, verði búin fyrir næsta þing.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 1. þm. N.-M. virðist ekki hafa tekið eftir því, að ég gaf fullkomna skýringu. Við þál. út af fyrir sig er ekkert að athuga, ef á að leggja í starfið langvarandi vinnu. En það er ekki hægt að búast við árangri nema með miklu starfi, þar sem lögin eru svo vel undirbúin eins og þessi lög eru frá Alþingi. Ég tók það fram, og ég held, að ef hv. þm. hefði heyrt það, þá hefði hann getað sparað sér þessa ræðu, að þeim, sem hefðu ætlað að koma með till. um, að bændur fengju innleystan veiðiréttinn, hefði verið bent á þegar búið var að samþ. till., að hún kæmi alls ekki í bága við það. Og ég sá það ósköp vel, þegar ég greiddi atkv. með henni. En þegar á það var bent síðar, þá kom fleygurinn, sem átti að drepa það, þegar það var orðið séð, að samþykkt till. kom ekkert í bága, þó að þeir, sem báru hana fram, ætluðust til þess. Viðvíkjandi þessum fleyg, sem ég vonaði, að kæmi alls ekki fram, var ég á báðum áttum, hvort gerlegra var að fella fleyginn og þar með væri felldur kauparétturinn til fulls, eða láta hann fara í gegn, og þess vegna greiddi ég ekki atkv. um málið, en sá eftir því á eftir, eins og atkv. féllu. Ef ég hefði fellt fleyginn hér í d., hefði frv. komizt í gegn. Nd. valdi þá leið að samþ. frv. Þeir, sem mestan áhuga höfðu fyrir þessu máli, samþ. fleyginn, en gerðu grein fyrir sínu atkv. og vonuðu, að hann kæmi ekki til framkvæmda. En þeir samþ. þennan óskapnað aðeins til þess, að þeir gætu gengið þannig frá því, að bændur hefðu sinn kauprétt. Það er eðlilegt, að hv. þm. gangi framan að málstaðnum, og séu annaðhvort á móti því, að bændur fái kaupréttinn, eða með því, en séu ekki með fleyga, sem orsakaði þau vinnubrögð á Alþingi í fyrra, sem voru til fullkominnar minnkunar.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en ummæli hv. 1. þm. Reykv. komu mér til að standa upp. Hann var að tala um, að að endurheimta þennan veiðirétt strax stappi jafnvel nærri stjórnarskrárbroti, og mátti skilja það þannig hjá honum, að svo ranglega væri farið með menn, að þeir fengju ekki fullt verð fyrir eign sína, sem þeir afhentu. — Ég verð að segja það, að ef á að skilja ræðu hv. þm. þannig, þá er þetta rangt og óviðeigandi getsakir. Í löggjöfinni er þannig búið um hnútana, að þeir eigendur veiðiréttarins, sem láta hann af hendi, geta fengið fullt verð fyrir hann eins og aðrar eignir, þannig, að það eru dómkvaddir menn, sem meta verðmæti þessara eigna. Og ef annar aðiljinn unir ekki við málið, þá má heimta yfirmat. Og að ætla það, að tveir flokkar hinna helztu manna í héraði meti rangt þessi verðmæti, því verð ég algerlega að mótmæla. En hitt getur verið, að eftir að mat hefir farið fram, komi fyrir atvik, sem hefji upp þessi verðmæti laxveiðiréttarins í ánum; það geti kannske eftir að mat hefir farið fram lækkað eða hækkað að stórum mun. En það er alls ekki þar með sagt, að seljendur hafi ekki fengið fullt verð fyrir á sínum tíma.

Mér fannst hv. þm. N.-M. vera dálítið hróðugur yfir þessari aðstoð, sem hann hefir þarna fengið. En ég segi það, að ég gæti unnt hv. 1. þm. Reykv. annars kostar betri en að vera kapellan hans í sliku máli. En hvað snertir veiðiréttinn

í laxám, þá er því svo farið, að flestar laxárnar renna um þau héruð, sem nú kallast pestarsvæði. Og einmitt það ástand ætti ekki að verða til þess, að þingið færi að kippa að sér höndum, þegar menn nú standa í þeim miklu erfiðleikum og vandræðum, og gera þeim ómögulegt að leysa inn til sín þann rétt, sem þeir virtust hafa siðferðislega kröfu á að fá og fullkomna þörf fyrir. Og ég vænti þess, að það verði ekki litið við þessari till. af hv. d., sem hv. 1. þm. N.-M. kom fram með, því hún nær engri átt, og allra síst á þessum tímum.

***Magnús Jónsson:** Sessunautur minn, hv. 6. landsk., segist vilja unna mér betra hlutskiptis en vera kapellan hjá hv. 1. þm. N.-M. (**ÞÞ:** Ég sagði í slíku máli), og vil ég mjög taka undir það með honum. En þar sem ég fylgi honum nú svo fast, þá sannast þar hið fornkveðna, hvað mikil gleðin er, ef einn syndari bætir ráð sitt. Það er náttúrlega von, að menn undrist yfir því, að ég geti orðið sammála þessum hv. þm., sem yfirleitt er svona með tillögulakari mönnum hér á þingi.

Viðvíkjandi því, sem sessunautur minn sagði, að búið væri fullkomlega um matið, skal ég fara stuttlega út í. Það er tvímælalaust sagt í stjórnarskránni, að þegar eign er tekin í almenningsþágu og þarf að svipta eignarrétti, þá er tveggja skilyrða krafizt. Annað er lagaheimild, og hitt, að fullt verð komi fyrir. Ég álít, að ef eign, sem gefur af sér þúsund kr., er tekin fyrir þrjú þús. kr., þá kemur ekki fullt verð fyrir. Það er sama hvernig það er útbúið. Og þegar um slíkt er að ræða, þar sem hagsmunir heillar sýslu eru á móti einum manni, þá er ekki hægt að búa tryggilega um það með neinum dómstólum með mönnum úr héraði, og hefði átt að vera þannig útbúið, að því sé skotið til yfirmats, sem fram færi annarsstaðar. Og þetta sýnir eitt með öðru, að þótt lögin séu mjög ýtarlega búin til að mörgu leyti, þá er það alls ekki einhlítt, Ég vil benda á stuttlega, að sú breyt., sem gerð var í fyrra, að með brot skyldi farið sem lögreglumál — en lögin ákváðu, að hver einstaklingur yrði að höfða málið sjálfur, — sýnir, að jafnvel þessi vel undirbúna löggjöf getur þó staðið til bóta í einstökum atriðum eins og önnur mannanna verk. Hér hefir verið ágreiningur um það, hvort þyrfti veiðifélög til að geta leyst til sín veiðiréttinn. Því er með einu ákvæði skotið inn í, en ekkert tillit tekið til þess í lögunum að öðru leyti, vegna þess, að upphaflega var ekki ætlazt til annars en samþ. ákveðins fjölda manna, sem að þessu stæðu.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sá á blaði hjá mér, að ég hefi ekki svarað að fullu viðvíkjandi framkvæmd þessarar þáltill. Ég vil a. m. k. áður en hv. 1. þm. Reykv. greiðir atkv. með vantraustinu annað kvöld taka það fram, að ég skrifaði út af þessari till. til veiðimálan., undir eins að loknu þingi, og lagði fyrir hana að endurskoða lögin. Fékk svo bréf um, að það myndi kosta mikið fé að endurskoða löggjöfina og rannsókn á ánum. Ég lét mér það ekki í augum vaxa og skrifaði aftur og sagði, að sjálfsagt væri að standa straum af þeim kostnaði, því að þetta væri samþykkt, sem yrði að framkvæmast. Ég ætlaði að skjóta þessu til hv. þm., áður en hann greiðir atkv. um vantraustið út af þessu. (**MJ:** Vantraustið er ekki út af þessu framkvæmdaleysi, heldur ráðleysinu með svo einfalt mál).

ATKVGR.
Brtt. 168 felld með 9:2 atkv.
1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 197).

---

14. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 31. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (þmfrv., A. 118).

Á 33. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18. shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 174).

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta er svo kunnugt mál, að ég get ekki verið að fjölyrða um það, en fjhn. leggur til óskipt, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 209).

---

15. Útflutningur á kjöti.

Á 33. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (þmfrv., A. 133).

Á 35. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Frv. þetta er flutt að beiðni atvmrh. og er ekki annað en framlenging á gildandi l. L. þessi voru upphaflega sett 1933 og hafa aðeins gilt frá ári til árs, og æfinlega verið framlengd á hverju ári. Með því að enn liggja fyrir þær ástæður, sem fyrir lágu um kjötverzlunina, þegar l. voru sett, sérstaklega að því er snertir útflutninginn til Noregs samkv. norsku samningunum, þá er enn lagt til, að þessi l. skuli framlengd og að þau skuli gilda til 1. júlí 1939.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 189).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): L. þessi, sem hér er farið fram á að framlengja, um útflutning á kjöti til Noregs og Englands, voru fyrst látin gilda til júlímánaðar 1934, en síðan hafa þau árlega verið framlengd, og nú liggur hér fyrir frv. um framlengingu þeirra l., borið fram af hv. landbn. Nd., og var hún sammála um að samþ. frv. Hingað er frv. svo komið frá hv. Nd., og erum við landbnm. allir sammála um, að sjálfsagt sé að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt nú hér á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 237).

---

16. Mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Á 18. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld (þmfrv., A. 69).

Á 21. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Eins og grg. ber með sér, er þetta frv. flutt eftir ósk síldarútvegsnefndar, og hefir n. orðið sammála um að fá frv. samþ. og óskar eftir, að það verði samþ. á þessu þingi.

Í fyrra sumar hafði n. hugsað sér að reyna að fá þessu mati komið á, en vannst ekki tími til þess að koma því fram á því þingi, sem sat í vetur. En svo varð það úr, að síldarútvegsnefnd skipaði þrjá menn ásamt matsstjóra n., Magnúsi Vagnssyni, til þess að undirbúa þetta frv. Af hálfu síldarútvegsmanna voru tilnefndir þeir Steindór Hjaltalín og Jón Kristjánsson, en af hálfu síldarverkenda Gunnlaugur Jónsson. Tveir af þessum mönnum, þeir Steindór Hjaltalín og Gunnl. Jónsson, kváðust ekki geta tekið

þátt í að undirbúa þetta frv.; gerðu ráð fyrir að frjáls útflutningur á síldinni myndi hafa meiri áhrif en þó mati sem þessu væri komið á. Aftur á móti var Jón Kristjánsson ákveðinn í því að undirbúa þetta frv. og sömuleiðis Magnús Vagnsson, og hafa þeir samið till. og skilað til n., sem hefir farið yfir frv. og samið það, ásamt þeirri grg., sem hér fylgir með.

Það, sem aðallega gerir það að verkum, að n. leggur áherzlu á að fá frv. samþ., er það, að þær þjóðir, sem framleiða matjessíld, hafa þegað komið á hjá sér mjög fullkomnu mati á útflutningssíld, og má þar sérstaklega nefna skozka matið. Þeirri aðferð hefir verið komið á hjá okkur síðan síldarútvegsnefnd tók til starfa, að þeir, sem kaupa síldina, koma annaðhvort sjálfir eða senda mann til að skoða síldina, og má því segja, að þetta hafi komizt í betra horf en áður, því að þá var síldin oftast send út í umboðssölu og síðan viðurkennd þar.

Eins og ég sagði, hefir þetta færzt í það betra horf, að kaupendurnir hafa komið hingað upp sjálfir og viðurkenna síldina hér, en vitanlega er það nokkuð komið undir duttlungum þessara manna, sem við síldinni taka, hvernig þeir meta hana.

Þá hefir verið haft það fyrirkomulag, að jafnt hefir verið greitt út á alla síld, sem seld hefir verið, án tillits til þess, hvort um fyrsta flokks eða jafnvel eitthvað af annars flokks vöru hafi verið að ræða. Þeir menn, sem hafa lagt töluvert mikið í sölurnar til þess að fá góða vöru, hafa ekki fengið meira greitt fyrir sína fyrirhöfn en aðrir, sem minna hafa lagt í sölurnar. Það er því nauðsynlegt að fá þetta mat sem fyrst, bæði gagnvart þeim, sem kaupa síldina af okkur, og einnig vegna vöruvöndunnar innanlands.

Það má geta þess í þessu sambandi, að Norðmenn hafa komið upp hjá sér allströngum ákvæðum um útflutningsmat á síld, og mér er kunnugt um, að fyrsta flokks vara þeirra hefir líkað sæmilega.

Hér hjá okkur er það talið sjálfsagt að meta og flokka aðrar útflutningsvörur, og ætti þá ekki síður að vera ástæða til að meta þessa vöru, sem er orðin einn stærsti liðurinn í útflutningsverzlun okkar.

Það hefir verið lagt til, að matið færi fram á síldinni fullverkaðri, en ekki á fersksíld. Þetta er sjálfsagt, því margt getur komið fyrir, sem geri síldina óhæfa, þó að hún hafi verið óskemmd, þegar hún kom að bryggju.

Ég held, að ekki sé ástæða til að fjölyrða frekar um málið, en vildi fara þess á leit, að frv. yrði vísað til hv. sjútvn. að lokinni 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Hér liggur fyrir frv. um mat á síld; á því hefi ég lítið vit og skal því lítið um það tala, en í þessu sambandi vildi ég geta þess, að árlega undanfarin ár hafa komið til mín ákaflega miklar kvartanir yfir því, að síldarmjölið, sem búið er til úr síldinni, væri ekki merkt og ákaflega misjafnt að gæðum. — Ég hefði því viljað óska þess, að hv. sjútvn. athugaði þetta um leið og hún tekur til meðferðar mat á síld. Ég skal láta henni í té massa af þessum kærum. Ég veit, að þessar kærur hafa stundum komizt alla leið til ríkisverksmiðjanna, og ríkisverksmiðjurnar hafa a. m. k. í einu tilfelli gengið inn á að greiða bætur fyrir síldarmjölið, af því að það var ekki eins gott og það átti að vera. — Það er ákaflega mikil þörf á því að gefa mönnum meira öryggi í þessum efnum en verið hefir.

Ég býst við því, að þetta sé gert að einhverju leyti þegar síldarmjölið er flutt út, og það er engin ástæða til að láta hina innlendu kaupendur sitja við verra borð en hina erlendu.

Þetta vildi ég biðja hv. sjútvn. að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 149).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er flutt að tilhlutun síldarútvegsnefndar, eins og getið er um í grg. þess. Það fer fram á, að lögfest verði mat á matjessíld og skozkverkaðri síld. Sjútvn. hefir athugað þetta frv., og er hún sammála um, að nauðsyn beri til að lögfesta mat á þessum tegundum saltsíldar. Ég vil geta þess, að ég lít þannig á, að það sé mjög til athugunar, hvort ekki ætti að lögbjóða mat á allri útflutningssíld. Hinsvegar hefi ég ekki ástæðu til að bera fram brtt. við þetta frv. um það efni, vegna þess, að það gæti tafið fyrir því, að þetta frv. næði fram að ganga, en ég vil ekki vera valdur að því. Ég hefi því afráðið að gera enga brtt. við frv.

Hvað einstakar gr. frv. snertir, þá er n. sammála um að gera engar brtt. við þær nema 3. gr. Það er tilætlunin með þessari löggjöf, að síldareigendur greiði kostnaðinn við matið. Meiri hl. n. lítur þannig á, að það beri að tryggja það í upphafi, að svo verði að fullu. Meiri hl. n. álítur, að 20 aurar af hverri útfluttri tunnu sé tæplega nóg, og því flytur n. brtt., þar sem lagt er til, að þetta hækki upp í 25 aura á tunnu.

Sumir menn líta kannske þannig á, að ekki sé ástæða til að íþyngja síldarútveginum með gjöldum. En ég hefi þá trú á matinu, að það verði síldareigendum og síldarútflytjendum að svo miklum notum, að það gefi þeim miklu meiri tekjur af framleiðslunni. Þess vegna tel ég það sanngjarnt, að þeir kosti það. Ég verð að segja, að þeir menn hafa ekki mikla trú á matinu, sem halda, að það verði þeim ekki meira virði en 25 aurar á hverri tunnu. Ég þykist líka sannfærður um, að verðhækkunin á þessari vöru verður meiri heldur en sem því svarar, ef þetta frv. verður að l.

Ég skal geta þess, að til tals kom í n. að breyta 3. gr. frv. meira heldur en meiri hl. n. fer fram á. Það kom til tals að setja inn í 3. gr. föst laun matsstjóra. Um þetta varð þó ekki nein föst niðurstaða, en það er vel hugsanlegt, að það komi frá einstökum nm. eða n. í heild till. þess efnis. Þó þetta sé ekki stórt atriði, þá má vel svo fara, að n. þyki rétt að gera þessa breyt.

Að öðru leyti hefi ég ekki fyrir n. hönd neitt frekar um þetta frv. að segja. Ég vænti þess, að hv. d. líti á þetta mál eins og sjútvn. gerir óskipt, að það beri nauðsyn til að lögfesta mat á þessum tegundum saltsíldar. Ég geri líka ráð fyrir, að um þá litlu brtt., sem meiri hl. n. flytur, geti ekki heldur orðið sá ágreiningur, að hún þurfi að tefja framgang þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 149 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 160).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 160. 206).

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Þetta frv. er komið frá Ed. og var borið þar fram af mönnum úr Alþfl. og Sjálfstfl., eftir beiðni síldarútflutningsn. Hv. sjútvn. hefir haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. N. vill lögbjóða mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, svo að við getum haldið mörkuðum okkar í samkeppni við aðrar þjóðir. Hinsvegar áskilja einstakir menn sér rétt til að koma fram með brtt.

Ég tel málið mikið nauðsynjamál og óska, að því verði vísað áfram til 3. umr.

***Ísleifur Högnason:** Ég vildi mega beina fyrirspurn til hv. form. sjútvn. viðvíkjandi 4. gr. frv., um það, hvaða nauðsyn beri til, að þessir matsmenn og matsstjórar séu háðir algerðri þagnarskyldu. Ég get hugsað mér, að nauðsynlegt geti verið að lögbjóða þagnarskyldu að því er snertir sérstakar verkunaraðferðir, sem halda verði leyndum. En þá vildi ég spyrja hv. n., hvort hún teldi ekki réttara að takmarka þagnarskylduna við þetta.

Þá er 6. gr., þar sem rætt er um sektarákvæði. Ég vil í sambandi við hana geta þess, að mér er kunnugt um, að fyrir nokkrum árum fluttu nokkrir útflytjendur hér við Faxaflóa út 2000—4000 tunnur af útvatnaðri saltsíld til Danmerkur, og var hún seld þaðan til Þýzkalands sem matjessíld. En verðmunur á saltsíld og matjessíld getur verið 10—12 kr. Þessir braskarar munu að líkindum hafa hagnazt á þessari sölu um 40 þús. kr. En fyrir svona brask gerir frv. ekki ráð fyrir hærri sektum en 2000 kr. Dæmi það, sem ég nefndi, sýnir, að með svona lágu sektarákvæði getur það beinlínis verið álitlegur gróðavegur að brjóta l. og greiða sektina. Ég tel því þetta sektarákvæði allt of lágt og vildi óska þess, að hv. n. gerði á þessu viðeigandi breytingu.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi áskilið mér rétt til að koma fram með brtt. við frv. Ég geri ráð fyrir, að við það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir, myndi hlaðast allmikill kostnaður á síldina, en í slíkt verður að fara gætilega, vegna þess að þessi vara okkar er mjög takmörkuð, og má því búast við, að þessi kostnaður komi niður á fremur litlu útflutningsmagni.

Í 3. gr. er sagt, að ráðh. skuli ákveða laun matsstjóra og matsmanna. Þetta tel ég ógætilegt, og mun ég því bera fram brtt. við 3. umr. Allir hv. þm. vita, að hér á landi starfa margir matsmenn í ýmsum greinum, og eru laun þeirra yfirleitt heldur léleg. Nú er það kunnugt, að yfirmatsmenn á fiski hafa mikið starf með höndum, en eru þó illa launaðir. Gætu af því hlotizt vandræði, ef matsstjórum og matsmönnum síldar væri ákveðin hærri laun en fiskimatsmönnum, sérstaklega yfirmatsmönnum, fyrir minna verk. Myndi það eflaust leiða af sér kröfur um launahækkun af þeirra hálfu. Tel ég því nauðsynlegt að ákveða þegar í þessum l. launakjör síldarmatsmanna, a. m. k. matsstjórans.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Út af aths. hv. 5. landsk. við 4. gr. get ég upplýst, að þessu með þagnarskylduna víkur þannig við, að matsmenn eiga ekki að gefa keppinautum eða öðrum saltendum upplýsingar um atriði, sem þeir hafa orðið áskynja að því er snertir ástand vöru, er þeir hafa metið. Það er ekki til þess ætlazt, þó að ákveðið sé mat á þessari vöru, að þar með sé opnuð leið til opinberrar gagnrýni á viðkomandi framleiðanda.

Að því er sektarákvæðin snertir, tel ég koma fram óþarfa hræðslu hjá hv. 5. landsk. Þessi upphæð er algeng sem sektarákvæði, og hærri sektarákvæðum er sjaldan beitt. Ég geri þetta atriði þó ekki að neinu kappsmáli.

Viðvíkjandi aths. hv. 6. þm. Reykv. vil ég upplýsa, að sjútvn. ætlast til, að skipaður verði einn matsstjóri með sæmilegum launum, og hefir hann áreiðanlega meira en nóg að starfa allt árið. Auk þess ætlast n. til, að ráðnir verði 3 undirmatsmenn, sem ekki er gert ráð fyrir, að starfi nema yfir síldartímann. Ég held, að nærri láti, að sú álagning á síldina, sem gert er ráð fyrir, hrökkvi fyrir þeim kostnaði, sem ríkissjóður myndi hafa af þessu.

***Ísleifur Högnason:** Ég þykist vita, að þeim hv. þm., sem síðast talaði, muni vera kunnugt

um dæmi það, er ég nefndi áðan, að íslenzkir síldarbraskarar seldu til Danmerkur birgðir af útvatnaðri saltsíld, sem síðan var seld sem matjessíld á þýzkum markaði. Hafi gróðinn numið 40 þús. kr., sem mun láta nærri, þá hefðu þeir haft efir 38 þús. kr. í hreinan ágóða, enda þótt þeir hefðu greitt þessar 2000 kr. í sekt, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel þetta því ekkert hégómamál, eins og hv. þm. Ísaf. virðist gera. Mun ég því bera fram brtt. um að hafa þetta sektarákvæði hærra.

*Frsm. (Finnur Jónsson): Ég vil benda hv. 5. landsk. á, að rök þau, sem hann færir fyrir því, að sektarákvæðið sé of lágt, munu vera á misskilningi byggð. Hann segir, að braskarar hér við Faxaflóa hafi selt um 4000 tunnur af saltsíld til Danmerkur, sem hafi verið útvötnuð þar, en síðan seld til Þýzkalands sem matjessíld. Þessi l. geta ekki útilokað slíkt, því að þau ná ekki yfir saltsíld, heldur aðeins matjessíld. Auk þess geta þau ekki náð yfir það, að menn breyti í Danmörku saltsíld í matjessíld á þennan hátt og selji síðan til annara landa. Annars held ég, að upplýsingar hv. þm. muni vera á misskilningi byggðar. Ég hefi aldrei heyrt um þennan útflutning og held, að hann hafi aldrei átt sér stað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 160, 246, 258).

*Sigurður Kristjánsson: Ég bjóst við, að frsm. þessa máls myndi kveðja sér hljóðs, en hann mun vera veikur, svo eftir honum þarf ekki að bíða á þessum fundi. — Þetta mun vera síðasti áfangi frv. þessa, svo fremi sem það verður samþ. óbreytt, en ég hefi, eins og hv. dm. er kunnugt, leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við það.

Eins og menn vita, þá hefir ekkert mat verið á síld hér undanfarin ár, en það stafaði af því, að kaupendur síldarinnar tóku lítið eða ekkert tillit til þess, og því þótti ekki svara kostnaði að halda því uppi. En þó að svona hafi verið, þá er það eigi að síður mikið atriði fyrir okkur, að það liggi jafnan fyrir, hvernig varan er, en það verður ekki gert nema með því, að hún sé metin. Þess vegna verður því ekki í móti mælt, að þörf sé á, að útflutningsvara þessi sé metin, en hinsvegar er ekki hægt að neita því, að það er ekki skemmtilegt að auka kostnaðinn við framleiðsluna frá því, sem nú er. Hér verður því að fara varlega, hlaða ekki á framleiðslu þessa umfram það, sem brýnasta nauðsyn krefur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. ákveði laun matsstjóra og matsmanna, og til þess að standast þennan kostnað er ákveðið að leggja 25 aura gjald á hverja tunnu af matsskyldri síld. Það mun ætlazt til þess, að þessir menn, matsstjóri og matsmenn, komist á föst laun, en hinsvegar er það alls ekki á valdi þeirra, sem framleiða hina gjaldskyldu vöru og eiga því að standa undir kostnaðinum, hversu menn þessir eigi að vera margir eða hver laun þeirra skuli vera. En mér finnst ekki forsvaranlegt, að þingið gangi þannig frá þessu, og því hefi ég flutt brtt. á þskj. 258, þar sem ég legg til, að kaup matsstjóra verði fastákveðið 4200 kr., en að matsmenn skuli aðeins hafa tímakaup. Ég hefi sniðið þessar till. mínar eftir þeim reglum, sem fylgt er um fiskimat, því að ég tel, að hér sé um mjög hliðstætt mál að ræða. Það, sem ég fer því fram á, er það, að ríkissjóður greiði kaup síldarmatsstjóra, en að matsmenn fái laun sín frá síldarframleiðendum.

Ég heyri sagt, að það eigi ekki að ljúka þessari umr. nú, og skal ég því ekki fara öllu fleiri orðum um brtt., en vænti þess, að hv. þdm. taki vel til athugunar og yfirvegunar, hvort ekki sé rétt að fara þessa leið, sem hér er bent á, og létta þar með þessu 25 aura gjaldi af matjessíldarframleiðslunni. Hitt getur að sjálfsögðu verið álitamál, hvort laun matsstjóra séu rétt ákveðin 4200 kr., en ég tel það þó vera í samræmi við laun fiskimatsmanna. Einnig má um það deila, hvort ekki eigi að ákveða undirmatsmönnum föst laun. Ég fyrir mitt leyti tel það ekki rétt, því að mér finnst varhugavert að binda þessa framleiðslu mjög með fastlaunuðum mönnum, framleiðslu, sem ekki nemur yfir 60—70 þús. kr. árlega.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

*Ísleifur Högnason: Ég á eina brtt. við þetta frv. viðvíkjandi sektarákvæðinu. Samkv. frv. var ákveðin 500 kr. sekt og mest 2000 kr., en brtt. mín fer fram á, að þetta verði hækkað upp í 20000 kr.

Það gefur að skilja, að þar sem um svo stóra útflutningsvöru er að ræða eins og síldina, þá getur það beinlínis verið gróðafyrirtæki fyrir menn að senda út síld undir röngu mati. Þess vegna álít ég þetta 2000 kr. sektarákvæði hlægilega lágt og einskis nýtt. Ég talaði um þetta við 2. umr. og þarf þess vegna ekki að fjölyrða um það nú, en ég vona, að hv. þdm. sjái, að 2000 kr. sektarákvæði við brot á l. er sama og einskis virði.

*Frsm. (Finnur Jónsson): Þessi brtt. hv. 5. landsk. um sektarákvæðið í þessu frv. er ef til vill ekki sérlega þýðingarmikil, af því að lágmarksákvæði sektarinnar er ekki hærra en það er. Ég fyrir mitt leyti geri ekki að kappsmáli, hvort brtt. verður samþ. eða ekki.

Aftur á móti er öðru máli að gegna um brtt. frá hv. 6. þm. Reykv., um það, að ákveða laun matsstjóra, en að matsmönnum sé ákveðið tímakaup og fellt sé niður það gjald, sem frv. gerir ráð fyrir, að lagt sé á útflutta síld fyrir matið.

Ég get ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ., og tel, að hún mundi spilla l. talsvert mikið, vegna þess sérstaklega, að það er alls ekki víst, að hægt sé að fá hæfa matsmenn, ef ekki er hægt að tryggja þeim visst gjald fyrir starfsemi þeirra. Allflestir verulega hæfir síldarmatsmenn hafa það trygga atvinnu, að þeir mundu ekki gefa kost á sér til matsstarfsins, ef þessi brtt. yrði samþ.

Ég get ekki heldur, eins og sakir standa, mælt með því, að það gjald, sem frv. ætlast til, að tekið verði af hverri útflutningsmetinni tunnu, verði fellt niður, þó að það sé óneitanlega gott fyrir síldarútflytjendur, ef ríkissjóður vildi taka á sig kostnaðinn við starfsemi matsstjórans að öllu leyti. Ég skal geta þess, að eins og frv. liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að gjaldið, sem tekið yrði af útfluttri síld, hrökkvi til fyrir launum bæði matsstjóra og undirmatsmanna, þannig að ríkissjóður þyrfti engan kostnað að bera af frv. eins og það er, en ef till. hv. 6. þm. Reykv. væri samþ., mundi leiða af því nokkurn kostnað, sem sé laun matsstjóra. Ég álít, að síldarútflytjendur eigi að hafa það mikinn hag af því, að þetta mat verði lögmætt, að það borgi sig fyrir þá, þó að þeir þurfi að greiða þetta litla gjald. Hinsvegar tel ég, að matið muni betur borga sig með því að ráðh. hafi leyfi til þess að ráða menn til starfsins, sem hann álítur færa til þess, og tryggja þeim þau laun, að þeir geti gefið sig við starfinu.

Af þessum ástæðum vil ég mæla gegn þessari till. hv. 6. þm. Reykv. og óska eftir, að hún verði felld, og helzt að frv. verði samþ. óbreytt, því að annars þyrfti að gefa út reglugerð og gera annað þess háttar til þess að þetta yrði tilbúið nægilega snemma, áður en næsta síldarvertíð byrjar, en ef farið yrði að þvæla frv. milli deilda, þá gæti það orðið til þess að tefja fyrir því, að sá árangur næðist í þessu efni, sem síldarútvegsnefnd hefir óskað eftir.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég gerði grein fyrir þessari brtt. í gær, og þó að frsm. væri þá ekki við, sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það. Hans ræða gaf ekki tilefni til þess, og mín ræða í gær gekk eingöngu út á að gera grein fyrir, hvers vegna ég teldi heppilegra að ákveða laun matsstjóra og undirmatsmanna í lögum. Þessi atvinnurekstur er, eins og menn vita, mjög stór, og af þeirri ástæðu er rétt að gæta alls hófs um þann kostnað, sem á þetta leggst, og þó að þetta sé ekki nema 25 aura gjald á tunnu, þá er það 1%, sem bætist við útflutningsgjaldið.

Um öryggi matsins skal ég segja það aðeins, og held ég, að ég hafi komið að því í gær, að ég vil með engu móti rýra það; ef það fyrirkomulag, sem ég sting upp á, mundi gera slíkt, þá hefði ég alls ekki komið með þessa till., en ég er sannfærður um, að með þessu fyrirkomulagi er hægt að hafa matið alveg öruggt.

Í sambandi við það, sem hv. frsm. sagði, að samkv. frv. þyrfti ríkissjóður ekki að greiða matið, vil ég taka það fram, að það er ekki heldur ætlazt til þess í minni brtt., því að ég ætlast aðeins til þess, að matsstjóranum sé greitt, og það er í samræmi við fyrirkomulagið á matinu á öðrum útfluttum vörum frá landinu. Það er ríkissjóður, sem greiðir yfirfiskimatsmanni og matsstjóra síðan hann kom, ullarmatsmönnum, og ég held lýsismatsmönnum líka, svo að þetta er í samræmi við það. En hinsvegar er ætlazt til þess eftir minni brtt., að síldareigendur greiði matið að öðru leyti, hver af þeirri síld, sem hann flytur út, og þá þarf ekkert gjald að leggja á. Það leiðir af sjálfu sér.

Ég get látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði um þetta mál í gær, og auðvitað hafa hv. þdm. átt þess kost að átta sig á málinu og greiða að sjálfsögðu atkv. um það eftir ákveðinni skoðun. Annars sýnist mér heldur dauft útlit með það, að nokkur þátttaka verði í atkvgr., vegna þess hvað lítið er af þm. í d.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég ætla ekki að deila um þetta sérstaklega við hv. 6. þm. Reykv., en ég legg allmikla áherzlu á, að heimildin, sem er í frv. um það, að ráðh. geti ákveðið laun matsmanna, haldist, því að eftir þeirri reynslu, sem ég hefi haft af þessum málum, tel ég í raun og veru útilokað, að árangur af matinu mundi nást með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í till. hv. 6. þm. Reykv. Ég vil því leggja til, að þessi till. verði felld, sérstaklega af þeirri ástæðu, sem ég hefi tilgreint, að ég tel þörf á að hraða málinu, vegna nauðsynlegs undirbúnings, sem stendur í sambandi við framkvæmd matsins.

ATKVGR.
Brtt. 258 felld með 13:11 atkv.
— 246 felld með 15:2 atkv.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 282).

17. Þingsköp Alþingis.

Á 10. fundi í Sþ., 26. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115. 19. nóv. 1936 (þmfrv., A. 143).

Á 36. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Thor Thors):** Það er kunnugt, að í Sþ. eru að jafnaði aðeins tvær n. starfandi: fjvn. og utanríkismálan. Til þeirrar fyrrnefndu er vísað fjárl., fjáraukal. og till. um önnur útgjöld úr ríkissjóði, og er henni ekki ætlað að fjalla um önnur mál. Til utanríkismálan. er vísað utanríkismálum, og fjallar hún ekki um önnur mál en þau. En nú fjölgar stöðugt málum, sem fram eru borin í Sþ., einkum í formi þál. Eru mörg þeirra þess eðlis, að nauðsynlegt er að vísa þeim til n. Ég tel því fulla þörf á því, að til sé sérstök allsherjarn., er fjalli jafnan

um önnur mál en fjármál og utanríkismál, sem fram er borið í Sþ. Þess vegna er þetta frv. fram borið. Geri ég það að till. minni, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 171).

***Frsm. (Thor Thors)**: Þetta frv. felur í sér þá brtt. á þingsköpum, að kosin verði allshn. í sameinuðu þingi, sem taki til meðferðar almenn mál, sem þar eru fram borin. Allshn. þessarar hv. d. er sammála um að leggja til, að frv. verið samþ., þar sem hún telur nauðsyn á, að slík n. starfi einnig í sameinuðu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Bernharð Stefánsson: Það er mjög farið að tíðkast á seinni þingum að bera fram ýms mál í Sþ. í þál.formi, og það hefir vitanlega verið bagi að því, að ekki er hægt að vísa þessum málum til annara n. en fjvn. Þessi mál snerta oft önnur efni heldur en fjármál. Þess vegna er þetta frv. fram komið um að setja 3. n. í Sþ., allshn., sem tæki við öllum slíkum málum. Nú er það að athuga, að þessi mál, sem borin eru fram í Sþ., eru oft og tíðum um ýmiskonar efni. Það er þáltill., sem snertir landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál, iðnaðarmál o. s. frv. Þess vegna þykir mér rétt að skjóta því til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að athuga, hvort ekki mundi vera rétt að stíga skrefið lengra í þessu efni heldur en gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst, að það væri hægt á mjög einfaldan hátt. Mér finnst í fljótu bragði, að það mundi vera hægt með því að setja ákvæði í þingsköp um það, að í Sþ. mætti vísa málum til sameinaðra n. í d. Þegar um landbúnaðarmál væri að ræða í Sþ., þá væri því vísað til landbn. beggja d. o. s. frv., og þær afgreiddu svo málið í sameiningu. Einhverjar reglur þyrfti svo um vinnubrögð þessara sameinuðu n.

Mér þykir ástæða að hreyfa þessu nú við 1. umr., ef n. sú, sem væntanlega fær málið til athugunar, vildi sýna mér þann velvilja að taka þetta til athugunar, því ég get búizt við því, að það sé hentugra að athuga þetta atriði í n. heldur en að einstakur þm. tæki sig til og flytti um það brtt. við 2. umr. En það mundi ég annars hafa gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 233).

***Frsm. (Magnús Jónsson)**: Mál þetta var borið fram í Nd. og var afgr. þaðan án þess að nokkrar breyt. kæmu fram við það, svo að sú d. virðist hafa verið alveg sammála um að afgr. málið í því formi, sem það hafði, er það var borið fram.

Tilgangur þessa frv. er sá, að bæta úr þeim ágalla, sem er á störfum Sþ., að ekki er hægt að vísa till., sem þar koma fram, til neinnar n. nema fjvn., sem hefir sérstakt starf með höndum og er því ekki heppilega valin til að hafa ýmiskonar till. til meðferðar, enda hefir hún svo mikið starf, að ekki er unnt fyrir hana að taka ýmiskonar till. til meðferðar, nema hún tefjist þá um leið frá sínum aðalstörfum.

Það eitt, sem gæti komið til greina, er því það, hvort önnur skipun á þessu væri heppilegri. Því var hreyft hér við 1. umr. af hv. 1. þm. Eyf., að heppilegra mundi vera, að tilsvarandi n. í d. gengju saman í samvinnu og til þeirra n. væri svo vísað till. úr Sþ.

Þetta virðist einnig aðgengileg leið, enda tók n. þetta til rækilegrar athugunar, en komst að þeirri niðurstöðu, að sú leið, sem stungið er upp á í frv., væri heppilegri, sem sé að kjósa sérstaka n. Aðalástæðan fyrir því er sú, að það yrði miklu þyngra í vöfum að hafa þá aðferð, sem hv. 1. þm. Eyf. stakk upp á. Það er þegar fengin nokkur reynsla af samvn. hér í þinginu, og það hefir sýnt sig, að það er þunglamalegt fyrirkomulag. N. eru fjölmennar og erfitt að ná þeim saman. Ef margar þáltill. kæmu fram, sem öllum ætti að vísa til slíkra n., þá yrði kannske að mynda samvn. í svo að segja öllum n. þingsins og kalla þær saman til þess að afgr. smávægilega hluti. Þetta mundi því verða mjög stirð og þunglamaleg aðferð. Þess vegna er það enginn vafi, að það er miklu léttara fyrirkomulag að kjósa eina n. í Sþ., sem tæki öll þessi mál til meðferðar.

Aðalkostur þeirrar aðferðar, sem hv. 1. þm. Eyf. hefir stungið upp á, er sá, að þá mundu till. koma til n., sem sérstaklega væru valdar til að fást við samskonar mál, en ein n. mundi ekki hafa til að bera þá alvizku, sem hún þyrfti til að geta tekið til meðferðar þær ýmiskonar till., sem fram kæmu í Sþ. Ég held, að ekki megi mikið gera of mikið úr þessu. Eins og kunnugt er, veljast menn oft í n. eftir því, hvaða sérþekkingu þeir hafa á þeim málum, sem sú n. á að hafa til meðferðar, sem viðkomandi er kosinn í, en þó er það engan veginn föst regla. Menn eru oft í n., þó að þeir hafi enga sérþekkingu á þeim málum, sem fyrir koma, og verða því að afla sér ýmissa gagna. Svo yrði

einnig um þessa n. Hún yrði að leita til þeirra manna, sem fróðir eru og gætu gefið upplýsingar um málin, og það er engin frágangssök.

Í Sþ. geta, eins og kunnugt er, ekki komið nein mál til afgreiðslu nema fjárlög og fjáraukalög, sem fjvn. hefir til meðferðar, og svo ályktanir, sem vitanlega hafa sjaldnast jafnmikla þýðingu og lagafyrirmæli, og það ætti því að vera fullkomlega á valdi einnar n., sem skipuð væri þar og væri þar að auki nokkuð fjölmenn, að rannsaka þau mál og gefa þeim þá afgreiðslu, sem þau þurfa. Að vísu yrði þessi n. kosin hlutfallskosningu, en ef nokkurt samkomulag væri á milli þingflokkanna, væri hægt að fá samkomulag um, að einn flokkurinn skipaði t. d. landbúnaðarfróðan mann og annar sjávarútvegsfróðan mann og þar fram eftir götunum. Þetta mundi verða miklu léttara en að kalla alltaf saman samvn. til að fjalla um hverja einustu till., sem Sþ. vísaði til n.

Allshn. hefir því að vel athuguðu máli og eftir að hafa tekið fullt tillit til till. þeirrar, sem hv. 1. þm. Eyf. kom fram með við 1. umr., lagt til, að frv verði samþ. óbreytt, enda er engin brtt. komin ennþá um annað fyrirkomulag.

Bernharð Stefánsson: Ég þakka allshn. fyrir, að hún hefir tekið til athugunar þær bendingar, sem ég gaf hér við 1. umr. málsins. Aftur á móti þarf ég ekki að þakka niðurstöðuna, því að hún er sú, að vilja ekki fallast á það fyrirkomulag, sem ég stakk upp á. Ræða hv. frsm. hefir þó ekki sannfært mig um, að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv., sé heppilegra en það, sem ég benti á.

Það, sem hv. frsm. færði aðallega fram skoðun n. til stuðnings, var, að það væri svo þungt í vöfum að láta samvn. d. taka við hinum ýmsu málum, sem fram kæmu í Sþ. Ég get fallizt á, að þetta mundi kannske verða þungt í vöfum, ef engar frekari ráðstafanir væru gerðar og þingsköpum ekki breytt frekar en aðeins að ákveða, að samvn. skyldi taka við þessum málum. Ég álít, að það mætti koma þessu þannig fyrir, að það yrði alls ekki þunglamalegt. Ég held, að það mætti með þeim einfalda hætti að sameina n. í hverjum málaflokki og þær hefðu hver sinn ákveðna formann og þeim væri ætlaður ákveðinn fundartími, sem þyrfti ekki að vera mjög oft. Ef þetta fyrirkomulag væri haft, held ég, að ekki kæmi til árekstra.

Hv. frsm. gerði ekki mikið úr því, að óheppilegt væri að hafa eina allshn. til þess að taka við öllum þessum málum í Sþ., út af því, að það mundi ekki vera svo fjölbreytt þekking í einni n. í ýmsum málum, sem til hennar yrði vísað. Ég játa, að ég geri ekki mikið úr því, að svo mikil fagþekking sé fyrir hendi í n. í d., en þó er það svo, að í fastanefndum hafa menn þá skyldu, að setja sig sérstaklega vel inn í ákveðna málaflokka. Oft er það svo, að þáttill. í Sþ. eru um undirbúning á ýmiskonar löggjöf, oft áskorun til stj. að láta slíkan undirbúning fara fram, og þá finnst mér miklu heppilegra að láta þær n., sem síðar koma til með að fá lagafrv. til meðferðar, athuga till. um undirbúning löggjafarinnar. En ég býst við, að þar sem ekki kom annað fram en að n. væri sammála um þetta, að það tjái ekki að deila við dómarann, og þó að ég gæti komið fram með brtt. til 3. umr., þá geri ég ekki ráð fyrir, að það þýði neitt. Það er vant að vera svo, að ef n. er sammála, þá þýði ekki að koma með till., sem hún mælir á móti, og þess vegna getur verið, að ég láti þetta mál niður falla. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að skýra frá því hér, að ég get ekki tekið rök hv. frsm. algerlega gild eða játað, að það fyrirkomulag, sem ég stakk upp á, sé ekki að öllu leyti heppilegra en hitt. Hitt skal ég aftur játa, að þó að frv. verði samþ. óbreytt, þá býst ég við, að nokkur umbót fáist frá því, sem verið hefir, því að það er óeðlilegt að vísa öllum málum, sem fyrir Sþ. koma, til fjvn., eins og gert hefir verið undanfarið.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Það er í raun og veru engin ástæða til að ræða meira um þetta, þar sem engin brtt. liggur fyrir.

Það er ágætt, þegar verið er að ræða breyt. á l. eins og þingsköpum, að menn skýri frá sínum skoðunum. *Þetta er í raun og veru fyrirkomulagsatriði*, en fjarri því, að um það sé neinn grundvallarskoðanamunur. Í frv. er stungið upp á aðferð, sem er viðurkennd og alkunn á Alþingi, að vísa málum til n., sem svo aflar sér upplýsinga um þau mál, sem fyrir hana koma, og afgr. málin eftir að hafa fengið þær. Hitt er aftur á móti óvanalegt, en hefir þó átt sér stað á þingi, að n. beggja d. gangi í samvn., *og það er alltaf þunglamalegt fyrirkomulag*, og þó að ráðgert væri, að samvn. hefðu fundi á ákveðnum tíma, þá mundi það aldrei verða, og þýðir ekki að ræða um slíkt. Það yrði að kalla n. saman til þess að ræða málin, og það yrði þungt í vöfum.

Ef við lítum á störf allshn. yfirleitt, þá sjáum við, að það eru ólík mál, sem þar koma fyrir, svo að það yrði ekkert erfiðara að úrskurða *um sjávarútvegsmál eða landbúnaðarmál* eða menntamál heldur en mörg önnur þau mál, er þar koma fyrir, en það yrði allt of mikið verk, og þá verður að hafa verkaskiptingu, sem er þá eftir málaflokkum. En í Sþ. verður þetta verk áreiðanlega fremur lítið og engin ástæða til að skipta málunum milli margra n.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira, vegna þess að menn virðast vera *nokkurn veginn* sammála um afgr. þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 300).

---

18. Rannsókn banameina.

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði (þmfrv., A. 172).

Á 40. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Með l. þeim, sem hér er farið fram á að breyta lítillega, er heimilað að gera ráðstafanir til þess, að rannsóknir á banameinum sjúklinga fari fram með krufningu, en slíkar rannsóknir eru gerðar til þess að fá úr því skorið áreiðanlega, hvert banameinið er. Það er nauðsynlegt, að dánarvottorð séu nákvæm og áreiðanleg, til þess að hægt sé að komast að sönnum fróðleik um sjúkdóma í landinu og gang þeirra.

Í gildandi l. eru slíkar ráðstafanir sem hér um ræðir aðeins heimilaðar á sjúkrahúsum, er ríkið rekur. En þar sem ýms sjúkrahús önnur eru í landinu, sem tök hafa á að koma við þessum rannsóknum, og nauðsyn ber til að gera sem mest að því að rannsaka sem ýtarlegast banamein sem allra flestra sjúklinga, miðar frv. það, sem hér liggur fyrir, að því, að einnig skuli leyft að gera ráðstafanir til slíkra rannsókna á öðrum sjúkrahúsum en þeim, sem rekin eru af ríkinu. Annað fer þetta frv. ekki fram á. Allshn. stendur einhuga að frv., og vænti ég þá, að enginn ágreiningur verði um það í hv. d. og að því verði nú þegar vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 245).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. er komið frá Nd. og hefir legið fyrir allshn. þessarar d.

Efni þessa frv. er í aðalatriðunum það, að opna fyrir, að líkskurður geti farið fram á öllum sjúkrahúsum, þó að ríkið reki þau ekki. N. hefir aflað sér upplýsinga hjá ýmsum læknum um þetta atriði, og þær upplýsingar hnigu í þá átt, að sjálfsagt væri að gera þetta, því eins og allir vita, eru ýmis sjúkrahús rekin af öðrum en ríkinu, en nauðsynlegt er, að líkskurður geti farið fram víðar en á ríkisspítölunum.

N. er öll sammála um að mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

19. Hrafntinna.

Á 28. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (þmfrv., A. 104).

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Þetta frv. er svo að segja shlj. frv. því, sem flutt var hér á Alþ. 1935, en það komst þá ekki alla leið gegnum þingið. Það frv. var um sérleyfi til handa öðrum af sérleyfisbeiðendum þessa frv. Og ástæðan til þess, að það frv. komst ekki gegnum þingið, var, að ég hygg, að skorta þótti upplýsingar um, hvort nægilega mikið magn af þessari bergtegund, sem hér um ræðir, væri fyrir hendi í landinu, til þess að skynsamlegt mætti teljast að hefja á henni útflutning. Ég held, að það sé nú alveg nægilega upplýst, að hér á landi muni vera geysimikið til af hrafntinnu. Það eru á nokkrum stöðum á landinu til heil hraun af þessari bergtegund. Menn gizka að vísu á misjafnlega mikið magn, en svo mikið er víst að það er geysimikið. Ég held, að allar þjóðir telji sjálfsagt að vinna þær námur, sem í löndunum finnast, og þykir því betra sem eitthvað er hægt að vinna úr þeim til útflutnings.

Iðnn. hefir þess vegna ekki séð neina ástæðu til þess að standa á móti því, að þetta sérleyfi væri veitt, þar sem það er aðeins til 5 ára. Mun sá tími tæplega geta verið skemmri, til þess að sérleyfishafar geti auglýst vöruna erlendis og unnið henni markað.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en vænti þess, að hv. þd. láti málið ganga sem tafarminnst áfram. Til n. er ekki ástæða til að vísa því, þar sem það er flutt af n.

***Pálmi Hannesson:** Herra forseti! Mér þykir rétt að geta þess þegar við þessa umr., að til eru í landinu fleiri afbrigði af hrafntinnu, misjafnlega falleg, og sum meira að segja svo hrein, að gert hefir verið nokkuð að því að slípa þau í skartgripi. En langmestur hluti þeirrar hrafntinnu, sem hér er til, er ekki nærri því svo hrein, heldur blönduð öðrum efnum, sem eru eins og dálítil korn og lýta bergtegundina mjög mikið.

Vegna þess, hve lítið er til af gallalausri hrafntinnu, að því er vitað er, þá mun hafa verið horfið frá því ráði að veita þessa heimild, sem hér er um að ræða, þegar fram á það var farið fyrir nokkrum árum við hv. Alþ. En nú tel ég hinsvegar, að þessi annars flokks hrafntinna hljóti að vera nógu góð til þess að nota hana til húðunar á hús, vegna þess að til hennar er ekki notuð samfelld bergtegundin, heldur mulin og blönduð öðrum efnum, ljósum að lit, svo að mér þykir líklegt, að til þessa mætti nota dílótta hrafntinnu, sem mjög mikið er til af.

En til þess að fyrirbyggja, að flutt yrðu út gallalaus afbrigði af hrafntinnu, þau afbrigði, sem síðar mætti væntanlega hafa gagn af við listiðnað, þá hefir nefndin sett heimild handa atvmrh. í 5. gr. frv., til þess að undanskilja frá útflutningi slíka bergtegund.

Mér þótti rétt að geta þessa, vegna þess að eins og frv. liggur fyrir nú, brýtur það ekki í bága við fyrri ákvarðanir Alþ., þegar tillit er tekið til þeirra upplýsinga, sem fengizt hafa í málinu síðan það lá hér fyrir síðast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 104, 127).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 127 (ný 5. gr.) samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, HelgJ, HV, ÍslH, JGM, JPálm, PO, SEH, SK, StSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÁÁ, BjB, EE, JörB.
nei: TT.
15 þm. (GSv, HG, JakM, ÓTh, PHann, SkG, StgrSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ) fjarstaddir.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 142).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: *Herra forseti! Ég geri ráð fyrir að þetta frv. fari til iðnn., en áður en það fer til hennar, vildi ég gjarnan benda á, að frv. um sama efni lá fyrir Nd., þegar ég átti þar sæti. Iðnn. þar rannsakaði málið þó nokkuð, og virtist þá líta út fyrir, að birgðir af hreinni hrafntinnu hér á landi væru töluvert takmarkaðar, og gæti því verið vafi á, þó hægt væri að skapa útflutningsverðmæti í bili, hvort rétt væri að veita þetta einkaleyfi, sem gengi út yfir þann forða, sem til er. En það er vafasamt, hvort hann er það mikill, að af honum megi taka í þessu skyni, ef hugsað er til þess, að hann eigi að endast landsmönnum sjálfum nokkuð lengi. Ég vil benda á þetta og biðja n. að athuga þetta atriði málsins vel.*

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. og 47. fundi í Ed., 11. og 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 142, n. 218 og 219).

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Snæbjörnsson):** Þetta frv. er borið fram af iðnn. Nd. og fer fram á það, að tveim mönnum sé veitt heimild til þess að flytja út hrafntinnu um 5 ára skeið. Þessir menn hafa báðir unnið nokkuð að því að leita markaðar fyrir þessa vöru, bæði í Danmörku og Englandi, og er búizt við því, að þetta geti orðið útflutningsvara fyrir þá.

Samskonar frv. þessu hefir áður legið fyrir Alþ., mig minnir árið 1935. En þá náði það ekki fram að ganga, aðallega vegna þess, að menn voru ekki vissir um, hvort nægilega mikið mundi vera af hrafntinnu hér á landi fyrir heimsmarkaðinn, og menn álitu því, að það mundi vera varhugavert að flytja hana út. Sama kom fram við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. hjá hv. 1. þm. N.-M. En þar sem fullrannsakað hefir verið, bæði af Pálma Hannessyni rektor og öðrum, að næg hrafntinna muni til hér á landi vera til útflutnings, þ. e. a. s. blönduð hrafntinna, hefir, einmitt með skírskotun til þess, verið í Nd. breytt þannig frv., að það er ákveðið í 5. gr. þess, að atvmrh. geti sett reglugerð um framkvæmd einkaleyfisins og að hann megi þar ákveða, að óheimilt sé að flytja út beztu tegund af hrafntinnu. Það er þannig algerlega eftir frv. í höndum atvmrh., hvort bezta teg-

und hrafntinnu verður seld út eða ekki. Ætti þar með að vera kippt burt ástæðunni fyrir þeirri mótbáru gegn frv., sem komið hefir fram þegar það var áður fyrr hér á Alþ.

Meiri hl. iðnn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. En einn nm., hv. þm. S.-Þ., er með brtt. við frv., þess efnis að hækka útflutningsgjaldið af þessari bergtegund úr 5 kr. upp í 80 kr. smálest. Meiri hl. n. áleit, að þar sem leyfistíminn er hafður svona stuttur, eins og til er tekið í frv., þá mundi það ekki verða meir en svo tími fyrir þessa menn að útvega á því tímabili markað fyrir vöruna. Og þegar svo þessi 5 ár væru liðin og búið væri að fá vitneskju um það, hvort fyrir þessa vöru væri um verulegan markað að ræða, þá væri á valdi Alþ. aftur að ákveða hærra útflutningsgjald af vörunni, svo framarlega að áframhald yrði á þessum útflutningi. En í annan stað væri þetta töluvert til hagsbóta fyrir ríkissjóð, ef hægt væri að afla með þessum útflutningi einhvers af erlendum gjaldeyri. Og því fannst okkur, meiri hl. iðnn., sjálfsagt, að þetta yrði að l. nú, þar sem vafasamt yrði, hvort mennirnir, sem um getur í frv., vildu taka að sér þetta einkaleyfi, ef útflutningsgjaldið ætti að vera svo hátt á þessari vöru eins og farið er fram á í brtt. hv. minni hl. iðnn.

Loks vil ég geta þess, að iðnn. hefir í dag borizt erindi frá húsameistara ríkisins, þar sem hann skrifar um þetta mál. En þar sem það hefir komið svo seint fram og n. hefir alls ekki athugað það, þá mun það ekki verða til umr. við þessa umr., en það mun verða athugað af iðnn. milli 2. og 3. umr. málsins.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Ég vildi óska eftir því við hv. frsm. meiri hl., að hann væri því sammála, að þetta mál væri tekið af dagskrá nú, svo að iðnn. gæti athugað þessi gögn frá húsameistara ríkisins áður en gengið væri frá málinu við 2. umr.

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Snæbjörnsson):** Þar sem búið er nú að taka þetta mál svo oft út af dagskrá og frestað hefir verið á þann hátt umr. um það, finnst mér, að það mætti nú samþ. það til 3. umr. og taka svo til athugunar þetta erindi frá húsameistara ríkisins milli 2. og 3. umr. Mér finnst ekkert á móti þeirri meðferð málsins til þess að flýta fyrir afgreiðslu þess frá þinginu.

ATKVGR.
Brtt. 219 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed. 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 142, 219, 273).

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Snæbjörnsson)** Það hefir orðið samkomulag um það í n. eftir 2. umr., að gjaldinu, sem leyfishafar ættu að greiða í ríkissjóð, skyldi breyta á þann hátt, að gjaldið sé ekki bundið við 5 kr., eins og er í frv., heldur megi hækka það upp í 50 kr. af hverri smálest. Það er í þeim tilgangi gert, að ef það kæmi í ljós, að um gróða yrði að ræða, kæmi eitthvert gjald í ríkissjóðinn, en ef kostnaður verður mjög mikill við markaðsleit og annað, þá yrði gjaldið þeim mun minna. Þetta varð að samkomulagi í n., og meining hv. þm. S.-Þ. var, að hans till. kæmi ekki til atkv., þegar þessi till. væri fram komin frá iðnn.

ATKVGR.
Brtt. 219 tekin aftur.
— 273 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og endursent Nd.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 280).
Á 53. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

---

20. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 19. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bæjarstjóra á Siglufirði og breyt. á l. nr. 58 28. nóv. 1919 (þmfrv., A. 77).

Á 22. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Erlendur Þorsteinsson):** Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með löngum formála, en það fer ekki fram á annað en að bæjarstjórn Siglufjarðar fái heimild til að velja sér bæjarstjóra. Siglufjörður er eini kaupstaðurinn, sem ekki hefir þessa heimild. Eins og grg. ber með sér, er það núv. oddviti, sem óskar eftir að vera laus við það starf. Einnig má geta þess, að gamla bæjarstjórnin hafði samþ. að láta fara fram allsherjar atkvgr. um málið. Þessi atkvgr. fór þannig, að af 1327 voru 671, sem sögðu já, 419, sem sögðu nei, og 238 skiluðu auðu og ógildu. Hefir því komið í ljós, að meiri hl. íbúa Siglufjarðar vill, að heimildin fáist, enda virðist það sjálfsagt, þar sem aðrir kaupstaðir hafa fengið þessa heimild. Ég vil að lokum mælast til, að frv. verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 117).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Eins og kunnugt er, fór fram á Siglufirði í sambandi við bæjarstjórnarkosningarnar atkvgr. um það, hvort bæjarbúar óskuðu eftir bæjarstjóra. Var mikill meiri hl. fylgjandi því að fá hann. Þetta er tilefni þess, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram borið.

Allshn. hefir athugað frv., og er efni þess í alla staði samþ. Um formið komst n. einnig að þeirri niðurstöðu, að það mundi rétt vera. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa um þetta öllu lengri framsögu fyrir n. hönd, þar sem hún leggur til á þskj. 117, að d. samþ. frv. óbreytt eins og það er á þskj. 77.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed. eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 256).

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var því vísað til allshn. þessarar d., sem athugaði frv. og mælir með því, að það verði samþ.

Flestir kaupstaðir landsins hafa nú heimild til þess að velja sér sérstakan bæjarstjóra. Og við síðustu bæjarstjórnarkosningar lýsti meiri hl. kjósenda á Siglufirði því yfir, að þeir kysu að hafa bæjarstjóra. Auk þess mun bæjarfógetinn á Siglufirði óska eftir að vera laus við oddvitastörf í bæjarstjórn. Allshn. mælir með því, að frv. verið samþ. með þeirri brtt., sem fyrir liggur í nál. á þskj. 256, til samræmis við þær lagasetningar, sem þegar hafa verið gerðar þar sem eins hefir staðið á, sem sé þegar einhverju bæjarfélagi hefir verið veitt heimild til þess að kjósa sér bæjarstjóra.

Eftir 1. gr. frv. eins og n. ætlazt til, að það verði, þá er 2. gr. l. um bæjarstjóra á Siglufirði breytt þannig, að gengið er út frá því, að bæjarfógeti sé oddviti bæjarstjórnar. En hinsvegar er þar viðbótargr., þar sem gert er ráð fyrir heimild til þess, að bæjarstjórn velji sér bæjarstjóra, sem taki við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Þetta breytir ekki efni frv., heldur er það til samræmis við venju þá, sem um þessi mál hefir myndazt.

Með þessum breyt. vill n. mæla með því, að frv. verði samþ.

***Einar Olgeirsson:** Mig langar til í sambandi við þessa brtt., sem hér liggur fyrir frá allshn. við þetta frv., að gera nokkrar fyrirspurnir til þeirrar hv. n. Það er tekið fram í brtt., við 1. gr., að í bæjarstjórn séu kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og sé hann oddviti hennar. Ég sé ekki annað, ef þetta á að standa svona, en að það sé verið að lögfesta það, að bæjarfógeti sé áfram löglegur meðlimur bæjarstjórnar, sem virðist vera alveg óeðlilegt. Það er reglan nú, að það séu eingöngu hinir kjörnu bæjarfulltrúar, sem eigi sæti í bæjarstjórnum, og svo ef bæjarstjóri er kosinn í kaupstaðnum, að hann eigi sæti í bæjarstjórn með tillögurétti og málfrelsi, en án atkvæðisréttar. En ef heimild þessarar væntanlegu lagasetningar verður notuð á Siglufirði og kosinn verður þar bæjarstjóri, þá virðist mér, eftir orðalagi brtt., sem ég gat um, að eftir að búið væri að kjósa bæjarstjóra, þá ætti bæjarstjórinn samt sem áður sæti í bæjarstjórn með sama rétti sem hver annar bæjarfulltrúi. — Mig langar til að fá skýringu á þessu, hvort þetta er rétt skilið hjá mér.

Ég er með því, að frv. nái fram að ganga í sinni upphaflegu mynd. En mér virðist brtt. þessar frekar til þess að rugla.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Þetta er misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv., af þeirri ástæðu, að bæjarstjóri er ekki meðlimur í bæjarstjórn með atkvæðisrétti eftir þessari brtt. án þess að vera kjörinn bæjarfulltrúi. Um þetta atriði skera úr l. um sveitarstjórnarkosningar. Bæjarstjórinn hefir samkvæmt þeim engan atkvæðisrétt í bæjarstjórn án þess að vera kjörinn bæjarfulltrúi. Þetta er í brtt. í fullu samræmi við heimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar til þess að velja sér bæjarstjóra þar.

Finnur Jónsson: Ég held, að þetta þurfi dálítið betri athugunar við. Því að eftir þeirri reglu, sem gilt hefir áður, höfðu bæjarfógetar atkvæðisrétt án þess að vera kjörnir í bæjarstjórn. Og ég hygg, að svo sé á Siglufirði, að bæjarfógetinn hafi eftir l. nú atkvæðisrétt. E. t. v. beitir hann þeim atkvæðisrétti sjaldan. En ég hygg, að það sé samt samkvæmt l. Ef þessi lagabreyt. verður samþ. eins og hún nú liggur fyrir frá allshn., lítur út fyrir, að bæjarstjóri sé orðinn atkvæðisbær jafnt og bæjarfulltrúi væri, eins og bæjarfógetinn var áður.

Ég vildi óska eftir, að hv. allshn. athugaði þetta atriði málsins, því að það er efalaust ekki meiningin fyrir Siglfirðingum, að bæjarstjórinn hafi atkvæðisrétt í bæjarstjórninni, nema hann sé jafnframt kjörinn bæjarfulltrúi.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég tek það fram aftur, sem ég tók fram áðan, að í sveitarstjórnarl. er það beint tekið fram, að bæjarstjórar hafi ekki atkvæðisrétt. Það gildir almennt um alla bæjarstjóra.

Ég get fallizt á það með hv. 5. þm. Reykv., að það hefði kannske mátt orða þetta ofurlítið öðruvísi en gert er í brtt. Held ég, að þetta, að óbreyttu orðalagi, geti þó ekki valdið misskilningi. Enda hygg ég, að þetta sé eins orðað eins og t. d. í l. um bæjarstjóra á Ísafirði, nr. 41 7. maí 1928. Orðalagið á brtt. var a. m. k. sniðið eftir því orðalagi.

Það er sjálfsagt hægt að athuga þetta betur við 3. umr., þó hygg ég sem sagt, að þetta geti ekki valdið misskilningi.

***Bergur Jónsson:** Ég vil gera aths. við ræðu hv. þm. Ísaf. — Það er alls ekki rétt, að bæjarstjóri geti haft atkvæðisrétt áfram í bæjarstjórn, þó að Siglufjörður noti sér þessa væntanlegu heimild, sem í frv. felst, og þó að því verði breytt samkv. brtt. allshn. En auk þess vil ég benda honum á, að í upphaflega frv. er í 1. gr. tekið fram, að bæjarstjóri á Siglufirði skuli hafa með höndum sömu störf og njóta sömu réttinda og oddviti bæjarstjórnar Siglufjarðar hefir gert hingað til. Samkv. þeirri gr. hefði hann fengið atkvæðisrétt. En samkv. brtt. sem allshn. hefir komið fram með við frv., er honum einmitt ekki veittur atkvæðisréttur. Sveitarstjórnarl. taka atkvæðisréttinn af bæjarstjórum.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, að mér skildist, að hann hélt því fram, að hér væri ekki í brtt. tekið fram, að bæjarfógeti færi úr bæjarstjórn og þess vegna mætti skilja orðalag brtt. svo, að bæjarfógeti skyldi vera áfram í bæjarstjórn, eftir að bæjarstjóri væri kominn. Þetta er misskilningur. Það er ekki hægt að skilja brtt. á annan veg en þann, að bæjarstjórinn eigi að taka við störfum bæjarfógeta. En það væri þó ekki úr vegi að bæta því inn í frv., að bæjarfógeti víki þá úr bæjarstjórn.

ATKVGR.

Brtt. 256,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 256,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 256,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á l. nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 281, 305).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 305. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Bergur Jónsson:** Ég á hér eina brtt. ásamt hv. 5. þm. Reykv. Það er í raun og veru ekki efnisbreyt., heldur er með þessu tekið ákveðnara fram um kosningu bæjarstjóra. Við leggjum til, að síðasta mgr. 1. gr. orðist svo: „Samþykki bæjarstj. að velja sér bæjarstj., víkur bæjarfógeti úr bæjarstjórninni, en bæjarstjóri tekur við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Bæjarstjóri skal launaður úr bæjarsjóði". — Þetta kom fram við 2. umr., og menn virtust vera sammála um, að þetta mætti vera svona, þótt ekki þætti þá beinlínis þörf á að taka það fram.

ATKVGR.

Brtt. 305 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A.313).

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. Nd. hefir gert nokkra breyt. á þessu frv. frá því, sem það var afgr. hér í þessari hv. d. Allshn. hefir athugað þessa breyt. og telur, að hún geti staðizt, og mun n. því ekki gera till. um neinar breyt. á frv. eins og það nú er. Mælir allshn. með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 357).

21. Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.

Á 16. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 3. okt. 1903, um æðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands (þm. frv., A. 61).

Á. 18. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Frv. þetta er ekki langt. Það er samið af utanríkismálanefnd í samráði við ríkisstj. Tilgangur þess er sá, að skipaður verði sérstakur skrifstofustjóri, sem hafi með höndum utanríkismálin. Eins og kunnugt er, þá er því þannig háttað með utanríkismálin, að erlendis fara danskir sendiherrar með þau í umboði Íslands. Hér heima heyra þau undir einn ráðherrann, en nú um skeið hefir hann haft sérstakan mann sér til aðstoðar til þess að vinna að þeim, og eins og kunnugt er, þá hefir Stefán Þorvarðsson lögfræðingur haft það starf með höndum hin síðari árin, og hefir hann reynzt mjög vel í þessu starfi. Hvað kaup hans snertir, þá hefir honum verið greitt heldur hærra kaup en nemur kaupi skrifstofustjóranna, en þess ber aftur að gæta, að þetta starf hans er þannig vaxið, að það útheimtir að ýmsu leyti meiri útgjöld en starf skrifstofustjóranna. Manni þessum var þegar í upphafi fengið til umráða mjög lítið húsnæði í stjórnarráðinu, svo lítið, að það er fyrir löngu orðið alveg ófullnægjandi. Nú hefir aftur verið unnið að því að láta skrifstofu þessa fá sæmilegt húsnæði í skrifstofubyggingu ríkisins í Arnarhvoli. Mun sá húsakostur, sem skrifstofan fær þar, áreiðanlega duga fyrst um sinn. Það kann nú að vera, að sumum þyki það óviðkunnanlegt, að skrifstofa þessi skuli ekki geta verið í stjórnarráðsbygg-

ingunni, en við því er það að segja, að það tíðkast t. d. víða erlendis, að slíkar skrifstofur séu á öðrum stað en aðalstjórnarskrifstofurnar, og ætti það eins að geta gengið í okkar litla bæ.

Eins og ég tók þegar fram í upphafi máls míns, þá er aðaltilgangur frv. sá, að ganga formlega frá þessu starfi. Laun hlutaðeigandi manns munu ekkert hækka frá því, sem þau eru nú, þó að breyting þessi verði gerð. Kostnaðaraukinn í launagreiðslum mun því ekki verða neinn. En hin breyttu húsakynni munu setja meiri myndarsvip á þetta starf en húsakynni þau, sem nú eru notuð, og það hefir út af fyrir sig sína þýðingu.

Að umr. lokinni óska ég svo frv. vísað til 2. umr. og allshn., og vil jafnframt mælast til þess, að því verði flýtt sem mest.

***Magnús Jónsson:** Ég mun ekki fara að ræða frv. þetta efnislega, því að ég er samþykkur því að efni til. En mér finnst óviðkunnanlegt, að frv. um þetta efni skuli ekki koma frá stjórninni, og yfirleitt finnst mér fara illa á því, sem virðist vera farið að bera allmjög á nú í seinni tíð, að það er engu líkara en að stj. hreint og beint hliðri sér hjá að bera fram mál. Þetta er öfugt við það, sem tíðkast erlendis, þar sem það er hrein og bein undantekning, að þingmenn beri fram frv. Þeir, sem vilja koma málum fram í erlendum þingum, verða að snúa sér til stj. með þau, sem svo yfirvega þau nákvæmlega, og bera þau svo fram, ef þær geta fallizt á þau. Þessu er því á nokkuð annan veg farið en hér hjá okkur, þar sem varla er hægt að segja, að stjfrv. sjáist. Þannig munu þau t. d. ekki vera yfir 6 alls, sem fram hafa verið borin á þessu þingi enn sem komið er.

Hvað þetta frv. snertir, þá hefði mér alveg fundizt sérstök ástæða til þess, að það hefði komið frá stj., þar sem hér er um að ræða, að stofna til nýs skipulags hvað utanríkismálin snertir. En þess í stað er sú leið farin, að láta form. utanrmn. flytja það, ásamt 2 öðrum þm., sem þó eru ekki einu sinni báðir úr n.

Hvað efni frv. snertir, þá er ég því samþykkur, eins og ég þegar hefi tekið fram, því að ég tel eðlilegt, að utanríkismálunum sé skipað hér í sérstaka deild. Það er aðeins aðferðin, hvernig það er flutt inn í þingið, sem ég tel ekki viðeigandi.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Mér þykir gott, að hv. 1. þm. Reykv. skuli vilja styðja frv. — Út af þeim ummælum hv. þm., að það sé öfug þróun, sem hér virðist vera orðin, að stj. flytji varla nokkurt frv., en nefndir flytji þau aftur fyrir hana, vil ég benda hv. þm. á það, að aðstaða okkar í þessum efnum er allt önnur en nágrannaþjóðanna a. m. k. Við búum langt frá konungi okkar og er því dýrt að síma frv. út til þess að hægt sé að leggja þau fyrir hann. Gegnir því allt öðru máli hér en þar, sem konungarnir eða ríkisforsetarnir eru búsettir í löndunum.

Hinsvegar er ég sammála hv. þm. um það, að sú venja, sem viðgengst hér, að þm. megi flytja eins mörg frv. og þeim sýnist, þurfi að breytast, og má vel vera, að það gæti farið vel á því að færa þetta í eitthvað svipað form og virðist vaka fyrir hv. 1. þm. Reykv. Ég get hinsvegar búizt við, að það yrði erfitt að breyta jafnrótgróinni venju sem þessari. Mér kæmi það t. d. ekkert á óvart, þó að slík breyt. mætti samskonar andúð og lög um takmörkun á ræðutíma þingmanna mætti á sínum tíma. Annars skal ég fúslega játa, að ég er jafnan reiðubúinn að ganga inn á breytingar á gömlum og úreltum venjum, sem ekki eiga lengur við, bæði hvað snertir þessi mál sem önnur.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv., að hann væri óánægður með, að frv. þetta skyldi ekki vera flutt af stj. Þó að frv. sé ekki flutt af stj., þá er það samt flutt að tilhlutun hennar, og þetta getur hv. þm. séð með því að lesa grg. þess. Það var upphaflega til ætlazt, að einn maður úr hverjum flokki, sem sæti ætti í utanríkismn., flytti frv., en sakir þess, að ekki eiga sæti hér í d. nema 2 menn úr nefndinni, var það ráð tekið að bæta einum flm. við utan n., og varð því fyrir valinu maður úr þeim flokki, sem engan fulltrúa átti í n., sem sæti á hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 75).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta fer fram á að lögfesta það skipulag, sem verið hefir í stjórnarráðinu um nokkur undanfarin ár, að skrifstofustjórarnir skuli vera fjórir, en svo hefir verið nú nokkur undanfarin ár.

Það, sem hér er farið fram á, er það, að yfir utanríkismálin verði settur sérstakur skrifstofustjóri, og þar sem nauðsyn hefir knúið þetta fram, lítur allshn. þessarar hv. d. svo á, að lögfesta beri þetta fyrirkomulag, og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Það var aðeins fyrirspurn, sem ég vildi gera til form. allshn. eða flm. um það, hvernig því yrði varið með laun þessa fjórða skrifstofustjóra. Það er ekkert ákvæði í þessu frv. um það, hver laun hans skuli vera, en ég hygg, að þessi maður, sem gert er ráð fyrir að komi nú í þessa fjórðu skrifstofustjórastöðu, hafi miklu hærri laun en þau, sem lögákveðin eru fyrir skrifstofustjórana.

Ég vildi fá að heyra um það frá hv. flm. eða hv. n., hvort honum væri ætlað að halda sömu launum, nefnilega hærri launum en skrifstofustjóranna, eða hvort hann ætti að búa við sömu launakjör eins og hinir skrifstofustjórarnir. Mér hefði þótt réttast, að ákvæði um þetta hefði verið sett í l.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þessari fyrirspurn get ég að vísu ekki svarað að fullu fyrir hönd n., því að þetta atriði var ekki sérstaklega

tekið fyrir í n., og ég get því síður svarað henni f. h. flm., en ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þar sem laun skrifstofustjóranna eru ákveðin með l., þá leiði það af sjálfu sér, að laun þessa skrifstofustjóra verði samkv. þeim, án tillits til þess, hvaða laun hafi verið greidd fyrir þann starfa, sem hann hefir unnið áður. Mér þykir sennilegt, að þetta hafi verið skilningur n.

ATKVGR.
1. gr. frv. samþ. með 9. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17. shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 283).

Frsm. (Thor Thors): Tilgangur þessa frv. er að fjölga skrifstofustjórum í stjórnaráðinu úr 3 upp í 4. Það er ekki ætlazt til þess, að það verði nein fjölgun á starfsmannaliðinu, þó fjölgað verði um skrifstofustjóra, þar sem það er tilgangurinn að gera einn af starfsmönnum stjórnarráðsins, sem nú er, að skrifstofustjóra. Það er sá maður, sem hefir haft forstöðu þeirrar skrifstofu, sem fjallar um utanríkismál. Það þykir rétt að efla hans stöðu með því að gera hann að skrifstofustjóra, og fá honum þannig bætta aðstöðu og þær kjarabætur, sem af því kann að leiða. — Allshn. leggur einróma til að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 358).

---

22. Húsmæðrafræðsla í sveitum.

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um húsmæðrafræðslu (þmfrv., A. 26).

Á 10. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bjarni Bjarnason):** Í landinu eru til nú þegar 5 húsmæðraskólar í sveitum, sem geta haft rúmlega 100 nemendur samtals. Í frv. þessu er gert ráð fyrir tveim ákveðnum stöðum í viðbót við þá, sem fyrir eru, þar sem einnig skuli reisa húsmæðraskóla. Líka er hér gert ráð fyrir, að fleiri slíkir skólar kunni að verða reistir í framtíðinni. Það er því ástæða til að lögfesta eitthvað um þessa skóla. Má benda á í því sambandi, að rekstrarstyrkur þeirra húsmæðraskóla, sem þegar eru til, sem ríkissjóður veitir, er af handahófi. En í þessu frv. er gert ráð fyrir ákvæðum um það í l., hve mikill rekstrarstyrkur skuli vera veittur þessum skólum, með hliðsjón af lágmarkstölu nemenda og hámarkstíma, sem skólinn starfar árlega, og er þá ætlazt til, að rekstrarstyrkur sé hafður í hlutfalli við tímalengd skólanna. Um stofnkostnað þessara skóla hafa hér verið sett samskonar ákvæði og gilt hafa um héraðsskóla, að helmingur stofnkostnaðar greiðist af ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárl., en hinn helmingurinn á að greiðast annarsstaðar að. Ég geri ráð fyrir, að ekki sé ágreiningur um, að þessi atriði þurfi að ákveðast í l. Hinsvegar má það vel vera, að það, sem farið er fram á í þessu frv. að því er snertir rekstrarstyrk til skólanna, sé ekki algerlega rétt ákveðið, þar sem reynslu vantar eiginlega til þess að þetta verði ákveðið með nokkurn veginn vissu um, að það sé hæfilegt.

Að því er snertir þessa tvo staði, sem nefndir eru í þessu frv., sem eru Laugarvatn í Árnessýslu og Reykholt í Borgarfirði, vil ég geta þess, að Suðurlandsundirlendið hlýtur að verða næst í röðinni um að fá húsmæðraskóla, og í því efni er þar þegar hafinn undirbúningur. Og ég geri ráð fyrir, að komi — og það er enda komin allhörð krafa um, að í fjárl. fyrir árið 1939 verði tekin fjárhæð til þess að byrja byggingu á húsmæðraskóla fyrir Suðurlandsundirlendið. Samband sunnlenzkra kvenna hefir gert töluvert í þessu máli. Það hefir gert till. um það, hvar skólinn skuli verða reistur og ennfremur skrifað sýslunefndum Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna um þetta mál og farið fram á, að þær sýslur leggi fram fé til þess skóla. Sýslun. Árnessýslu hefir þegar ákveðið nokkra fjárhæð á fjárhagsáætlun í þessu skyni. En sýslun. hinna sýslnanna mun ekki hafa ákveðið, hvernig þær snúist í málinu, enda er þetta mál ekki lengra komið en svo, að óþarfi er að æðrast um, þó þær hafi enn ekki tekið þessa afstöðu. Vænta má, að þær sýslur taki vel í þessa málaleitun um að vera með í að reisa á Suðurlandsundirlendinu slíkan skóla. Þá er hér gert ráð fyrir fyrirkomulagi um námsgreinar, að veitt verði allýtarleg kennsla, bæði í verklegum og bóklegum greinum. Ennfremur,

hvernig skólaráð skuli skipað og svo í stuttu máli, hvernig hagað skuli til í öllum atriðum, sem virðast koma til greina.

Þá er II. kafli þessa frv. um húsmæðrakennaraskóla. Að vísu geri ég ráð fyrir, að það mál þyldi frekar bið heldur en almenna húsmæðrafræðslan, þó að ennþá þurfi að vísu að sækja slíka menntun til útlanda, sem þessum skóla er ætlað að veita. Er sjálfsagt að stefna að því, að skóli til þess að mennta húsmæðraskólakennara eða forstöðukonurnar verði einnig stofnaður og rekinn hér í landinu. Það er því nauðsyn að styðja að slíkri kennslu, þar sem vitanlegt er, að um allt landið er auk húsmæðraskólanna, fjöldi námskeiða, sem kvenfélagasambönd gangast fyrir og hafa á sér einróma lof að því leyti sem ég bezt veit. Og ef þetta, húsmæðraskólar með húsmæðranámskeiðum og sérstakir húsmæðrakennaraskólar, væri allt til staðar í landinu, þá tel ég, að okkar húsmæðrafræðsla gæti komizt í allgott horf.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum við þessa umr. Þetta frv. er h. u. b. óbreytt frá því frv., sem flutt var um þetta efni á síðasta þingi. Þá var því frv. vísað til landbn. Ég varð að vísu var við, að einstökum mönnum í þeirri n. þótti frv. gallað, og sú hv. n. gerði lítið til þess að afgr. málið þá. En vegna þess að lítið hefir verið á þessa skóla sem hliðstæða bændaskólunum, og ennfremur af því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessir skólar heyri undir landbrh., þá vil ég eindregið gera ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn., og fastlega vænta þess, að sú n. taki málið fyrir og sýni því meiri áhuga og velvilja heldur en á síðasta þingi.

*__Eiríkur Einarsson:__ Það er öðru nær en að ég vilji sýna með máli mínu hér ógeðþekkni mína gegn þessu frv. á neinn hátt, heldur þvert á móti láta þá skoðun mína í ljós, að þar sem frv. þetta miðar að því að efla hagnýta húsmæðrafræðslu í landinu, þá er það vitanlega orð í tíma talað, því að það kemur nú víðar og víðar fram, eftir því sem árin líða, og í hinu mikla skólalífi þjóðarinnar sést það æ betur og betur, að það, sem æskulýðurinn í raun og veru þarfnast mest til undirbúnings fyrir lífið, er ekki sízt hin verklega kunnátta, þó að ég mæli ekki á móti — síður en svo — bóklegri menntun. Stendur þá víðar til bóta kennslufyrirkomulag okkar, þar sem almenna menntunin er látin yfirleitt vera í fyrirrúmi, þ. e. a. s. bóklega fræðslan. Reynslan hefir sýnt, að meiri hagnýt fræðsla fyrir æskulýðinn eigi rétt á sér.

Ég álít því, að þetta frv. um hagnýta húsmæðrafræðslu eigi hinn fyllsta rétt á sér, og vænti ég þess, að flestir eða allir hv. þm. geti orðið sammála um að samþ. það.

En það, sem kom mér til að segja hér nokkur orð, er, að ég tel nokkra galla á frv. eins og það liggur fyrir, sem ég vildi vekja máls á, áður en frv. fer í n. Það var aðallega tvennt, sem ég vildi í því sambandi hafa orð á. Annað er það, að hér er gert ráð fyrir, að lögfest verði, á hvaða stöðum húsmæðraskólar verði reistir á landinu. Ég hefði talið hentugra, að þeir staðir hefðu ekki verið tilteknir í l. og ekki ákvarðaðir á annan hátt en þann, að til hefði þar verið tekið, að þetta eða þetta margir húsmæðraskólar skyldu reistir í þetta eða þetta stóru byggðarlagi og síðan hefðu verið fundnir út hentugir staðir fyrir þá, eða eitthvað svipað þessu verið lögfest, en ekki lögfestir vissir tilteknir staðir fyrir skólana eins og gert er í frv. En þó að deila megi um það, hvar hentugast hefði verið að hafa húsmæðraskólana, þá er það afsökun fyrir hönd þeirra, sem flytja þetta frv., fyrir því að tiltaka staðina, að húsmæðrafræðsla er þegar til og frá byrjuð, að þess vegna er ekki annað að gera en að fullkomna þann vísir, sem fyrir er, á hinum ýmsu stöðum.

Eins og hv. frsm. tók fram, er mikill áhugi fyrir fræðslumálum kvenna m. a. austur í sveitum og að húsmæðraskóli verði reistur á Laugarvatni. Ef sá skóli ætti að vera fyrir Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur, þá væri honum komið fyrir nokkuð úti á jaðri þess svæðis með því að hafa hann á Laugarvatni. En þar kemur líka mjög til athugunar, hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi nú þegar til skólahalds, þar sem eru miklar skólabyggingar o. fl. Virðist að því leyti eðlilegt, að húsmæðraskóla væri ætlað að vera þar. Ég mæli alls ekki á móti þessum stað fyrir húsmæðraskólasetur, en það, sem ég hefi sagt, segi ég til athugunar fyrir hv. n., sem fær málið til meðferðar. Þar sem byrjað er á húsmæðrafræðslu á öðrum stöðum, þá verður nokkuð mikið handahóf á því, hvað hver landshluti verður mikillar slíkrar fræðslu aðnjótandi. Hitt atriðið, og það, sem aðallega vakir fyrir mér að benda á í sambandi við þetta frv., er að mér virðist ekki nógu vel tekið fram í frv., hvernig hagað skuli til um fjárreiður húsmæðraskólanna. Teldi ég vel farið, ef nokkur leið væri til þess að fá þessu betur fyrir komið, ef hv. n. athugaði, hvort ekki væri hægt að fá meiri festu í ákvæði frv. að því er þetta snertir heldur en nú er í því. Þeir eiga, þessir skólar, eftir frv. að vera sjálfseignarstofnanir. Gott og vel. Og ríkið á að leggja þeim svo og svo mikinn styrk til rekstrar. Það er og gott og blessað, því að miðað við, að hér sé um menningarstarfsemi að ræða, þá verður líka að sýna viðurkenningu þess í verki, og er ekki um það annað að segja en gott. En það er framlagið annarsstaðar að en frá ríkissjóði, sem ég vildi, að ákveðið væri nánar um í frv. Austanfjalls stendur svo á, að í Árnessýslu hefir verið lofað framlagi til húsmæðraskóla, sem reistur yrði þar. En eins og hv. flm. lýsti yfir, hafa Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla enn ekki lofað slíku framlagi. En ef þarna er miðað við sameiginlega nauðsyn æskukvenna í þessum sýslum t. d., þá álít ég, að málið, að því er þessar sýslur snertir, og þá hliðstætt annarsstaðar, megi sem minnst vera komið undir stundargeðþekkni eða duttlungum hinna ýmsu sýslunefnda í landinu um fjárframlög. Ég tel, að heldur eigi að taka málið föstum tökum sem menningarmál, sem allir landsmenn eigi að vera skattþegnar gagnvart. Ef hægt væri að koma því inn í frv. að lögfesta meira um þessi atriði málsins en þar er gert, þá álít ég, að það væri sann-

gjarnt að öllu leyti. Það hefir verið sagt hér, að þessi húsmæðrafræðslumál ættu að fá framgang svipað og á sér stað um bændafræðsluna. Úr því að þetta svið fræðslumálanna, húsmæðrafræðslan, er tekin hliðstætt bændafræðslunni og viðurkennt, að þau tvö svið eigi að teljast hafa nokkurnveginn jafnan rétt á sér, þá hygg ég, að réttast væri að sníða húsmæðrafræðslunni sem allra svipaðastan stakk og bændafræðslunni. Þetta vil ég leggja meginherzlu á með þessum orðum mínum nú.

***Bjarni Ásgeirsson:** Það var út af nokkrum orðum, sem féllu hjá hv. 1. flm. þessa frv., sem ég vildi gera aths., þar sem hann talaði um, að frv. um húsmæðrafræðslu, nær eins og þetta, hefði mætt litlum velvilja og áhuga hjá landbn. Hv. 1. flm. sagði þetta ekki fyrir hönd allra flm., a. m. k. ekki fyrir minn munn. Ég verð að segja það, að landbn. sýndi þessu frv. á síðasta þingi yfirleitt mikinn velvilja og skilning, og hún var búin að taka það til meðferðar og gera við frv. þær höfuðbreyt., sem hún ætlaði að gera við það. Það var ekki fyrir það, að n. sem slík hefði ekki áhuga fyrir málinu, að það komst ekki fram á síðasta þingi, heldur af allt öðrum ástæðum, sem hv. þm. (BjB) eru kunnar. Það þarf ekki að sýna neina andúð nefndar, sem fjallar um eitthvert frv., þó að mál komist ekki fram á fyrsta þinginu, sem það er borið fram á. Frv. um bændaskóla t. d., sem afgr. var sem l. á síðasta þingi, hafði legið fyrir Alþingi áður og þá fengið þar þá meðferð, sem unnt var, án þess að hægt væri að koma því í gegn. Sá dráttur á samþykkt þess frv. var ekki fyrir illvilja.

En ef annari n. væri betur trúað fyrir þessu máli en landbn., þá hefi ég ekki á móti því að vísa frv. til annarar n. en landbn.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Ég gat þess aðeins, að ég hefði heyrt á einstökum nefndarmönnum, að þeim hefði þótt ýmislegt að frv. En þar sem ég treysti hv. landbn. til að sýna meiri rögg af sér nú en á síðasta þingi og koma málinu fram, endurtek ég þá ósk mína, að máli þessu verði vísað til þeirrar n. Ég hefi ekki ástæðu til að ámæla hv. þm. Mýr. í þessu efni, þar sem hann gerðist meðflm. að frv. — Treysti ég hv. landbn. til að afgr. þetta mál fljótt og vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 79, 80).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir farið allýtarlega gegnum þetta frv., eins og getur um í nál., og gert við það nokkuð margar brtt., og n. öll unnið saman að þeim. Hinsvegar skal ég geta þess, að þegar málið var endanlega afgr. frá n., voru fjarverandi tveir nm., hv. 7. landsk. og hv. þm. Borgf., og get ég ekki sagt til fulls, hve óskorað fylgi þeirra er við þetta frv.

Eins og hv. þm. munu sjá, er meginhluti brtt. ekki annað en það að færa efni frv. til betra máls. Ætla ég ekki að fara nákvæmlega út í þær hverjar fyrir sig, en þó geta þess, að 5. brtt. er nokkur efnisbreyt., þar sem lagt er til að færa lágmark aldurs þeirra kvenna, er sækja þessa skóla, úr 16 árum í 18 ár. Við álítum, að ekki sé vert, að að jafnaði sæki þessa skóla yngri konur en 18 ára, þar sem þær flestar munu vera þar einn vetur og eiga í mörgum kringumstæðum að láta sér nægja þá fræðslu, sem þær fá í þessum skólum. Hinsvegar er ákvæði í sömu grein um það, að skólanefnd sé heimilt að gera undanþágu frá þessu, eða forstöðukonu í sambandi við skólaráð, þegar sérstaklega stendur á. Álítum við nóg, að slík heimild sé til, þó að hitt sé aðalreglan.

Þá er önnur smávægileg efnisbreyt., að í stað þess, að í frv. er lagt til, að skólaráð skipi 3 menn, þá leggjum við til, að það verði skipað 5 mönnum. Þetta er meðfram vegna þess, að sumir skólar, sem nú eru til, munu falla undir þessi lög, en hafa nú 5 manna skólaráð samkv. sínum lögum og reglugerðum. Sjáum við ekki ástæðu fyrir löggjafann að grípa inn í til að breyta þessu. Enda teljum við að ýmsu leyti heppilegra að skólaráð sé skipað 5 mönnum heldur en 3.

Þá leggjum við til, að 9. gr. falli niður og greinatalan breytist samkv. því. En það er vegna þess, að við tókum efni 9. gr. inn í 8. gr. Efni 9. gr. var um helztu störf skólaráðs og hljóðar svo: Skólaráðið ræður forstöðukonu skólans og kennara, í samráði við hana, og hefir að öðru leyti alla yfirstjórn skólans. Með þessu finnst okkur í fáum orðum sagt nægilegt um störf skólaráðs og þurfi ekki um það sérstaka grein. Hinsvegar breytum við því þannig, að við látum skólaráð ráða kennara í samráði við forstöðukonu, sem ekki er í frv. Við teljum nauðsynlegt, að forstöðukona hafi eitthvað um þetta að segja, hvernig kennarar eru ráðnir að skólanum, þar sem hennar hlutverk er að starfa með þeim og stjórna þeim.

Þá er 9. breyt. um það, að ef skóli hefir færri en 10 nemendur, eigi hann enga kröfu á styrk. Við teljum ekki rétt að halda uppi skóla ár eftir ár, sem ekki er meiri aðsókn að en svo, að hann getur ekki náð saman 10 nemendum, og teljum réttara, að starfið falli niður það ár og stúlkurnar fari annarsstaðar í skóla.

Þá breytum við ákvæði 12. gr., sem er um það, að nemendur greiði ekkert skólagjald. Við leggjum til, að þetta verði þannig, að heimilt sé að taka skólagjald, þó ekki hærra en 50 kr. á nemanda yfir skólatímann. Skólagjald er nú 60—100 kr. um skólaárið, og því tvöfalt, þegar stúlkur eru tvö ár. Það þykir okkur of mikið. Hinsvegar teljum við ekki ástæðu til að fella alveg niður heimild til að taka skólagjald, þó að skólagjald sé ekki greitt á bændaskólunum. Fyrst og fremst er þess að gæta, að þessir húsmæðraskólar er gert ráð fyrir að verði — og hafa verið víðast hvar — eins vetrar nám. En aftur á móti er á bændaskólum tveggja vetra nám. Að öðru leyti má geta þess, að á bændaskólum eru nemendur skyldir til að starfa nokkuð langan

tima að verklegu fyrir skólabúin fyrir mjög lítið eða ekkert gjald annað en nauðsynjar sínar á meðan, og teljum við, að það geti komið til jafns við þetta skólagjald á húsmæðraskólunum. Aftur á móti ef einhver nemandi er þarna tvö skólaár, ber honum ekki að greiða gjald nema 50 kr., sem svarar því, að stúlkur séu gjaldfríar síðara árið. Og það, sem ennfremur styrkir það að heimila skólagjaldið áfram, er það, að þrátt fyrir hækkaðan styrk, sem yrði til skólans, ef frv. yrði að l., þá munu þeir, sérstaklega þeir yngri, vera fullhertir með að bjarga sér fjárhagslega, ef þeir hafa ekki heimild til að taka nein skólagjöld. Öll þessi rök hníga að því að heimila þetta litla skólagjald, og stóð nefndin saman um það.

Um síðasta kafla skal ég endurtaka það, sem getur um í nál., að nefndin hefir ekki til fulls tekið afstöðu til hans, en ber þó fram brtt. við upphaf 14. gr. Í frv. stendur, að stofna skuli húsmæðrakennaraskóla o. s. frv. Við leggjum til að orða þetta þannig: „Heimilt er að stofna húsmæðrakennaraskóla“ o. s. frv.

Ég held ég hafi þá skýrt frá öllum efnisbreyt. frv. og legg það fyrir hv. deild með þessum formála.

*__Emil Jónsson:__ Eins og í nál. segir, eru það aðeins 3 nm. landbn., sem standa að þessu nál., því að við hv. þm. Borgf. vorum ekki viðstaddir þegar málið var afgr. Ég vil á þessu stigi málsins aðeins láta nægja að fara um það nokkrum orðum, og þó sérstaklega það atriði, sem mér finnst mestu máli skipta og *ég hefði viljað* leggja mesta áherzlu á, en það er það, að frv. í núv. mynd er eingöngu um húsmæðrafræðslu í sveitum. Það er þannig ekki að neinu leyti tillit tekið til þeirrar þarfar, sem í kaupstöðum er fyrir það að hafa slíka skóla, enda þótt viðurkennt sé af öllum, að þörfin fyrir húsmæðrafræðslu er í kaupstöðum engu minni en í sveit, og að sú fræðsla sé styrkt af ríkinu. Eiginlega væri rétt að kalla frv. þetta ekki frv. um húsmæðrafræðslu, heldur frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum, því að það er í raun og veru það, sem frv. hljóðar um.

Ég skal fyrir mitt leyti lýsa yfir því, að ég er ekki frv. mótfallinn eins og það er; síður en svo. Ég tel það vera til gagns og bóta frá því, sem er. En mér finnst bara vanta, að þessi ákvæði séu tekin inn í það, eða flutt samtímis annað frv. um húsmæðrafræðslu.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki á sig allþung útgjöld og öllu meiri en þau eru nú, eða frá 400—450 kr. á hvern einasta nemanda, sem þessa skóla sækja. Þetta er það stór fjárupphæð þegar allt kemur saman, að mér hefði fundizt réttara að skipta henni að einhverju leyti á milli þessara tveggja aðilja, sem hafa skólanna þörf, þeirra, sem við sjó búa, og þeirra, sem búa í sveit.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en endurtaka það, sem ég þegar hefi tekið fram, að ég er frv. samþykkur, sé því breytt á þann veg, að ákvæði þess taki til allrar húsmæðrafræðslu í landinu.

Um síðasta kafla frv. hefir n. ekki skilað áliti, en það er um húsmæðrakennaraskóla. Það má vel vera rétt, að það orki tvímælis, hvort það sé tímabært að stofna nú þegar kennaraskóla fyrir húsmæður. En sem sagt, ég vil að þessi atriði, að frv. taki til allrar húsmæðrafræðslu í landinu, og hitt, hvort rétt sé að setja á stofn húsmæðrakennaraskóla, séu athuguð í sambandi hvort við annað.

*__Þorsteinn Briem:__ Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni, að fyrirsögn frv. er allt of víðtæk, miðað við efni þess.

Hvað snertir brtt. á þskj. 80 vil ég fyrst segja það, að ég tel ekki rétt að breyta aldurstakmarkinu, færa það úr 16 árum, eins og það er ákveðið í frv., upp í 18 ár. Það er margt, sem mælir gegn þessari breyt., en sérstaklega þó það, að yfirleitt mun verða talið heppilegra að senda stúlkur til náms fljótlega eftir fermingu heldur en bíða með nám þeirra fram undir tvítugsaldur. Þá eru þær oft giftar eða komnar að giftingu og geta ekki stundað nám.

Þá er 10. brtt. Þar stendur: „Ef einhver skóli hefir færri en 10 nemendur, á hann enga kröfu á styrk það ár“. Þetta virðist mér mjög hæpið. Við skulum hugsa okkur, að einhver skóli fengi umsóknir frá 10 nemendum, en svo forfallaðist einn vegna veikinda eða annara óviðráðanlegra orsaka, og nemendurnir yrðu því ekki nema 9. Undir slíkum kringumstæðum teldi ég ekki sanngjarnt að svipta skólann möguleikum á því að fá styrk. Í þessu sambandi má og líta á það, að nemendur hafa sízt minna gagn af kennslu þegar þeir eru fáir heldur en þegar þeir eru margir.

Þá get ég ekki fallizt á rök hv. frsm. fyrir því, að greiða skuli skólagjöld við þessa skóla. Ég tel ekkert réttlæti í því, a. m. k. ekki samanborið við bændaskólana. Það er engin sanngirni í því að gera mun þar á. Stúlkur geta að sjálfsögðu lagt fram ýms verðmæt störf fyrir skólana, engu síður en piltar, og verður því ekki með sanngirni gert þar upp á milli.

*__Bjarni Bjarnason:__ Ég hefi ekki getað borið mig saman við meðflm. mína um brtt. hv. landbn. og nál. Ég er þakklátur n. fyrir það, hve fljótt hún hefir afgr. málið frá sér. Sumar brtt. hennar tel ég til bóta, en aðrar til hins lakara, og mun ég að þessu sinni aðeins gera þær að umtalsefni.

Ég get fyllilega tekið undir það, sem hv. þm. Dal. sagði um 5. brtt., sem er við 5. gr. frv., og ég get meira að segja undirstrikað allt, sem hann sagði um þetta atriði. Það er aldrei nema rétt, að 18 ára stúlka er venjulega þroskaðri en 16 ára stúlka, en það er ýmislegt samt, sem mælir gegn því, að lágmarksaldur stúlkna, sem inngöngu eiga að fá í húsmæðraskólana, skuli miðaður við 18 ár. Það er t. d. alkunna, að foreldrar leggja oft mikið kapp á að koma börnum sínum strax úr barnaskólanum til framhaldsnáms, bæði í unglingaskólana og aðra hliðstæða skóla, þykir illt að þurfa að láta þau bíða lengi, enda þótt það sé betra fyrir unglinga, sem ekki eiga að njóta nema unglingafræðslu, að bíða dálítið með skólanám sitt eftir ferm-

inguna. En það atriði út af fyrir sig taka aðstendendur unglinganna að jafnaði ekki alvarlega. Það skal líka fyllilega játað, að dragist það mjög lengi frá fermingu, að unglingarnir eigi kost á að komast til framhaldsnáms, þá getur það í mörgum tilfellum orðið til þess, að unglingar tapi af náminu; rás viðburðanna getur á ýmsan hátt gripið þar inn í, og þá sérstaklega hvað snertir stúlkurnar, því að eins og alkunnugt er, þá giftast þær oft ungar, og geta þá jafnvel verið komnar í hjónabandið, þegar þær hafa náð þeim aldri, sem þær þurfa að hafa til þess að geta orðið aðnjótandi húsmæðrafræðslu, sé hann settur mjög hár.

Það út af fyrir sig, að aldurstakmarkið þurfi að vera svona hátt eins og það er sett í brtt., vegna þess að stúlkur séu almennt ekki orðnar nægilega þroskaðar til þess að geta haft full not námsins fyrr, er vitanlega ekki rétt. Hitt er sanni nær, og það er reynslan margbúin að staðfesta, að stúlkur á aldrinum 16—18 ára eru mjög góðar til náms, og myndu því yfirleitt fyllilega geta hagnýtt sér þá kennslu, sem gert er ráð fyrir að verði að fá við húsmæðraskólana. Af því, sem ég nú hefi talið fram, verð ég að mæla mjög eindregið á móti brtt. þessari.

Þá kem ég að 7. brtt. Hún er við 7. gr. frv. Það, sem ég tel athugavert við hana, er það, að þar er sagt, að kennslan skuli vera bæði bókleg og munnleg. Að kveða svona fast að orði, sem hér er gert, tel ég varhugavert, því að oft er kennslukröftum svo háttað við húsmæðraskólana, að það gæti orðið erfitt að fullnægja þessu ákvæði. Að sjálfsögðu mun þetta ekki koma til þar, sem húsmæðraskólarnir verða í sambandi við aðra skóla, eins og t. d. alþýðuskólana, en þar, sem þeir eru eða verða sjálfstæðir út af fyrir sig, getur þetta komið fyrir. Mér virðist því, að varhugavert sé að kveða svo fast að orði um þetta. Í frv. er sleginn varnagli fyrir þessu, þar sem sagt er, að námsgreinarnar skuli vera eftir því, sem við verði komið. Verði brtt. þessi því samþ. nú, mun ég flytja brtt. við 3. umr. um að færa þetta á sama veg sem það er nú í frv.

Þá leggur n. til, að fellt verði niður ýmislegt, sem henni hefir þótt of mikið nýmæli, eins og t. d. hjálp í viðlögum; sem helzt þyrfti að kenna í hverjum einasta skóla. Hvernig á því stendur, að hv. n. vill fella þetta niður, fæ ég ekki skilið, því að hvað er á móti því, að fólk kunni yfirleitt tök á því, hvað gera skal, þar til náð verður í lækni, ef slys ber að höndum. Þá er og nauðsynlegt fyrir alla að kunna að búa um sár, stöðva blóðrás o. fl. Og hvar á slík kennsla betur heima en einmitt í húsmæðraskólunum?

Þá leggur n. og til, að felld verði niður kennsla í barnasálarfræði og meðferð ungbarna. Verði brtt. þessi samþ., þá tel ég það miður farið, því að því verður ekki með rökum neitað, að ennþá er meðferð ungbarna almennt ekki sem skyldi hjá okkur. Margar mæður eru ennþá allmjög vankunnandi í meðferð barna sinna, og enn er það svo hjá okkur, að flestir deyja hlutfallslega á fyrsta aldursskeiði, sem á rót sína að rekja til þess, að meðferð ungbarnanna er ekki eins góð og gera verður kröfu til.

Þá leggur n. til, að í staðinn fyrir orðin „hirðing húsdýra“ verði sett: alifuglarækt. — Hv. n. hefir þótt óviðkunnanlegt að láta standa þarna „hirðing húsdýra“. En ég fyrir mitt leyti sé ekkert á móti því að láta þessi orð standa í frv. Erlendis er það t. d. algengt, að kennt sé í húsmæðraskólunum að hirða ýms húsdýr, og því tel ég ekki, að það væri nein sérstök goðgá, þó að það væri líka kennt hér. Eða hvað er kannske á móti því, þó að stúlkur kunni að mjólka kýr og hirða um hin algengustu húsdýr? Það getur oft komið sér vel fyrir húsmæður að kunna að grípa til slíkrar kunnáttu. Ég tel því sjálfsagt, að við hvern húsmæðraskóla væri t. d. 1 refapar, minkar og jafnvel kaninur, svo hægt væri að veita stúlkunum tilsögn í hirðingu þessara dýra (BÁ: Væri ekki réttast að hafa húsmæðraskólana bara sem sérstaka deild við bændaskólana?). Mér er alveg sama hvað hv. frsm. gripur fram í fyrir mér; ég sný ekki til baka með það, sem ég hefi sagt, tek ekkert af því aftur. Annars vil ég segja þessum hv. þm., sem greip fram í fyrir mér, ef hann skyldi ekki vita það, að sú barátta er þegar hafin, ekki aðeins meðal erlendra kvenna, heldur og meðal íslenzkra kvenna líka, að keppa að því að þurfa ekki að sækja allt vit í manninn sinn. Sérþekking konunnar á þessu sviði getur líka oft verið mjög nauðsynleg fyrir heimilin, því að það er nú einu sinni svona, að bóndinn þarf oft að fara að heiman, og verður oft að dvelja lengri og skemmri tíma utan heimilis síns, auk þess, sem margur bóndinn er beinlínis óhneigður fyrir að hirða dýr. Í slíkum tilfellum er því mjög gott, að húsmóðirin beri skyn á hirðingu húsdýranna.

Þá er lagt til, að 9. gr. frv. falli niður. Um þá till. skal ég ekki vera fjölorður, því að vel má vera, að það, sem í greininni stendur, megi taka fram í reglugerð.

Hvað snertir 10. brtt., þá vil ég fyrst segja það, að ég er að öllu leyti sammála því, sem hv. þm. Dal. sagði um hana. Ég tel alls ekki rétt að taka það ákveðið fram í lögum, að skóli skuli ekki hafa rétt til þess að fá styrk, ef hann hefir t. d. ekki í eitt skipti fulla tölu nemenda. Hitt væri miklu frekar athugandi, hvort ekki væri rétt, að setja ákvæði í lögin um það, að sá skóli skyldi beinlínis lagður niður, sem ekki væri sóttur ár eftir ár nema aðeins af mjög fáum.

Ég verð algerlega að mæla gegn 11. brtt., heimildinni til þess að taka skólagjald. Höfuðrök hv. frsm. landbn. fyrir því að hafa ákvæði í lögunum um heimild til þess að taka skólagjald, frekar við húsmæðraskóla en bændaskóla, voru þau, að nemendur bændaskólanna ynnu svo mikið að nýtilegum störfum við skólana. Ég fæ nú ekki séð, að á þessu þurfi að vera svo mikill munur, því að vitanlega getur komið til mála að láta stúlkurnar vinna ýmislegt við húsmæðraskólana, sem yrði eign þeirra, eins og t. d. teppi, gluggatjöld o. fl. Þá ber og þess að gæta, að stúlkur hafa alltaf miklu lægra kaup en piltar, og eiga því yfirleitt miklu erfiðara með að kosta sig á skólana en þeir. Þessi mikli aðstöðumunur,

sem er á milli pilta og stúlkna að kosta sig til náms, er löngu viðurkenndur t. d. við alþýðuskólana, þar sem stúlkurnar eru jafnan látnar greiða ⅓ minna fyrir sig en piltarnir, og er þetta gert alveg án tillits til þess, hvort fæðiskostnaður stúlknanna sé í raun og veru ⅓ lægri en piltanna. — Af því, sem ég nú hefi tekið fram, vil ég alveg sérstaklega leggja áherzlu á, að þessi brtt. verði felld.

Ég er ánægður með undirtektir hv. 7. landsk. undir frv., að hann skuli ætla að fylgja því, enda þótt hann óski, að það verði gert víðtækara. Afstöðu hans sem fulltrúa fyrir bæjarfélag get ég vel skilið. Ég vil segja þessum hv. þm., að það, sem fyrir mér vakir, er að koma fyrst skipun á húsmæðrafræðslu sveitanna, því að þá er víst, að húsmæðrafræðsla bæjanna og kauptúnanna kemur á eftir, alveg eins og skrið-urinn með alþýðuskólana hafði það í för með sér, að farið var að koma upp gagnfræðaskólum í kaupstöðunum.

Við II. kafla frv., húsmæðrakennaraskóla, hefir n. ekki gert aðra breyt. en þá, að í upphafi 14. gr. komi: „Heimilt er að stofna", í stað þess sem frv. segir: „Stofna skal húsmæðrakennaraskóla". Ég get eftir ástæðum fellt mig við þessa brtt., því að í báðum tilfellunum er stofnun skólans bundin því skilyrði, að hann skuli stofna þegar fé sé veitt til hans í fjárlögum.

Ég hefi þá látið í ljós álit mitt á þessum umræddu till., og eftir því, sem ég bezt veit, einnig álit sumra meðflm. minna líka.

*Eiríkur Einarsson: Ég skal ekki lengja umr., en láta þó skoðun mína í ljós um fáein atriði frv. Þegar ég leit á brtt. hv. landbn., hafði ég búizt við, að þær væru öðruvísi en raun er á. Mér finnst hv. n. gera of mikið úr ýmsum smávægilegum atriðum, sem vafi er á, hvort betri eru í brtt. en í frv. Hinsvegar gerir hv. n. of lítið að því að lesa frv. ofan í kjölinn og láta þann lestur verða til þess, að breytingar yrðu gerðar á grundvallaratriðum þessa lagafrv., sem fyrir hendi eru.

Við 1. umr. minntist ég á, að frv. væri í ýmsu ábótavant. Ég á sérstaklega við þann hlutann, þar sem talað er um stj. og starfssvið væntanlegs húsmæðraskóla. Um það eru of reikandi ákvæði í frv. Það er vitanlegt, að öllum skólaráðum er fengið mikið húsbændavald, en þau eru hinsvegar svo skipuð, að hvenær sem er geta risið upp deilur um það, hverjir séu hinir réttu aðiljar til að mynda ráðin. Í frv. segir, að landbrh. tilnefni formann skólaráðs, en að hinir tveir meðlimir ráðsins skuli tilnefndir af þeim aðiljum, sem að dómi landbrh. teljist stofnendur skólans. Þegar þess er gætt, að hér er um að ræða skóla í strjálbýlum byggðarlögum, er takmarkalína þessi mjög af handahófi sett. Ég hefði viljað, að þetta væri nánar ákveðið Mætti ákveða sérstakt umdæmi fyrir hvern skóla, ef til vill 2—3 sýslur, og skyldu svo þær vera réttir aðiljar til að ákveða skólaráð.

Það hefir verið játað hér af mörgum, að þörfin á húsmæðra- og bændafræðslu sé nokkuð samsvarandi. Og ef það er rétt, sem ég fellst að fullu á, þá er Alþingi búið að játast undir, að sambærilegar reglur eigi að gilda um hvorttveggja.

Þetta er ekki af því sagt, að ég treystist til að bera fram brtt. um svo veruleg efni, sem ég hefi fært í tal. Hafa mörg orð verið höfð um þetta atriði, og hefir hv. landbn. fjallað um frv., og er svo mikið áhrifavald í störfum hv. n., að ekki mundi stoða fyrir mig að bera þetta mál fram að nýju. En þessir annmarkar eru fyrir hendi, og þarf síðar að lagfæra þá, sé það ekki gert nú.

Viðvíkjandi 7. gr. og brtt., sem komið hefir fram við hana, vil ég taka það fram, að ég álít ekki rétt að ákveða alveg, hverjar námsgreinarnar skuli vera, sérstaklega þær bóklegu. Það getur staðið svo á, að stúlkur, sem vilja fara á húsmæðraskóla, hafi aflað sér í öðrum skólum eða heimahúsum þeirrar bóklegrar fræðslu, sem skólinn veitir. Ætti að gera ráð fyrir þessum möguleika í frv.

Þá vil ég spyrja, við hvað hv. landbn. á með orðinu „hannyrðir". Á að leggja sama skilning í það og orðið „handavinna" í 7. gr. frv.? Almenningur meinar yfirleitt ekki það sama með þessum orðum, því að handavinna er víðtækara orð. Hv. n. hefir því þrengt þetta. — Þá sakna ég ákvæða um það, að stúlkunum skuli kennd undirstöðuatriði í fatasaum. Það tel ég eitt af því nauðsynlegasta. En ef það á að felast í orðinu hannyrðir, er ég ánægður, en það er þá ný merking.

Þrátt fyrir það, að ég finn ýmsa galla á frv., hlýt ég að greiða atkv. með því, þar sem grundvöllur þess er tvímælalaust góður.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Ég tek undir það, sem hér hefir verið sagt, að sjálfsagt er að mæla með því, að gera ráðstafanir til þess, að húsmæðraefni geti notið fyllri menntunar í grein sinni en verið hefir. En ég get ekki neitað, að mér finnst talsvert á það skorta, að hv. flm. geri sér grein fyrir því, hver er verkahringur húsmæðra hér á landi. Þeir virðast ekki gera sér ljóst, að þörf sé húsmæðrafræðslu fyrir aðrar konur en þær, sem veita ætla forstöðu heimili í sveit. En starfshringur húsmæðra er mjög svipaður, hvort sem er í sveit eða kaupstað. Aftur er verkahringur húsbænda miklu frábrugðnari í sveit frá því, sem er í kaupstað.

Hér hefir verið á tveim þingum á undan þessu þingi flutt frv. um húsmæðraskóla í Reykjavík og kennaraskóla fyrir húsmæðrakennara. Að flutt er sérstakt frv. um húsmæðraskóla í Reykjavík, stafar af því, að húsmæðraskólum hefir verið komið upp víðsvegar um landið utan Reykjavíkur, en í Rvík er enginn húsmæðraskóli. Auk þess hafa þau frv. haft inni að halda ákvæði um skóla til að útskrifa kennara fyrir húsmæðraskólana.

Nú stendur svo á, að frv. um húsmæðraskóla og húsm.kennaraskóla í Rvík, er samið og flutt fyrir kvenfélagasamband Íslands. Verður nú að telja eðlilegt, að kvenfélagasambandið hafi gleggri skilning á menntunarþörf húsmæðra en jafnvel svo mætur maður sem landbrh., er fær þetta frv. flutt hér. Ég skal lýsa yfir því, að

ég er að sjálfsögðu með hverju því frv., sem hnígur í þá átt að gefa húsmæðrum kost á sem beztu sérnámi. Hinsvegar fyndist mér viðkunnanlegra, að hér væru ekki til lengdar á ferð tvö frv. um sama efni, sitt í hvorri n., heldur tækist þingið á hendur að gera heildar lagasetningu um húsmæðrafræðslu. Ef hv. þm. hugleiða, hversu mikilsvert það er fyrir þjóðfélagið, að húsmæður séu sem bezt menntaðar í sinni grein, þá þykist ég vita, að þeir muni hverfa frá allri hreppapólitík í þessu máli. Þó að karlmenn fari með og sjái um mikil verðmæti, þó að öflun fjárins sé að mestu í þeirra höndum, þá er þó meðferð mikilla verðmæta í höndum húsfreyjunnar. Allt það, sem þjóðin hefir til matar sér og klæðnaðar, er í hennar höndum, og eins öll stjórn á heimilum og uppeldi hinnar yngri kynslóðar.

Ég fer hér ekki frekar út í uppeldismálin og hin „ökónómisku" mál. En ég legg áherzlu á það, að hv. þm. séu ekki að pota hver fyrir sig með kákaðgerðir í þessu máli, heldur sameinist um að setja ein l., sem gildi jafnt um húsmæðrafræðslu í sveit og kaupstað.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil skjóta því til landbn., hvort hún telji ekki rétt að taka aftur tvær af brtt. sínum á þskj. 80. Sú fyrri af till. þeim, sem ég hefi í huga, er 5. brtt., við 5. gr. frv., að í stað 16 ára aldurslágmarks komi 18 ára. Það getur verið rétt hjá hv. n., að æskilegt væri, að sem flestar stúlkur sæktu skólana eftir 18 ára aldur, en þó væri nauðsynlegt að hafa undanþágu frá þessu. (BÁ: Það er nefnt í frv.).

En ég teldi þó betra að hafa markið 17 ára, með undanþáguheimild.

Þá er 10. brtt., við 10. gr. frv., að skóli skuli ekki eiga kröfu á styrk, ef nemendatala fer niður úr 10 á árinu. Það gæti komið illa niður á skóla, að vera sviptur styrk ákveðið ár, þó að nemendatalan færi niður úr 10 það árið, enda þótt hún væri ef til vill miklu hærri árin á undan og eftir. Þessu vildi ég láta breyta þannig, að miðað væri við meðaltal nokkurra ára, t. d. þriggja, þannig að meðaltalið mætti ekki fara niður úr 10. Slík regla gildir um héraðsskólana. En fari nemendatala niður úr 10 þrjú ár í röð, þá er ástæða til að athuga, hvort breyta skuli fyrirkomulagi skólans eða leggja hann jafnvel niður. Vænti ég a. m. k., að hv. n. fresti þessum tveim till. til 3. umr.

Þá er till. n. um húsmæðrakennsluskóla. Ég álít varhugavert að setja upp slíkan skóla hér á landi á næstunni þar sem hann myndi varla hafa nóg verkefni. Hér er gert ráð fyrir 6 húsmæðraskólum í sveitum og svo nokkrum í kaupstöðum. Gerum ráð fyrir, að hér yrði um að ræða 10—12 skóla, hvern með 3 kennslukonum. Flestar mundu þær verða ungar, og er þá auðséð, að viðkoma kennslukvenna gæti ekki orðið svo mikil, að þörf væri á sérstökum skóla hér á landi til að útskrifa þær. Tel ég réttara að styrkja heldur húsmæðrakennara til að sækja húsmæðraskóla á Norðurlöndum, sem eru svo góðir, að hérlendur skóli gæti ekki keppt við þá. Þetta gæti aldrei orðið nema húsmæðrakennsluskóli af lægri gráðu, því að margar af þeim konum, sem þá sæktu, yrðu síðar að auka við menntun sína erlendis. Ég teldi gagnlegra að hafa deild við húsmæðraskólana, sem gæti séð fyrir einskonar meira prófi. Hér vantar ekki aðeins kennslukonur, heldur einnig ráðskonur við heimavistarskóla, spítala o. s. frv. Eigi á annað borð að hafa í frv. heimild um meira húsmæðrapróf, þá ætti að hafa fleiri sjónarmið en að undirbúa húsmæðrakennara. Þetta vil ég benda hv. n. á fyrir 3. umr.

Þá vil ég taka undir við þá, sem kunna því illa, að ekki séu samtímis sett l. um húsmæðrafræðslu í sveitum og kaupstöðum. Bæði sveitir og kaupstaðir hafa hér sama rétt. Þetta frv. er svo úr garði gert, að eðlilegt væri að bæta inn í það nýjum kafla um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Maður býst við, að II. kafli sé um þetta efni, þegar litið er á frv., þar sem I. kafli er um húsmæðrafræðslu í sveitum. En svo er þó ekki.

Þó að löggjöf um þetta tvennt hlyti að vera með nokkuð ólíkum hætti, ætti hún þó að vera öll í einu frv. Eftir samtali við einn hv. nm., býst ég við að koma fram með brtt. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum fyrir 3. umr. Það verður líka að nokkru leyti ólíkt um það, hvernig þeir verða kostaðir, þar sem héraðsskólarnir hafa ekkert hérað eða umdæmi bak við sig, heldur eru þeir meir stofnaðir af samböndum og félögum og ýmsum aðiljum, sem svo eiga að skipa skólana. En aftur á móti má búast við því í kaupstöðunum, að bæjarfélögin sjálf gangist fyrir stofnun skóla og beri kostnað af þeim með líkum hætti og af gagnfræðaskólunum í kaupstöðunum. Þessir tveir kaflar, um húsmæðrafræðslu í sveitum og húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, yrðu þess vegna með nokkuð álíka mun og eru á l. um héraðsskóla í sveitum og l. um gagnfræðaskóla í kaupstöðum. Ég vil vonast til þess, að það komi annar kafli í þetta sama frv., eða það komi bráðlega sérstök löggjöf um kaupstaðaskóla. Það má færa þá röksemd fyrir því að hafa þetta í tveimur frv., að það eru líkur til, og ekki óeðlilegt, að sveitaskólarnir verði á sama hátt og bændaskólarnir undir landbúnaðarráðuneytinu, en kaupstaðaskólarnir undir kennslumálaráðuneytinu, eins og flestir aðrir skólar landsins.

Ég hefi svo ekki fleira fram að taka við n., en legg sérstaka áherzlu á, að þeim grundvelli, sem lagður er að húsmæðrakennaraskóla með 2. kafla frv., verði breytt, svo hann fullnægi hinni raunverulegu þjóðarþörf og kaupstaðirnir verði ekki afskiptir í þessu máli.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það hafa orðið allmiklar umr. um brtt. n. og málið yfirleitt, og vil ég svara þeim fyrir n. hönd.

Ég skal fyrst minnast á aths. hv. 7. landsk. Mér var að vísu kunnugt um þær áður, þar sem hann á sæti í n. Tjáði hann sig fylgjandi þessu frv., en minntist á þörfina á því að leysa á sama hátt skólaþörf húsmæðraefna í kaupstöðum. Hv. 6. þm. Reykv. kom einnig inn á það sama. Ég get svarað þessu fyrir mig og býst við fyrir n. hönd þannig, að við sjáum vel

þörfina á því, að húsmæðraskólum verði komið á fót í kaupstöðum á næstunni. En fyrir n. lá ekkert frv. um það atriði. N. leit þannig á, að það sé réttara og heppilegra, eins og hv. þm. V.-Ísf. kom að nokkru leyti inn á, að hafa þessa fræðslu hvora fyrir sig. Aðstaðan til menntunar kvenna í sveitum og kaupstöðum er svo gerólík, að það verður að hafa allt annað fyrirkomulag á skólum í sveitum heldur en í kaupstöðum. Þess vegna er það miklu eðlilegra, að það séu sérstök l. um sveitaskólana og svo önnur um kaupstaðarskólana. Þessu vil ég halda fram, þó hv. 6. þm. Reykv. teldi ekki, að það væri neitt annar blær á þeirri fræðslu, sem húsmæður í sveitum þurfa að fá og húsmæður í kaupstöðum. Það er nokkuð víðtækari verkahringur, sem sveitahúsmæður þurfa að taka að sér heldur en húsmæður í kaupstöðum. Það eru miklu fleiri störf, sem þær þurfa að leggja hendur á en húsmæður í kaupstöðum, svo menntun þeirra verður að vera með nokkuð öðru sniði. Annars get ég fyllilega tekið undir með báðum þessum hv. þm., að það er full ástæða til að leysa einnig þetta atriði, um menntun húsmæðraefna í kaupstöðum. En ég sé ekki ástæðu til að breyta þessu frv. eða tefja framgang þess á neinn hátt.

Þá vil ég minnast með nokkrum orðum á aths. hv. þm. Dal. Þær féllu að nokkru leyti saman við aths. frá hv. 2. þm. Árn. Það er fyrst það atriði, sem fleiri hafa einnig minnzt á, að þeir vilja fella till. n. um að breyta aldurslágmarkinu úr 16 upp í 18 ár. Ég get ekki fallizt á, að það sé rétt. Ég lít þannig á, að það nám og það starf, sem því fylgir og þessum konum er ætlað, sé svo mikið og ég vil segja erfitt, að það veiti ekki af því, að það sé nokkurn veginn tryggt, að þær konur, sem ætla sér að stunda þetta nám, séu búnar að ná nokkurn veginn fullum þroska, bæði líkamlega og andlega. En það er ekki hægt að jafnaði að gera ráð fyrir því, að 16 ára stúlkur séu búnar að ná þeim þroska, sem tryggi það, að námið komi þeim að fullum notum fyrir lífið. Þess vegna lít ég svo á, að það sé ekki rétt að setja aldurstakmarkið mjög lágt. Ég skal ekki segja, hvort ég og n. getum fallizt á að hafa það við 17 ára aldur. Ég skal bera undir n. þá ósk hv. þm. V.-Ísf., að taka þetta atriði nánar til athugunar fyrir 3. umr. og taka till. aftur þangað til. Ég vil undirstrika það, sem ekki hefir verið nægilega veitt eftirtekt af þeim hv. þm., sem hafa gert aths. við þetta atriði, að það er veitt full heimild til þess í þessari sömu gr. að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklegar ástæður mæla með því. Hv. þm. Dal. sagði, að sumar stúlkur færu að gegna húsmóðurstörfum 18 ára, þar sem þær giftust á þeim aldri. Ég vil nú segja, að það sé frekar undantekning, að stúlkur giftist svo ungar nú á tímum. En það er rétt, að þetta getur komið fyrir. En ég hygg þá, að það sé ein af þeim ástæðum, sem yfirstjórn skólans er skylt að taka til greina og færa aldurstakmarkið niður, ef stúlka, sem ætlar að sækja skólann, er kominn að því að ganga í hjónabandið. Undanþáguákvæðið yrði þá notað.

Þá hafa bæði hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Árn. og einnig fleiri hv. þm., sem tekið hafa til máls, haldið því fram, að ekki væri rétt að svipta þá skóla styrk, sem ekki hefðu eitt ár eða svo fulla 10 nemendur. Nú er gr. ekki þannig orðuð, að það sé skylt að svipta þá styrknum, heldur er aðeins heimild til þess. Við orðuðum gr. þannig með tilliti til þess, að ráðh. sé ekki skylt að nota þessa heimild, þó það komi fyrir, að skóli hafi ekki þessa nemendatölu. En við vildum hafa þessa heimild til þess, að það væri ekki skylt að halda uppi skóla ár eftir ár, ef svo lítil aðsókn væri að honum, að nemendatalan færi niður fyrir 10. Það er þannig hægt án þess að brjóta l. að setja þann skóla út úr starfi, sem ekki hefir þá aðsókn, sem svarar þessu lágmarki. Hinsvegar get ég vel fallizt á þá miðlunartill., sem kom frá hv. þm. V.-Ísf., að taka til greina meðaltal nokkurra ára. Mun n. athuga þetta fyrir 3. umr. En það er fjarri því, að það sé ákveðið, að undir öllum kringumstæðum skuli svipta skóla styrk, sem þannig er ástatt um.

Hv. þm. Dal. sagði, að það væri síður en svo, að skólarnir væru verri eða minna gagn væri að þeim fyrir nemendurna, þó nemendurnir væru fáir. Þetta er vitanlega hárrétt. Ég geri ráð fyrir, að bezt væri tryggð menntun húsmæðraefna og annara, sem menntunar njóta, ef hægt væri að hafa 4—5 kennara handa hverjum nemanda. Þá væri sennilega séð fyrir því, að nemandinn fengi þá menntun, sem hann gæti tekið á móti. En hefir þjóðfélagið efni á því að halda uppi ótakmarkaðri fræðslu fyrir nemendur? En það er af því, að við álítum, að þetta skólahald, eins og annað skólahald í landinu, sé svo dýrt, að takmörk verði að vera fyrir því, fyrir hvað fáa nemendur skóli skuli haldinn á hverjum tíma. Þetta er fjárhagslegt atriði í þessu máli, að hafa þessa lágmarkstölu, en vitanlega gætu nemendur fengið fræðslu, þó þeir væru fáir, ef kennarafjöldinn væri sá sami og áður. — Þetta atriði minntust þeir á jöfnum höndum, hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Árn.

En svo voru það fleiri atriði, sem hv. 2. þm. Árn. gerði miklar aths. við. Það var sérstaklega 7. brtt., við 7. gr., sem honum fannst, að við hefðum breytt til hins verra. Ég vil neita þessu. Það var ekki meining okkar, enda höfum við ekki breytt gr. verulega hvað efni snertir. Það voru nokkrar orðalagsbreytingar, sem við gerðum og okkur virtist vera til bóta. Það eru t. d. orðin „hjálp í viðlögum“. Það er rétt, að þau orð eru búin að fá nokkuð ákveðna merkingu í málinu, en okkur virtist það óviðkunnanlegt lagamál. En orðin, sem við ætluðum að setja í staðinn, hafa fallið í burtu. Við ætluðum að setja „hjúkrun sjúkra“, sem okkur fannst viðkunnanlegra lagamál.

Þá talaði þessi hv. þm. og einnig aðrir um það, að orðið „hannyrðir“ næði ekki yfir „handavinnu“. En okkur fannst orðið „handavinna“ óviðkunnanlegt lagamál, því það er svo margt, sem má taka undir það.

Þá var eitt atriði, sem hv. 2. þm. Árn. ræddi mikið um, og það er, að við höfum fellt úr frv. orðin „hirðing húsdýra“. Hann hélt, að okkur hefði fundizt of mikið nýjabragð að þessu til

þess að við gætum fellt okkur við það. Ég held þvert á móti, að okkur hafi fundizt það of gömul lumma til þess að við gætum fellt okkur við að hafa það í frv. árið 1938. Áður tíðkaðist það mjög, að kvenfólk tæki upp störf karlmanna, þegar þeir fóru í verið, og mun þetta sérstaklega hafa átt sér stað í Árnessýslu. Það má vera, að það sé svo enn þar. En í öðrum héruðum tíðkast slíkt áreiðanlega ekki. Ég held, að kvenfólk nú á tímum láti yfirleitt ekki bjóða sér slíkt. Ég býst við, að námsgreinar skólanna reynist nógu erfiðar, þó ekki sé farið að bæta við námsgrein, sem tilheyrir körlum einum, eftir þeirri venju, sem nú tíðkast í sveitum landsins og annarsstaðar. Það er gott fyrir konur og aðra að geta verið sem mest sjálfbjarga og geta hirt kindur og kýr og geta þannig losnað við karlmennina. En ég geri ráð fyrir, að hér eftir eins og hingað til verði einhver sambúð milli karla og kvenna. Þess vegna verðum við að hugsa okkur þá verkaskiptingu milli karla og kvenna, að þeir vinni yfirleitt karlmannastörf og læri þau á sínum skólum, en konur læri ekki skepnuhirðingu í sínum skólum. Við getum ekki hugsað okkur að þær læri skepnuhirðingu í sínum skólum, en karlmenn grautargerð í sínum skólum. Við getum ekki lagt út í slíka grautargerð í löggjöf.

Þá minntist hv. þm. á það, að við hefðum fellt úr frv. ákvæðið um, að þessar námsgreinar skyldu kenndar eftir því, sem við yrði komið. En við vildum tryggja það, að þegar gerð væri löggjöf og ákveðinn ríflegur styrkur til þessara skóla, þá væri það tryggt, að skólarnir væru meira en nafnið tómt og þeir kenndu þær námsgreinar, sem konum er ætlað að nema.

Þá ræddi hv. þm. um það, að við hefðum fellt úr sömu gr. ákvæði um, að konum skuli kennd meðferð ungbarna. Það var ekki af því, að við teldum það ónauðsynlegt, heldur af því, að við álitum, að það væri ekki tryggt, að það væri alltaf ungbarn við hendina, svo að kennslan gæti orðið verkleg. Við kunnum ekki við að setja ákvæði, sem gerði það að skyldu, að það skyldi fæðast barn á þessum skólum, svo stúlkurnar gætu lært meðferð ungbarna á því. Við töldum, að þá meðferð ungbarna, sem hægt væri að kenna í þessum skólum, mætti heimfæra undir orðið „uppeldisfræði“. Einn þáttur uppeldisfræðinnar er meðferð ungbarna og hjúkrun þeirra, bæði andleg og líkamleg. Það orð nær út yfir það, sem hv. þm. ætlast til og hægt er að krefjast.

Þá hefir einnig verið rætt töluvert um ákvæðið um að heimila skólunum að taka skólagjald, þó að það sé mjög takmarkað frá því, sem verið hefir hingað til. Aðalástæðan fyrir því, að við höfum sett þetta í frv., er sú, að við höfum fengið rökstutt álit frá sumum aðstandendum húsmæðraskóla hér á landi um það, að skólarnir geti ekki staðið undir sér fjárhagslega með þeim styrk, sem þeim er ætlaður í frv., ef þeir fái ekki að taka skólagjöld. Þeir verði annaðhvort að fá hærri ríkisstyrk eða héruðin eða einstaklingar verði að leggja þeim til fé. Við töldum fjárhag ríkissjóðs ekki þannig, að hægt væri að leggja á hann þyngri byrði en gert er með frv. Það er heldur engin trygging fyrir því, að aðstandendur skólanna séu færir um að leggja á sig aukin útgjöld frekar en margir nemendur, sem sækja skólana. Um bændaskólana, sem nefndir hafa verið í þessu sambandi, er það að segja, að þeir eru ríkisskólar, en hitt eru skólar, sem aðrir standa undir, og það er ekki venja að gera sömu kröfur til þeirra skóla, sem haldið er uppi af einstaklingum, eins og til ríkisskólanna. Þess vegna álitum við, að það geti komið til mála, að konur greiði skólagjöld, þó það sé ekki gert á bændaskólunum. Námið á bændaskólunum er líka þyngra og dýrara, og þar að auki eru lagðar þær kvaðir á nemendur þeirra, að þeir vinni nokkurn tíma á skólabúunum, sem mun samsvara fyllilega því skólagjaldi, sem konum er ætlað að greiða.

Það er rétt, að konur fá lægra kaup en karlmenn. En að konur eigi örðugra með að útvega sér atvinnu heldur en karlmenn, get ég ekki tekið undir. Hvað mikið atvinnuleysi, sem er meðal karlmanna, þá er rifizt um kvenfólk í þau störf, sem þær ganga að, bæði úti og inni. Ég held því, að það nái engri átt að rökstyðja þetta með því, að konur eigi örðugra með að afla sér atvinnu heldur en karlmenn.

Hv. þm. talaði um, að á unglingaskólunum væri það venja, að konur greiddu lægra gjald fyrir mat og þjónustu heldur en karlar. Ég býst við, að þetta komi nokkuð af sjálfu sér. Ef nemendur hafa matarfélag með sér, þá kemur í ljós, hvað konur eru neyzlugrennri en karlmenn. Þetta mun sýna sig í rekstri skólanna.

Hv. 10. landsk. hafði ýmislegt að athuga við till. n., og þótti honum n. ekki hafa lesið málið nægilega ofan í kjölinn. Það má vel vera, að n. hafi ekki tekizt að komast eins langt niður í kjalsogið og hv. þm. En n. gerði sér far um að skilja málið, eftir því sem hún hafði ástæður til, og kemur skilningur hennar á málinu fram í brtt. Hv. þm. verður að viðurkenna, að n. hafi athugað frv. ekki svo lítið, því það sýna brtt. n. Honum þóttu ýms ákvæði frv. óákveðin, og þá sérstaklega ákvæðið um það, hvernig skipa skuli skólaráð og hverjir teljist stofnendur. Það er satt, að þetta er óákveðið. En við teljum ekki mögulegt að ganga svo frá þessum l., að öll slík ákvæði verði svo skýr, að ekki verði um deilt, enda er ekki til þess ætlazt frekar í þessari skólalöggjöf en annari, og þess vegna eru ákvæði um að setja reglugerð um þau atriði, sem l. ná ekki til. Ef það er eitthvað óákveðið, hverjir skuli teljast stofnendur, þá er ætlazt til, að úr því verði skorið með úrskurði yfirstjórnar skólanna. Fyrir þetta verður ekki synt, hversu rækilega, sem hv. þm. vilja skoða málið niður í kjölinn.

Hv. þm. sagði, að hann vildi láta gilda sömu reglur um húsmæðraskólana í sveitum og bændaskólana. Ég hefi svarað þessu nokkurn veginn. Það er ekki hægt að láta gilda sömu reglur um skóla, sem reknir eru af ríkinu, og þá skóla, sem reknir eru af einstaklingum eða félögum.

Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að það þyddi ekki að gera sig breiðan gagnvart landbn. og koma með brtt. við brtt. hennar. Það er skylda hv. þm. að gera brtt. við það, sem hann

álitur, að sé varhugavert, hvort sem það er landbn. eða önnur n., sem flytur það. Við munum alls ekki fyrtast við hann, þó hann komi fram með brtt. við álit okkar. Við munum taka til greina það, sem við getum fallizt á, en hitt ekki. Atkv. og vilji þdm. verður svo að ráða úrslitum, þegar til atkvgr. kemur.

*Bjarni Bjarnason: Ég get verið mjög stuttorður. Það er í sjálfu sér ekki svo mikill ágreiningur um þetta mál. En þau atriði, sem ég minntist á áðan í sambandi við 7. gr., eru enn algerlega óhrakin. Það kom fram hjá hv. frsm. og mér nokkur sjónarmiðamunur, og þá sennilega frá n. hendi, þar sem hann talaði fyrir hana.

Ég vil aðeins geta um það, að hann minntist á það í skopskyni, að það myndi hafa verið aðallega í Árnessýslu, að konur ynnu út á við, eins og t. d. að hirðingu húsdýra. Ég vil spyrja að því, hvort það sé ekki óbreytt enn, að það sé heldur þægilegra fyrir íslenzka sveitakonu að kunna að mjólka kýr. Ég skal viðurkenna, að það mundi vera mjög óþægilegt fyrir konu í Árnessýslu, að kunna ekki að mjólka kýr, og kunna ekki góð skil á því, hvaða munur er á vel eða illa hirtri kú. (BÁ: Mjaltir eru aldrei nefndar hirðing). Það er mjög hætt við því, að þá konu, sem ekki kann að mjólka, vanti fleira, sem þarf til þess að vita, hvað tilheyrir í þessu efni. En sú kona, sem kann að mjólka, hefir miklu meiri líkur til þess að vita meira um það, hvaða góð hirðing er. Það er mikill munur að ganga að þessu verki, eftir því, hvernig hirðing gripanna er. Ég hélt, að það væri ekki svo lítið atriði, að hjónin, annaðhvort bæði eða sitt á hvað, hefðu vit á hlutunum. Konan tekur á móti mjólkinni úr fjósinu. Eins og hana varði þá ekki um, hvernig hirðing kúnna er í sambandi við það? Mér er það kunnugt um þessa hluti, að ég veit, að það er höfuðatriði, að húsfreyjan kunni góð skil á mjólk og meðferð hennar. Þykir mér einkennilegt að heyra slíku neitað af mönnum, sem þurfa að uppfylla lagaákvæði um þetta atriði. Hefði verið ánægjulegra, að bændur hér hefðu sjálfir séð um, að meðferð mjólkurinnar væri slík, að ekki þyrfti að setja þar um lagaákvæði. Ég skil það, að það er mikið atriði, að húsmæðraskólar haldi sér fyrst og fremst við það raunverulega og þar á meðal það, að konurnar hafi vit á hverskonar hirðingu húsdýra. Ég held ennfremur, að við karlmennirnir mættum sjá sóma okkar í því að kunna eitthvað til innanhúsverka og ættum ekki að ala upp þann anda, að það sé skilyrðislaust hlutverk konunnar að kunna til innanhússtarfa og karlmanna að kunna utanhússtörfin, en ekki gagnkvæmt, heldur mættum við vera hverjum þeim þakklátir, sem sér sóma sinn í því að geta gegnt innanhússtörfum þegar þörf krefur. Ég vona, að almenningsálitið verði svo sterkt, að þeim manni verði illvært, sem ekki getur gripið til húsverka, og sömuleiðis með konurnar, að þær gætu gripið til starfa karlmannanna. Þetta er mér áhugamál og vildi því láta það koma fram í lögunum. Ef mönnum finnst þetta gamaldags skoðun, þá vil ég segja það sem álit mitt, að ég tel að ástæða sé til að vekja hana upp á ný, svo þetta sé alltaf ný skoðun.

Þá eru örfá orð um ungbörnin. Hv. frsm. n. virtist ekki skilja, að hægt væri að kenna að gagni í því efni, nema alltaf væru fyrir hendi börn til að hirða. Auðvitað er öll kennsla betri og raunverulegri, ef mögulegt er að handleika og gagnrýna hvern hlut, lifandi eða dauðan, sem kennslan snýst um, en í mörgum námsgreinum verðum vér að láta oss nægja þá fræðilegu kennslu, og skil ég ekki annað en að hægt væri að leiðbeina ungum stúlkum um marga hluti, bæði er snerta lifnaðarhætti hennar meðan hún gengur með barnið, og eftir að það er fætt, svo og meðferð barnsins, næringu þess og móðurinnar. Vil ég benda hv. frsm. á, hvort hann heldur, að það hafi enga þýðingu t. d., hvort móðirin mjólkar barninu sínu nóg. Að vísu hefi ég heyrt tvennar skoðanir lækna um það, hvort móðurmjólkin sé barninu hollust eða ekki, en ég trúi því, að náttúran hafi séð svo um, að sú fæða sé barninu bezt. Nú mjólka margar konur ekki nóg handa börnunum, og þá er ekki þýðingarlaust fyrir þær að vita, hvernig þær eiga að nærast sjálfar til að auka mjólkina, eða að öðrum kosti, hvernig þær eiga að næra barnið. Ég get trúað, að mönnum þyki þessar umr. ekki vera orðnar sérlega þinglegar, en það er mér ekkert hryggðarefni.

Ég vil endurtaka það, að ég trúi því ekki, að ekki sé hægt að leiðbeina ungum stúlkum svo um þetta efni, að gagn sé að, án þess að börn séu höfð. Vér þekkjum víst flestir tvær hliðar á því, hvernig farið er með ungbörn eftir að þau eru komin í heiminn. Við vitum, að heilbrigt og vel með farið barn er rólegt, en barn, sem býr við vanlíðan, er órólegt. Þessu gera margar mæður sér ekki grein fyrir.

Þá vil ég minnast á uppeldisfræðina, og vil ég benda á, að uppeldisfræði og sálfræði er ekki það sama í sjálfu sér. Annað er um það meðfædda, en hitt um það, hvernig skuli með það farið, og það er, eins og allir vita, tvær fræðigreinar. Hinsvegar er hægt að láta sér nægja að tiltaka aðra þeirra og kenna þær saman.

Vegna þess að tækifæri gafst til að segja nokkur orð um þessi atriði, vildi ég ekki láta hjá líða að segja nokkur orð til að undirstrika það, að það, sem ég hefi sagt, er mér mikið alvörumál, og ég tel, að það ætti öllum að vera.

Ég ætla að fara framhjá því að mestu, hvort skólagjald eigi að greiðast eða ekki. Ég rökstuddi andmæli mín gegn skólagjaldinu með því, að stúlkurnar væru yfirleitt efnaminni og því síður ástæða til að leggja á þær skólagjald en piltana í bændaskólunum, en þeir eru alveg lausir við þessi gjöld. Ég skal ekki fara að endurtaka það, sem mælt hefir verið með þessu eða móti; það er alveg þýðingarlaust.

Þá vil ég minnast á eitt atriði, sem kom fram hjá hv. þm. V.-Ísf. viðvíkjandi 2. kafla frv., um það, að viðkoman yrði of mikil af kennslukonum, ef við hefðum okkar eigin skóla. Ég vil aðeins benda á það, hve gagnlegt það væri fyrir okkur að hafa góðan kennslukonuskóla, svo að þær, sem þar læra, geti aftur kennt út frá sér með tilliti til íslenzkra staðhátta fyrst og fremst,

því við vitum, að þær stúlkur, sem fara út í heim til að læra eitthvað, verða eðlilega hrifnar af því, sem þær sjá, en hafa ekki að sama skapi hugsun á að samræma það þeim staðháttum, sem þær eiga síðar við að búa. Viðkoman mun varla verða of mikil. Þessar ungu stúlkur fara í allar áttir, þótt þær læri eitthvað sérstakt, og það gengur jafnóðum úr þeim hóp, þær giftast og fara að sinna sínum húsmóðurstörfum, en nú þegar er þörf á allmörgum kennurum í viðbót. Þá má og minna á það, að heimavistir í skólum fara mjög í vöxt og stúlkur með slíka menntun mundu vera mjög heppilegar sem forstöðukonur í þeim heimavistum. Þeim ætti ekki að verða þetta nám svo dýrt, að þær gætu ekki tekið að sér slíkar stöður, þótt þær væru ekki sérlega hátt launaðar.

Ég álít, að þessi kennaraskóli húsmæðra, húsmæðraskólarnir og námskeiðin ættu að geta orðið mikil lyftistöng til bættrar aðstöðu kvenna í lífsbaráttunni.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Það er ekki margt, sem okkur ber á milli, hv. 2. þm. Árn. og mér. Ég er honum sammála um, að það er ekki einungis gott, heldur nauðsynlegt, að sveitakonur læri að mjólka kýr og fara með mjólk, og ég stakk upp á því í hv. n., að bæta skyldi inn í, að mjöltun og meðferð mjólkur skyldi kennd, en meðnefndarmenn mínir álitu, að allar stúlkur, sem kæmu í skólana, mundu kunna að mjólka, en mér finnst það ekkert koma við hirðingu húsdýra. Það er allt annað hugtak. Það er ekki kallað, að sú hirði kýrnar, sem mjólkar þær, en það er rétt, að konur varðar mikið um, hvernig kýrnar eru hirtar og hvernig hinar ýmsu greinar búskaparins ganga, en það er ekki til þess ætlazt, að farið verði að kenna stúlkum á húsmæðraskólum allt það, sem viðkemur búskapnum utanhúss, þótt konuna varði mikið um, hvernig sá hluti búskaparins gengur, eins og manninn varðar mikið um, hvað fram fer innanhúss, þá er þó ekki sett í reglugerð bændaskólanna, að bændaefnin skuli t. d. læra matreiðslu. En frekar en það væri sett í lög um bændaskóla sé ég ekki ástæðu til, að setja ætti utanhússstörf í lög um húsmæðraskóla. Í bændaskólum veit ég ekki betur en að nemendurnir séu látnir læra að bera á borð, þvo upp, skúra gólf og búa um rúm; eins geri ég ráð fyrir að stúlkurnar myndu fylgjast með því, sem gerist utanhúss, og sjá, hvað betur má fara, en ég sé ekki ástæðu til að setja þetta sem námsgrein á þeim stutta tíma, sem þær eiga að hafa til sérmenntunar í sinni starfsgrein.

Ég er hv. þm. samdóma um, að nauðsynlegt er fyrir konur að fylgjast sem bezt með öllu því, er viðkemur meðferð barna frá því fyrsta til hins síðasta, en ég hygg, að þeirri uppfræðslu mætti koma fyrir í kennslustundum í sálfræði og uppeldisfræði, og er þetta því mest ágreiningur um orðalag, en ekki efnisbreyting, sem okkur ber á milli. — Skal ég svo láta máli mínu lokið.

***Þorsteinn Briem:** Mér þykir vænt um að heyra, að hv. n. ætlar að taka aftur til athugunar til 3. umr. 2 brtt., sem ég hreyfði aths. við. Ég skal ekki ræða frekar um 5. brtt., en ég skal benda á það, að þroski kvenna kemur fljótar en þroski karla, og ber að taka tillit til þess einnig um ákvörðun námstíma. En ég vildi sérstaklega minnast á 10. brtt., þar sem ákvæði er um það, hve marga nemendur skóli skuli hafa til að eiga kröfu á styrk. Vil ég leggja áherzlu á það, hve lamandi það getur verið fyrir starf skólans og fyrirrætlanir, ef menn vita ekki fyrr en skólinn er settur, hvort hann fær styrk eða ekki. Það getur valdið því, að menn þyrðu ekki að ráða þá kennara, sem beztum væri völ á, og yrðu að sæta því, sem lakara væri, og svo mundi verða um margt, bæði hvað viðkemur viðhaldi skólanna og endurbótum. Tel ég, að þetta ákvæði veiti of litla tryggingu til að hægt sé að una við það og vænti, að hv. n. taki þetta atriði til nánari athugunar.

Viðvíkjandi skólagjaldinu kann vel að vera, að skólarnir hefðu þörf fyrir allt að 50 kr. gjaldi, en ég vil enn undirstrika þann mikla mismun, sem er á bændaskólalögunum og þessu frv., ef þetta ákvæði næði fram að ganga, þar sem gert er ráð fyrir, að nemendur í bændaskólunum séu skólagjaldsfrjálsir og eigi þar að auki kost á að vinna sér fyrir fæði, húsnæði og þjónustu, auk 100 kr. til bókakaupa, ef þeir leggja með sér eins missiris vinnu. Í stað þess á að leggja beint gjald á nem. húsmæðraskólanna.

Hv. frsm. taldi, að hv. n. hefði gert ýmsar lagfæringar á frv., en ég verð að efast um, að þær lagfæringar hafi í öllum atriðum tekizt og vil taka sem dæmi brtt. við 7. gr., þar sem rætt er um, hvað kenna skuli í húsmæðraskólunum. Má vera, að hv. n. hafi fært eitthvað þar til betra máls, en ég kann ekki við, einnig málsins vegna, að söngur sé talin bókleg námsgrein; a. m. k. geri ég ekki ráð fyrir, að það vaki fyrir hv. n., að söngur sé fyrst og fremst kenndur bóklega.

Ég verð að taka undir þá aths. hv. 2. þm. Árn., að ég tel enga goðgá, þótt í l. standi, að í húsmæðraskólum skuli kennd helztu atriði í meðferð húsdýra. Þar til heyra mjaltir og fleira, sem rétt er að taka til athugunar í því efni. Hv. n. mun kunnugt um það, bæði af eigin reynslu og annara, að kýrnar munu óvíða gera meira gagn í búum en þar, sem konan hefir sjálf eftirlit með hirðingu þeirra. Það er ekki meiningin, sem fyrir mér vakir, að konan læri það, sem kallað er almennar gegningar hér á Suðurlandi, heldur helztu atriði í meðferð húsdýra og læri að bera skyn á og bera virðingu fyrir því starfi, sem þar til heyrir.

Ég verð að taka undir það, sem sagt var um ákvæði í 8. gr. um skólaráð, að það sé ekki nægilega nákvæmt. Hygg ég, að æskilegt væri að hafa nánari ákvæði um, hverjir skuli velja menn í skólaráð, þegar svo stendur á, hverjir séu stofnendur skólans og hverjir skuli hafa rétt til fulltrúa þar. Hv. n. mun kannast við, að svo stendur á um a. m. k. einn skólanna, að ástæða gæti verið til að setja nánari ákvæði þar að lútandi, hvort sýslunefnd skyldi ráða tilnefningu manna í skólaráð eða ungmennafélagasamband og samband kvenfélaga.

Þá vil ég lýsa því yfir, eins og nú horfir um framtíðina, að ég teldi illa farið, ef till. hv. þm. V.-Ísf. við 2. kafla frv. næði fram að ganga.

12. brtt., við 14. gr., var orðuð þannig, að heimilt væri að stofna húsmæðrakennaraskóla eða framhaldsdeild o. s. frv. Það eru, eins og ég hefi þegar bent á, mörg mikilsvarðandi atriði í sambandi við stofnun húsmæðrakennaraskóla, sem ég ætla, að ekki séu nægilega athuguð, en þá mætti stofna framhaldsdeild, meðal annars til að öðlast reynslu hvað þetta snertir.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þarf fáu að svara ræðu hv. þm. Dal. Að því er snertir það, sem hann talaði um nauðsyn þess að kenna konum meðferð húsdýra, get ég látið nægja það, sem ég svaraði hv. 2. þm. Árn. Viðvíkjandi því, að það sé gott, að konur kunni sem flest og mest, verður að athuga, að það er mjög takmarkað, hvað hægt er að gera á svo stuttum tíma.

Viðvíkjandi ákvæðinu um það, að skólarnir skuli hafa fæst 10 nemendur, þá hlýtur skólanefnd að vita það áður en skólinn er settur, hve nemendurnir verða margir og þar af leiðandi, hvort skólinn fær styrk eða ekki, og vildi hv. þm. halda fram, að skólarnir yrðu e. t. v. sviptir styrk fyrir of fáa nemendur, en þarna er aðeins heimild fyrir ríkisstj. til að svipta skóla styrk, þegar sýnt er, að hann er svo illa sóttur, að ekki svarar kostnaði að halda honum uppi. Það getur komið til mála að breyta þessari gr. eitthvað, og hefir komið fram till. þar að lútandi, að n. taki þetta atriði til athugunar til næstu umr.

Ég verð að halda því fram, þrátt fyrir það, sem hv. þm. Dal. sagði, að breyt. þær, sem n. hefir gert, væru ekki allar til bóta, og var að fetta fingur út í það, að söngur væri talin bókleg námsgrein, þá er það ekki verk n. að breyta því í það horf, þar sem það var í frv.

Viðvíkjandi skólagjaldinu vil ég geta þess, að það getur auðvitað komið fyrir í þessum skólum eins og öðrum, að þangað komi nemendur, sem eigi mjög erfitt með að greiða skólagjald. Þá vil ég benda á ákvæði í 10. gr.: „Auk þess má veita hverjum skóla sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum“, og geri ég ráð fyrir, að þetta ákvæði yrði tekið þannig til framkvæmdar, að það næði fyrst og fremst til þeirra nemenda, sem örðugt eiga með að greiða skólagjald sitt.

ATKVGR.

Brtt. 80,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 80,2 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj atkv.
— 80,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 80,4 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 80,5.a tekin aftur.
— 80,5.b samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 80,6 (ný 6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 80,7 (ný 7. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
— 80,8 (ný 8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 80,9 (9. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 80,10 tekin aftur.
10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 18. shlj. atkv.
11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 80,11 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, SkG, StSt, StgrSt, TT, BÁ, GG, GSv, JGM.

nei: SK, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BjB, EE, HelgJ, ÍslH, JörB.

EmJ, EystJ greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÓTh, PHann, PO, SEH, SvbH, BJ, EOl, FJ, GÞ, HG, HV, JakM,) fjarstaddir.

12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
13. gr. (verður 12 gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 80,12 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
15.—16. gr. (verða 14.—15. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 92, 110, 111, 112).

*Bjarni Bjarnason: Ég hafði búizt við, að hv. frsm. landbn. talaði fyrir þeim till., sem hér liggja fyrir frá n., en þar sem hann er ekki viðstaddur, vil ég segja fáein orð um þá till., sem ég er 1. flm. að á þskj. 112. Er hún viðvíkjandi 7. gr. frv. og felur í sér mjög litla breyt. Gr. sjálf tekur beint fram, hverjar af námsgreinunum skuli vera verklegar og hverjar bóklegar. Til þessa virðist ekki ástæða, og kom það fram í umr., að nokkur ágreiningur varð um, hvort viss námsgrein tilheyrði bóklegu eða verklegu námi. En með því að telja upp námsgr. án þess að tilgreint sé, hverjar séu bóklegar og hverjar verklegar, er hægt að komast fyrir allan ágreining í þessu efni.

Það, sem aðallega var ágreiningur um síðast þegar málið var hér til umr., voru vissir hlutir verklega námsins, sem sé að hve miklu leyti skyldi kenna námsmeyjum við húsmæðraskóla húsdýrarækt. Í brtt. landbn. var nefnd í þessu sambandi aðeins alifuglarækt, en mér fannst, að kennsla um önnur húsdýr ætti eins mikinn rétt á sér. Þess vegna batt ég þetta allt í orðinu húsdýrarækt. Og þar sem vitað er, að ekki er hægt að kenna neitt verklegt í þessari grein, og sama má segja um garðrækt, að þetta getur ekki orðið nema dálitil vakning í þessu sambandi, þá hefi ég orðað þetta eins og brtt. ber með sér, og vil ég mælast til, að hv. d. vilji fallast á að orða gr. þannig. Mér finnst það miður, ef ekki er gert ráð fyrir í þessu frv., ef að l. verður, að hægt sé að hafa með höndum, að svo miklu leyti sem hægt er, kennslu í húsdýrarækt og garðrækt. Um garðræktina er sama að segja, að hún getur aldrei orðið nema takmörkuð á svona skóla, þar sem garðrækt í þess orðs fyllstu merkingu er mikið og erfitt nám.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um brtt.

á þskj. 112, en vil aðeins endurtaka þá ósk mína, að hv. d. vilji fallast á hana. Ég kann verr við að tala um hinar till. strax, og vil a. m. k. sjá, hvort ekki vilja einhverjir hv. þm. mæla fyrir þeim fyrst.

*Steingrímur Steinþórsson: Hv. frsm. landbn., þm. Mýr., er ekki við, svo að ég tel rétt, að einhver úr n. segi örfá orð um þær brtt., sem n. hefir borið hér fram og eru ekki stórvægilegar.

Við 2. umr. málsins voru það einkum 2 atriði, sem deilt var um. Í fyrsta lagi var það ákvæði 5. gr. um aldurstakmark nemenda. Var nokkuð deilt um, hvort það skyldi vera 16 ár, eins og upphaflega var í frv., eða 18 ár, eins og landbn. lagði til. Við tókum till. aftur við 2. umr. og erum nú sammála um að fara meðalveginn og leggja til, að aldurslágmarkið skuli vera 17 ár. Væntum við, að um það geti orðið samkomulag, þar sem þar að auki er gert ráð fyrir, að veita megi undanþágu frá þessu. Ég skal taka fram, að ég lít svo á, að ekki sé ástæða til að æskja eftir, að stúlkur fari á húsmæðraskóla yngri en 17 ára; a. m. k. þykist ég hafa þá reynslu um pilta á bændaskólum, að óheppilegt sé, að þeir komi þar yngri en 18 ára, — gott ef þeir eru upp að 20 ára að aldri. Ég veit, að stúlkur eru nokkru bráðþroskaðri, en ég hygg, að hér sé stillt í hóf hvað þetta snertir.

Þá er hér brtt. við 9. gr., og það er um styrkinn til þessara húsmæðraskóla. Var nokkuð deilt um það um daginn, hvort rétt væri að neita þessum skólum um styrk, þótt nemendatala væri mjög lág. Komu fram mótmæli gegn þeirri brtt. n., að ekki væri skylt að styrkja skólana, ef nemendatala færi eitt skólaár niður fyrir 10. Nú hefir landbn. reynt að fara meðalveg í þessu líka og leggur til að síðasta málsgr. 9. gr. orðist eins og hér er gert ráð fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fer nemendatala skóla niður úr tíu eitt skólaár, og á hann þá ekki kröfu á styrk á næsta skólaári, nema því aðeins, að nemendur verði þá tíu eða fleiri".

Eins og hv. þdm. sjá, er hugmyndin með þessu sú, að ekki sé skylt að styrkja skóla, sem hafa fleiri ár í röð mjög lága nemendatölu. Sé ég ekki annað en það sé sanngjarnt, að ríkisstj. geti gripið í taumana og neitað um styrk til skóla, ef þar er mjög lág nemendatala fleiri ár í röð.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., en nú sé ég, að hv. frsm. n. er hér kominn, og getur hann þá bætt við, þar sem hann telur þörf á. Skal ég svo ekki segja fleira um það atriði.

Ég skal að síðustu taka það fram viðvíkjandi brtt. við 7. gr., frá hv. þm. Árn., að ég held, að n. hafi ekki tekið neina fasta afstöðu til hennar, svo að nm. hafa um hana óbundin atkv., og ég fyrir mitt leyti geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort gr. verður samþ. eins og þar er lagt til eða óbreytt eins og hún er í frv.

*Finnur Jónsson: Ég ætla ekki að ræða einstök atriði þessa frv., en ég vil láta þess getið um leið og það væntanlega verður afgr. frá þessari d., að ég hefði talið viðkunnanlegra, að jafnframt því, sem séð er fyrir húsmæðrafræðslu í sveitum, væri einnig séð fyrir húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, því að þó að þeir skólar, sem hér er gert ráð fyrir, verði starfræktir, þá fullnægir það hvergi nærri húsmæðrakennsluþörfinni hér á landi yfirleitt, og ég hefði talið, að þetta frv. hefði fremur átt heima í menntmn. en landbn., þar sem þetta mál snertir ekkert síður húsmæðrafræðslu í kaupstöðum heldur en í sveitum, og þörfin fyrir húsmæðrafræðslu þar er engu minni.

Ég vil á engan hátt gerast meinsmaður þessa máls, en vil taka fram, að ég treysti því, að þeir, sem nú standa fyrir því, að þetta frv. verði afgr. á Alþingi, vilji einnig taka vel undir, og vildi ég gjarnan heyra undirtektir landbn. um það, hvernig hún mundi vilja taka svipuðu frv. um húsmæðrafræðslu fyrir kaupstaðina, því að ég tel nauðsynlegt, að þessi mál ráðist til lykta jafnframt. Ég vil óska þess, að hv. landbn. svari þessari fyrirspurn.

Ég skal taka fram, að það er húsmæðrafræðsla hjá okkur á Ísafirði, sem hefir nokkurn árlegan styrk, þó tæplega svo háan sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og ekki hefir sá skóli heldur fengið greiddan neinn hluta stofnkostnaðarins, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Það er augljóst, að þetta mál snertir ekki síður kaupstaðina en sveitirnar, og væri því æskilegt, að hv. landbn. vildi láta álit sitt í ljós, hvernig hún tæki till. um svipaða húsmæðrakennslu í kaupstöðunum eins og hér er gert ráð fyrir, að sveitirnar verði aðnjótandi.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get verið fáorður um þetta mál, því að hv. 2. þm. Skagf. hefir tekið af mér ómakið.

Ég skal þegar svara þeirri fyrirspurn fyrir mitt leyti, sem hv. þm. Ísaf. bar fram um, hvernig n. mundi taka samskonar frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Ég skal þá endurtaka það, sem fallið hefir áður í umr. um þetta mál, bæði frá landbn. og fleirum, að hún viðurkenndi vissulega nauðsyn á því, að húsmæðrafræðsla í kaupstöðum yrði styrkt á svipaðan hátt og sveitirnar eiga nú að fá samkv. þessu frv. En við álítum, að það sé talsvert öðru til að dreifa um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum en í sveitum. Þetta mál er tekið upp á svipuðum grundvelli og bændafræðslan. Þess vegna hefir þetta frv. verið flutt af landbrh. og farið til landbn. Hinsvegar býst ég ekki við, ef fram kæmi frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, að það kæmi til kasta landbn., heldur menntmn. Ég get lýst því yfir fyrir mína hönd, og ég hygg einnig fyrir hönd meðnm. minna, að við sem alþm. mundum taka slíkri málaleitun vel.

Viðvíkjandi brtt., sem fram hafa komið við frv., skal ég fyrst geta þess, að af vangá, sem er líklega mér að kenna, hefir fallið niður úr brtt., sem n. hafði samþ. við 11. gr., sem sé gr. um skólagjald, að aftan við hana bætist: Þó er heimilt að taka húsaleigu af nemendum, allt að 40 kr. — Þessa brtt. hafði n. komið sér saman um, en hún hefir af vangá fallið niður. Vil ég því

leyfa mér að bera hana fram skriflega og vænta, að hæstv. forseti beri hana upp í d.

Þá skal ég minnast á brtt., sem fram hafa komið frá hv. þm. Árn. og 2. þm. Rang. um umorðun á 7. gr. Ég get lýst því yfir fyrir hönd n., þó að ekki hafi farið fram atkvgr. um það, þá álítur hún hana lakari en það, sem samþ. var við síðustu umr. málsins. Eins og við vitum, þá er t. d. þannig ástatt um einn þessara skóla, að hann hefir ekkert skólahús; það yrði því erfitt að veita þar kennslu í þessum efnum. Annars stend ég við það, sem ég hefi tekið fram áður undir þessum umr., að mér finnst þessi kennsla eiga betur heima við bændaskólana, en mun eftir ástæðum geta gengið inn á, að greinin verði orðuð á þann veg, að kennsla í hirðingu húsdýra skuli fara eftir því, sem við verði komið.

Þá er brtt. á þskj. 111, frá mér og hv. þm. Borgf., að engu skuli slegið föstu um það, að húsmæðrakennaraskólinn skuli vera að Laugarvatni, verði hann stofnaður, heldur skuli það vera látið óbundið, við hvern héraðsskólanna hann verði.

*__Bjarni Bjarnason:__ Ég skal fyrst víkja að því atriði í ræðu hv. þm. Mýr., að óhagkvæmt sé að orða 7. gr. frv. eins og við flm. brtt. á þskj. 112 leggjum til, því að sumir skólarnir hafi engan búrekstur. Á þessa röksemd hv. þm. get ég alls ekki fallizt, því að alltaf má þó ganga út frá því, að við alla skólana hagi svo til, að þar megi hafa einhverja garðrækt. Um hitt atriðið, *húsdýraræktina*, er það að segja, að við alla skólana hagar þó svo til, að skýra má þetta atriði fyrir nemendum. Hinsvegar skal ég viðurkenna þá stefnu, sem almennt ríkir, ekki aðeins að því er snertir þessa kennslu, heldur og yfirleitt alla kennslu, að hún sé sem næst raunhæf, en ég býst bara við, að það verði ennþá alllangt í land, þar til hægt verður að koma kennslu ungmenna alstaðar í það horf. Annars býst ég ekki við, að rök þau, sem hv. þm. Mýr. var að reyna að færa fram gegn þessu, breyti neitt skoðunum manna um þessa hluti.

Um brtt. á þskj. 110, frá hv. landbn., við 5. gr. frv., skal ég vera fáorður. Í frv. er tekið fram, að forstöðukonur skólanna geti veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu. Skiptir því litlu máli, hvort lágmarksaldur námsmeyjanna verður settur 16 eða 17 ár. Ég tók það fram við 2. umr. þessa máls hér í d., að ég legði áherzlu á, að aldurstakmarkið væri ekki sett fast við 18 ára aldur, og byggði ég þá kröfu mína á þeirri staðreynd, sem fengin er fyrir því, hvað fólk sækir yfirleitt fast að geta haldið námi sínu áfram þegar eftir fermingu, þó að ég geti hinsvegar tekið undir það, að í flestum tilfellum sé það ekki eftirsóknarvert fyrir nemendurna sjálfa eða skólana. Hvort sem aldurstakmarkið verður því sett við 16 eða 17 ár, þá er ég þess fullviss, að fjölda margar undanþágur verða veittar, úr því heimild er á annað borð til þess.

Ég skal ekki fara mikið inn á umr. um það, hvar húsmæðrakennaraskóli skuli settur niður, verði hann stofnaður. En það, sem vakti fyrir mér með því að lögákveða ákveðinn stað, var að útiloka alla togstreitu um staðinn, og um það mun vart verða með rökum deilt, að Laugarvatn sé einhver bezti staðurinn, a. m. k. af héraðsskólasetrunum, fyrir slíkan skóla. Að fram skyldi koma brtt. í þá átt að fella það niður úr frv., að skóli þessi skuli verða að Laugarvatni, bendir ótvírætt í þá átt, hvað fram undan muni vera í máli. Hygg ég því, að bezt sé fyrir alla þá hv. þm., sem fyrirbyggja vilja togstreitu um þetta efni, að tryggja nú þegar góðan stað fyrir þennan fyrirhugaða skóla, en það gera þeir bezt með því að greiða atkv. með 13. gr. frv. eins og hún er nú, en á móti brtt. á þskj. 111.

Út af ummælum hv. þm. Ísaf. um frv. og húsmæðrafræðslu bæjanna vil ég endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, að ég tel sjálfsagt, að húsmæðrafræðslu bæjanna verði komið í svipað horf og hér er farið fram á að skipa húsmæðrafræðslu sveitanna, en ég tel réttara, að það verði gert með sérstökum lögum, frekar en setja ákvæði inn í þessi lög um hana beinlínis. Annars þarf enginn að halda það, að húsmæðraskólar sveitanna verði eingöngu fyrir sveitastúlkur, eða kaupstaðarskólarnir fyrir kaupstaðarstúlkur. Skólarnir verða vitanlega sóttir sitt á hvað af stúlkum bæja og sveita. Um annað getur aldrei orðið að ræða, þó að staðhættirnir eðlilega skapi það, að meginþorrinn í hverjum skóla verði úr þeim byggðarlögum, sem skólinn er í.

*__Finnur Jónsson:__ Ég vil þakka hv. þm. Mýr. fyrir þær góðu undirtektir, sem hann galt við fyrirspurn minni, að hann sem þm. og landbn. teldi sjálfsagt, að húsmæðraskólar kaupstaðanna væru styrktir á sama hátt og sveitaskólarnir. Ég skoða þetta sem loforð frá hendi hans og hv. landbn. að styðja till., sem fram kynni að koma í þessa átt. Annars sagði hv. form. landbn., að tilgangur frv. þessa væri m. a. sá, að *til væri ætlazt að leggja húsmæðrafræðslu sveitanna undir landbúnaðarráðherra* eins og t. d. fræðslu bændaefnanna.

Þó aldrei nema svo kunni að reynast, eins og hv. 2. þm. Árn. gat til, að stúlkur úr kaupstöðum sæki að einhverju leyti sveitaskólana, þá kynni ég samt betur við, að í fyrirsögn frv. og 1. gr. þess komi nokkuð skýrara fram um tilgang þess, eins og hv. þm. Mýr. skýrði hann, heldur en virðist eftir því, sem þar er kveðið á nú. Eftir því sem 1. gr. hljóðar nú, þá segir svo: „Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn húsmæðrafræðslu samkv. lögum þessum“. En ég hefði talið réttara, að greinin væri orðuð á þann veg, að landbúnaðarráðherra hefði yfirstjórn húsmæðrafræðslu í sveitum landsins samkvæmt lögum þessum. Og ennfremur vildi ég leggja til, að fyrirsögn frv. væri: Frv. til laga um húsmæðrafræðslu í sveitum. Ég fæ ekki séð, að menn geti haft neitt sérstakt við það að athuga, þó að ekki líti svo út, að frv. þessu sé ætlað að bæta úr húsmæðrafræðsluþörfinni almennt. Brtt. í þessa átt, sem ég nú hefi tekið fram, leyfi ég mér því hér með að afhenda hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 134, 135 og 136) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Það hafa þegar orðið nokkuð miklar umr. um þetta mál, og skal ég því vera fáorður.

Að ég kvaddi mér hljóðs nú, er sérstaklega sakir þess, að við 2. umr. þessa máls var fellt hér í deildinni, að taka mætti 50 kr. skólagjald af stúlkum, sem skóla þessa kæmu til með að sækja. Vil ég því leggja áherzlu á brtt. hv. þm. Mýr., að taka megi 40 kr. húsaleigugjald. Verði brtt. þessi ekki samþ., þá hefir það í för með sér annað tveggja, að hækka verður tillög ríkisins til skólanna eða framlög héraðanna, en þau hafa eins og kunnugt er flest fullt í fangi með að standa undir þeim greiðslum, sem á þeim hvíla nú, þó að ekki sé á þær bætt.

Eftir þeirri reynslu, sem fengin er um aðsókn að bændaskólunum, þá tel ég enga ástæðu til að óttast, að aðsókn að húsmæðraskólunum verði ekki nægileg, enda þótt gjald þetta verði sett. Það virðist því engin þörf á að fara að íþyngja héruðunum eða ríkissjóði vegna þessa.

Hvað snertir till. um að fyrirskipa kennslu í húsdýrarækt við húsmæðraskólana, vil ég segja það eitt, að ég sé enga ástæðu til þess að fara að samþ. hana nú, þar sem tekið er fram í frv., að með reglugerð megi ákveða fleiri námsgreinar en þar eru taldar.

Það má vera, að ýmsum finnist eðlilegt og rétt að samþ. brtt. hv. þm. Ísaf. um, að frv. skuli heita frv. til laga um húsmæðrafræðslu í sveitum. En það er ekki rétt, og nægir því til sönnunar að benda á, að t. d. einn húsmæðraskólinn er í kauptúni, og getur því slík fyrirsögn sem þessi í frv. komið illa við.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það er full þörf aukinnar húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins, engu síður en í sveitum. En ég vil aðeins benda á, að hvað snertir styrk til þeirrar fræðslu frá hendi hins opinbera, þá gegnir þar nokkuð öðru máli. Í kaupstöðunum geta nemendur almennt búið heima hjá sér, og verður því allt önnur aðstaða hvað þá snertir en við sveitaskólana, þar sem nemendur verða að geta fengið fæði og húsnæði keypt.

***Finnur Jónsson:** Ég verð að segja það, að mér fannst röksemdafærsla hv. þm. A.-Húnv. fyrir því, að ekki mætti breyta fyrirsögn frv., dálítið einkennileg. Blönduósskóli stæði í kauptúni, og því mætti fyrirsögn frv. ekki vera um húsmæðrafræðslu í sveitum. Ég var ekki ánægður með hans undirtektir um styrk til húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Það, sem hv. þm. Mýr. lofaði, tók hv. þm. A.-Húnv. aftur. Ef ekki verður breyt. á þessari yfirlýsingu, er full ástæða fyrir þm. kaupstaðanna að vera vakandi fyrir rétti þeirra, þegar málið kemur fyrir Ed.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að styrkur í kaupstöðum þyrfti ekki að vera eins hár á nemanda og í sveitum, því að þar gætu nemendurnir verið heima hjá sér. En ef um heimavistarskóla er að ræða, þá gildir þetta ekki, og heimavistarskólar hljóta þessir skólar yfirleitt að verða, meðan ekki eru komnir kvennaskólar í alla kaupstaði landsins. Vil ég mælast til þess við hv. þm. A.-Húnv., að hann athugi þetta.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég tók það fram, þegar ég svaraði fyrirspurn hv. þm. Ísaf., að landbn. teldi nauðsynlegt, að húsmæðraskólum í kaupstöðum yrði veittur hliðstæður stuðningur þeim, sem veittur yrði húsmæðraskólum í sveitum. Hitt hefi ég ekki gert upp við mig, hvort skólar í kaupstöðum muni þurfa eins mikinn styrk og skólar í sveitum. Ég held t. d., að kennslukraftar í kaupstöðum geti orðið ódýrari, og fleira slíkt gæti komið til greina, en það má athuga, er frv. um húsmæðraskóla í kaupstöðum kemur fram, hvaða styrkur þeim beri. Ég skal geta þess, að hv. 7. landsk., sem á sæti í landbn., hreyfði þessu máli hvað eftir annað, og vildi hann láta taka afstöðu til þess samtímis að því er kaupstaði og sveitir snertir. En hann gat þess, að ekki myndi þörf á jafnmiklum styrk í kaupstöðunum.

Ég skal ekki fara að deila við hv. 2. þm. Árn., en aðeins geta þess, að þó að nú væri lögfest, hvar skólar þessir ættu að standa, er engan veginn loku fyrir það skotið, að síðar kæmu upp deilur um það, hverjir væru heppilegustu staðirnir. Deilur um þetta verða tæplega útilokaðar, fyrr en skólarnir eru komnir hver á sinn stað.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Mér virðist, þó að þetta frv. hafi fengið sæmilegan undirbúning, að það sé ekki að ófyrirsynju, að æskilegt hefir verið talið, að það yrði tekið til yfirvegunar á ný. Nú vil ég að vísu ekki gera það að till. minni, að hv. landbn. fái málið aftur til athugunar í þessari hv. d. En mér virðist málið vera svo mikilvægt, að hv. þm. ættu að geta verið sammála um, að það ætti að koma ljóst fram, hver tilgangurinn sé og hve viðtækur hann skuli vera, ekki síst þar sem ekki verður með nokkru móti sagt, að málið sé pólitískt. Nú var svo ákveðið í 1. gr. frv., að landbrh. skyldi hafa yfirstj. allrar húsmæðrafræðslu í landinu. Þetta var ekki bundið við sveitirnar einar. Hefir nú þessu verið breytt í frv. í rétta átt. Það er að vísu oft keppikefli, að ákveðinn ráðh. skuli gleypa svo og svo mikið af málum, en það var þó um of, að landbrh. skyldi hafa yfirstj. allrar húsmæðrafræðslu í landinu. Þetta hefir þó ekki verið lagfært nægilega. Þegar litið er á, hvað það er, sem hér á að kenna, kemur í ljós, hversu lítill eðlismunur er á þeirri fræðslu húsmæðra, sem við á í sveitum og kaupstöðum. Samkv. þskj. 112 eiga námsgreinarnar að vera þessar: Íslenzka, reikningur, bókfærsla, matarefnafræði, heilsufræði, uppeldisfræði, söngur, íþróttir, hússtjórn, matreiðsla, þvottur, ræsting og handavinna. Nú spyr ég hv. þdm., hvort þessar námsgreinar séu ekki jafnnauðsynlegar fyrir húsmæður í kaupstöðum og í sveitum. Ég fullyrði það. — Síðan er bætt við, að ennfremur skuli leiðbeina nokkuð í garðrækt og húsdýrarækt. Menn héldu almennt, að hér væri aðallega átt við alifuglarækt, og þar sem skrifl. brtt. ákvað, að þetta skyldi gerast eftir því, sem við

yrði komið, þá er auðséð, að ákvæðið gildir ekki síður um kaupstaðina en sveitirnar. En fyrst svo er, þá verður það lítt skiljanlegt, hvers vegna á að einskorða þessa löggjöf við sveitirnar. Enn er það svo hér á landi, og verður vonandi framvegis, að *lítill munur* er á því, sem húsmæður þurfa að vita og vinna í sveitum og kaupstöðum. Hefði það því verið í samræmi við okkar þjóðfélagsháttu að hafa frv. sem víðtækast.

Þá er fyrirsögn I. kafla, sem takmarkar þetta algerlega við sveitirnar. En ef það er raunverulega tilgangur hv. flm. og landbn., þá fer að verða nokkur ástæða til að taka undir þær raddir, sem fram hafa komið frá öðrum, um að stofna sérstaka skóla í kaupstöðum, og fallast þá jafnframt á till. hv. þm. Ísaf., að útiloka húsmæðraefni frá kaupstöðum og kauptúnum frá að geta komizt að á sveitaskólunum, nema þær ætli sér að ganga þann veg, sem í frv. er ráð fyrir gert, þó að vart sé hægt að krefjast þess af þeim ungu stúlkum, sem á þessa skóla fara 16 ára gamlar eða þar um bil, að þær séu eða geti verið ráðnar í því, hvar þær ætli að setjast að sem húsmæður. Gæti vel farið svo, að meiri hluti þeirra stúlkna, sem þarna yrðu rígskorðaðar sem sveitastúlkur, yrðu síðar meir húsmæður í kaupstöðum. En hvaða meining er þá í þessu frv.?

Eðli málsins krefst þess vitanlega, að þessi lagasetning, sem hér er um að ræða, sé miðuð við *almenna húsmæðraskóla. En þá væri líka* fráleitt að ákveða, að þeir skyldu heyra undir landbrh. En það er nú orðin tízka, eins og kunnugt er, að ef nefndur er bóndi eða gras eða jörð, þá vilji landbrh. gína yfir því öllu, sem þar við kemur. En slík almenn fræðsla yrði vitanlega að hlíta sömu reglum sem önnur skólafræðsla í þessu landi, en ekki þeim reglum, sem gilda um bændaskóla og slíkt, er einungis viðkemur landbúnaðinum.

Þegar talað er um kaupstaðaskóla, þá koma auðvitað ekki aðeins sjálfir kaupstaðirnir til greina, heldur einnig kauptúnin, því að í kaup*stöðum og kauptúnum ríkir sama húsmæðra*fyrirkomulag að mestu leyti. Ef aðskilja ætti sveitir og kaupstaði, eins og tilgangurinn virðist vera með frv., yrði óhjákvæmilegt að taka fullt tillit til kauptúnanna, og kæmi þá til greina að ákveða, hver íbúatala kauptúns mætti vera mest, svo að það gæti enn talizt til sveita.

Ég hefði talið það æskilegt, að aðiljar hefðu viljað taka málið aftur til rækilegri undirbúnings. Þó læt ég mig þetta ekki miklu skipta. Ef til vill er hv. Ed. þess um komin að taka betur á málinu eða fresta því, þar sem engin nauðsyn ber til að flýta því um hóf fram.

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Mér er það ljóst, eins og þeim tveim hv. þm., sem síðast töluðu, að með þessu frv. á þskj. 26 eru ekki leyst áhugamál kaupstaðanna að því er húsmæðrafræðslu snertir. Þar að auki tel ég líklegt, að liðhlaup myndu verða frá þessum sveitaskólum í kaupstaðina, því að ég geri ráð fyrir, að kaupstaðabúar muni sækja sér konur í sveitirnar hér eftir sem hingað til, sem og öfugt. Ég hefi orðið var við, að talsverður reipdráttur hefir átt sér stað milli sveita og kaupstaða um húsmæðrafræðsluna, og í þessu frv. hafa kaupstaðirnir orðið útundan. Ég mun þó ekki spyrna við því, að húsmæðrafræðsla geti komizt í gott horf í sveitunum, í þeirri von, að kaupstaðirnir komi þá á eftir. Mun ég því taka liðlega á málinu og veita því atkv. mitt.

Hér eru nú komnar fram nokkrar brtt. og sumar skrifl., sem ég hefi ekki enn náð til. Um brtt. á þskj. 112 er það að segja, að hún hefir sætt talsverðum andmælum, og það úr hörðustu átt, sem sé frá hv. landbn. Virðist það vera keppikefli þessarar hv. n. að láta ekki samþ. aðrar till. en sínar. Þó tel ég þessar brtt. á þskj. 12 talsvert miklu betri en brtt. hv. n. Í brtt. á þskj. 112 er sagt, að leiðbeina skuli nokkuð í garðrækt og húsdýrarækt. Virðist til þess ætlazt, að þetta séu að vísu aukanámsgreinar, en að í þeim skuli þó fara fram nokkur kennsla. Ég tel garðrækt a. m. k. sjálfsagða námsgrein, og ég skil ekki, hví hv. þm. A.-Húnv. er að stympast á móti henni. Hann taldi þessa námsgrein óeðlilega, af því að skólarnir myndu ekki starfa á sumrin. En er hv. landbn. ekki kunnugt um, að allur undirbúningur garðræktar fer fram að vorinu?

Um húsdýraræktina er það að segja, að ég býst ekki við, að hér sé átt við húsdýrarækt almennt, heldur eigi að kenna alifuglarækt og auk þess mjólkurmeðferð, mjaltir og slíkt, sem *sérstaklega snertir verkahring húsmæðranna.*

Viðaukatill. hv. þm. Mýr., að bæta skuli aftan við næstsíðustu málsgr. brtt. á þskj. 112 orðunum „eftir því, sem við verður komið“, tel ég óþarfa, því að í sjálfri gr. er nægilegur fyrirvari, þar sem sagt er, að leiðbeina skuli nokkuð í þessum námsgreinum.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að ég tel brtt. á þskj. 112 betri en brtt. hv. landbn.

***Sveinbjörn Högnason:** Hér hafa orðið talsverðar deilur um þetta frv. til l. um húsmæðrafræðslu, að því er snertir viðhorfið til sveitanna *annarsvegar og kaupstaðanna hinsvegar, og hv.* þm. Ísaf. hefir jafnvel komið með till. um að einskorða frv. algerlega við sveitirnar og taka það fram í fyrirsögn þess. Mér finnst nú, eins og hv. þm. V.-Sk., að ekki sé svo mikill munur á því, sem húsmæður þurfa að kunna í sveitum og kaupstöðum. En mér finnst, að með þessu frv., sem gerir ráðstöfun um a. m. k. 7 skóla í sveitum landsins, sé stigið svo stórt byrjunarspor, að ekki sé þörf á að ræða um húsmæðraskóla í kaupstöðum jafnframt. Ég sé ekki, að það sé neitt höfuðskilyrði, að skólarnir séu reistir á alveg ákveðnum stöðum, t. d. í tilteknum kaupstöðum. Fyrir mitt leyti tel ég það heppilegra, að uppeldisstofnanir sem þessar séu fluttar út úr þéttbýlinu, og hygg ég, að uppeldisáhrif þeirra muni yfirleitt verða því betri sem þær eru fjær kaupstöðunum. Mér er kunnugt um, að beztu húsmæðraskólar erlendis standa margir utan kaupstaðanna, þar sem strjálbýlið er meira. Ég sé enga ástæðu til, að jafnhliða því, sem Alþ. lögleiðir, að ríkið styrki 7 húsmæðraskóla í landinu, þá sé rætt um að

koma upp öðrum sjö í kaupstöðunum. Það er sannarlega ekki allt undir því komið að setja skólana á ákveðna staði, heldur að þeir geti fullnægt því, sem þeim er ætlað að vinna. Aðalatriðið er, að það sé hægt að fullnægja þörfinni á hverjum tíma.

Ég tel það stórt spor, sem stigið er með því að styrkja þessa 7 skóla af ríkinu, og tel sjálfsagt að sjá til, hversu mikil aðsókn verður að þeim og hversu vel þeir fullnægja þörfinni, áður en farið er að deila um að láta aðra sjö sigla í kjölfar þeirra. Ég held satt að segja, að þéttbýlið sé búið að fá til sín ef til vill meira af skólum en hollt er fyrir þjóðfélagið. Ég tel alls ekki sjálfsagt, að hver unglingaskóli eigi rætur sínar í þéttbýlinu.

Þetta eru almennar hugleiðingar, sem ég vildi koma með, því ég tel, að það eigi ekki við að koma hér upp almennri togstreitu milli sveita og kaupstaða um þetta efni, því fyrst er að sjá, hvaða gagn þessir skólar vinna.

Um brtt. frv. er það að segja, að það er aðeins ein, sem ég tel ástæðu til að minnast ofurlítið á, en það er brtt. á þskj. 111, frá hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf., sem ég tel misráðið, að skuli vera fram komin hér á Alþ. við þetta mál. Það er ekki vegna þess, að ég telji miklu máli skipta, við hvaða héraðsskóla þessi húsmæðrakennaraskóli skuli reistur. Ég hygg, að það skipti ekki miklu máli, því það er sjálfsagt, að hann sé reistur þar, sem staðhættir eru beztir. En ég tel, að þeir, sem undirbjuggu þetta frv., og ekki sízt hv. landbn., hefðu átt að geta komið sér saman um þetta atriði, áður en málið var flutt inn í hv. d., því með því að flytja það í ágreiningi inn í hv. d., þá leggur hún mikinn þröskuld í veg fyrir það, að þessi húsmæðrakennaraskóli verði reistur sem fyrst hér á landi. Ef til vill er fáum kunnugra um, hversu hættulegt er að stofna til togstreitu um það, hvar skóli skuli standa, heldur en þeim, sem um nokkurt skeið hafa lifað á Suðurlandsundirlendinu, þar sem um 20 ár stóð á því, að við fengjum héraðsskóla eða unglingaskóla af þeirri ástæðu einni, að það var togazt á um það milli 2 sýslufélaga, hvar skólinn ætti að standa. Ég fullyrði, að eftir að þessi skóli, sem þessi togstreita stóð um, hvar ætti að standa, er búinn að starfa í 8 ár, þá hafa héruð þau, sem hans eiga að njóta, ekki enn borið bætur þessarar togstreitu. Ég fullyrði, að það er mikið af fólki, sem ekki sækir skólann vegna þess, að það eimir eftir af þeirri harðvítugu deilu og togstreitu, sem var um það, hvar skólinn skyldi reistur. Ég harma þess vegna, að hv. landbn. skyldi ekki bera gæfu til þess að ákveða alveg samhuga, hvar skólinn skyldi reistur. Ég tel, að það skipti ekki öllu máli, hvar hann sé, heldur að það sé ákveðið, og það sé útilokað, að togstreita um það, hvar hann eigi að standa, standi í vegi fyrir því, ef til vill um mörg ár, að hann verði reistur, en ég tel fulla þörf á því, að það verði sem fyrst.

Það er rétt hjá hv. form. landbn., þm. Mýr., að togstreita er ekki útilokuð með þessum l. Það er hægt að breyta l. En hún er síður útilokuð, ef gefið er svigrúm fyrir fleiri og fleiri staði.

Ég vil þess vegna eindregið ráða hv. þdm., ef þeir hafa áhuga fyrir því, að húsmæðrakennaraskóli komi upp sem fyrst, til þess að fella þessa till. frá hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf., sem aðeins getur orðið til þess, eins og hv. þm. Mýr. réttilega minntist á, að togstreita verði um staðinn, sem verði svo til þess að fresta því um mörg ár, að þessi skóli komist upp.

Ég tel ekki mála skipta um aðrar brtt. Ég tel, að þær liggi nokkuð ljóst fyrir, því það er búið að ræða málið mikið. Ég vil þó lýsa því yfir, að ég er fylgjandi brtt. á þskj. 112, og tel ég hana ganga nær því rétta en brtt. landbn.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Hv. þm. Ak. skal ég svara því, að ég er honum sammála um, að æskilegt sé, að dömur þær, sem þar séu „lærisveinar", eins og hann orðaði það, geti fengið sem marghåttaðasta fræðslu. En það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að kenna stúlkum á jafn stuttum tíma eins og hér er um að ræða. Það verður því að takmarka kröfur þær, sem gera verður til náms og námsgreina, sem læra á á svo stuttum tíma. Eins og komið hefir fram áður í umr., sem ég ætla ekki að fara út í nú, þá hygg ég, að námsgreinar þær, sem hér eru taldar upp, séu nógu margar, þó ekki sé farið að bæta við námsgreinum frá bændaskólunum. Ég skal viðurkenna, að það væri gott, að þær gætu notið dýralæknismenntunar, ef þær gætu aðeins komizt yfir það á þessum stutta tíma. En ég ber ekki fram brtt. um það, af því ég álít, að þær hafi nógu margar námsgreinar aðrar.

Hv. þm. V.-Sk. vil ég svara því, að mér finnst gæta nokkurs misskilnings hjá honum, þegar hann er að tala um, að þetta frv. geti eins átt við um kaupstaðaskóla og sveitaskóla, af því að í sveitaskólunum séu kenndar sömu námsgreinar og í kaupstaðaskólunum. Það er rétt, en það er ekki aðalatriðið. Ég hygg, að kennslan verði þó með nokkuð öðrum hætti í sveitaskólunum, þar sem henni er hagað með það fyrir augum að undirbúa húsmæðraefni til þess að starfa í sveit. Ég hygg, að það verði nokkur munur þar á, þó hinar sömu námsgreinar verði kenndar í hvorumtveggja skólunum. Ég vil í þessu sambandi benda á, að ég geri ráð fyrir, að hinar sömu námsgreinar séu kenndar í unglingaskólum í sveit og í kaupstað, en þó geri ég ráð fyrir, að það gildi sín l. um hvora skólana, og sitt hverjar reglur um styrk til þeirra. Þetta er af því, að það er miklu meiri örðugleikum háð að reisa og starfrækja skóla í tiltölulega strjálbyggðri sveit heldur en í þéttbýli kaupstaða. Þess vegna hygg ég, að allt annað eigi við, bæði um fyrirkomulag og styrkveitingu til þessara skóla. Ég skal m. a. benda á, að ekki er unnt að halda uppi húsmæðrafræðslu í sveit, nema að byggja vönduð skólahús. En það mun svo ástatt í sumum kaupstöðum, að þar er hægt að fá leigð skólahús, og því ekki nauðsyn á sama styrk til þeirra skóla eins og til hinna. Ég álít þess vegna sömu rök fyrir því, að hafa húsmæðrafræðslu til sveita í l. út af fyrir sig, eins og er með unglingafræðsluna í sveit og

kaupstað. Það eru ekki námsgreinarnar einar, sem þarna skilja á milli, heldur ýmsar aðrar ástæður. Ég tel því, að þarna séu skil á milli, svo ég get vel fallizt á brtt. hv. þm. Ísaf.

Hv. þm. Rang. skal ég segja það, að frá minu sjónarmiði er það að vísu rétt, að það hefir sína kosti að hafa skólana í sveit, jafnvel þó kaupstaðarunglingar ættu að vera þar. En ég hygg, að það sé þó ekki með frv. fullnægt þeirri þörf, sem er í landinu fyrir húsmæðrafræðslu. Ég hygg, að það verði ekki hjá því komizt að stofna skóla í kaupstöðunum líka, þó þessir verði fullskipaðir. Ég hygg, að það verði ekki unað við það til lengdar, að kaupstaðirnir fái ekki fullboðlega skóla líka til þess að mennta þær konur, sem þar alast upp og af ýmsum ástæðum eiga hægra með að sækja sitt nám í kaupstaðina heldur en að fara upp í sveit.

Það hefir verið talað um, að hér sé stofnað til togstreitu um stað fyrir húsmæðrakennaraskóla. Ég sé ekki, að það sé frekar stofnað til togstreitu um skólann, þó það sé látið laust og óbundið, hvar skólinn eigi að standa, heldur en það sé ákveðið í frv., hvar hann skuli standa. Ég vil segja, að þar sem einn staður er tekinn fram yfir annan, þá sé stofnað til togstreitu.

*Eiríkur Einarsson: Ég ætlaði mér ekki að taka til máls, því það hafa nógu margir orðið til þess. En það voru nokkur orð, sem féllu hjá hv. 1. þm. Rang., sem hafa knúið mig til þess. Ég álít, að það sé ekki rétt að láta atriði, sem koma þar fram, ómótmælt. Þar var minnzt á togstreitu, sem hefði orðið við stofnun ákveðins héraðsskóla, Laugarvatnsskólans, og hvernig hún verkaði enn á nokkurn hluta á skólasvæðinu á þann hátt, ef ég hefi tekið rétt eftir, að menn sendu ekki nemendur til skólans. Ég álít, að það hafi verið óheppilegt og óviturlegt af hv. 1. þm. Rang., að fara að vekja máls á þessu hér á hv. Alþ. Mér finnst, þegar í svo víðtæku og viðkvæmu máli hefir verið togstreita og hiti í mönnum um skólastaðinn, að þeim, sem standa að skólanum, muni vera það kærast, að ekki sé minnzt meir á það, og sízt af öllu minnzt á það í þeim tón, þar sem álitamál er, hvort rétt sé frá skýrt um afleiðingar þess, sem orðið hefir. Ég held, að það, sem hv. þm. gat um, að menn létu skólann gjalda þess, að þeir voru á móti skólastaðnum í öndverðu, sé nokkuð ofsögum sagt. Ég hygg, og ég vil segja það fyrir munn þeirra foreldra, sem eru á því svæði, sem liggur einna næst skólanum, að þetta er ofsagt hjá hv. þm., og geri ég ráð fyrir, að það sé af því, að hann hyggur það vera eins og hann lýsir því, en ekki af því, að hann segi þetta á móti betri vitund. Ég veit, að það eru margir úr Árnessýslu, sem vildu í upphafi skólann á allt öðrum stað heldur en á Laugarvatni, sem senda *börn sín þangað, eins og ekkert hefði í skorizt.* Um það, hvort hægt sé að finna dæmi þess, að menn sendi síður börn sín þangað vegna þess, að þeir vildu hafa skólann annarsstaðar, get ég auðvitað ekki fullyrt neitt um frekar en hv. 1. þm. Rang. Það mætti kannske tilfæra önnur dæmi um menn, sem ekkert höfðu við þennan stað að athuga, en hafa átt börn, sem voru á því þroskaskeiði, að það svaraði til námstíma á Laugarvatni, en hafa þó ekki sent börn sín þangað, heldur á aðra skóla. Þetta gengur þannig á margan veg.

Ég vil fullyrða, að það kapp, sem einu sinni var um Laugarvatn, er dottið niður, og þá fyrst og fremst í Árnessýslu. Og ég vil segja þeim til lofs, sem eiga við slíka skóla að búa, hvort sem það er Laugarvatn eða aðrir héraðsskólar, að þeir senda börn sín í skólana eftir því, hvernig er að vera þar, og eftir því, þverjum þroska þeir álíta, að börnin muni taka þar.

Fyrst ég stóð upp, þá vil ég segja það, að margir af þeim, sem voru upphaflega á móti því, að skólinn væri reistur á Laugarvatni, eru allra manna fúsastir til að viðurkenna það, sem ber að viðurkenna og má gott um skólann segja. Það má auðvitað eitthvað að öllu finna. Ég veit, að héraðsbúum er, eftir því sem reynslan hefir sagt þeim til vegar um það, ljúft að viðurkenna, að skólastjórinn á Laugarvatni hefir, þegar hann er heima og hans nýtur við, reynzt ágætur húsbóndi.

Hv. þm. mega vara sig á því, þó þeir í hita dagsins fái ef til vill blóðhita, sem er eitthvað fram yfir normalhita, að þeir komi þá ekki með ummæli, sem betra er að séu óhreyfð. Ég held, að Sunnlendingar séu yfirleitt þeir jafnvægismenn, að þeir séu yfirleitt búnir að ná sér eftir þann hita, sem var í mönnum út af því, hvar skólinn ætti að standa. Ég vil þess vegna mótmæla orðum hv. þm. um þetta, og tel ég þau ósanngjörn og óréttmæt.

*Pétur Ottesen: Ég ætla að segja nokkur orð út af því, að fram er komin brtt. frá hv. þm. Ísaf. um að breyta fyrirsögn þessa frv. Ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á, að það sé rétt að gera tilraun til þess að binda það í fyrirsögn þessa frv., hvaðan af landinu þær konur séu, sem gert er ráð fyrir, að sæki skólana. En mér virðist að hv. flm. þessarar till. vilji slá því föstu með henni, að þessir skólar séu eingöngu fyrir konur úr sveitum landsins. Hann var að vitna í það, að fyrirsögnin fyrir 1. kafla hljóðaði um húsmæðraskóla í sveit. En fyrirsögnin fyrir kaflanum segir ekkert annað en að skólarnir eigi að vera í sveit, eins og gr. bendir til, þar sem því er slegið föstu, hvar skólarnir eigi að vera. Þeir eigi allir að vera í sveit, að undanteknum einum, sem á að vera í sveitaþorpi, sem er svo nátengt sveit, að þar verður naumast skilið á milli. Þess vegna er ekkert ósamræmi í fyrirsögn frv. og fyrirsögn 1. kafla. Ég vil þess vegna mælast til þess, að hv. dm. greiði atkv. á móti þessari brtt.

Ég get vel fallizt á það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði hér áðan, að með lausn þessa máls, þar sem gert er ráð fyrir að koma upp öllum þessum *húsmæðraskólum, þá sé svo langt gengið* í þessu efni, að ekki sé nauðsyn á að fara að lögbjóða, eins og sakir standa, frekari útfærslu á húsmæðrafræðslunni en hér er gert. Það er víst, að nú starfa í sumum kaupstöðum skólar, sem njóta nokkurs styrks frá ríkinu til þessara hluta, og að því leyti, sem aukning á héraðaskólunum leysir ekki þetta spursmál fyrir kaup-

staðina, þá geri ég ráð fyrir, að haldið verði áfram á þeirri braut. Mér virðist, þegar á þetta er litið, þá sé það beinlínis til hins lakara og andstætt þeim tilgangi, sem liggur á bak við þetta frv., að slá því föstu í fyrirsögn þess, að gert sé ráð fyrir því, að skólarnir séu ekki sóttir nema af konum úr sveit. Ég vænti þess, að hv. dm. séu sammála um að láta fyrirsögn þessa frv. standa óbreytta.

Út af því, sem hv. 1. þm. Rang. fór að tala um brtt., sem við hv. þm. Mýr. flytjum og hefir komið á stað umr. um alveg óskylt efni því, sem hér liggur fyrir, þá vil ég segja það, að ég er dálítið undrandi yfir því, að hann getur ekki verið okkur sammála um, að eins og þetta mál horfir nú við, þá sé það ekki aðeins rétt, heldur líka sjálfsagt, að vera ekki neitt að ákveða um það í l., hvar þessi væntanlegi húsmæðrakennaraskóli skuli reistur. Það má því miður gera ráð fyrir, að þess verði ekki kostur að reisa skólann nú þegar, og þess vegna gæti á þeim tíma, sem kann að líða frá því að frv. verður að l., ef það verður samþ., og þar til að því kemur að fara að reisa þennan skóla, þá gæti ýmislegt komið fram, sem benti til þess, að hyggilegra væri að hafa skólann frekar á einhverjum öðrum stað heldur en þeim, sem ákveðinn hefði verið í l., og þess vegna er það miklu eðlilegra, að þetta standi opið heldur en að vera að slá einhverju föstu um það fyrirfram.

Ég held, að það þurfi ekki að vera að hræða menn með dæminu, sem dregið hefir verið inn í þessar umr. Þar var eingöngu að ræða um héraðskryt, sem sérstaklega snerti 2 sýslur, sem skólinn er sérstaklega reistur fyrir, þó hans leiti menn víðsvegar að. En hér er um það að ræða að reisa einn skóla, sem á að taka að sér þetta hlutverk fyrir allt landið. Þess vegna held ég, að það þurfi ekki að hræða með héraðskryt í þessu efni. Það tryggir líka í sjálfu sér ekkert, þó þetta sé ákveðið í l., því viðhorfið getur orðið allt annað, þegar á að fara að reisa skólann. Það er því réttara, að það sé látið standa opið, hvar þessi skóli verður reistur.

Það má ráða af líkum, að það er ekki af neinum illvilja til þessa máls, að við hv. þm. Mýr. flytjum þessa brtt. Við höfum unnið að því að greiða götu þessa máls og átt þátt í því að semja þetta frv. gersamlega um, því frv. var þannig úr garði gert, þegar það barst n., að þess var þörf. Þessi þörf hefir verið viðurkennd af hv. dm. með því að fallast á allar þær brtt., sem n. hefir flutt, að undanteknum þeim, sem snerta eitt eða tvö atriði frv., sem ágreiningur hefir risið upp um. En það snertir ekki frágang málsins. Af þessu má það vera ljóst, að fyrir okkur vakir ekkert annað en að leggja það til, sem sé endanlegri lausn þessa máls fyrir þeztu

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Út af þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, sérstaklega í sambandi við brtt. á þskj. 112, fann hv. þm. Mýr. köllun hjá sér til að andæfa því, og lagði hann meira í orð mín en hann hafði leyfi til. Ég er enginn till.maður hér og fór ekki út fyrir það svið að mæla með brtt., og þarf hv. þm. ekki að hafa orð um, að ég vilji þenja út tölu námsgreinanna á þessum takmarkaða skólatíma, þar sem ég var að mæla með annara till. Það er vel farið, að þessi hv. þm. sjái að sér, en ég sé á frv. sjálfu, að hann er 2. flm. þess, og í 7. gr. frv. er talað um garðrækt og hirðingu húsdýra. Þar er komið næstum það sama og í brtt., en hv. n. breytti því í alifuglarækt, og það er vissulega að hirða húsdýr, þótt það nái ekki til allra húsdýra, enda mætti gera ráð fyrir, að til að læra það færi mjög mikill tími. En í brtt. er aðeins farið fram á, að í kennslunni verði innifaldar leiðbeiningar um garðrækt og húsdýrahirðingu, og vildi ég benda á, að annað er það ekki, sem fyrir mér vakir.

*Sveinbjörn Högnason: Hv. 10. landsk. fann ástæðu til að kveinka sér undan ummælum, er ég lét falla um deilu þá, er staðið hafði um skólastað á Suðurlandsundirlendinu um mörg ár. Hv. þm. sagði, að þetta efni væri of viðkvæmt mál, og virðist mér framkoma hans benda til, að hann muni hafa haft rétt að mæla, en ég álít, að við eigum að láta okkur vitin að varnaði verða og ekki leggja sama þránd í götu jafngóðu máli og húsmæðrafræðslunni, sem við viljum allir koma áfram. Þegar sama hætta og áður hefir komið í ljós virðist vofa yfir góðu máli, eigum við ekki að láta það þegjandi framhjá fara.

Um það, að ég hefði ofsagt þegar ég sagði, að um tugi ára hefði þessi togstreita staðið í vegi fyrir því, að við fengjum skóla á Suðurlandsundirlendinu og að enn í dag eimdi nokkuð eftir af þessari togstreitu í þeim héruðum, sem að skólanum eiga að búa, þá vil ég aðeins benda á, hve hv. 10. landsk. er þetta viðkvæmt mál, og þá mun það eins geta verið viðkvæmt enn í hugum fleiri manna.

Í eitthvað 50 ár var skólinn tafinn af þessari togstreitu um það, hvar hann ætti að standa. 50 ár liðu þar til Laugarvatnsskóli var komínn upp frá því að fram kom till. um sameiginlegan skóla á Eyrarbakka. Öll þessi ár urðu Árnes- og Rangárvallasýsla að vera skólalausar vegna þessarar togstreitu. Þegar hv. þm. segir, að ekki beri á þessu lengur, þá er það e. t. v. vegna þess, að hann þekkir ekki til nema í Árnessýslunni, og þar hafa menn eðlilega gleymt þessu fyrr, þar sem þeir báru sigur úr býtum og fengu skólann til sín. Sennilega hverfur þetta smátt og smátt vegna þess, hve skólinn hefir reynzt góður og fengið gott orð á sig, hve staðurinn hefir reynzt heppilegur og mikið mannval valizt að skólanum, en það er ekki alveg horfið enn úr Rangárvallasýslu. Ég vil biðja þm. að líta á, hve lítil aðsókn hefir í raun og veru verið að skólanum úr Rangárvallasýslu. Það er eingöngu vegna þessarar miskliðar. Ég hygg því, að ég hafi sízt ofmælt í þessu efni. Því er ekki ástæða til að stofna svipuðu máli í samskonar hættu, máli, sem við viljum þó allir, að nái fram að ganga.

Hv. þm. Borgf. sagði, að í þessu máli hefði aðeins verið að ræða um héraðakryt. Ef hann hefir megnað að tefja mál í áratugi, hve lengi getur þá togstreita milli 6 aðilja tafið málið? En að því stefnir einmitt með till. hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr., því þar er sagt, að skólinn skuli

vera í sambandi við einhvern héraðsskólanna, og þeir eru, eftir því sem ég bezt veit, sex talsins. Ég vil biðja menn að gera sér þetta vel ljóst, því þessu ágæta máli er stórhætta búin, ef brtt. hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. nær fram að ganga. Hvaða samræmi er líka í því, þegar hv. landbn. hefir getað komið sér saman um alla hina skólastaðina, Hallormsstað, Laugar, Laugaland, Blönduós, Staðarfell, Laugarvatn og Reykholt, að þá skuli ekki eins mega ákveða stað þessum eina skóla. Getur ekki eins orðið ágreiningur um, hvort þessir staðir séu þeir heppilegustu, á sínum tíma?

Þar sem aðeins eru heimildarlög, sem á að samþ. fyrir þessum eina skóla, þá er ennþá meiri ástæða að leggja ekki slíkan þröskuld í veg hans og láta hann ekki skrölta lausbeizlaðan milli sex staða á landinu.

Þar sem ég þykist vita, að hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. séu þessu máli velviljaðir, vil ég mælast til, að þeir taki brtt. sína aftur, þegar þeir sannfærast um, að þeir geta ekki gert málinu meira ógagn á annan hátt en með henni.

***Eiríkur Einarsson:** Það gladdi mig, þegar ég heyrði, að hv. 1. þm. Rang. vildi draga úr því, er hann sagði í fyrri ræðu sinni. Auðvitað þekki ég þar bezt til, sem ég er kunnugastur, og get því bezt borið um afstöðu manna í Árnessýslu um þetta mál.

Ég tel það ekki alveg rétt hjá hv. þm., að það hafi orðið 10 ára töf, er hlauzt af þessari togstreitu um skólamálin. Mig minnir, að það væri á Alþ. 1921 eða '22, sem ég og fleiri bárum fram þáltill. um stofnun héraðsskóla, og það mál hlaut frá því fyrsta hinar beztu undirtektir frá löggjafarvaldinu. Held ég svo, að Laugarvatnsskóli hafi verið reistur árið 1928, svo hv. þm. sér, að ekki var um neina áratugatöf að ræða; það hefir hann aðeins sagt til að gefa orðum sínum meira áhrifamagn í augnablikinu. Ég veit ekki betur en að þeir bændur, sem á annað borð ætla að láta börn sín í héraðsskóla, sendi þau nú að Laugarvatni og erfi þannig alls ekki þessa gömlu misklíð.

Einnig tel ég það ekki rétt hjá hv. þm., að 50 ár séu liðin frá því að farið var að tala um skóla á Eyrarbakka og að þar hafi verið átt við héraðskólann. Nei, það var annar þáttur í menningarmálum okkar. En það hefir verið með þennan ágreining sem annan, að því fyrr, sem menn geta sætzt, því betra. Hvað viðvíkur Laugarvatnsskóla, þá er það mál nú komið á þann slétta sjó, og mun það ekki sízt vera því að þakka, hve þangað hefir valizt ágætur skólastjóri. Auðvitað hefir sá skóli eins og aðrir sína kosti og galla, en þá tel ég ekki að eigi að telja skólastjóranum til lasts. Það er ekki hægt að synda fyrir öll sker í þeim málum, og þau þurfa alltaf að standa til bóta. Fyrir þinginu liggur nú till. um að auka verklegt nám við skólana, og hygg ég, að það mál sé að öðrum þætti borið fram af skólastjóra Laugarvatnsskólans, og er það gott og réttmætt.

***Pétur Ottesen:** Mitt erindi með því að standa upp er ekki annað en það, að vara hv. þm. við því að láta þann anda, sem hv. 1. þm. Rang. hefir verið að reyna að koma inn í þetta mál með því að draga inn í það óskylt efni, hafa nokkur áhrif á afstöðu sína um að koma þessu máli áfram. Hann hefir reynt að stofna til sundrungar um þetta mál, en þar verður happadrjúgast sem annarsstaðar, að samvinna og samtök séu um að hrinda því áfram. En þessa sundrunarstarfsemi verðum við að láta hv. þm. einan um.

Ég þarf ekki að tala um þau rök, sem hv. þm. var að seilast til um það, að nú þegar ætti að slá föstum þeim stað, sem húsmæðrafræðsluskóli þessi ætti að standa á. Það er svo auðséð, að heppilegra er að láta það standa opið í þessum l., hvar hann verður reistur, svo haga megi því eftir því, hvar horfurnar virðast beztar á þeim tíma, sem byggja á hann. Enda hefir hv. þm. engar undirtektir fengið með þetta, ekki einu sinni hjá hv. 2. þm. Árn., sem þó hefði verið eðlilegt, að vildi halda þessu að þeim skólastað, sem hann hefir helgað krafta sína og tekið ástfóstri við. Ég veit, að fullkomlega má treysta þeim mönnum, sem verða á Alþ. og í ríkisstj. á þeim tíma, sem þetta kemur til framkvæmdar, til að velja þann stað, sem heppilegastur verður.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil algerlega neita því, að við hv. þm. Borgf. séum að koma nokkurri togstreitu inn í þetta mál. Hefði það verið ætlun okkar, þá hefðum við sennilega borið fram brtt. um, að skólinn yrði reistur í Reykholti. En hitt er annað mál, að við álítum langtum eðlilegra, að ekki verði nú þegar farið að binda það með l., hvar skólinn skuli vera. Það er enn nægur tími til þess. Ef t. d. Laugarvatn reynist heppilegri staðurinn, þá munu kostir þess vera eins auðsæir á þeim tíma, og þá er auðvitað sjálfsagt, að skólinn verði þar. Um það mun ekki verða nein óánægja, en komi togstreita í þetta mál, þá mun hún orsakast af því, að hv. 1. þm. Rang. heldur áfram að flytja þetta mál á sama hátt og hann hefir gert hingað til.

***Bjarni Bjarnason:** Ástæðan fyrir því, að umr. um þetta mál eru orðnar nokkuð langar, er sú, að einlægt eru að koma fram skrifl. brtt., sem sýna, að hv. landbn. hefir ekki hugsað málið eins og skyldi, og vil ég út frá því minnast á tvö atriði úr ræðu hv. þm. Borgf. Í fyrsta lagi það, að hann sagði, að n. hefði samið frv. alveg um, en eins og allir sjá, eru brtt. hv. n. alls ekki margar né merkilegar og minnst af þeim annað en orðalagsbreyt., enda hefir ekki ein einasta efnisbreyt. frá n. ennþá verið samþ., og að till. n. að því er snertir form hafa því aðeins verið samþ., að menn hafa ekki talið þær neinu máli skipta, og því borgar sig ekki að deila um þær.

Einnig vildi ég leiðrétta það atriði í ræðu hv. þm. viðvíkjandi brtt. á þskj. 111, þar sem hann sagði, að ég hefði tjáð mig persónulega mótfallinn till. Ég sagði aðeins, að ég gæti skilið, að ýmsum öðrum hv. þm. fyndist fleiri staðir á landinu vel fallnir fyrir kvennaskóla. Einnig vildi ég minnast á það atriði, sem minnzt hefir verið á í þessu sambandi, að ég væri að hugsa

um kaupstaðina. Ég álít sjálfsagt, að einnig sé tekið á móti stúlkum þaðan á þessa skóla svo lengi sem rúm leyfir, og þar að auki að sjá kaupstöðunum fyrir skólum eftir því, sem þörf þeirra krefur. En ég sagði ekkert um, hvernig því skyldi haga

Ég vil benda á í sambandi við brtt. hv. þm. Ísaf., að hann virðist misskilja, hvað þarna er um að ræða og hverju hann í rauninni vilji halda fram; þ. e. með því að breyta nafni frv. Með því yrði lögfest, að skólarnir væru eingöngu fyrir stúlkur úr sveitum, og stúlkum úr kaupstöðum og kauptúnum þar með bannaður aðgangur að þeim. En það skiptir ekki miklu máli, hvort svona skólar eru í bæ eða sveit. Námsgreinarnar eru að miklu leyti þær sömu, og margar stúlkur frá kaupstöðunum æskja heldur að sækja skóla út til sveita. Ég veit t. d. með námskeið þau, sem við höfum árlega á Laugarvatni, að þau sækir fjöldi stúlkna úr Reykjavík í hvert sinn. Væri nú einhversstaðar lögfest, að þær mættu ekki sækja skólann, þá mætti ég ekki veita þeim viðtöku, þótt nóg rúm væri fyrir þær. Þetta er það, sem hv. þm. Ísaf. hefir ekki hugsað til hlítar.

Ég get látið máli mínu lokið að öðru leyti en því, að til sönnunar því, að mál þetta hafi verið nægilega hugsað af minni hálfu, vil ég geta þess, að ég hélt því fram, að við ættum að láta standa í frv. handavinnu, sem skiptist svo í fleiri greinar, sauma, vefnað o. s. frv., en hv. landbn. vildi heldur nefna þetta vefnað og handavinnu. Þetta sýnir, að hv. n. hefir ekki gagnhugsað þetta atriði, sem og fleiri. Ennfremur að því er snertir húsdýr, vildi n. binda það við alifugla, en ég vildi binda það við húsdýr yfirleitt. Þannig gæti ég tilnefnt ýmis dæmi fleiri um, að þeir hv. landbnm. hafa ekki skilið þetta betur en þeir, sem staðið hafa með mér að málinu.

ATKVGR.

Brtt. 134,1 samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, ÍslH, JGM, StgrSt.

nei: TT, BJ, BjB, HelgJ, JPálm, PO, SEH, StSt, SvbH, JörB.

EE, GSv[1]), PHann, SkG greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÞ, HG, HV, JakM, ÓTh, SK, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 110,1 felld með 15:11 atkv.

— 136 samþ. með 14:6 atkv.

— 112, svo breytt, samþ. með 14:8 atkv.

— 110,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 135 samþ. með 14:8 atkv.

— 111 felld með 15:9 atkv.

— 134,2 samþ. með 14:10 atkv.

Frv, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni: **Frv. til l. um húsmæðraskóla í sveitum.**

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 137).

1) GSv: Vísa til ræðu minnar og greiði ekki atkv.

Á 36. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Ég held, að það liggi annað samskonar mál fyrir menntmn., og ég legg til, að þessu máli verði vísað þangað.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég geri það að till. minni, að málinu verði vísað til landbn.

Jónas Jónsson: Það kann að þykja einskonar eigingirni hjá mér að fara fram á, að þessu máli verði vísað til menntmn., sem ég á sæti í, en það stendur þannig á, að við erum nú í n. með frv. sama eðlis, og ég álít heppilegra, ef hv. d. hefði ekkert á móti því, að bæði málin væru í sömu n., og mér finnst andinn í menntmn. þannig, að við munum á þessu þingi koma með nokkuð ýtarlega till. um skipulag á húsmæðrafræðslunni í kaupstöðum alveg sérstaklega, og það mundi verða alveg eðlilegt við hliðina á þessu frv., ef það nær fram að ganga.

Forseti (EÁrna): Þetta frv. mun hafa verið hjá landbn. í Nd., en það getur vel farið í menntmn. þessarar d. Það er ekkert ákvæði í þingsköpum, sem mælir á móti því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10:2 atkv.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 289, 296).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** N. hefir að mestu orðið sammála um þetta mál. Einn nm. hefir þó flutt eina litla brtt., sem ég mun minnast á síðar. Málið hefir verið nokkuð rækilega undirbúið af hæstv. stj. En fyrir menntmn. hér í d. lá líka frv. um húsmæðrafræðslu í Reykjavík og húsmæðrakennaraskóla fyrir allt landið, og var til þess ætlazt, að báðir þessir skólar yrðu undir sama þaki.

Nú var nokkuð ólíkt ástatt um þessi tvö frv. Frv. stj., sem kom frá Nd., var mjög rækilega undirbúið og ýtarlegt, og var í því séð fyrir öllum sjáanlegum þörfum sveitanna. En frv. um húsmæðrafræðslu í Reykjavík getur verið sæmilega fullkomið fyrir Reykjavík, enda þótt þar væri ekki séð fyrir þörfum kaupstaðanna. Nú hefir hv. Nd. ekki viljað undirstrika, að þetta frv. ætti að vera fyrir allt landið, því að þegar það kom þaðan, var það orðið sem frv. til l. um húsmæðrafræðslu í sveitum. Niðurstaðan hjá meiri hl. n. varð því sú, að afgr. frv. óbreytt, en flytja svo þáltill. hér í d. um að skora á ríkisstj. að semja allsherjar frv. fyrir kaupstaðina.

Að því er snertir undirbúning málsins, vil ég skýra frá því, að í fyrravetur fékk ung kennslukona, sem hafði lokið námi við helzta húsmæðrakennaraskóla í Noregi, nokkurn styrk hér heima til að ferðast milli flestra meiri háttar húsmæðraskóla á Norðurlöndum. Gaf hún síðan skýrslu um ferðalag sitt. Eftir það fékk stj. Benedikt Blöndal kennara á Eiðum til að semja frv. til l. um húsmæðrafræðslu. Var það lagt fyrir Alþingi í fyrra, en náði ekki samþykki.

Aðalgrundvöllur, er Benedikt Blöndal byggði á, var reynslan, er fengizt hefir hér heima. Var tekið það ráð að ákveða skólunum fasta styrkupphæð fyrir hverja námsmey, en tryggja þeim þó ákveðinn lágmarksstyrk, þó að aðsóknin yrði óvenjulega lítil ár og ár. Hefir verið gætt sæmilegs hófs í þessu. Af skýrslum þeim, er hér fylgja með, sést, að sumir aðrir skólar eru ríkinu dýrari. En þessir skólar eru ólíkir bændaskólunum, sem að mestu eru kostaðir af héruðunum.

Þar sem hinsvegar eru allar líkur til, að húsmæðrafræðslan nái til meiri fjölda en búnaðarfræðslan, þar sem húsmæðraskólarnir eru þegar fleiri og hver um sig ódýrari en bændaskólarnir, þá geri ég ráð fyrir, að það sé álit manna, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að þeir verði reknir á viðunandi hátt með minni styrk en hér er farið fram á, enda er það byggt á langri reynslu. Undanfarið hefir ríkt allmikið misrétti í skiptingu styrksins milli húsmæðraskólanna. Má í því sambandi benda á það, að Blönduósskólinn fékk miklu meiri styrk en aðrir sambærilegir skólar, og var látið sitja við það meðan Blönduósskólinn var svo að segja einn um hituna, en nú er stillt svo til, að allir eru settir við sama borð og mega vel við una.

Af þeim skólum, sem hér eru nefndir, eru nokkrir þegar komnir á alveg fastan fót, svo sem skólarnir á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, á Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, á Blönduósi og ekki sízt skólinn á Hallormsstað í Suður-Múlasýslu. Þessir skólar eru allir eign sýslu- eða hreppsfélaga. Aftur á móti er einn skóli, sem rekinn hefir verið sem einkafyrirtæki; það er skólinn á Staðarfelli í Dalasýslu. Tveir skólar eru óbyggðir; en gert ráð fyrir, að þeir verði byggðir við héraðsskólana á Laugarvatni í Árnessýslu og í Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Ég ætla að minnast lítilsháttar á skólana á Staðarfelli og Laugarvatni. Annar þeirra hefir þegar starfað um nokkur ár. Í Árnessýslu er þegar hafin nokkur fjársöfnun til skólastofnunar á Laugarvatni, og er þar með búið að sýna vilja héraðsbúa í því efni. Borgfirðingar virðast aftur á móti ætla að verða á undan öllum öðrum með að koma upp mikilli vinnukennslu við héraðsskólann í Reykholti, bæði fyrir karla og konur, og munu því varla takast á hendur önnur stórverkefni fyrst um sinn.

Á Staðarfelli hefir skólinn húsrúm fyrir 26 stúlkur og hefir því næstum því eins mikla möguleika og stærsti skólinn, sá á Blönduósi. Hann hefir hinsvegar um nokkur undanfarin ár lifað eingöngu á Herdísarstyrknum, eða eignum sínum, og hefir því átt við þröngan kost að búa. Þegar til kom var húsið á Staðarfelli, sem var á jörðinni þegar ríkið keypti hana, ekki nógu stórt, og varð að byggja við það fyrir peninga sjóðsins. Við það minnkaði hann svo mikið, að hann hefir varla getað staðið undir rekstri skólans. Þetta hefir hæstv. stjórn viðurkennt og að ekki væri gerlegt að láta þar við sitja og hefir því sett í fjárlög þessa árs 3 þús. kr. styrk til skólans, svo að hann standi svipað að vígi og hinir skólarnir. Ætti því skólinn að geta tekið til starfa af fullum krafti á næsta hausti vegna þessara ráðstafana Alþingis, jafnvel þótt þetta frv. nái ekki fram að ganga, því skólinn hefir mikinn stuðning af þessu framlagi, sem sett hefir verið í fjárl.

Þá kem ég að því atriði, sem hv. nm. gerði að ágreiningsatriði, eða vildi gera viðbótartill. við. Það var um það, hvort kennslukvennaskóli fyrir allt landið ætti að vera til frambúðar á Laugarvatni eða aðeins fyrst um sinn og síðar meir starfræktur annarsstaðar. Um þetta ætla ég að fara fáum orðum. Þessi nýi liður er um það, að byrjað verði að kenna þeim íslenzku kennslukonum, sem stunda ættu þessi störf, og verði til þess varið tveggja vetra námskeiði. Þetta fyrirkomulag er það sama í báðum frv., bæði því, sem flutt var um húsmæðraskóla í Reykjavík, og í þessu frv. Ég hygg það sé venjulegt í næstu löndum, að þessir skólar fyrir kennslukonur séu tveggja ára skólar og er það byggt á því, að stúlkurnar hafi verið eitt ár í góðum undirbúningsskóla og hafi auk þess nokkuð mikla verklega æfingu og almenna menntun.

Ég ætla að fara um það nokkrum orðum, hve mikil nauðsyn er fyrir okkur að koma upp slíkum skóla, hvar sem hann verður.

Það er enginn vafi á því, að við Íslendingar gerum okkur mikinn skaða með því, hve ógrundvallaða þekkingu við höfum á okkar eigin matarhæfi. Eins og við höfðum fastan húsbyggingastíl fyrr á tímum, sem mótaðist af því, sem kringumstæðurnar leyfðu, en nú er að mestu leyti lagður niður vegna breyttra staðhátta, eins var líka fast fæði og fastar línur, sem farið var eftir um meðferð fæðuefna, svo ekki er hægt að neita því, að við höfum okkar sérstaka mataræði, þótt fæðan væri auðvitað af skornum skammti á hallæristímum. Með nýjum tímum komu svo nýjar, innfluttar vörutegundir, og þá breyttist okkar matarhæfi í þá átt, sem það er nú, og er það mjög óskipulegur og óskynsamlegur hrærigrautur, dýrt og óheppilegt. Sumt af okkar gömlu og góðu fæðu hefir lagzt niður, harðfiskur t. d. er minna notaður en áður og skyr var til skamms tíma mjög fallið í verði, svo að þegar fólk upp til sveita, sem hafði nóga mjólk og gerði skyr, vildi veita langt að komnum gestum sem beztan beina, þá þorði það ekki að bjóða þeim skyr, heldur bjó til súpur úr útlendum efnum, sem voru dýrar og áttu miklu síður við á þeim stöðum.

Það, sem mest er aðfinnsluvert um íslenzkt mataræði, er, að það er hvorki fugl eða fiskur; það er samsteypa af margra landa matartilbúningi og ekki verið reynt að velja það úr, sem bezt hæfir okkar staðháttum og okkur sjálfum. Ég vil minnast á eitt atriði, þótt ég vilji ekki með því kasta á neinn hátt steini á þann kaupstað, sem á hér fulltúa þann, sem er sessunautur minn, sem sé Siglufjörð. Enginn frýjar Siglfirðingum þess, að þeir séu duglegir að veiða síld. En þegar menn þeirrar þjóðar, sem mest hefir gert úr okkar ágætu síld, sem eru Svíar, koma til Siglufjarðar og Akureyrar og búast þar við að fá hina ágætu íslenzku síld, sem þá hungrar eftir í sinu eigin landi og hafa þar í mestu metum, þá er hvorki á Siglufirði eða Akureyri,

almennt talað, mögulegt að fá síld tilsvarandi framreidda og hún er framreidd t. d. í Svíþjóð. Mikill hluti okkar þjóðar stendur í þeirri meiningu, að þessi fæðutegund, sem við framleiðum svo mikið af, sé algerð úrgangsvara, sem sé sæmilegt að gefa skepnum, en ekki mönnum. Ég tek þetta dæmi aðeins af því, að það sýnir nokkuð glöggt, hvar við stöndum í þessu efni, og það er af því, að okkur vantar einhverja miðstöð, sem byrjar á því að endurreisa nútíma íslenzka fæðumeðferð á grundvelli okkar menningar og sögu og þeim fæðutegundum, sem við höfum. En það verður aldrei gert meðan hver kona, sem kenna á við húsmæðraskóla, verður að sækja þessa menntun sína til annara landa. Ég býst við, að allir séu mér samdóma um, að við verðum að fá þessa miðstöð, og ef við ekki fáum hana strax nógu góða, þá verðum við að bæta hana þar til hún er orðin svo góð, að þaðan komi þekking til að gera íslenzkt mataræði gott og heilbrigt, miðað við okkar kringumstæður.

Ég mun e. t. v. síðar minnast á þann smávægilega ágreining, sem orðið hefir okkar á milli í n., en læt hér staðar numið að þessu sinni. Ég álít, að frv. eigi að samþ. óbreytt og álít, að það sé byggt á fullum rökum, en jafnframt játa ég það, að hin hliðin, matreiðslukennslan og húsmæðrafræðslan í kaupstöðunum, er enn ófullkomin, en ég álít bezt fyrir henni séð með því, að hafinn verði skipulagður undirbúningur undir afgreiðslu hennar, sem svo fari fram á næsta þingi.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil láta í ljós gleði mína yfir því, að húsmæðrafræðslunni í sveitum landsins er svo komið sem frv. þetta gefur til kynna, því einmitt fræðsla húsmæðranna í sveitunum er undirstaða fyrir frekari fræðslu margra ungra stúlkna, bæði þeirra, sem koma til kaupstaða frá sveitunum, og þeirra, sem eftir eru í sveitunum. Tel ég þetta stórt spor í framfaraátt. Það er ekki vegna þess, að ég sé óánægð með frv., að ég ber fram tvær litilfjörlegar brtt., en ég tel það frv. til bóta, og því áleit ég rétt að bera þær fram.

Hv. form. menntmn. hefir skýrt allgreinilega afstöðu okkar beggja til þessa máls, og tek ég því aðeins stærstu atriðin. Það er fyrri brtt. við 11. gr. frv., þar sem talað er um, að heimilt sé að taka af námsmeyjum húsaleigugjald, allt að 40 kr. yfir skólaárið. Þegar frv. kom upphaflega frá hv. flm. var þetta ákvæði ekki í því, né heldur skylda til að greiða skólagjald. Þessi viðbót komst inn í frv. í hv. Nd. Ég var viðstödd þegar málið var rætt þar, og voru menn ekki á einni skoðun um, hvort taka ætti gjald af *námsmeyjunum*, sem verða á þessum skólum. Ég hygg, að þær séu flestar félitlar og munu ekki hafa upp á annað að hlaupa en sumarkaup sitt eða þá stuðning foreldra sinna eða annara aðstandenda. Þótt svo megi segja, að 40 kr. gjald muni ekki miklu, þá álít ég, að óhægt geti orðið fyrir efnalitlar stúlkur að greiða það, enda hygg ég, að það hafi aldrei verið meining hv. flm. að leggja þetta gjald á stúlkurnar.

Hin brtt. við 13. gr. fjallar um húsmæðrakennaraskólann. Eins og hv. form. n. drap á, lágu fyrir n. 2 frv. um húsmæðrafræðslu; annað var það, sem hér er á dagskrá í dag, hitt er um húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík. Það frv. var lagt til hliðar í bili, en n. samþ. að leggja fram till. til þál., sem hv. form. menntmn. hefir skýrt frá. Er þar óskað, að gert verði ráð fyrir, að stofnaður verði kennaraskóli í sambandi við stærsta skólann á landinu. Því þótt mér til hlýða, að það kæmi fram í því frv., sem hér er í uppsiglingu, að þessi skólastofnun yrði ekki fast bundin við einn stað á landinu, heldur væri það aðeins bráðabirgðastofnun, þar til öðruvísi verður skipað. Þess vegna bar ég fram þessa brtt., sem ekki haggar frv. neitt, en heldur áfram þeirri stefnu, sem gert er ráð fyrir í 13. gr., á þann hátt, að þessi skóli verði starfræktur þar til *húsmæðrakennaraskóli* Íslands verður stofnaður, hvar sem það svo verður.

Eins og ég sagði áðan, er það ekki meining mín að tefja fyrir frv., en taldi mér bera að koma fram með þessar brtt., þar sem ég áleit, að hv. Nd. hafi ekki öll verið sammála um, að taka ætti húsaleigugjald af námsmeyjunum.

Ég læt nægja að gera grein fyrir, hvað fyrir mér vakti með því að bera fram brtt., og skal ekki tefja frekar fyrir hv. d.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég ætla að bæta við örfáum orðum út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Í sjálfu sér má segja, að brtt. um að fella niður heimild til að krefja stúlkurnar um húsaleigu fari í frelsisáttina, en þó held ég, að þetta sé ekki til bóta. Þessir skólar, nema Staðarfellsskólinn, eru yfirleitt byggðir með fjárframlögum úr héruðunum, og margir þeirra eru í verulegum skuldum. Ég vil taka t. d. skólann á Hallormsstað, sem er einn stærsti skólinn. Hann er í miklum skuldum. Aftur á móti býst ég ekki við, að Eyjafjarðarskólinn sé í miklum skuldum. En einmitt vegna þessa er heppilegt að orða þetta eins og það er gert í frv. Sumir þessir skólar mega til með að fá húsaleigu til að hafa sig upp úr skuldunum, en munu fella hana niður þegar það er búið. Ég vona, að hv. flm. brtt. muni, einmitt m. a. vegna Hallormsstaðaskólans, sem ég veit, að hv. flm. ann alls góðs, bæði af fjórðungsástæðum og öðru, sjá, að ef brtt. þessar eru samþ., þá er það stórum verra fyrir þessa ágætu skóla. En enginn skóli mun halda þessu gjaldi lengur en þörf gerist. Samt sem áður fæst mikil réttarbót fyrir námsmeyjarnar með þessu frv.; áður hafa skólarnir nefnilega orðið að krefja stúlkur um skólagjald.

Um hinn lið brtt., um að setja nú þegar í l., hvar þessi framtíðar húsmæðrakennaraskóli *skuli* vera, þá er það að segja, að nokkur ár geta liðið enn þar til byggt verður í þessari sveit, og aftur geta liðið nokkur ár frá því að það var gert, þar til farið verður að tala um að flytja hann, en á þeim tíma er eðlilegast, að þeir menn, sem þá lifa, taki ákvörðun um, hvar hann skuli vera. Stúlkur hafa því miður enn lægra kaup en karlar og hafa því minni efni til að kosta sig á þessa skóla. Þá munar ekki litlu, hvað þeim verður ódýrara að vera á skóla eins

og á Laugarvatni eða Reykholti, eða þeim öðrum stöðum, sem hafa hverahita, og fyrir stúlkurnar, sem eru að reyna að brjótast sjálfar áfram, er þetta ekki lítið atriði. Fyrir stúlkur á kennslukvennaskólunum verður þetta þriggja ára nám, þar sem gert verður ráð fyrir eins vetrar námi í einhverri undirbúningsdeild; þær munar því mikið um þessa verðlækkun.

Þar að auki er það ekki einungis kostnaðurinn, sem um er að ræða. Það er kunnugt, að fólki líður betur á þeim stöðum, sem náttúrugæði eru meiri. Það eru t. d. ekki lítil hlunnindi fyrir þessar tilvonandi kennslukonur að hafa sundlaug svo að segja innanhúss, og sömuleiðis eru þar tækifæri til að iðka gufuböð þau, sem við vitum, að forfeður okkar notuðu, svo ég taki ekki fleira. Þá er og kostur að eiga völ á ágætu íþróttahúsi rétt við skólann, sem ekki þarf að kosta til sérstaklega. Það er ekki stórt atriði, hvort þessar brtt. verða samþ. eða ekki, vegna þess, að það yrði alltaf umhugsunaratriði hér á Alþ., hvort ætti að flytja skólann þegar búið væri að byggja á einum stað. Sumir skólar verða að vera í Reykjavík. Ég hefi lagt fram till. um að reistur verði stór og góður stýrimannaskóli í nágrenni Reykjavíkur, og við erum að byggja hér vandaðan háskóla. Hvorugur þessara skóla getur verið upp í sveit. En ég álít ekki að hægt sé að færa rök fyrir því, að ekki sé heppilegt, að þessi fræðsla stúlknanna fari fram upp í sveit.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, en það er eitt atriði, sem ég vildi minnast á og heyra álit hv. frsm. um. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa fyrri hl. 8. gr. frv.: „Skólaráð hvers skóla sé skipað fimm mönnum, til 4 ára í senn. Ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður. Hina fjóra tilnefna þeir aðiljar, er teljast stofnendur skólans“. — Það er svo um skóla þann, sem ég þekki bezt til, Staðarfellsskólann, að ekki mun leika á tveim tungum, að aðalstofnandi skólans er frá Herdís Benediktsen, sem í arfleiðsluskrá sinni gaf fé til að reisa hann. Nú er hvorki hún né hennar hér til að nefna menn í skólaráð. Ég get tekið fram, að líta má svo á, að Magnús Friðriksson, sem enn lifir, eigi einnig hlut í stofnun þessa skóla, en ekki er vafi á, hvort er aðalstofnandinn. Raunar get ég gert mér í hugarlund, að í stað aðalstofnandans kæmi sá aðilji, sem hefir yfirráð yfir sjóðnum.

Ég vildi satt að segja fá það skýrt fram tekið, hvaða aðili það væri, sem ætti að velja mann í þetta skólaráð. Ég er ekki að heimta, að því verði lýst yfir nú, ef hv. frsm. þykir ekki tími til þess, en ég vildi fá að vita þetta áður en frv. kemur til 3. umr., því að annars mun ég koma með brtt. við þetta atriði.

Guðrún Lárusdóttir: Það er aðeins út af því, sem hv. frsm. sagði um brtt. mínar. Hann kom einmitt sjálfur með sönnun fyrir réttmæti þessarar brtt., þar sem hann var að tala um mismun á kaupi karla og kvenna. Annars get ég í sambandi við brtt. mína tekið það fram, að ég vildi gjarnan sýna þá tilhliðrunarsemi að taka brtt. mína aftur til 3. umr. og fá hana rædda nánar í n. En viðvíkjandi síðari brtt., þá verður það sjálfsagt alltaf álitamál, sem tæplega verður útkljáð á einum þingfundi, hvar slíkur skóli eigi að standa. Ég held því fram, að það væri heppilegri staður fyrir hann hér í Reykjavík heldur en upp í sveit. Það má t. d. benda á, að ef skólinn yrði upp í sveit, þá legðist ekki lítill kostnaður á allt það, sem flytja þyrfti til skólans, og það er hreint ekki svo lítið, sem flytja þarf til slíks skóla. Þetta er kannske ekkert atriði, en það er annað, sem ég álít vera til stuðnings því, að skólinn verði hafður í Reykjavík, og það eru þau skilyrði, sem hér eru fyrir hendi. Á ég þar við ýmsar stofnanir, eins og t. d. rannsóknarstofu háskólans o. m. fl. Ég geri ráð fyrir, að í þessum skóla yrði kennd efnafræði, og væri þá mjög þægilegt að vera í námunda við slíka rannsóknarstofu, svo að eitt dæmi sé tekið.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Út af fyrirspurn viðvíkjandi Staðarfelli vildi ég í samráði við fyrirspyrjandann óska eftir, að ég þyrfti ekki að svara henni fyrr en við 3. umr., vegna þess að ég vildi bera mig saman um þetta við hæstv. ríkisstj. og e. t. v. fleiri. Mér skildist hv. 2. landsk. vera til með að taka fyrri brtt. sína aftur til 3. umr. Ég vil hinsvegar mælast til, að síðari brtt. á sama þskj. verði felld.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 296,1 tekin aftur til 3. umr.
3.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 296,2 felld með 9:2 atkv.
13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jónas Jónsson): Það hefir einn hv. þm. óskað eftir því, að þetta mál kæmi ekki til umr. fyrr en á morgun. Og ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann verði við þeirri ósk.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 137, 296).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég ætla að segja fáein orð um þetta mál við þessa umr., raunar fremur frá minu eigin brjósti en fyrir hönd n., sem hafði málið til meðferðar, því að hún hefir ekki getað talað sig saman. Ég vildi svara fyrirspurn út af Staðarfellsskólanum, um það, hvernig koma mætti fyrir skólanefnd þar. Ég álít, að þeir tveir aðiljar, sem hafa lagt fé fram til skólans auk ríkissjóðs, sem sé gjöf Herdísar Benediktsen, sem stendur undir umsjón stjórn-

arráðsins, og Magnús Friðriksson, áður bóndi á Staðarfelli, sem hefir gefið jörðina og nokkuð meira til skólans, geti einir komið þar til greina. Skólinn er stofnaður af Magnúsi á Staðarfelli, og virðist hann því vera sjálfsagður sem nm. í stj. skólans. Það verður varla fram hjá þeim hjónum gengið í skólanefnd meðan þau lifa, en að öðru leyti á kennslumálaráðuneytið að tilnefna menn í skólanefndina fyrir Herdísarsjóð.

Ég hygg ekki, að hér geti aðrir aðiljar komið til greina, en þeir, sem ég nú hefi nefnt, sem sé aðallega stjórnarráðið og gefendur Staðarfellsskólans. Ég hygg, að húsmæðraskólinn á Hallormsstað hefði farið sérstaklega illa út úr því, ef þessi till. hefði verið samþ. Hin duglega og áhugasama forstöðukona skólans, frú Sigrún Blöndal, hefir alltaf lagt áherzlu á, að skólinn væri tveggja ára skóli. Það er henni áhugamál, en hefir skaðað hana fjárhagslega. Hinsvegar færir hún mörg rök og gild fyrir því, að þetta sé gott og nauðsynlegt í sjálfu sér. Ég vil segja það hér, þó að ég áliti ekki, að til greina komi breyt. á þessu stigi, að það má búast við, að þessi skóli verði dálitið illa settur í framtíðinni, með töluvert stórar stofnskuldir, sem hann reynir að afborga með þessum litla húsaleigustyrk. Á hinn bóginn verður þetta til að svipta skólann kennslugjaldi, sem hefir verið um 2—3 þús. kr., án þess að tekjur hækki verulega. Ég vildi taka þetta fram hér, vegna þess að ég býst við, að hlynna þurfi að þessari stofnun á einn eða annan hátt á næstu árum. Og ég er ánægður yfir því, að þessi skóli getur haldið húsaleigustyrknum í bili, vegna þess að nauðsynlegt er, að hann hafi þann stuðning upp í afborganir hússins, þó að æskilegt sé, að svo þurfi ekki að vera. Annars ætla ég ekki að fjölyrða um seinni brtt. Ég færði fram þau rök, sem ég gat viðvíkjandi henni, við síðustu umr.

ATKVGR.

Brtt. 296,1 felld með 9:5 atkv.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 375).

23. Skemmtanaskattur til sveitarsjóða.

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur] (þmfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv., sem flutt er af mér og hv. þm. Borgf., þarf ekki mikilla skýringa við, vegna þess að það hefir tvisvar legið fyrir Alþ. áður. Og það hefir mætt hér mjög góðum móttökum, bæði í þeirri n., sem fjallað hefir um það, og sömuleiðis í þessari hv. d. sjálfri. Í bæði skiptin, sem það hefir legið hér fyrir, hefir því verið vísað til Ed. En þar hefir það ýmist verið fellt eða á annan hátt strandað. Nú vil ég freista þess í þriðja sinn, hvort hv. Ed. vill ekki sjá að sér við það, að hún athugi málið betur, og samþ. það.

Efni frv. er það, að undanskilja ungmennafélög skemmtanaskatti fyrir samkomur þær, sem þau halda til sveita. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ungmennafélögin eru lang-þýðingarmestu samtök, sem þekkjast og um langt skeið hafa þekkzt, til þess að halda uppi margskonar menningarstarfsemi í sveitum, og til skamms tíma þau einu. Þetta gera þau og hafa gert á ýmsan hátt, fyrst og fremst með því að glæða menningarlíf æskunnar í sveitunum og auka þá heilbrigðu glaðværð, sem æskunni er nauðsynleg, og sömuleiðis með því að ala fólk upp til þess að taka þátt í þeirri félagslegu starfsemi, sem bíður allra manna, þegar þeir þroskast. Ennfremur hafa þau barizt fyrir þörfum framkvæmdum hvert í sinni sveit og héraði. M. a. hafa ungmennafélögin að nokkru leyti staðið fyrir og styrkt héraðsskóla, sem undanfarin ár hafa verið stofnaðir, og fleiri menningarstofnanir hafa þau styrkt, sem kostað hefir mikið fé.

Einn liður í starfsemi ungmennafélaganna eru íþróttamót í sveitum. Þessi íþróttamót efla glaðværð og fjör í sveitum landsins, auka íþróttaáhuga og þar með íþróttastarfsemi. Og loks hafa þau verið að nokkru leyti notuð til þess að safna fé fyrir ungmennafélögin, sem þau þurfa, til þess að halda uppi þeirri starfsemi, sem þau hafa framkvæmt.

Nú er þannig ástatt, að Ungmennasamband Borgarfjarðar hefir um langt skeið haldið uppi föstum íþróttamótum í héraðinu og hefir valið til þess ákveðinn stað og kostað nokkuð miklu til í því sambandi. Á síðustu árum hefir hreppsnefndin á þessum stað fengið leyfi til að nota sér heimild l. um skemmtanaskatt til þess að leggja skatt á þessi mót í héraðinu, þannig að það er hvorki meira né minna en að ungmennafélögin verða að borga 20% af brúttó tekjum af mótunum til viðkomandi sveitarfélags. Nú þykir það ranglátt, að einn hreppur innan þessa héraðs — en að Ungmennasambandinu standa allir hreppar í tveimur sýslum — fái aðstöðu til að skattleggja þessa starfsemi Ungmennasambandsins. Ennfremur torvaldar þetta fyrir Ungmennasambandinu að halda uppi þessari og allri annari starfsemi þess, sem er m. a. að greiða nokkurn hluta stofnkostnaðar Reykholtsskólans, sem það hefir tekið að sér. Og Ungmennasambandið (U. M. S. B.) ætlar að stuðla að stofnun húsmæðraskóla í Reykholti, sem stefnt er að að stofna á næstu árum. Mér virðist ranglátt og óeðlilegt að skattleggja þessa starfsemi þessara ungu manna. Ég vænti þess því, að þessi hv. d. taki þessu máli með sama skilningi og að undanförnu. Og í þeirri von, að hv. Ed. sjái að sér, þá flyt ég málið hér í þriðja sinn. Og fullreynt er ekki fyrr en í þriðja sinn.

Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér virðist eðlilegast, að frv. þetta gangi til allshn. En hvaða n. sem fær það til meðferðar, vil ég biðja þá n. að gæta þess og athuga það, að allar sömu ástæður, sem að dómi hv. flm. þessa frv. og

margra annara liggja til þess, að sanngjarnt þykir að undanþiggja svona félög í landinu, sem halda uppi samkomum eins og U. M. S. B., hljóta einnig að liggja til þess að veita samskonar undanþágur öllum öðrum félögum í landinu, sem halda samkomur til styrktar menningarstarfsemi og almennri styrktarstarfsemi. Vildi ég leyfa mér að skjóta því til n., sem fær þetta mál til athugunar, að taka jafnframt þau atriði löggjafarinnar til athugunar, sem taka til þessa, sem ég minntist á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 90, 91).

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** N. hefir haft ýmsar till. um þetta efni, en þó hefi ég ekki orðið var við, að fram kæmi nema ein brtt., frá mér. Sú brtt. er ekki stórvægileg, en hún gefur öllum félagasamböndum sama rétt til skattfrelsis eins og ungmennafélagasamböndunum, ef allur ágóðinn af skemmtunum, sem haldnar eru fyrir heil héruð, rennur annaðhvort til menningar- eða styrktarstarfsemi. — Ég geri ekki ráð fyrir, að hreppsjóðum yrði mikill tekjumissir af þessari breyt., en aftur á móti verða með þessu móti allir jafnir fyrir l. Þessi breyt. á skemmtanaskattsl. kostar ríkissjóð ekki einn eyri, því að hún er gerð á l. frá 1922, sem eru breyt. á l. frá 1918 um skemmtanaskatt, sem rennur í bæjar- eða sveitarsjóði. Á þeim stöðum, sem hafa færri ibúa en 1500, gilda þau l. ennþá.

N. lítur svo á, að það sé ranglátt, að einn hreppur skattleggi aðrar skemmtanir en þær, sem haldnar eru fyrir innanhreppsmenn, en þegar skemmtanir séu haldnar fyrir heil héruð, þá eigi þau félög, sem standa fyrir skemmtununum, að fá að njóta teknanna af þeim, eða allir þeir hreppar, sem standa að mótinu, ættu að skipta skattinum á milli sín. En þar sem skemmtanaskatturinn er þess eðlis, sem hann er, er ekki nema eðlilegt, að undanþiggja þau félög skattgreiðslu, sem stofna til skemmtana til að afla sér tekna í menningar- og styrktartilgangi. Ég er hissa á því, hve hv. Ed. hefir staðið lengi á móti þessari sanngjörnu kröfu, og ekki sízt vegna þeirrar grg., sem fylgir frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar. Vænti ég þess, að þetta frv. verði að l., annaðhvort eins og það er eða með minni breyt. Ungmennasamband Borgarfjarðar á það skilið, að það sé ekki truflað í sinni starfsemi, því að það er að ýmsu leyti brautryðjandi í starfsemi ungmennafélaganna hér á landi.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla að lýsa því yfir, að ég ætla að koma með brtt. við 3. umr. málsins viðvíkjandi skemmtanaskatti verklýðsfélaganna yfirleitt.

Ég veit ekki, hvort hv. dm. er það kunnugt, hvernig skemmtanaskatturinn verkar á alla félagsstarfsemi verkalýðsins. Það er þannig, að það er svo að segja ómögulegt fyrir verkamannafélögin að halda nokkra skemmtun, án þess að tap verði á skemmtuninni, nema hvert sæti sé fullskipað í húsinu.

Þeir, sem fylgjast með verklýðsstarfseminni, vita, að þar er ekki eingöngu um kaupgjaldsþrætur að ræða, því að innan verklýðsfélaganna eru oft haldnar skemmtanir, sem hafa mikla menningarlega þýðingu, sem verkamenn eiga erfitt með að veita sér á annan hátt. Að leggja skatt á þessar ódýru skemmtanir fólksins finnst mér ekki ná nokkurri átt. Ég mun því leggja til í þeirri brtt., sem ég ætla að flytja, að þessar skemmtanir verði skattfrjálsar, með því skilyrði, að ágóðinn, ef einhver verður, renni til styrktarsjóða verkalýðsfélaganna.

***Jón Pálmason:** Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, virðist í fljótu bragði vera meinlaust og sanngjarnt, eins og það er fyrst fram borið, að ungmennafélagasamböndin skuli undanþegin þessum gjöldum. En þegar betur er að gætt, getur þetta verið vafamál.

Ég lít svo á, að skemmtanaskatturinn sé það skattgjald, sem sé með þeim eðlilegustu, og það af því, hve langt er gengið á ýmsum sviðum með allskonar skemmtanir hér á landi, og ef opnuð eru þessi l. fyrir ungmennafélögunum, þá er ekki hægt að mótmæla því, að það væri jafneðlilegt að undanþiggja skemmtanaskatti ýms önnur fölög, svo sem lestrarfélög, kvenfélög o. fl. félög, sem þarna gætu komið til greina. Ég held þess vegna, að það sé talsvert hæpið að fara inn á þessa braut, því að það leiddi til þess, að opnun l. yrði meiri en ástæða væri til, sérstaklega vegna þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli. Ég mun þess vegna greiða atkv. gegn þessu frv. af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar lýst.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil, að gefnu tilefni, benda á, að mín till. tekur til verklýðsfélagasambanda, sem halda skemmtanir fyrir stærri svæði en einn hrepp eða kaupstað. Hún nær til allra héraðsmóta. Aftur á móti nær hún væntanlega ekki til skemmtana, hvorki ungmennafélaga eða verklýðsfélaga, sem haldnar eru innan hrepps eða innan kaupstaðar. En ef ætti að gefa undanþágu fyrir ungmennafélög og verklýðsfélög, sem halda sínar innanhrepps- eða innanbæjarskemmtanir, myndi þurfa að gera þá breyt., ekki á l. frá 1922, heldur á l. frá 1927 og þeim öðrum l., sem síðar hafa breytt þeirri löggjöf. Það mætti náttúrlega koma slíkri breyt. að í sambandi við þetta frv., en þá þyrfti að breyta fyrirsögninni um leið.

Þetta er um leið svar til hv. þm. A.-Húnv., því að ungmennafélög, sem halda innanfélagsskemmtanir, eru ekki undanþegin, og ungmennafélög, sem halda innanhéraðsskemmtanir, eru heldur ekki undanþegin, svo að sú glufa, sem hér er komin í skemmtanaskattslöggjöfina er ekki svo ýkjastór. Undanþágan nær aðeins til héraðsmóta, sem haldin eru fyrir stærri svæði. Ungmennafélögin njóta samkv. þessari breyt. engra sérréttinda, sem önnur félög ekki njóta um leið, ef mín till. verður samþ.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég get að nokkru leyti sparað mér að tala, því að frsm. n. tók að mestu leyti fram það, sem ég vildi segja.

Ég vil aðeins benda á þann reginmisskilning, sem komið hefir fram hjá þeim hv. þm., sem andmælt hafa frv. Þeir halda, að með þessu sé verið að undanþiggja ungmennafélögin öllum skemmtanaskatti. Þetta er hreinasta fjarstæða. Ungmennfélögin verða eins og aðrir að borga skemmtanaskatt af öllum venjulegum skemmtunum, sem þau halda, þó að þetta verði samþ. En það er aðeins í því eina tilfelli, að farið er fram á undanþágu á skemmtanaskatti, þegar margir hreppar eða sýslur koma saman til að halda sín héraðsmót, og það með því skilyrði, að allur ágóðinn renni til opinberrar menningarstarfsemi. En það sem gerist, ef þetta er ekki lögfest, er það í þessu tilfelli, að einn hreppur innnan tveggja sýslna nýtur skemmtanaskatts af skemmtun, sem nær yfir báðar sýslurnar, og það er engin ástæða til þess, að einn einasti hreppur njóti sérstakra tekna í gegnum skattálagningu af starfsemi fjölda fólks í öllum hreppum tveggja sýslna, þó að það einu sinni á ári þurfi að koma saman á þeim stað, sem mótið er haldið á í þessum eina hreppi. Þess vegna er það alveg út í loftið, þegar hv. 3. þm. Reykv. fer fram á það, að í kjölfar þessa frv. komi almennt skattfrelsi á skemmtunum verklýðsfélaganna, og væntanlega á skemmtunum annara félaga og annara flokka, því að væntanlega yrðu verklýðsfélögin að sætta sig við, að önnur félög og aðrir flokkar kæmu þar í kjölfarið. Ungmennafélögin eru, eins og vitað er, algerlega ópólitísk starfsemi, og það er sú eina umfangsmikla menningarstarfsemi, sem haldið er uppi í sveitum þessa lands, með öllum þeim erfiðleikum, sem því fylgir, að halda þar uppi heilbrigðu félagslífi, og þar sem allur ágóðinn af þessum mótum fer í menningarstarfsemi þeirra héraða, sem félögin starfa í, þá er það hart að veita einni sveit innan þessara héraða heimild til að skattleggja þessa starfsemi.

*Héðinn Valdimarsson: Ég þakka hv. þm. V.-Ísf. fyrir bendinguna viðvíkjandi brtt., og það má vel vera, að það sé réttara að orða líka um fyrirsögnina. En viðvíkjandi þeim aths., sem hann og hv. þm. Mýr. komu fram með, að hér væri eingöngu um héraðsmót ungmennafélaganna að ræða, sem ekki væri líkjandi saman við verklýðsfélögin, þá vil ég segja það, að aðalskemmtanir ungmennafélaganna eru héraðsmótin, en verklýðsfélögin hafa engan slíkar skemmtanir. Þeirra aðalskemmtanir eru árshátíð hvers félags, og mér finnst ekki nema sambærilegt, að þau séu undanþegin skemmtanaskatti á svipaðan hátt og ungmennafélögin. Ég hefi lýst því áður, hvaða áhrif það hefir að leggja svona mikinn skemmtanaskatt á félögin eins og gert hefir verið undanfarið. Það hefir þau áhrif að eyðileggja þeirra félagslíf, og getur varla verið í öðrum tilgangi gert.

Hinsvegar er það ekki rétt hjá hv. þm. Mýr., að það sé svo mikill munur á verklýðsfélögunum og starfsemi ungmennafélaganna, verklýðsfélögin séu pólitísk, en ungmennafélögin ekki. Ungmennafélögin hafa tekið pólitísk mál á stefnuskrá sína, en í verklýðsfélögunum eru menn úr öllum flokkum, og ég hygg, að menn úr öllum flokkum ættu að geta verið sammála um það, hvað sem kaupgjaldsmálum verklýðsfélaganna líður, að það borgi sig illa að eyðileggja með skattálagningu þá menningarstarfsemi, sem þau halda uppi.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, snertir ekki skemmtanaskattsgreiðslu í ríkissjóð. Hv. 3. þm. Reykv. kvartaði yfir því, að skemmtanaskatturinn hefði verið hækkaður, svo að erfitt væri að halda uppi skemmtanalífi af þeim ástæðum. — Ég skal geta þess í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. þm., að skemmtanaskatturinn var að vísu hækkaður á síðasta þingi um 11%, eins og aðrir skattar, en það hefir verið breytt dálítið til um framkvæmd á innheimtu skemmtanaskattsins, sem hefir valdið hækkun hans í framkvæmdinni á ýmsum tegundum skemmtana. Ég get ekki farið nákvæmlega út í þetta hér, en þetta liggur í því, að það var heimilt með reglugerð að taka skattinn eftir þeim stundafjölda, sem skemmtunin stóð yfir. Sú heimild var afnumin um síðustu áramót, og var þá ákveðið, að skatturinn skyldi greiddur eftir verði aðgöngumiðanna, eins og l. gera ráð fyrir. Yfir þessu hefir verið kvartað til fjmrn. af félögum í bænum, sem hafa með höndum skemmtanir, íþróttafélögum aðallega. Líkt hefir heyrzt úr verkalýðsfélögum. Höfum við talað um, hvort ástæða sé til að breyta að einhverju leyti þessari framkvæmd. Vildi ég beina því til hv. 3. þm. Reykv. að gefa tóm til þess, að sú athugun fari fram. Það mun vera aðallega þessi breyt. á innheimtuaðferðinni, sem hefir orðið til að valda þessum þyt um þetta mál í bænum. Ég verð að segja, að út af fyrir sig finnst mér ekki svo voðalegt, þó að lagður sé nokkur skemmtanaskattur yfirleitt. Ég held, að menn sæki skemmtanir, þó að eitthvað hækki aðgöngumiðar; og margt er skattað, sem síður er ástæða til. En annars er þetta skemmtanaskattsmál til athugunar í ráðuneytinu, og verður innan skamms skorið úr, hvort nokkur breyting verður gerð á þessari framkvæmd eða ekki.

*Pétur Ottesen: Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að þetta frv., sem við hv. þm. Mýr. flytjum hér, skuli hafa mætt slíkum andmælum, og ekki síður undrast ég, að hv. þm. V.-Ísf. skuli hafa þótt ástæða til að koma með brtt. við frv., í stað þess að fylgja því eins og það er.

Ég ætla, að þetta sé í þriðja skiptið, sem þetta mál er borið fram hér á Alþingi, og í tvö skiptin hefir það gengið í gegnum þessa deild orðalaust og með einróma samþykki. En í Ed. hefir málið strandað, af því að komið hafa till. um að blanda inn í það alveg gersamlega óskyldum atriðum. Það, sem í þessu felst, er ekkert annað en það, að ekki sé verið að skerða þann möguleika, sem ungmennafélögin hafa til þess að afla fjár til íþróttaiðkana í sveitum landsins og til þess að stuðla að annari menningarstarfsemi þar. Til þess að afla fjár í þessu skyni, hafa félögin farið þá

leið að halda opinberar samkomur til skemmtunar. Aðrar leiðir til fjáröflunar í þessu skyni eru ekki til, nema hvað einstakir félagsmenn leggja fram árlega félagsgjöld. Það, sem hefir komið hér fram gagnvart þessu frv., get ég ekki samrýmt við þann hug, sem fram hefir komið í Alþ., að einmitt íþróttastarfsemin virðist hafa átt hér nokkuð miklu gengi að fagna vegna þýðingar hennar fyrir þjóðina í heild. Mér virðist því hér vera orðin einkennileg afstaða í þessari d. til þessa máls, þar sem bent hefir verið á dæmi þess, að heimildinni til að skattleggja starfsemi þessa hefir af einstökum sveitarfél. verið þannig beitt, að orðið hefir mjög til að skerða þann ávinning, sem annars var um að ræða fyrir slíkan ungmennafélagsskap. Það er harla undarlegt, ef Alþingi vill ekki sjá við þessum leka, svo að ungmennafélögin fái til fulls notið sín til að vinna að þessu stórmikla nauðsynjamáli fyrir sveitir landsins. Við þekkjum ákaflega vel, hvernig straumarnir liggja í þjóðfélagi okkar. Fólkið streymir úr sveitum í kaupstaðina, og fyrir afleiðingarnar af því er alls ekki séð. Og þess vegna er það, að allt, sem getur miðað að því, að skapa samstarf og samheldni í sveitunum, styður frekar að því að halda fólkinu kyrru, og er því slík viðleitni mjög þjóðnýtt og nauðsynlegt starf.

Það er verið að tala um að færa þessa heimild út og undanþiggja fleira, nefnilega verkalýðsfélögin. Mér virðist þetta algerlega ósambærilegt. Því að það má segja, að að því leyti sem verkalýðsfélögin kunna að vera stofnuð í pólitískum tilgangi, þá sé verið að styðja þau til framdráttar pólitískra hagsmunafélaga, sem eru jafnaðarmannafélögin í þessu landi. Mér finnst það þá alveg sambærilegt að undanþiggja ársháttíðir annara pólitískra flokka í þessu landi frá skemmtanaskatti. En að þessi félagsstarfsemi sé sambærileg við starfsemi ungmennafélaganna, sem er algerlega ópólitísk og byggð upp af mönnum úr öllum pólitískum flokkum í landinu, það nær vitanlega ekki neinni átt. Að vera að láta Alþingi hnjóta um slíka fleyga í afgreiðslu þessa máls, er því sjálfu ósamboðið. Mér virðist þessi starfsemi ungmennafélaganna, íþróttirnar og önnur hliðstæð menningarstarfsemi, svo þjóðnýt og mikils verð, að þar eigi Alþingi að hlynna að eftir beztu getu, enda hefir Alþingi tekið ákvörðun um það að veita nokkurn fjárstyrk til þessarar starfsemi á fjárl. um nokkuð langt árabil. Og því óskiljanlegra er, ef þingið vill ekki standa með ungmennafélögunum, þegar um er að ræða að komast undan skattlagningu heima í héraði, sem dæmi eru til, að hafi skert mjög hagsmuni félaga og getu til þess að vinna að menningarmálum sínum.

Ég sé á brtt. hv. þm. V.-Ísf., að hann vill ekki hafa undanþáguna fortakslausa, en leggur hana í vald ráðuneytisins. Auk þess vill hann ekki einskorða hana við héraðsmót ungmennafélaga, eins og frv. okkar gerir ráð fyrir. Ég sé ekki, hvað fyrir hv. þm. vakir. Eftir því, sem við höfum átt að venjast, held ég, að geti ekki verið um önnur héraðsmót að ræða en þau, sem ungmennafélögin hafa staðið að. En sé það einhver íþróttastarfsemi utan ungmennafélaganna, sem hann vill ekki útiloka, þá get ég verið sammála, því að meining okkar flm. er, að þetta nái til allra héraðsmóta, sem stofnað er til í því skyni að efla íþróttastarfsemi. — Þá er hin breyt., að þeir, sem að héraðsmótum standa, eigi undir ríkisstj. á hverjum tíma, hvort veitt sé undanþága eða ekki. Það er töluvert ótryggari grundvöllur heldur en að slá alveg föstu í l., að héraðsmót, sem haldin eru í þessum tilgangi, séu gersamlega undanþegin skatti. En ef það er nú svo, að sú breyt. er á orðin í Nd., að þm. vilji ekki stuðla að framgangi frv. í þeirri mynd, sem það er nú, en vilja heldur hallast að brtt. V.-Ísf., þá er það náttúrlega betra en ekki. Því að ég veit, að um héraðasambönd muni vart vera að ræða önnur en þau, sem vinna að því markmiði að efla og styrkja íþróttastarfsemina. Og þá verður líka að vænta þess, að ríkisstj. á hverjum tíma kunni svo að meta þessa menningarstarfsemi, að hún veiti slíka undanþágu, þegar farið er fram á hana. Ég vil þess vegna ekki setja mig á móti því, að þessi brtt. verði samþ., þó að ég teldi eftir öllum eðlilegum hætti ástæðulaust að ýfast við frv. eins og það er. Og ég verð að kalla það óskiljanlegar raddir, sem komið hafa gegn þessu frv. frá fulltrúum sveitahéraða, sem hljóta þó að kunna að meta mikilvægi þeirrar starfsemi, sem ungmennafélög og aðrir hafa með höndum, sem gæti stuðlað að því að stöðva heldur þann óholla straum fólksins úr sveitum í kaupstaði, þar sem það hefir síður en svo betra að hverfa að, þó að ýmislegt sé náttúrlega fátæklegt í sveitinni.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég lýsi yfir, að mér þykir vænt um, að hæstv. fjmrh. er að endurskoða reglugerðina viðvíkjandi skemmtanaskattinum. Ég vil aðeins benda honum á, að fyrir utan það, sem hann talaði um, eru önnur ákvæði, t. d. að nú eru félög skyld til að hafa lögreglumann á launum, meðan á skemmtun stendur, sem munar töluverðu fyrir félög í bænum. Yfirleitt var þessi skemmtanaskattur áður mjög þungbær, og er nú að verða alveg óbærilegur.

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Eins og menn sjá í nál., er nefndin óklofin um frv. á yfirborðinu. N. er öll sammála um það, að þetta fyrirkomulag, sem nú á sér stað um héraðsmót, eins og t. d. héraðsmótin á ungmennafélagssvæði Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, eigi ekki rétt á sér, og sé ástæða til að breyta því. Ég hygg, að fullyrða megi, að n. öll sé á einu máli um það, að ekki eigi að veita neinu einstöku sveitarfélagi rétt til þess að leggja skatt á menn fyrir það eingöngu að fá að koma inn í þann sérstaka hrepp. Ég heyrði ekki ræðu hv. frsm. og veit ekki, hvort hann hefir tekið þetta fram. Aftur á móti er n. skipt um önnur atriði málsins, því að einn nm., hv. þm. V.-Ísf., vill víkka þau ákvæði, sem eru í frv. þessu, og láta þau ná til allra héraðsmóta, sem héraðssambönd halda, hvers konar sem eru. Ég hygg, að ég megi segja, að aðrir nm. í allshn. séu mótfallnir þessari till., af því að þeir líta svo á, að það sé hægt að stofna til allskonar félagsskapar í héruðunum, sem megi kalla héraðssambönd, jafnvel pólitísk eins

og önnur, og þá séu lagaákvæðin gerð of rúm, ef ætlazt er til, að öll slík héraðsmót fái undanþágu frá skemmtanaskatti. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um þetta mál, en mér virtist hann, eins og líka kom fram í svarræðu hæstv. fjmrh., eiga við önnur lög en þau, sem hér er um að ræða, sem sé l. um skattgjald af skemmtunum í ríkissjóð. Ég hygg því, að ræða hv. 3. þm. Reykv. sé að hálfu leyti utan við þessar umræður.

Ég vil enn taka fram, að ég hygg, að aðrir nm. en tillögumaður séu því mótfallnir að rýmka svo ákvæðin sem lagt er til í frv. En hinsvegar mun ég fyrir mitt leyti að þessu sinni greiða atkv. með frv. óbreyttu, en áskil mér rétt að koma með brtt. við 3. umr. málsins, ekki sízt ef brtt. á þskj. 91 verður samþ.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. þm. Borgf. virtist ekki gera sér ljósa grein fyrir, af hverju mín brtt. er fram komin, en ég byggi hana á aðalröksemd hv. flm. Það er sú röksemd, að ekki sé rétt að láta einn hrepp skatta félagasambönd, sem ná yfir marga hreppa. Og ef þetta gildir fyrir ungmennasamböndin, þá á það eins að gilda kvenfélagasamböndin, samstarf slysavarnadeilda, verkamannafélög, iþróttafélög o. s. frv. Ég skal ekki segja, að það sé til svo mikið af slíkum samböndum, sem halda sameiginlegar skemmtanir. En ef þau gera það, þá eiga þau að vera jöfn gagnvart lögunum og ungmennafélög. Það er ekki rétt, að í minni till. séu engin takmörk sett fyrir slík héraðssambönd, því að takmörkin eru þau í till., að þessi félagasambönd starfi að menningar- eða styrktarstarfsemi. Og einmitt vegna þess, að þetta skilyrði er sett fyrir skattfrelsi, þarf ráðuneytið að úrskurða um það. Og ég ætlast ekki til, að ráðuneytið veiti einu sambandi undanþágu, en öðru ekki, alveg samræmislaust, heldur úrskurði, hvort þessu skilyrði er fullnægt, og þegar ágóðinn rennur til menningar- eða styrktarstarfsemi, verði undanþágan veitt.

***Pétur Ottesen:** Mér skilst eftir því, sem fram kemur hjá hv. frsm., að hann ætlist til, að þetta nái út yfir allar skemmtanir allra þeirra félaga, sem hægt er að koma undir það nafn, að heita héraðsmót. Og ef svo þessi félög lýsa yfir því, að tilgangur þeirra sé að nota það, sem þannig aflast, til þessara hluta, sem hann nefndi, þá séu þau leyst frá skatti. Mér finnst vera harla lítið samræmi í því hjá hv. þm., að taka upp þarna einn félagsskap, sem hefir á sér pólitíska stimpil, sem verkalýðsfélögin hafa vitanlega. Ég veit, að innan verkalýðsfélaganna er nokkur tvískipting, — að menn þurfa ekki beinlínis að marka sig undir mark sósíalistaflokksins, þó að þeir séu í verkalýðsfélagi. En það er þó svo um þá hnúta búið, að menn eru skyldaðir með samtökum til að ganga í verkalýðsfélag, að viðlögðu því, að vera ella sviptir atvinnu, hvort heldur til sveita eða við sjó, svo að að þessu leyti leggur slíkur félagsskapur þvinganir á menn. Hitt fer svo náttúrlega eftir atvikum, hversu það tekst, að þvinga upp á menn þeim skoðunum, sem jafnaðarmannafélögin bjóða upp á. Mér virðist því, að frá þessu sjónarmiði sé ekki ástæða til að taka þessi félög sérstaklega. Því að t. d. aðrir pólitískir flokkar í þessu landi gætu einnig farið að halda samkomur, sem þeir kölluðu héraðsmót, í því augnamiði að afla fjár til menningarstarfsemi eða hjálparstarfsemi. Því þá að útiloka þá? Ég sé ekki, að nokkurt samræmi sé í þessum hlutum. Þess vegna er það tilgangur okkar flm. að miða þetta alveg sérstaklega við þann félagsskap, sem hefir að markmiði að vinna að íþróttum og menningarstarfsemi í sveitunum. Höfum við því miðað þetta við ungmennafélögin, því að einmitt innan þeirra vébanda er unnið að þessum málum alveg sérstaklega. Ég held einmitt, að eftir að ég hefi fengið þessa skýringu hjá flm. till., þá verði ég að halda mjög fast við frv. eins og það er, og greiða atkv. á móti brtt., — í trausti þess, að sú stefnubreyting sé ekki orðin hér í hv. Nd., að í stað þess að samþ. þetta frv. einróma, verði því spillt eða fellt eins og raun hefir orðið á í Ed. að undanförnu.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. þm. Borgf. hefði bara átt að gera viðbót við þau félög, sem ég nefndi. Þó að verkalýðsfélögin séu ekki beint pólitísk félög, þá myndi það sama gilda um sambönd sjálfstæðisfélaga og framsóknarfélaga eins og sambönd verkalýðsfélaga, svo að öll þessi félagasambönd mundu verða jöfn gagnvart þessu ákvæði. En ef eitthvert slíkt samband, eins og samband sjálfstæðismanna, heldur skemmtun til ágóða fyrir sjálft sig, þá er það ekki undanþegið, því að það gæti náttúrlega ekki talizt menningarstarfsemi. Aftur á móti, ef allt fé ætti að ganga til styrktar- eða menningarstarfsemi, bókasafna eða íþrótta og þess háttar hluta, þá gildir hið sama um öll félög, hvort sem þau eru pólitísk eða ópólitísk. Og það er réttlátt.

ATKVGR.
Brtt. 91 felld með 14:9 atkv.
1. gr. samþ. með 21:4 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12. n. 285, 291, 312).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 312. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*Frsm. meiri hl. (Guðrún Lárusdóttir): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Nd. og er flutt eftir beiðni stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar. Efni frv. er hér nokkuð kunnugt mál, þar sem það hefir legið fyrir þinginu a. m. k. tvisvar sinnum áður, en hefir ekki náð afgreiðslu. En saga ungmennafélaganna yfirleitt er í raun og veru þess virði, að hún verði varðveitt í þingtíðindum þjóðarinnar, því að þar er um að ræða töluvert merkilegar tilraunir til menningarstarfsemi, og eftir þennan félagsskap liggur býsna mikið starf. — Sagan hefst í raun og veru á því, að ungir og áhugasamir menn leita út fyrir landsteinana, kynnast framförum annara þjóða og fyllast löngun til þess að flytja heim í land sitt þá menningu, sem þeir hafa kynnzt, og berjast fyrir ýmsum nýjungum, þegar heim kemur. Það var laust eftir aldamótin, að ungmennafélagsskapurinn hér á landi var stofnaður. Fyrir honum gengust menn, sem ég hirði ekki um að nafngreina, enda þótt maður þekki ýmsa þeirra persónulega. Það, sem þeir fyrst og fremst lögðu stund á, voru alls konar þjóðræknismál, svo sem fegrun móðurmálsins, endurvakning gömlu íslenzku glimunnar, ýmsar íþróttir, sund og skíðaíþrótt, og hitt og annað, sem þeir vildu vekja menn til að hefjast handa um. En auk þess hafði þessi félagsskapur eitt mikilsvarðandi siðgæðismál þjóðarinnar á dagskrá sinni, sem sé bindindismálið. Og enda þótt eitthvað hafi máske breytzt með sumar fyrirætlanir þessa félagsskapar frá því í fyrstu, þá hygg ég, að talsvert af því, sem hann ætlaðist fyrir um, hafi komizt í framkvæmd, og ýmislegu hefir hann bætt við sig, svo sem sjá má af fskj. því, sem fylgir þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr. Og vildi ég sanna mál mitt með því að lesa upp úr því fáeinar setningar, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a. svo: „Þegar héraðsskóli Borgfirðinga var byggður í Reykholti, færðist ungmennasambandið það þrekvirki í fang að taka að sér 20 þús. kr. greiðslu af áföllnum kostnaði". Ennfremur segir, að meðal þeirra mála, sem nú séu á döfinni í Ungmennasambandi Borgarfjarðar, sé „bygging húsmæðraskóla fyrir héraðið og bygging borgfirzks æskulýðsheimilis. Mun hvorttveggja að líkindum eiga nokkuð langt í land, einkum vegna þess, hve fjármagn er lítið". Þá segir ennfremur: „Auk þessa, sem að framan er skráð, hefir Ungmennasamband Borgarfjarðar frá fyrstu tíð haft fjölda mála til meðferðar, sem ýmist hafa miðað til aukinnar borgfirzkrar menningar eða alþjóðlegra heilla. Þarf ekki annað en minnast á fé það, er það veitti til viðgerðar á Snorralaug, og margt fleira". — Hér er aðeins tekið fram þrennt af því, sem talað er um í fskj. En af miklu meiru er að taka, en þetta þrennt nægir til þess að sýna, að hér er félagsskapur, sem ætlast mikið fyrir. Þess vegna, segir í þessu sama fskj., ef þetta félag getur ekki eignazt það fjármagn, sem það þarf til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af öllum þessum framkvæmdum leiðir, þá vitanlega kippir það úr framkvæmdum þess.

Ég get ekki stillt mig um að benda á enn eitt, sem þetta ungmennafélag og sjálfsagt fleiri ungmennafélög á landinu hafa til brunns að bera. Það er það, sem talað er um hér í fskj., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hinsvegar er það vitanlegt, að víða á landinu hafa ungmennafélögin verið ekki veigalítill þáttur til viðhalds sveitanna. Þeim er það m. a. að þakka, að æskan hefir ekki með öllu horfið úr sveitunum".

Ef menn nú hugsuðu eins alvarlega um þetta og vert er, ef þessi félagsskapur hefir m. a. orðið til þess, að æskan hefir ekki horfið úr sveitum landsins eins og annars hefði orðið, þá á hann þakkir skilið fyrir það starf. Mér virðist, að þeir menn, sem vinna á móti straum unga fólksins úr sveitunum til kaupstaðanna, eigi skilið að fá viðurkenningu Alþ. á hvern þann hátt sem þeim kemur bezt. Ég skal nú ekki dæma um, hve mikil sannindi eru í þessum orðum, sem ég tilfærði áðan úr fskj. frv. En ekki tel ég þó, að þetta hefði verið ritað og borið fram hér á Alþ., ef það hefði ekki við einhver rök að styðjast. Það er með þetta og fleira í huga, sem ég mæli með samþykkt þessa frv.

Helzta tekjuleiðin, sem þessi félög byggja starfsemi sína á, eru þessi árlegu héraðsmót. Ef lagðar eru miklar hömlur á þetta mót, svo sem með háum skemmtanaskatti, þá hljóta framkvæmdir þeirra að takmarkast mjög mikið við það. Það væri tjón, ekki fyrst og fremst fyrir þennan félagsskap, heldur fyrir sýslufélögin, sem eiga kost á hinum góðu starfskröftum þessara félaga.

Frv. þetta hefir verið hér á ferðinni áður. Í annað skipti, þegar það lá fyrir þessari hv. d., mun það hafa strandað á allmörgum brtt., sem bornar voru fram við það. Það má kannske segja um þetta, að sætt sé sameiginlegt skipbrot og að þessi félagsskapur eigi ekki meiri rétt á að fá undanþágu um skemmtanaskatt en hver annar félagsskapur, sem beitir sér fyrir góðu málefni. Ég ætla ekki að deila um það. En ég tel illa farið ef þessum æskulýðssamtökum er neitað um ívilnun þá, sem hér er farið fram á og þau þarfnast svo mjög að fá.

Ég held, að þeir hv. þdm., sem yfirleitt vilja viðurkenna gagnsemi þessa félagsskapar, ættu að greiða atkv. með því, að frv. þetta verði samþ. eins og það kemur fyrir óbreytt, því að brtt. við það, ef samþ. væru, gætu orðið því að fjörtjóni. Og það væri skaði, ef málið yrði að stranda á því. Mér fyndist það mjög viðeigandi sumarkveðja frá hæstv. Alþ. til þessa félagsskapar að samþ. þetta frv. breytingalaust, og ég teldi það jafnvel góðs vita fyrir Alþ. Því að „ef æskan vill rétta þér örvandi hönd, þá ertu á framtíðarvegi", segir skáldið. Ef Alþ. hefir opin augu fyrir starfsemi þessa félagsskapar, sem vill starfa til gagns fyrir land og þjóð, þá ber því að samþ. þessa ívilnun, sem þennan félagsskap munar nokkru að fá.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég gat ekki orðið samferða meðnm. mínum með því að skrifa undir nál. í þessu máli. Það er þó ekki svo að skilja, að ég vilji alveg ganga á móti málinu, ef sú leiðréttíng kynni að fást á því, sem ég tel æskilega. Í n. virtist mér ekki blása byrlega fyrir því,

að fleiri undanþágur yrðu gefnar heldur en þær, sem frv. greinir frá. Og ef hv. þd. yfirleitt fellst á þá till., að undanskilja aðeins héraðsmót ungmennafélaga frá þessum skatti, þá tel ég, að svo mikið misrétti sé þegar orðið á milli ýmissa staða á landinu og ýmissa stétta, að ég geti ekki fylgt því. Ég hefi því borið hér fram brtt. á þskj. 291, sem fer fram á það, að skemmtanasamkomur verkalýðsfélaga, sem haldnar eru í góðgerða- eða menningarskyni, megi einnig komast undir það að verða undanþegnar skemmtanaskatti. Ég skal á engan hátt draga úr því, að ungmennafélögin séu alls góðs makleg til þess, að felldur sé niður skemmtanaskattur af samkomum þeirra. Þau hafa margt gott gert með menningar- og góðgerðastarfsemi í landinu. Þarf ég því ekki að svara hv. frsm. í því efni.

Nú hefir það verið svo til skamms tíma, að skemmtanaskatturinn hefir aðallega lent á kaupstöðum landsins, og tekjur af honum því aðallega komið þaðan. Ég neita því ekki, að margar skemmtanir eru haldnar í kaupstöðum, sem rétt er að leggja skemmtanaskatt á. En það er til í kauptúnum og bæjum starfsemi, sem ég tel, að sé jafnrétthá til þess að vera undanþegin skemmtanaskatti eins og starfsemi ungmennafélaganna. Þó að ég hafi sérstaklega nefnt verklýðsfélögin, þá er mér fullljóst, að til er margvíslegur félagsskapur, bæði hér í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, sem heldur skemmtanir til þess að vinna að einni og annari góðgerða- og menningarstarfsemi. Og það er í mjög mörgum tilfellum eina leiðin, sem félög og félagasambönd hafa til þess að afla sér fjár, að halda skemmtanir. Nú hefir Alþ. á seinni árum yfirleitt hert á þessari kvöð, sem hvílir á skemmtunum. Hér í Reykjavík er það orðið svo, og ég hygg, að sama megi segja viðvíkjandi öðrum stöðum á landinu, að þessi skattur er orðinn um 41% af tekjunum af þessum skemmtisamkomum. Það er því sýnt, að hér er búið að spenna bogann svo hátt viðvíkjandi þessum skatti, að ýms félagasambönd í bæjum verða sennilega að leggja niður allar slíkar skemmtisamkomur, vegna þess að allar tekjur af þeim fara í kostnað, en ekki verður um neinn beinan ágóða að ræða. Ég þekki til þess í verkalýðsfélögum, að haldnar eru skemmtanir til að aura saman til menningar- og góðgerðastarfsemi. Mín reynsla hér í Reykjavík er sú, að skemmtanir, sem sóttar eru í minna lagi, er útilokað, að geti verið haldnar með slíkum skatti á hvílandi, og þar með er þá útilokað, að hægt sé að afla tekna af þeim, vegna þess að hreinn ágóði verður enginn af þeim.

Það má vitanlega fara þá leið að hækka skemmtanaskatt yfirleitt. En ég hygg þó réttara að fara hina leiðina, að greina á milli þess, í hvaða augnamiði þessar skemmtanir eru haldnar, og fella niður skattinn af þeim með öllu í sumum tilfellum, þ. e. þegar þær eru haldnar í menningar- eða góðgerðaskyni. Í því félagi, sem ég um 20 ára skeið hefi starfað í, hefir verið haldin jólaglaðningur fyrir börn félagsmanna árlega, þ. e. jólatrésskemmtanir. Þetta sama reyna mörg félög að gera fyrir börn meðlima sinna. En kostnaðurinn við þessar jólatrésskemmtanir er svo mikill, að félögin rísa ekki undir honum nema með því að aura saman til þess með skemmtunum á öðrum tímum ársins. Nú lítur út fyrir, vegna þessa háa skemmtanaskatts, að þessar jólatrésskemmtanir barnanna verði alveg að leggjast niður, vegna þess að engin von er til þess að ná tekjum til þeirra af almennum skemmtunum. Þótt ég nefni þessar skemmtanir sérstaklega, þá eru haldnar hér margar skemmtanir og beint í góðaskyni fyrir góð málefni, sem margir vilja styðja, t. d. nú á sumardaginn fyrsta voru haldnar hér skemmtanir fyrir börn á barnadaginn, og ég veit ekki betur en að þær skemmtanir hafi allar verið skattlagðar hér í bæ. Mundi nú nokkur mæla á móti því, að þar sem verið er að vinna að velferðarmálum barna hér í bæ, ættu skemmtanir í slíku augnamiði að vera skattfrjálsar? Ég býst við, ef menn svara þessu hreinskilnislega, þá álíti þeir, að ekki eigi að skattleggja slíkar skemmtanir. Er hér nú nokkuð minni nauðsyn að hlynna að þessari starfsemi fyrir börn hér í bænum heldur en þeirri, sem ungmennafélögin, sem er mjög virðingarvert, hafa haldið uppi í sveitum landsins? Við þurfum sannarlega í bæjunum að gera eitt og annað til þess að skapa yngri kynslóðinni skilyrði, sem vega upp á móti því, sem gert er fyrir æskuna í sveitum landsins.

Ég gæti nefnt fleira. T. d. er mjög útbreiddur félagsskapur í landinu, sem konur hafa beitt sér sérstaklega fyrir, sem er slysavarnafélagsskapurinn. Konur hafa beitt sér fyrir að safna fé til þeirrar starfsemi með skemmtunum. Vill nokkur neita því, að slíkur félagsskapur eigi skilið að vera undanþeginn skatti? Þessi félagsskapur sér nú fram á, að óbreyttum ástæðum, að hann verður að leggja niður fjáraflanir með skemmtunum vegna þess háa skatts, sem búið er að leggja á allar skemmtanir.

Ég sé, að hv. þm. Vestm. hefir komið með brtt. við mína brtt., og bætir hann þar við félagsskap, sem hann nefnir líknarfélög. Ég er alveg sammála þeirri brtt. Ég get ekki séð, að hæstv. Alþ. geti með sanngirni mismunað svo stéttum á landinu, að veita einum félagsskap undanþágu þá, sem frv. fjallar um, en skilja eftir annarskonar félagsskap, sem ekki síður berst fyrir menningarmálum. Því að vitanlega gildir þessi undanþága frv. ekki eingöngu um héraðsmót, haldin í Borgarfirði, heldur um öll héraðsmót víðsvegar um land.

Ég vænti, að hv. þdm. sýni góðan skilning á að undanþiggja einnig skemmtanaskatti skemmtanir í kaupstöðum, sem haldnar eru til menningar- og góðgerðastarfssemi, og um það er till. í minni brtt., og nokkru fyllra tekið í brtt. hv. þm. Vestm.

*__Jónas Jónsson__: Ég ætla aðeins til viðbótar því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að benda á það, að þetta frv. hefir nú legið oft fyrir Alþ. Venjulega hefir það komizt gegnum Nd. og strandað í Ed. á því, að komið hafa fram svo margar brtt. við það, að d. hefir ekki séð sér fært að samþ. það. Nú er till., sem frv. hljóðar um og meiri hl. menntmn. fylgir, um, að aðeins hér-

aðsmót ungmennafél. séu undanþegin skemmtanaskatti, en ekki almennar skemmtisamkomur félaganna. Og þar í liggur munurinn á því, sem frv. fer fram á, og því, sem flm. brtt. fara fram á, því að þeir mæla með því, að hinar almennu skemmtanir verði undanþegnar skattinum, sem engan veginn er sambærilegt við þetta.

Nú er það þar að auki svo um þetta félag, sem hér er um að ræða, að það hefir tekið að sér alveg stórkostlegan bagga vegna menningarstarfsemi fyrir sitt hérað. Sýslunefnd Mýrasýslu lagði 30000 kr. til Reykholtsskólans, en ungmennasambandið tók að sér að greiða 20000 kr. af kostnaði við byggingu skólans, og eru ungmennafélögin að aura saman smátt og smátt upp í þetta með þessari starfsemi, héraðsmótunum. Þau hafa þannig sparað almenningi mikið fé sem beina skattgreiðslu með þessu móti.

Ég held, að ef menn sjá sér ekki fært að gera þessa einu breyt., sem frv. fer fram á, þá muni það þýða það, að allt málið muni falla eins og vant er. Og það held ég rangt farið að, því að þessi félagsskapur er alveg sérstakur, að því leyti að hann hefir alveg almenna þýðingu. Og það má segja, að ekki sé það of mikið, þó að létt sé undir með fólkinu í dreifbýlinu með að hafa eina héraðshátíð á ári sér til glaðningar.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Það er hverju orði sannara, að þau eru þess vel makleg, ungmennafélögin, að hafa sínar skemmtisamkomur skattfrjálsar, hvað skemmtanaskatt snertir. (PZ: Þau hafa það ekki almennt eftir frv.). Það kann náttúrlega að vera, að þótt það séu ungmennafélög, þá sé misjafnt gagn að þeim eins og að öðrum félagsskap. Ég get ekki séð neinn stórkostlegan mun í grundvallaratriðum á starfsemi slíkra félaga og annara þarfra félaga, sem ýmist láta beinlínis gott af sér leiða með því að halda skemmtisamkomur til að styrkja þá, sem eitthvað eru illa á sig komnir, eða þá til þess að styrkja málefni eins og spítala og slysavarnir, eins og hv. 3. landsk. benti réttilega á. Það, að þessi skattur er orðinn svona tilfinnanlegur, verkar eins og rothögg á fjársöfnun hjá þessum ýmsu félögum, sem leitast við að ná inn fé með skemmtunum, en hafa ýms þörf verkefni með höndum og beita sér fyrir því, sem er almenningi til heilla. Skemmtanaskatturinn er orðinn svo tilfinnanlegur. Það er þetta hófleysi löggjafans, þessi græðgi í skatta og þetta miskunarleysi gagnvart þeim, sem eiga að borga, sem hér er enn á ferðinni og gert hefir það að verkum, að skemmtanaskatturinn er nú kominn upp í það, eftir því sem hv. 3. landsk. segir, að taka til sín 41% af ágóða skemmtananna; og ég geri ráð fyrir, að þessi hv. þm. hafi rétt fyrir sér í því. Þetta er það, sem knýr mig til að leita eftir undanþágu frá greiðslu skemmtanaskattsins í þeim tilfellum, þegar skemmtanir eru eingöngu í góðgerða- eða menningarskyni. Og þó að ég vilji á engan hátt efa það, að ungmennafélögin hafi á ýmsum sviðum menningarstarfsemi með höndum, þá hafa þó bæði verkalýðsfélög og líknarfélög ýms í kaupstöðum, svo sem kvenfélög, slíka starfssemi einnig með höndum. Kvenfélög hafa, sem kunnugt er, tekið mjög að sér að safna fé fyrir slysavarnasjóð. Og þau hafa með höndum yfirleitt ýmsa starfsemi, sem ekki er þýðingarminni en starfsemi ungmennafélaganna.

Ég vil beina þeim tilmælum til þeirrar n., sem hefir afgr. þetta mál, hvort hún sjái sér ekki fært að taka til athugunar nú á milli 2. og 3. umr. dálitla linkind í innheimtu skemmtanaskattsins, bæði hvað snertir ungmennafélög og svo þá aðra aðilja, sem um getur í þeim tveimur brtt., sem hér liggja fyrir. Þetta gæti verið undir eftirliti lögreglustjóra. En það er ákaflega skakkt af löggjöfinni og ríkisvaldinu, þegar þessi skattur er orðinn svona tilfinnanlega hár eins og hann er orðinn, að gera ekki nokkurn hlut upp á milli þess, hvort um er að ræða, að menn standi fyrir almennum skemmtunum, sér sjálfum beinlínis til ágóða eins og hverri annari atvinnu, eða skemmtanir eru haldnar með það beint fyrir augum að nota það, sem inn kemur, að frádregnum kostnaði, ýmist til stuðnings ákveðnum sjúklingi, eins og oft er, eða þá til stuðnings einhverju menningarmáli, eins og líka oft á sér stað.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta meira á þessu stigi málsins, en vildi mjög gjarnan heyra undirtektir hv. n. um það, hvort henni finnst ekki hugsanlegt, að taka nú milli umr. þetta sérstaklega til athugunar, sem ég minntist á. Og *þá mundi ég fyrir mitt leyti geta fallizt á* að taka aftur mína brtt. til 3. umr. Mér finnst þessi verkefni þeirra félaga, sem ég nefndi, og ungmennafélaganna svo skyld, að það sé enganveginn ókleift að ganga inn á þessa ofurlitlu tillátssemi, sem ég hefi nefnt, undir eftirliti lögreglustjóra, án þess að stefna skemmtanaskattinum í „prinsipinu“ í neina hættu. Hitt er vitanlegt, að þessar óskir hljóta að koma fram, þegar skattur af þessu tægi er orðinn svo tilfinnanlega hár eins og hér er orðið. Þessi ofurhæð skattsins getur líka leitt til þess, að menn geri ráðstafanir til þess að fara eitthvað í kringum l. um þennan skatt, eins og ég hygg, að komið hafi fyrir.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það voru þessi ummæli hv. þm. Vestm. um tilmæli til n. um að taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að *ívilna félögum, sem talað er um í framkomnum* brtt., sem komu mér til að kveðja mér hljóðs.

Ég hefi ekki gert brtt. við þetta frv. nú, þó að ég hefði gjarnan viljað það, því að ég vildi sjá, hvernig þeim reiddi af, sem þegar eru komnar fram. En ýms önnur félög koma hér til greina, sem ekki hefir verið minnzt á, t. d. félagið Magni í Hafnarfirði, sem hefir séð um Hellisgerði, sem nú er frægt orðið. Það hefir verið miklazt af því af hv. þm. S.-Þ., að Ungmennafélög Borgfirðinga hafi lagt fram allt að 20 þús. kr. til byggingar skólans í Reykholti. En það má segja um félagið Magna, að það hefir óbeint lagt fram meira en 20 þús. kr. til ræktunar Gerðisins. Ef það yrði að ráði, að hv. n. tæki þetta mál til athugunar á milli 2. og 3. umr., vildi ég beina þeim tilmælum til n., að hún athugaði líka, hvort félagið Magni gæti ekki komið til greina í þessu sambandi. Ég veit,

að öllum þdm. er kunnugt um, að það er ekki síður ástæða til að hjálpa þessu félagi en öðrum, sem nefnd hafa verið.

*Frsm. meiri hl. (Guðrún Lárusdóttir): Það er sjálfsagt, að menntamn. athugi tilmæli þessara tveggja þm., hv. þm. Vestm. og hv. þm. Hafnf. Það er orðin brýn nauðsyn að taka allt skemmtanaskattsmálið til athugunar, einkum með tilliti til mismunandi tilgangs þeirra félaga, sem skemmtanir halda, og það er sjálfsögð skylda n. að hugsa það mál vandlega. Annars þarf ég engu að bæta við ræðu mína áðan. Formaður n. hefir þegar svarað hv. 3. landsk. Það, sem fyrir liggur, er aðeins að samþ. undanþágu um sérstaka tegund skemmtana, nefnilega héraðsmót ungmennafélaga. Hitt er sjálfsagt, að taka til athugunar önnur félög, sem standa líkt að vígi.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég ætla að svara hv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum. Það er aðalatriði, að hv. frsm. er því fylgjandi, að n. taki til athugunar það, sem hér hefir verið bent á, en ég tel rétt að afgreiða málið nú. Ég vil benda á, að ef n. vill gera umbætur á l. um skemmtanaskatt, þá væri viturlegast að gera það í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Hv. þm. S.-Þ. vildi einskorða breyt. við héraðsmót ungmennafélaga, sem væru haldin aðeins einu sinni á ári. En það getur staðið alveg eins á í bæjunum. Ég hefi ekki lagt á móti því, að ungmennafélögin fengju þessa undanþágu, heldur vil ég aðeins binda það því skilyrði, að hliðstæðar skemmtanir í bæjum og kaupstöðum fái sömu undanþágu. Við skulum taka til dæmis félagið, sem hv. þm. Hafnf. ber fyrir brjósti. Allir, sem koma til Hafnarfjarðar, líta með ánægju og hrifningu á skrúðgarðinn, sem búið er að gera í miðju hrauninu. Og allt hefir það verið gert með frjálsum framlögum, sem fengizt hafa með því að halda skemmtanir. En það er að verða ómögulegt að halda skemmtanir í bæjunum. Hér í Rvík þarf t. d. minnst 300 manns til þess, að á standist kostnaður og tekjur, ef aðgöngumiðar eru seldir fyrir kr. 2.50. Í Rvík er ekki hægt að fara kringum þetta. Lögreglan er á vettvangi og fylgist með öllu og tekur fyrir 15 kr. í hvert sinn. Leyfi til að halda skemmtun kostar 10 kr. Þá eru komnar 25 kr. fyrir utan skattinn.

Ég teldi rétt, að till. kæmi til atkv. nú, en það er sjálfsagt ekki hægt að komast lengra með n. en að hún geri till. um lækkun á skattinum, og það mundi eflaust ekki fá góðan byr. Ef skatturinn yrði lækkaður, væri það mikil bót. Eins og skatturinn er nú, eru ekki heldur horfur á, að ríkissjóður fái mikið í skatti, því að félögin verða tilneydd að leggja niður skemmtanir sínar, og hvað fær ríkissjóður þá?

Það er óþarfi að karpa meira um þetta, en ég vil óska, að hv. form. n., þm. S.-Þ., sem er nú ekki viðstaddur frekar en fyrri daginn, segi sína skoðun á þeim beiðnum, sem fram hafa komið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil láta koma fram mína skoðun á þessu máli. Það eru til ungmennafélög í hverri sveit og mörgum kaupstöðum, en svo eru til 10—11 héraðasambönd ungmennafélaga. Það, sem þetta frv. felur í sér, er, að mót, sem sum þeirra halda árlega, séu undanþegin skemmtanaskatti. Það nær því eingöngu til skemmtana, sem sambönd ungmennafélaga halda, en ekki til skemmtana, sem einstök félög halda. Brtt., sem fram eru komnar, miða að því að láta einstök félög njóta þessarar sömu undanþágu. Hér hefir t. d. verið nefnt félagið Magni í Hafnarfirði. Mér dettur ekki í hug að neita því, að það hefir unnið þarft og fallegt verk, og svo er og um mörg önnur félög, þó að ekki hafi þau verið nefnd hér. Þau eru eins og hvert einstakt Ungmennafélag og eiga ekki að njóta hér hlunninda, ef hreppsnefnd finnur ástæðu til að leggja á þau skemmtanaskatt í hreppssjóð. Eins eru kvenfélögin allsstaðar og halda skemmtanir í líknarskyni, en engum dettur í hug að veita þessum einstöku félögum undanþágu frá skemmtanaskatti í ríkissjóð, þótt þau muni sjaldnast vera látin greiða hann í hreppssjóð. Lögreglustjóra mundi ætlað að úrskurða í hverju tilfelli, hvort viðkomandi félag skuli fá undanþágu frá skemmtanaskatti, ef samþ. verða brtt. Þann úrskurð er ég hræddur við og er því á móti brtt., en með frv. óbreyttu.

*Frsm. meiri hl. (Guðrún Lárusdóttir): Ég vil ekki mæla bót hinum háa skemmtanaskatti, en hér er um að ræða ívilnun fyrir ungmennafélagasambönd, sem er tæplega hægt að neita þeim um. Hv. 3. landsk. sagði allt rétt um erfiðleikana á að halda félagsskemmtanir vegna skattsins. En vill þá ekki hv. 3. landsk. bera fram nýtt frv. um breyt. á skemmtanaskatti? Ég mundi greiða atkv. með slíku frv.

Hv. þm. sagði raunalegar sögur af því, hvað erfitt væri fyrir fátæk félög að berjast fyrir menningarmálum. En ég á bágt með að trúa því, að jólatrésskemmtanir verkalýðsfélaga séu skattlagðar. Ég veit, að félag, sem ég stend nærri, fær ávallt undanþágu frá skatti, þegar það leitar til yfirvaldanna. Enda gengur það nokkuð langt, að skattleggja skemmtanir, sem aðeins eru haldnar innanfélags.

Það er ekki til neins að lengja umr. Atkvgr. mun sýna, hvað menn vilja í þessu efni. En þó að brtt. verði felldar, er það ekki vottur þess, að þdm. meti ekki að fullu starf þeirra félaga, sem nefnd hafa verið.

*Jóhann Jósefsson: Ég hafði haft á orði, að ég mundi taka brtt. mína aftur, ef hv. n. vildi taka efni hennar til athugunar á milli umr. Hv. frsm. hefir nú lofað að gera það, en mér hefir brugðizt það, að hv. 3. landsk. tæki sína till. aftur, og af því að mín till. er brtt. við hans till., verður hún líka að koma til atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 312 felld með 10:6 atkv.
— 291 felld með 10:6 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Við 2. umr. voru felldar hér brtt. frá okkur hv. þm. Vestm., og verða ekki teknar hér upp aftur í neinni mynd. Ég vil geta þess, að menntmn. hefir alls ekki komið saman til þess að ræða möguleikana á því að gera fleiri breytingar á lögunum en frv. leggur til, þótt ekki væri nema um einhverja línuna að ræða á skatti, sem t. d. verklýðsfélög og líknarfélög, sem halda uppi þjóðnytjastarfsemi, verða að greiða. En nú hefir hæstv. fjmrh. lýst yfir því við okkur hv. þm. Vestm., að hann muni bera fram brtt. í sambandi við fjárlögin um að lækka skemmtanaskatt, sem liggur á slíkum félögum samkv. lögum frá 1932, þegar hann var hækkaður um 80%. En nú er gert ráð fyrir að lækka aftur niður í 20%. Ég hefi ekki reiknað út, hvað miklu það munar í heild, en veit, að það er ekki lítið.

Skatturinn samkv. þessum lögum frá 1922, sem hér er lagt til að breyta, rennur ekki í ríkissjóð, eins og skatturinn, sem yngri lögin ánöfnuðu þjóðleikhúsinu. Hann er fundið fé fyrir þá hreppa, sem njóta hans. — Ég geri ráð fyrir, að frv. verði samþ. hér í d. og mun ekki setja mig upp á móti því, en get með tilvísun til loforðs hæstv. fjmrh. látið allar brtt. niður falla.

Umr. lokið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 386).

---

24. Bókhald.

Á 4. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um bókhald** (þmfrv., A. 19).

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Það verður ekki um það deilt, að það er nauðsynlegt fyrir öll atvinnufyrirtæki, sem hafa nokkurt verulegt fjármagn milli handa, að hafa sem gleggst reikningshald. Það er nauðsynlegt fyrir atvinnurekendur, til þess að þeir geti á hverjum tíma haft sem bezt yfirlit yfir reksturinn. Það er einnig nauðsynlegt fyrir þær lánsstofnanir, sem lána þessum fyrirtækjum fé. Og í þriðja lagi má benda á, að þar sem gjöld einstaklinga og stofnana miðast nú að verulegu leyti við eignir og tekjur þessara aðilja, þá er það nauðsynlegt, að reikningshald þeirra sé þannig, að sem gleggst yfirlit fáist um þetta þar. Lög þau, sem nú eru í gildi um verzlunarbækur, frá 1911, eru orðin að ýmsu leyti ófullnægjandi og úrelt. Það er því brýn þörf nýrra laga um þetta. Frv. um bókhald hefir tvisvar áður legið fyrir Alþ., og í seinna skiptið á síðasta þingi, en það náði ekki fram að ganga. Allshn. hafði málið þá til meðferðar, og sendi hún frv. til nokkurra stofnana hér í bænum og leitaði álits þeirra um það. Þær stofnanir, sem leitað var til og sendu álit sitt, voru: Samband ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Félag löggiltra endurskoðenda. Ég hefi kynnt mér það, sem þessar stofnanir hafa við frv. að athuga, og hefi ég tekið nokkuð af þeim aths. til greina í þessu frv. mínu. T. d. er fresturinn til að fullgera reikningshald lengdur. Eina aths. frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Verzlunarráðinu hefi ég þó ekki getað fallizt á. Þessi félög vilja afnema ákvæðin um það, að bókhald skuli vera tvöfalt. Félög þessi gera þó enga aths. við ákvæði frv. um yfirlitsreikninga um reksturinn, en með færslu þeirra yfirlita er bókhaldið raunverulega orðið tvöfalt. Kostir tvöfalda bókhaldsins fram yfir það einfalda eru þeir, að það er miklu meiri trygging fyrir því, að bækurnar séu rétt færðar. Ég get því ekki fallizt á að fella þetta ákvæði niður. Þeir, sem hafa gert aths. við þetta, virðast kvíða því, að þetta muni auka ýmsum smærri fyrirtækjum kostnað við bókhald. En með tilliti til undanþágu fyrir smæstu fyrirtækin í 3. gr. og heimildir til undanþágu í 4. gr., get ég ekki fallizt á, að nokkru fyrirtæki sé íþyngt um of með þessu ákvæði. Flest stærstu fyrirtækin hafa nú þegar tvöfalt bókhald, og breytir þetta því engu hjá þeim, en mér er þó kunnugt um, að það eru til stór verzlunarfyrirtæki hér í bænum, sem aðeins hafa fylgt lagabókstafnum og hafa ekki nema einfalt bókhald.

Ég vil svo óska, að þessu frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn. Og með tilliti til þeirrar athugunar, sem málið fékk í n. á síðasta þingi, vil ég mega vænta þess, að n. sjái sér fært að afgr. það hið allra fyrsta, svo að málið geti fengið fullnaðar afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 78).

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Allshn. hefir haft þetta frv. til meðferðar nokkurn tíma og rætt það á nokkrum fundum. Auk þess hefir hún tekið til athugunar umsagnir, sem henni hafa borizt um frv. frá nokkrum aðiljum, sem þetta mál snertir. Þar má nefna Verzlunarráðið, Iðnsamband Íslands og Félag löggiltra endurskoðenda. Það varð að samkomulagi í n. að mæla með því, að frv. verði samþ., en þó þannig, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við nokkur einstök atriði, sem þó eru ekki fyllilega ákveðnar, en ég geri

ráð fyrir, að þær komi fram við 3. umr. En við þessa umr. liggja ekki fyrir neinar brtt. við frv., hvorki frá n. né einstökum þm. Og n. mælir sem sagt með því, að frv. verði vísað óbreyttu til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 19., 22., 23., 24 og 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 19, 121, 122).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Allshn. hefir milli 2. og 3. umr. athugað nokkuð þetta frv. og þær umsagnir, sem fyrir lágu. Eftir þá athugun hefir n. orðið sammála um að bera fram brtt. á þsk. 122, við 2., 4. og 13. gr. frv.

Brtt. við 2. gr. er um það, að læknum, tannlæknum og prestum sé skylt að halda sjóðbók.

Brtt. við 4. gr. er eingöngu breyt. á orðaröð, til þess að færa gr. til betra máls.

Loks er 3. brtt. um það, að 13. gr. frv. falli niður.

Ég skal svo taka það fram, að tveir nm., hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. þm., hafa borið fram sérstakar brtt. á þskj. 121, sem n. í heild ekki getur fallizt á. Það, sem aðallega felst í þeim brtt., er það, að þeir vilja ekki lögbjóða almenna skyldu til tvöfaldrar bókfærslu. N. taldi hinsvegar að rétt væri að lögleiða tvöfalt bókhald með þeim undantekningum, sem felast í frv., og hefir því ekki getað fallizt á þessar brtt. — Annars munu till.menn gera nánar grein fyrir þessu sjálfir.

***Thor Thors:** Við 2. umr. þessa máls hér í d. var enginn ágreiningur um það, því að n. var öll sammála um, að rétt væri að setja nýja löggjöf um bókhald. Gildandi l. um þetta efni eru frá 1911. En á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa orðið miklar breyt. á sviði atvinnu- og viðskiptalífs þjóðarinnar. Það þarf að færa bókhaldsskylduna í samræmi við þær breyt., sem á þessum tíma hafa orðið. Og það þarf að láta hana ná til fleiri aðilja en verið hefir. Það er nauðsynlegt fyrir aðiljana sjálfa, að geta jafnan gefið sem gleggst yfirlit yfir afkomu atvinnurekstrar síns. Og það er nauðsynlegt vegna lánsstofnana og hins opinbera yfirleitt, að bókhaldsskyldan sé látin ná til sem flestra aðilja. Ágreiningurinn í allshn. er því ekki fólginn í því, til hversu margra aðilja bókhaldsskyldan skuli ná, heldur hvort ástæða sé fyrir löggjafarvaldið að fyrirskipa eina ákveðna tegund bókhalds.

Hv. 8. landsk. þm. og ég erum þeirrar skoðunar, að það sé ekki nauðsynlegt, að löggjafarvaldið gripi fram fyrir hendur manna og fyrirskipi sérstaka tegund bókhalds. En meiri hl. allshn. vill hinsvegar fallazt á till. flm. frv., hv. þm. V.-Húnv., um það, að lögbjóða tvöfalda bókfærslu. Þetta bókfærsluform ryður sér nú mjög til rúms, og býst ég við, að innan fárra ára verði það hið eina bókhald, sem tíðkað verður. En það er engin ástæða til að gera ráð fyrir því enn sem komið er, að allir aðiljar myndu heldur kjósa þetta bókhald. Og það er vitanlegt, að kunnátta á þessari tegund bókhalds er ekki alstaðar þar fyrir hendi, sem frv. gerir ráð fyrir, að það verði lögboðið. Að vísu er nokkur undanþáguheimild í frv. sjálfu frá þessari bókhaldsskyldu, en það er á valdi lögreglustjóra á hverjum tíma, hvort sú undanþága skuli veitt. Ég hygg, að það myndi fyrir ýmsa aðilja geta haft talsverðan kostnaðarauka í för með sér, að lögbjóða þessa einu tegund bókfærslu. Og það getur verið vafamál, hvort það sé á sumum stöðum hér á landi völ á mönnum, sem kunna þetta form bókhalds. — Það má geta þess, að í nágrannalöndunum, eins og Danmörku og Svíþjóð, er tvöfalt bókhald ekki lögboðið. Hygg ég þó, að það sé meiri verzlunarþekking þar en hjá okkur. En löggjafarvaldið hjá þessum þjóðum leitast við að gefa mönnum sem frjálsastar hendur um það, hvaða bókhaldsform þeir nota. Og það verður að teljast óeðlilegt, að við setjum strangari reglur fyrir þessu en nágrannaþjóðirnar. Og það er því síður ástæða til að setja löggjöf eins og þessa, þar sem það getur ekki talizt nauðsynlegt vegna hagsmuna hins opinbera.

Við höfum fengið umsagnir verzlunarráðs Íslands og Félags löggiltra endurskoðenda í allshn., og báðir þessir aðiljar eru sammála um það, að ekki sé rétt að lögbjóða tvöfalt bókhald, en fella sig að öðru leyti við ákvæði frv. Félag löggiltra endurskoðenda hefir sent n. rökstutt samhljóða álit um frv., þar sem það er einmitt fært fram gegn þessu máli, að engin ástæða sé til að lögbjóða tvöfalt bókhald. Þetta er undirritað af stjórn félagsins: Birni Árnasyni, Ara Thorlacius og Jóni Guðmundssyni ríkisendurskoðanda. Við minni hl. allshn., sniðum okkar brtt. eftir umsögn þessara aðilja, þar sem við getum að öllu leyti fallizt á hana. En brtt. á þskj. 121 miða allar að því, að láta aðilja sjálfráða um það, hvort þeir nota tvöfalt bókhald eða eitthvert annað bókhald, sem verður að teljast fullnægja kröfum hins opinbera. Yfirlit yfir rekstur fyrirtækja ætti að fást eins glöggt, þótt ekki væri um tvöfalt bókhald að ræða, því að í 8. gr. eru menn skyldaðir til þess að færa ýmsa yfirlitsreikninga, sem gefa til kynna afkomu fyrirtækja. Ætti því á hverjum tíma að vera hægt að fá hugmynd um afkomuna við athugun þessara reikninga. En af því að við viljum fella niður þessa skyldu til tvöfalds bókhalds, fellur vitanlega niður af sjálfu sér 2. málgr. 4. gr. frv., sem fjallar um undanþáguheimildina.

2. og 3. brtt. eru í beinu samræmi við 1. brtt. og leiða af henni. Sama má segja um 4. brtt. Það skal þó tekið fram, að þar er aðalbók ætíð lögboðin.

Loks er það 5. brtt., sem miðar að því að heimila þeim, sem færa tvöfalt bókhald, að færa bækur þær, sem um ræðir í 5.—8. gr., sem lausblaðabækur.

Eins og hv. þdm. munu heyra af þessu, er ágreiningurinn milli minni hl. og meiri hl. allshn. ekki verulegur. Hann er byggður á því einu, hvort þetta ákveðna form bókhaldsskyldu skuli lögleitt eða ekki. Við í minni hl. allshn. teljum, að það sé ekki hlutskipti Alþingis að torvelda atvinnu- og viðskiptalífið meira en fyllsta nauðsyn er til. Og við teljum alveg ástæðulaust að lögbjóða þetta eina form bókfærslu, þar sem hagsmunir almennings eru á engan veg betur tryggðir eftir en áður. Við álítum, að það sé miklu frekar hlutskipti Alþingis, að reyna að greiða fyrir viðskiptalífinu, heldur en setja óeðlilegar og ónauðsynlegar hömlur, eins og við teljum, að hér sé gert, með því að rígbinda bókhaldsskylduna við þetta eina form.

*__Ísleifur Högnason:__ Ég er í öllum aðalatriðum samþykkur þessu frv. Þó eru þar tvö atriði, sem ég ætla að bera fram skrifl. brtt. við. Önnur brtt. er við 6. gr. frv., sem fjallar um færslu sjóðbókar. Legg ég til, að orðin „stærri fyrirtækjum“ falli niður og að minni fyrirtækjum sé einnig heimilt að færa undirbækur við sjóðgreiðslur. Þetta orðalag frv. er líka mjög loðið og er ekki gott að átta sig á því, hvað á að telja stærri og hvað minni fyrirtæki.

Hin brtt. er við 3. málsgr. 7. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók, o. s. frv. Ég vil leggja til, að þessu verði breytt á þá lund, að viðskiptamannabækur megi ekki vera lausblaðabækur, með tilliti til þess, að það er hægast að koma við fölsunum í lausblaðabókum, heldur skuli allar viðskiptamannabækur vera innbundnar og tölusettar. Álít ég það stóran galla á þessari lagasetningu, ef ekki á að tryggja það, að eigi sé unnt að koma við fölsunum gagnvart viðskiptamönnum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en bið hæstv. forseta að taka þessar brtt. til greina.

__Forseti (JörB):__ Mér hafa borizt skrifl. brtt. við 6. og 7. gr. frv. frá hv. 5. landsk. þm. Hefir hann lesið þær hér upp, og tel ég ekki þörf á að endurtaka það.

Þessar brtt. þurfa tvennskonar afbrigði til þess, að þær megi koma til umr., þar sem þær eru bæði skrifl. og of seint fram komnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 152) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

__Skúli Guðmundsson:__ Ég get fallizt á þær brtt. við þetta frv., sem allshn. ber fram á þskj. 122. Hefi ég ekkert við þær að athuga. En aftur á móti vildi ég mæla gegn þeim brtt., sem fram eru bornar á þskj. 121 og eru frá þeim hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. þm.

Eins og hv. þm. Snæf. réttilega tók fram, eru þessar brtt. þeirra allar í raun og veru um það, að fella niður úr frv. ákvæðin um tvöfalt bókhald. En það get ég ekki fallizt á, og vil ég því leggja til, að þessar brtt. á þskj. 121 verði felldar.

Hv. þm. Snæf. virðist bera kvíðboga fyrir því, að ef frv. verði samþ. óbreytt, séu með því lagðar óeðlilegar hömlur á kaupmenn og atvinnurekendur, þar sem það sé miklu torveldara fyrir þá að halda reikninga eftir reglum tvöfalds bókhalds en á annan hátt. Þetta get ég ekki fallizt á. Hv. þm. Snæf. viðurkenndi líka, að tvöfalt bókhald væri að ryðja sér til rúms, og sagði, að það myndi sennilega verða almennt notað innan fárra ára. Ég er honum sammála um það. Mér er kunnugt um, að í öllum kaupfélögum hér á landi — a. m. k. þeim, sem eru í S. Í. S. — er notað tvöfalt bókhald og hefir verið gert lengi. Mér er ekki eins kunnugt um kaupmennina, en ég geri ráð fyrir, að þeir hafi einnig tvöfalt bókhald, og byggi ég það á því, að tvöfalt bókhald er eingöngu kennt í skólum hér, samvinnuskólanum og verzlunarskólanum. Og það er mikill fjöldi, sem hefir útskrifazt úr þessum skólum undanfarin ár, svo að það ætti að vera tryggt, að nægileg þekking sé orðin á þessum sviðum til þess, að atvinnurekendur og kaupmenn geti auðveldlega hagað bókhaldinu á þennan hátt. Það má í þessu sambandi líka benda á þau undanþáguákvæði, sem eru í frv., bæði í 3. gr., þar sem taldir eru upp ýmsir smærri atvinnurekendur, sem eru undanþegnir bókhaldsskyldu, og 4. gr. frv., þar sem veitt er heimild til undanþágu um ákveðið árabil í senn fyrir smærri atvinnurekendur, svo að það er óþarfi að óttast það, að með þessu ákvæði séu nokkrum manni lagðar byrðar á herðar, sem hann eigi erfitt með að rísa undir eða hafi nokkurn aukakostnað í för með sér. En ástæðan til þess, að ég vil halda fast við þetta upphaflega ákvæði frv. um það, að bækur eigi að færa eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu, er sú, að í tvöfalda bókhaldinu er mjög mikil trygging fyrir því, að bækurnar séu rétt færðar, sem ekki er í einfalda bókhaldinu. Það er vitanlega mjög mikilsvert atriði fyrir alla þá, sem þurfa að færa bækur um sinn atvinnurekstur, að bækurnar séu færðar eftir því bókhaldskerfi, sem auðvelt sé að átta sig á, og að í því felist trygging fyrir því, að rétt sé fært. Og það er þessi stóri kostur, sem tvöfalda bókhaldið hefir fram yfir það einfalda. Og benda má á það í þessu sambandi, að þótt talað sé um tvöfalt bókhald, þá getur þar verið um fleiri afbrigði að ræða, ef svo má að orði komast, þ. e. a. s., að það er völ á fleiru en einu bókhaldskerfi.

Út af þeim brtt., sem hv. 5. landsk. kom með, vil ég segja það um fyrri brtt. hans, við 6. gr., sem mér skilst, að sé þannig, að niður falli tvö orð „stærri fyrirtækjum“, að ég sé ekkert athugavert við það, þó að þau orð falli niður, og get ég fallizt á þá till. Aftur á móti get ég ekki fallizt á till. hans um breyt. á 7. gr., um það, að fella niður heimildina til þess að nota lausblaðabækur fyrir viðskiptamannareikninga, þar sem það hefir mjög tíðkazt á seinni tímum hjá stærri fyrirtækjum a. m. k., og þar sem viðskiptamenn eru margir, að nota lausblaðabækur, sem eru á margan hátt hentugri en

innbundnu bækurnar. Myndi þess því verða saknað af mörgum, ef þessi heimild væri felld niður. Ég held, að sá ótti sé ástæðulaus, sem fram kom hjá hv. þm., um falsanir á viðskiptamannabókunum, þó að þessi heimild sé, því að þeir, sem eiga viðskipti við verzlanir eða önnur fyrirtæki munu í flestum tilfellum fylgjast nokkurn veginn með viðskiptum og gera aths., ef þess er þörf. Auk þess er einmitt ákvæði í þessari gr. um það, að þessa reikninga eigi að færa á samandregið yfirlit í sérstaka bók, sem gerir að verkum, að það er ómögulegt fyrir verzlanir eða atvinnufyrirtæki að falsa þessa reikninga einstakra manna í lausblaðabókunum öðruvísi en það komist upp, þegar farið er að gera upp bækurnar, a. m. k. ef bækurnar eru færðar eftir reglum tvöfalds bókhalds.

Þess vegna vil ég ákveðið mæla á móti þessari síðari brtt. hv. þm., en get, eins og áður er fram tekið, fallizt á hina.

***Ísleifur Högnason:** Ég heyrði ekki nein rök færð fyrir því hjá hv. síðasta ræðumanni, að lausblaðabækur þyrfti endilega að nota sem viðskiptamannabækur. Hann sagði, að þær væru miklu hentugri og að þeirra yrði saknað af mörgum, sem hefðu tekið þetta kerfi upp. Þessu er til að svara, að það er á engan hátt hentugra fyrir verzlunarfyrirtæki að hafa lausblaðabækur. Þær munu vera dýrari en venjulegar innbundnar viðskiptamannabækur. En aðalókosturinn við þessar lausblaðabækur er sá, að viðskiptamennirnir geta ekki á hvaða tíma sem er verið eins öruggir um að sjá einmitt þann rétta reikning, sem þeir eiga að sjá í bókum verzlunarinnar. Þeir fá venjulega ekki nema einu sinni á ári útskrift af reikningnum, og ég veit þess dæmi, einmitt þar sem um lausblaðabækur var að ræða, að heilar síður hafi verið teknar út og umskrifaðar til þess að geta sýnt annað en upphaflega var í þær skrifað. Það er rétt, að með langri yfirlegu má finna það í aðaldagbók, ef fölsun kemur fyrir í viðskiptamannabókum, en viðskiptamaðurinn á ekki hægt með að finna það, en sínum eigin reikningi hefir hann aðgang að, og ef reikningurinn er í tölusettri og innbundinni viðskiptamannabók, getur hann á hvaða tíma sem er haft yfirlit yfir, hvernig reikningurinn stendur. Ég legg því til, að þessi brtt. nái fram að ganga og verði lögfest.

***Thor Thors:** Ég vil ekki hafa þetta langt mál. Flm. frv. og ég erum sammála um það, eins og greinilega hefir komið fram í umr., að í sjálfu sér sé æskilegt, að tvöfalda bókhaldið sé viðhaft, og reynslan mun verða sú, að í flestum tilfellum mun það verða notað. En ég sé ekki, hvaða nauðsyn er á því að lögbjóða þetta eina form frekar hér á landi en t. d. hjá nágrannaþjóðum okkar, þar sem aðiljarnir eru látnir sjálfráðir um, hvaða tegund bókhalds þeir nota. Kostir tvöfalds bókhalds fram yfir einfalt eru þó nokkrir frá sjónarmiði þjóðfélagsins, þ. e. a. s. að það gefur glöggt yfirlit yfir afkomu fyrirtækjanna. Næst sá tilgangur frv. með því að láta 8. gr. standa, þar sem fyrirskipaðir eru þó nokkrir yfirlitsreikningar, og það ákvæði frv. stæðist með fullum rétti, enda þótt fært væri einfalt bókhald.

Það er nú vitanlega svo, að réttar færslur geta raskazt við tvöfalt bókhald, ef það er ekki í höndum þaulkunnugs manns, og þá er alltaf erfiðara að greiða úr þeirri flækju, sem upp kemur síðar, en þegar um einfalt bókhald er að ræða. — Ég vil svo leggja áherzlu á það, að í raun og veru er frekar lítill ágreiningur hér á ferðinni, aðeins spurningin um það, hvort við eigum að lögbjóða þetta form, eins og flm. frv. vill, og veita svo nokkrar undantekningarheimildir frá því, eða hvort við eigum að láta aðiljana sjálfráða um, hvaða form þeir nota, og það tel ég að öllu leyti langeðlilegustu og aðgengilegustu leiðina í þessum málum.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil aðeins benda á það, að í 4. gr. frv. er ákvæði um heimild fyrir lögreglustjóra til að veita undir vissum skilyrðum undanþágu frá tvöföldu bókhaldi, og ég vildi lesa upp það ákvæði, til þess að það sé ljóst fyrir hv. dm., hvernig þetta er í raun og veru í frv. Þar stendur svo með leyfi hæstv. forseta:

„Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því, að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra".

Meiri hl. n. telur þetta undanþáguákvæði frv. vera nægilegt til að tryggja það, að menn séu ekki látnir auka sér erfiðleika að óþörfu. Hér er gert ráð fyrir að veita smáatvinnurekendum undanþágu, sérstaklega þeim, sem ennþá eiga erfitt með að fullnægja þessum skilyrðum, af því að þeir hafi ekki lært til þessara hluta. En eins og hér hefir verið tekið fram, er það mikill fjöldi manna í landinu, sem nú orðið kann þetta tvöfalda bókhald, þar sem um langt skeið hefir verið haldið uppi tveimur skólum, sem veita menntun í þessari bókhaldsaðferð, og það er óliklegt, að það verði margir, sem verði bókhaldsskyldir samkv. þessum l., sem ekki hefðu aðstöðu til að færa sínar bækur þannig. En meiri hl. n. fannst engin ástæða til, að gert væri ráð fyrir því í l., að undanþiggja þá menn, sem hefðu aðstöðu og þekkingu til að geta fært tvöfalt bókhald. Meiri hl. n. telur nægilegt að hafa þau undantekningarákvæði, sem eru í frv., og leggur því á móti því, að brtt. á þskj. 121 verði samþ.

Skúli Guðmundsson: Hv. 5. landsk. talaði enn um það, að lausblaðabækur væru varhugaverðar vegna þess, að þar væri svo auðvelt að breyta og falsa reikninga. Ég vil aðeins benda á, að það er alveg eins hægt að falsa viðskiptamannareikninga í öðrum bókum en lausblaðabókum,

því að ef vilji er á annað borð fyrir hendi til slíkra hluta, þá er það ósköp auðvelt. Hann sagði, að að vísu væri hægt með mikilli yfirlegu að rannsaka slíka hluti, en ég vil benda á, og það veit ég, að hv. þm. er ljóst, af því að hann er áreiðanlega vel fær í bókhaldi sjálfur, að þar sem tvöfalt bókhald er viðhaft, þá er ekki hægt að falsa einstaka viðskiptamannareikninga, því að það hefir þær afleiðingar, að uppgjörið strandar.

Eins og ég gat um áðan, er vitanlega hægt að koma við fölsunum í fleiri bókum en lausblaðabókum, ef menn á annað borð vilja viðhafa slíkt, en þar sem er um mjög marga viðskiptamenn að ræða, eins og t. d. við verzlunarfyrirtæki, sem hafa viðskiptamenn, sem skipta þúsundum, þá er áreiðanlegt, að það er að mörgu leyti heppilegra fyrir þessi fyrirtæki að hafa lausblaðabækur fyrir viðskiptamannareikninga; með því móti einu er hægt að hafa reikningana eftir stafrófsröð, sem gerir stórum auðveldara að hafa yfirlit yfir bókhaldið og færa inn í bækurnar, en ef reikningarnir eru í innbundnum bókum, þá er ekki hægt að hafa reikningana í þeirri röð, a. m. k. ekki nema með því að hafa miklu fleiri bækur en þörf er á, og miklar eyður á milli einstakra reikninga.

Hv. þm. Snæf. viðurkenndi, að auðveldara væri að finna skekkjur, sem kynnu að koma fyrir í bókhaldinu, ef um tvöfalt bókhald væri að ræða, en ekki einfalt, og er þetta í samræmi við það, sem ég hefi áður haldið fram, að það sé meiri trygging fyrir því, að rétt sé fært, ef tvöfalda kerfið sé notað. — Til viðbótar því, sem ég hefi áður sagt um það, hve tvöfalda bókhaldið sé mikið notað, get ég upplýst, að þau útgerðarfyrirtæki, sem ég hefi haft kynni af, nota tvöfalt bókhald.

***Ísleifur Högnason:** Ég sé það, að í 6. gr. frv. hefir flm. sett það skilyrði, að sjóðbækur séu innbundnar og tölusettar. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé gert til að tryggja það, að ekki sé skipt um blöð. Tölusettar og innbundnar bækur hafa vitanlega það mesta öryggi, sem hægt er að fá fyrir því, að reikningar séu ekki falsaðir, og mér virðist það hafa vakað fyrir flm. frv., að koma í veg fyrir, að bækur væru falsaðar, því að í 14. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan á skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð“ o. s. frv.

Ég álít, að ef bækurnar eru innbundnar og tölusettar, þá sé ekki hægt að koma við fölsunum, og þess vegna sé miklu öruggara fyrir viðskiptamennina, að bækurnar séu ekki lausblaðabækur.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, enda er ég búinn með minn ræðutíma.

ATKVGR.
Brtt. 122,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 121,1 felld með 17:12 atkv.
Brtt. 121,2—5 teknar aftur.
— 122,2 samþ. án atkvgr.
— 152,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 152,2 felld með 16:3 atkv.
— 122,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 29. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 153).

Á 37. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 294).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. gerir ráð fyrir að fyrirskipuð verði hjá einstaklingum þeim og stofnunum, sem um getur í 2 gr., tvöfalt bókhald, en í 3. gr. eru gerðar undantekningar frá þessari reglu.

Um frv. hefir ekki verið neinn verulegur ágreiningur í n. Þó hafa 2 nm. verið þeirrar skoðunar, að ekki væri nauðsynlegt að fyrirskipa þetta kerfi, þó að þeir teldu það í sjálfu sér gott, að fyrirskipað væri bókhald hjá þessum stofnunum. Þetta hafa þeir þó ekki gert að ágreiningsefni, en ég hefi skilið þá svo, að þeir vilji hafa óbundnar hendur í málinu.

Í n. varð það þó að samkomulagi, að gera ekki víðtækar breytingar á frv. En n. hefir öll orðið sammála um að flytja tvær smávægilegar brtt. á þskj. 294. Sú fyrri er við 3. gr., þar sem talað er um, að undanskildir skuli skyldu til að hafa bókhald þeir útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hver. Aftan við þennan lið vill n. bæta: „eða 1 bát allt að 20 smálesta“. Í flestum tilfellum eru það ekki umfangsmeiri viðskipti, sem rekin eru með einum bát 20 smálesta, en 2 undir 12 smálesta. Er líklegt, að þessi brtt. sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir óánægju, sem skapast kynni, ef þessu ákvæði væri ekki bætt við.

Hin brtt. er við 4. gr., fyrra málslið. Hún gengur út á það, að taka af öll tvímæli um, að það, sem í 4. gr. segir, skuli aðeins eiga við um þá aðilja, sem taldir eru í 1.—13. lið 2. gr. En í lok 2. gr. er sagt, að læknum, tannlæknum og prestum í kaupstöðum skuli skylt að halda sjóðbók. Eins og þetta er í frv., verður það ekki skilið öðruvísi en svo, að læknum, tannlæknum og prestum kaupstaða sé skylt að hafa tvöfalt bókhald, en það kemur ekki heim við þann stað í frv., þar sem sagt er, að þeir skuli halda sjóðbók. Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um þetta frv., því að um einstakar gr. þess hefir ekki orðið ágreiningur í n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 294,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 294,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 327).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd. 29. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 387).

25. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 10. fundi í Sþ., 26. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 144).

Á 36. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Ég get verið stuttorður um þetta frv., því að það er ekki langt, og því fylgja nokkrar skýringar. Við höfum þrír þm. tekið að okkur að flytja það. En efni þess er breyt. á skipulagsl. frá 1921 og lýtur að æðstu stjórn þessara skipulagsmála kauptúna og sjávarþorpa.

Þegar skipulagsl. voru sett árið 1921, voru þau aðallega undirbúin af Guðmundi Hannessyni prófessor, sem hefir verið hinn mesti áhugamaður um þetta mál. Og þá var svo að orði kveðið í l., að í skipulagsn. skyldu vera þrír menn, einn verkfræðingur, einn húsameistari og heilsufræðikennarinn við háskólann. Það var mjög eðlilegt, að þetta væri bundið við Guðmund Hannesson persónulega, vegna þess að hann hafði borið málið uppi. Og síðan fól stjórnin þetta mál núverandi vegamálastjóra og Guðmundi Hannessyni prófessor.

Nú fyrir einu ári hætti Guðmundur Hannesson starfi við háskólann vegna aldurs, og í staðinn er í embættið kominn ungur maður, sem er víst mjög fær um að gegna heilsufræðikennslustarfinu, en mun ekki hafa sérstakan áhuga né undirbúning til þess að taka þátt í störfum þessarar skipulagsn. Það mun því hafa orðið niðurstaðan, að Guðmundi Hannessyni mun hafa verið falið í bili að koma þarna í stað núverandi heilsufræðikennara. En það er í raun og veru ekki samkvæmt l. Og þar að auki hefir það komið í ljós, að skiplagsn. hefir í raun og veru ekki haft nægilegu starfsafli yfir að ráða til þess að ljúka þessum málum, þó að hún hafi lagt afarmikið á sig. Þessir þrír menn hafa, samhliða sínum störfum, lagt á sig mikið verk fyrir skipulagsn. fyrir sárlitla borgun, nokkur hundruð kr. á ári. Það er ákaflega lítil borgun, miðað við það, sem slík vinna er borguð sérfræðingum. N. hefir haft Jón Víðis, aðstoðarmann vegamálastjóra, við mælingar og undirbúning. Annars hafa þeir nálega enga aðstoð fengið til þess að koma þessum málum áfram. Þó eru þeir búnir að skipuleggja mjög mikinn hluta af kaupstöðum og kauptúnum landsins.

En nú er það fullvíst, að það þyrfti að breyta ýmsu fleiru í l. þessum frá 1921, og það hafa þeir lagt mikla áherzlu á, Geir Zoëga og Guðmundur Hannesson. Og Guðm. Hannesson vildi ganga lengst í því að gera breyt. á þessum l. En okkur, sem stöndum að þessu frv., þótti ekki hyggilegt, svona seint á þingi, þegar fjárlagaannirnar fara að byrja, að koma með slíkt frv., ekki nægilega undirbúið um meiri háttar atriði, þannig að stærra frv. frá Guðmundi Hannessyni var lagt til hliðar. En frv., sem ekki náði eins langt, sem Geir Zöega vegamálastjóri hefir sérstaklega unnið að, er ekki lagt fram að þessu sinni, en gert er ráð fyrir, að það verði lagt fram í væntanlegri n., sem fær þetta mál til meðferðar, og væntanlega verða tekin upp úr því upp í þetta frv. einhver atriði. En þó er af okkur flm. þessa frv. gert ráð fyrir, að reynt sé að breyta þessu frv. sem minnst, heldur nái það sem greiðast fram að ganga, en ef skipulagsn. hefir meiri kröftum yfir að ráða, þá megi hún koma fram með breyt. um þetta.

Þetta nýmæli, að hafa eftirlit með stjórn á skipulagi á kaupstöðum og kauptúnum, að því er byggingarstíl og fyrirkomulag ýmiskonar mannvirkja snertir, hefir orðið alveg ótrúlega vinsælt, þannig að frá mörgum kauptúnum, þar sem ætla mætti, að allur þorri íbúanna hefði ekki beint þann lærdóm eða þekkingu í þessum efnum, að þeir gætu verið fullir af áhuga um þessi mál, né heldur að maður gæti búizt við, að þeir settu sig inn í að horfa langt fram í tímann í sambandi við þessi mál, svo sem byggingu torga og gatna, frá þeim hefir komið miklu meiri eftirspurn eftir skipulagningarstarfi þessarar nefndar en hún hefir komizt yfir að sinna. En hún hefir þó gert mikið.

Nú er í þessu frv. lagt til, að það séu sjálfskipaðir 3 menn í þessa n., þ. e. 2 af þeim sömu, sem nú eru, þ. e. a. s. það er miðað við þrjú embætti, húsameistara ríkisins, vegamálastjóra landsins og vitamálastjóra landsins. Það er álitið, að heppilegt sé, að þessir þrír sérfræðingar hafi þetta starf sameiginlega, og vitamálastjórinn komi í embættisnafni inn í þessa stöðu í stað heilsufræðisprófessors háskólans, sem er

meðfram af því, að núverandi heilsufræði prófessor skólans hefir ekki sérstakan áhuga á þessum málum, en aftur er í vitamálastjórastöðuna kominn ungur maður, sem hefir áhuga á þessum efnum. Og starf vitamálastjóra grípur mjög inn í þessa skipulagningu. T. d. var á Akureyri gert nokkuð það í sambandi við hafnarmálin, sem kom í bága við skipulagið, þannig að sem hafnarmannvirki var byggður garður, sem varð ákaflega dýr fyrir bæinn, vegna þess að ekki var gætt nægilega mikillar hagsýni og framsýni. Og ef till. vitamálastjóra hefðu fengið þar að komast að, hefði sjálfsagt öðruvísi orðið um bygging þessa garðs.

Hér er gert ráð fyrir því, að Guðmundur Hannesson verði eða geta verið ráðunautur skipulagsn. þessarar um heilbrigðismál, meðan hans nýtur við. Og eftir hans tíð eru nm. ekki bundnir við að hafa einhvern ákveðinn prófessor, heldur geta þeir fengið einhvern læknisfræðimenntaðan mann að ráðunaut, sem hefði áhuga á þessum málum.

Í viðbót við þetta er eitt nýmæli, sem ég vona, að þyki ekki ósanngjarnt, eftir till. húsameistara og vegamálastjóra, sem mesta reynslu hafa um þetta, að þeir fái ofurlitlar handbærar tekjur með skatti, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að geta haft skrifstofu með sérmenntuðum manni, sem standi fyrir mælingum og sé einskonar framkvæmdarstjóri við þetta verk. Vegamálastjóri hefir reynt að tryggja sérstakt herbergi í Arnarhváli fyrir þessa skrifstofu, sem er held ég mitt á milli skrifstofu húsameistara ríkisins og skrifstofu vegamálastjóra, þannig að þessi fasti starfsmaður gæti verið undir handarjaðri þeirra beggja.

Nú er það óbreytt í þessu frv., að kostnaður við skipulagsuppdrættina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði. En það hefir verið veitt lítil fjárhæð á fjárl. til þessara hluta, sem hefir að mestu farið til aðstoðarmanns og í kostnað við uppdrættina. En mál þetta gengur allt of seint, og þess vegna er ætlazt til, að hægt sé að fá mann með húsameistaramenntun, til þess að vera alveg fastan starfsmann við þessa hluti. Svo býst ég við, að hann hafi hjálparmenn við mælingar. Og þessi skattur, sem hér í frv. er talað um, er 3‰ — þrír af þúsundi — af byggingarverði húsa í kaupstöðum, er gangi til þessarar skrifstofu, þannig að hann létti undir bæði með ríkissjóði og bæjum um þennan kostnað. Og út af fyrir sig er engan veginn óeðlilegt, að það sé eitthvað borgað fyrir skipulagið, alveg eins og í öllum kaupstöðum er borgað fyrir byggingarleyfi álíka upphæð og sú, sem hér er um að ræða. Þessi skattur er þannig, að maður, sem byggir hús fyrir 40 þús. kr., þarf í eitt skipti fyrir öll að borga 120 kr. í þennan skatt. Það er ekki stór summa af byggingarkostnaðarupphæðinni. En ég get hugsað mér, að seinna vilji menn breyta þessu og koma því öðruvísi fyrir. En þetta þótti nú einna einfaldast, af því að um svo lítla fjárhæð var að ræða. Og eftir því sem byggt hefir verið á öllu landinu að undanförnu, mundi þessi fjárhæð nema um 15 þús. kr., sem þannig fengist í meðalári. Svo að það er ekki hægt að segja, að þessi skattur sé eyðileggjandi fyrir byggingarstarfsemina. En skipulag bygginga í bæum er undirstaða undir því, að byggingarnar haldi sínu gildi og sínu verði. Það þarf ekki að fjölyrða um það hér, hvaða ólán það er fyrir mann, sem búinn er að byggja dýrt hús, ef það er klaufalega sett viðvíkjandi götum og þess háttar, og það getur margborgað sig fyrir menn, sem byggja hús, að greiða eitthvað, til þess að hægt sé að hafa heildaryfirsýn yfir bæina með tilliti til bygginga í framtíð og gatnalagninga.

Það getur verið, að það þyki eðlilegast, að þetta frv. fari til allshn. En ég hefi talað við meðflm. minn að frv., hv. 3. landsk., sem er formaður allshn. og er líka í menntmn., um það, og hann er ekkert á móti því fyrir sitt leyti, að frv. verði vísað til menntmn., þó að frv. gæti eftir eðli sínun vitanlega farið til allshn. Ég sting því upp á því, að málinu verði vísað til menntmn. Þetta frv. snertir líka í raun og veru meira listræna hlið byggingarmála heldur en hina fjárhagslegu, og með tilliti til þess er eðlilegt, að því verði vísað til menntmn.

*Magnús Jónsson: Ég skal játa, að ég hefi ekki athugað þetta mál eins og ég hefði ef til vill gert, ef mig hefði grunað, að það ætti að vísa þessu máli í aðra n. en ég taldi eðlilegt, að það færi í, því að ég á sæti í allshn. og bjóst við, að málið kæmi þangað. Þess vegna vil ég gera aths. við málið við þessa umr.

Mér sýnist sumar breyt., sem hér um ræðir, ekki alveg tvímælalausar, eins og t. d. breyt. á því, hvernig skipulagsnefnd skuli saman sett, að inn í hana komi vitamálastjóri í staðinn fyrir heilsufræðikennara háskólans. Ég veit ekki, hvaða erindi vitamálastjóri á í þessu. Maður gæti eins vel hugsað sér hvaða mann á landinu sem væri, sem jafnt gæti komið til mála í þessu efni og vitamálastjóri. Hann er að vísu verkfræðingur, en það hefði verið fullt eins eðlilegt, að Verkfræðingafélag Íslands hefði tilnefnt verkfræðing í n. Það mundi þá velja til þess mann, sem hefði sérstakan áhuga á þessum málum, en það er ekki hin minnsta trygging fyrir því, að vitamálastjóri, sem sér að vísu um hafnargerðir, sem víða koma nokkuð við skipulagningu bæja, hafi nokkurn áhuga fyrir skipulagsmálum. Ég get ekki séð, hvers vegna heilbrigðisfræðingur við háskólann má ekki vera þarna með. Við heyrðum í framsöguræðu hv. flm., að það er ákveðinn maður, sem hann hefir í huga, og ég tel eðlilegt, að hann eigi kost á að vera hér með í ráðum eins lengi og hans nýtur við, sakir áhuga hans á þessu máli. Það er alveg eins hægt að heimila að kveðja hann og aðra slíka menn til aðstoðar, þó að kennari í heilbrigðisfræði við háskólann ætti sæti í n. Við megum ekki miða svo við mann, sem er hníginn að aldri, eins og Guðmundur Hannesson, að við getum ekki hugsað okkur, að n. kveðji síðar mann, sem er sérstaklega fróður í heilbrigðismálum, til þessa starfs, og það er eðlilegt, að kennari í heilbrigðisfræði eigi fast sæti í n., sem beinlínis hefir skyldu til þess stöðu sinnar vegna, að fræða um heilbrigði og hollustuhætti í bæjunum.

Viðvíkjandi ákvæðinu í 3 gr. um 3‰ gjald af húsum, sem reist eru, vil ég segja, að það er ekki mjög tilfinnanlegt í sjálfu sér, en þó nokkurt gjald, og ég er ekki viss um, að það sé í sjálfu sér svo sanngjarnt að leggja þessar byrðar, sem leiða beinlínis af skipulagningu bæja, á þá, sem reisa ný hús. Skipulagning Reykjavíkurbæjar er af bæjarins hálfu vel fyrir komið, og að sjálfsögðu ekki fremur í þágu þessara manna en hverra annara í bænum. Þetta skipulag getur meira að segja haft nokkur áhrif á það, hvort þeir fá að reisa sín hús. Þetta er að vísu lítið gjald, af einbýlishúsum um 100 kr., en ég sé ekki, hvers vegna ekki má láta þetta heyra undir þann kostnað, sem greiddur er að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði. Annars dettur mér í hug í sambandi við þetta frv., sem við erum með í allshn., bifreiðafrv. Þar var ákveðið, að skoðunargjöld og prófgjöld skyldu renna til þess að launa eftirlitsmenn með umferðinni, og lögreglustjóri, sem átti tal við n., tjáði okkur, að þetta væri ekki heppilegt ákvæði vegna þess að það hefðu risið upp málaferli út af því, að eftirlitsmennirnir hefðu gert kröfu til þess að fá alla þá peninga, sem komu inn með þessu móti. Þeir vitnuðu í l. og héldu því fram, að það, sem þannig kæmi inn, skyldi renna til þess að launa þessa eftirlitsmenn, og gerðu kröfur til 30000 kr., sem höfðu safnazt umfram það, sem þeim var veitt. (JJ: Þeir töpuðu málinu). Já, en ég tel óþarft, og lögreglustjóri taldi það einnig, að setja slíkt ákvæði í l. Ég segi þetta ekki af því, að mér detti í hug, að hægt sé að gera þessa kröfu.

Svo vil ég spyrjast fyrir um, hvað átt sé við með breyt., sem felst í 4. gr. Með því að fella niður orðin: „ef það sér sér það fært“ er lagt til að gera það skilyrðislaust, að stjórnarráðið staðfesti skipulagsuppdrátt, og að fengnum endanlegum till. skipulagsnefndar, á stjórnarráðið að samþ. skipulagsuppdráttinn óbreyttan eða með þeim breyt., sem það álítur til bóta, og svo er því bætt við samkvæmt þessu frv., að skipulagsuppdrátturinn skuli staðfestur af stjórnarráðinu eigi síðar en tveim árum eftir að hann hefir verið lagður fram.

Ég hefði viljað fá skýringu á því, hvers vegna þetta ákvæði er sett hér inn, því að það er ekki óhugsandi, að um geti verið að ræða ágreining, t. d. milli bæjarstjórnar og ef til vill skipulagsnefndar, og hvort það sé meiningin með þessu, að úr því eigi að skera þannig, að sá uppdráttur, sem gerður er, skuli koma í gildi, hvort sem bæjarstjórn líkar betur eða verr. Ég vil biðja hv. flm. skýringar á þessu, því að þetta kom ekki fram hjá honum, og það er heldur ekki vikið að því í grg.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Mikið af því, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir minnzt á, eru atriði sem ég geri ráð fyrir, að verði ýtarlega rætt um í n., og ég segi fyrir mitt leyti, að ef málið kemur í þá n., sem ég á sæti í, en ekki í þá n., sem hann er í, þá vildi ég gjarnan, að hann kæmi á fund í n., af því að hann sem þm. Reykv. hefir mikið um þetta að segja.

Ég ætla ekki að fara beint út í umræður um mannaval í sambandi við þessa n. Það stendur þannig á, að Guðmundur Hannesson, fyrrv. heilsufræðisprófessor, er í raun og veru kominn út úr n., en þó getur hann að sjálfsögðu l. samkvæmt og vill gjarna vinna þarna lengur, og ég hygg, að eins og þessu er fyrir komið, þá sé það til bóta, frá því sem er nú, því að n. er tæplega fullskipuð, en annars held ég, að hv. 1. þm. Reykv. hafi gert of lítið úr því eðlilega við það, að vitamálastjóri sé í skipulagsnefnd. Það gæti vel verið, að hann eins og vegamálastjóri og húsameistari, væri miður heppilegur til þessa starfs. Þessir menn gætu verið frábitnir slíkum aðalstörfum. En hér í Reykjavík hefir það mjög mikið að segja fyrir skipulagninguna, hvernig hafnarmálunum er fyrir komið, og þar verður vitamálastjóri að vera eðlilegur þátttakandi sem hafnarmálastjóri.

Ef beinlínis er miðað við embættisstarf, og það er það eina, sem hægt er að gera, ef menn-irnir eru ekki beinlínis valdir í n. á hverjum tíma, þá á að skipuleggja að höfnum, vegum og stærstu húsum sé ekki illa fyrir komið. En annars geta menn haft mismunandi skoðanir um þetta.

Hvað þessu 3‰ gjaldi viðvíkur, þá getur vel verið, að það mætti orða það ákvæði betur, eins og hv. þm. benti á, svo að ekki gæti leikið neinn vafi á, að þetta ætti að vera undir stjórn n. til þess að borga, samkvæmt ákvæðum, sem sett eru af henni og í samþandi við álit ríkisstj., kostnað og kaup þeirra föstu starfsmanna, sem að þessu vinna. Ég held, að þetta geti gengið eins og það er, en það er hægt að athuga það.

Um sjálfan skattinn er það að segja, að það er dálítill meiningarmunur um, hvernig hann eigi að vera, og ég get hugsað mér, að kannske eftir 2—3 ár þætti eðlilegt að breyta þessu að einhverju leyti, en þetta er í sjálfu sér lítill skattur, og settur eingöngu til þess, að hægt sé að hrinda þessu máli af stað yfirleitt og fá meiri vinnukraft til þess að vinna að skipulagsmálum, og kostnaðurinn, sem leggst á húseigendur með þessu, er eins og kostnaðurinn við byggingarleyfi, sem rennur til byggingarnefndar. Það er enganveginn fjarstæða að leggja það að jöfnu. Húsaeigendum kemur það mikið við, að gott skipulag sé á bænum, þó að það komi ekki sér í lagi við þeim, sem byggja ný hús. Ég lít meira á þetta sem bráðabirgðaákvæði, og mundi þingið þá taka ákvörðun um þetta síðar.

Viðvíkjandi því atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. spurðist sérstaklega fyrir um, hvað langur tími mætti líða frá því, að skipulagsuppdráttur er lagður fram, þangað til hann er staðfestur, skal ég játa, að það er eitt af því, sem þarf að athuga vel í væntanlegri nefnd í samráði við borgarstjóra, og eins geri ég ráð fyrir, að húsameistari og vegamálastjóri komi þar til greina. Ég vil slá því föstu, að það getur verið að þetta eigi að orðast öðruvísi, sérstaklega af því að þetta rekur sig á fyrirkomulagið í þessu efni hér í Reykjavík, þar sem hin venjulega vinna skipulagsnefndar hefir að nokkru leyti fallið niður, af því að það tókst ekki að fá staðfestan uppdrátt, og lóðareigendur urðu að bíða í óvissu, og það var ástæðan til þess, að hv. 1. þm. Reykv.

kom með frv., sem samþ. var hér á þinginu 1932 og gaf Reykjavík vissa sérstöðu, en hún er dálitið hættuleg fyrir höfuðstaðinn, að því leyti, að það má segja, að skipulagsl. nái ekki nema að takmörkuðu leyti til Reykjavíkur, eins og stendur. Og ástæðurnar fyrir því að þessi undanþága var veitt, voru þær, að það hafði einhvernveginn verið of losaralega ákveðið áður, hvernig ætti að koma þessu fyrir. Vegna óánægju í bænum yfir töfinni á því, að endanlega yrði gengið frá skipulagsákvæðunum, var hér á Alþ. losað meira en góðu hófi gegnir um eftirlit og aðalreglur í þessu efni fyrir bæinn.

Ég þarf ekki að fara frekar út í þetta við þessa umr., en ég geri ráð fyrir, að það þurfi að athuga þetta atriði vel. Við höfum sett inn í frv. 2 ár sem tíma fyrir hverja bæjarstjórn og ríkisstjórn til þess að reyna að koma sér saman um, hvað sé heppilegt í þessu efni, en ég vil enganveginn slá því föstu, að það sé endilega alveg rétt, enda verða vafalaust teknar til greina skynsamlegar bendingar, sérstaklega að því er Reykjavík snertir, sem gætu orðið til þess að tryggja hennar skipulag.

***Magnús Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð. Það var einmitt þetta, sem ég vildi fá fram, að 4. gr. miðar að því, sem mér datt í hug, að reyna að leysa þennan ágreining, sem orðið hefir um Reykjavík í þessum efnum, og það fer fjarri því, að ég sé að hreyfa þessari aths. af því, að ég sé út af fyrir sig nokkuð ánægður með það ástand, ef að þessu yrði hrapað og Reykjavík fengi ekki enn reglulega staðfestan skipulagsuppdrátt, en þar sem málið fer í aðra n. en ég á sæti í, vil ég óska þess, að n. sjái um, að borgarstjóra eða hans fulltrúa gefist kostur á að ræða málið við n., því að ég þykist vita, að það sé hægt að komast að niðurstöðu í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 225).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég ætla aðeins að segja það við þessa umr., að ég tek aftur till. til 3. umr. og óska eftir, að umræður verði aðallega þá um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 225 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 144, 225, 264).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég hafði óskað eftir því við d., að aðalumr. yrðu nú við þessa umr. en ekki við 2. umr., og var tekið vel í það. — Og vil ég nú skýra lauslega þær brtt., sem fyrir liggja sem gerðar hafa verið í samráði við skipulagsnefnd.

Á þskj. 225 er fyrst gert ráð fyrir tveim litlum brtt. Önnur er sú, að sá maður, sem skipulagsnefnd ræður til sín, til þess að stýra hinni daglegu vinnu við mælingar, kortagerð og þ. h., skuli kallast húsameistari, en ekki byggingarfræðingur, þannig að það sé skýrt tekið fram, að hér geti aðeins verið um fullfæran „arkitekt" að ræða. — Ennfremur er gert ráð fyrir því, að skipulagið nái fyrst og fremst til allra staða, sem hafa 200 íbúa og fleiri; og í sjálfu frv. er þetta gert nokkuð rýmra, þannig að skipulagsnefnd og landsstj. geta í raun og veru fært þetta ákvæði niður, þannig að skipulagið nái til alls þéttbýlis, um leið og það er að myndast. Þetta er mjög þýðingarmikið, og skipulagsnefnd er nú þegar komin það langt, með sína vinnu, að heita má, að flestir kaupstaðir og kauptún, sem hafa fleiri en 500 íbúa, séu þegar búin að fá skipulag. En nú er gert ráð fyrir því að taka hina mörgu minni staði, og jafnvel allt þéttbýlið um leið og það fer að myndast.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 264. Þær eru bornar fram eftir ósk skipulagsnefndar þeirrar, sem nú er.

Brtt. við 1. gr. er til þess að gera það nokkuð gleggra, hvernig fjárreiðum til hinnar væntanlegu skipulagsnefndar skuli háttað. — Ég minntist á það við 1. umr., að þessi skattur, sem á að leggja á samkv. frv., 3‰ af byggingarkostnaði nýrra húsa, yrði fyrst um sinn aðalstofninn til þess að standast kostnaðinn við stjórn skipulagsmála, skrifstofuhald og annan óhjákvæmilegan kostnað. En fram að þessu hefir verið dálítil fjárveiting á fjárl. í þessu skyni, og bærinn lagt á móti henni. — Þessi litla brtt. við 1. gr. lýtur að því, að kostnaðurinn við skipulagið greiðist fyrst og fremst af þessum nýja skatti, en ef hann nægir ekki, þá verður að kom til — eins og nú er — fjárlagaveiting með framlagi frá bæjunum. En það er ekki gert ráð fyrir, að koma muni verulega til þess, ef þessi nýi skattstofn gengur fram.

Síðasta brtt. á þessu sama þskj. er um það, að skipulagsnefnd geti, um leið og hún samþykkir skipulagsuppdrátt af einum bæ, tiltekið vissar götur, þar sem hún geti blandað sér í það, hvernig byggt verði. Við skulum til dæmis hugsa okkur, að Austurvöllur væri nú eins og hann var fyrir 30 árum. Þá væri það vitanlegt, að þar kæmu stórbyggingar í kring, og mundi skipulagsnefnd þá óska eftir því að hafa eitthvað um það að segja, hvernig þessi sérstaklega þýðingarmikli staður kæmi til með að líta út.

Annað er það ekki, sem fram þarf að taka í þessum brtt., og ætla ég því ekki að fjölyrða frekar um þær.

Ég get svo endurtekið það, sem ég sagði við 1. umr., að tilgangur frv. er sá, að skipulagsnefnd hafi rýmri hendur heldur en hún hefir haft, og að hún geti haft a. m. k. tvo starfsmenn, húsameistara og mælingamann, til þess

að vinna allt árið að skipulagi bæja og kaupstaða, og að þetta skipulag nái til Reykjavíkur. Er þá gert ráð fyrir, að bærinn geti sparað sér þá vinnu, sem hann nú kaupir alldýru verði. — Einn nm. hefir borið sig saman við bæjarráð um þetta, af því að þetta er nokkuð viðkvæmt mál þar, og komst bæjarráð að þeirri niðurstöðu, að það mundi láta þetta mál hlutlaust, og er það í raun og veru sama og meðmæli frá þess hendi.

Þá vil ég taka það fram vegna skipulagsnefndar, að þessir þrír menn, Guðjón Samúelsson, Geir Zoëga og Guðmundur Hannesson, sem þar hafa unnið síðan 1921, er lögin gengu í gildi, fyrir mjög lága þóknun, hafa hlotið þá ánægju, að nálega öll kauptún og kaupstaðir hafa óskað eftir því að fá skipulag, og alls ekki fundizt það ganga nógu fljótt, sem meðfram hefir stafað af því, hvað skipulagsnefnd hefir haft litla peninga handbæra. Ég veit ekki um neinn stað utan Reykjavíkur, þar sem í heild sinni hefir ekki verið mikil ánægja yfir vinnu n. Hún hefir einnig fengið viðurkenningu frá útlöndum. Árið, sem leið, var hér á ferðinni norskur skipulagsfræðingur, sem kynnti sér starf n. og hefir síðan sýnt uppdrætti hennar víða, sem fengið hafa ágæta dóma. — Ég geri þess vegna ráð fyrir því, þar sem n. heldur áfram óbreytt fyrst um sinn, að öðru leyti en því, að vitamálastjóri bætist við, þá megi gera sér fullar vonir um, að ef n. fær rýmri hendur heldur en verið hefir, muni af því leiða mikið gott fyrir bæi og kaupstaði þessa lands.

ATKVGR.
Brtt. 264,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 264,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 225,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 264,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 225,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 264,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 278).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 332).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. felur í sér minni háttar brtt. á skipulagsl. frá 1921, svo sem um það, hvernig kostnaður við skipulagsuppdrætti skuli greiddur, hvernig skipulagsn. skuli skipuð o. fl. Einnig er kveðið fastar á um það en í gildandi l., að n. hafi tök á því, að skipulaginu sé hlýtt. Ég hygg ekki að frv. þurfi frekari skýringar við. Það hefir verið samþ. í Ed. af öllum flokkum í náinni samvinnu við skipulagsn. og ágreiningslaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 388).

26. Vörugjald í Vestmannaeyjum

Á 20. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað (þmfrv., A. 82).

Á 22. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Á síðasta þingi voru samþ. l. um fjárstjórn bæjar- og sveitarfélaga og tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Var þar með gert ráð fyrir, að eldri ákvæði um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga féllu niður. Þar á meðal var ákvæði, sem heimilaði Vestmannaeyingum að leggja vörugjald á vörur, sem fluttar væru að og frá kaupstaðnum, til ágóða fyrir bæjarsjóð. En þessa heimild hafði kaupstaðurinn haft um nokkur ár, og hafði hún verið framlengd nokkrum sinnum. Í stað þessarar heimildar, sem nú er felld niður, er ætlazt til, að komi þessi framfærslujöfnuður, sem l. frá síðasta þingi gera ráð fyrir. Nú hefi ég kynnt mér þetta og fengið órækar sannanir fyrir því, að á þessu ári eiga að koma til úthlutunar úr greindum jöfnunarsjóði nær því 314 þús. kr., sem verður skipt á ýmsa kaupstaði og kauptún, en við þessa skiptingu kemur í ljós, að reglan, sem liggur til grundvallar þessari skiptingu, verkar þannig, að Vestmannaeyingar fá þar ekkert. Ég get mér þess til, að svo mundi oftar fara, að þeir fengju lítið eða ekkert úr þessum sjóði. Ástæðurnar fyrir þessu eru að sumu leyti augljósar. Það er t. d. af því, að þessi kaupstaður býr við svo miklu hærra fasteignamat hlutfallslega en aðrir landshlutar, en það er einmitt fasteignamatið, sem kemur til greina, þegar úthlutun fer fram. Með þetta fyrir augum get ég ekki séð, að hægt sé að kippa þessum gjaldstofni frá kaupstaðnum. Ekki sízt verður það athugavert, þegar þess er gætt, að fátækraframfærslan fer þar sífellt vaxandi. Það hefir verið svo undanfarin ár, að meðalfátækrabyrði Vestmannaeyja hefir verið litlu minni en Hafnarfjarðar og miklu meira en Ísafjarðar. Þó hafa þessir kaupstaðir fengið svo tugum skiptir úr jöfnunarsjóði, en

við ekkert. Fátækrabyrðin jókst gífurlega síðasta ár. Það var gert ráð fyrir, að hún yrði svipuð og 1936, eða 100 þús. kr., en hún komst upp í 145 þús. kr. Hér er þó sjálfsagt að einhverju leyti því um að kenna, að vertíðin 1937 var með allra rýrasta móti. Nú er ekki sjáanlegt, að neitt verði létt á kröfum til bæjarfélaganna. A. m. k. hefi ég ekki getað séð hilla undir það. Með þetta allt fyrir augum, sé ég mér ekki annað fært en að vekja athygli Alþ. á þessu. Það vita allir, að það hafa verið uppi ýmsar skoðanir um það, hvort bæjarfélögin ættu að hafa tekjur á þennan hátt, og má ef til vill segja sitt hvað með því og móti, en höfuðástæðan fyrir andúð manna á vörugjaldinu hefir jafnan verið sú, að þessi álagning kæmi niður á öðrum en þeim, sem í kaupstöðunum byggju. Þetta má sjálfsagt til sanns vegar færa á öllum öðrum stöðum á landinu en Vestmannaeyjum. En þetta er af því, að Vestmannaeyjar eru lausar við land og ekki lagður þar tollur eða skattur á neinar vörur, sem ekki eru notaðar í Eyjum sjálfum. Að því er snertir vörur, sem fluttar eru frá Vík, þá er það svo, að það hefir verið um langt árabil, að Vestmannaeyjar hafa verið umhleðslustaður fyrir útflutningsvörur frá Vík. Þetta fer þó alltaf minnkandi. En þessar vörur eru undanþegnar í þessum l. og mundu verða, svo að hér er algerlega um eigið álag að ræða, þ. e. a. s. álag á kaupstaðarbúa sjálfa (PZ: Að mestu leyti). Algerlega, því að þetta gjald verkar ekki svo mjög hækkandi á vöruverð, að þess gæti fyrir menn, sem dvelja í Vestmannaeyjum í atvinnuleit. Ég vildi þess vegna mælast til þess við hv. d., að hún féllist á að leyfa þessum litla tekjustofni að haldast áfram, því að þótt hann að vísu hossi ekki hátt í þeim miklu útgjöldum, sem kaupstaðurinn hefir, þá er það þó svo, að þetta gjald næst inn. Það er ekki bara pappírsgagn, sem svíkur, þegar á á að herða, eins og segja má um mikinn hluta af útsvörunum, og sjálfsagt fer að verða um stóran hluta af fasteignagjaldinu líka. Og það er létt í vasa fyrir bæjarstjórnina að eiga að borga útgjöld bæjarins, bæði til starfsmanna og framkvæmda, og síðast en ekki sízt til þurfalinga, úr bæjarkassanum, sem ætlaðar eru tekjur, sem að miklu leyti má líkja við nýju fötin keisarans. En svona er það farið að ganga víðsvegar. Ég býst við, að það sé ekki einasta í Vestmannaeyjum, að innheimta útsvara gangi treglega, en þar eru útsvörin höfuðtekjustofninn, og þess vegna verður afleiðingin þeim mun örlagaríkari, þegar þau gjaldast ekki.

Ég vildi svo mælast til þess, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 131 og 147).

*Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Fjhn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti n. leggur til, að það verði samþ. með einni lítilli leiðréttingu.

Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að hér er um að ræða ákaflega þekkt ákvæði. Vestmannaeyjar hafa að ég hygg, í 12 ár haft þennan tekjustofn, og það má geta nærri, að það er ekki auðvelt fyrir bæjarfélagið að missa hann af sinni fjárhagsáætlun, nema því aðeins að í staðinn komi eitthvað tilsvarandi, og það var tilgangurinn með l. frá síðasta þingi um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, að bæirnir fengju nokkurn tekjuauka úr þeim sjóði, og þá hefði mátt ætla, að þetta gjald hefði mátt falla niður, enda voru l. um það numin úr gildi með l. um jöfnunarsjóð, en það hefir farið svo að þessu sinni, að það hefir ekkert fallið Vestmannaeyjum í skaut af tekjum jöfnunarsjóðs. Það er því þegar af þeirri ástæðu nauðsynlegt fyrir kaupstaðinn að fá þetta gjald a. m. k. þetta ár. Svo er annað, sem þarna kemur til greina, sem sé það, að í Vestmannaeyjum er fasteignamatið allhátt, svo að það er tvísýnt, að Vestmannaeyjar muni í náinni framtíð njóta mikils úr þessum sjóði, og hæpið, hvort þær njóta hans nokkurn tíma. Það má náttúrlega segja, eins og hv. minni hl. segir í nál. sínu, að þetta séu algerð sérréttindi fyrir Vestmannaeyjakaupstað, en það eru þó sérréttindi, sem hann hefir haft um alllangt árabil, og það er alkunnugt, að þegar slíkur tekjustofn er einu sinni kominn á og reiknað er með honum, þá er mjög erfitt að kippa honum burt, án þess að eitthvað tilsvarandi komi í staðinn, og viðvíkjandi sérréttindum Vestmannaeyjakaupstaðar er það að segja, að því verður ekki neitað, að sá kaupstaður hefir líka sérstöðu, sem mælir mjög með því, að hann hafi þetta, sem kalla mætti sérréttindi, þar sem Vestmannaeyjar eru, eins og kunnugt er, land út af fyrir sig, og verzlun og viðskipti, sem fara fram í gegnum höfnina þar, snerta Vestmannaeyjar að segja má einar, og þær eru meira afskornar frá viðskiptum annara heldur en nokkur annar kaupstaður eða kauptún hér á landi. Hv. minni hl. hefir ekki viljað samþ. frv., og ég hygg, að það sé af flokkslegum ástæðum fyrst og fremst, því að það er alkunnugt, að það er yfirleitt stefnumál Alþfl. að vera á móti eða að spyrna a. m. k. á móti auknum þesshátt álögum. Þeir halda því fram, að tekjum eigi sem mest að ná með beinum sköttum. Það er þessi flokksafstaða, sem jafnaðarmenn hafa haldið fram a. m. k. á pappírnum um þetta frv., sem hefir aðallega valdið því, að hv. minni hl. er ekki með um afgreiðslu þessa máls, sem annars hefir gengið í gegnum þingið þing eftir þing með samþykki flestra, sem nú eiga sæti á Alþingi.

Brtt. okkar er ekkert annað en leiðréttíng. Það stendur í frv., að l. skuli þegar öðlast gildi, en hinsvegar er þessi skattur með l. framlengdur til ársloka 1938, og því er ekki rétt að láta l. öðlast gildi fyrr en sú framlenging er útrunnin, sem sé frá ársbyrjun 1939. Eins og nál. okkar ber með sér, hefir annar nm. meiri hl. skifað undir með fyrirvara um það, að hann teldi a. m. k. ekki brýna ástæðu til þess að gera þessi l. ótímabundin, heldur áskilji hann sér

rétt til þess að vera með því, ef stungið yrði upp á, að þau yrðu höfð í sama formi og verið hefir, sem sé framlengd frá ári til árs. Ég fyrir mitt leyti sá ekki ástæðu til að samþ. það, því að vitanlega er það jafnan á valdi Alþingis að nema l. úr gildi, og ég verð að segja, að ég sé enga ástæðu til þess að nema þessi l. úr gildi fyrr en hægt er að bæta kaupstaðnum upp þann tekjustofn, sem hann myndi missa við það. Það er ekki annað en óþarft stapp og endalausar uppprentanir að vera að framlengja l., sem eru jafngömul og viðurkennd og þessi l. Ég, og þessi hv. meðnm. minn í rauninni líka, gátum því fallizt á að frv. yrði afgr. í því formi, sem það er borið fram, og mælum við með því, að þingið samþ. frv. aðeins með þessari einu leiðréttingu, sem við berum fram till. um í nál. okkar.

Frsm. minni hl. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Eins og fram kemur í nál. á þskj. 147, sem ég hefi skilað, gat fjhn. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Í þessu nál. hefi ég í stórum dráttum tekið fram, hvers vegna ég get ekki verið með, en það er fyrst og fremst vegna þess, að ég álít, að hér sé farið skakka leið í því að ná þeim gjöldum, sem bæjarsjóður þarf, með því að leggja skatt á neyzluvörur almennings og hina fátæku alþýðu og svo fjölda sjómanna og vermanna, sem á Vestmannaeyjum vinna yfir vetrartímann. Ég viðurkenni, að Vestmannaeyjar, eins og aðrir kaupstaðir, hafa þörf fyrir nýjar tekjur fram yfir það, sem verið hefir, en það er líka kunnugt, að á Alþ. hafa a. m. k. verið gerðar tilraunir til þess að bæta að nokkru leyti úr þeim þörfum, og meðan ekki er fullkomlega hægt að segja um árangurinn, sem getur orðið af því, get ég fyrir mitt leyti ekki fellt mig við, að einn kaupstaður sé tekinn út úr og honum gefin sérréttindi á gjöld og skatta, og allra sízt á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er alveg rétt, sem haldið er fram af hv. flm. frv., þm. Vestm., að það er mjög auðvelt að innheimta þessi gjöld, því að þau eru tekin af vörunum um leið og þær koma á land og þær eru fluttar út, en ég vil ekki ganga inn á, að afla þannig tekna, að það sé sem hægast að innheimta þær, heldur á að afla tekna fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð þannig, að gjöldin komi niður á þeim, sem breiðust hafa bökin til þess að bera þau. Og þetta vörugjald er einmitt, eins og ég sagði, bæði í Vestmannaeyjum og annarsstaðar, og sérstaklega þar, lagt á nauðsynjavörur yfirleitt og fiskframleiðsluna og þess vegna hlýtur þetta gjald að koma tiltölulega þyngra niður á þeim, sem hafa fyrir stórum fjölskyldum að sjá, en hafa stopula atvinnu og lítil laun. Þessi gjöld koma þess vegna tiltölulega þyngra niður á vinnandi mönnum heldur en efnamönnunum. Innheimta gjaldsins er í raun og veru lögð á herðar kaupmanna, sem eigi að borga þetta og greiða það í bæjarsjóð, og við vitum það allir, og þurfum ekki að dylja okkur þess, að um leið og kaupmaðurinn greiðir þetta til bæjarins, vill hann taka það aftur, og hann gerir meira en það, því að hann vill líka hafa eitthvað fyrir fyrirhöfnina og það að leggja út peningana, og þess vegna þarf neytandinn að borga meira en þetta gjald. hann verður líka að borga þann skatt, sem kaupmaðurinn leggur á vörurnar fyrir áhættuna, sem hann telur sig verða fyrir af þessu og fyrir þá peninga, sem hann hefir lagt út af þessum ástæðum.

Í frv., eins og það var upphaflega, var það tekið fram, að l. skyldu þegar öðlast gildi. Ég benti á það í fjhn., og hún féllst á það, að ef frv. hefði verið samþ. án leiðréttingar, þá hefði mátt innheimta tvöfalt gjald fyrir 1938, því að það er upplýst, að Vestmannaeyjar fengu fyrir nokkru samþ. vörugjald fyrir 1938, og Vestmannaeyjar munu lengi vera búnar að hafa þetta gjald. Ein af ástæðunum, sem hv. þm. Vestm. bar fram fyrir því, að samþ. bæri þetta frv., var sá, að árið 1936 hafi Vestmannaeyjakaupstaður ekkert fengið úr Jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Ég vil benda hv. flm. á það, að það koma til með að gilda aðrar reglur fyrir úthlutun úr jöfnunarsjóði árið 1938 og 1939 heldur en nú gilda, þannig að tekið verður tillit til launagreiðslna til kennara og elli- og örorkubóta, svo að það getur vel komið til mála, enda þótt Vestmannaeyjakaupstaður hafi hingað til lítið sem ekkert fengið, þá fái hann ríflega endurgreiðslu árin 1938 og 1939. Auk þess sem ég tel, eins og ég áðan sagði, að þessi gjöld séu ranglega lögð á bæjarbúa og á þá, sem sízt eru þess megnugir að inna þau af hendi, álít ég, að til greina geti komið mikið misrétti, þar sem Vestmannaeyjakaupstað væri ívilnað fram yfir aðra kaupstaði með því að láta hann fá þetta vörugjald og auka þar með þann hluta, sem þeim kaupstöðum ber hlutfallslega við aðra bæi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

Af þessum ástæðum tel ég ekki rétt að samþ. þetta frv., og álít ég nógan tíma til þess að taka þetta til frekari athugunar, ef það sýnir sig, að þessi tekjustofn, sem bæjum er ætlaður, kemur ekki að tilætluðu gagni fyrir kaupstaðina yfirleitt. Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf sérstaklega að minnast á að sinni, en ég vil leggja áherzlu á, að frv. verði ekki samþ. og a. m. k. alls ekki gert að föstum lögum.

Bernharð Stefánsson: Eins og nál. meiri hl. á þskj. 131 ber með sér og hv. frsm. tók fram, hefi ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, sem er fyrst og fremst um það, eins og þar greinir, að ég tel að ýmsu leyti réttara að tímabinda þessi l., eins og verið hefir, því að undanfarin ár hefir það verið svo, að l. um vörugjald í Vestmannaeyjum hafa verið sett til ákveðins tíma.

Hv. frsm. meiri hl. n. benti að vísu á það, að þetta vörugjald hefði gilt allmörg ár í Vestmannaeyjum og alltaf verið framlengt. Þetta er rétt. Fyrstu l. um slíkt vörugjald í Vestmannaeyjum munu vera frá 1926 og hafa alltaf verið framlengd síðan. En það er ekki nægileg ástæða til þess að telja, að framlengja eigi þessi lög til frambúðar. Ég vil benda á í þessu sambandi, að sumir þeir skattar, sem til ríkisins eru innheimtir samkv. bráðabirgðalögum, sem framlengd eru frá ári til árs, eru eins gamlir

og þetta gjald í Vestmannaeyjum. Svo er bæði um lögin um vörutoll og um verðtoll, sem munu vera frá 1924. Ég legg þó ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði, að ég hafi flutt um það brtt. nú, en ég mundi samþ. hana, ef fram kæmi, og áskil mér rétt til 3. umr. að bera slíka brtt. fram.

Þó að ég mæli með þessu frv., fellst ég ekki að öllu leyti á þann rökstuðning, sem fram hefir komið því til meðmæla, sérstaklega það, að þessa heimild verði að veita af því, að Vestmannaeyingar verði fyrir misrétti við framkvæmd laganna um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, sem sett voru í fyrra. Að Vestmannaeyingar hafa ekki fengið framlag úr jöfnunarsjóði, getur ekki stafað af öðru en því, að þeir beri tiltölulega léttari byrðar en aðrir bæir. Um þau framlög gilda ákveðnar reglur. Þau eiga a. m. k. að vera þannig miðuð við fátækraframfærið, kostnað af tryggingalögum og upphæð kennaralauna, að mest renni til þeirra bæja, sem hafa tiltölulega mestan kostnað af þessu. — Þá sagði hv. þm. Vestm., að fasteignamat væri óeðlilega hátt í Vestmannaeyjum. Sé svo, gæti verið ástæða til að framlengja lögin þangað til nýtt fasteignamat gengur í gildi og ekki lengur. Það, að ég fylgi frv., þýðir ekki, að ég telji Vestmannaeyjar neinu misrétti beittar með lögunum um tekjuöflun bæjar- og sveitarfél. og um jöfnunarsjóð, heldur að ég tel það sanngjarnt og útlátalaust að leyfa Vestmannaeyingum að leggja þessi gjöld á sjálfa sig. Þetta vörugjald mun sama og ekki lagt á aðra en Vestmannaeyinga sjálfa, og þetta eru aðeins heimildarlög, og ef þeir samþ. sjálfir að haga þessu þannig, þá sé ég ekki, hvað á að vera móti því að leyfa það. Ég lít svo á, að vel mætti leyfa öðrum kaupstöðum þetta, þeim sem lítið verzla við nágrenni sitt. Ég hefi fyrr borið fram frv. um að veita Siglufirði slík réttindi. En það náði ekki samþ., og var þá talið, að Siglfirðingar gætu frekar en Vestmannaeyingar skattlagt utanbæjarmenn með gjaldinu.

Það má segja sem svo, eins og hv. 11. landsk. gerði, að þarna sé verið að leggja skatt á neyzluvörur almennings. En þegar á staðreyndirnar er litið, hefir það sýnt sig, að þetta er óhjákvæmilegt. Það er vitað, að það er ákaflega erfitt að ná öllum þörfum bæjarfélaganna inn með beinum sköttum og þannig hefir það líka reynzt þar, sem þessi hv. þm. á heima og á sæti í bæjarstjórn. Hvað sem um þetta má segja frá fræðilegu sjónarmiði, verður að fá fé með því að fara til þess einhverja færa leið. Þess vegna var sett löggjöfin um tekjur bæjar- og sveitarfélaga til að fá þeim nýja tekjustofna og tekjurnar, sem þau fá úr jöfnunarsjóði, koma nú einmitt inn með auknum og nýjum tollum.

*Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Í sjálfu sér er ekki ástæða til að taka upp almennar umræður um beina og óbeina skatta út af þessu litla frv. Enda er ekki um svo háa álagningu að ræða, að grundvallarreglur þurfi að koma þar til greina. Gjaldið er mér sagt að sé ákaflega lágt á mestu nauðsynjavörum almennings, svo sem matvörum, þannig að telja má, að það verki afarlítið á afkomu almennings.

Annars er nú sannleikurinn sá, að það er ekki hægt að ná inn nauðsynlegu fé til ríkisþarfa, án þess að það komi niður á öllum fjöldanum. Það hljómar náttúrlega vel, að leggja þungann á þá, sem breiðust hafa bökin, og þá útsvörin aðallega á verzlanirnar. En það hlýtur að koma fram í aukinni álagningu fyrirtækjanna og þannig dreifist það á allan almenning. Eins og hv. meðnm. minn, hv. 1. þm. Eyf., sagði, hefir reynslan skorið úr um þetta, og Alþfl. hefir orðið að ganga inn á það að ná inn meginhluta ríkisteknanna með óbeinum sköttum. Þm. hans hafa á undanförnum árum verið með sífeldri hækkun þessara óbeinu skatta. — Það er athyglisvert, að einn af viðsýnustu mönnum Alþfl., maður sem hefir tamið sér að líta á hlutina mjög raunverulegum augum, Jónas Guðmundsson, undirbjó löggjöf um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög og flutti með öðrum þm. frv. um þau efni, þar sem farið var inn á sömu leið og í þessu frv., ekki aðeins í Vestmannaeyjum og á Siglufirði, heldur í öllum kaupstöðum á landinu, svo að þetta hefði orðið óbeinn skattur á allri þjóðinni. Það er alveg rétt hjá meðnm. mínum, að gjald ríkisins til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er einmitt fengið á þennan hátt, mestmegnis með óbeinum sköttum, eins og aðrar ríkistekjur.

Ég vil ekki segja, hvaða afstöðu ég hefði tekið, ef Vestmannaeyingar hefðu komið nú í fyrsta sinn með tillögu um vörugjald hjá sér. En gjaldið er þar komið í hefð og auk þess aðeins um heimild Alþingis að ræða — um það, hvort eigi að leyfa þeim að leggja þetta gjald á sjálfa sig. Mér þykir hart, ef á að banna mönnum að leggja á sig gjöld til sameiginlegra þarfa.

Mótspyrnan gegn því, að aðrir bæir tækju þetta upp, hefir byggzt á því, að þar væri hægt að skattleggja utanbæjarmenn, sem verzla á staðnum. Þó að t. d. Siglufjörður sé langt frá öðrum byggðum, er hann samt landfastur, og þegar samgöngur við hann batna við veg yfir Siglufjarðarskarð, má telja víst, að verzlun Fljótamanna færist þangað. Þess vegna hefir Siglufjörður ekki alveg sömu afstöðu og Vestmannaeyjar.

Svo skal ég ekki orðlengja um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Ég ætla ekki í þetta skipti að fara í neinar deilur um beina og óbeina skatta. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að það væri hart, ef ekki ætti að leyfa Vestmannaeyingum að leggja gjald á sjálfa sig. Ég verð að benda honum á, að vörugjaldið hefir ekki verið samþykkt nú í bæjarstjórn Vestmannaeyja, þó að hv. flm. frumvarpsins gerði ráð fyrir að það yrði, og því síður liggur fyrir almenn ósk frá kaupstaðarbúum þar.

Það er algerður útúrsnúningur, að hér sé um engar nýjar álögur að ræða, því að lögin um tekjur bæjar- og sveitarfélaga frá síðasta þingi gera ráð fyrir nýjum tekjum, þ. e. nýjum álögum, sem eiga að koma í stað aukatekna sem þessara í Vestmannaeyjum. Þar er m. a. leyfður fasteignaskattur, og ef hann er innheimtur í Vestmannaeyjum jafnt og annarsstaðar, getur hann gefið bænum 20—30 þús. kr. á ári, eða

svipað eins og vörugjaldið gefur. Þá er gagnslaust um það að tala, hvort lögin um vörugjald veita nýja heimild eða endurnýja niðurfelldan skatt, það er ný aukning á gjaldabyrði almennings fyrir því.

Alþfl. hefir orðið að ganga inn á það að hækka í bráð óbeinu skattana nálega að sama skapi og hina beinu. Um leið og dæmt er um það, verður að minnast þeirra verklegu framkvæmda, sem hækkunin stafar af. Ég get sagt fyrir mig, að ég tel mikinn mun á því, hvort samþ. er frv. um tekjuauka handa ríkisstjórninni, sem veitir fénu aftur til almennings í meiri atvinnu, eða hinu, að samþ. vörugjald til þess að spara borgurum einhvers bæjarfélags útsvör og fasteignaskatt.

Þá talaði hv. 1. þm. Reykv. um Jónas Guðmundsson og reyndi að telja skoðanir hans sér til tekna. En það hefir nú sýnt sig að sú skoðun, sem þm. eignaði Jónasi, hefir orðið í minni hl. hjá þeim, sem að síðustu fluttu frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og komu því í gegn. Alþfl. hefir ekki tekið upp þessa skoðun, og Framsfl. ekki heldur; a. m. k. hefir hæstv. fjmrh. látið það mjög ákveðið í ljós, að bæirnir ættu ekki að afla sér fjár þannig.

Ég er á móti þessu frv., sérstaklega af þrem ástæðum, sem ég lýsti í fyrri ræðu minni: Þessar álögur yrðu innheimtar af sömu mönnum, sem nú borga aukna skatta, sem eiga að koma í vörugjaldsins stað; það yrði tvöfaldur skattur. Í öðru lagi kemur vörugjald þyngst niður á þeim, sem hafa stærstar fjölskyldur að fæða og klæða og mega sízt við álögunum. Í þriðja lagi er frv. ekki nauðsynlegt, vegna þess að Vestmannaeyjar geta notað sér ný lagaákvæði um fasteignaskatt og fengið sinn skerf úr jöfnunarsjóði, miðað við kostnað af kennaralaunum, elli- og örorkubótum og hlutdeild í jöfnun fátækrastyrks, ef hagur bæjarins versnar.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vil þakka n. fyrir það, að hún vill samþ. þetta frv. um, að vörugjaldið í Vestmannaeyjum megi haldast. Ég hefi skýrt frá því bæði munnlega og skriflega, við flutning þessa máls, að ákvæði laganna um tekjur bæjar- og sveitarfélaga koma Vestmannaeyingum ekki að neinu gagni. Þó að skipt sé meir en 300 þús. til fátækrajöfnunar til ýmissa kaupstaða og kauptúna fyrir árið 1936, og mun meira væntanlega fyrir 1937, er svo um séð, að Vestmannaeyjar fái ekkert af því fé. Þetta er sú ónotalega staðreynd, sem hv. þm. verða að viðurkenna. Ég er ekki einn til frásagnar um þá staðreynd, heldur geta bæði hagstofan og stjórnarráðið vottað þetta, og skýrsla um þetta mál er undirrituð af tveim fulltrúum stjórnarflokkanna, Framsfl. og Alþfl., svo að ég vona, að það verði ekki vefengt.

Hv. 1. þm. Eyf. féllst ekki á að veita heimildina vegna þess, að Vestmannaeyjar eru afskiptar við úthlutun úr jöfnunarsjóði, heldur af því, að þær hafa sérstöðu. Án þess að ég ætli að saka nokkurn mann um ranglæti, verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, að nokkur þm. skuli telja, að slíkt skipti ekki neinu, hvort bær er afskiptur eða ekki. Þær aths., sem hv. þm. hafa reynt að beita þessu til afsökunar, hrökkva skammt og hefir áður verið svarað. Mönnum er t. d. kunnugt, að fasteignamat í Vestmannaeyjum er óeðlilega hátt. — Ef hv. 1. þm. Eyf. vill bera fram eða fylgja brtt. við frv., skal ég ekki áfellast hann fyrir það, heldur samþ., að gjald þetta sé haft tímabundið.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Eyf. hafa að mestu svarað hv. 11. landsk.,svo að ég get gengið fram hjá sumu, sem hann sagði. Það er vitað, að hann er nýlega kominn á Alþing, og líklega nýlega kominn í þann flokk, sem hann telst fulltrúi fyrir, svo að hann stendur með annan fótinn í Alþfl., en hinn í Kommfl. Honum er þess vegna eðlilegt að byrja á stafrófi sósíalista hér í d. og tala um, hvernig eigi að ná inn gjöldum með beinum sköttum. Þetta er stafrófið, sem við erum nú búnir að hlusta á í ein tíu ár eða lengur, að ekki megi taka neitt í bæjarsjóð af gjöldum, sem koma niður á neyzluvörum almennings. Nú er þetta gjald ákaflega lágt einmitt á neyzluvörum; ég held 10 aurar á mélpoka. Hv. þm. heldur að kaupmenn muni reikna það nákvæmlega út fyrir hvern hlut og hvern pakka í smásölu og hækka verð allra nauðsynja sem því nemur. En þeir reikna ekki með slíkri nákvæmni. Hver kaupmaður verður náttúrlega að leggja á einhverjar vörutegundir það, sem þarf til að standast álögurnar. En ég hefi aldrei heyrt á viðræðum þeirra, að þeir áætluðu sérstaklega, hvað leggja þyrfti á fyrir vörugjaldið. Hinsvegar munar talsvert um tollhækkanirnar, sem gerðar voru til að afla tekna fyrir jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Það er vitað, að alþýðuflokksmenn hafa verið með og orðið ákveðnir í því að hækka óbeinu skattana þvert ofan í kenningar sínar. Þá finnst mér varla orðin þörf fyrir fleiri fyrirlestra um þessa trúarjátning þeirra.

Þá var það ein af mótbárum hv. 11. landsk., að hann vildi ekki gefa sérstökum kaupstað forréttindi. Það var skaði, að þessi hv. þm. var ekki kominn hér á síðasta þingi til þess að koma þá með sín góðu rök móti sínum eigin kaupstað, þegar samþ. var af mér og öðrum, að Siglufjörður skyldi fá greiddan hundraðshluta af útfluttum afurðum síldarverksmiðjanna. Þetta voru óneitanlega forréttindi fyrir Siglufjörð. En ég og aðrir, sem vorum með þessu, sáum ekki ástæðu til að leggja á móti því, að Siglufjörður nyti góðs af þeim rekstri, sem þar er. Hitt er vitanlegt, að bæði ég og aðrir, sem að þessu unnu, lögðum með því skatt á sjálfa okkur, þar sem við gerum út þar, og einnig á okkar plássmenn, sem vinna þar á sumrin. Það er því ekki fordæmislaust, að kaupstaður fái forréttindi í slíkum efnum.

Annars hefir það verið hingað til svo, að Alþ. hefir fallizt á að láta þetta vörugjald haldast í 1., af því það kemur nær eingöngu, að undanteknum nokkrum tóbaksbitum, sem landmenn kaupa þar á vorin, niður á herðar Vestmannaeyinga sjálfra. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem fylgt hafa málinu að undanförnu, hafi gert það vegna þess, að þeir sjái nauðsyn þess fyrir bæjarfélagið að hafa einhverjar ábyggilegar tekjur

til þess að standast þau útgjöld, sem af því er krafizt.

Hv. 11. landsk. var með myndugleika miklum að tala um vilja bæjarbúa í þessu efni. Hann sagði, að það lægi ekkert fyrir um hann. Það er satt, að ég hefi ekki látið safna undirskriftum bæjarbúa, en ég geri ráð fyrir, að ef þar færi fram atkvgr., þá myndi þessi af honum hataði íhaldsmeirihluti í Vestmannaeyjum aðhyllast þá fjármálapólitík, sem sjálfstæðisflokksmeirihlutinn í bæjarstjórninni í Vestmannaeyjum fylgir, og samþ. að halda þessu gjaldi. Mér er til efs, að þeir, sem hv. þm. þykist vera að bera fyrir brjósti, eins og t. d. þurfalingar bæjarins, vilji vinna það til, að þessum tekjustofni sé kippt í burt og möguleikar bæjarins til að veita þeim þær nauðþurftir, sem þeir þurfa, þar með skertir.

Hún er annars svo yfirgengileg þessi hræsni þessara svokölluðu sósialistisku forkólfa, sem eiga sjö börn í landi og sjö á sjó, eða eru að hálfu leyti kommúnistar. Það er kyndug þessi umhyggja þeirra fyrir þeim fátækustu, þegar þeir eru að ráðast á tekjustofna, sem bæjarfélögin geta hagnýtt sér, en á hinn bóginn eru þeir ávallt reiðubúnir til þess að vinna af alefli að því, að sem flestir heimti sínar nauðþurftir af bæjunum.

Það kann vel að vera galli í augum hv. 11. landsk., að það, sem hann kallar íhaldsmeirihluta í Vestmannaeyjum, skuli fá þetta gjald til umráða. Hv. þm. er náttúrlega sterkur í sínu ríki og ræður sjálfsagt lögum og lofum á Siglufirði, og mun hann sjálfsagt sannprófa það, þegar hann kemur heim í sitt hérað. En hann verður að sætta sig við það, að sjálfstæðismenn hafa bæjarstjórnarmeirihlutann í Vestmannaeyjum. En mér virtist skína út úr orðum hans, að ef það væri meirihluti, sem ekki væri honum að skapi, þá vildi hann ekki láta hann hafa tekjur. Hv. 11. landsk. þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því, að útsvörin í Vestmannaeyjum séu ekki nógu há á þeim, sem þar reka atvinnu. Við, sem rekum þar atvinnu, þurfum ekki að bera kinnroða fyrir það, að útsvörin séu ekki nógu há, á okkar atvinnurekstri, því að ég get frætt hv. þm. á því, að útsvarsstiginn í Vestmannaeyjum á atvinnurekstrinum er þrefalt á við það, sem hann er í Reykjavík. Hinsvegar er það staðreynd í Vestmannaeyjum, að verkamenn þar rísa yfirleitt ekki undir neinum útsvörum að ráði, og þess vegna hefir sú regla viðgengizt þar í nokkur ár, að útsvör á menn, sem eingöngu eru verkamenn eru hverfandi lítil, og svo lítil, að þau munu hvergi á landinu vera minni.

Ég held ég hafi þá tekið það fram, sem mér virtist koma fram hjá hv. frsm. meiri hl. í þessu máli. Mér finnst það nærri því broslegt að þurfa að eyða miklum tíma í það, að rökræða nauðsyn þessa máls fyrir þetta fátæka bæjarfélag, sem vill leggja á sig þessa fórn, til þess að halda sér á floti, við sósialista, sem bera ábyrgðina á þeim sköttum og byrðum, sem ríki og bæir hafa orðið að dragast með vegna löggjafar síðustu 10 ára. Það eru þessir menn, sem „geipa í orði um gjörðir klárt, en ganga mest til valda“, þessir menn, sem við hvert tækifæri hamra á því, að þeir séu á móti neyzlusköttum, vegna þess að þeir vilji hlífa fátæklingunum, en þegar svo er um það að ræða að hafa bein og bitlinga hjá stj., þá greiða þeir atkv. með hvaða hækkun á neyzluskatti sem um er að ræða. Þá greiða þeir atkvæði með framlengingu á gildi l. um verðtoll og hækkun á viðskiptagjaldinu. Svo koma þessir sömu menn og fara að byrja á því nú, þegar um það er að ræða, að fátækt bæjarfélag, sem hefir haft þennan tekjustofn í mörg ár, fái að hafa hann áfram, að lesa upp fyrir okkur stafrófið í trúarjátningu þeirra sósialistanna. Þetta eigum við að fara að hlusta á eftir 10 ára framkomu þeirra. Eftir 10 ára óslitna baráttu þeirra til þess að koma öllu í kaldakol í kaupstöðunum, þá á maður að upplifa það, að nýútsprungin rós sé hér á ferðinni og tali um það, að þeir séu á móti því, að leggja á nokkra skatta, sem komi á bak hinna fátæku. Ég veit ekki, hvort maður á heldur að kalla þetta harmleik eða spaugsleik. Mér er nær að halda, að þessir menn séu sér þess meðvitandi, að þeir séu að leika spaugsleik. En er ekki kominn tími til að þeir hætti þessum leikaraskap? Er brautin svo glæsileg hjá eldri leikhetjunum, eins og t. d. hv. 3. landsk., að það sé beinlínis eftirbreytnisvert fyrir byrjendurna að fara að leggja út á þá braut? Það hlýtur að vera mikil andleg fátækt þar fyrir, sem sú fyrirmynd er tekin til eftirbreytni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Hv. þm. er kunnugt um, að ég hefi alltaf verið á móti frv., sem fram hafa komið á þingi og stefnt í sömu átt og þetta, að veita einstökum bæjar- og sveitarfélögum möguleika til að veita þeim gjöldum, sem þegnar viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags eiga að greiða, yfir á aðra, sem skipta við þá. Ég hefi fullkomlega viðurkennt og viðurkenni að Vestmannaeyjar hafa þarna sérstöðu, þar sem þær selja miklu minna til annara en þeir kaupstaðir aðrir, sem farið hafa fram á að fá svipað vörugjald. En þó er það svo, að þeir selja dálítið til annara, og meira en einn og einn tóbaksbita, eins og hv. þm. sagði. Ég er á móti þessari stefnu. Ég er líka á móti þeirri stefnu, sem þarna kemur fram, að leggja þetta á sem heildargjald, sem liggi á þunganum og kemur því meir niður á hinum fátækari, sem framfleyta stærri fjölskyldum, en hinum betur stæðu. Ég er á móti báðum þessum stefnum. Ég get því ekki fylgt þessu frv. eins og það liggur fyrir. Fyrir sig væri að fylgja því, ef það hefði eitthvert tímatakmark.

Annars skildist mér á hv. þm. Vestm., að hann byggði þetta frv. nú aðallega á þörf Vestmannaeyja, sem hann sagði, að ekkert hefði verið bætt úr með jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Í sambandi við það vil ég spyrja hann að því, hvort hann álítur, að sá grundvöllur, sem greitt er eftir úr jöfnunarsjóði, sé þá ranglátur? Ef hann er það, þá á hann að skjóta geiri sínum þangað og leggja til, að hann sé endurskoðaður. Ef hann er réttlátur, og hann hefir ekkert talað um, að hann væri ranglátur, aðeins um það, að Vestmannaeyjar fengju þaðan ekkert, þá hafa

Vestmannaeyjar minni þörf fyrir þetta gjald en aðrir kaupstaðir. Annaðhvort er, að engin þörf er á þessu gjaldi, eða grundvöllurinn, sem skipt er eftir, er ranglátur, og þá er að endurskoða hann.

Ég er í vafa um, hvort ég fylgi þessu frv. breyttu, en óbreyttu fylgi ég því ekki.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, voru ummæli, sem hv. þm. Vestm. leyfði sér að viðhafa í ræðu sinni og ég tel ekki rétt að láta ómótmælt. Ég tel ekki honum sæmandi, þótt hann sé búinn að vera lengi á þingi, að ætla að gera sig að stórum herra og setja aðra þm. á skólabekk fyrir það eitt, að þeir flytja sitt mál á annan hátt en honum líkar. Ég heyrði ekki neitt það í málflutningi hv. 11. landsk., sem gæfi tilefni til að brigzla honum um nýlíðastarf og að hann væri ekki inn í málinu og flytti mál sitt þann veg, að það væri eins og hann væri úti á þekju. Ég álít það ósæmandi af þm., þótt hann sé reyndur, að nota slík orð við menn, þótt þeir séu nýkomnir inn í þennan sal. Hann sagði ennfremur, að þessi þm. væri nýr í flokknum, og var jafnvel að brigzla honum um, að hann væri meðlimur í öðrum flokki, hann væri kommúnisti. Það er vitað, að hann hefir verið og er yfirlýstur alþýðuflokksmaður, svo að það er óþarfi að bendla hann við stefnu annars flokks. Þessum ummælum hv. þm. vildi ég mótmæla og tel ósæmandi af honum að flytja þau hér fram í hv. d. Ég hygg, að það sé ekki ávinningur fyrir hans málflutning að nota slík ummæli.

Það er vitanlegt, að við jafnaðarmenn höfum verið á móti vörugjaldinu frá byrjun eða frá því að slík stefna skaut upp höfðinu. (BSt: Líka Jónas Guðmundsson?). Hann vildi í mþn. að nokkru leyti ganga inn á þessa stefnu, en ég veit ekki betur en hann hafi beygt sig fyrir stefnu síns flokks í þessu efni. Ég hygg, að hið sama megi segja um hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Eyf., að þótt þeir hafi sérstöðu í einhverju máli, þá beygi þeir sig undir stefnu þá, sem flokkurinn hefir markað. Ég er ekki að segja þeim þetta til lasts, því að ég tel þetta eina af þeirra þinglegu skyldum, sem þeim ber að fylgja, ef þeir vilja starfa í sínum flokkum.

Ég ætla ekki að færa frekari rök að því en hér hefir verið gert, að ég tel, að Vestmannaeyjum sé nauðsyn að fá þetta vörugjald frekar en öðrum kaupstöðum. Ég vil í því sambandi spyrja hv. þm. að því, hvað mikla upphæð sé hér um að ræða í tekjum fyrir Vestmannaeyjar. Ég man ekki eftir, að ég hafi nokkurn tíma heyrt það. (JJós: Ég hefi oft nefnt það). Ég hefi nú ekki verið að glugga í gamlar þingræður um þetta mál. En er þetta svo stór upphæð, að ekki sé hægt að taka hana á annan hátt? (JJós: Það er víst ekki mikill vandi. Það eru nógir peningar). Það er vitanlegt, að það eru ekki verri gjaldþegnar í Vestmannaeyjum en í öðrum bæjum, sem ekki hafa leyft sér að setja slík gjöld. Reynslan hefir sýnt, að Vestmannaeyjar hafa haft fyrir gjaldþegna menn, sem fyllilega geta borið byrðar á við samskonar menn í öðrum bæjum. Hitt er skiljanlegt, að bæjarstjórnarmeirihlutinn í Vestmannaeyjum, sem er skipaður flokksmönnum hv. þm., vilji fylgja þeirri stefnu, að hlífa hinum breiðari bökum, en koma gjöldunum á þá, sem minni hafa bökin til að bera þau. Þarna er stefnumunur milli jafnaðarmanna og flokksmanna hans. Við álítum, að það eigi að leggja gjöldin á þá, sem geta borið þau. En hér er um óbeinan skatt að ræða, sem kemur þyngst niður á þeim, sem flesta hafa munnana að fæða og þá oftast efni af skornum skammti.

Mér skildist á hv. þm. Eyf., að hann gæti verið með þessu máli af því, að hann teldi, að það snerti ekki sína umbjóðendur, bændur og búalið. Þetta er rökfærsla, sem ég skil ekki. Ég veit ekki betur en framsóknarmenn hafi verið á móti þessum skatti fyrir bæina, af því hann kæmi niður á fólkinu, sem í sveitinni býr og þarf að sækja sínar vörur til bæjanna. Ef það er ranglátt að leggja þennan skatt á í bæjum, þar sem mikið af sveitabændum verzlar, þá er það líka ranglátt að leggja hann á í þeim bæjum, sem fáir sveitabændur verzla við. Í þessum ummælum hv. þm. finnst mér vera svo mikil hreppapólitík. Það er svo mikið ósamræmi í þessari hugsun hjá hv. þm., því að þetta er eins mikil byrði fyrir fátæka fólkið í Vestmannaeyjum, þótt enginn sveitamaður beri hana með því. Ég veit ekki betur en Framsfl. hafi verið á móti vörugjaldinu af þeirri ástæðu, sem ég gat um og fer að nokkru leyti saman við okkar skoðun. að það sé verið að leggja neyzluskatt á fólkið, sem ekki sé réttlátur. Ég get því ekki skilið, að Vestmannaeyjar þurfi að vera þar undantekning.

Hér er því um kenningu að ræða, sem frá öndverðu hefir verið haldið fram af Alþfl. og studd í öllum höfuðatriðum af Framsfl. Það eru kannske einhver straumhvörf nú. Ég játa að vísu að á undanförnum þingum hefir þetta mál fengið stuðning hjá einstökum þm. innan Framsfl., meðan ekki var búið að gera neina skipun á um það, hvaða tekjur bæjar- og sveitarfélögin ættu að fá umfram það, sem þau hafa áður haft. Nú er búið að laga það, þó kannske ekki á fullnægjandi hátt, en því minni ástæða er að vera með þessu máli nú.

Hv. þm. Vestm. var svo illorður og, svo ég noti hans eigin orð, fúkyrtur í garð okkar jafnaðarmanna, að ég get látið því ósvarað að mestu leyti. Hann var að minna á, hvað hann hefði gert fyrir Siglufjörð á síðasta þingi, og vildi meina, að það hefði verið gert fyrir Siglufjörð einan að leggja þennan skatt á. Ég vil minna hann á, að það eru fleiri staðir, sem koma þar til greina, svo sem Raufarhöfn og Önundarfjörður. En svo er ég ekki viss um, hvað mikla ánægju hann hefir af þessari ráðstöfun sinni. Sjómennirnr í hans eigin byggðarlagi munu a. m. k. ekki þakka honum fyrir þá till.

Þá vildi hann halda því fram, að þetta væri gert fyrir þá þurfalinga, sem eru í Vestmannaeyjum, því að annars myndu þeir ekki fá nauðþurftir sínar. Það er nú ekki ætlazt til þess af okkur, að bærinn leiti ekki tekjustofna fyrir þá upphæð, sem hér um ræðir. Á meðan bæjarfé-

lagið gefur sig ekki upp sem gjaldþrota, þá verður það að leita einhverra ráða til þess að fullnægja þeim kröfum, sem til þess eru gerðar. Vitanlega verður bæjarfélagið að svara réttlátum óskum og kröfum þeirra, sem þurfa á styrk að halda, án tillits til þess, hvort vörugjald er lagt þar á eða ekki. Um þetta mætti tala langt mál. Mér er ekki kunnugt um annað en flokksmenn hv. þm. séu aðalatvinnurekendurnir í Vestmannaeyjum. Það fer eftir því, hvort þeim tekst að reka sína útgerð vel, hvort blómgvun er þar í atvinnulegu tilliti eða ekki. Ef atvinnureksturinn er slælega rekinn, þá er eðlilegt að ýmsir þurfi að leita á náðir bæjarsjóðs. Það eru því flokksmenn hv. þm., sem eiga sök á því, ef fátækraframfæri er óeðlilega þungt í Vestmannaeyjum.

Hann talaði um, að það væri okkur jafnaðarmönnum að kenna, að svo miklir skattar og byrðar hvíldu á bæjarfélögunum. Hann nefndi nú ekki, hvaða byrðar og skattar það væru. Hann hefir kannske meint þá löggjöf, sem miðað hefir til menningar. Ég get ósköp vel skilið, að hann sé á móti slíkri löggjöf. Hann meinar kannske þá löggjöf, sem sett hefir verið í öryggis- og tryggingarmálum. Annars hefði ég gaman af að heyra, hvaða löggjöf það væri, sem jafnaðarmenn hefðu barizt fyrir, sem legði svona miklar byrðar á bæjarfélögin. Hann reyndi ekki að rökstyðja þetta neitt. Ég hefi hér nefnt tvö veigamikil mál, sem við höfum barizt fyrir, tryggingarmálin og menningarmálin. En við munum aldrei blygðast okkar fyrir að hafa barizt fyrir þeim málum. Um tryggingarmálin er það að segja, að þau munu verða til ómetanlegra hagsælda, ekki aðeins fyrir einstaklingana, heldur og einnig fyrir bæjarfélögin. Enn þá er of skammt liðið frá því, að þau voru sett, til þess að þau séu fyrir alvöru búin að sýna sig. Þau munu m. a. létta allmjög undir með framfærslu fátækra, og á þann hátt létta undir með gjaldendum.

Þá fór hv. þm. að tala um bitlinga. Ég held nú að það sitji manna sízt á honum að vera að bera öðrum á brýn bitlingagræðgi, því að ég veit ekki betur en að hann þiggi með bezta geði ýms störf, sem hann kallar bitlinga hjá öðrum. Slík störf hefir hann meira að segja þegið hjá stjórn þeirri, sem ég studdi og hann er nú að hella sér yfir með allskonar hrakyrðum. Annars er þetta bitlingatal hv. þm. orðið svo úrelt og þvælt, að ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur maður veiti því eftirtekt hjá honum. Að ég kvaddi mér hljóðs í þetta sinn, var sakir þess, að þessi hv. þm. var að gera sig svo dólgslegan, að mér þótti ekki hlýða að láta hann vaða hér uppi án þess að gefa honum nokkura hirtingu, og vænti ég, að ræða mín hafi ekki orðið til þess að gefa máli hans byr í seglin gegnum þingið.

Frsm. minni hl. (Erlendur Þorsteinsson): Ég varð dálítið undrandi yfir því, hvað hv. þm. Vestm., þessi að því er virðist skapstillti maður, gat sleppt sér undir þessum umr. Ég hafði ekki búizt við því, að rök mín um þetta mál færu svo í taugarnar á honum, að hann þyrfti að blása sig svona út af því, sem ég sagði til andsvara hans ræðu um þetta mál.

Mér skildist á honum, að hann hefði þá skoðun, að af því að ég væri nýliði hér, mætti ég ekki láta mína skoðun í ljós, og þá sérstaklega af því, að ég væri öndverður honum í skoðun. Og ef hann mætti ráða, mundi hann koma í veg fyrir það með öllu, að nokkur maður kæmi með nokkrar sannanir fram á móti málum, sem hann flytur. Hann myndi í því efni sem öðrum fylgja skoðanabræðrum sínum og lærifeðrum.

Hv. þm. Vestm. sagði, að ekki væri hægt að leggja á útsvör í Vestmannaeyjum til þess að ná inn nægum tekjum fyrir bæjarfélagið, vegna þess að langflestir væru svo fátækir í Vestmannaeyjum, að þeir gætu ekki greitt útsvör. Er það af umhyggju fyrir fátæku mönnunum þar, að þessi hv. þm. vill láta skylda þá til þess að greiða gjöld til bæjarins með tolli, hvort sem þeir geta það eða ekki?

Þá var hann að tala um, að það hafi komið fram hjá mér, að vegna þess að meiri hluti bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum er skipaður pólitískum andstæðingum mínum, fengi hún ekki að leggja toll á nauðsynjavörur, en ef mínir pólitísku samflokksmenn færu fram á slíkt, þá vildi ég það. En ég tók fram, að það væri mikill munur á því, að greiða gjöld til bæjarfélaga með þessu móti, eða greiða þau til ríkissjóðs, þegar þeim tekjum, sem ríkissjóði væri aflað á þennan hátt, væri varið til þess að auka atvinnu í landinu og bæta kjör fátækra manna. En þessi gjöld í Vestmannaeyjum yrðu til þess að lögð væru á menn minni útsvör, og þar með til að hlífa hátekjumönnum þar.

Þá talaði þessi hv. þm. um, að það væri stefna Alþfl., að sem allra flest heimili gætu komizt á framfæri hins opinbera. Ég mótmæli þessu algerlega. Það hefir aldrei komið fram hjá Alþfl., heldur hitt, að það verði búið vel að þeim mönnum, sem einhverra hluta vegna þurfa að leita á náðir þess opinbera. En við höfum alltaf sett okkar till. fram þannig, að sem mest væri gert til þess að bæta atvinnu þeirra fátæku, svo að þeir, þegar þeir geta unnið, þurfi ekki að leita á náðir þess opinbera, þveröfugt við það, sem hv. þm. Vestm. sagði, því að við viljum á þann hátt koma í veg fyrir, að menn þurfi að leita á náðir þess opinbera.

Þá tók þessi hv. þm. fram, að það væri sérstaklega ein stétt manna, sem ekki væri á móti þessu vörugjaldi. Mig furðar nú ekkert á því, þó að þeir séu ekki á móti vörugjaldi. Þeim mundi alveg standa á sama, þeim efnaðri, því að þessi útgjöld mundu ekki liggja þungt á bökum þeirra, heldur mest á bökum fátækra fjölskyldumanna. Hv. þm. Vestm. viðurkennir, að menn séu yfirleitt svo fátækir í Vestmannaeyjum, allur fjöldinn, að þeir geti ekki borgað útsvör. En þó vill hann láta neyða þá til þess að borga gjöld sín til bæjarsjóðs með tolli á nauðsynjavörum. Mismunurinn á minni skoðun og hans er, að ég vil, að það, sem þarf að fást greitt í bæjarsjóð, sé tekið hjá þeim, sem geta greitt.

Þá sagði þessi hv. þm., að það hefði verið slæmt, að ég hefði ekki verið kominn á þing

fyrr, til þess að tala á móti því, að Siglufjörður fengi gjöld af síldarverksmiðjum ríkisins þar, og hann taldi, að þar hefði Siglufjörður forréttindi fram yfir aðra kaupstaði. Þetta er ekki rétt. Þessi hv. þm. veit, að útsvarslöggjöfinni var breytt árið 1926 af hans flokksmönnum. Hann veit líka, að síðan þessu var breytt, hafði Siglufjarðarbær orðið fyrir mjög miklum rangindum gagnvart því að afla sinna tekna með útsvörum. Fjöldi manna, sem rekur þar alla sína atvinnu, borgar ekki einn eyri til bæjarins. Og h. u. b. ⅔ af öllum þeim, sem afla sér mikilla tekna á Siglufirði, kemst þannig undan því, að hægt sé að leggja nokkurt útsvar á þá til bæjarins. Það er m. a. vegna þess, að síldarverksmiðjur ríkisins eru útsvarsfrjálsar. En þær mundu, ef þær væru reknar í einkaeign, þurfa að borga, eftir þeim útsvarsskala, sem nú er farið eftir um greiðslu útsvara þar á staðnum, um 80 til 100 þús. kr. í útsvar. Það er ekki nema sjálfsagt, að þessi stofnun væri látin greiða einhvern litinn hluta af þessari upphæð í bæjarsjóð. Og það er ekki neitt líkt því að taka útsvar af síldarverksmiðjum ríkisins, að láta fátæka menn í Vestmannaeyjum borga vörugjald.

Þá segir hv. þm. Vestm., að vörugjald í Vestmannaeyjum komi eingöngu niður á Vestmannaeyingum sjálfum, en að engu leyti niður á öðrum. Hann veit þó, að það eru árlega fleiri hundruð manna, sem sækja sína atvinnu til Vestmannaeyja og dvelja þar mjög verulegan hluta af árinu, frá því um jól og til vertíðarloka; þeir borga dýrara fæði og aðrar nauðsynjar vegna vörugjaldsins en annars mundi vera og borga á þann hátt í bæjarsjóðinn í Vestmannaeyjum. Þeir borga af sömu ástæðum dýrara salt, sem þeir nota í fiskinn, dýrari olíu og annað slíkt. Það er jafn órétt að taka þetta gjald af þessum mönnum eins og að taka gjöld af vörum, sem fluttar eru úr kaupstöðum og upp í sveit.

Ég get vel skilið, að þessum hv. þm., þessari hálffölnuðu íhaldsfjólu, sé illa við, að ungir menn komi fram hér á þingi fyrir hönd andstöðuflokks hans, sem geta sett fram sínar skoðanir. Ég sýni honum umburðarlyndi í þeim efnum. En það hefir engin áhrif á þetta mál, sem hér er til umr., hvort menn skattyrðast um pólitík yfirleitt.

Ég hygg nú, að hv. þm. Vestm. hafi sjálfur sannað það manna bezt, að það beri ekki að taka vörugjaldið af mönnum í Vestmannaeyjum, vegna þess að hann segir, að allur almenningur í Vestmannaeyjum sé svo fátækur, að hann geti ekki risið undir útsvörum. En þá er líka hróplegt ranglæti að neyða þessa menn til að borga þetta gjald í bæjarsjóð, en láta það ekki koma niður á hinum, sem geta borið það að borga í bæjarsjóðinn.

Bernharð Stefánsson: Hv. 3. landsk. talaði um flokkspólitík í sambandi við þetta mál. Hann sagðist fylgja flokki sínum í þessu máli sem öðrum og bjóst við, að hv. þm. Vestm. myndi gera það líka, en taldi aftur, að ég mundi ekki vera í samræmi við minn flokk í þessu máli. Það er rétt, að pólitísk flokksmál eru til, en þau ná venjulega ekki nema til höfuðmála þingsins. Hin smærri og þýðingarminni mál liggja þar fyrir utan, flokkasamþykktir ná ekki til þeirra. Og hvað þetta mál snertir, þá er það víst, að það liggur fyrir utan allar flokkssamþykktir Framsfl. Afstaða mín til þess er því tekin alveg á mína eigin ábyrgð.

Hann vildi halda því fram hv. þm., að Framsfl. hefði jafnan verið á móti slíkum málum sem þessu, af því að bændur væru skattlagðir að meira og minna leyti með þeim. Þetta er bara ekki rétt hjá hv. þm. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort bændur eiga í hlut eða aðrir, heldur hitt, hvort bærinn fær með þessu aðstöðu til að skattleggja utanbæjarmenn eða leggur gjaldið aðeins á sína eigin íbúa. Við vorum á móti því, að slíkt gjald sem þetta væri lagt á á Sauðárkróki, en það var beinlínis fyrir þá sök, að þar hlaut gjaldið að mjög miklu leyti að lenda á héraðsbúum utan kaupstaðarins. Þar hagaði því allt öðruvísi til, hvað þetta snerti en í Vestmannaeyjum. Að Vestmannaeyingum hefir verið leyft að taka þetta umrædda vörugjald nú um lengri tíma, byggist á því, að þeir skattleggja aðeins sjálfa sig með því, en ekki aðra. Ég vona að hv. þm. skiljist, að hér er um tvennt ólíkt að ræða.

Það hefir nokkuð verið á það minnzt undir þessum umræðum, að aðeins bæri að leggja gjöldin á þá ríku. Þetta kann nú að láta vel í eyrum, en það er nú bara því miður svo, að ríkir menn eru venjulega fremur fáir í landinu, nema þá ef það væri hér í Rykjavík. Í Vestmannaeyjum geri ég t. d. ekki ráð fyrir, að þeir séu margir, auðmennirnir. En það er nú svona, fólkið gerir kröfur til þess opinbera, bæði til ríkissjóðs og bæjar og sveitarsjóða. Og ef þeim kröfum á nokkuð að sinna, þá verður að taka peningana þar, sem hægt er að innheimta þá. Hinsvegar man ég ekki betur en að því væri lýst yfir hér á Alþingi í fyrra, af þáverandi form. Alþfl., að beinu skattarnir væru nú orðnir svo háir, að tæplega væri hugsanlegt að auka þá verulega, frá því sem væri. Það skal og fúslega viðurkennt, að tollar og gjöld koma mjög hart niður á ýmsum fjölskyldufeðrum, en jafnframt má benda á það, að hinir óbeinu skattar eru eina leiðin til þess að ná gjöldum til almennra þarfa hjá mörgum einhleypum einstaklingum. Þetta vita allir, og því er ekki hægt að hrópa hátt um afnám allra óbeinna skatta.

Það, sem farið er fram á í frv. þessu, er að framlengja þá óbeinu skatta handa Vestmannaeyjakaupstað, sem bæjarsjóðurinn er búinn að fá að hafa síðastl. 12 ár. Hvað mig snertir, þá finnst mér ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að verða við þeim óskum kaupstaðarins, að framlengja þetta gjald ennþá einu sinni, sérstaklega líka þegar því er haldið fram, að vegna hins mjög háa fasteignamats þar í Eyjum þá fái bæjarsjóðurinn ekkert úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Það getur því varla komið til mála annað en framlengja þennan tekjustofn, a. m. k. þangað til að búið er að framkvæma nýtt fasteignamat. Að síðustu skal ég gjarnan geta þess, að ég gæti vel gengið inn á vörugjald sem tekjustofn fyrir kaupstaði yfir-

leitt, ef hægt væri að finna út þá leið, að utanbæjarmenn væru ekki skattlagðir með því.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Ég skal ekki verða langorður að þessu sinni. Það vill nú jafnan verða svo, að það veldur miklum óróa, ef snara er nefnd í hengds manns húsi. Út frá því er hann líka skiljanlegur sá mikli hvalablástur, sem orðið hefir hér út af því einu, að ég benti hv. sósíalistum lítillega á fortíð sína. Þeir herrar, hv. 3. landsk. og hv. 11. landsk., hafa verið að reyna að halda því fram, að ég hefði borið frv. þetta fram til þess að hlífa einhverjum grósserum í Vestmannaeyjum, en `íþyngja aftur einhverjum, sem ekki ætti aðra málsvara en þá hina sömu, sem sömdu 5 ára áætlunina frægu. (SÁÓ: Áætlunin var aldrei nema til 4 ára). Mér er sama, því að það var löngu búið að svíkja hana fyrir þann tíma. Annars skal ég ekki að þessu sinni fara að eyða orðum að því að útmála allan þann svikavef, sem þessir háu herrar hafa ofið. Það gerir tíminn og sagan. En það eitt vil ég segja þeim, að það tekur enginn maður alvarlega þetta gjálfur þeirra um, að þeir séu málsvarar lítilmagnans. Menn brosa bara góðlátlega að einfeldni þeirra og hugarburði. Annars þykir mér dálítið leitt, þegar hv. 3. landsk. tekur þessar rokur, af því að mér er persónulega vel við hann. Ég virði honum því til betri vegar, þó að hann þurfi einstöku sinnum að fá tækifæri til þess að rasa út og berja bægslunum.

Eitt af því, sem hrökk upp úr hv. þm. í öllum bægslaganginum, var það, hversvegna Vestmannaeyjakaupstaður gæfi sig ekki upp, úr því að hann væri svo illa staður að þurfa að taka þetta umrædda vörugjald. Ég verð nú að segja, að mér finnast það nokkuð mikil brjóstheilindi hjá hv. þm., að spyrja svona, vitandi það, að flokkur hans hefir gert allt, sem hann hefir mögulega getað, til þess að koma bæjarfélagi þessu á kné, enda þótt það væri sízt verr statt fjárhagslega en mörg önnur bæjarfélög.

Ég mun ekki fara mikið inn á umræður um menningarmálin. Það má vel vera, að hv. 3. landsk. sé mikill menningarfrömuður, enda þótt enginn hafi heyrt þess getið, hvorki ég né aðrir. Það er nfl. svo margt, sem við sjáum ekki, þessir vesalingar, sem höldum okkur við jörðina, sem hinir miklu andar fá skynjað.

Við hv. 11. landsk. hefi ég lítið að segja. Hann sagði, að ég væri heldur linjulegur maður í framkomu. Þetta má til sanns vegar færa. Ég velti ekki þungum hlössum hér á þingi eða annarsstaðar. Það skyldi gleðja mig, ef hann reyndist sá stóri og mikli maður í sínum kaupstað, og geri ég ráð fyrir, að hann láti það ljós sitt skína fyrir báða þá flokka, sem að honum standa. Ég vona, að hann verði þar ekki neitt linjulegur eða það verði neinn fölvi á honum né neitt það, sem sýni, að hann sé ekki í blóma lífsins.

En það má hv. þm. vita, að það eru fleiri en ég, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Eyf., sem er farið að verða kliigjugjarnt af þessum söng jafnaðarmanna um hinn staka vilja þeirra til að létta byrðar fátæklinganna, jafnhliða því sem þeir stagast á því, að allir aðrir vilji gera fátækum mönnum allt til meins. Ég hefi ekki verið að gera neitt lítið úr hv. þm., en svo ólinjulegur maður og spengilegur og röggsamur gæti náttúrlega gert betra heldur en að bera hér á borð gamlar leifar og fúlar dreggjar af kenningum sósíalista, sem hafa klingt í eyrum manna utan þings og innan, en eru ekkert annað en innantóm orð, þótt hann þykist þurfa að bera vopn á framgang nauðsynlegs máls.

Þá ætla ég að síðustu lítillega að svara fyrirspurn hv. 3. landsk. um það, hvað það aðallega væri, sem sósíalistar hefðu staðið fyrir í löggjöf, sem þyngt hefði byrðar fátæklinganna í bæjunum. Ég hélt satt að segja, að hv. þm. þyrfti ekki að spyrja svona, því að það mætti verja löngum tíma til að tala um öll þau lagaboð, sem sósíalistar hafa þvingað í gegn síðustu árin, sem öll miða að því að auka byrðar fátæklinganna í bæjunum að meira eða minna leyti. Ég skal benda hv. 3. landsk. á lítið dæmi, ekki af því, að ég telji það stærsta dæmið, heldur af því, að það dregur upp svo skýra mynd af aðgerðum sósíalista til þess að þyngja fyrir í bæjunum og gera ástandið þar erfiðara. Sósíalistar í Reykjavík gátu ekki sætt sig við það, að bærinn hefði þar ráðningarskrifstofu fyrir verkafólk, svo að þeir börðu í gegn löggjöf um vinnumiðlun, sem auðvitað var gert í því skyni að fá ítök í vinnumiðlun í Reykjavik, en það mátti til með að taka hina smælingjana með í l. til yfirskyns, svo að það væri ekki alltof opinbert, að þetta frv. væri borið fram til þess að ná yfirráðum í bæjarvinnunni í Reykjavík. Árangurinn varð sá, að lögfest var að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofu í hinum atvinnulausu kaupstöðum. Áður hafði það gengið svo í minu bæjarfélagi, að vinnumiðlunin fór fram í þegnskylduvinnu, því að bæjarfulltrúarnir sjálfir önnuðust hana. Þá var reynt að taka tillit til þess, þegar vinnunni var miðlað, að láta þá ganga fyrir, sem höfðu þyngst heimilin og börðust í bökkum með að halda sér frá bænum. Svo kemur þessi löggjöf og tekur ráðin af bæjarstjórninni í þessu efni. Atvmrh. setti einn af sínum flokksmönnum í þetta starf fyrir góð árslaun. Nú er ekkert tillit tekið til þess, hvort menn standa tæpt með að bjarga sér eða ekki. Þegar A kemur og lætur skrifa sig á listann og B á eftir, þá er vinnunni miðlað eftir því, í hvaða röð þeir koma, en ekkert tillit tekið til þess, hvort það liggur við, að bærinn þurfi að veita þeim aðstoð. (SÁÓ: Hvað kostar þessi vinnumiðlun?) Hún kostar 4—5 þús. kr., sem bærinn verður að borga af þeim peningum, sem hann gæti annars látið vinna fyrir. — Þetta er ekki stórt atriði, en það sýnir, hvernig sósíalistar búa að vinnuskilyrðum fólksins í bæjunum. Afleiðingin er svo sú, að áður var mörgum manninum forðað frá því að fara á bæinn, vegna þess að vinnunni var úthlutað eins og ég gat um, en nú verður margur að leita til bæjarins, af því að vinnunni er úthlutað eftir öðrum sjónarmiðum en þeim, sem eru bezt fyrir vinnuþegana og bæjarfélagið. Ég vil ekki þreyta hv. þm. með fleiri dæmum, en ég varð að gera úrlausn á því að svara þessum ágætu þm. og vini minum, hv. 3. landsk., og gefa

honum eitt sýnishorn af áhrifum sósialistalöggjafarinnar á fátækt bæjarfélag.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég mun reyna að draga mál mitt saman svo sem frekast er unnt, til þess að gera mitt til þess, að þeim umr., sem út af þessu máli hafa spunnizt, linni.

Hv. 1. þm. Eyf. gerði að umtalsefni nokkur orð, sem ég beindi til hans áðan. Ég hefi í raun og veru lítið við hann að ræða, því að í öllum höfuðatriðum greinir okkur ekki mikið á. Hann viðurkenndi, að það væri rétt hjá mér, að Framsfl. hefði verið á móti vörugjaldinu sem tekjustofni fyrir bæjarfélögin, af ástæðum, sem hann sagði, að ég hefði farið rétt með. Við erum nokkurn veginn sammála um, að það beri að leita að öðrum leiðum fyrir bæina heldur en þeirri, sem hér hefir verið rætt um og Vestmannaeyjar vilja fá áfram fyrir sig. Hann gerði nokkra tilraun til þess að réttlæta það, að það stæði sérstaklega á með Vestmannaeyjar, og þeir myndu sennilega vilja leggja þetta á sig. Ég hefi heyrt, að í Vestmannaeyjum sé það mjög mikið deilumál meðal íbúanna, hvort fara eigi þessa leið. Ég get líka hugsað mér, að það sé enn meira deilumál nú, þegar búið er að sýna nokkra viðleitni í að veita bæjarfélögunum upphæð til tekna, sem ekki áður var í l. Einn hv. ræðumaður hefir líka bent á það, að ekki er nema hálfsögð sagan, að Vestmannaeyingar beri þennan skatt einir. Það er fjöldi vermanna í Vestmannaeyjum, sem hann lendir á líka. (**BSt:** Þeir hafa flestir fritt fæði). Það er langt frá því; margir þeirra verða að greiða sitt fæði. Þessir menn eru flestir úr sveitum landsins, úr Skaftafellssýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Þessir menn fá að bera bróðurpartinn af þessum skattþunga, sem þarna er lagður á. Þetta er því nokkuð hliðstætt því, sem við erum sammála um, að ekki eigi að gera, að skattleggja vörur, sem fara í gegnum kaupstaðina til þeirra, sem utan þeirra búa. Ef hv. þm. er sjálfum sér samkvæmur, þá ætti hann að vera með okkur, en móti þessu frv.

Hann gerði að umtalsefni, að fólk nú á dögum gerði kröfur til hins opinbera í stórum stíl, svo að það yrði að reyna að finna upp ráð til að fylla sjóðina. Hann vildi meina, að jafnaðarmenn og kommúnistar ættu mikla sök á þessu. Ég skal ekki deila við hv. þm. um það, að fólk geri kröfur, enda mun vera til í öllum stéttum fólk, sem gerir kröfur. Ég kann þar ekki að greina á milli stétta. Ég veit ekki betur en að bændur undir ýmsum kringumstæðum komi til þingsins og geri háværar kröfur. Við verðum að játa, að Alþ. hefir mörgu öðru fremur sýnt fulla viðleitni í því að mæta kröfum bændastéttarinnar. Það er ekki nema mannlegt, að menn leiti þangað, sem þeir halda, að hægt sé að bæta úr þeim þörfum, sem fyrir hendi eru, og þá er vanalegast, eins og nú standa sakir, að leita til Alþ. og ríkisstj., að svo miklu leyti sem bæjarsjóðir eða hreppssjóðir ekki geta orðið við kröfum manna eða óskum. Við skulum því ekki gera mikið upp milli stétta, hvað það snertir að gera háværar kröfur. Hin fastlaunaða embættismannastétt kemur jafnvel hingað með sínar kröfur, svo að það er óréttlátt að tala um, að verkamenn einir geri kröfur.

Hann minntist að síðustu á það, að jafnvel við jafnaðarmenn hefðum orðið að játa, og sérstaklega vitnaði hann í það, að okkar látni foringi hefði haft þau ummæli hér á hv. Alþ., að beinu skattarnir væru orðnir svo háir, að lengra væri tæplega hægt að komast. Ég hygg, að þessi ummæli séu rétt eftir höfð. En hann mun þar eingöngu hafa verið að ræða um skatta, sem ríkið er að taka af þegnum þjóðfélagsins. Þegar þessi ummæli féllu, mun hafa verið talað um það, hvort tekju- og eignarskatturinn ætti að hækka úr því, sem komið væri, eða ekki. Það var alls ekki verið að ræða um það, hvaða tekna bæjarfélögin ættu að afla sér, þegar þessi ummæli féllu. Ég hygg, að sú almenna skoðun hafi verið og sé enn sú, að sú eina færa leið til skattaálagningar fyrir bæjar- og sveitarfélögin sé að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Það hefir oft klingt, að þarfir bæjar- og sveitarfélaga væru svo miklar, að það væri örðugt að uppfylla þær með því að fara þessa leið. En í umr. hér, bæði fyrr og síðar, hefir það komið í ljós, að sum bæjarfélög hafa ekki notað út í yztu æsar þá leið, að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Það hafa verið færð nokkur rök að þessu. En ég er ekki svo kunnugur í Vestmannaeyjum, að ég geti fyllilega um það dæmt, hvort þessi leið hefir fyllilega verið notuð þar eða ekki.

Að öðru leyti tel ég mig ekki þurfa að svara hv. 1. þm. Eyf.

Hv. þm. Vestm. leiddi hjá sér að svara minni fyrirspurn. Hann getur kannske gert það með því að taka fram í í ræðu minni. Ég spurði hann að því, hvað það væri mikil upphæð, sem Vestmannaeyjar ætluðu að taka með þessu vörugjaldi. (**JJós:** Það hefir komizt hæzt 30 þús. kr.). Fljótt á litið virðist þetta vera allveruleg upphæð. Ég veit ekki, hvað margir gjaldendur eru þar, en við skulum hugsa okkur, að þeir séu 1000. Þá vil ég spyrja, hvort það sé ókleift að jafna þessari upphæð niður með útsvarsálagningu. Það liggja engin rök fyrir um, að það sé ókleift. (**JJós:** Ég skal upplýsa hv. þm. um það, sem ég geri ráð fyrir, að honum sé kunnugt um, að útsvörin í Vestmannaeyjum nást alls ekki öll inn). Við höfum heyrt þessa sögu hér á þingi, og það má vera, að á ýmsum tímum séu nokkur rök fyrir þessu. Það eru sjálfsagt áraskipti að því, hvernig útsvörin innheimtast, og í bæjarfélagi, þar sem eins er háttað og í Vestmannaeyjum, hlýtur slíkt að eiga sér stað, þar sem svo mikið er undir útgerðinni komið og því, hvernig aflast frá ári til árs. Aflabrögð í Vestmannaeyjum hafa verið sæmileg á undanförnum árum. (**JJós:** Ósköp er að heyra þetta. Man ekki þm. eftir árinu í fyrra?). Ég held það hafi verið meðalár. Árið þar á undan var ágætt ár, ef ég man rétt. Það eru þess vegna áraskipti að því, hvernig innheimtan gengur, og er það ekkert sérstakt fyrir Vestmannaeyjar, því að það er líka svo í öðrum bæjarfélögum.

Það myndi taka nokkuð langan tíma fyrir mig að svara öllum þeim ummælum, sem hv. þm. hefir kastað hér fram. Hann fór út um alla

heima og geima og vitnaði í allt mögulegt sem syndir á herðum okkar jafnaðarmanna. En það myndi reyna of mikið á þolinmæði hæstv. forseta og annara hv. þdm., ef ætti að hrekja öll þau óathuguð ummæli, sem hann hefir hér kastað fram. Hann talaði um hvalablástur hjá mér. Ég held það mætti tala um hvalablástur hjá honum sjálfum.

Hann talaði um jafnaðarmenn og 4 ára áætlunina. Um þetta mætti tala langt mál, en ég vil í stuttu máli benda honum á, að mikið af því, sem er í 4 ára áætluninni, hefir verið framkvæmt af núverandi stj. Þar er því ekki um nein svik að ræða, eins og hann var að tala um. Þetta hefir verið framkvæmt þrátt fyrir það, þó að slíkir örðugleikar hafi dunið yfir okkar þjóðfélag, að slíks eru varla dæmi í okkar þingsögu, þar sem við höfum misst megnið af okkar fiskmarkaði bæði á Spáni og í Ítalíu. Þrátt fyrir þetta hefir stj. tekizt að láta fólkið í landinu búa við þolanlega afkomu, ef tekið er tillit til þessa. Í sambandi við önnur mál hefir hv. þm. játað, að áfall það, sem við höfum hlotið í viðskiptum okkar við útlönd, hafi verið það mikið, að það hafi verið hreinasta kraftaverk, hvernig okkur hafi tekizt að stjórna málum okkar og koma ýmsu í framkvæmd, sem gera þurfti, til þess að fólkið gæti lifað. Ef flokksmenn hv. þm. hefðu setið við stýrið á þessum árum, þá hefði ég haft gaman af því að sjá, hvort þeim hefði tekizt betur að sigrast á örðugleikum þessara ára. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að segja, að sósialistar hafi svikið öll sín mál. Þeir hafa gert mikið meira í samstarfi við Framsfl. heldur en nokkur gat búizt við með tilliti til örðugleikanna, sem fyrir hendi hafa verið.

Það var rangt hjá honum, að ég hefði sagt, að Vestmannaeyjar hafi átt að vera búnar að gefa sig upp. Ég sagði, að það mundi þá fara þannig fyrir Vestmannaeyjum, að þær yrðu að gefa sig upp, ef þær gætu ekki staðið undir þeirri byrði, sem á þeim hvíldi. Hann sagði, að þær hefðu gert það ennþá. Ég vona líka, að það verði aldrei. En það er öllum kunnugt, að stjórnin á Vestmannaeyjum hefir verið með endemum slæleg. Það er vitað, að bæjarstjórnin var orðin svo hrædd við sín eigin verk, að hún þorði ekki að halda lögboðna fundi tímunum saman af ótta við, að bæjarbúar, og það meira að segja kjósendur meiri hlutans, myndu ef til vill koma með gagnrýni á stjórnina á rekstri bæjarins. Sú rannsókn, sem fram fór í sambandi við stjórnina á Vestmannaeyjabæ, var ekki að ófyrirsynju gerð, þótt ef til vill hafi ekkert komið fram, sem benti á, að það hafi verið um nokkuð glæpasamlegt að ræða. Ég minni hv. þm. á þetta af því, að þetta mun vera einsdæmi í stjórn bæjarfélags hér á landi. Það er ekki til að stæra sig af, að gefa tilefni til að rifjað sé upp, hvernig flokksbræðrum hans hefir tekizt stjórn í þessu bæjarfélagi.

Að síðustu var hann að bera blak af útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum, að því er mér skildist. Ég fór nú ekkert niðrandi orðum um þá. Ég sagði hinsvegar, að ef um vandræði og örðugleika væri að ræða í atvinnulífi Vestmannaeyja, þá hlyti það að standa í beinu sambandi við útveginn í Vestmannaeyjum, hvort hann væri rekinn eins og með þyrfti til þess, að fólkið hefði nóg að bíta og brenna. Hinsvegar ætla ég ekki að deila á neinn einstakan, hvað því viðvíkur, hvort reka hefði mátt útgerðina betur eða ekki. En það er ekki rétt að ásaka stj. og þingið, þótt komið hafi upp í Vestmannaeyjum örðugleikar í beinu sambandi við atvinnulífið þar í bænum. Ég veit ekki betur en þingið hafi gert ýmsar ráðstafanir til þess að létta undir með útveginum.

Hv. þm. sagði, að ég væri þannig skapi farinn, að ég vildi koma útveginum fyrir kattarnef. Ég verð að segja, að svona ummæli eru mjög ódrengileg, að leyfa sér að halda því fram, þótt ég sem umboðsmaður vissrar stéttar hafi leyft mér að flytja kröfur hennar og óskir gagnvart atvinnurekendum, að þá sé það min hugsun að vilja koma slíkum atvinnuvegi fyrir kattarnef. Ég verð að segja, að ég hygg, að slík ummæli nálgist það að vera meiðyrði. Það er allt annað, hvort menn vilja, að útgerðin hætti, eða að þeir sem við hana vinna, hafi lífvænleg kjör. (**JJós**: Hvað vildi hv. þm. gera við togaraútgerðina á síðasta þingi?). Ég er ekki einn um þá skoðun, því að það eru meira að segja margir útgerðarmenn þeirrar skoðunar, að útgerðarfélög, sem eru langt fyrir neðan það að eiga fyrir skuldum, eigi að gera upp og koma togurum þeirra í hendur manna, sem geta rekið þá. Þetta er ekki skoðun okkar jafnaðarmanna einna, því að margir útgerðarmenn eru þessarar skoðunar.

Ég lofaði í upphafi að hafa þetta ekki langa ræðu, en hv. þm. fór svo langt út fyrir efnið og óð út um heima og geima, og á þeim grundvelli verður maður að svara honum, svo að hann hafi ekki einn orðið um fjarstæður í þessu máli. Já, ég sagði, að hv. þm. Vestm. væri einn um þær fjarstæður, sem hér hafa verið bornar fram. Og ég held, að það sé nokkurnveginn rökstutt, að svo sé. Minn réttur til þess að taka til máls er hér með úti, og mun ég þá ekki svara honum, nema ef ég þarf, eins og kallað er, að bera af mér sakir.

***Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson)**: Ég gat ekki tilefni til þessara miklu umr. né þessara kastvinda og hvalablástra um óviðkomandi deilumál að mestu leyti. En þegar svona er slett á aðra flokka, er náttúrlega ekki hægt að láta því ósvarað, og slíkt kemur að nokkru leyti við hverjum þm. þess flokks. Hv. þm. Vestm. hefir varið máli sínu til þess að þurrka af Sjálfstfl. þær skammaslettur, sem á honum hafa dunið.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri bara orðaleikur, þegar menn væru að tala um, hvort þetta væru nýjar tekjur eða tekjur, sem bærinn hefði haft áður. Ef Vestmannaeyingar væri nú sviptir þessum tekjustofnum, gætu þeir notað þessar tekjur á annan hátt. Þessi orðaleikur hefir þó stundum orðið nokkuð erfiður. Það er ekki létt að skipta um skattstofna fyrir bæjarfélög eða ríki. Þegar skattstofnarnir eru flestir með langri notkun, þá er stórkostlega erfitt að breyta þeim í annan skattstofn. Þegar bannlögin

voru fyrst sett hér á landi, var eitt hið erfiðasta að vita, hvernig átti að ná inn þeim tekjum, sem ríkið hafði af innflutningi áfengis. Þetta hefði þó átt að reynast fremur auðvelt, því að náttúrlega er enginn skattur, sem er erfiðara að borga, en áfengistollurinn. En það reyndist samt sem áður mjög erfitt að breyta honum í annað gjald. Þeir, sem sæti eiga í bæjarstjórn Vestmannaeyja, vita, að ekki er gott að ná þessu inn með aukningu útsvaranna, eins og minni hluti þeirra, sem honum fylgja að málum, hyggja, að unnt sé að gera. Eins og hv. þm. Vestm. upplýsti, eru útsvörin þar nú orðin svo há, að ekki er hægt að innheimta mikinn hluta þeirra, — og hvaða gagn hefir bæjarstjórnin þá af þessari hækkun? Þetta er eins og kemur fyrir í þeim kaupstöðum, þar sem bæjarútgerð er rekin. Þar hafa bæjarstjórnirnar gefið t. d. einum togara upp nokkra tugi þúsunda og samtímis lagt á hann útsvar. Það er hægt að gera svona orðaleik til þess að láta tekjur og gjöld mætast á fjárhagsáætluninni, en það er vita gagnslaust. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að þeir menn, sem þurfa á ríkissjóðnum að halda sér til framfæris, t. d. til sveitarstyrks, fátækrastyrks eða vinnu, kærðu sig ekki um, að gjaldið væri tekið af þeim. Hv. 11. landsk. sagðist ekki vera fús til að láta íhaldsmeirihlutann í bæjarstjórn Vestmannaeyja hafa svona tekjur. Þar kom fram, hvar fiskur liggur undir steini. Hann er á móti því, að Vestmannaeyingar fái þessar tekjur, vegna þess að hann er ekki sammála þeim mönnum í stjórnmálum, sem þar skipa meiri hl. bæjarstjórnar. Ég tala ekki um, út í hvað slík pólitík hlýtur að leiða, en vil mælast til þess, að þessi hv. þm. vildi athuga ástandið í þeim bæjum, þar sem Sjálfstfl. hefir haft meiri hl., og hinum, þar sem hans flokksmenn hafa meiri hl. Hvort finnst manni meir líkur til, að þeim tekjum sé sæmilega varið, sem renna í bæjarsjóð Reykjavíkur, eða þeim tekjum, sem renna í bæjarsjóð Ísafjarðar eða Hafnarfjarðar, sem eru á valdi flokksbræðra þessa hv. þm., að maður ekki tali um suma bæi á Austfjörðum, sem eru svo illa staðir sem raun ber vitni um af símskeyti, sem nýlega var sent frá einum þeirra til fjmrh., svo hljóðandi: „Sendið strax hingað 30 þús. kr.“. Þetta er sú stjórn á bæjum, sem hann vill, og hann vill samþ. skattstofna í hendur slíkra bæjarstjórna. Ég held, að hvað sem hans pólitísku tilfinningum eða flokksumhyggju líður, sem er ástæðan fyrir því, að hann vill ekki, að samþ. séu skattstofnar í hendur þeirra bæjarstjórna, þar sem Sjálfstfl. hefir meiri hl., verði hann þó að játa, að þeir bæir séu ekki verr staddir fjárhagslega en hinir. Hann var enn að tala um það ranglæti gagnvart öðrum kaupstöðum, að samþykkja þenna tekjustofn handa Vestmannaeyingum. Hvaða ranglæti er það, hvað gerir það öðrum kaupstöðum til, þótt Vestmannaeyjar fái samþ. þennan tekjustofn sinn. Það kann að vera, að aðrir kaupstaðir vilji fá eitthvað svipað, en þeir um það. Mér er ómögulegt að sjá, að það sé neitt tekið frá öðrum kaupstöðum með þessu. Hv. 11. landsk. vildi afsaka það, að flokksmaður sinn, Jónas Guðmundsson, hefði lagt til, að þetta gjald væri lagt á, með því, að það hefði ekki orðið að lögum. En það er ekki rétt, það er einmitt orðið að lögum. Það vill svo einkennilega til, eins og oft hefir verið bent á, að tekna jöfnunarsjóðs er aflað með gjöldum, sem að mestu leyti koma niður á nauðsynjavörum. Verulegur hluti vörugjaldsins er lagður á brýnustu lífsnauðsynjar, svo sem 2% á fiskilínur, fiskinet, lóðarbelgi, lóðartauma, lóðarteina, lóðaröngla, leggingar, tvinna, snúrur og teygjubönd, hafragrjón, hafra, hrísgrjón, kjöttunnur, skóflur, tölur, krókapör, smellur, spennur. Þetta eru líka nauðsynjavörur, en á þær er lagt 10%: Búsáhöld allskonar eldhúsáhöld, allskonar hreinlætisvörur, kaffi og sykur. Með 15% stimplast reikningar yfir allskonar fatnað. Svona er nú þessi tekjuaukning, sem hv. þm. telur mikla sanngirni og miklu réttari heldur en þetta lága vörugjald, sem Vestmannaeyingar vildu leggja á. Þá er þessi tekjuöflun 11% viðauki á alla skatta og tolla. Ekki er hægt að koma lagi á tekjur bæjarfélaga með því að leggja á vörugjöld.

Það er alveg óeðlilegt, hvernig hv. 11. landsk. verður að játa, að búið sé að spenna bogann svo hátt með tekjuhækkunum og aukaútsvörum, að ekki sé hægt að ná meiru inn á þann hátt, ef ríkið eða bæjarfélög þurfa á meira fé að halda. Það er rétt hjá Jóni heitnum Baldvinssyni, er hann sagði: „Það þýðir ekki að spenna bogann hærra með hinum beinu sköttum, það er farið að reka sig upp undir“. Tekjur af aukaútsvörum fara að nálgast að taka allar tekjurnar, geta sjaldan komizt upp fyrir það, svo framarlega sem fyrirtækið þarf að borga allhátt viðskiptagjald auk tekjuhallans. Þá getur maður séð, hve ófært það er, að halda því fram, að meiri tekjur megi ná inn með útsvarshækkunum.

Hv. 1. þm. N.-M. talaði um, að hér væri farið í skakkan enda. Hann viðurkenndi, að aðstaða Vestmannaeyja væri önnur en hinna kaupstaðanna, vegna þess að Vestmannaeyingar fengju ekkert úr jöfnunarsjóði, og væri þá nær að breyta þeim grundvelli, sem úthutun úr jöfnunarsjóði er miðuð við. Þetta er alveg rétt, — en vill hann þá vera með að breyta þeim grundvelli? Ég fór fram á það, þegar lögin voru sett, en hann var einn hinn allra harðasti á móti því. Vestmannaeyingar myndu þurfa að bíða nokkuð lengi eftir því, ef þeir ættu að geta fengið auknar tekjur með úthlutun úr jöfnunarsjóði, ef hann og hans líkar fengju að ráða. Hann veit, að það er ekki hægt að ætla að standa á móti svona sanngjörnum tilmælum. Hinsvegar ætlar hann að vera á móti því, að Vestmannaeyingar fái þetta gjald til þess að geta staðið í skilum með þarfir bæjarins.

Ég þarf ekki að fara mikið út í ræðu hv. 3. landsk., en beindi sínu máli aðallega að hv. þm. Vestm., vegna þess að hv. þm. Vestm. hefir svarað honum mjög röggsamlega. En ég varð dálítið undrandi þegar þessi hv. þm. spurði að því, hvað þeir Alfl.-menn hefðu gert í sinni þingsögu til þess að leggja byrðar á bæjarfélögin. Við skulum segja, að það hafi verið réttilega gert. En hvernig ætlar hann með þingsögu þess flokks að neita því, að þeir hafi gert þetta?

Einu erfiðleikarnir, sem eru á að svara þessu, eru, að ekki er gott að vita, hvar grípa skal niður, því að það er svo að segja á öllum sviðum. En ég ætla að benda á það eitt, sem þyngir gjöld þegnanna til ríkissjóðs, og þess vegna þyngja þau auðvitað líka á bæjarfélögunum, því að allir þeir peningar, sem ríkið tekur hjá gjaldþegnunum, eru að því leyti teknir frá bæjarfélögunum, að bæjarfélögin eiga erfiðara með að ná inn tekjum frá þessum mönnum. Það þarf ekki annað en að líta á það, hve mikið fjárlög og skattar hafa hækkað t. d. á síðastl. 10 árum, til þess að sjá það, hvernig þeir hafa gert þyngra undir fæti fyrir bæjarfélögin. Ég vil svo nefna það, að sem bein gjöld hafa verið teknir stórir tekjustofnar frá Reykjavík. Hér hafa stórar verzlunargreinar verið teknar úr höndum einstakra manna og lagðar undir ríkið og gerðar skattfrjálsar. Ég man ekki tölurnar, en þær voru gífurlegar. Með breyt. á framfærslulöggjöfinni hafa þeir einnig gert bæjum miklu þyngra fyrir en áður. Meginbreytingin á framfærslulögunum er sú, þar sem ekki er um neinar endurgreiðslur að ræða, heldur á hver maður framfærslusveit þar, sem hann er staddur. Þetta kemur harðast niður á stærstu kaupstöðunum, og einkanlega á Reykjavík. Það mætti halda áfram að telja upp endalaust, hvað þessi flokkur hefir gert til þess að þyngja byrðarnar, en Alþfl.-menn svara, að þetta hafi allt farið til þarflegra hluta. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn; Alþfl.-menn eru mestu eyðsluseggirnir á Alþ., það vita allir (BSt: Það kann nú að vera vafasamt). Þetta var það, sem hv. þm. Vestm. átti við, þegar hann var að tala um snöru í hengds manns húsi í sambandi við það, er nýlega var minnzt á hvalablástur hv. 3. landsk., er hann sagði, að hv. þm. Vestm. væri einn mesti bitlingamaður landsins. Menn hafa ekki almennt vitað um bitlinga hv. þm. Vestm. Mér er ekki kunnugt um annað en að stj. hefir farið fram á það við hann hvað eftir annað, að hann færi sendiferðir til útlanda til að ná samningum við erlend ríki. Mér er ekki kunnugt um, að það sé mikið annað, sem hann hefir af þeim hlutum, og það verður seint talið til bitlinga, þótt færir menn séu fengnir til að fara til útlanda til að semja við önnur ríki fyrir hönd Íslands. Ef svo er, þá er líka hvert verk bitlingur, sem menn hafa á hendi fyrir ríkið. (BSt: Því er alltaf haldið fram, þegar framsóknar- eða alþýðuflokksmenn eiga í hlut). Ég hefi verið valinn til að endurskoða landsreikningana, og það má líklega telja það einnig bitling. En mér finnst það vera í meðallagi vel borgað starf. Ég skal nú skýra frá, hvað ég á við með því, að Alþfl.-menn séu mestu bitlingamennirnir. Ég á alls ekki við það, þótt þeim sé veitt eða falin einhver störf fyrir þjóðfélagið, heldur hitt, að það hafa beinlínis verið búin til störf í tugatali handa þeim, sem ekki hafa áður verið til í þjóðfélaginu. Það er alls eigi hægt að halda fram tilverurétti þeirra starfa á annan hátt en þennan. Ég vil nefna meginið af ríkisfyrirtækjunum. Hversvegna er ríkið að setja á stofn sérverzlanir með hinar og þessar vörutegundir, sem eins vel má verzla með í frjálsri samkeppni? Hafa menn fengið viðtæki fyrir betra verð eða fjölbreyttari gerðir síðan Viðtækjaverzlun ríkisins tók til starfa? (PZ: Já). Lækkaði verðið á bifreiðum og bifreiðahlutum, síðan einkasalan tók til starfa? Og allar þessar nefndir og öll þessi skipulagning undanfarinna ára hefir kostað mikið fé. T. d. að borga 1200—1400 kr. til þess að skipuleggja bifreiðaferðir um landið. Og hver er svo árangurinn? Menn þurfa að borga dálítinn skatt og ferðirnar verða strjálli og dýrari en áður. Það er þetta, sem alveg mætti þurrka af þjóðinni, án þess að gera ríkinu né þjóðinni neitt til miska. Þessi störf hafa verið sköpuð einungis handa þeim mönnum, sem að þeim vinna. Ég þekki þetta nokkuð af Landsreikningunum og veit þess vegna um launagreiðslur og starfsmannahald við allar þessar stofnanir. Tóbakseinkasalan er t. d. eitt af því, sem margir mæla með. Það hefir þó reynzt þannig, að ríkissjóður hefir ekkert upp úr þessari stofnun; tóbakið er selt sínu verði eftir sem áður. Tóbakseinkasalan var starfandi fyrir allmörgum árum, en var lögð niður um tíma, og tekjur ríkissjóðs minnkuðu ekkert við það; svo var henni komið á aftur, aðeins í því skyni, að hópur manna gæti fengið atvinnu. Það er alveg ótalið, hvað flokkur, sem ungar miklu út af þess konar stöðum, getur keypt sér mikið fylgi.

Ég hefi í ræðu minni farið dálítið út fyrir það frv., sem hér er til umræðu, en tilefnið til þess er ekki frá mér, heldur frá þeim þm., sem hafa beint máli sínu gegn þessari till.

Ég skal ekki rökræða 4 ára áætlunina; það hefir hvað eftir annað verið gert og oftast með leiðinlegum árangri. Það má taka fyrir hvert einasta atriði hennar, og hvort sem það hefir verið framkvæmt eða ekki, þá hefir ekki náðst sú niðurstaða, sem lofað var.

Skal ég nú fyrir tilmæli hæstv. forseta stytta mál mitt. Ég óska þess, að þetta frv. nái fram að ganga með þeim litlu brtt., sem ég ber nú fram.

Umr. frestað.

Á 37. og 39. fundi í Ed., 31. marz og 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Það er nú svo langt liðið síðan þetta mál var hér síðast til umr., að ég hefi gleymt mörgu af því sem ég ætlaði að svara. Vil ég þó ekki láta hjá líða, að leiðrétta ummæli hv. 1. þm. Reykv. Hann hefir haft þau orð eftir mér, að ég telji, að sá grundvöllur, sem skipulag jöfnunarsjóðs væri reist á, sé rangur. Hann hefir misskilið mig, hafi hann skilið orð mín svo. Ég sagði, að ef Vestmannaeyingar hefðu meiri þörf fyrir að fá þetta vörugjald en aðrir kaupstaðir landsins, en fengju hinsvegar ekkert úr jöfnunarsjóði, þá gæti það aðeins stafað af tvennu. Annaðhvort væri þörfin ekki eins mikil og af væri látið, eða skalinn, sem fylgt væri við úthlutun úr jöfnunarsjóði, væri ekki réttur. Ef hv. 1. þm. Reykv. og aðrir, sem telja þetta vörugjald nauðsynlegt, álíta, að Vestmannaey-

ingar hafi orðið afskiptir, þá er það þeirra að finna, að slikt sé á rökum reist, og koma með brtt. við reglurnar, sem greitt er úr jöfnunarsjóði eftir. Það var sagt hér í deildinni af hv. 1. þm. Eyf., að ástæðan fyrir því, að Vestmannaeyingar fengju ekkert úr jöfnunarsjóði, myndi vera sú, að skattamat á fasteignum væri hærra þar en í öðrum kaupstöðum landsins. Ég skal engan dóm leggja á það, en á hitt skal ég benda, að þegar síðasta fasteignamat fór fram, voru það góðir og gegnir menn, er framkvæmdu það. Mennirnir, sem við það fengust, munu ekki hafa verið langt frá Sjálfstfl. Matið var þó svo hátt, að það var lækkað um 10% til samræmis við hina kaupstaðina. Ég hygg, að ástæðan muni liggja í öðru en því, að fasteignamatið sé of hátt. Ég býst við, þegar þessir menn gerðu matið þetta hátt og var síðan lækkað, hafi það verið orðið í nokkurnveginn samræmi við hina kaupstaðina.

Það gladdi mig að heyra það hér, að hv. 1. þm. Reykv. fór ekkert dult með það, að Sjálfstfl. hefði verið á móti fátækralöggjöfinni. Hingað til hafa forráðamenn þess flokks haldið því fram, að þeir hafi ekki verið móti slíkum breyt. Hitt vita menn, að Sjálfstfl. hefir alltaf verið á móti því, að ríkið hefði tekjur af einkasölunum, og það kom ekki eins á óvart að heyra 1. þm. Reykv. halda slíku fram. Sjálfstæðismenn hafa stundum haldið fram, að það hafi eingöngu verið hinir flokkarnir, sem voru á móti breytingum á framfærslulögunum.

Ég held, að þetta frv. eigi ekki rétt á sér, þótt viðurkennt sé, að Vestmannaeyingar hafa meiri sérstöðu en íbúar annara kauptúna á Íslandi, því að þeir skipta minna við menn úr öðrum hreppum vegna legu eyjanna og aðstöðu, en þó hafa þeir dálitil viðskipti við aðra landsmenn. Ég gæti ef til vill samþ. þetta vörugjald handa Vestmannaeyjakaupstað um eins árs bil, en til frambúðar verð ég aldrei með því.

ATKVGR.
Brtt. 131 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 43. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 82, 131, 188).

Bernharð Stefánsson: Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls hér í hv. deild og sömuleiðis er getið í nál. fjhn., þá taldi ég eins rétt að tímabinda þessi lög um ákveðið árabil, hliðstætt því sem gert er um ýmsar álögur til ríkissjóðs. Samkv. þessari skoðun minni hefi ég borið fram brtt. þess efnis, að lög þessi skuli gilda til ársloka 1940. Og jafnframt vil ég geta þess, að það hefir orðið samkomulag um það hjá meiri hl. fjhn. að taka aftur brtt. á þskj. 131.

Hv. flm. þessa máls hefir borið það fram sem stuðning við þetta mál sérstaklega, að Vestmannaeyjakaupstaður fengi ekkert úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sökum þess, hve hátt fasteignamatið væri þar; það er því ekki rétt, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði í ræðu, að ég hefði borið þetta fram sem ástæðu fyrir frv., heldur gat ég aðeins um, að þessi ástæða væri nefnd.

Samkvæmt því, sem ég nú hefi sagt, vil ég því reyna að láta lög þessi gilda aðeins til ársloka 1940. Ég var fyrst að hugsa um að bera fram brtt. um að láta þau gilda til ársloka 1941, en við nánari athugun fannst mér það of langt, en hinsvegar kostar lítið að framlengja lögin eftir 2 ár, ef þess gerist þörf.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vil aðeins geta þess, að ég er samþykkur brtt. þeirri, sem hv. 1. þm. Eyf. lýsti af hálfu meiri hl. fjhn., þar sem farið er fram á, að lögin gildi til ársloka 1940. Mér finnst það nægileg takmörkun, því að það er nú einu sinni orðið svo, að það er ekki gott að þurfa að bera frv. um framlengingu þessara laga fram árlega hér á Alþingi, því að alltaf verða töluverðar umræður um það, enda þótt það sé eins sjálfsagt og sanngjarnt eins og nokkurt frv. getur verið.

Frsm. minni hl. (Erlendur Þorsteinsson): Það var þegar sýnt við atkvgr. um frv. þetta við 2. umr., að það á að ná fram að ganga. En eigi að síður hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við það um að framlengja lögin aðeins til eins árs, eins og gert er með ýms tekjuöflunarfrv. ríkissjóðs. Út af þeim staðhæfingum, sem færðar hafa verið fram með frv., að Vestmannaeyjakaupstaður fengi ekkert fé úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sökum þess, hve fasteignamatið væri hátt þar, vil ég benda á, að bráðlega verður önnur skipun á um úthlutun úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga en verið hefir; á ég þar við ákvæði tryggingarlaganna, sem snerta þessi mál.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 200) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jóhann Jósefsson:** Ég hefi fengið þær upplýsingar hjá hagstofunni, að Vestmannaeyjakaupstaður muni ekki fá neitt úr jöfnunarsjóði í sumar. Það er því ósk min til hv. deildar, að brtt. hv. meiri hl. fjhn. verði samþ., en brtt. hinna, sem vilja málið feigt, verði felld.

ATKVGR.
Brtt. 131 tekin aftur.
— 200 felld með 10:4 atkv.
— 188 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 201).

Á 45. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Ísleifur Högnason:** Þetta frv. er ekki nýtt hér á þingi, því að á hverju einasta þingi er beðið

um að framlengja þetta vörugjald. Upphaflega var borin fram sú ástæða fyrir frv., að útsvör í Vestmannaeyjum innheimtust svo illa, að ekki væri hægt að standa straum af útgjöldum bæjarins, nema þetta gjald kæmi til, en ég hygg, að óvíða innheimtist útsvör eins vel og í Vestmannaeyjum. Hér fyrir framan mig liggur reikningur, saminn af gjaldkeranum, og þar sést, að áætlaðar tekjur 1935 hafa verið 181330 kr., en innheimzt hafa 155868 kr., en svo er innfært sem innborgað 187299 kr., eða 6000 kr. meira en áætlað hefir verið, en ég geri ráð fyrir, að þarna sé um að ræða eitthvað af útsvörum frá fyrra ári.

Nú þegar frv. er flutt, er ekki færð fram sú ástæða fyrir því, að útsvörin innheimtist svo illa, heldur að þetta komi engum öðrum landsmönnum við en Vestmannaeyingum. Vitanlega kemur þessi skattur þyngst niður á fátæka fólkinu, en verður til að minnka útsvörin, sem eru beinn skattur, um 30000 kr. Hagsmunina af þessu hafa vitanlega efnuðu mennirnir í Vestmannaeyjum, en óhaginn alþýðan. En hvers Vestmannaeyingar eiga að gjalda hjá Alþingi, að bæjarstjórninni skuli vera leyft að skattleggja þannig alþýðuna, get ég ekki skilið, og vildi ég gjarnan fá að heyra einhver frambærileg rök fyrir því. Hér stendur í ástæðunum fyrir frv., að Vestmannaeyjar fái ekki einn eyri af því fé, sem ætlazt er til úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga. Þetta er ekki rétt. Ég var í Vestmannaeyjum fyrir viku síðan, og þá var fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1938 þar til umr., og þá var áætlað, að 15 þús. kr. fengjust úr jöfnunarsjóði. Nú ber þess að gæta, að framlag úr jöfnunarsjóði fer eftir því, hvað mikið er lagt til fátækraframfæris og menntamála á hverjum stað, og þá er innan handar fyrir Vestmannaeyjar að skera þessi framlög svo við neglur sér, að gjaldið úr jöfnunarsjóði verði lítið. En að Alþingi eigi að leggja blessun sína yfir slíka fjárhagsáætlun með því að veita ráðandi mönnum í Vestmannaeyjum leyfi til að skattleggja fólkið á þann hátt, sem hér er beðið um, get ég ekki séð, að sé rétt, og vildi ég gjarnan heyra einhver frambærileg rök fyrir því, ef nú á enn að framlengja þetta vörugjald, en slíka framlengingu áliti ég mestu ósvinnu. Þetta gjald var frá upphafi ranglátt og er það ekki síður nú, eftir að þessu jöfnunargjaldi hefir verið komið á.

Ég mun því greiða atkv. móti þessu frv. til 2. umr. og vænti þess, að þingið sjái sóma sinn í því, að aflétta þessum rangláta óbeina skatti á alþýðu manna í Vestmannaeyjum, sem er aðeins til hagsmuna fyrir efnaðri mennina, en til óþurftar fyrir alþýðuna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 287).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Eins og nál. ber með sér, þá hefir fjhn. eða þeir af nm., sem voru á fundi, fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt, að fengnum þeim upplýsingum, sem fyrir lágu. Það var vist til þess ætlazt, að þessi l. væru ekki lengur í gildi en þangað til l. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga kæmu til framkvæmda. En við fyrstu úthlutun úr honum hafa Vestmannaeyjar ekki fengið neitt eða svo að segja ekki neitt, og þess vegna hefir fjhn. fallizt á, að þessi l. væru framlengd enn um 2 ár og Vestmannaeyjar hefðu leyfi til að hafa þetta vörugjald sem tekjustofn fyrir bæjarfélagið.

2 nm., hv. þm. G.-K. og hv. þm. Ísaf., voru ekki á fundi, svo að ég veit ekki um afstöðu þeirra til málsins, en þeir munu gera grein fyrir því, ef þeir eru meiri hl. ósammála um þetta.

***Ísleifur Högnason:** Við 1. umr. þessa máls lýsti ég því yfir, að þessi l., sem hér á að framlengja, eru alveg sérstæð fyrir Vestmannaeyjar. Það er ekkert, sem mælir með því að veita efnamönnum í Vestmannaeyjum leyfi til að skattleggja vörur, sem um höfnina fara, til þess að létta á sér útsvörum. Það er tilgangur þessa frv. og enginn annar, eins og hv. þdm. hljóta að skilja. Það virðist samt ekki vera hægt að koma hv. þm. í skilning um, að það styðst ekki við nein rök, að veita efnamönnum í Vestmannaeyjum þetta leyfi til þess að létta af sér sköttum. Ég mun því við 3. umr. bera fram brtt. um það, að í stað þess að leggja þetta gjald á vörur, þá verði bæjarsjóðnum í Vestmannaeyjum heimilt að taka tekjur, sem þessu nema, af seldu víni í Vestmannaeyjum. Mér hefir dottið í hug, að 20% skattur á víni, sem selt er í Vestmannaeyjum, mundi láta nærri, að næmi sömu upphæð og vörugjaldið. Síðastl. ár mun vínútsalan hafa haft 58 þús. kr. umsetningu, og ef 20% væri lagt á útsöluverðið, sem heimilt væri að láta renna í bæjarsjóð, þá mundi það nema mjög álíka upphæð og vörugjaldið.

Þess ber að gæta, að þetta vörugjald kemur niður eins og þungatollur, auk þeirra tolla, sem lagðir eru á af ríkissjóði, og það er gerður greinarmunur á því, á hvaða vörutegundir er lagt. Ef hv. þm. vilja vera sjálfum sér samkvæmir, þá ættu þeir að vera með því, að þetta væri lagt á vöru, sem minnst þörf er fyrir, og er þá rétt að láta þetta koma sem verðtoll á vínið og bægja þannig vörugjaldinu frá þeim nauðsynjavörum, sem almenningur notar mest, því að það er lagt á kornvörur, sykur og fleiri nauðsynjavörur almennings allhátt gjald.

Ég mun bera fram við 3. umr. málsins brtt., og vildi ég, að n. tæki það til athugunar, hvort ekki væri réttlátt að láta þetta gjald koma niður á þann hátt, sem ég hefi hér stungið upp á. Bezt væri, að hægt væri að komast hjá þessu, en það verður víst ekki hægt. Ég mun þess vegna bera þessa till. fram sem neyðarráðstöfun, ef ske kynni, að einhverjir fengjust til að fylgja henni.

***Haraldur Guðmundsson:** Ef þetta frv. verður samþ., þá fá Vestmannaeyjar með því sérstöðu, gerólíka aðstöðu við það, sem aðrir kaupstaðir og sveitarfélög á landinu hafa. Ég fæ ekki séð, að þá sé með sanngirni hægt að neita öðrum

kaupstöðum um það, að taka upp þetta vörugjald til viðbótar því, sem þau taka vegna hafna og hafnarmannvirkja. Ég fæ ekki séð, að hægt sé að neita þeim um að nota það til tekjuöflunar fyrir bæjar- og sveitarsjóði, ef þetta frv. verður enn á ný samþ.

Með l. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga var svo til ætlazt, að þau sveitar- og bæjarfélög, sem mesta þörf hefðu fyrir það, fengju úr þeim sjóði það, sem þeim hlutfallslega bæri, miðað við þá upphæð, sem sjóðurinn hefði til umráða. Ég tók svo eftir, að hv. frsm. n. gæti þess, að úr þessum jöfnunarsjóði hefði á þessu ári ekkert, eða svo að segja ekkert, komið í hlut Vestmannaeyja, og því teldi hann eðlilegt að samþ. þetta frv. Ef þetta er svo, þá er það ekki annað en vottur þess, að önnur bæjar- og sveitarfélög hafa ríkari þörf til að fá úr þessum sjóði heldur en Vestmannaeyjar, miðað við þær reglur, sem nú gilda um það, hvernig skipt skuli fé sjóðsins. Auk þessa skal ég geta þess, að fyrir árið 1938 eru í gildi l. um vörugjald fyrir Vestmannaeyjar. En það, sem vitað er um úthlutun úr sjóðnum, er eingöngu það fé, sem kemur til úthlutunar á árinu 1938, og ég hygg þó, að það sé ekki nema helmingur þess fjár. Ég hygg, að hagstofan sé ekki búin að reikna lengra en fyrir árið 1936, en ekki fyrir 1937, sem einnig á að koma til álita á þessu ári. Ég hygg því, að það sé ekki útilokað, að Vestmannaeyjar komi til greina, þegar miðað er við fátækraframfærið árið 1937.

Hingað til hefir verið fylgt þeirri meginreglu með þessari undantekningu snertandi Vestmannaeyjar, að hinir óbeinu skattar og tollar á innfluttum vörum hafa eingöngu verið notaðir sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð, umfram það sem nauðsynlegt hefir verið til viðhalds og starfrækslu hafnarmannvirkja og beinlínis er lagt á til þess að standa straum af þeim kostnaði. Ég álít, að það sé alveg rangt að vera að hverfa frá þeirri stefnu, enda hefir þingið í heild verið þeirrar skoðunar 2 síðustu þing, þar sem það hefir ekki fallizt á að lögfesta vörugjald umfram lögmætar hafnargreiðslur sem tekjuöflun fyrir bæjar- og sveitarfélög. Það er líka ranglátt gagnvart hinum bæjarfélögunum, að Vestmannaeyjar fái þessa sérstöðu, eftir að l. um jöfnunarsjóð hafa verið samþ. Ég hlýt því að vera á móti þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því, að það verði að l.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég vil aðeins geta þess, að ef það hefir verið réttmætt að láta Vestmannaeyjar hafa þessa aðstöðu áður, þá er hið sama réttmæti enn fyrir hendi, þar sem það hefir komið í ljós, að við úthlutun úr jöfnunarsjóði hafa Vestmannaeyjar ekki fengið neitt sem teljandi sé. Þar sem þingið hefir gengið inn á þessa leið áður gagnvart Vestmannaeyjum, að leyfa þeim að afla tekna með þessu móti, þá sé ég ekki annað en nákvæmlega sömu skilyrði séu þar fyrir hendi og áður.

Þar sem hv. 5. landsk. sagði, að þetta væri aðeins leið til að létta sköttum af efnamönnum í Vestmannaeyjum, sem þeir ættu að greiða til bæjarfélagsins, en það væri réttara að taka þetta af áfengissölu í Vestmannaeyjum, þá vil ég benda honum á, að með því móti er hann líka að létta sköttum af efnamönnum í Vestmannaeyjum og lætur þá ekki standa undir því, heldur er þá verið að taka skatt, sem ríkið hefir rétt á að taka til sinnar starfsemi. En með því að halda þessu vörugjaldi, þá eru það allir borgarar í Vestmannaeyjum, sem standa undir því, og þar með er ekki tekin tekjuöflunarleið, sem ríkið hefir annars áskilið sér rétt til að hafa til þess að standa undir sínum útgjöldum. Ég tel því, að það væri síður en svo réttmætari leið að fara að létta bæjargjöldum af Vestmannaeyjum með því að láta þá hafa tekjustofn, sem ríkið hefir haft, heldur en að leyfa þeim að leggja vörugjald á þær vörur, sem þeir nota sjálfir.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Seyðf. hélt fram, að með þessu móti fengju Vestmannaeyjar sérstöðu fram yfir aðra kaupstaði og þeim væri ekki gert jafn hátt undir höfði, þá er því til að svara, sem jafnan hefir verið fært fram sem aðalástæða, þegar þetta gjald hefir verið samþ. áður, að Vestmannaeyjabær hefir sérstaka aðstöðu, þar sem hann er ekki innflutningshöfn fyrir neina nema íbúa Vestmannaeyja. Þessu er ekki til að dreifa með aðra kaupstaði hér á landi, þar sem þeir hafa verzlun við héruðin umhverfis sig, svo að þeim væri þá leyft að skattleggja ekki aðeins sína eigin borgara, heldur líka önnur héruð eða sveitarfélög. Þessu er ekki til að dreifa um Vestmannaeyjar, því að þær flytja svo að segja ekkert inn nema það, sem borgarar þeirra neyta sjálfir. Þetta hygg ég, að séu aðalrökin fyrir því, að þetta gjald hefir verið leyft í Vestmannaeyjum, en öðrum kaupstöðum hefir verið neitað um það. Þessi rök eru enn í fullu gildi þrátt fyrir l. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, þar sem sá sjóður hefir enn sem komið er ekki orðið Vestmannaeyjum að neinu liði.

***Ísleifur Högnason:** Mér þykir fyrir því, að hafa ekki getað talað við n., áður en hún afgr. málið til 2. umr., vegna þess að það gætir mjög mikils misskilnings hjá hv. frsm. Því er þá fyrst til að svara, að þótt ekkert hafi runnið til Vestmannaeyja enn, þá er þó á þessa árs fjárhagsáætlun gert ráð fyrir 15 þús. kr. úr jöfnunarsjóði. Það mun nema 20 þús. kr. á árinu, því að það mun vera of lágt reiknað á fjárhagsáætlun bæjarins. Þegar n. hefir fengið upplýsingar um það, að á fjárhagsáætlun bæjarins séu áætlaðar 15 þús. kr. tekjur úr jöfnunarsjóði, og þar sem má gera ráð fyrir, að það fari hækkandi, þá er ekki lengur það tilefni til að leggja á vörugjald, sem hv. frsm. n. gat um.

Annað atriði, sem hann minntist á, var, að Vestmannaeyjar væru einangraðar, svo að þetta gjald kæmi ekki niður á aðra en Vestmannaeyinga sjálfa. Það er rangt, því að á vertíðinni eru þar 1000—1500 aðkomumenn, sem kaupa þar vörur, sem eru seldar við hærra verði, vegna þess að þetta vörugjald er lagt á þær vörur, sem þeir neyta í Vestmannaeyjum.

Ég þakka stuðning þann, sem hv. þm. Seyðf. hefir léð mínum málstað, en ég vil geta þess

í sambandi við hans afstöðu, að hún er ekki sú sama og mín að því leyti, að hann álítur þetta réttarbót fyrir alþýðu manna í Vestmannaeyjum. Þetta er réttarskerðing, og það væri vitanlega engin bót að því, að efnamenn í öðrum kaupstöðum fengju að létta af sér útsvörum með því að leggja skatt á nauðsynjavörur fólksins. Hv. þm. hlýtur að skilja það, að það er síður en svo réttarbót fyrir alþýðu manna í Vestmannaeyjum að fá þetta frv. samþ.

Ég mun greiða atkv. gegn frv. við þessa umr., en ég mun flytja brtt. við það, ef það heldur áfram í hv. d., eins og ég lýsti yfir áðan. Það hefir skotizt framhjá hv. frsm. áðan, að ég lýsti því yfir, að það yrði að skoðast sem neyðarvörn gegn því, að lagður væri skattur á nauðsynjavörur fólksins, en hann væri þá lagður á óhófsvöru. En æskilegast væri, að málið væri fellt, og þá kæmi brtt. mín ekki til greina. Það er vitanlega skattur á fólkið, þótt það sé skattur á áfengið. En það virðist gæta misskilnings hjá honum, þar sem hann heldur, að það sé meiningin að taka það af álagi ríkissjóðs á vinið, því að það var ekki meiningin, heldur átti það að koma sem skattur á útsöluverð áfengis. Með því móti væri hægt að ná um 30 þús. kr.

***Haraldur Guðmundsson:** Það er misskilningur hjá hv. 5. landsk., að ég hafi talið það réttarbætur fyrir Vestmannaeyjar, ef þetta frv. væri samþ. Það, sem ég sagði, var, að það væri sköpuð sérstaða fyrir Vestmannaeyjakaupstað, ef þetta frv. væri samþ., sem myndi veita honum aðstöðu til fjáröflunar umfram þær leiðir, sem aðrir kaupstaðir hefðu samkvæmt l. Ég er honum sammála um, að það sé ekki heppileg leið að lækka útsvörin og afla tekna á þennan hátt.

Snertandi það, sem hv. frsm. n. sagði, að ef það hefði áður verið rétt og sanngjarnt að hafa þessa heimild í l. fyrir Vestmannaeyjar, þá væri það jafneðlilegt nú, þá er því til að svara, að ég hefi alltaf verið á móti svona frv., hvenær sem það hefir verið flutt. Í öðru lagi má benda á það, að þó svo sé, að Vestmannaeyjar fái ekkert af fyrri úthlutun ársins 1938 úr jöfnunarsjóði, þá er a. m. k. ekki vitað, að þær fái ekkert af annari úthlutun. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að á komandi árum fái Vestmanneyjar til jafns við aðra kaupstaði eftir þeim reglum, sem settar eru um það í l. Vestmannaeyjar hafa líka á þessu ári tekjur samkvæmt þessum l., sem nú er farið fram á að framlengja, því að þau gilda til ársloka 1938. Og nú er það upplýst af hv. 5. landsk., að tekjur af vörugjaldi nemi fullum 30 þús. kr., en jafnframt hefir bæjarstjórn þótt óhætt að áætla 15 þús. kr. tekjur úr jöfnunarsjóði.

Þá segir hv. frsm., að Vestmannaeyjakaupstaður hafi sérstöðu í því, að vörugjaldið leggist eingöngu á vörur, sem bæjarmenn sjálfir nota. Þetta er ekki rétt. Á vertíð dvelur þar fjöldi aðkomumanna og jafnvel aðkomuskipa og ber þessar byrðar ekki síður en bæjarmenn. Þar stendur alveg eins á um Siglufjörð. Hann hefir sáralitla verzlun nema við skip. Ef þetta frv. verður samþ., er erfitt að neita Siglufjarðarkaupstað um hið sama. Enda vantar það ekki, að beiðnir hafa legið fyrir þinginu um það og frv. komið fram. Hafnarfjörður hefði án efa vörugjald af því einu, sem innanbæjarmenn og fáeinir bændur í kring nota — og þó aðeins af hluta af því, þar sem mikið af vörum er flutt landveg úr Reykjavík; það er ástæðan til þess, að ekki hefir þótt gagn í að setja vörugjald í Hafnarfirði.

Þó að þeir kaupstaðir, sem um ræðir, hafi ekki vörugjald, hafa þeir nokkuð, sem nálgast það. Ég veit ekki betur en víðast sé lagt á verzlanir, miðað við umsetning þeirra, og það hlýtur náttúrlega að koma fram í hækkuðu vöruverði eins og vörugjaldið. Ég sé ekki betur en Vestmannaeyjakaupstað sé alveg eins hollt að halda sér við útsvörin, eins og aðrir kaupstaðir, úr því að vörugjaldið er í rauninni sami tekjustofninn og útsvör verzlana. Allra sízt get ég samþ. frv. eftir að búið er að ganga frá löggjöf um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og um jöfnunarsjóð, sem mun sjá Vestmannaeyjum fyrir töluverðum tekjum á næstu árum.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. þm. Seyðf. taldi það algengt að skattleggja vörur með útsvarsálagningu. Ég sé ekki ákaflega mikinn mun á því og vörugjaldi. Það hlýtur að koma niður á sömu einstaklingum. En þá dreg ég af því aðrar ályktanir en hv. þm. gerði. Ég sé ekkert á móti því að leyfa bæjarstjórn Vestmannaeyja að nota tekjustofninn á þann hátt, sem hún telur heppilegra, fyrst almenningi má á sama standa.

Það, sem hv. þm. sagði um Siglufjörð og Hafnarfjörð, mun ekki vera alveg rétt. Á því er ekki vafi, að Siglufjörður hefir nokkra verzlun, t. d. við Fljótamenn (**PO:** Og svo allan síldarflotann á sumrin). Já, síldveiðiverzlunin er nú mál út af fyrir sig. — Hafnarfjörður hefir verzlun við þéttbýl sveitarfélög, sem umkringja hann, s. s. Álftanesið. Það er því alveg víst, að enginn kaupstaður á landinu hefir sömu sérstöðu og Vestmannaeyjar.

Þá er því haldið fram, að vörugjaldið leggist ranglega á 1000—1500 manns, sem sæki atvinnu til Vestmannaeyja. Ég veit ekki betur en heimilt sé að leggja útsvör á fólk, sem er við atvinnu í Vestmannaeyjum um vertíðina, 3 mánuði eða lengur. Munurinn á því og vörugjaldi er bara sá, að það er oft ómögulegt að innheimta útsvörin hjá fólki, sem fer sitt í hverja áttina að vertíð lokinni.

Þó að nú standi á fjárhagsáætlun bæjarins 15 þús. kr. tekjur úr jöfnunarsjóði, er ekki víst, hvort sú áætlun stenzt; tryggar tekjur eru það a. m. k. ekki.

Hv. 5. landsk. talaði um, að ekki ætti að eftirláta bæjarfélögum hluta af áfengistekjum ríkissjóðs, þó að uppástunga hans yrði tekin til greina, heldur hækka verð áfengisins. En ef hægt væri að hækka það meira, á ríkissjóður tvímælalaust að njóta þess tekjustofns einn. Það er ófær leið að fara að skerða tekjustofna hans. Sé það rétt, að vörugjaldið sé af einhverra hálfu ætlað til þess, eins og hv. þm. telur, að velta byrðum af þeim efnuðu á almenning, þá er það engu betri tillaga hjá honum að velta byrðinni á ríkissjóð og þar með almenning í landinu.

*Haraldur Guðmundsson: Það er að sjálfsögðu eins heimilt samkv. útsvarslögum að leggja útsvar á aðkomufólk í Vestmannaeyjum, hvort sem það ber líka þunga af þessu vörugjaldi eða ekki. Þar er ekkert „annaðhvort-eða“ heldur „bæði — og“; skatturinn verður tvöfaldur (SvbH: Mundi það þá ekki lækka útsvörin?). Hvaða útsvör heldur þm., að mundu aðallega lækka? Það getur aldrei réttlætt þessi heimildarlög.

Það má e. t. v. segja, að ýmsum bæjarfélögum komi illa að geta ekki skattlagt utanbæjarmenn gegnum verzlunina, sem þeir sækja þangað. Hv. 1. þm. Rang. veit vel, að örðugleikar ýmissa bæja liggja m. a. í því, að verzlunin er komin í hendur kaupfélaga, sem greiða ekki útsvör eftir sömu reglum og aðrar verzlanir, miðað við umsetningu. Uppbót fyrir þetta hefir verið reynt að gefa með nýrri löggjöf. Sömu reglur eiga þar að gilda á öllu landinu. En í Vestmannaeyjum er þessu varla til að dreifa, svo að tekjuuppbótarþörfin ætti að vera þar þeim mun minni en annarsstaðar. Ég held, að hér kenni misskilnings hjá hv. frsm., þegar hann heldur, að Vestmannaeyjakaupstaður verði afskiptur við úthlutun úr jöfnunarsjóði. En til viðbótar við 30 þús. kr. eða meira, sem vörugjaldið nemur, fær kaupstaðurinn væntanlega a. m. k. 15 þús. kr. úr sjóðnum. Þótt úthlutun sé ekki lokið fyrir árið 1937 og ekki víst, hver hún verður, geri ég ráð fyrir, að Vestmannaeyjar verði ekki illa úti.

Það verður að vera sjónarmið Alþingis, að sömu reglur eigi að gilda fyrir landsmenn alla. En með því að samþ. þetta frv., eftir að komin eru lög um jöfnunarsjóð, er ekki aðeins brotin sú regla, heldur skapað beint misrétti, þar sem Vestmannaeyjum er heimilað að létta þannig á útsvörum, án þess að sannað sé, að þörfin þar sé meiri en annarsstaðar.

*Ísleifur Högnason: Ég ætla að benda hv. frsm. á, að vörugjaldið er í gildi í Vestmannaeyjum þetta ár og að engu er stefnt í voða, þó að þetta yrði ekki samþ. fyrr en 1939. Þetta umsetningargjald, sem ýmsar hreppsnefndir eru farnar að leggja á verzlanir, mun vera algerlega ólöglegt, en mál af því tagi liggur nú fyrir dómstólunum til úrskurðar. Lögin leyfa hvergi slíka útsvarsálagningu, sem verkar alveg eins og tollur eða nefskattur, heldur aðeins að jafna niður eftir efnum og ástæðum.

Hv. frsm. bjóst við, að 15 þús. kr. úr jöfnunarsjóði væri of hátt áætlað af bæjarstjórn Vestmannaeyja. Engar ástæður hafa verið færðar fyrir, að svo sé. En miðað við mannfjölda ættu það að vera 20 þús. kr., og ég geri ráð fyrir, að það verði reyndin, en ekki 15 þús.

Þá hélt hv. frsm. því fram, að ef hægt væri að hækka áfengisverð, gæti ríkið tekið þann ágóða. Vitanlega. Ríkið gæti líka tekið þetta vörugjald, ef Alþingi teldi það hafa nokkurn siðferðilegan rétt til þess. — Annars er hér ekki verið að deila um skipting tekjustofna milli ríkis og bæja, eins og hv. frsm. virtist halda, heldur um það, á hvaða grundvelli álögurnar eigi að hvíla, á neyzluvörum, eins og í frv., eða, eins og ég legg fremur til, á óhófsvörum.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég skal ekki lengja umræður um málið. En ég hélt, að öllum væri kunnugt, að bæjarfélög hafa ekki verið talin hafa of miklar tekjur. Stöðugar kröfur hafa verið uppi um nýja tekjustofna handa þeim. Og meðan ekki er séð, hvort Vestmannaeyjar fá nokkuð að gagni úr jöfnunarsjóði, finnst mér ekki rétt að fella niður þennan tekjustofn, sem bæjarfélagið þarf til að halda sér í horfinu. Það hefir fulla nauðsyn á að halda í þennan rétt sinn (ÍslH: Þetta er ekkert réttlæti. Það er gamalt óréttlæti). Það er sama réttlætið nú og áður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:6 atkv.
2. gr. samþ. með 18:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18:5 atkv.

Á 55. og 56. fundi í Nd., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 201, 360).

*Ísleifur Högnason: Við 2. umr. bar ég fram brtt. við frv. um vörugjald í Vestmannaeyjum, en eftir að ég átti tal við formann n., sem um frv. fjallaði, féll ég frá að bera brtt. fram í því formi, sem ég hafði ætlað mér. Eins og ég tók fram við 2. umr., þá er engin nauðsyn til þess að skattleggja alþýðu manna í Vestmannaeyjum með sérstökum óbeinum tolli umfram aðra landsmenn, því að þar á vitanlega að ná tekjum í bæjarsjóð með beinum útsvörum aðallega, eins og annarsstaðar. Nú er það athugavert við þetta frv., að í því felst heimild fyrir bæjarstjórnina að taka ekki aðeins það, sem hún tekur nú, um 30 þús. kr. á ári, heldur 65 þús. kr., því að samkvæmt reikningi yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 1935, hefir allt vörugjaldið, sem lagt hefir verið á til hafnarinnar, numið 130 þús. kr. Ef bæjarstjórnin hefir heimild til að innheimta þessi gjöld með 50% álagi, þá gæti þetta komizt upp í 65 þús. kr. Það nær vitanlega engri átt, ef með óbeinum tollum eða sköttum er ætlunin að taka ½ eða ⅓ af öllum bæjargjöldunum á þennan hátt. Útsvörin myndu þá með tímanum geta fallið alveg niður. Setjum svo, að vörugjald væri hækkað eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþ., og væri komið upp í 200 þús. kr. Þá hefði bæjarstjórnin heimild til að leggja á það toll, 100 þús. kr. í bæjarsjóð. Þá færi það þannig, að útsvörin legðust alveg niður. En með því að heimila 15%, þá myndu þó ekki nást nema 19 þús. kr. Og með tilliti til þess, að jöfnunarsjóður er farinn að gefa í bæjarsjóðinn í Vestmannaeyjum 15—20 þús. kr. á ári, þá er ástæðan fyrir þessari tekjuöflun að falla burtu.

Mér þykir leitt, hvað fáir eru hér í hv. d., en ég vona, að hv. þm. geti fallizt á að ganga inn á þessa brtt. og létta þannig að nokkru leyti þessum skatti af Vestmannaeyjum. Mér þætti vænt um, áður en gengið er til atkv., að form.,

allshn., en hún hafði þetta mál til meðferðar, lýsi afstöðu sinni til brtt. á þskj. 360.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Viðvíkjandi því, sem hv. 5. landsk. sagði, að hætta væri á því, að það verði tekið meira en þörf er á með því að setja hærri prósenttölu en þörf er fyrir, og þess vegna beri að lækka heimildina, þá er rétt, að ég segi frá því, að ég hefi aflað mér upplýsinga um það, að síðan þetta vörugjald var heimilað, þá hefir aldrei verið innheimt nema 25%, þó heimildin í l. væri 50%, og það er vegna þess, að það er á valdi atvmrh., hversu háa heimild hann samþykkir. Það stendur í frv., að þetta sé ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin samþ. og atvmrh. staðfestir. Ég hefi líka fengið upplýsingar um það, að þetta er jafnan framkvæmt þannig í Vestmannaeyjum, að ekki er tekið nema sem svarar 25%, þótt heimildin sé á þennan hátt í l. Ég tel litlar líkur til þess, að þetta verði framkvæmt á annan hátt eftirleiðis, og þar sem ég treysti fullkomlega þeim ráðh., sem hér á að veita sitt samþykki, að hann fari sanngjarnlega og hóflega í sakirnar, þá sé ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að samþ. brtt.

***Ísleifur Högnason:** Ég álít það nú ekki nein rök fyrir því, að leyfa þessi 50%, að hv. þm. treysti núverandi atvmrh. til þess að leyfa ekki meira álag en verið hefir. Það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar frá ráðh. um þetta atriði, og til 1940 getur málum skipazt þannig, að þá verði kominn annar atvmrh., sem ef til vill sé tilleiðanlegur að samþ. þá reglug. bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum, sem noti heimildina til fulls. Ég álít það með öllu óþarft, þótt ekki hafi verið tekið nema 25%, að fara svo langt með heimildina, að hætta sé á, að ½—⅓ af útsvörunum í Vestmannaeyjum sé tekið með þessum tolli. Ef frsm.n. vildi ganga inn á 25%, þá væri það trygging fyrir því, að bæjarstjórnarmeirihlutinn í Vestmannaeyjum notaði ekki heimildina meira en nú er gert, og það virðist vera tilgangur n., að ekki sé gengið lengra. Ég mundi fylgja þeirri till. frá n., ef hún vildi bera fram skrifl. till. um, að álagningin væri miðuð við 25%, ef min brtt. væri felld. En með því virðist mér, að gengið sé eins langt og hægt er í því, að heimila Vestmannaeyjum að leggja á þetta vörugjald.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Að það sé ekki nægileg trygging, þótt atvmrh. eigi að samþ., hversu há prósenttala sé tekin með vörugjaldi þar sem það geti viljað svo til, að fyrir þann tíma verði kominn annar atvmrh. heldur en nú er, þá er því til að svara frá minni hendi, að ef það væri kominn annar atvmrh., sem vildi breyta þessu, þá myndi líka vera komin sú skipan á hér á Alþ., að sá ráðh. myndi geta breytt l., ef hann óskaði þess. Ég sé því ekki, að það breyti röksemdafærslunni í þessu efni. Og þar sem það liggur fyrir, að bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir aldrei farið fram á samþykki fyrir meiru en þessu, og aldrei hefir verið innheimt nema sem svaraði 25%, þá sé ég ekki ástæðu til að lækka það niður, eins og farið er fram á með brtt. hv. 5. landsk., og þegar það er líka upplýst, að í Vestmannaeyjum er útsvarsstiginn hærri en í hér um bil öllum öðrum kaupstöðum. Það er líka eftirtektarvert, að einmitt á hæstu tekjunum er útsvarsstiginn í Vestmannaeyjum langtum hærri heldur en bæði í Hafnarfjarðarkaupstað og í Rvík. Svo að ég taki nokkur dæmi, þá er t. d. á 6000 kr. nettótekjur lagt í Rvík 710 kr., í Hafnarfirði 470 kr., en í Vestmannaeyjum 880 kr. Og ef farið er upp í 14000 kr., þá er í Rvík lagt á þær 3180 kr., í Hafnarfirði 2110 kr., en í Vestmannaeyjum 4220 kr., eða helmingi hærra en í Hafnarfirði. Það er því síður en svo, eins og hv. 5. landsk. var að tala um við 1. umr., að þeir, sem hefðu mestar tekjur í Vestmannaeyjum, væru með þessu að létta af sér gjöldum, þar sem það liggur fyrir, að hvergi er gengið lengra í því að leggja útsvör á háar tekjur en einmitt í Vestmannaeyjum. Þess vegna tel ég, að það sé ekki ástæða til annars en láta þessa heimild enn af hendi undir sömu kringumstæðum og verið hefir, því að það er vitað, að kaupstöðunum, eins og þeirra fjárhag er komið, bæði Vestmannaeyja og annara, veitir ekki af að hafa þær tekjur, sem þeir hafa haft, því að það er alltaf verið að bera fram á Alþ. miklar kröfur um nýja og nýja tekjustofna fyrir bæjarfélögin.

***Ísleifur Högnason:** Viðvíkjandi þessum síðustu upplýsingum, sem ég er hissa á hv. frsm. að taka til greina, þá vil ég segja það, að þótt Vestmannaeyjar hefðu þrisvar sinnum hærri útsvarsstiga en Rvík, þá er það vitað, að hin endanlega niðurstaða útsvaranna fer ekki eftir þeim útreikningi. Það hefir komið fyrir, að 20% hafa verið dregin frá í Vestmannaeyjum, en kannske bætt við 100—150% í Rvík, og það verður hin endanlega útkoma. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að útsvarsstiginn í Vestmannaeyjum er ⅓ hærri á tekjum heldur en í Rvík og 50% hærri á eignum, en annars er gerólíkur skattstigi í Vestmannaeyjum því, sem er í Rvík, þegar miðað er við eignir. Ég vil benda hv. þm. á það, að þessir stigar, sem verið er að stilla upp í Vestmannaeyjum, eru ekkert annað en blekkingar, ef á að nota þá til að fá menn til að vera fylgjandi því, að lagt sé á sérstakt vörugjald í Vestmannaeyjum. Eins og ég sagði áðan, þá er dregið frá, af því að niðurjöfnunin er hærri en í fjárhagsáætluninni, kannske 10—30%, en í Rvík hefir upphæðin oft ekki náðst, og þá er bætt við vissri prósenttölu til þess að ná heildarútsvarsupphæðinni. Svo er þess líka að gæta, að innbyrðis hlutföll þessara útsvarsstiga eru mismunandi fyrir þessa bæi. En ég hefi ekki fengið upplýsingar um það, hvað útsvarsálagningin í Vestmannaeyjum er há, samanborið við Hafnarfjörð og Ísafjörð og Akureyri. Mig minnir, að á hvern íbúa sé minna jafnað niður í Vestmannaeyjum heldur en á báðum þessum síðarnefndu stöðum. Það er alalatriðið, hvort útsvarsniðurjöfnunin er hærri, miðuð við íbúafjölda í Vestmannaeyjum, en í öðrum kaupstöðum. Ef það væri, þá gætu það verið rök með því, að ná tekjum öðruvísi, en á meðan ekki er sýnt fram á það, þá álít ég að þessi röksemdafærsla hv. þm. sé ekki hans málstað til stuðnings.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. 5. landsk. segir, að það sé ekki takandi mark á útsvarsstigunum, því að það sé ýmist bætt við þá eða dregið frá þeim. En það skiptir ekki máli í þessu tilfelli; þótt dregið sé frá Vestmannaeyjastiganum 20%, eins og ef til vill hefir komið fyrir, þá breytir það ekki hlutfallinu milli greiðslnanna. Vestmannaeyjastiginn ber það með sér, að hann er mjög hár á hátekjumönnunum, og hærri en annarsstaðar. Þess vegna skiptir það ekki máli, þótt stiganum sé breytt prósentvís, því að með þessu er ekki verið að skattleggja frekar þá, sem lægst eru launaðir, eins og hv. 5 landsk. vildi halda fram við 1. umr. Hinsvegar nær það engri átt, að bætt sé við útsvarstigann í Rvík 100—150%. Það má ekki l. samkvæmt hækka útsvörin frá ári til árs um meira en 20%. Það mun hafa komið fyrir, að þau hafi verið hækkuð prósentvís. Það skiptir máli í þessu sambandi, hvort hann er til að þyngja á almenningi og létta á þeim, sem mestar tekjur hafa, eða öfugt. Og Vestmannaeyjastiginn ber það greinilega með sér, að það verður aldrei hægt að nota þennan tekjuauka hér til að létta af þeim, sem mestar hafa tekjurnar. — Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram um þetta atriði.

***Ísleifur Högnason:** Það er aðeins það, sem ég vildi segja, að ég held, að það kenni nokkurs misskilnings hjá hv. síðasta ræðumanni, að því er snertir þetta atriði. Ef hann gæti sýnt það með tölum, að af 10 þús. kr. tekjum yrði að borga endanlega hærri upphæð í Vestmannaeyjum en í Rvík, þá gæti ég fallizt á, að það væru nokkur rök, en með því að hann fer aðeins eftir skattstiganum, sem lagður er til grundvallar, áður en dregið er frá eða aukið við, þá eru það engin frambærileg rök fyrir hans máli. Ef hann getur sýnt fram á, að hin endanlegu útsvör, eftir að búið er að draga frá eða bæta við, séu hærri í Vestmannaeyjum en í Rvík, Hafnarfirði eða Ísafirði, þá myndi ég taka það til greina. Ég staðhæfi, að útsvörin í Vestmannaeyjum séu ekki hærri, miðuð við tekjur og eignir, en í hinum kaupstöðunum.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það liggur fyrir, þegar gefnir eru upp stigarnir, eins og jafnan hefir verið síður, frá ríkisskattanefnd á síðasta ári, að það eru hinir raunverulegu stigar, sem farið er eftir, og það myndi fylgja, ef breytt væri til með prósenttölu, og þá, hvernig það væri gert. Nú liggur það fyrir, að á 10 þús. kr. tekjur er lagt í Rvík 1780 kr., en í Vestmannaeyjum 2360 kr. Þetta eru hinir raunverulegu stigar, sem notaðir hafa verið á síðasta ári. Það liggur því fyrir, að það er 700 kr. hærri álagning á þessar tekjur í Vestmannaeyjum en í Rvík.

ATKVGR.
Brtt. 360 (aðaltill.) felld með 19:5 atkv.
— 360 (varatill.) felld með 16:5 atkv.
Frv. samþ. með 20:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 390.

27. Skatt- og útsvarsgreiðsla útlendinga o. fl.

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl. (þmfrv., A. 44).

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jakob Möller):** Þetta frv. er flutt af þm. Reykjavíkur eftir ósk bæjarráðsins. Það miðar að því að gera auðveldari innheimtu skatta og útsvara af útlendingum, sem hafa stutta viðdvöl í landinu.
Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fara nánar út í efni frv., en vil mælast til þess, að það fái að ganga til 2. umr. og n., og mun þá n. að sjálfsögðu athuga málið nákvæmlega og gera breyt. á því, ef þurfa þykir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 44, n. 191).

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Herra forseti! Þetta frv. er fram borið af fjórum þm. Reykv. vegna nauðsynjar á að setja sérstaka löggjöf um innheimtu útsvara og skatta hjá erlendum mönnum, sem dvelja hér um stundarsakir, um tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Það hefir þótt brenna við, að ýmsir slíkir menn, sem hafa hér atvinnu það lengi, að þeir verða útsvarsskyldir, komast héðan burt án þess að greiða lögmæta skatta, og má kenna það fyrirkomulagi innheimtunnar. Eins og vitað er, fer útsvarsálagning fram í Rvík í maí ár hvert, en fyrsti gjalddagi er 1. júlí þar á eftir. Ýmsir menn, sem hér hafa verið útsvarsskyldir, hafa verið farnir af landi burt, þegar hægt hefir verið að krefja þá um skattinn, en þessu frv. er ætlað að bæta úr þessu. Það er ekki einungis heimild, heldur skylda, að halda eftir ákveðnum hluta af kaupi þeirra, og undir vissum kringumstæðum bera vinnuveitendur þeirra persónulega ábyrgð á greiðslunni. Það nær engri átt, að menn njóti hér atvinnu um svo og svo langan tíma og komist svo hjá að greiða opinber gjöld. Og þó að þetta frv. sé kannske ekki sem fullkomnast, verður ráðin nokkur bót á því ástandi, sem ég hefi lýst, ef það verður samþ.
Það, sem einkum er erfitt við að eiga í þessu sambandi, er að ákveða, hve viðtæk á að vera ábyrgð þeirra manna, sem atvinnu veita. Menninirnir geta líka unnið hjá fleirum en einum vinnuveitanda, og þá þarf að skipta með þeim ábyrgðinni. Þess vegna er fram komin brtt. við 2. gr. Annars þarf ég ekki að tala sérstaklega um brtt., nema hvað ég vil drepa á brtt. við 4. gr. Það þótti rétt að veita ekki aðeins vinnuþiggjanda,

heldur og vinnuveitanda möguleika til að fá um það úrskurð skattayfirvaldanna, hve miklu af kaupi skattgreiðanda skyldi haldið eftir.

Þrátt fyrir þær brtt., sem nú eru fram komnar, hygg ég, að þessi löggjöf, sem er að vissu leyti nýmæli, muni þurfa breyt. við síðar. Það er eðlilegt, að hún mótist og myndist eftir því, sem reynslan segir til um.

Þá vil ég aðeins geta þess, að allshn. hefði átt að athuga eitt atriði nánar, nefnilega þá hlið á þessu máli, sem að Dönum snýr. Í 1. gr. stendur: „Gagnvart útlendingum, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa“ o. s. frv., en Danir munu ekki þurfa slíkt landvistarleyfi. Það mætti því skilja 1. gr. svo, að frv. næði ekki til Dana, en svo er þó eigi, enda er þorrinn af þeim mönnum, sem hér koma til greina, danskir. Ég mun fyrir 3. umr. hafa talað um þetta nánar við allshn. Ég vil svo mælast til, að frv. verði samþ. með brtt. allshn. á þskj. 191.

ATKVGR.
Brtt. 191,1 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 191,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 191,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 191,4 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 191,5 (7. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
8.—9. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 228).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 336).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Árni Jónsson):** Mál þetta er borið fram af þm. Reykv., sem sæti eiga í Nd., og er það til þess fram komið að koma í veg fyrir, að útlendingar, sem stunda hér atvinnu oft æðilangan tíma, komist hjá því að greiða hér útsvar. Sú regla gildir sem sé hér í Reykjavík, að útsvör eru lögð á í byrjun maí, en innheimta þeirra útsvara byrjar ekki fyrr en í júlí. Við skulum hugsa okkur, að útlendur maður komi hingað fyrri hluta júlímánaðar og fái hér atvinnu strax, þá getur hann dvalið fram undir næstu útsvarsálagningu, eða um 10 mánuði, án þess að greiða nokkurt útsvar eins og sakir standa nú. Til þess að koma í veg fyrir það, að menn, sem eru oft prýðilega launaðir, séu betur settir í þessu efni heldur en landsmenn sjálfir, þá er þetta frv. komið fram.

Aðalákvæði frv. er það, að atvinnurekandi geti haldið eftir af launum slíkra manna, sem hér hafa fengið landvistarleyfi, 20%, ef um einhleypa menn er að ræða, en 15%, ef um fjölskyldumenn er að ræða. Til þess að þetta geti heppnazt vel, þá þurfa að liggja fyrir allar upplýsingar um þessa menn, og þá er nauðsynlegt, að mjög náin samvinna sé milli skattayfirvaldanna annarsvegar og svo lögreglustjóra hinsvegar, sem á að hafa eftirlit með útlendingum.

Það hefir ekki verið neinn ágreiningur um þetta hér í allshn., en allshn. Nd. gerði á frv. lítilsháttar breyt., og hygg ég, að þær séu allar til bóta.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta sé ágreiningsefni að neinu leyti, því ég býst við, að allir séu sammála um, að úr þessu þurfi að bæta, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 406).

28. Skipun prestakalla.

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þmfrv., A. 173).

Á 40. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það eru orðin ein 30 ár síðan prestakallalögin voru sett. En öll þessi ár hafa l. ekki komið til framkvæmda gagnvart Ísafjarðarsýslu. Sr. Sigtryggur Guðlaugsson hefir verið prestur í Dýrafjarðarþingum allan þann tíma. Nú má hinsvegar búast við, að hann fari að hætta. Honum hefir verið mjög illa við,

að prestakallið félli niður, og ef til vill haldið lengur áfram en honum var hollt heilsunnar vegna. Nú eru allir aðiljar einhuga um að óska eftir, að þetta prestakall verði endurreist. Auk annara röksemda, sem renna undir það, að svo verði gert, er sú, að þarna hefir, eins og kunnugt er, risið upp héraðsskóli að Núpi, þar sem munu verða í framtíðinni milli 40—60 unglingar. Ég vil nú vænta þess, að hv. þm. verði við þessari ósk, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17:2 atkv.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 263).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. (Thor Thors):** Þetta frv. miðar að því að endurreisa Dýrafjarðarþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu sem sjálfstætt prestakall.
Með l. frá 1907 var ákveðið, að þetta prestakall skyldi lagt niður, en það hefir aldrei komið til framkvæmda, því að sá prestur, sem starfaði þarna um þær mundir, hefir haldið áfram starfsemi sinni til þessa dags. Með tilliti til þess, að þarna er fjölmennur héraðsskóli, sem lengi hefir notið góðs af starfsemi prestsins, telur allshn. rétt að leggja til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 337).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Þetta frv. var afgr. ágreiningslaust í Nd., og allshn. þessarar d. leggur óskipt til, að það verði samþ.
Með prestakallalögunum frá 1907 voru Dýrafjarðarþing lögð niður. Prestakallið átti að sameinast Sandaprestakalli, þegar næstu prestaskipti yrðu. Síðan hefir sú breyt. orðið, að vestur að Núpi í Dýrafirði hefir risið upp mjög fjölmennur skóli, og má segja að þar hafi myndazt miðdepill þess héraðs í sambandi við þennan skóla. Séra Sigtryggur Guðlaugsson mun nú verða að fara að láta af embætti fyrir aldurs sakir, og þá hefði þessi breyt. átt að komast á, en það verður að teljast mjög óeðlilegt, síðan þungamiðja héraðsins færðist að Núpi. Við þann fjölmenna og blómlega skóla hefir séra Sigtryggur starfað í fjölda ára, og nú er aðstoðarprestur hans kennari þar, og það mun vera ósk manna þar vestra, að þetta prestakall fái að haldast óbreytt. Ein ástæðan til þess, sem ekki vegur lítið, er sú, að það þykir mikilsvert að hafa prest að Núpi, til þess að geta notið starfskrafta hans við skólann. Það mun vera óhætt að segja, að héraðsskólinn hafi blómgazt vel undir stjórn hins aldna prests að Núpi, og sama er reynslan með hinn unga prest, að hann muni vera góður og nýtur starfsmaður við þann skóla, enda þekki ég hann vel og veit, að það myndi vera mikill skaði fyrir skólann, ef hann missti hans starf.
N. leggur til, að þetta frv. verði samþ. hér óbreytt eins og það var afgr. frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 407).

---

29. Togaraútgerðarnefnd.

Á 23. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál (þmfrv., A. 95).

Á 27. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (JörB): Sakir fráfalls hv. 9. landsk., forseta Sþ., munu störf þessarar deildar falla niður í dag, og er því dagskrármálið hér með tekið af dagskrá. En næsti fundur er ákveðinn á morgun, og verður þá sama mál tekið á dagskrá aftur.

Á 28. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 95, frá okkur hv. þm. V.-Húnv., er flutt hér í hv. d. samkvæmt ákvörðun

Framsfl. og er um skipun n. til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera till. þar að lútandi. Í þessu frv. er svo ákveðið, að í Sþ. skuli kosin með hlutbundinni kosningu 5 manna n. til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar, og sú n. skuli, eins og það er orðað í 1. gr. frv., sérstaklega taka til athugunar, hvort hægt muni að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari en nú er, og á hvern hátt unnt sé að koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa, sem rekin hafa verið með tapi undanfarin ár. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi n. skili niðurstöðum rannsóknar sinnar og þeim till., sem hún, að niðurstöðunum fengnum, vill gera í þessu máli, til ríkisstj., og ef ríkisstj. þykir ástæða til, að þeim tillögum fengnum, að láta rannsaka einstök atriði nánar en gert hefir verið, þá getur hún falið n. þær framkvæmdir. — Til þess að greiða fyrir störfum n. er henni í frv. gefin heimild til að heimta skýrslur af þeim, sem helzt hafa yfir upplýsingum að ráða í þessu máli, og henni er heimilt aðgangur að bókum og skjölum þeirra útgerðarfyrirtækja, sem þetta mál snertir, og lögð á þau skylda til að veita n. slíkar upplýsingar sem þurfa þykir. Þessi heimild er veitt með þeim fyrirvara, að n. sé bundin almennri þagnarskyldu um þau atriði, sem mega teljast einkamál fyrirtækjanna, en hafa ekki almenna þýðingu fyrir árangur þessarar rannsóknar og fyrir þær till., sem eru tilgangurinn með þessu.

Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið, eru að nokkru raktar í grg. frv., og skal ég ekki tala um það efni langt mál. Eins og kunnugt er, hafa frá útgerðarmönnum, og þá einkum togaraútgerðarmönnum, verið uppi óskir um það, að af hálfu ríkisins yrðu gerðar einhverjar ráðstafanir til fjárhagslegrar íhlutunar þess um þessa atvinnugrein. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvílíka þýðingu togaraútgerðin hefir haft fyrir þetta land, hve stór þáttur hún hefir verið í atvinnulífi landsmanna og hve hún hefir skapað mikið verðmæti fyrir landið undanfarinn áratug, og hvílíka möguleika hún hefir á ýmsan hátt skapað fyrir landið. Þegar því frá þessari útgerð berast ákveðnar óskir til ríkisvaldsins um að koma henni til aðstoðar fjárhagslega á einhvern hátt, verður ekki hjá því komizt, að taka þær óskir til athugunar, en ekki er það gerlegt fyrir ríkisstjórnina að verða við þeim óskum af handahófi, heldur verður að álítast sjálfsagður undanfari, áður en um slíkt sé að ræða, að ríkið láti fram fara rannsókn á hag útgerðarinnar, sem þing og stjórn getur á allan hátt byggt á, hvað það er, sem sérstaklega veldur því, að togaraútgerðin virðist eiga svo erfitt uppdráttar við þau skilyrði, sem hún nú hefir, og hvaða leiðir eru vænlegastar til að bæta úr þessu ástandi. Þegar ríkið á í hlut, er sjálfsagt að gera sér samvizkusamlega grein fyrir því, hvort ekki kynnu að vera einhverjar aðrar leiðir, sem fara mætti að einhverju leyti, til að bæta aðstöðuna, önnur en sú, að veita opinberan stuðning. Í þeim tilgangi, að slík vitneskja geti legið fyrir á þann hátt sem eðlilegt er, er frv. þetta flutt.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég hefi rakið efni frv. og ástæðurnar fyrir því í aðalatriðum, og málið að öðru leyti það einfalt, að ég tel ekki þörf á ýtarlegri framsögu fyrir því. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. og er þá að sjálfsögðu tækifæri til að ræða einstök atriði þess nánar við 2. umr., þegar hv. n. hefir haft það til meðferðar og gert sínar athugasemdir við það.

*Ólafur Thors: Það er kunnara mál en svo, að þörf sé að fara um það mörgum orðum hér í hv. d., að hagur útgerðarinnar almennt hér á landi stendur höllum fótum og hefir gert það hin síðustu ár. Þar sem þetta frv. fjallar sérstaklega um rannsókn á hag togaraútgerðarinnar, þykir mér ástæða til að vekja athygli á því, að fyrir hv. ríkisstjórn og ýmsum öðrum hafa legið skýrslur frá útvegsmönnum, sem bera með sér, hvernig rekstur togara hefir gengið hin síðustu ár. Sést þar, að tap meðal togara árið 1936 hefir numið um 70 þús. kr. og 1937 um 50 þús. kr. Slík afkoma, ofan á slæman efnahag, sem fyrir var orðinn, leiðir ekki til neins annars en gjaldþrots og almenns hruns. Af þeim ástæðum hafa útvegsmenn beint þeim óskum til löggjafarvaldsins, að löggjafinn slakaði eitthvað til á þeim þungu gjöldum, sem hann hefir lagt á útveginn og stöðugt þyngjast ár frá ári nú síðari ár. Vil ég í því sambandi, út af orðalagi grg. þessa frv., þar sem segir, að málaleitanir útvegsmanna hafi sérstaklega verið rökstuddar með því, að togaraútgerðin geti ekki borið sig af eigin rammleik, geta þess og leggja áherzlu á, að það er almenn skoðun togaraútgerðarmanna og annara útvegsmanna, að það sé mjög hægur leikur að láta útveginn bera sig, ef ríkisvaldið tæki hann ekki þeim tökum, sem það hefir gert undanfarin ár. Það er eitt fyrir sig, að allur gjaldeyrir er tekinn af útveginum og útveginum skammtað verð fyrir hann, sem ákveðið er af öðru en framboði og eftirspurn. Hv. flm. munu vita, eins vel og ég, að það er skoðun útvegsmanna, að ef þeir fengju að selja sinn gjaldeyri á frjálsum markaði, þá myndu þeir bera nóg úr býtum til, að togararnir væru fjárhagslega arðbærir. Væri lögleitt, að útvegurinn fengi að ráðstafa sjálfur sínum gjaldeyri, þá mundi hann fær um að standa undir sjálfum sér af eigin rammleik, þrátt fyrir auknar álögur. Að þetta hefir ekki verið gert, þrátt fyrir þótt þörfin hafi verið viðurkennd, er af því, að menn veigra sér við að ganga inn á þá braut af ýmsum ástæðum, sem of langt yrði hér upp að telja. Það hefir ekki verið reynt að rannsaka, hve brýn þörf útvegsmanna væri til að fá sinn gjaldeyri greiddan fullu verði, eða hve mikið það myndi hjálpa þeim til að rísa undir rekstrinum af eigin rammleik. Nú er þó, að því er hv. frsm. og flm. telur, ástæða til að athuga, hvers vegna útvegsmenn hafa ekki getað staðið undir rekstri útgerðarinnar. Ekki einungis togaraútgerðin, heldur og vélbátaútgerðin verður nú að fá aðstoð Alþ. Sumsstaðar mun vélbátaútgerðin ekki standa sig betur en togaraútgerðin. Það, sem við löggjafarnir þurfum að horfast í augu við, er það, að útvegsmenn hafa lagt fram skýrslu um, að, að óbreyttum kringumstæðum og núverandi verðgildi gjaldmiðilsins, muni þeir

ekki geta staðizt reksturinn lengur, verði áframhaldandi sama hlutfall milli tilkostnaðar og afraksturs. Við verðum að horfast í augu við það, að svo má þetta ekki til ganga til langframa.

Um þær málaleitanir, sem útvegsmenn hafa borið fram til Alþ., er það að segja, að Alþ. og ríkisstj. hafa synjað um að gera nokkrar ráðstafanir til þess að verða við þessum beiðnum. Enda þótt létt hafi verið af tollum á salti, kolum og olíu, þá koma bara nýir skattar í staðinn. Það er því tekið með annari hendinni, sem gefið er með hinni. Það er þess vegna svo, að útgerðarmenn hafa enn á ný borið fram kvartanir sínar viðvíkjandi skattþunganum og beiðni um, að löggjafinn vilji verða við þeirri augljósu nauðsyn útgerðarinnar, að verða ekki eins þunghentur eins og verið hefir á útgerðinni. Nú má segja, að fyrir þessu liggi nokkuð óyggjandi sannanir, meðal annars í bréfi til stjórnar S. Í. F. til ríkisstjórnarinnar, sem oft hefir verið minnzt á. Þar lýsir stjórn S. Í. F. þeirri skoðun sinni, að ekkert blasi við útflutningnum annað en fyrirsjáanlegt hrun, nema veruleg gangskör sé gerð að því að leiðrétta hlutfallið milli tilkostnaðar og afraksturs. Ég tel því þetta mál liggja skýrt fyrir. Hitt er annað mál, að það er a. m. k. mjög eðlilegt, að þeir hv. þm., sem telja sig ekki geta tekið jafnmikið mark á skýrslu útgerðarmanna eins og ég, vilji, að framkvæmd verði rannsókn á hag útgerðarinnar af þeim mönnum, sem þeir treysta, áður en þeir taka þá ákvörðun að veita útgerðinni þennan skattlétti. Mér finnst þetta eðlileg afstaða, þó að ég ekki telji mig þurfa neinar nýjar sannanir í málinu, áður en ég tek ákvörðun. Ég segi þess vegna, að ég mun fylgja þessu máli. Og ég get upplýst það, sem mönnum mun ekki þykja óeðlilegt, að ég hefi leitað álits útgerðarmanna um málið, og ég held, að ég megi fullyrða, að álit þeirra sé á sama veg. Sannast að segja virðist mér sú skoðun koma fram hjá útvegsmönnum í sambandi við umr. mínar við þá, sem við höfum tjáð bæði sáttasemjara ríkisins,sáttanefndinni, stjórnarvöldunum og bæjarstjórn Reykjavíkur, að við getum ekki haldið áfram nema við fáum ívilnanir frá bæ og ríki. Og við höfum ákveðið að hreyfa ekki skipin, enda þótt við næðum kaupsamningum, nema þessir aðiljar geri einhverjar tilslakanir. Því að gegn okkar láganrdrottnum höfum við enga heimild til að misnota þeirra traust og halda áfram út í voða með útgerðina. Þannig var það okkar skylda að segja betur til, hvar skórinn kreppti. Nú hefir Alþ. kveðið upp með nýjum l. úrskurð um það, að löggjafarvaldið telji svo mikla nauðsyn á því, að útgerðin geti haldið áfram, að nauðsyn beri til að brjóta reglu, sem það að öðru leyti telur sig aðhyllast. Nú skilst mér, að útgerðarmenn vilji taka afleiðingunum af þessu. Ég hefi ekki umboð til að segja, að þetta sé félagssamþykkt, en ég hefi talað við marga útgerðarmenn, og þeir hafa látið í ljós þessa skoðun. Þeir telja, að við verðum að virða þennan þingvilja um leið og við játum okkar getuleysi til að halda áfram rekstrinum, ef ríki og bær taka jafnþungum tökum á okkur. En með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, þykjast útgerðarmenn sjá hilla undir það, að löggjafinn ætli sér að ívilna þeim. Með þessari rannsókn getur ekki verið önnur meining en sú, að ef rannsóknin leiði það í ljós að útgerðin standi sig, eins og af er látið, þá ætli löggjafinn að verða við beiðni útgerðarmanna að einhverju eða öllu leyti. Mér sýnist þess vegna afstaða útvegsmanna eðlileg. Þeir segja sem svo: Við fögnum framkomu þessa frv., af því að með flutningi þess sjáum við hilla undir uppfylling þarfa okkar.

Ég vil svo aðeins að lokum benda á tvö atriði í sambandi við þetta mál. Það er annarsvegar það, hvort ekki þætti rétt að láta fara fram rannsókn á annari útgerð en togaraútgerðinni, þ. e. a. s., ég er að bera fram ósk um, að einnig yrði tekið til athugunar, hvort önnur útgerð þyrfti ekki ívilnana við. Það er ekki rétt með farið, að þessar óskir og kveinstafir, sem Alþ. hafa borizt, séu eingöngu frá stærri útgerðinni. Þar eru einnig bornar fram ýmsar umkvartanir fyrir smáútveginn. — Hitt atriðið er það, að mér skilst, að samkv. frv. sé ekki ætlazt til, að rannsókn fari fram hjá öðrum fyrirtækjum en þeim, sem einstaklingar eða félög reka. Með þessu mundi falla undan rannsókn á bæjarútgerðunum. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé af vangá, og vildi mælast til, að flm. sjálfir hlutuðust til um, að þetta yrði leiðrétt. Ég get vel hugsað mér, að heppilegasta lausn þessa máls væri sú, að það færi til n., en fengi þar tafarlausa afgreiðslu, og gæti svo fengið svo hraða afgreiðslu í þinginu sem l. mæla fyrir.

***Finnur Jónsson:** Ég vil segja nokkur orð um þetta frv. fyrir hönd Alþfl.

Það er nú svo um togaraútgerðina, að í raun og veru þarf ekki sérstaka rannsókn um það, hvort útgerðin beri sig. Það hefir farið fram rannsókn á þessu, sem gerð var fyrir milliþingu mþn. í sjávarútvegsmálum. Sú rannsókn sýndi bágborinn hag útgerðarinnar, og síðan hefir hann ekki batnað. Af þessum ástæðum þarf þess vegna ekki rannsóknar við. Það er vitanlega allt annað mál, hvort útgerðin gæti borið sig með einhverju öðru rekstarfyrirkomulagi en nú er. Ég veit þess vegna, að Alþfl. mundi greiða atkv. með þessu frv. með það fyrir augum, að það yrði einkum rannsóknarefni fyrir n., en ekki hitt, að hún rannsaki það, sem við vitum allir um. Ég get í þessu sambandi bent á frv., sem 2 alþýðuflokksþingmenn, Jón Baldvinsson og Sigurjón Á. Ólafsson, fluttu á þinginu 1937, þar sem gert var ráð fyrir, að ríkissjóður legði fram fé til að koma togaraútgerðinni á heilbrigðan grundvöll. Nú má vel vera, að einhverjar fleiri leiðir séu til í þessu efni heldur en sú leið, sem þar er bent á, en ég er ekki í neinum vafa um, að til þess að koma togaraútgerðinni á heilbrigðan grundvöll, þá þarf að sameina hana miklu meira en gert hefir verið. Það þarf að hafa sameiginleg innkaup og sennilega sameiginlegan rekstur. Hvort það þyrfti að gera í því formi, að það yrði ríkiseign, það skal ég ekki um segja. En það er öllum vitanlegt, að það er ekki hægt að spara það fé, sem þarf, með því að lækka launin. Það er ekki hægt að láta sjómenn bera þann halla, sem er á rekstrinum. Það er hvorki réttlátt né sanngjarnt, og hefst heldur aldrei í gegn. Það er líka vitanlegt, að

hallinn á útgerðinni er það mikill, að hann fæst ekki upp borinn með því að lækka launin. Það, sem þarf að leggja sérstaka áherzlu á í þessari rannsókn, er að athuga, hvernig eldri skuldir útgerðarinnar hafa myndazt. T. d. þurfa menn að vita, hvað mikið hefir myndazt af skuldum af ástæðum, sem útgerðinni eru óviðkomandi. Við þurfum að vita, hvað mikið hefir myndazt af skuldunum fyrir „fiskspekulationir" og ýmislegt annað útgerðinni óviðkomandi. Það er vitað mál, að mikið af skuldum útgerðarinnar hefir myndazt fyrir vitlausar „spekulationir". Það er t. d. ekki annað sýnilegt en að h.f. Kveldúlfur tapi nú í ár milli 7—800 þús. kr. á því að hafa ekki selt síldarlýsið á réttum tíma. En eins og menn vita, er lýsið nú alltaf að falla. Það mun nú vera komið niður í 12-0-0 stp. eða jafnvel lægra. En meðalverð á lýsi síldarverksmiðja ríkisins var 18-13-6 sterlp. Kveldúlfur seldi aðeins ¼ af sínu lýsi fyrir verð, sem kallast má sæmilegt. Hitt hefir hann legið með og beðið eftir, að eitthvað kynni að rætast úr með verðið. Allar aðrar verksmiðjur hafa selt sitt lýsi fyrir sæmilegt verð. Þetta eina skuldugasta fyrirtæki landsins hefir talið sér sæmandi að geyma lýsið í þeirri von, að eitthvert óvænt happ kæmi fyrir. Og happið, sem stjórnendur fyrirtækisins virðast hafa vonazt eftir, hefir ekki verið neitt smáræði, því að það hefði ekkert annað getað frelsað Kveldúlf en Evrópustyrjöld.

Ég skal nú ekki fjölyrða mikið meira um þetta, en ég vil aðeins segja það, að ef þessi rannsókn ætti að leiða til þeirra úrræða, sem hv. þm. G.-K. var að minnast á, sem sé þeirra, að útgerðarmenn fengju gjaldeyrinn í sínar hendur og gætu selt hann á opinberu uppboði til hinnar gjaldeyrisvantandi þjóðar, þá teldi ég, að rannsókn væri betur ógerð. Og ég vildi í þessu sambandi spyrja hæstv. ríkisstj., eða þann hluta hennar, sem hér er viðstaddur, hvort um það væru nokkrir samningar milli Framsfl. og Sjálfstfl., að útgerðarmenn ættu að fá gjaldeyrinn í sínar hendur að lokinni þessari rannsókn. Ég spyr að þessu að gefnu tilefni frá hv. þm. G.-K., af því að hann sagði nokkurn veginn í sama mund, að togaraeigendur, en þar á hann víst við sjálfan sig, sem rekur útgerðina á kostnað þjóðarinnar, sæju með flutningi þessa frv. hilla undir uppfylling þarfa sinna og óska. Þetta gefur mér sérstakt tilefni til að koma fram með þessa fyrirspurn.

Hvað snertir vélbátaútveginn, þá er það rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði um hann, a. m. k. að nokkru leyti. Það eru vissar veiðiaðferðir vélbátaútvegsins, sem ekki bera sig og hafa ekki gert í undanfarin 3—4 ár. Á ég þar við þorskveiðarnar með línu. Og það er sannarlega ekki úr vegi, að n. athugi það nokkuð jafnframt, á hvern hátt væri hægt að bæta úr fyrir smáútgerðinni, til þess að vélbátaútvegurinn þurfi ekki að leggjast niður.

Eins og ég áðan sagði, þá mun Alþfl. að sjálfsögðu greiða atkv. með þessu frv., en sennilega flytja við það nokkrar brtt. Það er áreiðanlegt, að alþýðu manna í landinu væri nokkru meiri trygging í því, að verksvið þessarar nefndar væri ákveðið dálítið nánar í frumvarpinu heldur en gert er.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Eins og hv. þm. N.-Þ. tók fram, þá er þetta frv. flutt að tilhlutan Framsfl. og samkv. flokksamþ. hans. En út af ræðu hv. þm. Ísaf. vildi ég bara segja það, að ég var farinn að verða hræddur um, vegna þess, að hv. þm. G.-K. tók sæmilega í málið, þá ætlaði Alþfl. að verða á móti því, þó að það hafi í raun og veru verið hans áhugamál. En svo heyrði ég, að hv. þm. Ísaf. tók vel í málið, og allir þeir, sem talað hafa, hafa talið sig því fylgjandi. Ég skal taka það skýrt fram, að um þetta mál var hvorki samið við Sjálfstfl. né neina aðra flokka, og hefir ekkert verið um það rætt, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar að lokinni rannsókn þessarar nefndar, svo að hv. þm. Ísaf. getur sofið rólega fyrir þeim hlutum.

Það er öllum vitanlegt, að ástand togaraútgerðarinnar er það mesta vandamál, sem nú er uppi með þjóðinni, og þarf ekki langt að vitna til afleiðinganna af því, því að fyrir tveim dögum var hér á Alþ. mál til meðferðar, sem stafaði af því öngþveiti. Annarsvegar standa sjómenn, sem telja sig hafa of lítinn hlut frá útgerðinni og heimta meira, og hinsvegar standa útgerðarmenn, sem halda því fram, að þeir geti ekki einusinni greitt sama kaupgjald og undanfarið, hvað þá heldur meira, og báðir aðiljar kalla beint eða óbeint á aðgerðir Alþ. í þessu máli, og sjá allir, að hér er mikið vandræðamál að skapast, sem þarf nánari athugunar við, áður en hafizt verður handa, því að það gæti verið verr farið en heima setið, að gera ráðstafanir, sem ekki verða að því gagni, sem menn hafa gert sér vonir um. — Það dregur að sjálfsögðu enginn í efa, að togararnir hafi verið reknir með tapi undanfarin ár, en enda þótt sú staðreynd liggi fyrir, þá er það engin sönnun fyrir því, að útgerðin gæti ekki borið sig undir venjulegum kringumstæðum, því að undanfarin ár hafa verið óvenjulegar kringumstæður, þar sem hvorttveggja hefir skeð í senn, að aflaleysi hefir verið og verðlag mjög lágt á afurðum sjávarútvegsins, og ekkert hækkað á þeim, þó að verðlag hafi yfirleitt farið hækkandi og þannig raskazt hlutfallið milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Þess vegna álít ég, að þótt þetta liggi fyrir sem staðreynd, þá sé það eitt af hlutverkum nefndarinnar að gera sér grein fyrir því, hvort hin íslenzka togaraútgerð sé líkleg til þess að geta borið sig undir venjulegum skilyrðum, þ. e. a. s. með meðalafla og venjulegu hlutfalli milli verðlags sjávarafurðanna og verðlagsins á þeim vörum, sem hún þarf að kaupa til framleiðslunnar. Þetta álít ég, að ekki liggi fyrir, enda þótt fyrir liggi rekstrarniðurstaða áranna 1936—1937. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur maður telji, að t. d. búrekstur geti borið sig hjá bónda, sem ekki hefir lamb undan nema annari hvorri á, sem má heita hliðstætt dæmi við aflabrögð undanfarinna ára.

Þá er annað atriði, sem þarf athugunar við af þessari nefnd, og það eru einstakir kostnaðarliðir útgerðarinnar. Nú eru gerðar kröfur til Alþ. um ívilnanir handa útgerðinni, og hefir sumpart verið orðið við þeim og sumpart ekki. Þegar svo er, þá er ekki nema eðlilegt, eins og hv. frsm. tók fram, að Alþ. eigi þess kost að kynna sér nákvæmlega einstaka kostnaðarliði út-

gerðarinnar, og hvort þar sé gætt þeirrar ráðdeildar, sem krefjast verður sem skilyrði fyrir því, að útgerðinni séu veitt hlunnindi, frá því sem verið hefir. Það eru náttúrlega margir kostnaðarliðir, sem til greina kæmu, þar á meðal kaupgjaldið, sérstaklega þeirra manna, sem hærra eru launaðir, og hvort ekki gætu komið þar til athugunar önnur ráðningarkjör heldur en verið hefir.

Undanfarin ár hefir verulegur hluti togaranna gengið undir hamarinn, og hefir rekstur þeirra skipa gengið með ýmsu móti. Sum hafa gengið til bæjarfélaga og eru rekin af þeim. Sum hafa lent á hendur sjómanna um tíma og verið rekin af þeim með samvinnusniði. Önnur hafa lent á hendur einstakra manna, og með öllu móti hefir þetta gengið. Mikill hluti af togaraflotanum, sem ekki hefir gengið undir hamarinn, er sennilega þannig stæður, að að því hlýtur að draga, að hann fari þessa sömu leið, og þá er það atriði, sem nefndin verður að athuga, hvaða skipulag muni vera heppilegast á rekstri togaranna í framtíðinni. Ég er þess vegna sammála hv. þm. Ísaf. um, að það er ekki einungis það atriði, sem nefndin þarf að taka til athugunar, hvort tap hafi verið undanfarið á rekstri togaranna, heldur einnig einstakir kostnaðarliðir, og hvort möguleikar séu á rekstri án taps framvegis, miðað við venjulegar kringumstæður, og í þriðja lagi, hvort annað skipulag en það, sem verið hefir, henti betur, og hvaða ráðstafanir eigi að gera til þess að koma útgerðinni í það skipulag, sem nefndin kynni að verða sammála um.

Ég vildi aðeins láta þetta sjást í Þingtíðindunum sem minn skilning á hlutverki nefndarinnar, í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram. En ég sé ekki ástæðu til að fara nánar inn á málið við þessa umr., nema þá að sérstakt tilefni gefist til.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Til viðbótar við það, sem hv. þm. Ísaf. hefir nú sagt um þetta mál, vildi ég bæta við nokkrum orðum frá mér og fyrir hönd kjósenda Alþfl.

Það er nú svo, að Alþfl. hefir á undanförnum árum komið með margvíslegar till. viðvíkjandi sjávarútveginum, þar á meðal með till. um rannsókn á sjávarútveginum, áður en fór að halla svo fyrir honum eins og nú er raun á orðin, og hefði verið betra að sú rannsókn hefði þá verið tekin upp. Í frv. því, sem síðastl. vor var flutt í Ed., var gert ráð fyrir rannsókn á togaraútgerðinni og stuðningi við hana. Með því frv. var gefið nokkuð víðtækara vald heldur en er samkvæmt þessu frv., og einnig var gert ráð fyrir sérstakri breyt. á fyrirkomulagi togaraútgerðarinnar, sem að vísu ekki þurfti að binda sig við, heldur frekar sett þar til þess að setja fram ákveðna ósk, sem síðar væri hægt að ræða og athuga nánar. — Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn tóku þessum málum þannig, að þeim var ekki sinnt þá. Og ég hefi lýst því áður í sambandi við annað mál, að mitt álit er, að til þeirrar togaradeilu, er nú stendur yfir, hefði ekki komið, ef farið hefði verið að ráðum alþfl., því að þá væri kominn sá grundvöllur undir togaraútgerðina, sem hún hefði getað byggzt á áfram, en við vitum, að ein af aðalorsökunum til þess, að deilan hefir haldið áfram á þann hátt, sem verið hefir, er sú, að útgerðarmenn togaranna hafa heimtað miklar breyt. viðvíkjandi togaraútgerðinni.

Nú er þetta frv. um rannsókn á togaraútgerðinni komið fram af hálfu Framsfl., og að sjálfsögðu get ég sagt, að sú skoðun, sem bak við það liggur, er rétt. En það verð ég að segja, að mér finnst þetta ekki í samræmi við það, sem Framsfl. hefir áður haldið fram í þessum málum, því að það hefir verið hans skoðun, að í raun og veru ætti Alþ. ekki að láta sig þetta neinu skipta, heldur ættu bankarnir að gera þessi mál upp. Formaður Framsfl. er einmitt í bankaráði, og hefir látið setja sig í það til þess að geta haft afskipti af þessum málum. Hv. þm. V.-Húnv. á nú að vera einhver sérfróðasti maður í rannsókn togaraútgerðar, þar sem hann er eftirlitsmaður bankanna við Kveldúlf, og ég efast ekki um, að hvað snertir það útgerðarfélag, sem náttúrlega er stór liður í togaraútgerð landsins, geti hann gefið á stuttum tíma skjóta og góða skýrslu. Mér finnst, eins og úr þessum málum leysti á vorþinginu og við kosningarnar 1937, að sú eðlilegasta leið fyrir þetta mál hefði verið sú, að bankarnir hefðu gert sínar ákveðnu tillögur um það, sem síðar hefðu komið til Alþ., ef afskipta þess hefði þurft. Að vísu er hægt að fara þessa leið, að byrja frá Alþ. hálfu, en það finnst mér horfa inn á aðra leið en þá, sem þingmeirihlutinn hefir áður aðhyllzt.

Það, sem ég fyrir mitt leyti finn að þessu frv., er, að ekki er gert ráð fyrir neinu nema rannsókninni sjálfri, ekki neinu áframhaldi, en það finnst mér bundið við það, að þessi nefnd, sem skipuð yrði, skili mjög fljótt áliti, helzt á þessu þingi, þannig að það geti gert frekari ráðstafanir. En ef mþn. starfaði í þessu máli, og við skulum segja, að ekki verði neinar nýjar kosningar eða þing næsta haust, þá væri ekki hægt að aðhafast neitt fyrr en eftir heilt ár, en það fyndist mér nokkur seinagangur. — Þá er ekkert sagt um það í frv., hvernig matið skuli fram fara, en auðvitað er hægt að framkvæma það á svipaðan hátt og var í frv. Alþfl. áður, að miða það við viðskiptaverð.

Ég legg áherzlu á það, að nefnd þessi verði ekki notuð til þess að snúa vopnunum aðallega á hendur sjómanna og verkalýðsins, sem við skipin vinna, því að sú stefna virðist nokkuð ofarlega hér á Alþ., að það sem eigi að borga atvinnureksturinn, séu lækkuð laun verkalýðsins, og það er að sjálfsögðu hægt að nota þessa nefnd eins og hvert annað tæki til þess.

Ég geri svo kannske ráð fyrir að koma fram með brtt. við þetta frv., en mun að öðru leyti fylgja því til 2. umr. og n.

Að endingu vil ég svo nota þetta tækifæri til þess að spyrja hv. 2. flm., þm. V.-Húnv., hvort það hafi verið með hans ráðum gert sem eftirlitsmanns við h.f. Kveldúlf, að lýsið hefir ekki verið selt á þeim tíma, sem hægt var að fá sæmilegt verð fyrir það.

*__Ólafur Thors:__ Ég þarf ekki að tala langt mál út af því, sem fram hefir komið, frá því að ég flutti mína fyrri ræðu. Ég ætla þó að víkja nokkr-

um orðum að ræðu hv. þm. Ísaf. — Hann taldi, að hér þyrfti engrar rannsóknar við, vegna þess að menn vissu um afkomu sjávarútvegsins, og er þetta að vissu leyti það sama sjónarmið og ég setti fram áðan frá mínu eigin brjósti. Ég veit um afkomuna, og veit, að hún er bág, og mér þykir eðlilegt, að þessi hv. þm. telji ekki þurfa að láta rannsaka hjá sér, því að jafnilla sem það fyrirtæki hefir gengið, sem ég er við riðinn, þá hefir hans fyrirtæki, Hávarður Ísfirðingur, gengið verr. Það hefir í raun og veru tvisvar orðið gjaldþrota undir stjórn þessa hv. þm. Það er að vísu í aðalatriðunum ekki honum að kenna, eftir því sem ég veit bezt, því að það gengur náttúrlega það sama yfir hann eins og aðra, að tímarnir eru erfiðir. En það hlýtur að vera af alveg sérstaklega bágri afkomu, að einmitt þetta skip hefir haft stytztan veiðitíma allra togara, sem ég veit um. Ég held, að það hafi ekki farið nema 1—2 ístúra, á meðan margir togarar hafa farið 3—4 og jafnvel 5. Ég segi, að það hljóti að vera af sérstaklega bágri fjárhagsafkomu, en ekki af illvilja gegn verkalýðnum, að þessi togari er bundinn, á meðan aðrir ganga. Ég get vel skilið, að þessi hv. þm. áliti, að vegna hans og mín þurfi ekki neina rannsókn, og ég álít í raun og veru, að málið liggi það opið fyrir, að menn ættu almennt að geta gert sér grein fyrir því, en náttúrlega er það ekki á mínu færi að skipa mönnum að hafa þekkingu í þessum efnum. Ef þeir telja þörf á frekari rannsókn, þá verð ég að beygja mig undir það sem eðlilegt sjónarmið frá þeirra hálfu, sem ekki hafa sama kunnugleikann á þessum málum eins og ég og hv. þm. Ísaf.

Hitt var náttúrlega ekkert óvenjulegt, að rétt um það bil, sem hv. þm. Ísaf. var að ljúka við þá staðhæfingu sína, að hér þyrfti engrar rannsóknar við, þá féllu þau orð hjá honum, að rannsaka þyrfti aftur í fortíðina, hvernig rekstur togaranna hefði verið, og hvort ekki mætti leiða í ljós, að bágur fjárhagur togarafélaganna stafaði að einhverju leyti af því, að fé hefði verið dregið út úr útgerðinni og varið til einhvers annars. Þetta kemur mér ekkert á óvart, hvorki þessi árekstur í hugsun, sem þarna kemur fram, né heldur hitt, að þessi hv. þm. getur illa um þessi mál talað, þannig að innræti hans ráði ekki öllum hans málflutningi. Og það er sannarlega tæplega samboðið öðrum en allra auðvirðilegustu mannskepnu að vera á Alþ. að bera fram árásir á eitt útgerðarfélag fyrir það að hafa ekki selt sína framleiðsluvöru, þegar það var hann sjálfur, sem einna mest var því valdandi, að þetta félag gat ekki selt sína vöru á þeim tíma, sem aðrir seldu sína. Það er öllum vitanlegt, að í febr.—marz ríkti hátt verð á heimsmarkaðinum fyrir lýsi, þannig að það var hægt að selja fyrirfram fyrir £ 21 og jafnvel £ 22, eins og h.f. Alliance fékk. Ég veit ekki fyrir hvað ríkisverksmiðjurnar seldu, en ég veit, að þær fengu £ 21 þennan sama dag og Alliance fékk £ 22. Hvar þetta eina pund, sem á milli ber, er, veit ég ekki. En h.f. Kveldúlfur gat ekki notað þennan markað, því að um þetta leyti hafði fyrrv. atvmrh. neitað að standa við gefið fyrirheit um það, að Kveldúlfur mætti byggja verksmiðju á Hjalteyri, enda þótt þá væri vitanlegt, að félagið væri búið að útvega lán til þess. Ef Kveldúlfur undir þessum kringumstæðum, jafnframt því að fyrir þinginu lá frv. um að gera félagið gjaldþrota, hefði selt fyrirfram við þessu aðgengilega verði, og ef svo frv. hefði orðið að lögum og „vinir alþýðunnar" þannig skaðað landið um 2—3 millj. í gjaldeyri og verkalýðinn um 1—2 millj. vinnukaup, þá hefði ekkert annað blasað við forstjórum félagsins heldur en fangelsi. Það var vitanlega hegningarvert athæfi, ef við forstjórarnir hefðum á þessu stigi málsins selt lýsi úr verksmiðju, sem ekki lá fyrir leyfi til þess að byggja, heldur þvert á móti neitun, og jafnframt lá fyrir þinginu frv. um að gera fyrirtækið gjaldþrota. Þegar svo þessi maður, ásamt hv. 3. þm. Reykv., ásakar Kveldúlf fyrir að hafa með spekulationstilhneigingu sinni látið undir höfuð leggjast að selja, þá kemur það sannarlega úr hörðustu átt. Nú veit hv. þm. það, að rétt á eftir féll verðið, og aldrei, eftir að Kveldúlfur fékk leyfi til þess að byggja verksmiðjuna, fékkst £ 22, aldrei £ 21, og aldrei hærra en £ 19, og þegar það var hægt, gat heldur ekki hv. þm. Ísaf. náð því verði, hann gat aðeins náð £ 18. Mér er kunnugt um þetta vegna þess, að þegar ég átti tal við fyrrv. atvmrh. og bað um leyfi til þess að selja til Þýzkalands, þá sagði hann, að ekki gæti verið, að ég gæti fengið £ 19, vegna þess, að sér væri persónlega kunnugt um það, að hæsta verðið væri £ 18, og hafði hann það eftir hv. þm. Ísaf. Það er alltaf þetta eina pund, sem á milli ber; þessi hv. þm. fær alltaf einu pundi lægra heldur en allir aðrir. Þegar svo Kveldúlfur seldi fyrir £ 19 þriðjunginn af sinni framleiðslu, þá var spekulationstilhneigingin hjá þessum hv. þm. svo sterk, að atvmrh. tjáði mér að enginn annar en Kveldúlfur vildi sæta þessu verði. Hverjum dettur í hug, að fyrrv. atvmrh. hefði afhent Kveldúlfi einum réttinn til þess að selja til Þýzkalands, ef hv. þm. Ísaf. f. h. ríkisverksmiðjanna hefði að einhverju leyti viljað sæta þessum kjörum. Nei, spekulationstilhneigingin hjá okkur var ekki sterkari en svo, að strax og við fengum viðunandi tilboð, seldum við, þó að engir aðrir hér á landi fengjust til þess að sinna því, og sízt af öllu það fyrirtæki, sem hv. þm. Ísaf. stjórnar. Eftir þetta fór svo verðið fallandi. Ég viðurkenni, að Kveldúlfur hefði getað selt a. m. k. 1500—2000 tonn einu sinni á £ 15, en það er vonandi ekki hægt að kalla það óheyrilega spekulationstilhneigingu, þó að menn séu ekki ákaflega ginnkeyptir til að selja fyrir £ 15, þegar aðrir hafa fengið £ 21—£ 22, enda þótt verðið sé fallandi. Það er eðlilegt, að menn reyni að bíða og sjá, hvort það haldi áfram að falla. Þó að öðrum hv. þm. ef til vill finnist það ekki eðlilegt, þá ætti hv. þm. Ísaf. að geta skilið þetta, því að sjálfur lá hann með talsvert lýsi óselt, meðan við seldum fyrir £ 19 og meðan verðið féll ofan í £ 15, og hann hélt áfram að liggja með vörur ríkisverksmiðjanna, þangað til verðið var komið niður fyrir £ 13, því að hann seldi fyrir £ 12-15-0, eftir því sem ég bezt veit. En nú segir þessi hv. þm., að forstjórar Kveldúlfs hafi gerzt sekir um það glæpsamlega athæfi, að bíða með sölu sinnar vöru, í þeirri von, að heimsstyrjöld brytist út. Var það þess vegna, að hv. þm. lá með

lýsi ríkisverksmiðjanna, þangað til það var komið niður í £ 12-15-0, að hann var að vonast eftir heimsstyrjöld? Hv. þm. verður að svara þessu annaðhvort játandi eða neitandi. Ég mundi svara því neitandi og viðurkenna, að hann, eins og fleiri, hefðu gert sér vonir um, að vara, sem í febr.-marz var £ 22 virði, héldi ekki endilega áfram að falla, þangað til hún væri komin niður í £ 12—£ 13, einkum þar sem það liggur fyrir, að sú vara, sem aðallega keppir við þessa vöru, hvallýsið, kostar framleiðendurna það mikið, að þeir a. m. k. standa sig illa við að selja hana á £ 13.

Hér liggur því málið þannig fyrir, að sá maður, sem öðrum fremur veldur því, að Kveldúlfur gat ekki selt sitt lýsi, ræðst á félagið fyrir að hafa ekki gert það og kallar það óleyfilega spekulation. Og í þessari óbilgirni gengur hann það langt, að hann gerir félaginu þær getsakir, að það *hafi legið með vöruna í von um heimsstyrjöld*, sem að hans dómi var það eina, sem gat bjargað við verðinu. En jafnframt er þessi maður staðinn að því, að hafa sjálfur legið með vöru ríkisverksmiðjanna, þangað til verðið var komið ofan í £ 12-15-0. Ég veit, að allir aðrir þm. en þessi mundu fyrirverða sig fyrir *slíka framkomu*, en ég efast um, að hann geri það. — Nú vil ég hinsvegar hryggja hv. þm. Ísaf. með því, að engar líkur eru til, að tap Kveldúlfs verði svona hræðilega mikið eins og hann heldur, ef gert er ráð fyrir, að sæmilegt verð fáist á því, sem félagið á nú óselt. Ég geri ráð fyrir, að það sé nú búið að selja fram undir ⅔ af sínu lýsi, og að meðaltalsverðið á því sé £ 16½. Þetta er náttúrlega leiðinlegt fyrir hv. þm., en það verður ekki hjá því komizt, að aðrir fái alltaf hærra en hann, hvað sem af mismuninum kann að verða.

Ég álít, að þetta lýsistal allt hafi ekki átt beint erindi inn í þessar umr. En mér fannst rétt að nota þetta tækifæri hér á þingi til þess í eitt skipti fyrir öll að knésetja þennan mann. Það er ekki rétt að láta honum bótalaust haldast uppi þessi endurtekna, rakalausa illkvittni. Það, sem fyrst og fremst þarf að rannsaka, ef mönnum þykir rannsóknar við þurfa, er auðvitað ekki það, sem þessi þm. er að tala um, þ. e. a. s. hvað verið hefir um togaraútgerðina á 15—20 árum, heldur hvernig hag hennar er komið nú í dag og hvaða líkur eru til, að togararnir geti haldið áfram veiðum án taprekstrar.

Það er vegna vankunnáttu hv. þm., að hann heldur fram, að togaraeigendur hafi ekki samtök með sér um sölur. Það er samsala salan á fiskinum, sem veiðist á togurunum. Og togaraeigendur hafa samtök um kaup á veiðarfærum. Útgerðarmenn hafa einnig komið sér upp lýsishreinsunarstöð, þar sem lýsið er kaldhreinsað, og þeir hafa sameign á stöðinni og samsölu á lýsinu.

En það er annað, sem þessi hv. þm. veit, að *hans fyrirtæki hefir tapað svo verulega*, að það sér sér ekki annað fært en að láta sinn togara vera bundinn í höfn.Því hefir verið gefið eftir af skuldum 95%, en það hefir greitt 5% af sínum skuldum. Við erum allir seinheppnir í framkvæmdum okkar, útvegsmennirnir, nú sem stendur. Tímarnir eru á móti okkur. *En ég hygg*, að þessi hv. þm. sé þó langóheppnastur. Vegna óheppninnar í útvegsmálum má ekki á hann deila. En á hann má deila fyrir annað frekar — það, að öllum öðrum tekst að fá pundi hærra fyrir það, sem þeir selja af lýsi.

Ég get svo staðfest það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að um þetta mál, sem hér liggur fyrir, hafa engir samningar farið fram milli Sjálfstfl. og Framsfl., hvorki fyrir eða eftir að frv. er komið fram.

***Ísleifur Högnason**: Frv. það, sem Framsfl. og Sjálfstfl. knúðu hér í gegn fyrir tveimur dögum, er ekki til neinnar frambúðar sem lausn togaraútgerðarmálsins. Við kommúnistar erum þess vegna fylgjandi því, að þessi rannsókn fari fram, sem hér er till. um af hálfu Framsfl. Og við viljum líka, eins og hv. þm. G.-K., hraða þessari rannsókn, til þess að ekki komi til þess, að togararnir stöðvist aftur eftir eins eða tveggja mánaða veiðar, ef ekki er hafin umskipulagning útgerðarinnar að einhverju leyti. Færeyingar hafa keypt togara af Bretum og borgað þá með um 120 þús. kr., og hafa gert þá út hér við land með góðum árangri, þar sem okkar togarar skila *misjafnlega góðum árangri*.

Því miður veit ég ekki sjálfur, hvernig hagur einstakra togara hér er. En eftir upplýsingum frá mönnum, sem þessum málum eru kunnugir, veit ég það sannast í málinu, að 200—300 þús. kr. skuld hvíli á hverjum togara og kannske allt upp í 500 þús. kr. Og það er álit kunnugra, að afskrifa þurfi mikið niður þessar skuldir, sem á togurunum hvíla. Vextir af skuldum meðaltogara eru um 13500 kr. Ef þessir togarar væru seldir við markaðsverði með þeim skuldum, sem á þeim hvíla, þá eru þeir ekki nema 60—100 þús. kr. virði. Vegna þungra vaxtagreiðslna af skuldum hlýtur fyrst og fremst að leiða það, að rekstur togaranna er ekki arðbær.

Í öðru lagi er launafyrirkomulag yfirmanna á togurunum alveg óhæft með öllu. Skipstjóralaun á togurunum miðast við brúttóverð aflans, sem ekki mun tíðkast annarsstaðar. Stundum fá þeir 20 þús. kr. á ári, þó að rekstur togaranna svari kannske ekki kostnaði. Ef stjórnin gerir eitthvað í þessu máli, ætti það fyrst og fremst að vera það að koma því til vegar, að rekstur togaranna gangi ekki þannig, að kaup verkamanna verði pínt niður vegna óreiðu í rekstri togaranna í öðrum greinum. Æskilegt væri, að þm. fengju sem fyrst skýrslur frá bönkunum um það, hvaða togarar skulda þar mest og hvernig rekstrarreikningar og efnahagsreikningar viðkomandi togaraútgerðarfélaga eru, eins og nú standa sakir. Það mundi hjálpa til þess, að málið fái framgang á þessu þingi, ef hv. þm. fá ljósa vitneskju um það, hvaða fyrirkomulags til skyldi taka um rekstur togara framvegis. Það væri æskilegt, að n. sú, sem skipuð verður um þetta mál, gæti skilað fljótt áliti, og ætti þá að vera hægt á þessu þingi að gera ráðstafanir til þess, að togaraútgerðin stöðvist ekki á þessari vertíð. Þegar tekið er tillit til þess, að síldarverðið verður í sumar vafalaust miklu lægra heldur en í fyrra, a. m. k. ekki hærra en 4—5 kr. málið, og jafnframt tekið tillit til skulda togaranna, þá er enginn vafi á því, að það kemur til með að verða

sama stöðvun á útgerðinni, þegar síldarvertíðin byrjar í sumar, eins og nú á sér stað um togaraútgerðina, ef ekki verður búið að koma þeirri útgerð á heilbrigðari grundvöll en verið hefir.

*Finnur Jónsson: Hv. þm. G.-K. hefir nú verið að reyna að draga athygli hv. þm. frá því mikla hneyksli, að hans spákaupmennska og annara Kveldúlfsmanna í sölu síldarlýsis í sumar hefir valdið Landsbankanum og um leið allri þjóðinni mjög miklum skaða. Þegar ég minnist á þetta hneyksli, reynir hann að læða því inn hjá hv. þm., að ég dragi til mín eitt sterlingspund af hverju lýsistonni hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Og hann hefir verið að leika sér að því að benda á, að í vetur, þegar salan fór fram á lýsi síldarverksmiðja ríkisins, þá hafi önnur síldarverksmiðja selt fyrir einu pundi hærra verð sitt lýsi. Nú segir hv. þm. G.-K. rangt frá því, að salan hafi farið fram í marz, því að hún fór fram, ef ég man rétt, í janúar. Og á þessum sama degi seldu allar íslenzku síldarverksmiðjurnar sitt lýsi gegnum umboðsmenn í Noregi. Umboðsmaður síldarverksmiðja ríkisins í Noregi er sá maður, sem Sveinn Benediktsson og sjálfstæðismenn lögðu til á sínum tíma, að yrði ráðinn þar umboðsmaður og framsóknarmenn höfðu ákaflega mikinn ýmigust á, að yrði tekinn í staðinn fyrir umboðsmanninn, sem þar var áður. Þessi maður selur fyrir síldarverksmiðjur ríkisins eingöngu, þannig að það er annar umboðsmaður fyrir þær heldur en allar hinar íslenzku síldarverksmiðjurnar. Og salan fer fram á öllu lýsinu, verksmiðjunnar á Djúpuvík, verksmiðjunnar á Seyðisfirði, verksmiðjunnar á Norðfirði, verksmiðjunnar á Dagverðareyri og síldarverksmiðja ríkisins, á þessum sama degi í jan. Og það selur enginn þessara verksmiðja fyrir £ 22 tonnið nema Djúpuvíkurverksmiðjan. Og allir þeir, sem seldu lýsi á þessum sama degi í janúar — en ekki í marz — þeir seldu gegnum sama firmað í Noregi, og engin verksmiðja fékk £ 22 fyrir lýsistonnið, nema Djúpuvíkurverksmiðjan. Og meira að segja var forstjóri síldarverksmiðjunnar á Dagverðareyri í Noregi á þessum sama tíma, er salan fór fram, og leitaðist fyrir um, að hann kæmi lýsi þeirrar verksmiðju í þessa sölu í Noregi, og fékk það. M. ö. o. þessi £ 22 sala á þessum tíma í Noregi er eina 22 punda salan, sem fór fram. Allar hinar verksmiðjurnar seldu sitt lýsi fyrir £ 21 tonnið. Og ég skal segja það, sem hv. þm. G.-K. getur tekið sér til inntekta fyrir sinn tíma, að ef sleppt hefði verið þessari sölu þennan dag, þá hefðu síldarverksmiðjur ríkisins ekki getað borgað 8 kr. fyrir síldarmálið á síðasta sumri eins og þær gerðu. Slíkt er alveg útilokað.

Nú er fjarri því, að ég hafi ráðið umboðsmann fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. Þessi umboðsmaður var ráðinn fyrir till. Sveins Benediktssonar, sem hafði álitið, að ekki væri heppilegt að hafa einn umboðsmann fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. Og nú hefir verið ákveðið af Þormóði Eyjólfssyni að halda þessum umboðsmanni áfram fyrir verksmiðjurnar, svo að það litur ekki út fyrir, að hann hafi gert neitt af sér gagnvart síldarverksmiðjum ríkisins, er réttlæti það að taka af honum umboð hans.

Hv. þm. G.-K. segir, að ég og hv. 3. þm. Reykv. höfum komið í veg fyrir, að Kveldúlfur seldi sitt lýsi fyrirfram, og yfir höfuð seldi sitt síldarlýsi með sæmilegu verði, með því að flytja frv. í marz í fyrra um, að gera skyldi h.f. Kveldúlf gjaldþrota. Nú vildi ég spyrja þennan hv. þm., hvernig hann vill koma því heim og saman, að við höfum komið í veg fyrir möguleika fyrir sölu, sem átti að fara fram í janúar, með því að flytja frv. þetta í marz. Ég hefði gaman af, að hv. þm. útskýrði þetta fyrir hv. þdm. Nú getur vel verið, að hv. þm. G.-K. svari því, að Kveldúlfur hafi ekki verið búinn að fá leyfi á þessum tíma til að reisa sína verksmiðju. En Kveldúlfur átti þá þó alltaf Hesteyrarverksmiðjuna. Og hvað var það, sem hélt Kveldúlfi til baka með að selja Hesteyrarlýsið í janúar, þar sem það var hægt að selja án leyfis fyrir nýrri verksmiðjubyggingu? Það var ekkert annað en það, að forstjórar Kveldúlfs héldu því fram, og sögðu það reyndar á fundi í stjórnarráðinu, þegar talað var um samninga við Þýzkaland, að það væri bláber vitleysa að selja lýsið fyrir £ 21 tonnið, af því að það mundi fara upp í £ 25 tonnið. Þessi smákaupmennska þeirra kom fram í janúar, og þess vegna var það, að þeim datt ekki í hug að selja Hesteyrarlýsið þá, sem var undir þeirra umsjón að öllu leyti. Það bar vott um það virðingarleysi, sem þessi hv. þm. ber gagnvart Alþingi, að hann skuli leyfa sér að koma fram með aðrar eins rökvillur og ósannindi og hann ber fram fyrir hv. þd. í þessu máli. Og það er með þennan málflutning hans eins og allt annað, sem frá honum kemur, að hann hrekkur í sundur eins og hver annar blekkingavefur þessa hv. þm.

Ég hefi hér fyrir framan mig lista frá atvinnumálaráðuneytinu yfir þær lýssissölur, sem fram hafa farið á síðastl. ári. Þar stendur m. a., að 20. júlí hafi Kveldúlfur fengið útflutningsleyfi fyrir 1350 tonnum af síldarlýsi fyrir £18-5-0 til £18-10-0. Þetta er lýsið, sem hv. þm. G.-K. segist hafa selt fyrir £19-0-0 tonnið. Af hverju stafar þessi verðmunur? Hefir hv. þm. skýrt stjórnarráðinu rangt frá um það verð, sem hann hefir fengið fyrir lýsið, eða skýrir hann hv. þd. nú rangt frá um þetta? Nú stóð svo á, að h.f. Kveldúlfur þurfti að fá útflutningsleyfi fyrir dálitlu meiru en þessu, og fékk hann þá útflutningsleyfi til viðbótar fyrir 250 tonnum á £ 19-0-0 pr. tonn. Ég skal ekkert segja um, í hverju þetta liggur. En ég hygg, að þetta liggi í því — og hv. þm. G.-K. getur leiðrétt það, ef það er ekki rétt —, að h.f. Kveldúlfur hafi verið að reyna að selja lýsið á frjálsum markaði á þessum tíma og alls ekki getað fengið fyrir það meira en £ 18-5-0, en að það hafi verið hægt að selja lýsið á £ 19-0-0 í Þýzkalandi. En í sumar var hægt að fá fyrir lýsið pundi meira í Þýzkalandi heldur en á frjálsum markaði á sama tíma.

Það sést hér ennfremur á þessum lista, að 29. júlí er sótt um leyfi f. h. Kveldúlfs til að selja um 120 tonn af lýsi fyrir £ 18-5-0. Ægir selur á sama tíma fyrir £ 18-5-0 í frjálsum gjaldeyri. Þetta sýnir, að hv. þm. G.-K. fer með blekkingar að því leyti, að hann lætur þess ógetið, að það er föst regla, að það er hægt að fá um einu pundi hærra verð fyrir lýsistonnið í Þýzkalandi held-

ur en hægt er að fá fyrir það á frjálsum markaði.

Lýsissölur á þessu síðastl. sumri fara heldur fallandi. Eftir þessum lista, sem hér liggur fyrir framan mig, hefir lýsisverðið verið í ágúst £ 18-5-0 pr. tonn, sennilega á frjálsum markaði, en £ 19-0-0 til Þýzkalands. Svo hefir það farið fallandi eftir því sem á leið sumarið, og m. a. eru seld hér frá einni verksmiðju í september 150 tonn lýsis á £ 16-0-0 pr. tonn.

Ég skal geta þess, að að sjálfsögðu leituðu síldarverksmiðjur ríkisins fyrir sér áður en þær fóru út í nýja sölu, eftir að þær höfðu uppfyllt þann stóra fyrirframsamning um lýsissölu, sem þær höfðu gert. Og lýsissalan frá þeim fer því ekki fram fyrr en í september; þá fyrir £ 18-0-0. Næsta sala er 8. september á £ 17-0-0. Og ennfremur fer fram sala í október á £ 17-15-0; og í desember er verðið komið niður í £ 15-10-0 pr. tonn. Í desember urðu skipti á mönnum í stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Hefi ég verið þar í minni hl. frá áramótum og ráðið þar engu um úrslit mála. Ég skal þó geta þess, að síldarverksmiðjur ríkisins áttu ekki óselt um áramótin nema um 2600 tonn af lýsi, af um 12000 tonnum, sem þær framleiddu alls á árinu. Hinsvegar átti h.f. Kveldúlfur um 4500 tonn, af um 6000 tonnum, sem hann framleiddi af lýsi á árinu, óselt um áramót síðastl. M. ö. o. stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefir kappkostað allan tímann að reyna að selja lýsið fyrir hæsta verð, sem mögulegt hefir verið að fá, í stað þess að h.f. Kveldúlfur hefir kappkostað að liggja með sitt lýsi óselt í von um, að það hækkaði í verði. Ég hygg, að þessi listi frá atvinnumálaráðuneytinu, sem ég veit, að hv. þm. G.-K. hefir haft aðgang að, sannar það hverjum manni, að það söluverð, sem síldarverksmiðjur ríkisins hafa selt sitt lýsi fyrir á hverjum tíma, er fyllilega sambærilegt við það verð, sem aðrar verksmiðjur hafa fengið.

Viðvíkjandi mjölsölunni skal ég taka það fram sérstaklega, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins fékk atvmrh. til þess í sumar að setja lágmarksverð á mjölið til sölu út úr landinu, sem varð m. a. til þess, að h.f. Kveldúlfur á sínum tíma gat ekki sett mjölverðið niður, þó að hann reyndi það. Mér er kunnugt um það, að h.f. Kveldúlfur sótti á vissum tíma í sumar um útflutningsleyfi á mjöli fyrir 10 shillings lægra verð heldur en síldarverksmiðjur ríkisins seldu fyrir. Og fyrir mitt tilstilli var slíkt leyfi ekki veitt. Og hv. þm. G.-K. ætti því að vera mér þakklátur fyrir það, að ég og við í stjórn síldarverksmiðja ríkisins höfum bjargað ekki svo fáum pundum handa Kveldúlfi, m. a. með því að halda uppi mjölverðinu í sumar. Það mætti því ekki minna vera í staðinn en að hann skýrði rétt frá þeim tölum, sem eru á þeim lista yfir lýsissölur frá atvinnumálaráðuneytinu, sem ég gat um áðan og ég held, að liggi þarna á borðinu fyrir framan hann, en láti vera að fara með þær lygar hér frammi fyrir þingheimi, að söluverðið á lýsi frá síldarverksmiðjum ríkisins á síðastl. ári hafi allajafna verið einu pundi lægra heldur en hjá öðrum síldarverksmiðjum hér á landi. Og þar sem ég veit, að hv. þm. G.-K. hefir þennan sölulista í höndum, skora ég á hann að sanna þær tölur, sem hann fór með hér áðan, eða heita svo lítill maður sem hann er.

Ég verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að ég hefi farið mjög náið í þetta mál. En ég hefi haft fullt tilefni til þess vegna ræðu hv. þm. G.-K. Það sýnir betur en nokkuð annað, hve málstaður þessa hv. þm. er gersamlega rangur, að honum og hans meðstjórnendum í Kveldúlfi datt ekki í hug að selja lýsi Hesteyrarverksmiðjunnar í janúar, þegar allar aðrar síldarverksmiðjur seldu sitt lýsi. Það var þó tveim mánuðum áður en frv. um uppgjör Kveldúlfs var borið fram. Ég get bætt því við, að allt lýsi, sem er selt, er selt með þeim fyrirvara, að það verði framleitt. Ef svo stendur á, að lýsið er ekki framleitt, falla sölusamningar úr gildi án skaðabóta. Þetta og svo hitt, að Kveldúlfsmönnum datt ekki í hug að selja lýsi Hjalteyrarverksmiðjunnar, sýnir, hve haldlítil rök hv. þm. G.-K. eru.

Hv. þm. G.-K. kom dálítið inn á, að ég væri forstjóri eins útgerðarfélags, og þess útgerðartími hefði verið stuttur. Hann var það kannske árið 1937, en 1936 var hann lengri en flestra annara, og í fullu meðallagi 1937. Um fyrirtækið að öðru leyti er það vitað, að togari þess, Hávarður Ísfirðingur, var keyptur í atvinnubótaskyni, og einmitt á þeim tíma, þegar allir togarar byrjuðu að tapa. Það væri því undarlegt, ef hann einn allra gæti sýnt ágóða. Auk þess höfum við fiskað *illa, en þó er afkoman sú, að það er ekki* meðaltap á fyrirtækinu árin 1936 og 1937. (ÓTh: Hvað sýna reikningarnir?). Reikningarnir sýna 100 þús. kr. tap samanlagt árin 1936 og 1937, en hv. þm. G.-K. hefir sagt, að meðaltap togara sé samanlagt 120 þús. kr. Veit ég vel, að í samanburði við allt fleipurshjal hv. þm. G.-K. um þessa hluti munar ekki mikið um 20 þús. kr., en ef reiknað er í prósentum, munar það nokkru.

Um útgerð þessa fyrirtækis er það að segja, að það var lagt fram hlutafé, þegar það hóf göngu sína, og nú þurfti enn að leggja fram fé. Ég hefi ekki álitið þær kröfur óeðlilegar. Ég veit, að það er ekki hægt að gera þær kröfur til Landsbankans, að hann haldi úti skuldugum fyrirtækjum ár eftir ár. Féð, sem lagt var í Hávarð Ísfirðing árið 1936, var tapað. Kveldúlfur mun hafa lagt fram eitthvert fé árið 1937 líka. Það er allt margtapað nú, en ég hefi ekki heyrt, að þær kröfur hafi verið gerðar til Kveldúlfs, eins og til Hávarðs Ísfirðings, að lagt yrði fram nýtt fé. Það væri gaman, að hv. þm. G.-K., sem er bankaráðsmaður, skýrði frá því, hvernig réttlætið er í Landsbankanum í þessum sökum. Hvort gerðar séu sömu kröfur til smáfélaga, sem stofnuð eru í atvinnubótaskyni, og til Kveldúlfs? Hvort það er heimtað af Kveldúlfi, að hann leggi fram nýtt fé nú? Eins og ég sagði áðan, fannst mér þetta eðlileg krafa frá Landsbankanum, en það væri líka fróðlegt að vita, hvaða kröfur eru gerðar til Kveldúlfs.

Hv. þm. G.-K. var að hrósa happi yfir því, að meðalverð á lýsi mundi hækka við það, að hann seldi 2000 tn. nýlega fyrir £ 14-10-0. Jú, það hækkar meðalverðið um 80 þús. kr. Og enn vantar 700 þús. kr. til þess, að Kveldúlfur nái sama meðalverði og síldarverksmiðjur ríkisins. Það er engin furða, þó að hv. þm. sé hreykinn.

Við skulum segja, að striðshorfur verði áfram og létti undir með Kveldúlfi, svo að hann innan skamms nái sama verði fyrir þau 2500 tonn, sem eftir eru, en það munar þó ekki á meðalverðinu meiru en 100 þús. kr. Það er ekki nóg, að það séu striðshorfur, það þarf blátt áfram að brjótast út heimsstyrjöld, til þess að meðalverð Kveldúlfs sé ekki alltaf um ½ millj. kr. lægra en hjá síldarverksmiðjum ríkisins.

Ég vil segja, að það eru alveg ólíkar ástæður, sem ráða því, að ég og hv. þm. G.-K. ætluðum að greiða atkv. með frv. áðan. Ég vildi gera það í von um, að loks opnuðust augu Framsfl. fyrir því, að kröfur Alþfl. 1937 um, að togaraútgerðinni yrði komið á heppilegri rekstrargrundvöll, hafa verið á rökum reistar. Ég vildi gera það í þeirri von, að komið yrði einhverju því skipulagi á atvinnureksturinn, að hann megi halda áfram til blessunar fyrir fólkið í landinu. Hv. þm. G.-K. hefir hinsvegar lýst yfir því, að hann vildi vera með frv. af því, að honum sýndist hilla undir uppfyllingu þarfa sinna og Kveldúlfsmanna. *En hverjar eru þær? Ég þarf ekki að* lýsa því. Allir vita, að þær eru allt aðrar en þarfir almennings.

Ég vona, þó að í bili sé slitið stjórnarsamvinnu milli Alþfl. og Framsfl., að Framsfl. beri gæfu til þess að koma rekstri togaraútgerðarinnar á heilbrigðan grundvöll fyrir alþýðu manna, hvað sem líður þörfum Kveldúlfs.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það kom fram hjá hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv., að í fyrra hefði legið fyrir frv. í Ed. af hálfu Alþfl. um rannsókn á rekstri togaraútgerðarinnar, sem Framsfl. hefði verið á móti, og fannst því hv. 3. þm. Reykv. vera hér um stefnubreyt. að ræða hjá Framsfl. Ég vil taka það fram, að í þessu frv. í fyrra var ekki einungis um rannsókn á rekstrinum að ræða, heldur var um leið ákveðið um framtíðarskipulag togaraútgerðarinnar yfirleitt, og það var aðeins af þeirri ástæðu, að Framsfl. var á móti frv. Hér er því ekki um að ræða neina stefnubreyt. Ég vil líka benda hv. þm. á, að nú er nokkuð annað viðhorf en áður gagnvart þessum málum, þar sem útgerðarmenn hafa snúið sér til Alþingis og leitað ásjár þess til bjargar atvinnurekstrinum. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að í þessu væri líka um stefnubreyt. að ræða hjá Framsfl. Áður hefði hann sagt, að togaraútgerðin kæmi Alþingi ekkert við, heldur bara bönkunum. Þessu hefir Framsfl. aldrei haldið fram, heldur hinu, að bankarnir yrðu að segja til um, hvort þeir vildu lána einstökum fyrirtækjum eða ekki, og þar væri ekki hægt að grípa fram í, nema hafa áhrif á forstöðu bankanna.

Þetta frv. er fyrst og fremst yfirlýsing flokksins um, að ástand togaraútgerðarinnar sé meinsemd, sem þurfi að lækna. Framsfl. hefir ekki trú á, að sú lækning fáist, nema með verulega breyttu skipulagi.

Hvort samkomulag næst við aðra aðilja um þetta, er mál, sem verður að bíða þess tíma.

Skúli Guðmundsson: Mér skildist á hv. þm. G.-K., að hann teldi vafa á því, að rannsókn sú, sem frv. fjallar um, mundi ná til fyrirtækja bæjarfélaga. Það er svo ákveðið í 1. gr., að Alþingi kjósi 5 manna n. til þess að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarfyrirtækja félaga og einstakra manna, og fyrir okkur flutningsmönnum vakti það, að þetta næði til allra fyrirtækja, líka bæjarfélaga.

Hv. 3. þm. Reykv. bar fram fyrirspurn til mín. Hann spurði, hvort það væri með eða á móti mínum ráðum, að lýsi Kveldúlfs var ekki selt. — Í síðastl. aprílmánuði, þegar ákveðið var, að ég tækist á hendur fyrir bankaráð Landsbankans endurskoðun og yfirlit á rekstri Kveldúlfs, voru mér að sjálfsögðu gefin fyrirmæli um, hvernig ég ætti að haga störfum mínum, og í erindisbréfi mínu er ekkert um það sagt, að ég eigi að hafa afskipti af stjórn fyrirtækisins að því er snertir sölu á afurðum þess. Ég hefi því hvorki skyldu né heimild til þess að skipta mér af ákvörðunum Kveldúlfs um sölu afurðanna og hefi ekkert blandað mér í það mál.

Hv. 3. þm. Reykv. lýsti yfir fylgi sínu við frv., en gat þess þó, að þar sem ég mundi vera fróður *um hag Kveldúlfs, mundi ég strax geta gefið þær* upplýsingar, sem væntanleg n. þyrfti að fá. Ég vil segja það í fyrsta lagi, að mér ber ekki að láta Alþingi í té neinar upplýsingar í sambandi við starf mitt við endurskoðun Kveldúlfs, og auk þess er Kveldúlfur bara eitt fyrirtæki af mörgum, sem rannsaka þarf. En ef frv. verður að l. og rannsóknarnefnd verður kosin, mun Alþfl. fá fulltrúa í þeirri n., og geri ég ráð fyrir, að þessi hv. þm., sem segist tala fyrir kjósendur Alþfl., fagni því.

Það hafa orðið miklar umræður um þetta mál nú og margt verið sagt, sem ekki var gefið tilefni til í frv. eða framsöguræðu hv. 1. flm. Ég get búizt við, að einhverjir þm. séu farnir að efast um, að rannsóknarinnar sé þörf, eftir þær miklu upplýsingar, sem bæði hv. þm. Ísaf. og hv. þm. G.-K. hafa gefið hér um útgerðarmálin. En þó að ég efi ekki, að það, sem þeir segja, sé rétt, bæði um eigin verk og hvor um annars afrek, vil ég þó ekki sem 2. flm. frv. taka það aftur, heldur mæla með, að afgreiðslu þess verði hraðað.

***Ólafur Thors:** Ég vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mér að hafa þessa aths. ekki mjög stutta. Ég er þeirrar skoðunar, að umr. um þetta mál hafi að ástæðulausu dregizt inn á þetta svið, en það er ekki mér að kenna, heldur hv. þm. Ísaf. Ég var neyddur til þess að svara honum. Það gladdi mig, að hann viðurkenndi, að hann hefði selt fyrir einu pundi lægra en Alliance. Mér er ekki kunnugt um, að aðrir hafi gert það líka, og ég trúi því ekki, á meðan ég hefi ekki annara sögu fyrir því en þessa hv. þm. Það er rétt, að þess hefði verið kostur fyrir Kveldúlf að selja 500 tonn af lýsi hærra verði en við gerðum. En það er alveg ólíks eðlis, hvort félagið býst við að hafa 6000—6500 mál í bræðslu á dag eða 1200—1300 mál. Þetta gat engu skipt fyrir efnahag félagsins, en hitt gat skipt miklu máli, hvort seldar voru 3000 smál. fyrirfram, eins og orðið hefði, ef ráðh. Alþfl. hefði fengizt til að gefa *sitt samþykki.*

Það ber ekki litinn vott um siðferðisspillingu

hv. þm. Ísaf., þegar hann heldur því fram, að Kveldúlfur hefði átt að selja lýsið, og með þeim rökum, að ekki sé um neina skaðabótaskyldu að ræða, þó að ekkert verði úr sölunni, ef hægt sé að segja, að lýsið hafi ekki verið framleitt. En þetta getur ekki gilt, ef hlutaðeigandi á enga verksmiðju til að framleiða lýsið í! Ef svo væri gæti hver óhlutvandur dóni, eins og þessi hv. þm., tekið sig til og sagt: „Það varð ekkert úr framleiðslu hjá okkur, og þess vegna verða samningar að ganga til baka.“ Það er partur af þessu siðferði, sem veldur því, að hv. þm. skilar alltaf pundi minna en aðrir fyrir lýsið.

Annars er það um þessar lýsissölur að segja, að það er mergurinn málsins, að Kveldúlfur gat ekki selt á þeim tíma, sem sölur fóru fram. Síðan féll lýsið, en þessi hv. þm. hefir vanrækt, eins og Kveldúlfur, að selja sitt lýsi á £ 18, þegar hann gat fengið það, og seldi svo á £ 12. Eitt árið seldum við á £17:10:0 og upp í £18:5:0, þegar verksmiðjurnar fengu £ 10 fyri sitt lýsi.

Ég vil taka það fram út af þeim ummælum hv. þm., að ég hefði farið með villandi upplýsingar, þegar ég hefði beðið um útflutningsleyfi á síðastl. sumri til að flytja út fyrir £18:5:0, og að annaðhvort hefði ég skrökvað að hæstv. atvmrh. eða þingd., að ég veit, að hæstv. atvmrh. muni upplýsa þetta rétt, og treysti því fyllilega, að hann segi satt, þó að ekki liggi neitt skriflegt fyrir um þetta. Þegar ég bað um leyfi til þess að selja, spurði hann mig, hvað ég gæti selt fyrir. Ég sagði honum, að það væri leyndarmál, en ég mundi trúa honum fyrir því. Ég gæti fengið £19. Hæstv. ráðh. kvaðst eiga bágt með að trúa því, því að hv. þm. Ísaf. segði, að það væri ekki hægt að fá nema £18, og hann vissi það manna bezt. En þetta er sannleikur. Eða hví skyldi ég segja hærra verð en ég gat fengið? Seyðfirðingar töldu þá, og höfðu sínar upplýsingar frá þessum hv. þm., að ekki væri hægt að fá nema £18-5-0 fyrir lýsi, sem selt væri til Þýzkalands, en þá tókst okkur í samráði við starfsmenn í ráðuneytinu að selja lýsi, ekki fyrir £18-5-0, heldur £19, gegn því að láta 250 tonn. Nokkrum dögum síðar kemur það fyrir, að hv. þm. Ísaf. selur til Þýzkalands fyrir £18-5-0, þegar hægt var að fá £19-0-0. Þegar þessi maður segir hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að fá hærra verð heldur en £18-5-0 fyrir lýsið í Þýzkalandi, gátum við fengið £19, og það er blátt áfram hlægilegt að hlusta á, þegar þessi maður stendur hér upp og segir frá því, að hann hafi hlutazt til um, að verðlagið á lýsinu félli ekki. Sannleikurinn í því efni er sá, að okkar versta böl í lýsisverzluninni síðastl. ár var að eiga við þennan hv. þm. Við höfum æfinlega getað fengið nokkrum shillingum hærra, upp í 10 sh., heldur en honum hefir tekizt. Hvað orðið hefir af þessum shillingum sem ríkið ekki fekk, veit ég ekki. Við fengum hærra verð en útflutningsleyfi hans hljóðaði upp á. Líklega hefir mismunurinn farið í sama sjóinn sem allt hefir lent í. Þannig hefir holdið aftur horfið til jarðarinnar, en andvirði síldarinnar runnið í sjóinn. (**Forseti:** Þetta átti að vera aths.). Ég er að athuga, hvað lengi ég þarf að halda á þolinmæðinni. Þessi hv. þm. gleðst yfir því í hjarta sínu, að Kveldúlfur fái 800000 kr. minna fyrir sitt lýsi en ef hann hefði fengið sama meðaltalsverð og ríkisverksmiðjurnar hafa náð. Ég hefi áður bent á, að Kveldúlfur hefir á öðru ári selt fyrir allt að helmingi hærra verð heldur en ríkisverksmiðjurnar.

Það er nú reyndar ekki bætandi á þær raunir, sem hv. þm. Ísaf. hefir haft af Hávarði Ísfirðingi, sem keyptur var til þess að liggja bundinn við garðinn. Hann var keyptur í atvinnubótaskyni, en atvinnubæturnar liggja í því, að karlarnir fá atvinnu við að binda hann við garðinn. Að því er tapið á Hávarði Ísfirðingi snertir, skal ég taka það fram, að mér hefir verið trúað fyrir því, og ég hefi séð nokkur gögn þess efnis, en ég má ekki með það fara, því að ég hefi séð þetta í skýrslum, sem þagnarskylda hvílir á. En úr öðrum áttum veit ég og get fullyrt, að tapið er 150% meira en hv. þm. gefur upp. Hann segir, að tapið sé ekki 120000 kr., heldur 100000 kr. Það er hvorugt, því að það er nærri 250000 kr. Þetta sýnir nákvæmni þessa hv. þm. Ofan á þessar raunir verð ég að bæta því, að það eru engar líkur til þess, að Kveldúlfur bíði svipað því svo gífurlegt tjón og hv. þm. heldur fram af því að hafa ekki selt lýsið fyrirfram. Hv. þm. lýsti yfir því, að meðalverð á lýsi Síldarverksmiðja ríkisins hefði verið £18-13-6. Ég veit ekki, hvort það er satt, en ég held, að það sé ósatt, af því að þessi hv. þm. segir það. Langflest af því, sem hann segir, er ósatt. En segjum, að þetta sé rétt, þó að það sé ósennilegt, þá er útkoman sú í dag, að fyrir það, sem Kveldúlfur er búinn að selja, sem er ⅔ af lýsinu, hefir hann fengið fram undir milli £16 og £17. Það munar ekki nema 40 kr. á tonn, eða 160000 kr. á því lýsi, sem búið er að selja, og ef afgangurinn selst með sama meðalverði, sem ég geri mér ekki vonir um í dag, en það gæti þó lagazt þannig, að það fengist, þá er aðstaðan ekki verri en það, að það munar frá 230000—250000 kr., en ekki 800000 kr. Það er náttúrlega erfiður baggi á þetta fyrirtæki, en það er ólíkt hvor upphæðin er.

Ég ætla ekki að láta þennan hv. þm. yfirheyra mig sem bankaráðsmann, eins og hann var að gera tilraun til, en ég skal hugga hann með því, að því fer mjög fjarri, að þær tryggingar, sem Kveldúlfur setti í fyrra, séu svipað því upp étnar, og ég vænti þess, að rekstrarafkoma félagsins í ár, þó að hún sé ekki góð, sé ekki verri en það, að hún gleypi ⅓ af þeim viðbótartryggingum, sem settar voru í fyrra. (**FJ:** Hvernig kemur það heim við togaraskýrslurnar?). Það getur þessi hv. þm. reiknað út. Það er 99,7, eða um 350000 kr., sem tapið nemur á togurunum. Það skal ég segja þessum hv. þm., að ég vil heldur eiga rekstur síldarverksmiðja Kveldúlfs í höndum okkar heldur en reksturinn eins og hann var á ríkisverksmiðjunum í höndum þessa hv. þm., þó að meira hafi verið borgað fyrir málið, eða minna fyrir afurðirnar, því að mig skortir orð til að lýsa öðru eins sukki og óreiðu og þar var. Það er sannað, að þessi hv. þm. hefir gefið falska skýrslu um rekstrarafkomu ríkisverksmiðjanna, sem mun nema ½ millj. eins og hinn nýi framkvæmdarstjóri hefir sannað. (**Forseti:** Aths. er búin). Ég heyri, að hæstv. forseti vill láta máli mínu lokið, og ég verð við hans óskum, þó að

margt sé ósagt, um leið og ég þakka honum fyrir þolinmæði hans.

Forseti (GSv): Þessar umr. hafa farið nokkuð út fyrir þann ramma, sem frv. hefir gefið tilefni til, en þó ekki um skör fram, en á milli tveggja hv. þm. hafa farið fram ummæli, sem í raun og veru eru ekki viðurkvæmileg á þingi, og vænti ég, að þau vegi salt. Ég vil vona, að þeir hafi þegar jafnað um það, sem þeir vilja hnýta hvor í annan persónulega, og þurfi því ekki að neyta slíkra bragða í aths. Annars er áliðið þingtímann í dag, og þar sem fundi verður slitið í síðasta lagi kl. 4, væri æskilegt, að hv. þm. tækju tillit til þess, ef umr. á að verða lokið.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég skal reyna að vera stuttorður.

Það segir í gamalli þjóðsögu, að púkarnir hafi fitnað af blótsyrðum og formælingum. Eins espast hv. formaður Sjálfstfl., þegar gerðardómurinn er til umræðu hér í þinginu, og nú mætir hv. þm. á þingfundi, þó að hann hafi varla sézt hér undanfarið. Annars verð ég að segja það í sambandi við ræðu hv. þm. G.-K. út af þessu frv., að það eru fáránleg orð, sem þessi maður getur tekið sér í munn í sambandi við umræður um fjármálaspillingu í landinu. Hv. þm. leyfir sér að tala um siðferði og virðist skoða sig sem sérstakan forvígismann siðferðis í fjármálum. Hann talar um, að Kveldúlfur vilji sérstaklega vinna að því að hækka verðið á afurðum landsmanna. Ég vil minna hv. þm. á, hvernig Kveldúlfur kom fram í sambandi við tilraun fiskimanna í Vestmannaeyjum til þess að hækka verð fisksins, þegar þeir gátu fengið hærra tilboð en Kveldúlfur. Hvaða ráðstafanir voru gerðar af hendi fiskhringsins til þess að hindra það? Hvernig var siðferðið í sambandi við Gismondimúturnar? Og hvernig var það í sambandi við Spánarmúturnar? Ég held, að þessi hv. þm. ætti sízt að vera að tala um sukk og óreiðu hjá öðrum. Hann ætti að stinga hendinni í sinn eigin barm og hugsa um óreiðuna hjá Kveldúlfi og Landsbankanum.

Ég held, að í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé um það að ræða, að þingheimur fái skorið úr því, hvaða aðferð hann vill beita í rekstri togaraútgerðarinnar, og að sú n., sem fær málið til athugunar, skili áliti sínu fljótt, og að þingflokkarnir taki afstöðu um það, hvernig reka eigi togaraútgerðina. Hún verður ekki rekin með stóryrðum Ólafs Thors og ekki heldur með því að hylma yfir ástand hennar nú.

Hæstv. fjmrh. viðurkenndi, að það mundi vera orðið óhjákvæmilegt að breyta skipulagi togaraútgerðarinnar, og ég held, að þegar fengin er *viðurkenning fyrir því frá þingflokki, sem mestu* ræður, þá ætti að vinda sem bráðastan bug að því, að þetta yrði gert, og láta ekki sitja við orðin tóm. Mér virðist, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið undanfarið, hafi, eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. V.-Húnv. gaf áðan, ekki borið svo mikinn árangur, að það væri við góðu að búast þaðan. Hann gaf þær upplýsingar, að þegar hann var settur til eftirlits með Kveldúlfi af hálfu bankaráðs Landsbankans, þá hafi hann fengið fyrirmæli um, að hann ætti ekki að skipta sér af sölum Kveldúlfs. Þegar stjórn *Landsbankans og eftirlitið með Kveldúlfi er ekki* betra en þetta eftir allt, sem fram hefir farið, og rætt hefir verið um samkomulag hér í þinginu viðvíkjandi Kveldúlfi og Landsbankanum, þá held ég sé tími til þess kominn, að Alþ. skipti sér af stjórn Landsbankans á Kveldúlfi. Nú er vitað, að í fyrra gerði Landsbankinn ráðstafanir til eftirlits með Kveldúlfi eftir áminningu alþjóðar í sambandi við umræður, sem urðu um þetta mál, og till., sem fram kom hér um þetta efni, en fyrst þetta eftirlit er ekki strangara en raun ber vitni um, *þá sé ég ekki, að þingið geti lengur* hjá því komizt, að taka þetta í sínar hendur, enda er tilgangurinn með þessu frv. í raun og veru sá, að þingið láti þetta mál alvarlega til sín taka.

Nú hefir hv. þm. V.-Húnv., 2. flm. málsins, óskað þess sérstaklega, að því verði flýtt eins og hægt er. Ég vil taka undir þessi orð hv. þm., og við vitum af reynslu síðustu daga, hvað það þýðir, að flýta máli eins og hægt er. Ég leyfi mér að gera að till. minni, að málinu verði ekki vísað til n., heldur afgr. nefndarlaust til 2. umr. og *með afbrigðum gegnum þingið undir eins í dag.* Það ætti sízt að vera verra að framkvæma slíkt með mál, sem allir þingflokkar eru sammála um, heldur en gerðardóminn, sem þingflokkarnir voru mjög ósammála um. Ég vil því endurtaka undirtektir mínar undir þá till. hv. þm. V.-Húnv., að flýta málinu eins og unnt er.

***Finnur Jónsson:** Hv. þm. G.-K. notaði þær 20 mínútur, sem hann hafði til þess að gera aths. um þetta mál, til þess að halda áfram að hrúga *upp þeim brigzlyrðum og dylgjum í minn garð,* sem hann hefir áður gert hér á þinginu, um það, að ríkisverksmiðjurnar hefðu allajafna, á meðan ég réð þar um, selt lýsið £1 lægra en allir aðrir, og að þetta eina pund hafi farið eitthvað annað en til verksmiðjanna. Ég hrakti þetta í minni fyrri ræðu. Í fyrsta lagi er það algerlega ósatt, að verksmiðjurnar hafi selt lýsið £1 lægra en allir aðrir. Ég benti á það, að þegar sölusamningarnir fóru fram um fyrirframsölu á lýsinu, þá seldu allar verksmiðjur í landinu *fyrir sama verð og ríkisverksmiðjurnar, nema* aðeins ein, og þessi eina verksmiðja seldi á sama degi lýsi fyrir 3 aðrar verksmiðjur og gat ekki fengið hærra verð fyrir það lýsi heldur en það, sem ríkisverksmiðjurnar fengu, m. ö. o., að sú lýsissala, sem hv. þm. talar um á £22, var alveg einstök. Samt leyfir þessi hv. þm. sér að halda áfram þessum dylgjum, og ég fyrir mitt leyti efast ekki um, að hann gerir það á móti betri vitund. Honum er það kunnugt um sölu lýsis hér á landi, að hann veit, að það er rétt, sem *ég hefi sagt,* að það var aðeins ein verksmiðja, sem náði þessari sérstöku sölu, og engin önnur verksmiðja náði því, og þess vegna er alveg tilgangslaust fyrir hv. þm. að vera að endurtaka þessar dylgjur fyrir hv. þingheimi æ ofan í æ á móti betri vitund. Hv. þm. spyr mig, hvar þessi pundsmismunur sé. Hvar eru pundin, sem þjóðin er búin að leggja í Kveldúlf? (**ÓTh:** Í ríkissjóði). Ég hefði gaman af því, ef hæstv. fjmrh. vildi svara því, hvort þau pund, sem **þjóðin er**

búin að leggja í Kveldúlf, eru í ríkissjóði. — Viðvíkjandi lýsissölunni til Þýzkalands hefi ég upplýst það og hv. þm. hefir ekki dottið í hug að mótmæla því, að það hefir alltaf verið hægt að fá einu pundi meira fyrir lýsi, sem selt er í Þýzkalandi, með því að borga inn á aski-konto, heldur en á frjálsum markaði, og það er þessi sérstaka lýssissala til Þýzkalands, sem Kveldúlfur hefir notið umfram aðra á þessu tímabili í sumar. Því að það fékk enginn annar að selja lýsi til Þýzkalands. (ÓTh: Það vildi enginn annar gera það). Ég var að tala um þá, sem máttu selja þangað, og Kveldúlfur fékk leyfi til þess að selja 12—1300 tonn. Ég vil skora á hv. þm. G.-K. að hrekja þetta með rökum, ef hann getur. Það er ekki til neins fyrir hann að koma með stöðug ósannindi í þessu máli. Ég skora á hann að svara því afdráttarlaust, hvort hann vill viðurkenna það eða ekki, að hægt hafi verið að fá £1 meira fyrir lýsi í Þýzkalandi heldur en á frjálsum markaði.

Svo skal ég koma að því, sem hv. þm. sagði viðvíkjandi fyrirframsölunum. Ég hefi bent á það, að Kveldúlfur hefði getað látið fara fram fyrirframsölu á Hesteyrar-lýsinu í janúar, eins og aðrir, hvað sem Hjalteyri leið. Því svaraði hv. þm. þannig, að Hesteyrarverksmiðjan hefði getað selt 500 tonn af lýsi fyrirfram, en að það hefði ekki munað Kveldúlf neinu. Það hefði munað Kveldúlfi mismuninum á verði þessara 500 tonna af lýsi, eða upp undir 80000 kr., en Kveldúlf munar bara ekkert um þá upphæð. En ekki nóg með það. Hvers vegna hefði Kveldúlfur ekki getað selt meira en ⅓ af framleiðslu Hesteyrarverksmiðjunnar fyrirfram? Ríkisverksmiðjurnar seldu ⅔ af sinni framleiðslu, þegar þær seldu. Framleiðsla Kveldúlfs er í sæmilegu árferði um 1500 tonn af lýsi á ári, og 1300 mála verksmiðja framleiðir 27 tonn á dag, og ef reiknað er með 60 daga vinnslu, þá eru það um 1600 tonn. Hvers vegna seldi Kveldúlfur ekki meira en 500 tonn? Kveldúlfur getur selt 1000 tonn, og þá hefði hann getað tryggt ágætt verð fyrir ⅔ af framleiðslu Hesteyrarverksmiðjunnar. En einn af framkvæmdarstjórum félagsins segir, að það hafi ekki munað neitt um þetta. Kveldúlfur gat selt 1000 tonn, og tryggt sér með því a. m. k. 160000 kr. meira fyrir lýsi Hesteyrarverksmiðjunnar, en hann vildi það ekki, því að eins og ég sagði áðan, álitu framkvæmdarstjórar Kveldúlfs, að lýsið mundi fara upp í £25 tonnið.

Viðvíkjandi leyfinu fyrir byggingu Hjalteyrarverksmiðjunnar vil ég segja, að það var búið að gefa Kveldúlfi leyfi til þess að reisa verksmiðjuna, og það gilti til febrúarloka, þó með því skilyrði, að fyrir þann tíma væri Kveldúlfur búinn að sanna, að hann hefði peninga til þess að byggja verksmiðjuna. Kveldúlfur gerði þetta ekki, þó að hann hefði fyrir sér tímann frá miðjum janúar til febrúarloka, svo að það stóð alls ekki á atvmrh., að Kveldúlfur fengi leyfið. Það stóð á honum sjálfum eða þeim, sem ætluðu að lána honum peninga.

Eins og ég benti á áðan, er ég búinn að sanna, að Kveldúlfur gat selt 1000 tonn af framleiðslu Hesteyrarverksmiðjunnar og tryggt sér 160000 kr. meira fyrir framleiðsluna. Ólafur Thors, hv. þm. G.-K., segir, að Kveldúlf — hann meinar Landsbankann — muni ekki um 160000 kr. tap. Þegar salan fór fram, var Kveldúlfur búinn að fá leyfið, en það stóð á því, að hann uppfyllti skilyrðin, en ekki á atvmrh., svo að Kveldúlfur hefði, ef hann hefði lagt fram það, sem þurfti til þess, að hann mætti byrja á byggingu verksmiðjunnar, ekki aðeins getað selt fyrir Hesteyri, heldur líka fyrir Hjalteyri, með þeim venjulegu klásúlum, sem settar eru af öllum, sem selja síldarlýsi hér á landi. (ÓTh: Þetta eru vísvitandi ósannindi).

Hv. þm. G.-K. sagði, að tap Hávarðs Ísfirðings hefði a. m. k. verið 250000 kr., og þetta segist hann hafa séð í skýrslu, sem honum hafi verið trúað fyrir og megi ekki segja frá; m. ö. o., þessi hv. þm., sem á sæti í bankaráði Landsbankans, notar sér aðstöðu sína til þess að reyna að gera sennileg þau ósannindi, sem hann hefir í frammi hér á Alþ., um leið og hann kemur orðum sínum þannig fyrir, að ekki er hægt að krefja hann um að birta þær skýrslur, sem hann segist hafa séð þetta í og hann veit, að mundu sanna ósannindi hans, ef hann kæmi með þær. Slíkur ódrengskapur er ósamboðinn hv. þm. G.-K., og þó að ég hafi annars ekki mikla samúð með Sjálfstfl., þá verð ég að kenna í brjósti um hann, að hann skuli eiga slíkan mann fyrir foringja. Jafnvel Sjálfstfl. á það ekki skilið.

Ég held, að það sé ekki mikið meira, sem ég þarf að segja um þetta. Hv. þm. G.-K. hefir verið að tala um það hér, að hann hafi getað fengið 10 sh. hærra fyrir sitt lýsi en aðrir, og það hafi staðið opið í allt sumar. En hvers vegna hafa þeir ekki selt? Hvers vegna leyfa þeir sér að skaða Landsbankann og þjóðina um 5—700000 kr. á þessari óhæfilegu „spekulation" með síldarlýsi Kveldúlfs, sem þeir hafa gert sig seka um?

Forseti (GSv): Hv. þm. G.-K. ber af sér sakir í 3 mínútur.

Ólafur Thors: Ég tel mig ekki skyldugan til að hlýða þessu. Ég hefi áreiðanlega varið allt of mörgum mínútum af þingsins dýrmæta tíma til þess að tala við þennan hv. þm., og þessar mínútur, sem ég hefi til umráða, ætla ég að nota til þess að lýsa það, sem hv. þm. segir, vísvitandi ósannindi í 10. skipti, og óska svo Alþfl. til hamingju með þennan vesala þm. (FJ: Ég læt rök mín standa á móti yfirlýsingu hv. þm. G.-K.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., og til sjútvn. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GG, GSv, HelgJ, HV, JGM, ÓTh, PO, SEH, SkG, StgSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE.

nei: FJ, ÍslH, EOI.

11 þm. (GÞ, HG, JakM, JPálm, PHann, SK, StSt, TT, JörB, ÁÁ, EmJ) fjarstaddir.

Á 34. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 95, 109, n. 123).

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og liggur nál. fyrir á þskj. 123.

N. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, að öðru leyti en því, að hún leggur til, að breyta 1. málslið 1. gr., og er það eiginlega aðeins til þess að fá skýrara orðalag, en ekki efnisbreyting.

Ég skal taka fram, að eins og nál. ber með sér, hefir einn nm., hv. þm. Ísaf., áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við 2. eða 3. umr., en hún er ekki komin fram enn, og mér er ekki kunnugt um, hvort hann í raun og veru hefir nokkra brtt. fram að bera, en hann óskaði eftir þessum fyrirvara, því að hann mundi ef til vill bera fram brtt.

Ég hefi svo ekki fleira að segja fyrir n. hönd.

*Héðinn Valdimarsson: Ég hafði við fyrri umr. lýst þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, en hún er á þá leið, að ætlazt sé til, að rannsóknin komi til yfirstandandi þings. N. hefir ekki látið í ljós neina skoðun viðvíkjandi þessu, en mér virðist öll aðstaða vera þannig, að mikil nauðsyn sé til, að þessi rannsókn geti hafizt sem allra fyrst, en verði ekki látið bíða til næsta þings. Ég held líka, að þetta þing geti gert þær nauðsynlegu ráðstafanir, og við höfum séð þess dæmi, að Alþingi hefir látið fara fram slíka skyndirannsókn í stórmálum, sem mjög hafa snert togaraútgerðina. Nefni ég þar t. d. matið á Íslandsbanka á sinni tíð. Nú þegar hafa fengizt viðvíkjandi togaraútgerðinni margvíslegar skýrslur, bæði sem borizt hafa til alþm. á þessu þingi frá n. S. Í. F. o. fl., og eins á undanförnum þingum hafa slíkar upplýsingar komið fram, svo að ekki ættu að vera miklir erfiðleikar á þessari rannsókn. Fyrst og fremst yrðu þessar skýrslur athugaðar, að hve miklu leyti þær eru réttar, og svo að taka þau viðbótargögn, sem kæmu í þessu efni. Það hafa líka komið fram till. í þessu máli, bæði í fyrra frá Alþfl., og auk þess hefir Sjálfstfl. komið með hinar og aðrar till., svo að úr nægilega miklu er að moða, til þess að þingflokkarnir geti tekið ákvarðanir í þessu máli. Ég sé því ekki ástæðu til að láta þetta mál liggja svo lengi í salti, og vil því eindregið mælast til, að þessi brtt. verði samþ.

Ég hafði hugsað mér að koma með frekari till. um þessa rannsókn, en ég bjóst við, að hv. þm. Ísaf. mundi koma með till. í svipaða átt og frv. Alþfl. í fyrra, svo að ég hefi ekki borið hana fram, og að vísu er frv. þannig, rammi þess svo víður, að hægt er að haga málum á þann hátt, sem ég hefi hugsað mér, svo að það getur verið undir framkvæmdinni komið meira en formi.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég skal taka það fram, að sjútvn. hefir ekki sérstaklega haft til meðferðar brtt. á þskj. 109. Telur hv. 3. þm. Reykv. ekki rétt að taka þær aftur til 3. umr.? (HV: Ég hefi ekkert á móti því). Ég get því ekkert um þessar till. sagt fyrir hönd n.

ATKVGR.

Brtt. 123 samþ. án atkvgr.

— 109 tekin aftur til 3. umr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 154, 109).

Héðinn Valdimarsson: Ég vil aðeins skírskota til þess, sem ég talaði fyrir þessari brtt. við 2. umr., og vænti, að hún verði samþ.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Það hefir atvikazt svo, að lítið hefir verið hægt að vinna í sjútvn., síðan mál þetta var síðast til umræðu, og hefir n. því ekki tekið þessa brtt. til athugunar, eins og ég hafði talað um við síðustu umr. Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að fresta málinu til næsta fundar, svo að n. geti athugað það.

Forseti (JörB): Ég vil verða við tilmælunum um, að málinu verði frestað, svo að n. gefist kostur á að athuga brtt. Er því málið hér með tekið út af dagskrá og umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég vil aðeins skýra frá því, að sjútvn. hefur tekið til meðferðar brtt. þá, sem fyrir liggur á þskj. 109, frá hv. 3. þm. Reykv. og hefir n. ekki getað fallizt á að mæla með henni. Brtt. fjallar um það, að n. skuli skila árangri af störfum sínum á yfirstandandi þingi. En sjútvn. sýnist mjög hæpið að gera ráð fyrir því, að verk n. gætu gengið svo fljótt, þar sem frv. er ekki enn komið í gegnum þingið, að rétt væri að skylda hana til að ljúka störfum á þessu þingi.

*Sigurður Kristjánsson: Ég vil aðeins gera grein fyrir minni afstöðu til þessarar till., og skal ég hafa hana þá sömu og ég gerði í sjútvn.

Það var dálítið fljótlega skýrt frá þessu máli af hv. frsm., því atkvgr. fór engin fram í n. um till., en það var álit nm. yfirleitt, að það væri orðið svo áliðið þings, að óhugsandi mætti teljast, að n. gæti skilað áliti að þessu sinni.

Ég lýsti því yfir í n., að ég áliti, að það hefði verið hin mesta fjarstæða, að hefja þetta mál með annað fyrir augum en að það yrði afgr. á þessu þingi. Og þetta er skoðun mín enn, þrátt fyrir það þó að málið sé búið að dragast svo lengi, að lítil líkindi eru til, að þetta sé mögulegt. En ég vil, að það komi skýrt fram, að ég er efni brtt. algerlega samþykkur. Það eitt, sem veldur því, að ég geri ekki ráð fyrir því, að n. geti lokið störfum sínum á yfirstandandi þingi, er þetta, að málið hefir verið dregið svona lengi.

ATKVGR.

Brtt. 109,1 felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÞ, HV, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, TT, EOl.
nei: EystJ, FJ, GG, HelgJ, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BÁ, BjB, JörB.
GSv, SK greiddu ekki atkv.
6 þm. (EmJ, HG, ÍslH, JakM, PO, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 109, 2 felld með 17 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Við nafnakallið um brtt. 109,1 gerðu 3 þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

***Finnur Jónsson:** Þar sem svo er áliðið þings, að ekki er líklegt, að þeirri rannsókn, sem hér er um að ræða, verði lokið nægjanlega snemma til þess, að hægt verði að leggja niðurstöður n. fyrir þetta þing, segi ég nei.

***Sigurður E. Hlíðar:** Þar sem ég álít, að svo sé orðið áliðið þings, að till. geti ekki náð tilgangi sínum, segi ég nei.

***Sigurður Kristjánsson:** Eins og ég hefi tekið fram í umr., er ég efni þessarar till. samþykkur og get því ekki greitt atkv. á móti henni. En hinsvegar sé ég engar líkur til þess, að hægt yrði að framfylgja henni, þótt hún væri samþ., og greiði ég því ekki atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 40. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, 202, n. 307).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Um þetta frv. hefi ég lítið að segja fyrir hönd n. Hv. dm. er kunnugt um innihald þess, svo að ég þarf ekki að rekja það. Sjútvn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., en einn nm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara. Er sá fyrirvari ekki út af efni frv., heldur öðru, sem hann mun gera grein fyrir. — Þá liggur fyrir brtt. við frv. frá hv. 1. landsk. N. hefir ekki með atkvgr. tekið afstöðu til þeirrar brtt., en ég hygg, að n. sé henni ekki samþykk. Fleira hefi ég ekki að taka fram fyrir hönd n. og geri ráð fyrir, að ég fái ekki ástæðu til að taka aftur til máls, þó að hv. þm. Vestm. mæli fyrir sínum fyrirvara.

***Jóhann Jósefsson:** Eins og hv. frsm. n. hefir skýrt frá, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég vildi óska, að hæstv. atvmrh. gæti verið viðstaddur þessar umr., því að minn fyrirvari snertir atriði, sem ég vildi gjarna spyrja hæstv. ráðh. um.

Frv. beinist að því, að skipuð sé n. til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera till. um það mál, eins og heiti frv. ber með sér. Um þetta verkefni liggur nú þegar fyrir talsverð rannsókn. Mþn. í sjávarútvegsmálum lagði talsvert mikla vinnu í að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, ásamt annari útgerð. Hún skilaði ýtarlegu áliti um það mál, sem þinginu barst á sínum tíma. Þá hafa útgerðarmenn sjálfir skipað n. til að rannsaka hag útgerðarinnar, og þinginu hafa einnig borizt niðurstöður þeirrar n.

Maður skyldi nú halda, að rannsókn væri nóg fengin til þess að sýna og sanna, að þessi atvinnugrein á við mikla erfiðleika að stríða, og getur tæplega haldið áfram, að óbreyttum aðstæðum, ef tapið heldur áfram, eins og það hefir verið síðustu árin. Í þessu frv. er að vísu talað um hag togaraútgerðarinnar, enda þótt það sé vitað, að það eru fleiri greinar útvegsins, sem eru illa staddir á ýmsan hátt, enda hafa nú útvegsmenn sameinazt um að vinna að því að fá framgengt einhverjum aðgerðum, sem gætu gert útgerðina arðbærari, a. m. k. en hún nú er. En að því er snertir þetta frv., þá vil ég leggja þann skilning í það, að á bak við það liggi sú hugsun, að koma þessari grein útvegsins, þ. e. togaraútveginum, til hjálpar, og að þessi rannsókn eigi að undirbyggja væntanlegar ráðstafanir í þessu efni. Þá kemur það til greina, hvað álitið sé, að langan tíma þurfi til þessarar rannsóknar, því að það hefir nú verið svo á ýmsum öðrum sviðum þjóðmálanna, að þegar n. hafa verið skipaðar til að rannsaka einhver atriði, þá hefir jafnan, á meðan á þeirri rannsókn hefir staðið, verið erfitt að fá þingið eða stj. til að gera nokkrar breytingar eða grípa til neinna ráðstafana, með tilvísun til þess, að slíkri rannsókn verði fyrst að vera lokið. Hér starfar nú mþn., sem er að athuga bankamál landsins, og þótt að vísu, að gripið hafi verið inn í hennar verksvið, þá er það gagnstætt venjunni, því að hún hefir verið sú, að meðan slíkar n. hafa starfað, hefir þingið a. m. k. afsakað sig með því, að það þætti ekki tilhlýðilegt að grípa fram fyrir hendur n., sem að þeim málum störfuðu. Af þessum ástæðum er það mikið atriði í mínum augum, hvað hæstv. stj. hefir hugsað sér, að þessi rannsókn þurfi að taka langan tíma.

Nú hagar því svo til, að annar af flm. þessa máls er orðinn ráðh. og hefir einmitt fengið þá grein mála til meðferðar, sem þetta mál mundi heyra undir hjá ríkisstj. Og þess vegna vildi ég leyfa mér að spyrja þennan hæstv. ráðh. um það, hvort hann ekki áliti, að þessari rannsókn geti orðið lokið svo fljótt, að hægt muni að leggja niðurstöður hennar fyrir næsta þing, og fyrirvari minni beindist að þessu atriði. — Ég vildi undir umr. nota tækifærið til þess að fá það skýrt upplýst, hver væri ásetningur hæstv. ráðh., sem er 2. flm. málsins, um það, hvernig störfum n. skyldi hagað og hraðað. — Ég skal ekki draga dul á það, að ég legg mikið upp úr því, að svo sé til stofnað, að þær niðurstöður, sem n. kemst að, geti náðst svo fljótt, að hægt sé að leggja þær fyrir næsta þing.

Ég hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja. Ég hefi tekið það fram, sem mér þykir aðallega vanta í frv., en ég fyrir mitt leyti mundi gera mig ánægðan með yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um þetta atriði.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Út af ræðu hv. þm. Vestm. og þeirri fyrirspurn, sem hann beindi til mín í sambandi við þetta mál, vil ég geta þess, að meining okkar flm. þessa frv. var sú, að þessi fyrirhugaða n. gæti tekið til starfa hið fyrsta. Kemur þetta líka fram í frv., t. d. í 6. gr. þess, þar sem það er tekið fram, að n. skuli kjósa þegar eftir gildistöku laganna, en þó undir öllum kringumstæðum á því sama þingi, sem lögin samþ., þó að gildistakan fari fram síðar. Það var því meining okkar, að n. gæti tekið til starfa hið bráðasta og hraðað störfum sínum, eftir því sem hægt er. Og þó að gera megi ráð fyrir, að þarna sé um allmikið starf að ræða, bæði hvað rannsóknina snertir, og eins það að gera till. um framtíðarfyrirkomulag þessa atvinnurekstrar, þá vil ég þó vænta, að n. geti lagt niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt Alþ. Það mun a. m. k. af hálfu ríkisstj. verða óskað eftir því við væntanlega n., að hún hraði störfum sínum, eftir því sem unnt er.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið, og skil svar hans þannig, að það sé og hafi verið hans fasti ásetningur að stilla svo til, að n.störfum verði hagað svo sem ég nefndi, þannig að niðurstöður n. geti legið fyrir næsta Alþ.

Það er satt, sem hæstv. ráðh. segir, að það starf, sem n. er ætlað að vinna, er mjög umfangsmikið. En þó vil ég geta þess, að þær rannsóknir, sem þegar hafa farið fram, munu að sjálfsögðu geta stórlega létt undir þann hluta af starfi n., sem snertir athugun á hag togaraútgerðarfélaganna. Hitt — að gera till. um framtíðarfyrirkomulag — er náttúrlega mikið vandamál, að því leyti til, að n. þurfi að verja mjög miklum tíma í að bollaleggja þær leiðir, því að mér segir satt að segja svo hugur um, að það muni fara svo í 5 manna n., sem kosin er af Alþ., og er því pólitísk, að menn verði ekki sammála, og að þess vegna verði þýðingarlítið að verja allt of löngum tíma í það að bræða saman skoðanir manna í þeim efnum, þó að náttúrlega sé sjálfsagt að gera til þess heiðarlegar tilraunir. Ég er þess vegna, hvað þetta atriði snertir, sjálft starf n., ánægður með yfirlýsingu hæstv. ráðh., og álít þar með mínum fyrirvara fullnægt.

En ég vil að síðustu láta í ljós þá ósk og von, að þessi rannsókn n., sem starfar undir handleiðslu hæstv. ríkisstj., megi verða til þess, að næsta Alþ. geti gert ráðstafanir til varanlegra hagsbóta fyrir þessa grein útgerðarinnar. En svo vil ég bæta því við, að það eru aðrar greinar útgerðarinnar, sem bíða úrlausnar og alls ekki þurfa að bíða eftir niðurstöðum þessarar n., og ég vil í lengstu lög vona, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að taka að einhverju verulegu leyti til greina þær kröfur, sem komið hafa fram frá útvegsmönnum almennt, um kjarabætur útveginum til handa, áður en þessu þingi lýkur, alveg án tillits til þeirrar rannsóknar, sem þetta sérstaka frv. fer fram á.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Ég á hér eina mjög litla brtt. við þetta frv., sem gengur í þá átt, að þessi fyrirhugaða n. hafi sér til aðstoðar einn háseta, einn kyndara og einn matsvein, sem starfa á togurum — og Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefnir.

Ég ber þessa brtt. fram vegna þess, að sögur hafa gengið um það, að í rekstrarreikningum ýmsra togara væru kostnaðarliðirnir færðir þannig, að ekki næði nokkurri átt. T. d. hefi ég heyrt, að færð hafi verið kolaeyðsla fyrir eina veiðiferð, er var meiri en togarinn gat eytt eða rúm var fyrir í skipinu. Það segir sig sjálft, að framhjá venjulegum skrifstofumönnum, sem ekki hafa sérþekkingu á þessum hlutum, getur ýmislegt svona lagað farið. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að n. hafi sér til aðstoðar menn, sem virkilega hafa sérþekkingu í þessu tilliti.

Ég býst nú við, að þessu verði svarað þannig, að vitanlega mundi n. í öllum greinum leitast við að afla sér upplýsinga hjá mönnum, sem hafa þekkingu á hverju einstöku atriði. En hinsvegar tel ég þetta atriði svo þýðingarmikið, að rétt sé að taka það fram í lögunum. Og þó að þessi brtt. mín yrði ekki samþ., þá gæti hún orðið til þess, að meiri áherzla verði lögð á nákvæma gagnrýni í þessum efnum, og þá hefir hún náð sínum tilgangi.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það er aðeins út af ræðu hv. 1. landsk. og þeirri brtt., sem hann ber fram, að ég stend hér upp, til þess að segja fáein orð.

Ég vildi í fyrsta lagi mælast til þess, að hann tæki brtt. aftur til 3. umr., og sjái til, hvað okkur kann að verða að samkomulagi um hana í n., því að sú hugmynd, sem fram kemur í henni, gæti e. t. v. verið frambærileg innan n., þó að hún sé það ekki, eins og hún er hér fram sett. Það eru vitanlega fleiri á skipunum heldur en þeir, sem þarna eru tilgreindir, hásetar, kyndarar og matsveinar. Þar koma líka til greina loftskeytamenn, vélstjórar o. s. frv. Ég hygg, að það sé rétt, að n., hvernig sem hún kann að verða skipuð, hafi greiðan aðgang að öllum þeim starfsgreinum, er á skipunum vinna, og mætti með öðru orðalagi koma því inn í frv., að n. væri skylt að ræða við þær, án þess að til þess væru kosnir sérstakir menn úr hverri grein. Ég er sem sagt með hugmynd hv. till.manns um það, að n. verði að leita til þessara starfsgreina, og þess vegna vildi ég gjarnan, að n. gæfist kostur á að taka þessa brtt. til athugunar fyrir 3. umr. og sjá, hvort ekki gæti orðið samkomulag um það, hvernig þetta mætti orðast almennt.

Að öðru leyti ætla ég mér ekki að blanda mér inn í þetta mál. Það er ekki neitt hægt um það að segja, hvernig kann að takast til um slíka rannsókn sem þessa. Hér er vitanlega mikið og vandasamt verk fram undan; það er öllum ljóst, að það kostar mikla nákvæmni, elju og sannleiksleit. Hvaða niðurstöðu n. kann að fá, getur enginn um sagt, og það, hvaða till. verða gerðar, byggist á þeirri rannsókn, sem fram fer.

Ég hefi nokkra reynslu af slíkri rannsókn sem þessari úr togaraútgerðarnefndinni, sem aðallega beindist að togurunum hér í Reykjavík. Sú n. komst í raun og veru ekki að neinni verulegri niðurstöðu, því að rannsóknin var slitið, áður en til þess kom. En það, sem þar kom upp, gaf tilefni til þess, að rannsókn eins og þessi væri fullkomlega nauðsynleg og þyrfti að vinnast af mikilli nákvæmni og kostgæfni. —

Fleira þarf ég svo ekki að taka fram við þessa umr., en geymi mér til 3. umr. að tala frekar um málið.

***Brynjólfur Bjarnason:** Að ég einmitt nefndi þessar þrjár starfsgreinar, kemur til af því, að ég áleit, að þær skiptu mestu máli í þessu sambandi. Að öðru leyti þakka ég hv. 3. landsk. fyrir undirtektir hans við þetta mál og vil verða við þeim tilmælum hans að taka till. aftur til 3. umr., og býst ég þá fastlega við, að um þetta geti orðið fullt samkomulag.

ATKVGR.
Brtt. 202 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 154, 202, 351).

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Þessi till., sem hér liggur fyrir á þskj. 351 og sjútvn. flytur, miðar að því að ætla rannsóknarnefndinni að leita upplýsinga hjá stéttarfélögum togarasjómanna og félagi togaraeigenda. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi n. hafi heimild til þess að heimta öll skjöl og skilríki, sem hún óskar hjá útgerðarmönnum. En hinsvegar verður að líta svo á, að ýmiskonar fróðleikur geti verið, sem n. þurfi að vita og þeir, sem vinna á togurunum, geti látið í té, ekki sízt viðvíkjandi tilhögun við fiskveiðar og því, hvað megi spara í því efni á einn eða annan hátt. Þessi till. miðar að því, að n. þessi sé bundin við að leita upplýsinga hjá þessum mönnum. Það má einnig búast við, að félagsskapur togaraeigenda hafi eitthvað það fram að leggja í þessum málum, að hann geti veitt n. einhverjar þarfar upplýsingar. Þetta vakir fyrir sjútvn. með þessari till., sem kemur þá í staðinn fyrir þá till., sem hér hefir verið borin fram um að ákveða eitt einstakt félag til þess að láta þessar upplýsingar í té. — Ég hygg, að þetta ætti ekki að vera neitt þessu máli til tafar, því að það getur varla orðið neinn styr um svo einfalda till. og þá, sem hér er á ferð. Vænti ég þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. till.

ATKVGR.
Brtt. 202 tekin aftur.
— 351 samþ. mð 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 355).

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 408).

---

30. Hafnargerð á Raufarhöfn.

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Raufarhöfn (þmfrv., A. 43).

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. á þskj. 43 er flutt eftir beiðni hreppsn. Presthólahrepps og að mestu leyti samið af henni.

Samkv. frv., er samþ. var hér á síðastl. ári, fór fram nokkur athugun á skilyrðum til hafnargerðar á Raufarhöfn. Átti sú athugun að leiða í ljós, hverskonar hafnarbætur væru mest aðkallandi. Auk þess átti að gera kostnaðaráætlun. En þörfin á þessu er orðin brýn vegna aukins síldariðnaðar á þessum stað. Þessi rannsókn, sem fór fram síðastl. sumar undir stjórn vitamálaskrifstofunnar, leiddi í ljós, að það, sem þarf að gera, er að framkvæma dýpkun hafnarinnar, sem um leið myndi stækka það pláss, þar sem skip gætu legið. Auk þess þarf að gera önnur mannvirki, bryggjur o. fl.

Vitamálaskrifstofan mun í áætlun sinni hafa gert ráð fyrir, að fyrst yrði unninn aðeins nokkur hluti verksins og að það mætti gera án mikils tilkostnaðar. En fyrir liggur líka áætlun um frekari framkvæmdir. Þó er það, sem mest nauðsyn er á, dýpkun á nokkrum hluta hafnarinnar.

Upphæðir þær, sem nefndar eru í frv., eru miðaðar við, að allt verkið verði framkvæmt. Áætlar vitamálaskrifstofan, að það myndi kosta 450 þús. kr. En þó má gera ráð fyrir, að framkvæma megi mjög gagnlegar umbætur fyrir um 200 þús. kr.

Um þetta frv. má segja, að það sé í aðalatriðum samið í samræmi við hafnarl., er samþ. voru hér á undanförnum árum.

Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

***Ólafur Thors:** Ég hygg, að frv. þetta sé, þó að ekki sé þess getið í grg., flutt að tilhlutun stjórnar síldarbræðslnanna. Mér er kunnugt um, að verksmiðjustjórnin hefir samið þetta frv. að mestu leyti og ætlaðist til, að sjútvn. Ed. flytti það, en sendi svo frv. með bréflegri tilkynningu um, að flutnings væri óskað, til eins stjórnarnefndarmannsins, Finns Jónssonar, sem ekki var viðstaddur, er þessi ákvörðun var tekin. Hann hefir nú orðið við þessum tilmælum, enda þótt óviðkunnanlegt sé, að það sé nú flutt hér í d. í þessu formi, eftir að verksmiðjustj. var búin að mæla með, að það yrði flutt í Ed. Það er óvið-

kunnanlegt, að stjórnarnefndarmeðlimur, í stað þess að svara bréfi stjórnarinnar, skuli nú snúa sér til hv. þm. N.-Þ. og biðja hann að flytja með sér frv.

Ég vildi, að þetta kæmi fram. En ef frv. þetta er shlj. frv. verksmiðjustj., þá vil ég allt um það styðja að framgangi þess, því að þessu síldarnefndarfrv. vildi ég fylgja. Ég hefi þó ekki ennþá borið þessi tvö frv. nákvæmlega saman.

Ég tel aðalatriði í málinu, að framkvæmdir verði hafnar á þessu sumri, enda þótt nú sé búið að semja fjárl. fyrir 1938. Gæti ég hugsað mér, að hrinda mætti málinu fram á þann hátt, að ríkisverksmiðjurnar lánuðu úr sjóði sínum fé til framkvæmdanna, þ. e. ríkissjóðsframlagið, og fengju það endurgoldið síðar úr ríkissjóði.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Ég vil taka það fram, að þetta frv. er ekki samið af stj. síldarbræðslnanna eða undirbúið af henni, heldur svo til komið, að eftir að höfnin á Raufarhöfn var athuguð síðastl. sumar, var um það talað milli mín og hreppsn. Presthólahrepps, að þetta mál skyldi undirbúið. Síðan samdi hreppsn. þetta frv., og barst það mér frá henni fyrir svo sem viku. En sökum þess, að hv. þm. Ísaf. hafði í fyrra verið með mér í að flytja málið um athugun á höfninni, taldi ég rétt að gefa honum kost á að taka þátt í flutningi þessa frv.

Hinsvegar var mér kunnugt um, að stj. síldarbræðslnanna hafði fjallað um þetta mál, og er allt gott um það að segja, ef hún vill leggja málinu lið. Ég tel því, að heinast lægi við að senda henni frv. til athugunar og umsagnar, og mælir hún þá væntanlega með málinu.

Ég held, að svo hafi verið talið á síðasta þingi, þegar rætt var um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, að þetta væri hægt að gera án verulegra hafnarbóta. En það er víst, að þessar framkvæmdir verða aðkallandi áður en langt um líður. Því hefi ég og hreppsn. þarna fyrir norðan talið nauðsyn á að flytja þetta frv.

Þá verða jafnframt gerðar ráðstafanir til að safna í hafnarsjóð á staðnum. Þetta verður gert samkv. frv., ef það verður að l., en það mætti þá verða um leið, að síldarverksmiðjurnar sæju tök á því, þar sem þær hafa þarna hagsmuna að gæta, að leggja fram í bili eitthvert fé, sem þarna mætti verða til ráðstöfunar, á meðan ekki kemur framlag frá ríkissjóði. Um þau efni vænti ég alls stuðnings frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og vonast til, að hún greiði fyrir málinu hér á þinginu og framkvæmd þess síðar.

***Ólafur Thors:** Það er ekki ástæða til að deila mikið um keisarans skegg. En það er bezt, að það komi greinilega fram, að flest, sem síðasti ræðumaður sagði um gang málsins, eru óheilindi. Hann veit vel, að þetta frv. var sent Finni Jónssyni af meðstjórnendum hans í verksmiðjustj. og að F. J. í stað þess að endursenda verksmiðjustj. frv. og þá um leið umsögn um það, hvort hann væri því samþykkur, kvaddi þennan hv. þm. á fund sinn. Þeir afgreiddu frv. og svo var það flutt hér á Alþ. Það kom daginn eftir í þingsalinn. Skjalavörður getur sjálfsagt borið vitni um það, hvenær hann fékk það, en það var hæfilega langt liðið frá því að F. J. tók á móti því og þar til hann var búinn að senda það hingað með nafni þessa hv. þm.

Þetta er ekki aðalatriðið. En hitt er aðalatriði fyrir þá menn, sem vilja halda uppi virðingu Alþ. — eins og mér hefir skilizt, að þessum hv. þm. liggi þungt á hjarta —, að menn temji sér að segja frekar satt en ósatt, sérstaklega þar sem það getur ekki gert þeim verulega til, hvort þeir þjóna sannleikanum eða ósannindunum í það skiptið.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég tel það skipta talsvert miklu máli, að þar sem á að leggja 1½ millj. kr. í síldarverksmiðju á þessum stað, þá er sú aukna umferð, sem leiðir af starfi slíkrar verksmiðju, áreiðanlega svo mikil, að það er ekki hægt að hafa full og eðlileg afnot verksmiðjunnar, nema að gera þessa dýpkun á höfninni, sem ætlunin er að gera. Ég legg mikla áherzlu á, að þetta verði gert í tæka tíð, svo það verði full not af henni, þegar hin nýja verksmiðja tekur til starfa.

Ég hefi tiltölulega lítil áhrif á það, hvernig stj. síldarverksmiðjanna kynni að snúast við því að leggja fram fé sem lán upp á væntanlegt ríkissjóðsframlag. En það er greinilegt, að þm. kjördæmisins gerir það, sem hann getur, til þess að espa stjórn síldarverksmiðjanna gegn málinu með því að hafa í frammi málefnahnupl og skreyta sig með þessum málefnaflutningi, úr því stjórn síldarverksmiðjanna ætlaði málinu að ganga aðra leið.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Ég er töluvert hissa, og ég býst við, að allir hv. þdm. séu það, á þeirri rekistefnu, sem hv. þm. G.-K. er með út af því, að ég flyt hér venjulegt frv. til hafnarlaga, að beiðni hreppsnefndar í kjördæmi mínu. Ég hefi aldrei vitað dæmi þess hér á þingi, að þm. rísi upp með offorsi út af slíku. Hitt er náttúrlega svo ómerkilegt atriði, sem hv. þm. er að tala um, að ég tel það ekki þess vert að vera að karpa um það við hann. Það er auðvelt að sýna honum bréfið, sem mér barst frá oddvita hreppsnefndarinnar um að flytja frv. Ef ég nennti að eiga í því, þá væri hægðarleikur að sýna fram á, að allt, sem hv. þm. G.-K. hefir sagt um það, hvernig frv. er til komið og að ég hafi hnuplað þessu máli, er markleysa ein og enginn fótur fyrir.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég skil ekkert í því, að hv. þm. skuli vera með þessa rekistefnu út af því, að ég flyt venjulegt hafnarlagafrv. hér í d.

***Ólafur Thors:** Það er örstutt aths. Ég get vel skilið, að hv. þm. finnist það lítilfjörlegt atriði, hvort hann hefir hnuplað þessu frv. eða ekki, og hvort framkoma hans í þetta skipti er þannig, að hún sé talin samboðin þeim manni, sem sérstaklega vill leggja áherzlu á að halda uppi virðingu þingsins. Ég skil, að hann telji þetta ekki aðalatriði. En þó þetta sé svo, þá hefir hans framkoma í þinginu samt ekki almennt verið þannig, að mönnum finnist engin ástæða til að tala um svona framferði. Það getur verið, að þetta sé misskilningur hjá mér.

Ég ætla að þiggja tilboð hans um að fá að sjá þetta bréf að norðan, og vil helzt fá að sjá það sem fyrst. Mér þykir gaman að sjá, hvenær hann hefir fengið bréfið og hvernig orðalagið er á bréfinu og frv., sem hann segist hafa fengið. Það er ekki ófróðlegt að sjá, hvernig þeim hefir tekizt, hvorum í sínu lagi, stjórn síldarverksmiðjanna og þessari hreppsnefnd fyrir norðan, að semja hafnarlög, sem eru, þegar þau eru borin saman, svo að segja orði til orðs eins. Ég ætla sem sagt að þiggja þetta tilboð og vona, að hann sýni mér bréfið, þegar fundi er lokið. Ef hann hefir það ekki við hendina, þá stendur ráðherrabíllinn fyrir utan, og hann verður ekki lengi að skutla honum heim. Ríkissjóður mun ekki telja eftir sér að borga það.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Ég ætla aðeins, til þess að gera hv. þm. G.-K. hughægra, að endurtaka tilboð mitt um að sýna honum bréfið og uppkastið, án þess hann eigi nokkra kröfu á því. Fyrst það kostar svo lítið, þá vil ég gera mitt til að róa geðsmuni hv. þm. (**ÓTh:** Má ég eiga von á því í dag?). Ég hefi það ekki hjá mér, en á morgun mun hann að sjálfsögðu geta fengið það.

Sigurður Kristjánsson: Það var aðeins út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði áðan, að það væri ekkert hæft í því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að ég vil vitna um annað af þessum atriðum, sem sé það, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefir haft frv. tilbúið til flutnings og viljað koma því á framfæri á þann hátt, að það væri nokkurn veginn tryggt, að það yrði ekki flokksmál og kæmist í gegnum þingið. Einn úr verksmiðjustj. kom til mín fyrir nokkru síðan og skýrði mér frá þessu. Þeir voru þá ekki ráðnir í því, hvort þeir bæðu sjútvn. Nd. eða Ed. að taka að sér flutning málsins, en þeir töldu eðlilegt og sjálfsagt, að sjútvn. tæki að sér flutning málsins. Ég get þess vegna borið um það, að það er hárrétt, sem hv. þm. G.-K. sagði, að stjórnin hafði þetta frv. og ætlaði að fá það flutt á þann hátt, sem hún teldi sigurvænlegast.

Ég skal skýra frá því, að mínar undirtektir voru þannig, að ég taldi sjálfsagt, þegar ákveðið væri að gera dýr mannvirki þarna á Raufarhöfn, svo búast mætti við, að þar tækist mikill útflutningur, að staðurinn fengi sín hafnarlög. Ég skýrði því þessum manni frá því, að það væri engin fyrirstaða á því frá minni hálfu að gerast flm. að frv. um þetta efni ásamt öðrum nm., ef síldarverksmiðjustj. þætti vel til haga, að málið væri flutt í Nd.

En ég hygg, að þó hv. þm. N.-Þ. hafi tekið að sér flutning málsins — og skal ég ekkert blanda mér í deiluna út af því, hvernig það er til komið, eða leggja dóm á það, hvort hann myndi að sjálfsögðu flytja málið, þó hann hafi fengið beiðni um það frá hreppsnefnd, því það er í sjálfu sér engin sönnun — þá hafi það ekki mikla þýðingu fyrir framgang þess, hvort það er sjútvn. eða þm. N.-Þ., sem flytur það. Það standa sem sé þannig sakir, að andstöðuflokkar þess flokks, sem hv. þm. er í, er Sjálfstfl., sem aldrei lætur málefni gjalda þess, hver flytur þau. Málinu er þess vegna engin hætta búin, alveg gagnstætt því, sem er þegar andstöðuflokkar Sjálfstfl. taka afstöðu til mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 102).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar og borið frv. saman við nokkur eldri hafnarl., og sömuleiðis hefir hún sent það vitamálastjóra til umsagnar. Í fskj., sem fylgir nál. á þskj. 102, er birt bráðabirgðakostnaðaráætlun, sem vitamálaskrifstofan hefir gert um hafnarbætur á Raufarhöfn.

Þessi brb.kostnaðaráætlun er reiknuð út eftir þremur leiðum, eins og hv. þm. geta séð á þskj., og er við þær nokkuð mismunandi kostnaður, en hér vantar áætlun um nokkurn bryggjukostnað, sem mun verða talinn óhjákvæmilegur síðar meir, og þær upphæðir, sem eru tilteknar í frv., eru miðaðar við, að þær framkvæmdir séu gerðar.

N. er sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. með þeim lítilsháttar brtt., sem hún hefir gert og eru hér á þskj. Í fyrsta lagi er ábyrgðarheimild ríkissjóðs færð til samræmis við þær reglur, sem teknar hafa verið upp í hafnarlög frá síðasta þingi, að ríkissjóður er ábyrgur fyrir ⅘ kostnaðar, og er það jafnmikið og tillag hafnarsjóðs.

Þá er orðabreyt. við 3. gr., sem ekki skiptir miklu máli. Sömuleiðis er lítilsháttar breyt á 4., 7. og 10. gr. Breyt. á 10. gr. er aðeins leiðréttíng, og í 7. gr. er gert ráð fyrir, að kosning manna í hafnarnefnd fari fram að afstöðnum reglulegum sveitarstjórnarkosningum og séu allir nm. kosnir í einu. Nm. voru allir sammála um, að heppilegra væri að hafa slíkt ákvæði í hafnarl., vegna þess hvernig sveitarstjórnarkosningum er nú háttað.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en mæli með því f. h. n., að frv. verði samþ. með framkomnum brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 102,1 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 102,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 102,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 102,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 102,5 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 120, n. 198).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 120, 259).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég gat þess við 2. umr. þessa máls hér í d., að n. mundi athuga til 3. umr. brtt., sem til tals hefðu komið í n., en það var ekki fullráðið þegar n. skilaði áliti. Nú hefir n. athugað þetta á milli umr. og komizt að þeirri niðurstöðu, að bera fram brtt. á þskj. 259. Þar er lagt til, að inn í 10. gr. verði bætt 2 liðum til tekjuöflunar fyrir höfnina á Raufarhöfn.
Fyrri brtt. undir stafl. a. er um það, að af þeirri verðhækkun, sem verða kunni af hafnargerðinni á Raufarhöfn á því landi, sem að höfninni liggi, njóti höfnin nokkurra tekna, og virðist það vera mjög sanngjarn og eðlilegur tekjustofn fyrir höfnina. Hliðstætt ákvæði þessu er í l. um hafnargerð á Skagaströnd, og er það tekið sem næst óbreytt.
B-liðurinn er þess efnis, að til tekna fyrir höfnina sé heimilt að ákveða lítilsháttar gjald af afla þeirra skipa og báta, sem eiga heima á Raufarhöfn, svo og þeirra skipa og báta, sem leggja þar afla á land til sölu. Þetta ákvæði virðist vera mjög sanngjarnt, því að hafnargerðin á Raufarhöfn er gerð vegna fiskiflotans. Hún er því nokkuð sérstæð, því að flestar hafnargerðir hér á landi eru gerðar vegna verzlunarinnar; en þetta snertir mjög lítið Raufarhöfn. Þetta gjald virðist því vera í alla staði réttmætt, og það er svo lágt, að hámarkið er sett í 1%, svo að því virðist fyllilega stillt í hóf; hinsvegar gæti þetta orðið nokkur tekjuliður fyrir höfnina, og að mínu áliti mjög nauðsynlegur, vegna þess að þessi höfn getur aldrei orðið borin uppi af öðru en sjávarútveginum. Til þess að tryggja hag hafnarinnar í framtíðinni er því nauðsynlegt að setja þetta inn í l. um hafnargerð á Þórshöfn, sem afgr. voru frá síðasta eða næstsíðasta þingi, en sá munur einn er þar á, að hér er hundraðshlutinn 1%, en á Þórshöfn 2%.
Ég skal geta þess, að einn nm. var með nokkurn fyrirvara um b-liðinn, og ef honum finnst ástæða til, þá gerir hann grein fyrir því, en um fyrri liðinn er n. alveg sammála.
Ég sé svo ekki ástæðu til að láta þessum brtt. fylgja fleiri orð frá n. hálfu.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það er rétt, sem hv. frsm. n. gat um, að um fyrri liðinn er enginn ágreiningur í n., en um síðari liðinn er því ekki til að dreifa. Mér þykir það nokkuð þung kvöð, sem lögð er á öll þau skip, sem koma til með að skipta við verksmiðjuna, að þurfa að borga þetta gjald, vitandi vits að búið sé að leggja annað gjald á þessi sömu skip til viðkomandi hreppsfélags, svo að hér er nýr skattur lagður á alla þá, sem koma til með að skipta við verksmiðjuna. Þó að ég hinsvegar játi, að höfn sem þessi þurfi að afla sér fjár til að geta komizt í það horf, sem til er ætlazt, þá hygg ég, að það væri leið að finna einhvern annan tekjustofn, sem væri réttlátari en þessi. Ég er því vægast sagt á móti þessari brtt. og mun því ekki greiða henni atkv.

ATKVGR.
Brtt. 259,a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 259,b samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: JJ, MJ, PHerm, PZ. BSt, HermJ, IngP, EÁrna.
nei: SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, GL.
ÞÞ, JJós greiddu ekki atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 269).
Á 51., 54., 55. og 56. fundi í Nd., 22., 26., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 269, 334).

Finnur Jónsson: Við höfum flutt brtt. við frv. í meiri hl. sjútvn., vegna þess að í hv. Ed. hafa verið gerðar tvær breyt. á frv., sem við teljum okkur ekki geta fallizt á. Brtt. okkar er á þskj. 334, og miða að því að fella niður tölul. 2 í 10. gr. eins og frv. kom frá Ed. Er liðurinn um það, að helmingur hækkunar af lóðaleigu þeirrar jarðar, er að höfninni liggur, og allt að ⅔ hlutum lóðargjalda nýrra lóða skuli ganga til að standa straum af dýpkun hafnarinnar og byggingu og viðhaldi hafnarmannvirkja. Nú á ríkið allt landið kringum höfnina og jörðina sjálfa, sem Raufarhöfn stendur á, og virðist því óeðlilegt að fara að gefa hafnarsjóði Raufarhafnar þá verðhækkun, sem verður eingöngu vegna framkvæmda ríkissjóðs. Það eru nokkrir staðir hér á landi, þar sem líkt stendur á, að ríkissjóður á mestan hluta lóðanna, eins og á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Það væri sjálfsagt erfitt að standa á móti því, að þeir kaupstaðir fengju þá verðhækkun, sem orðið hefir þar á lóðum, ef tekin

væri upp sú regla þar, sem byggðar eru hafnir á landi ríkissjóðs, að verðhækkunin yfirleitt gangi til hafnarinnar.

Seinni liður brtt. fer fram á, að felldur verði niður f-liður 3. tölul. 10. gr., um það, að allt að 1% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, sem leggja þar afla á land til sölu, megi taka til útgjalda hafnarinnar. Það er að vísu fordæmi fyrir þessu í nokkrum hafnarlögum, en þó aðallega þar, sem ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum starfrekstri. Undantekning frá þessu er þó á Akranesi. En þar hefir þessi heimild aldrei verið notuð.

Það er þegar búið að samþ. að byggja allstóra verksmiðju á Raufarhöfn. Má því gera ráð fyrir, að þegar sú verksmiðjubygging er komin í framkvæmd — en sjálfsagt ekki fyrr — verði ráðizt í hafnarbætur. Og þá er alveg víst, að með þeim tekjustofnum, sem höfninni er heimilt að hafa samkv. 10. gr., getur höfnin haft nógar tekjur til að standa straum af kostnaði hafnarframkvæmdanna. Það er að sjálfsögðu ætlun Alþingis að búa svo að þessari hafnargerð eins og öðrum hafnargerðum, að hún hafi nægar tekjur til að standa straum af hafnarmannvirkjunum. En hinsvegar er ekki ætlunin, að hafnarsjóður sé sérstök féþúfa fyrir viðkomandi sveitarsjóði. Þess vegna hefir meiri hl. sjútvn. lagt til, að þetta félli úr aftur, sem hv. Ed. bætti inn í.

***Jakob Möller:** Ég er ekki vel kunnugur þessu máli, en mér virðist það vera ákaflega mikið athugamál, þar sem um framkvæmdir er að ræða, sem viðkomandi sveitarfélag og ríkissjóður standa að, — sem næst hálfu hvort, — hvort svo eigi að fara að sem n. leggur til. Og mér virðist ekki hægt að fallast á, að ekki sé sanngjarnt, að sveitarfélagið, sem á hlut að máli, fái nokkurn hluta af þeirri verðhækkun, sem verður á eignum vegna slíkra framkvæmda. Mér virðist a. m. k. meðan n. færir ekki nánari rök en þau, að sveitarfélag eigi ekki að græða á framkvæmdum ríkissjóðs á einhverjum stað, þegar það er upplýst, að ekki er aðeins um framkvæmdir ríkissjóðs að ræða, heldur einnig sveitarsjóðs, — meðan ekki koma frekari rök, sé ekki hægt að fallast á þessa brtt. Að sjálfsögðu hefir hv. Ed. ekki sett þessi ákvæði inn alveg hugsunarlaust, og að mér virðist með meiri rökum en nefndin í þessari hv. d. leggur til að fella þau í burt.

***Bergur Jónsson:** Viðvíkjandi niðurfellingu 2. töluliðar 10. gr. vil ég alveg taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það sé ekki nema eðlilegt, að höfnin og hreppurinn fái að njóta þeirrar hækkunar, sem verður á lóðagjöldum.

Ennfremur vil ég geta þess viðvíkjandi hinum brtt., við f-lið undir 3. tölul., að þetta er algerlega sama ákvæðið og í flestum öðrum hafnarl.

Að lokum vil ég geta þess, að ég býst við, að hv. Ed. vilji halda fast við þessar breyt., sem hún hefir gert. Eftir því, sem ég hefi aflað mér upplýsinga, þá mun hún breyta frv. aftur í það horf, sem nú er, ef því verður breytt hér. Og það setur bara frv. í hættu, ef samþ. verða þessar brtt.

***Finnur Jónsson:** Það er vitanlegt, að þær framkvæmdir, sem gera hafnargerð á Raufarhöfn nauðsynlega, eru verksmiðjubyggingin, sem í ráði er, að þar rísi. Það er framkvæmd ríkissjóðs og kostar um eina milljón króna. Auk þess er gert ráð fyrir, að ríkissjóður kosti ⅔ af höfninni sjálfur, eftir því, sem fé er veitt til í fjárl. og allt að 180 þús. kr. Allur kostnaður, sem gert er ráð fyrir, að hafnarsjóður Raufarhafnar hafi, er þá ⅓, eða 270 þús. kr. Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því, að kostnaður ríkissjóðs af framkvæmdum þarna á Raufarhöfn verði ein millj. 180 þús. kr., — fyrir utan þá verksmiðju á Raufarhöfn, sem þegar er búið að byggja. En kostnaður Presthólahrepps er einar 270 þús. kr.

Af þessu mega menn sjá, hversu ósanngjarnt það er, ef hreppurinn ætti að fá ⅔ hluta lóðargjalda húsa þeirra, er þarna verða byggð. Og ég vona, að þessar tölur nægi til að sannfæra hv. 2. þm. Reykv. um það, að ekki er sanngjarnt ákvæði gagnvart ríkissjóði, sem Ed. setti inn. Þótt að vísu sé sitt hvað, verksmiðjubygging og hafnarbygging, þá er það eingöngu vegna verksmiðjubyggingarinnar, sem nokkur hækkun yrði á landi. Ef ekki yrði byggð verksmiðja jafnframt höfninni, yrði engin sérstök verðhækkun.

Í öðru lagi þekki ég ekki í neinum hafnarlögum, annarsstaðar en þar, sem hefir verið gert ráð fyrir mjög litlum rekstri, að heimilt sé hafnarnefnd að taka 1% af afla skipa, sem leggja þar á land. En þar sem gert er ráð fyrir jafnmikilli umsetningu og á Raufarhöfn, hygg ég það gæti orðið freistandi fyrir hafnarnefnd að notfæra sér höfnina sem sérstaka féþúfu fyrir hreppinn, umfram það, sem þörfin krefur. Meiri hl. sjútvn. er á móti því, að hafnarnefnd Raufarhafnar sé leidd í þessa freistingu, og leggjum við því til, að þessi heimild verði felld úr frv. Það eru sannarlega nógar aðrar heimildir og nógu víðtækar fyrir í frv.

***Jakob Möller:** Ég get fallizt á, að það er verulegur munur á þessum tveimur till., um það að fella niður 2. tölul. og fella niður stafl. f í 3. tölul. 10. gr. frv. Og það, sem ég sagði, á í rauninni alls ekki við síðari till. En ég vil vekja athygli hv. þm. Ísaf. viðvíkjandi fyrri till. á því, að það er alls ekki sambærilegt í þessu sambandi, verksmiðjubygging og hafnargerð. Verksmiðjan er fyrirtæki, sem á að bera sig sjálft, og hún er ekki stofnuð til að verða ríkissjóði baggi. Höfnin reyndar ekki heldur. En spurningin er þá, hvar á að afla höfninni tekna. Verksmiðjan fær sínar tekjur í mismun á afurðaverði og verði á hráefnum. Og verðhækkun á lóðum, sem verður af þessum framkvæmdum hvorum tveggja, verður hrein tekjulind fyrir þá, sem hennar njóta. En hvað hefir ríkissjóður í raun og veru unnið til að fá slíka verðhækkun? Verksmiðjubyggingin kemur því ekki við. Það er hafnarbyggingin ein, sem þar kemur til greina og á að koma til greina, vegna þess að hún á að taka sínar tekjur af atvinnurekstrinunm, sem þar er rekinn. Þetta hefir í rauninni engin önnur áhrif en þau, að ef höfnin fær hluta af verðhækkuninni, sem verður af lóðum og löndum, þá tekur hún þeim mun lægri gjöld. En hvað verksmiðjuna snertir,

þá er hún sjálfstæð eign, því að þótt hún sé reist af ríkinu, er hún eign atvinnurekstrarins sjálfs. Þessi tvö fyrirtæki og þeirra hagsmuni verður því að aðskilja vel. En með því að létta gjöld fyrir afnot af höfninni er í raun og veru greitt fyrir verksmiðjurekstrinum.

Mér hefir kannske ekki tekizt að gera þetta eins skýrt eins og vera ætti, en ég hygg þó, að það ætti að liggja nokkurn veginn í augum uppi, að um þetta tvennt gegnir ekki alveg sama máli.

Um hinn liðinn, 1% af afla, sem lagður er í land, gegnir öðru máli. En þar er hinsvegar fordæmið frá Siglufirði, og hygg ég, að þetta sé þarna sett inn í frv. með tilliti til þess.

*Finnur Jónsson: Ég geri mig ánægðan með það, að hv. 2. þm. Reykv. getur fallizt á seinni hluta þessarar brtt. Og það, sem hann sagði í lok sinnar ræðu, gefur mér tilefni til þess að skýra það, að þetta er ekki sambærilegt og óviðkomandi samþykkt, sem gerð var með breyt. á síldarverksmiðjulögunum á síðasta þingi, á þá leið, að síldarverksmiðja ríkisins greiði í sveitarsjóð ½% af söluandvirði ársins og Presthólahreppur fær sitt ½% gegnum þau lög. Siglufjarðarkaupstaður hefir þannig enga slíka heimild í sínum hafnarlögum sem þessa, og það væri því óviðfelldið að veita Presthólahreppi þessi sérstöku hlunnindi.

Viðvíkjandi verðhækkuninni skal ég viðurkenna það, að Presthólahreppur ætti rétt á að fá verðhækkun á landi í hlutfalli við framlag sitt til hafnarinnar, á móts við framlag ríkisins til hennar, að viðbættum stofnkostnaði verksmiðjunnar; því að þótt hreppurinn byggi þarna höfn, þá yrði vitanlega engin verðhækkun á lóðum, ef ekki væri jafnframt byggð verksmiðja. Aftur á móti getur vel orðið verðhækkun á lóðum á Raufarhöfn við það, að byggð væri 4 þús. mála síldarverksmiðja, enda þótt ekki væri byggð nein höfn. Ef til vill yrði hún ekki eins mikil, og ég get til samkomulags fallizt á, að Presthólahreppur fengi einhvern vissan hluta af verðhækkuninni, með tilliti til þess, hversu mikið hann legði fram í samanlagðan kostnað hafnar- og verksmiðjubyggingarinnar. En ég get ekki fallizt á, að það sé eins mikið og frv. fer fram á.

Ég skal svo taka það fram, að ég var 2. flm. þessa frv., og ég sætti mig betur við það, að frv. verði afgr. eins og meiri hl. sjútvn. hefir lagt til, og eins og það var í upphafi, heldur en með þeim breyt., sem hv. Ed. hefir á því gert, og ég álít, að hafnarsjóði Raufarhafnar sé nægjanlega séð fyrir tekjustofnum með frv. eins og það var í upphafi.

*Bergur Jónsson: Ég vil aðeins geta þess viðvíkjandi seinni brtt. við stafl. f., að í flestum hafnargerðum eru ákvæði í þessa átt; t. d. í hafnargerðinni fyrir Akranes, þar sem nú er komin verksmiðja, er heimild til þess að taka 1% af afla báta. Og á Sauðárkróki er í rauninni gengið lengra í þessum efnum. Þar má heimta allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum. Og þetta er svona víða í hafnarlögum.

Nú má náttúrlega segja, að útlit sé fyrir, að um óvenju miklar tekjur verði þarna að ræða vegna verksmiðjuaukningarinnar á Raufarhöfn, en maður veit aldrei um það, hvað í framtíðinni kann að verða gert á hinum einstöku stöðum, og ekki er ástæða til að ætla, að þegar svona ákvæði eru komin inn í hafnarlögin, muni hægt að fá þau þaðan afnumin. Mér finnst þess vegna eðlilegast að hafa þetta sem mest í samræmi við það, sem annarsstaðar gerist.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu læt ég mér nægja röksemdafærslu hv. 2. þm. Reykv.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég er þess næstum fullviss, að hv. Ed. mun breyta þessu aftur, eftir því sem ég hefi fengið upplýsingar um, og þá er það bara til þess að setja frv. í hættu að samþ. þessar brtt.

Sigurður Kristjánsson: Ég er meðflm. að þessari brtt. á þskj. 334, og skal þess vegna, auk þess sem hv. þm. Ísaf. hefir sagt, taka fram eftirfarandi.

Það er, eins og hann benti á, að mjög miklu leyti ríkið, sem leggur hreppnum til þau miklu mannvirki og þá miklu bjargræðismöguleika, sem bundnir eru við þessa hafnargerð, í fyrsta lagi með því að leggja fram fé, að upphæð 180 þús. kr., og síðan ábyrjast 180 þús. kr. að auki, fyrir utan það að byggja verksmiðju fyrir 1 millj. kr., sem að sjálfsögðu skapar þarna margháttuð bjargræðisskilyrði. — Og svo eru höfninni ætlaðir margir tekjustofnar, svo sem gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, af skipum og bátum, lestagjald, vitagjald, vörugjald, bryggjugjald og festargjald. Og þessi gjöld er hafnarnefnd sett nokkuð í sjálfsvald að ákveða; að sönnu þarf ríkisstj. að samþ. þau, en það er ekki líklegt, að hún setji sig á móti því, að þau verði ákveðin svo hátt, að höfnin geti staðið straum af sínum útgjöldum.

Nú er það svo, að það er einmitt bygging verksmiðjunnar þarna, sem leiðir straum skipanna að höfninni, og það er þess vegna dálítið athugavert við að leggja sérstakan aukaskatt á alla þá, sem eiga hlut í afla, er þarna yrði í land lagður, fyrir svo að segja eingöngu atbeina ríkisins. Og að ákveða þetta áður en nokkuð er séð um það, hvað hinir tekjustofnarnir hrökkva langt, get ég ekki fallizt á, enda hefi ég yfirleitt verið því mótfallinn, að í hafnarlögum væri þannig heimild til þess að skattleggja afla af skipum.

Um verðhækkunina á jarðeignum, sem þarna liggja að höfninni, má enn til skýringar geta þess, að í frv. sjálfu er höfninni fyrst og fremst heimilað að sneiða af þessum lendum, alveg eftir því sem henni er talið nauðsynlegt fyrir endurgjald, sem á að metast, og er ekki líklegt, að það verði metið fyrst og fremst með tilliti til verðhækkunar, heldur þess, hvers virði landið sé þeim, sem lætur það af hendi. — Einnig má gera ráð fyrir því, að ef umráðamenn eða eigendur slíkra lenda yrðu einhverrar leiguhækkunar aðnjótandi, þá mundi það verða notað af hendi sveitarstj. til þess að skattleggja þá. Ég held, að það þurfi sizt að efast um það, að sveitarstjórn

hreppsins muni sækja bróðurpartinn af þeim skildingum niður í vasa þessara manna í hækkuðu útsvari.

Ég hefi sem sagt ekki viljað hafa þetta ákvæði í frv., vegna þess að enn hefir engin sönnun komið fyrir því, að nauðsynlegt sé að leggja óvenjulegar kvaðir á menn vegna þessarar hafnar.

ATKVGR.

Brtt. 334,a samþ. með 14:8 atkv.

— 334,b samþ. með 17:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 394).

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. hefir verið endursent hingað frá hv. neðri deild. Þar voru tekin út úr því aftur tvö atriði, sem samþ. höfðu verið inn í frv. hér í deildinni. Þessar breyt. voru heimildarákvæði til að afla höfninni tekna, og hefir hv. Nd. ekki viljað fallast á þær. Ég sé ekki ástæðu til að hrekja málið lengur milli deilda út af þessum ágreiningi, því að ég geri ráð fyrir, að hægt verði að fá lögunum breytt síðar, ef nauðsyn reynist fyrir höfnina að fá þannig tekjuauka. Ég geng út frá því, að sú n., sem hafði málið til meðferðar hér í d., muni vera sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.*

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 420).

---

31. Mór og móvörur.

Á 36. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði (þmfrv., A. 151).

Á 37. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Pétur Ottesen):** Landbn. hefir í grg. fyrir frv. þessu gert grein fyrir, hvernig það er til komið, að hún hefir orðið til að flytja það. Ástæðan til þess er sú, að Sigurjón Pétursson, verksmiðjueigandi á Álafossi, kom til n. og lýsti því fyrir henni, að hann myndi hafa aðstöðu til að geta gert íslenzkan mó verðmætan til útflutnings með því að vinna úr honum vöru, sem sérstaklega myndi verða seljanleg og notuð á erlendum markaði til einangrunar í sambandi við húsabyggingar, auk þess sem hann væri að láta framkvæma athuganir á því, að vinna önnur efni úr mónum, sem líkleg væru til þess, að hægt væri að ryðja þeim braut á erlendum markaði.

N. leit svo á, að hér væri um að ræða mál, sem fullkomlega væri þess vert, að því væri gaumur gefinn, ef hægt væri að hagnýta með nýjum hætti það mikla magn af mó, sem til er í ísl. jörð, eins og kunnugt er, og það því fremur, sem athuganir þessar beinast að því að gera móinn að útflutningshæfri vöru. N. þótti því til hlýða og var sammála um að verða við tilmælum herra Sigurjóns Péturssonar um, að honum yrði veitt einkaleyfi til útflutnings um ákveðið árabil. Í bréfi, er hann skrifaði n., fór hann fram á, að leyfistiminn væri bundinn við 13 ár, en n. dró dálítið úr því og hefir lagt til, að leyfið væri bundið við 10 ára tíma. Að öðru leyti er frv. þetta sniðið á sama hátt og flest önnur frv. og lög, sem sambærileg eru, um einkaleyfi til útflutnings til einstakra manna eða félaga, en í flestum þeim l. eru leyfin veitt til ákveðins tíma, án frekari reglugerðar og án þess að frekari rannsókn sé látin fram fara á möguleikum þessara einstaklinga eða félaga á að geta komið þeim fyrirætlunum í framkvæmd, sem um er að ræða. Eins og frv. þetta liggur fyrir, er brugðið út af þessari venju með því að veita ráðh. heimild til að veita einkaleyfið. Ástæðan fyrir því er sú, að Sigurjón Pétursson var ekki við því búinn, þegar hann hóf þessa málaleitun, að gefa allar þær upplýsingar, sem n. áleit, að ættu að vera fyrir hendi, þegar um er að ræða að ákveða, að slíkt einkaleyfi sé veitt. Því leggur n. til, að landbrh. verði veitt heimild til að veita þetta einkaleyfi, þegar umsækjandinn getur, að dómi ráðh., sýnt fram á, að hann geti hafizt handa um þessar framkvæmdir og fært líkur fyrir, að hægt sé að ryðja þessari vöru braut á erlendum markaði.

Það er jafnan sjálfsagt að styðja lofsverða viðleitni einstakra manna og félaga til að ryðja vörum braut á erlendum markaði, sem hægt er að framleiða hér, en það er líka sjálfsagt, þegar um einkaleyfi er að ræða, að lögð séu fram skilríki fyrir því, að skilyrði séu fyrir hendi um, að líkur séu á að hægt sé að koma þessu í framkvæmd. Þegar slík leyfi eru bundin við einstaka menn eða félög, má ekki gera það út í bláinn, heldur verða þeir aðiljar að sýna fram á, að þeir séu þess umkomnir að koma þessu í framkvæmd, því að það er jafnframt verið að taka fram fyrir hendur annara í þessum efnum á því árabili, sem einkaleyfið hljóðar upp á. Með tilliti til þessa hefir landbn. valið þessa leið. Þarf ég svo ekki að fara um frv. fleiri orðum. Landbn. er sammála um, að þessa viðleitni beri að styðja, og væntir, að það megi verða til góðs, að að þessu máli sé hlynnt.

Vil ég svo óska eftir fyrir hönd landbn., að frv. fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

***Gísli Guðmundsson:** Frv. það, er hér liggur fyrir frá hv. landbn., er um það, að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði. Bæði á síðasta þingi og þessu hafa verið til meðferðar mál svipuð þessu, um að veita einkaleyfi til sérstakrar framleiðslu, sem ekki hefir verið reynd áður, og selja á á erlendum markaði. Þessi hv. d. hafði fyrir nokkrum dögum til meðferðar frv.

um að veita slíkt einkaleyfi til fóðurmjölsframleiðslu. Ég er þeirrar skoðunar, að sú stefna, að veita einkaleyfi, þegar verið er með tilraunir um að vinna ný efni, sé réttmæt, og sjálfsagt sé að greiða fyrir þeim. Annars gætu fleiri fyrirtæki snúið sér að sömu framleiðslu, og gæti það eyðilagt möguleikana, ef fleiri færu að fást við það sama og e. t. v. keppa um verðlag o. fl.

En það er eitt í þessu sambandi, sem ég vildi vekja athygli á. Það er, að vel sé athugað, þegar slík einkaleyfi eru veitt, að þau brjóti ekki í bága við áður veitt leyfi, þannig að ekki sé veitt tveim aðiljum samskonar einkaleyfi. Ég hefi veitt því athygli, að í þessu frv. er heimilað að veita einkaleyfi til þess að flytja út mó og vörur unnar úr mó. Ég vildi spyrja hv. frsm. landbn., hvort það liggja fyrir upplýsingar um, hvaða vörur það eru úr mó, sem hann hugsar sér að vinna, ef hann fengi leyfið. Æskilegt væri að veita upplýsingar um það, ef þær væru fyrir hendi. Þingið verður að gæta þess viðvíkjandi þessum einkaleyfum, að þar geti ekki neitt atriði rekizt á annað. En svo gæti farið, ef heimilað væri að vinna úr mó með almennu orðalagi, eins og mér skilst jafnvel, að þetta muni vera.

Það er líka annað í þessu máli, sem ég vil benda á. Ég hygg, að það væri heppilegra, að þessi frv., sem fram koma um einkaleyfi til iðnaðar, færu öll gegnum sömu nefnd þingsins. Það myndi tryggja það, að málin séu rannsökuð hvert í sambandi við annað, og gæti orðið til að afstýra því, að ósamræmi eða árekstrar kæmu upp í sambandi við veitingu þessara einkaleyfa. Þetta frv. er flutt af landbn., en eðlilegra væri, að það væri flutt af iðnn. Ég tel ekkert á móti því, að málinu væri vísað til iðn. milli umr. Sú nefnd hefir haft önnur slík mál til meðferðar í d. En það var þetta,sem ég vildi benda á, að þess sé rækilega gætt við afgreiðslu þessa máls, að engir árekstrar verði milli þessara einkaleyfa.

***Frsm. (Pétur Ottesen):** Það er alveg rétt, sem hv. þm. N.-Þ. sagði, að vandlega verði að afgreiða slík mál í d. og gæta varúðar við því, að ekki geti risið neinn ágreiningur um það, að þeim einkaleyfislögum, sem samþ. eru, sé þannig fyrirkomið, að glöggt sé skilgreint, hvað við er átt. Það verður að gæta þess, að enginn ágreiningur rísi milli einkaleyfishafanna og að þeir geti ekki gert kröfu eða tilkall til að fara hver inn á annars svið. Þetta fyrirkomulag hefir verið athugað af landbn., og hún hefir lagt til, að það einkaleyfi yrði veitt, sem hér um ræðir. Hún álítur, að það sé svo fráskilið öllum einkaleyfisveitingum, sem áður hafa verið samþ. l. um, að ekki geti risið neinn ágreiningur út af þessu. Þetta er tryggt í l. um sérleyfi til útflutnings á vikri og sérleyfi til útflutnings á hrafntinnu, svo að ég nefni helztu sérleyfisveitingar. Þá getur það ekki með neinu móti blandazt saman við það, sem um er að ræða í þessu frv., en við slíku ber náttúrlega að sjá, þegar um sérleyfi er að ræða, sem nú er farið að veita töluvert af. Ég sé, að nú á þessum fundi hefir verið útbýtt frv. frá hv. þm. Eyf. um að veita Kaupfél. Eyfirðinga sérleyfi til að vinna þilborð, byggingarpappa og „cellulose" úr íslenzkum jarðvegsefnum til notkunar hér á landi. Ef þetta mætti verða, þá er vitaskuld hægt að spara innflutning á slíkum einangrunarefnum til húsabyggingar frá útlöndum, en til þeirra verður að flytja mikið efni til landsins, eins og nú standa sakir. Þetta frv. hefir legið fyrir landbn., og hún hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þær vörur, sem hægt væri að vinna úr mó, myndu sérstaklega vera efni til einangrunar við húsagerð, auk þess sem sérleyfið tekur fram. Ég geri ráð fyrir, að það væri hægt að vinna fleiri efni úr mó, sem e. t. v. mætti fá markað fyrir erlendis. En einkum, af því að okkur þótti þetta ekki liggja nógu ljóst fyrir, var ekki tekin fullnaðarákvörðun um þetta í n. Það var ekki við því að búast, að ég hefði þær upplýsingar við hendina, sem við töldum nauðsynlegar, en hann bjóst við að fá þær bráðlega, svo að hægt væri að hefjast handa um framkvæmdir á þessu ári. N. hefir haft þessa tilhögun á frv., að fela landbrh. að veita sérleyfið, að fengnum þeim upplýsingum, er teljast nauðsynlegar til að fullnægja ákvörðunum um skilyrði fyrir því, að Alþ. veiti slík sérleyfi. Það er náttúrlega miklu meira virði, ef hægt væri að gera þessa vöru útflutningshæfa, en aðstaðan til þess er erfið, þar eð slík efni eru víða til í þeim löndum, sem við yrðum að keppa við. Hér á Norðurlöndum er víða mikill mór í jörðu. Með tilliti til þess, að við Íslendingar yrðum að verzla með þessa vöru í samkeppni við samskonar framleiðslu frá öðrum þjóðum, hefir n. ekki séð sér fært að leggja til, að neinn sérstakur skattur yrði lagður á þessa vöru, eins og sumir sérleyfishafar hafa þurft að greiða. En þar hefir verið um vörur að ræða, sem tiltölulega lítið hefir þurft að vinna við hér á landi, og auk þess hefir eigi þurft að keppa við sambærilegar vörutegundir í þeim löndum, þar sem þurfti að afla markaða fyrir framleiðsluna og helzt var gert ráð fyrir, að hún yrði seljanleg.

Þar sem hv. þm. N.-Þ. minntist á, að þar sem hér væri um iðnað að ræða, hefði verið réttara að vísa málinu til iðnn. en til landbn., þá vil ég segja það, að það hefir verið venja hér á Alþ. að vísa þeim málum, sem flutt hafa verið af n., til hinna sömu n., því að þau heyra undir starfsvið þeirra. Það má vel vera, að iðnn. sé þannig mönnum skipuð, að innan hennar sé um meiri fagþekkingu á iðnaði að ræða en innan landbn. En ég er þess fullviss, að ef þeir menn í iðnn., sem hafa slíka sérþekkingu til að bera, sjá einhver vandkvæði eða missmíði á þessu frv. út frá því sjónarmiði, þá muni þeir vilja benda landbn. á það. Auk þess munu þeir, sem eiga sæti í landbn., vera viðbúnir að tala við iðnn. um þau atriði í þessu máli. Þess vegna virðist mér engin ástæða til að fara nú að vísa þessu máli til iðnn. En hinsvegar skal ég sjá um, að það verði rætt við þá menn í iðnn., sem hafa sérþekkingu á því sviði, sem snertir vinnslu þessara efna, sem hér er um að ræða.

***Gísli Guðmundsson:** Ég fyrir mitt leyti legg enga höfuðáherzlu á það, að þessu máli verði

vísað til iðnn. Hv. frsm. landbn. hefir lýst því yfir að landb. sé reiðubúin að eiga tal við iðnn. um málið. Tel ég því ekki ástæðu til frekari aðgerða í þessu efni. Ég skal ekki bæta miklu við það, sem ég sagði hér áðan, en aðeins geta þess, að þar sem hv. þm. Borgf. minntist á frv., sem hv. þm. Eyf. flytja í Ed. um einkaleyfi handa Kaupfélagi Eyfirðinga til að vinna þilborð, byggingarpappa og „cellulose“ úr íslenzkum jarðvegsefnum, er rétt að benda á það, að þessi frv. gætu farið nokkuð hvert inn á annars svið. Þar er talað um að vinna þilborð, byggingarpappa og „cellulose“ úr íslenzkum jarðvegsefnum, og þar getur vitanlega verið um ýms efni að ræða. Hinsvegar er hér engin skilgreining á því, hvaða efni má vinna úr mó samkvæmt leyfinu, og ég er ekki svo fróður í þeim sökum, að ég kunni skil á því, hvort það kynni að vera eitthvað af þeim, sem mætti vinna úr mó. Ég býst við, að fleiri hér í d. séu ekki heldur sérlega fróðir um þetta. Það er því alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. minntist á, að nokkur hætta gæti verið á því, að þau tvö frv., sem fram eru komin hér á þinginu, geti rekizt á. Ég vænti þess, að þetta verði vel athugað, og get verið ánægður með það, að landbn. ætlar að ræða við iðnn. um þetta mál, því að hún hefir einkum haft slík mál til meðferðar.

***Frsm. (Pétur Ottesen)**: Ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði, að ef til vill gætu orðið árekstrar milli þess frv., sem landbn. flytur, og hins, sem flutt er í Ed.. af þm. Eyf., þar sem það gæti komið til mála, að byggingarpappi og „cellulose“ væru unnin úr mó. En mér skilst á því, að þar sé aðallega stefnt að því að vinna þær til notkunar innanlands, en ekki til útflutnings. Fyrir því er engin hætta á, að árekstur geti orðið milli þessara frv. Frv. landbn. gerir ráð fyrir, að einkaleyfið verði einungis veitt til að flytja út vörur unnar úr mó.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 45 fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 339, 340).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta mál, sem er flutt af landbn. Nd. og var samþ. af þeirri d. og sent hingað, hefir verið til athugunar hjá landbn. Ed., og n. hefir reynt að gera sér málið dálítið ljóst. Hún hefir átt tal við þann mann, sem leyfið gengur út á, Sigurjón Pétursson á Álafossi, og n. leggur til, að honum sé veitt þetta einkaleyfi. Hér eru mörg atriði, sem eru meira eða minna óljós, og það er með hálfum huga, að ég legg til að samþykkja frv. Ég geri það eingöngu af því, að hér er aðeins um heimild að ræða. Mér er ekki vel kunnugt um, og ég hugsa, að enginn viti það vel, hve miklar birgðir af mó eru til hér á landi. Mólöndin eru víðast hvar ekki nema ósamstæðir smáblettir. Það er aðeins á tiltölulega fáum stöðum, sem svo stór mólönd liggja saman, að hugsazt geti að byggja á því iðnrekstur í stærri stíl. Langstærsta mólandið hér á Íslandi mun vera nálægt Búðum, eða í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Það land mun vera eign ríkisins. En eins og það er óljóst, hvað mólöndin eru stór, er líka óvíst, hve miklar birgðir af mó séu þar til. Mórinn hefir verið og er notaður til eldsneytis þar, sem hann er til. Þá kemur til athugunar, hvort ekki megi vinna úr mónum fleira og flytja hann til, svo að nota megi hann til eldsneytis á öðrum stöðum en þar, sem hann er grafinn úr jörðu. Þetta er gert víða erlendis, en hefir ekki verið gert ennþá hér á landi, nema það var einhverntíma reynt á heimsstyrjaldarárunum uppi á Kjalarnesi um stutta stund, en það gekk ekki vel, enda er ekki mikið móland þar. Ég lít þannig á þetta mál, að áður en stj. veitir þetta einkaleyfi, sé mjög mikil þörf á, að rannsakað sé frekar en nú er, hve miklar móbirgðir séu hér til, og hvort hægt sé að vinna þær hér á landi til að framleiða eldivið, sem þoli samkeppni við kol. Ef það reynist kleift, og mólöndin eru takmörkuð, mæli ég ekki með því, að leyfið verði veitt. Ég ætla, að þau séu hvergi svo stór, að byggja megi atvinnuveg á þeim, nema á Snæfellsnesi. En ef mikil mólönd eru til á mörgum stöðum hér á landi, svo að þau geti enzt um langa framtíð, og ekki er gerlegt að vinna úr mónum eldivið, sem flytja mætti til hér innanlands og væri samkeppnisfær við kol, væri sjálfsagt að nota þá heimild, sem hér er lagt til að veita. Að öðru leyti er ég ákaflega vantrúaður á, að þessi iðnaður, sem hér er talað um, muni þola þá er-

lendu samkeppni, sem búast má við. Ég hygg, að það séu flest af nágrannalöndum okkar, a. m. k. þau, þar sem ég þekki bezt til, sem eiga miklu meiri og betri mólönd en við Íslendingar. Auk þess hafa þau miklu betri skilyrði til þess að reka þá atvinnugrein en við. Ég hygg því, að vel þurfi að athuga fjárhagslegu hliðina, áður einkaleyfið sé veitt. Ég tel rétt, að leyfið verði ekki veitt fyrr en sá, sem á að fá leyfið, hefir sýnt það, sem krafizt er í 1. gr. þessa frv., nfl. færa sönnur á eða benda á sterkar líkur fyrir því, að unnt sé að byggja þennan iðnað upp á fjárhagslega traustum grundvelli, og að markaður sé til fyrir það, sem framleitt er. Þeir, sem um leyfið sækja, verða að leggja fram slík gögn, og stjórnarráðið á síðan að meta þau eins og þau liggja fyrir. Með þeirri aths., sem ég hefi gert við þetta frv., fylgi ég því ásamt meðnm. mínum og mæli með því, að það verði gert að l., en það er, eins og þið hafið heyrt, með hangandi hendi, sem ég geri það.

ATKVGR.
Brtt. 340 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 374).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, ÞÞ, ÁJ, ErlÞ, GL, JJós, EÁrna.
nei: SÁÓ, BrB, IngP.
PHerm, BSt greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJ, MJ, BSn, HermJ) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

32. Byggingarsamvinnufélög.

Á 4. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um byggingarsamvinnufélög** (þmfrv. A. 23).

Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 23, fer fram á það, að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi l. um byggingarsamvinnufélög, og er það tekið fram í grg., hverjar þessar breyt. eru. Aðalbreyt. er sú, að gert er ráð fyrir því, að í hverjum kaupstað sé aðeins eitt byggingarsamvinnufélag, í stað þess að samkvæmt núgildandi löggjöf geta þau verið og eru fleiri. Það verður að telja, að það sé á ýmsan hátt heppilegra, eins og nú hagar til um þessa starfsemi, að hafa eitt félag í hverjum bæ, m. a. sökum þess að l. gera ráð fyrir ríkisábyrgð á lánum þessara félaga, og þá er viðfelldnara, að ekki séu allt of mörg smáfélög, sem ríkið gengur í ábyrgð fyrir. Ef slíkt er lögtekið, verður að gera ráð fyrir, hversu með skuli fara þau félög, sem þegar eru stofnuð, og er ætlazt til þess í frv., að þegar slík félög ganga saman í eitt stórt félag, þá komi félagsmenn í nýja félagið í þeirri röð, sem þeir gengu í eldra félagið, þannig að ekki raskist að neinu leyti við þetta sá réttur, sem menn kynnu að vera búnir að ávinna sér með því, að ganga inn í félögin. Svo eru smærri breyt. í frv., eins og niðurfelling stofnsjóðsgjalds, sem í rauninni verður að telja óþarft, og ákvæði um það, að þeir félagsmenn sitji fyrir lánum hjá slíkum félögum, sem hafa tekjur eða eignir undir ákveðnu marki.

Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi og var þá vísað til n., sem mun hafa leitað umsagnar núverandi byggingarsamvinnufélaga hér í bæ um þær breyt., sem farið var fram á, en hvort þær umsagnir hafa borizt, er mér ekki fullkunnugt um.

Ég vil leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 248).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. til breyt. á l. um byggingarsamvinnufélög hefir verið til athugunar í allshn. N. hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. á þskj. 248, sem að vísu eru ekki meiriháttar, en aðallega orðalagsbreytingar. Þó hefir hún lagt til, að bætt yrði inn ákvæði til bráðabirgða, að þau byggingarsamvinnufélög, sem þegar hafa komið upp íbúðarhúsum samkv. lögum um byggingarsamvinnufélög, skuli njóta réttinda samkv. hinum nýju l. En í frv. var gert ráð fyrir því, að einungis það félag, sem fyrst hefir verið stofnað í hverjum kaupstað eða kauptúni, skyldi njóta réttinda samkv. hinum nýju l., þar á meðal réttinda til ríkisábyrgðar fyrir lánum. N. þótti hinsvegar ekki rétt, að þau félög, sem þegar eru byrjuð og hafa komið upp húsum, yrðu að hætta starfsemi sinni og ganga inn í önnur eldri. Hinsvegar verði svo eftirleiðis, að ekki hefji starfsemi samkv. þessum l. nema eitt félag í hverjum

kaupstað framvegis. Eftir eldri l. hefir verið hægt að stofna byggingarsamvinnufélög á hverjum stað, ef næg meðlimatala fékkst. Voru t. d. hér í Reykjavík allmörg stofnuð, en hafa ekki tekið til starfa nema tvö eða svo.

Legg ég svo til f. h. nefndarinnar, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem skráðar eru á þskj. 248.

ATKVGR.

Brtt. 248,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 248,2.a—c samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 248,2.d (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 248,3 samþ. án atkvgr.

6. gr. (verður 7. gr.) svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

7.—8. gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 248,4 samþ. með 19 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

10.—17. gr. (verða 11.—18. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 248,5 (bráðabirgðaákvæði) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 271).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 369).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Í þessu frv. er steypt saman tveimur l. um byggingarsamvinnufélög, þ. e. l. nr. 71 frá 1932 og l. nr. 41 frá 1933. Auk þess eru hér gerðar nokkrar breytingar frá ákvæðum núgildandi l., sem ég skal nefna þær helztu.

Fyrst er sú breyting, að það er gert ráð fyrir, að framvegis verði aðeins eitt byggingarsamvinnufélag með réttindum eftir l. um byggingarsamvinnufélög í hverjum kaupstað, þar sem slíkur félagsskapur er. En nú er það svo eftir gildandi l., að þau mega vera fleiri. Þetta fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, þykir heppilegra, og ég verð líka að líta svo á, vegna þess að þá má búast við áframhaldandi starfsemi slíks félagskapar og meiri vaxtarmöguleikum heldur en ef smáfélög risa upp í þessu augnamiði og leggjast svo niður, um leið og fullnægt hefir verið þörfum ákveðins hóps manna, sem í þeim eru.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að slík byggingarsamvinnufélög í kaupstöðum skuli vera í deildum, þannig að þeir, sem hafa sameiginlega sérhagsmuni eru í lánaflokki saman, séu deild í félaginu út af fyrir sig.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að ákveðið gjald, sem nú á eftir l. að renna í stofnsjóði byggingarsamvinnufélaganna, skuli falla niður, sem sé 1 kr. af hverjum þúsund kr. af kostnaðarverði byggingar. Þetta ákvæði er óþarft, vegna þess að fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að félagsmenn myndi í stofnsjóði inneign sína, sem gengur til bygginga og ekki má vera minni en ⅕ hluti af andvirði þess húsnæðis, sem ákveðið verður að koma upp fyrir þá hvern fyrir sig, og í öðru lagi er það óþarft vegna þess, að með öðrum ákvæðum frv. er séð fyrir fé til að greiða kostnað við stjórn byggingarsamvinnufélagsskaparins.

Þá er loks gert ráð fyrir því, að framvegis verði þeir tekju- og eignaminni menn látnir sitja fyrir þeim hlunnindum, sem þessum félagsskap yrðu veitt. Þetta er tekið fram í D-lið 7. gr. frv., en þó er þannig gengið frá því, að svo er að sjá sem þessara hlunninda geti orðið aðnjótandi allir þeir, sem ætla má, að hafi einhverja þörf fyrir þær réttarbætur, sem þetta frv. veitir.

Á síðasta þingi var breytt samvinnul. nr. 36 frá 1921 og meginmál samvinnul. frá 1921 var fellt inn í það lagafrv., sem þá var samþ. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er vitnað í samvinnul., og þau eru kölluð l. nr. 36 frá 1921. En þetta er ekki svo. Samvinnul., sem nú gilda, eru l. nr. 46 frá 1937. Hv. Nd. hefir sézt yfir þetta, og í frv. er vitnað í l. frá 1921, sem er rangt.

Allshn. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem hún flytur. Hv. Nd. samþ. frv. mótmæla- og mótatkvæðalaust. En allshn. þessarar d. leggur aðeins til, að breytt sé nokkrum gr. frv., þannig að tilvitnunin í samvinnul. sé rétt. Og vegna þess að þessa breyt. verður að gera á frv., hefir n. auk þess lagt til í nál. sínu, að niðurlagi 8. gr. frv. verði breytt að orðalagi; en það er ekki efnisbreyt. Aðeins er hér fært til betra og viðfelldnara máls.

Ég held, að ég þurfi ekki að fjölyrða meira um þetta frv., en allshn. leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem eru í áliti n. á þskj. 369.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt 369,1 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 369,2 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 369,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 369,4 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt., samþ. með 9 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 369,5 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 404).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 442).

---

33. Samvinnufélög.

Á 14. fundi í Ed., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög (þmfrv., A. 51).

Á 17. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Í gildandi samvinnulögum er svo ákveðið, að þegar á að kjósa fulltrúa í samvinnufélagi á sambandsfundi, skuli fulltrúatalan eingöngu miðuð við tölu félagsmanna. Þetta litla frv., sem ég flyt hér, gerir þá breyting á þessu ákvæði, að heimilt skuli að miða töluna einnig við viðskiptin, sem samvinnufélagið hefir haft við Sambandið á næstliðnu ári.

Það hefir komið í ljós, jafnvel frekast síðan afnumið var, að hver maður, sem inn gekk, yrði að gangast undir sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum félagsmanna, að mjög hefir fjölgað í einstökum félögum og þau þar af leiðandi fengið stóraukinn rétt til meiri ráða en áður um stjórn SÍS, án þess þó að viðskiptin hafi aukizt neitt verulega, hvað þá svo sem samsvara mundi fjölguninni.

Stjórn Sambandsins hefir því álitið rétt að gera þessa breyting, sem hér er farið fram á. Það er í sjálfu sér ákaflega eðlilegt að viðurkenna það og taka tillit til þess í samvinnulöggjöf, að sterkustu stoðir Sambandsins eru félögin, sem hafa mest viðskiptin við það, og beztu stoðir hvers félags eru þær deildir þess, sem beina öllum viðskiptum félagsmanna sinna til síns eigin félags. — Í frv. er einnig gert ráð fyrir því, að þau samvinnufélög, sem skipt eru í deildir, fái rétt til að ákveða á sama hátt, að fulltrúatala hverrar deildar skuli miðuð að einhverju leyti við heildarvöruskipti hennar við félagið.

Það virðist eðlilegt, að þetta tvennt fari saman, heimild til að ákveða þannig fulltrúatölu fyrir félögin og fyrir deildirnar. Annars staðar á Norðurlöndum hefir þessi regla verið tekin upp í samvinnufélögunum. — Ég geri ekki ráð fyrir, að mikill ágreiningur verði um þetta. Þess vegna ætla ég ekki að ræða málið meir að svo komnu, en legg til, að því verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég ætla ekki heldur á þessu stigi málsins að lengja umræður. Ef þessar brtt. á að skilja þannig, að með þessu eigi eingöngu að koma í veg fyrir, að félög gangi í Sambandið „pró forma“ og nái þar áhrifum, án þess að hafa viðskipti sín við Sambandið, og ef þessi heimild verður samkv. því þannig notuð, að takmörkuð verði fulltrúatala, þegar viðskiptin ná ekki yfir eðlilegt lágmark, þá er ekki hægt að vera móti þessu frv. Og þennan skilning mun hv. flm. og stjórn Sambandsins vilja leggja í frv. En ef framkvæmdin gæti orðið þannig, að í félögunum yrði alltaf miðað við viðskiptaveltu deildanna eftir einhverjum hlutföllum við tölu meðlima og á hliðstæðan hátt miðað við veltu félaganna við fulltrúakosningar á sambandsfund, þá brýtur þetta í bág við allt lýðræði og eina meginreglurnar, sem samvinnufélögin eru byggð á. Því að þá eru það ekki lengur menn, heldur krónur, sem ráða innan hvers félags og í Sambandinu.

Af samtölum, sem ég hefi átt við menn í stjórn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, er mér kunnugt um, að þeir mundu geta af félags síns hálfu fallizt á meginatriði þessa frv., ef fyrri skilningurinn, sem ég nefndi, yrði lagður í það, en ekki, ef það yrði hinn síðari, því að þá gæti Sambandið gert hvaða félag sem er áhrifalaust með því að takmarka við það viðskiptin. — Það er í rauninni engin von til að neytendafélög í bæjunum gangi í Sambandið, ef þau geta búizt við að verða gerð þar gersamlega áhrifalaus. Og ef þau geta ekki fengið þar þær vörur, sem þau þurfa, yrði slík „pólitík“ hjá Sambandinu til þess, að þau mundu alveg losna frá því og mynda sitt eigið samband.

Það má segja að þetta séu aðeins heimildarlög. En auðvitað eru þau sett í því skyni að framkvæma þau á einn eða annan hátt. Enda er frv. flutt fyrir tilmæli stjórnar SÍS, og má gera ráð fyrir, að hún sé búin að ákveða með

sér, hvernig hún leggur til við Sambandsfund, að þetta verði framkvæmt.

Ég vil, að þessu máli verði ekki hraðað um of, heldur athugað vel í nefnd, og að kaupfélögin fengju að segja sitt álit. Þá treysti ég því, að ekkert verði samþykkt nema það, sem allir aðiljar megi vel við una.

Flm. (Einar Árnason): Mér finnst kenna nokkurs misskilnings hjá hv. 1. landsk. í þessu máli. Mér finnst ekki vera um þau tvö viðhorf að ræða, sem hann nefndi, — um félög, sem væru í Sambandinu „pró forma", og önnur félög. Um það, hvort frv. brjóti í bág við lýðræði, skal ég ekki deila. Við lítum kannske ekki sömu augum á lýðræðið, enda heyrir það mál ekki undir þetta.

Ég neita því að slíkar breytingar á fulltrúakjöri geri nokkurt félag áhrifalaust um stjórn Sambandsins. Mér skilst hv. 1. landsk. hugsa sér, að sum félög fái þá kannske enga fulltrúa á sambandsfund. Það er mesti misskilningur. Því að í frv. er skýrt tekið fram, að alltaf skuli taka tillit til tölu félagsmanna og viðskipta félagsins, en ekki til annars eingöngu.

Ég held, að það sé líka alveg óhætt að treysta því, að þetta sé ekkert gerræði, sem hér á að leyfa, þegar nágrannaþjóðir okkar, sem að sjálfsögðu verða að skoðast lengra komnar en við í samvinnu, hafa allar vikið frá þeirri reglu að binda fulltrúatöluna eingöngu við félagsmannatölu. Í Danmörku má t. d. hver sambandsdeild senda einn fulltrúa á sambandsfund, alveg sama hvort félagið er stórt eða lítið, nema í Kaupmannahöfn. Félagsdeildin þar sendir 15 fulltrúa. Það kemur aðeins af því, að þar voru einu sinni 15 smáfélög eða deildir, en sameinuðust. Danir reikna fulltrúatöluna ekki nákvæmar en þetta. — Á Englandi sendir hvert félag einn fulltrúa, hvort sem það er stórt eða lítið, síðan annan fulltrúa fyrir fyrstu 10 þús. £, sem það kaupir fyrir árlega í Sambandinu, og eftir það einn fulltrúa fyrir hver 20 þús. £, sem það kaupir fyrir. Í Noregi sendir líka hvert félag einn fulltrúa og viðbótarfulltrúa miðað við viðskiptamagn, t. d. einn fyrir 20 þús. kr., tvo fyrir 100 þús. kr. og síðan einn fyrir hverjar 100 þús. þaðan af. Í Svíþjóð er það dálítið ólíkt. Þar mega félögin fyrst senda einn fulltrúa og síðan einn viðbótarfulltrúa fyrir hverja 500 félagsmenn; en þó er það skilyrði, að félagið hafi keypt fyrir 200 þús. kr. hjá Sambandi sínu fyrir hvern fulltrúa, sem það sendir fram yfir einn á sambandsfund.

Ég skal ekkert um það deila, hvort hv. 1. landsk. finnst þetta vera lýðræði hjá nágrannaþjóðum okkar. En ég held, að okkur sé alveg eins gott að fara eftir reynslu þeirra, þó að eitthvert nýstofnað kaupfélag hér áliti það ekki lýðræði. Ég veit ekki, hvers vegna Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis ætti að óttast þetta, því að í því eru margir félagar og mikil viðskipti við Sambandið. Ég skal heldur ekkert um það segja, hvort fulltrúar þess verða fleiri eða færri eftir breytinguna en áður; það veit hvorugur okkar. Það er ekki farið að setja neinar reglur um þetta; það er á valdi sambandsfundar. — Annars hirði ég ekki um að lengja hér umræður.

Brynjólfur Bjarnason: Ég heyri það á ræðu hv. flm., að það er einmitt mjög óljóst, hvernig Sambandið muni nota þessa heimild. Það skiptir afarmiklu máli, hvort þetta á að verða framkvæmt eins og á Englandi eða eins og í Svíþjóð. Mér er kunnugt um það, að í „Kron" og fleiri kaupfélögum yrði alls ekki haft á móti sænska fyrirkomulaginu, — að það skilyrði væri sett fyrir því að taka fulltrúa gilda, að félagið hefði keypt svo og svo mikið fyrir hvern félagsmann. Það yrði aðeins til að koma í veg fyrir, að félög, sem vilja ekki skipta við Sambandið eða njóta ekki viðskipta sinna eigin félagsmanna, fengju óeðlileg áhrif á stjórn Sambandsins. Um hitt ætla ég ekki að deila við hv. flm., hvort það sé lýðræði, að félögin fái fulltrúa kosna út á krónurnar í veltunni, en ekki félagsmennina. Þar kemur til greina fleira en það, hvort menn vilja skipta við félag sitt og það við Sambandið; þar er t. d. munurinn á viðskiptamagni stórbænda og smábænda.

Með hjálp samþykkta, sem gerðar væru í samræmi við þessi l., gæti SÍS með því að neita eða takmarka vöruútvegun til einhverra vissra sambandsfélaga, stórlega dregið úr áhrifum þeirra félaga á sambandsfundum og þar með ráðið, hvaða félög hefðu mest og hvaða félög minnst áhrif þar. Þá yrði það svo, að eftir því sem viðskiptin yrðu minni, því færri fulltrúa mættu félögin hafa. Gagnvart neytendafélögum í bæjum mundi þetta ekki hafa þau áhrif, að þau yrðu áhrifaminni í SÍS, heldur að þau mundu alls ekki verða í SÍS upp á þessi býti.

Flm. (Einar Árnason): Hv. 1. landsk. taldi það óráð, hvernig þessu yrði fyrir komið. En í frv. er engu slegið föstu um það, hvaða nánari reglum yrði fylgt í þessu efni. Ég vil aðeins segja hv. þm. það, að það liggur fyrir sambandsfundi, sem samsettur er af fulltrúum frá öllum sambandsdeildum, að ræða, hvernig fyrirkomulag verði haft um þetta, innan þess ramma, sem l. setja. Það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að sambandsstjórnin fari að setja reglur um það, hvernig þetta skuli vera. **(BrB:** Mér datt það ekki heldur í hug). Ef þetta frv. verður að l., þá liggur fyrir næsta sambandsþingi að ákveða, hvaða reglur verði teknar upp um þetta. Ef það yrði ofan á að fylgja gömlu reglunni, að félagsmannatalan skuli ein ráða um tölu fulltrúanna, þá er engin breytingin. Og það getur hvorugur okkar hv. þm. sagt um það, hvað verður ofan á í þessu. Sambandsstjórnin álítur, að það sé réttara að eiga þessa heimild til í l., ef fulltrúar frá samvinnufél., sem eru í SÍS, skyldu heldur vilja nota þá aðferð að ákveða fulltrúatöluna með tilliti til viðskipta félaganna.

Það, sem hv. 1. landsk. var að minnast á fátæka og ríka í þessu sambandi og segja, að þeir ríku ættu eftir þessu frv. að hafa völdin í SÍS, en þeir fátæku engin, er ekki sagt af því, að neitt sé í frv., sem hafi áhrif í þá átt. Ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að ég hefi upp

undir 40 ára reynslu um starfsemi kaupfélaga og þekki töluvert mikið inn á starfsemi þeirra og viðskipti manna yfir höfuð við þau. Og ég get sagt honum það, að það eru til efnaðir bændur í sveitum, sem eru í kaupfélagi, en verzla mjög lítið við það; miklu minna við það heldur en fátækir bændur, sem í því eru, þannig að það er ekki séð með þessu, að hér sé verið að kúga þá efnaminni í kaupfélögum. Það er bara hugarburður hjá hv. 1. landsk., að slík yrði afleiðing þess að samþ. þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed. 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 166).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv., sem hér er lagt fram, felur í sér heimild fyrir samvinnufélög til að mæla svo fyrir í samþykktum sínum, að þegar ákveðinn er réttur félagsdeilda til fulltrúa á aðalfund, þá megi taka tillit til hvorstveggja, meðlimafjölda og viðskiptamagns. Áður hefir það verið haft svo, að það hefir eingöngu verið farið eftir félagatölu, en ekki tekið tillit til viðskiptamagnsins.

Þetta er nú að vísu aðeins heimild, sem samvinnufélög eru sjálfráð um, hvort þau nota eða ekki, og þau nota því aðeins, að þeim þyki þess þörf. Stjórn SÍS stendur að þessu frv., og má ætla, að henni þyki máli skipta, að slík heimild sem þessi sé til. Hinsvegar verður hún því aðeins notuð, að meiri hl. fulltrúa á aðalfundi SÍS verði sammála um það, og meiri hl. fulltrúa á fundum kaupfélaga, að því er snertir framkvæmd heimildarinnar í einstökum kaupfélögum.

Það má upplýsa það, að álíka reglur og þetta, að taka megi tillit til þessa hvorstveggja, sem hér er um að ræða, gilda í samvinnufélögum í Danmörku, Svíþjóð og Englandi.

Allshn. hefir talið rétt að verða við þessum till. stjórnar SÍS. Þó hefir einn nefndarmaður skrifað undir nál. með fyrirvara, og gerir hann sennilega grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari liggur.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að einn nefndarmaður hefði skrifað undir nál. um þetta mál með fyrirvara. Það er rétt, að ég gerði það. Minn fyrirvari liggur í því, að ég tel, að hér sé nokkuð sterkt að orði kveðið í þeirri breyt., sem þessar tvær gr. frv. fela í sér frá núverandi l. um samvinnufélög. Þó að hér sé að vísu ætlazt til að um heimild sé að ræða, þá hygg ég þó, að það mætti takmarka þetta að einhverju leyti við eitthvert visst magn viðskiptanna, en eigi ekki eingöngu að setja þetta óskorað undir vald stjórnarfundar SÍS eða stjórnarfundi félagsdeilda.

Mér skilst, að þessi breyt., sem í frv. felst, sé eingöngu á þá leið, að fara megi eftir viðskiptaveltu um fulltrúafjölda. Þetta ákvæði hefir ekki verið til í l. um samvinnufélög frá 1921. Og á Alþ. 1937, þegar gerðar voru miklar efnisbreyt. á samvinnul., var alls ekki komið inn á þetta svið. Svo að það virðist sem eitthvert nýtt tilefni hafi gefizt til þess, einmitt nú, ári síðar en þessi breyt. var gerð á l., að fara nú að breyta einhverju í þessu efni. En það hefir alls ekki verið upplýst við umr. um málið, hvert þetta tilefni er.

Ég þarf ekki að ræða um 2. brtt., því að hún er aðeins afleiðing af hinni fyrri. Minn fyrirvari er um þessi hvorttveggja atriði, sem eru svo mjög nátengd. Ég hefi enn ekki komið með brtt. um orðalag á þessu frv. og mun, eins og nú standa sakir, greiða atkv. með því, að frv. fari til 3. umr., en láta koma fram brtt. áður en málið fer úr þessari hv. d.

Ég tel, að það eigi að fara varlega í það að útiloka að meira eða minna leyti þau félög, sem hafa viðskipti við SÍS, frá því að hafa áhrif á stjórn málefna þess. Því að hugsanlegt er, að það séu til félög, sem hafa kannske upp að 50% viðskipta sinna við SÍS og hafa kannske af réttmætum ástæðum ekki getað komið við að hafa meiri viðskipti við það. Þá tel ég ekki rétt, að slík félög séu útilokuð frá því að eiga fulltrúa á aðalfundi SÍS í réttu hlutfalli við sína félagsmannatölu.

Læt ég svo útrætt um þetta og geri ráð fyrir að láta brtt. koma fram við 3. umr. málsins.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég kom dálítið inn á þetta mál við 1. umr., og það, sem ég sagði þá, hneig mjög í sömu átt og það, sem hv. minni hl. allshn. hefir nú tekið fram í sinni framsöguræðu.

Það var rætt um þetta mál ekki alllítið á aðalfundi Kron, sem haldinn var hér í Reykjavík fyrir viku síðan. Og þar voru allir, að því virtist, á einu máli um það, að það væri nauðsynlegt, frá sjónarmiði þess félags, að fá á þessu frv. nokkra lagfæringu. Eftir að um þetta hafði verið rætt þar allmikið, bæði í nefndinni og á aðalfundinum sjálfum, var samþ. í einu hljóði eftirfarandi till., sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún er svona: „Aðalfundur Kron leggur áherzlu á, að fulltrúaréttindi einstakra félaga í SÍS séu í sem réttustu hlutfalli við tölu félagsmanna, og telur, að breytingartillögur þær við samvinnulögin, sem nú liggja fyrir Alþingi og heimila Sambandinu að miða fulltrúatölu einnig við viðskipti, eftir reglum, sem Sambandið setji sér sjálft, geti falið í sér aukna hættu á því, að hægt sé að takmarka mjög réttindi einstakra félaga. — Hinsvegar vill fundurinn fallast á breytingar í þá átt, að fulltrúaréttindi félaga, sem sýnilega eru til málamynda í Sambandinu, séu takmörkuð, enda eigi þau kost á viðskiptum við Sambandið". Þetta var samþ. í einu hljóði, þ. e. a. s. með öllum greiddum atkv., nefnilega allra, sem þarna áttu hlut að máli, og það voru fulltrúar a. m. k. allra vinstri flokkanna þriggja, sem þarna tóku til máls og ræddu um þetta. Þetta er þannig algerlega einróma skoðun hjá Kron að óska eftir breyt. á frv. því, sem hniga alveg í sömu átt og þær aths., sem ég gerði við frv. við 1. umr. þess hér í hv. d. Þar sem þetta er svo mikið

hagsmunamál fyrir kaupfélög í bæjum og mál, sem þau leggja áreiðanlega afskaplega mikið upp úr, og þar sem stærsta kaupfélag í bæ á landinu tekur þessa afstöðu til málsins einróma, þá get ég ekki skilið annað en að reynt verði að ná samkomulagi um þetta mál, sem allir aðiljar megi vel við una. Ég vona og treysti því, að áður en þetta frv. kemur til 3. umr., hafi hv. allshn. gert tilraun til þess að koma sér saman um einhverja þá lausn þessa máls, sem aðiljar geti eftir atvikum unað við. Annars mun ég bera fram við 3. umr brtt. í samræmi við það, sem ég hefi nú sagt. En ég mun verða fús til að taka brtt. aftur, ef einhver viðunandi lausn skyldi fást á málinu í n.

Einar Árnason: Ég vil þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Og ég vænti þess eftir þeim undirtektum, sem málið hefir fengið í n., að það fái að ganga fram.

Út af því, sem tveir hv. þm. hafa nú gert hér aths. við þetta mál, þarf ég ekki mikið að segja. Þegar samvinnul. voru sett árið 1921, þá voru þau sett samkvæmt beiðni samvinnumanna í landinu, og Alþ. tók alveg fullt tillit til þess, hvernig samvinnumenn landsins vildu yfir höfuð hafa skipulag samvinnufélaganna hjá sér. Þetta var í raun og veru ákaflega eðlileg afstaða, þar sem Alþ. hafði ekki neina ástæðu til þess að líta á aðra hlið þessa máls heldur en þá, að í þessum samvinnul. væru ekki nein þau ákvæði, sem væru þjóðarheildinni til skaða.

Nú kemur fram ósk frá samvinnumönnum í landinu, frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem fer eiginlega að miklu leyti með umboð samvinnumanna í landinu, um að breyta þannig til, sem ákveðið er í þessu frv. um kosningar á fulltrúum á aðalfundi SÍS, að það sé rýmkað um það ákvæði, sem hefir verið í l. samvinnufélaga og hefir miðazt við, að kosnir væru fulltrúarnir á aðalfundi SÍS eingöngu eftir tölu félagsmanna. Nú er farið fram á að rýmka þannig um þetta ákvæði, að það sé líka leyfilegt að taka tillit til viðskipta eða umsetningar félagsdeildanna, sem eru í SÍS.

Nú er ekki hægt að hugsa sér, að löggjafarvaldið, þ. e. Alþ., sjái neina ástæðu til þess að vera á móti þessu máli af því, að þetta sé þjóðarheildinni til skaða. Þetta er í raun og veru fyrirkomulagsatriði, sem eingöngu á að heyra og hlýtur að heyra undir samvinnumenn sjálfa, hvernig þeir haga skipulagningu innan sinna *eigin félaga*.

Hv. 3. landsk. var að tala um, að þetta ákvæði, sem í frv. felst, útilokaði félög frá því að senda fulltrúa á aðalfundi SÍS. Þetta er hinn mesti misskilningur. Eins og þetta er framkvæmt í öðrum löndum, þar sem löggjöfin heimilar þetta, sem hér er farið fram á, þá hefir verið tekið tillit til hvorutveggja í þessu sambandi, tölu félagsmanna og líka umsetningar félagsins. Og þetta ákvæði, sem í frv. felst, getur aldrei undir nokkrum kringumstæðum útilokað nokkurt félag frá því að senda fulltrúa á sambandsfund, því að í fyrsta lagi er fyrsti fulltrúinn fyrir hvert félag ákveðinn án tillits til þess, hvort félagið hefir haft litla eða mikla umsetningu, og svo er hægt að haga því eftir því, sem samvinnumenn vilja, sem þar á eftir kemur, hvort um sendingu fleiri fulltrúa á aðalfund sé að ræða frá félögum í ýmsum tilfellum og hvort um það skuli jafnframt tekið tillit til umsetningar félaganna eða ekki.

Hv. 1. landsk. var að tala um að ná samkomulagi um þetta mál. Ég vil aðeins benda honum á það, að vettvangurinn til að ná samkomulagi *um málið er á fundi SÍS. Þar eru saman komnir* fulltrúar frá öðrum samvinnufélögum, og þeirra er náttúrlega að ákveða það með samkomulagi, fyrst og fremst hvort nokkurt tillit skuli taka til umsetningar eða aðeins skuli farið eftir félagsmannatölu um fulltrúatöluna, og ef ákveðið er af þeim, að taka skuli tillit til umsetningar, þá, að hve miklu leyti. Það liggur þess vegna fyrir næsta sambandsþingi, ef frv. þetta verður að l., að fulltrúar sambandsdeildanna komi sér saman um eða ákveði, hvað skuli gilda í þessu efni. Það er eins og hv. 1. landsk. þm. veit, að kaupfélag þetta hér í Reykjavík hefir kosið sína fulltrúa á sambandsfund. Þar hafa þeir vitanlega sama rétt sem aðrir fundarmenn til að halda fram sínum málstað, ef þeir vilja eitthvað sérstakt í þessu efni. En ég sé sem sagt ekki nokkra minnstu ástæðu til þess fyrir löggjafarvaldið, að það fari að hefta frelsi samvinnumanna um það, hvaða fyrirkomulag þeir hafi innbyrðis í sínum félögum, ef það aðeins ekki fer í bága við heill alþjóðar. Og það er vitanlega ómögulegt að halda því fram, að þessi breyt., sem hér er lagt til með þessu frv., að mögulegt sé fyrir sambandsfund að gera, sé þjóðfélaginu skaðsamleg. Ég hygg, að enginn geti haldið því fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri og vænti þess, að þetta frv. fái að ganga áfram og ná samþykki Alþ. í þeirri mynd, sem það nú er í.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Aðeins örfá orð út af ræðu hv. flm. frv. Hann vitnar réttilega í það, þegar þessi l. voru sett 1921, að þar hafi óskir samvinnumanna í landinu fengið að ráða miklu um það, hvernig sú löggjöf leit út, sem þá var samþ. hér á Alþ. um samvinnufélög. Ég fylgdist kannske ekki mjög mikið með því, en þó nægilega mikið til þess, að mér var vel kunnugt um það, að þá stóð mjög mikill styr um það hér á Alþ., hvort óskir samvinnumanna ættu að ná fram að ganga. (**EÁrna:** Ekki um þetta efni). Nei, ekki um þetta efni, heldur um l. í heild. *Alþfl. átti þá einn fulltrúa á Alþ. En sá styr,* sem um þetta stóð þá, kom frá þeim mönnum, sem höfðu aðrar skoðanir og aðra stefnu í verzlunarmálum en samvinnumenn, þ. e. a. s. mönnum hinnar svo kölluðu frjálsu verzlunar og frjálsu samkeppni. Þeir menn börðust á móti gildistöku samvinnul. í heild.

Ég vil nú ekkert hafa á móti því, að samvinnumenn sjálfir fái að marka sína löggjöf. En hinsvegar er ekkert að undra, þótt eitthvað kunni frá þeim að koma, sem geti orkað tvímælis, hvort eigi að fara í gegnum þingið eins og þeir leggja til að það fari. Ég býst ekki við, að svo mikill reginskoðanamunur sé á milli mín og þeirra, sem að þessu frv. standa, um ákvæði

þess eða orðalag, eða milli mín og samvinnumanna yfirleitt um þessi mál, heldur er það, sem ég held fram, að þetta ákvæði geti orkað ágreiningi, hvort það eigi eingöngu að vera á valdi sambandsfundar, hvernig ganga skuli frá samþykktum í þessu efni. Ég lít svo á — má vera, að það sé ekki rétt ályktað hjá mér —, að það sé jafnvel heimilt með ákvæðum 1. og 2. gr. frv. að útiloka félag eða félög frá því að eiga fulltrúa á aðalfundum SÍS, félög sem engin viðskipti hafa við SÍS (**EÁrna:** Nei, það er misskilningur. Ef það er í Sambandinu á annað borð, má það alltaf senda einn fulltrúa á aðalfund SÍS). Við skulum nú segja, að dauðir meðlimir eigi ekki að hafa mikil áhrif á málefni SÍS, en hinsvegar meðlimir, sem uppfylla sínar þegnlegu skyldur við SÍS og t. d. hafa 50% af sínum viðskiptum við SÍS, þá er, eins og frv. er orðað, möguleiki fyrir samvinnumenn, eins og hv. flm. kallar það, að setja því félagi svo þröngar skorður um að senda fulltrúa á aðalfund SÍS, að það yrði ekki að áhrifum til þar hlutfallslega nema á við örlítinn hluta af því félagi, sem fengi að representerast á þeim fundi sem rétthærra félag. Og ég fyrir mitt leyti vil, að girt sé fyrir, að slík ákvæði komist inn í l., sem gera það að verkum, að réttur þeirra manna, sem fullnægja skyldum sínum að nokkru leyti við SÍS eftir samvinnul., sé fyrir borð borinn, sá réttur sem þeir ættu að hafa. Ég er ekki nógu kunnugur málefnum SÍS til að vita eins vel og hv. flm., hvort svo mikil brögð hafa orðið að því í seinni tíð, frá því er endurskoðun samvinnul. fór fram, að svo eða svo mörg félög hafi orðið dauðir meðlimir í SÍS. Má vera, að slík félög hafi verið til og séu til, og að það hafi yfirsézt við endurskoðun l. að taka það til greina. Ég skal ekki út í það fara, því að um það get ég ekki dæmt. En hitt getur verið, að með vaxandi þáttöku í kaupfélagsskap í kaupstöðum landsins telji hini eldri meðlimir SÍS, að hin nýja viðkoma félagsmanna í kaupfélagsskap kaupstaðanna sé svo ör, að miður hollt sé að fá of mikið af slíkum kaupfélögum til þess að senda sína fulltrúa á aðalfund SÍS til þess að hafa áhrif þar á málefni SÍS. Ég get ekki séð, að önnur hugsun en þessi geti legið til grundvallar fyrir þeirri breyt., sem í frv. felst. En ég efast hinsvegar um, að það sé hollt að láta slíka hugsun hafa afgerandi áhrif á stjórnarfar innbyrðis í SÍS og kaupfélagaverzlunar í landinu.

***Erlendur Þorsteinsson:** Hv. flm. þessa frv., hv. 2. þm. Eyf., tók það fram áðan, að sambandslögin ættu sjálf að fá að ráða því, hvernig þau skipi sínum málum. Ég er honum sammála um þetta og vil ekki ganga á rétt þeirra í þessu efni. En eftir því, sem fram hefir komið í málinu, er ég ekki alveg viss um það, að álits sambandsfélaganna hafi verið leitað um þetta efni, þó að þetta frv. sé flutt að tilhlutun SÍS. T. d. hefir það upplýstst við þessa umr., að stærsta samvinnufélag á landinu hafi óskað þess, að frv. þetta yrði ekki látið ganga fram eins og það nú liggur fyrir. Það gæti líka kannske farið svo, að svipaðar samþykktir kæmu frá fleiri samvinnufélögum, ef þau gerðu samþykktir um frv. Ég er formaður Kaupfélags Siglfirðinga, sem hefir eflzt mjög mikið nú síðustu árin. Í fyrra t. d. bættust við í það um 100 meðlimir, er annað félag var tekið inn í það. Ég geri nú ráð fyrir, að meiri hl. félagsmanna í því kaupfélagi væri á móti því að samþ. frv. þetta, því að það gæti haft þau áhrif, að t. d. það félag og neytendafélög í bæjum yfirleitt gætu misst eitthvað af þeim rétti, sem þau hafa til þess að geta haft áhrif á málefni SÍS.

Það getur verið, að það sé rétt, að þau félög, sem mikil viðskipti hafa við SÍS, fái rétt til þess að ráða meiru um málefni SÍS. Og þess ber að gæta, að neytendafélög, sem hafa verzlanir í kaupstöðum, hafa ekki aðstöðu til þess að selja framleiðsluvörur eins og t. d. sveitakaupfélög landbúnaðarafurðir. Eitt félag getur því haft meiri viðskipti, þó að það hafi færri meðlimi en annað samvinnufélag í kaupstað, sem samanstendur nær eingöngu af verkamönnum, sem enga framleiðslu hafa.

Ég mun greiða atkv. með þessu frv. til 3. umr. En ég geri ráð fyrir, að ég muni annaðhvort fylgja brtt., sem fram verður komin, eða flytja brtt. við frv. við 3. umr. Ég vildi gjarnan komast að samkomulagi við hv. flm. frv. um brtt., sem við Alþfl-menn höfum í huga að flytja.

Ég vil benda á, að ég tel, að ekki hafi verið leitað álits samvinnufélaga úti um land, áður en frv. þetta var borið fram. Ég tel þess vegna ekki alveg víst, að hér sé um að ræða breyt. á samvinnul., sem samvinnufélög í landinu óski eindregið eftir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mér skilst, að sú breyt., sem hér er farið fram á, sem sé sú, að réttinn til að senda fulltrúa bæði á aðalfund samvinnufélaga heima fyrir, og eins rétt einstakra samvinnufélaga til að senda fulltrúa á aðalfund SÍS, megi hér eftir eitthvað láta takmarkast við umsetningu félaganna — mér skilst, að þessi till. til breyt. geti verið sprottin af tveim gerólíkum rótum. Mér hefir ekki orðið ljóst undir umræðunum, af hvaða rót hún er runnin, en það er aðalatriðið fyrir mér. Ef hún er runnin af þeirri rót, að á bak við liggi sú hugsun, að þau félög, sem hafa mest viðskipti, fái meiri rétt heldur en hin, sem minni hafa við SÍS, þá er ég algerlega á móti breyt., því að ég vil ekki með nokkru móti stuðla að því, að samvinnufélögin í landinu færist meir yfir í snið hlutafélaga og láti krónurnar ráða, en ekki mannvit og mannréttindi. En ef þessi breyt. er aftur á móti sprottin af því, að á bak við hana felist sú hugsun, að útiloka það, að menn geti talið sig í einhverju félagi, þó að þeir skipti ekkert við það, til þess að koma fulltrúum inn á sambandsþing og reyna að hafa áhrif á gang mála þar, og ef til vill með því spillt fyrir þeirri heild, sem fyrir félaginu stendur, þá er ég henni sammála. Ef setja á ákveðið lágmark, þannig að þeir, sem minnst skipta við félögin, fái ekki leyfi til að senda nema takmarkaða tölu fulltrúa á aðalfundi SÍS, þá er ég með breyt. Ég vil ekki styðja að því, að á fundum samvinnufélaganna sé það krónu-

talan, sem ráði, en ekki mannvitið. Ég mun ekki styðja að því, og þess vegna samþ. ég ekki breyt., eins og hún liggur fyrir, en ef styðja á að því, að útiloka málamyndarfélög og félaga frá því að senda fulltrúa á fundina, þá er ég fullkomlega samþykkur því, og verði frv. komið í það horf, að greinilegt sé, að það sé meiningin með því, þá er ég frv. fylgjandi.

Einar Árnason: Hv. 3. landsk. sagði, að það hefði staðið mikill styr um samvinnulöggjöfina 1921. Það, sem menn greindi þá um, var aðeins það atriði, sem gripur í raun og veru inn í þjóðarheildina um skattgreiðslu samvinnufélaganna og það var eðlilegt, en um annað innra fyrirkomulag í samvinnufélögunum var enginn ágreiningur.

Mér finnst gæta dálítils misskilnings, þegar verið er að tala um takmörkun á tölu fulltrúanna. Menn mega ekki gleyma því, að eftir samvinnul., eins og þau eru, og er þar miðað eingöngu við tölu félagsmanna, er hægt að takmarka tölu fulltrúanna. L. banna það ekki. Undir eins þegar búið er að ákveða, að einn maður skuli mæta frá hverju félagi, þá má ákveða, að svo og svo margir menn standi bak við næsta fulltrúa, og enn fleiri bak við þriðja fulltrúann. Það er t. d. hægt að takmarka eins og verkast vill fulltrúatölu kaupfélagsins Kron hér í Reykjavík. Ef Kron gengur inn í sambandið nú, þá verður fulltrúatalan vitanlega takmörkuð, eins og Kaupfélag Eyfirðinga, sem fram að þessu hefir verið fjölmennasta kaupfélag í sambandinu, hefir nú takmarkaða fulltrúatölu, þannig að það er ekki einu sinni hægt að fullnægja því, sem hv. 1. þm. N.-M. heldur fram um, að mannvitið eigi að ráða, ef hann telur, að mannvitið sé þess meira, því fleiri sem mennirnir eru. Ég ætla ekki að deila við hv. 1. þm. N.-M. um mannvit og krónutal. Ég geri ráð fyrir, að það fari stundum saman og stundum ekki. Ég held, að það sé alls ekki neinn öruggur mælikvarði á mannvit, hvort bak við það standa fleiri eða færri krónur, og það er ekki hægt að slá neinu föstu um það, að sá, sem enga krónu á, hafi mest mannvit, og heldur ekki hinu, að sá sem á margar, hafi minnst af því. Ég vil benda á það, sem mér finnst sumir hv. þdm. ekki hafa gert sér ljóst, að eins og löggjöfinni er nú fyrir komið, er hægt að takmarka tölu fulltrúanna, en það er ekki takmarkað við krónutöluna sérstaklega. Hv. 11. landsk. sagði það réttilega, að ekki hafi verið leitað álits félaga, sem eru í SÍS, um þetta frv., heldur er það stjórn SÍS, sem stendur ein á bak við frv. Ef það skyldi koma í ljós á næsta sambandsþingi, að fulltrúar deildanna ekki kærðu sig um þetta, þó að þetta frv. yrði að l., þá nota þeir ekki þessa heimild, sem í frumvarpinu felst. Þess vegna er engin hætta á ferðum, þó að rýmkað sé svo um í þessu efni, eins og gert er ráð fyrir í frv., og það er alls ekki séð, að sambandsfundur kæri sig um að beita þessari heimild, sem hér er farið fram á.

Það er verið að tala um brtt. við þetta frv. Ég sé satt að segja ekki, hvernig á að gera brtt. við það, nema með því móti að fara að taka fram nákvæmlega, hvað miklir peningar eða viðskipti eigi að standa bak við í hvert einasta skipti og undir hvaða kringumstæðum sem er, en ég held, að það væri mjög óheppilegt, ef löggjafinn færi að fara inn á slíka smámuni, og vitanlega er það ekkert annað en að vinna á móti því, að samvinnufélögin hafi það frelsi í sínum eigin málum, sem þau eiga að hafa að mínu áliti, því að það, að vera á móti frv., er ekkert annað en að vera á móti því, að félögin fái að haga þessu eins og þeim þykir bezt henta. Að tala um, að með þessu frv. sé verið að gera einhverjar mjög varhugaverðar takmarkanir á fulltrúatölu og fulltrúavali félaganna, er hreinasti misskilningur, vegna þess, eins og ég er búinn að segja, að það er hægt að takmarka fulltrúatöluna eins og samvinnul. eru nú. Sambandsfundur getur þannig ákveðið, að fulltrúatalan frá Kron sé t. d. 2 eða 3 menn. Ef þessir menn vilja koma í veg fyrir að slíkt geti átt sér stað, þá verða þeir að breyta samvinnulögunum auðvitað í allt aðra átt en hér er farið fram á. Mér virðist, að ýmsa þá menn, sem hafa rætt um þetta mál, skorti töluvert mikinn kunnugleika á þessu máli yfir höfuð, og finnst mér það ekki undarlegt, því að ég hygg, að þeir hafi ekki starfað verulega mikið í þessum málum fyrr en rétt upp á síðkastið. Það getur vel verið, og ég efast ekki um, að þessir menn geti komið með margar nýjar, góðar hugmyndir í samvinnumálum, en það hefir ekki enn komið hér fram í þessum umræðum neitt það, sem ég get fallizt á, að sé til bóta, frá því sem er.

Hv. 3. landsk. taldi það vafasamt, að löggjafarvaldið ætti yfir höfuð að ganga þannig frá löggjöf um þessi mál, að hlutaðeigandi fundir félaga gætu fengið að ráða þessu. Þarna skilur okkur mjög mikið á. Mér virðist, að hv. 3. landsk. og hv. 1. landsk. vilji með löggjöf þrengja sem mest að athafnafrelsi samvinnufélaganna með því að vera á móti þessu frv., en ég verð að segja, að ég hefi litið svo á, að þeir sjálfir telji, að þeir væru fylgjandi heldur frjálslyndri pólitík.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Ég get upplýst hv. 2. þm. Eyf. um það, að ég get ekki fallizt á þetta frv. hans eins og það er, einmitt vegna þess, að ég er heldur fylgjandi frjálslyndri pólitík, eins og hann orðaði það sjálfur. Hv. þm. segir, eins og rétt er, að það hafi komið ósk frá stjórn SÍS um það, að l. yrði breytt í þessa átt, og hann lítur svo á, að úr því að sú ósk hefir komið fram frá samvinnumönnum í landinu, þá beri Alþ. líka að verða við þessari ósk. Ég er hv. þm. sammála um það, að Alþ. beri að láta samvinnufélagsskapinn í landinu hafa yfirleitt sem frjálsastar hendur og gera sér far um að verða við slíkum óskum, svo framarlega sem þær eru heilbrigðar og geta ekki orðið þjóðarheildinni til skaða. En hvað er hér um að ræða? Þessi ósk hefir komið frá SÍS, en aftur á móti er fullvíst, að samvinnuhreyfingin í bænum er andvíg þessu og óskar ekki, að Alþ. geri þetta að l. Er nú ekki, þegar á þetta er litið, dálítið varhugavert að samþ. l., sem vitað er, að mikill hluti samvinnuhreyfingarinnar í landinu

er á móti? Ég get upplýst hv. þm. um það, að á aðalfundi stærsta kaupfélagsins hér i Reykjavík, Kron, sem að vísu er ungt og hv. þm. ber ekki eins mikla virðingu fyrir og öðrum samvinnufélögum, eftir því sem mér virtist orð hans falla, var algerð *eining* um þetta mál; sumir vildu að vísu fara lengra en gert var, en það var samkomulag um málið, og það líka hjá þeim framsóknarmönnum, sem þar voru, og það var engum andmælum hreyft gegn þessu hjá þm. Framsfl., sem þarna voru, enda kom fram hjá einum framsóknarmanni, sem talað hefir hér, hv. 1. þm. N.-M., nákvæmlega sama skoðun á þessu máli eins og á þessum fundi og ég hefi á málinu.

Hitt er augljóst mál, að samkvæmt þessu frv. er hægt að takmarka rétt félaganna nærri ótakmarkað. Það er hægt að takmarka hann svo, að félag eins og Kron hafi t. d. aðeins 3 fulltrúa, en önnur félög, sem eru miklu minni, hafi miklu fleiri fulltrúa. Um þetta eru gefnar frjálsar hendur i þessu frv. Nú kemur hv. þm. með þau rök á móti þessu, að eins og l. eru nú, geti aðalfundur stórlega takmarkað fulltrúarétt félaga eins og Kron, og það er alveg rétt. Aðalfundur getur t. d. takmarkað fulltrúarétt Kron, eins og hann sagði sjálfur, niður i 3 fulltrúa, en með þessu frv., ef að l. verður, eru sambandsfundum gefnar enn frjálsari hendur, vegna þess að það er ekki nóg með það, að þeir geti takmarkað fulltrúatölu félags eins og Kron niður í t. d. 3, heldur geta þeir gefið öllum félögum, sem eru miklu minni, fleiri fulltrúa, svo framarlega sem félagið hefir sama sem engin viðskipti við SÍS, en annað félag, sem er mikið minna, hefði mikil viðskipti við það, i krafti þess, að SÍS geti takmarkað viðskiptin, eins og því sjálfu sýnist. Það má segja sem svo, að það sé undir aðalfundi SÍS komið, hvernig þetta verður framkvæmt, eins og hv. þm. hefir margsinnis verið að taka fram. En ég þykist vita, og þarf ekki að fara i grafgötur með það, að þetta frv. er borið fram af stjórn SÍS i alveg ákveðnum tilgangi, og það er tilgangurinn að framfylgja þessu á sama hátt og SÍS hefir hugsað sér, og það mjög án tillits til þess, hverju önnur félög óska eftir i þessu efni. Það er ekki á valdi þessara félaga að hafa áhrif á þetta, vegna þess að þau eru i miklum minni hluta í SÍS, og það eru mjög miklar líkur til þess, eins og högum er nú háttað i SÍS, að stjórn þess geti mjög svo ráðið því, hvernig l. verða framkvæmd.

Afstaða mín til þessa frv. fer, alveg eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, eftir því, af hvaða rótum þetta frv. er sprottið, eins og hv. 1. þm. N.-M. tók fram. Þar er ég honum alveg sammála. (**EÁrna:** Af hvaða rót er þetta sprottið i Englandi, Noregi og Svíþjóð?). Það fer eftir framkvæmdinni. Í Svíþjóð t. d. virðist þetta sprottið af þeirri rót, sem ég og hv. 1. þm. N.-M. getum fellt okkur við. (**EÁrna:** Þetta er alstaðar sprottið af sömu rótinni). Ef meiningin er sú, að takmarka fulltrúatöluna við viðskiptin, þannig að það verði ekki meðlimirnir og fjöldi þeirra í sambandsfélögunum, sem eiga að ráða og kjósa fulltrúa, heldur fjármagnið, þá er ég andvígur frv. Og af hverju? Vegna þess að það brýtur í bága við allt lýðræði, og eins og hv. 1. þm. N.-M. tók það fram, stefnir það í þá átt að gera samvinnuhreyfinguna skylda hlutafélögunum, og vegna þess að það er vel hugsanlegur möguleiki, að í þessu frv. felist einmitt sá tilgangur, og ég hefi meira að segja talsverða ástæðu til að ætla, að það sé tilgangurinn með frv., af því að sá möguleiki felst í því, álít ég, að Alþ. eigi ekki að samþ. svona frv., einmitt vegna þess að það er á móti þjóðarheildinni. Það tel ég tvímælalaust á móti þjóðarheildinni, að SÍS sé heimilað að setja þær reglur um fulltrúavalið innan sinna vébanda, sem gersamlega eru á móti lýðræðinu, og stefnir frá grundvallarreglum samvinnuhreyfingarinnar. Sé þetta frv. hinsvegar sprottið af þeirri rót, að sambandsstjórn óski eftir heimild til þess að takmarka rétt félaga, sem eru meðlimir aðeins að nafninu til, þá er ég samþykkur frv., en þá þarf að koma fram brtt., sem tryggir þetta, en útilokar jafnframt, að hægt sé að framkvæma þetta á hinn veginn.

Afstaðan til þessarar brtt., sem ég og fleiri munu bera fram við 3. umr., sannprófar, hver meiningin er hjá stjórn SÍS i þessu máli. Það kemur ekki fram í þessu frv., en þegar brtt. kemur fram, vænti ég þess, að málið upplýsist betur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 51, 184).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Það urðu nokkrar umr. um þetta mál hér í þessari d. og dálitill meiningamunur um það, hvort rétt væri að samþ. þetta frv. eða ekki. Ég ætla nú ekki sérstaklega að fara að blanda mér út í þær umr., en vil aðeins lýsa því yfir, að mér finnst þetta mál þannig vaxið, að Alþ. eigi að gefa samvinnufélögunum heimild til þess að nota þær aðferðir, sem frv. gerir ráð fyrir, ef þau sjálf sjá sér það henta, vitanlega í fullu trausti þess, að félögin hafi þann þroska, sem ég þykist vita, að þau hafi, til þess að engin hætta sé á, að þau misnoti þetta. —

Nú hefir komið fram brtt. við frv. á þskj. 184 frá hv. samþm. mínum. Hann hefir nú ekki talað fyrir henni við þessa umr., en hann lýsti henni við 2. umr. og þykir því sjálfsagt ekki þörf að mæla fyrir henni nú. — Allshn. hefir ekkert fyrir n. hönd að segja um hana. Sjálfur get ég sagt það, að mér finnst þessi till. eiginlega stinga nokkuð í stúf við samvinnulögin að öðru leyti. Þau eru sem sé fremur stuttorð og marka stefnuna aðeins í aðalatriðunum, en ætla svo samvinnufélögunum sjálfum að útfæra hana nánar í sínum samþykktum. Mér finnst þessi brtt. eiginlega þannig vaxin, að hún væri prýðilega til þess fallin að leggjast fram á sambandsfundi og ákvarðast þar, en mér finnst hún eigi ekki að samþykkjast hér á Alþ. Ég er ekki að

hafa á móti því, að leiðin, sem stungið er upp á í till., geti verið rétt, en ég álít bara, að þetta sé leið, sem sambandsmeðlimirnir eigi sjálfir að marka, en ekki Alþ. Og ég efast líka dálítið um það, að þessar aðferðir, sem brtt. gerir ráð fyrir, séu það þrauthugsaðar, að rétt sé að gera þessa till. að lögum. Ég verð þess vegna að leggjast á móti því, að d. samþ. þessa brtt.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. við brtt. á þskj. 184, sem hljóðar þannig:

„Aftan við 2. tölulið bætist: enda eigi félagið kost á viðskiptum við SÍS".

Þessi brtt. er skrifleg og fram komin á fundinum, og þarf því afbrigði til þess, að hún megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 194) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég er samþykkur brtt. hv. 1. þm. N.-M. Hún er í öllum aðalatriðunum í samræmi við þær athugasemdir, sem ég hefi gert við þetta frv. hér við umr. Þó hefi ég komið með þessa viðbótartill. við brtt., að aftan við 2. tölulið bætist: enda eigi félagið kost á viðskiptum við SÍS. Til þess að félag haldi fullum réttindum, þarf vöruverzlun félagsins, miðað við félagatölu þess, að vera svo og svo mikil, eftir því sem nánar er ákveðið á aðalfundi, og ég er því alveg samþykkur. En ég tel nauðsynlegt, að líka sé tekið fram, að félagið eigi þá kost á viðskiptum við Sambandið. Ef það ekki væri tekið fram, væru möguleikar á því, að félögum væri meinuð viðskipti við Sambandið, að svo og svo miklu leyti. Það má kannske segja, að ekki þurfi að taka þetta fram, því að það liggi í hlutarins eðli, en ég held nú samt, að það sé vissara, því að enda þótt ekkert slíkt felist í lögunum, þá er þó vel hægt að framkvæma þau þannig. Ég held þess vegna, að þeir hv. þm., sem geta fallizt á þessa brtt. hv. 1. þm. N.-M., hljóti jafnframt að geta fallizt á þessa brtt. mína.

Hv. 2. þm. N.-M. taldi ekki rétt að samþ. þessa brtt. á þskj. 184, og færði hann það sínu máli til stuðnings, að samvinnulöggjöfin væri yfirleitt stutt og markaði Sambandinu rúmt svið. En ef þetta frv. verður samþ. með þeirri breytingu, sem fyrir liggur frá hv. 1. þm. N.-M., þá þýðir það minni breytingu við lögin heldur en ef frv., yrði samþ. óbreytt. Og ef það er virkilega tilgangurinn með þessu frv., að takmarka rétt þeirra félaga, sem að meira eða minna leyti eru til málamynda í Sambandinu, án þess að vilja hafa við það viðskipti, þá getur stjórn Sambandsins vitanlega fallizt á þessa till. Ef það aftur á móti ekki er tilgangurinn og það skyldi vera meiningin með þessum óskum SÍS að fara inn á þá braut, að miða réttindi félaganna við viðskipti, en ekki tölu félagsmanna, þá tel ég alls ekki rétt að verða við slíkum óskum. — Þar af leiðandi álít ég, að afstaða þeirra þm., sem hér bera þetta frv. fram f. h. SÍS, til þessarar brtt., skeri í raun og veru úr um að, hver tilgangurinn sé með þessu frv.

***Jónas Jónsson:** Ég vildi aðeins segja fáein orð út af ræðu hv. 1. landsk. og út af brtt. hv. 1. þm. N.-M.

Það, sem hér er mergurinn málsins, er, að SÍS hefir, eins og menn vita, vaxið upp af verzlun sveitamanna, og svo smátt og smátt, án stórra breytinga, hefir það farið að hafa áhrif í bæjunum, en þó þannig, að bæjamenn hafa tekið til þakka þá þróun, sem sveitamenn hafa staðið að í eina tvo mannsaldra. Hér í bænum hefir neytendafélagsskapur yfirleitt átt mjög erfitt uppdráttar og verið gerðar nokkrar tilraunir, sem hafa misheppnazt. En það má segja, að fyrst nú í yfirstandandi kreppu hafi bæjarbúar sýnt meiri hneigð til þess að nota samvinnufélagsskapinn sem ráð gegn hinni miklu dýrtíð. Og hér hefir vaxið upp á skömmum tíma félagsskapur, sem hefir náð nokkurri útbreiðslu, sérstaklega í sumum kauptúnum hér við Faxaflóa. Það er náttúrlega ómögulegt að segja um það fyrirfram, hvernig þessi tilraun muni ganga. Hún hefir að sumu leyti gengið vel, og það lítur út fyrir, að sá maður, sem stýrir henni, hafi marga eiginleika til þess að láta þetta fyrirtæki heppnast. Hinsvegar er reynslan ákaflega stutt. Og það hefir komið ný meinsemd í þennan félagsskap, sem forstjórinn ræður ekki fyllilega við, sem ekki er eðlilegt, þar sem hér er um að ræða bæ, sem ekkert uppeldi hefir til þess að taka á slíkum málum, og því fremur sem það er vitað, að ein lífsstefna, sem yfirleitt lítur á samvinnu eins og algert aukaatriði, kommúnisminn, hefir nokkur ráð í þessu félagi. Og fyrr meir er talið, að þessi forstjóri hafi verið einn af ógætnustu forstöðumönnum þessarar pólitísku hreyfingar, þó að hann aftur á móti hafi sýnt sig tiltölulega gætinn og framsýnan í þessum efnum. En það virðist hanga við hann töluvert af fólki frá hans fyrri dögum, sem hefir komið fram á þann hátt, að mjög er vafasamt, hvernig þessu félagi muni reiða af, og það er a. m. k. ljóst öllum, sem starfa að samvinnufélagsskap, að þetta félag á ekki skilið að fá annan stuðning en þann, sem hæfir þess reynsluleysi. Félagið hér í Reykjavík, sem ég býst við, að standi á bak við þessa skriflegu brtt. og eins till. á þskj. 184, er alls ekki þess um komið á nokkurn hátt, að Alþ., og enn síður SÍS, láti þetta hafa hin minnstu áhrif á sig. Til þess er munurinn á þroskanum of mikill. Annarsvegar er öll reynslan og þroskinn, en hinsvegar eru fálmandi aðgerðir viðvaninganna, sem að sumu leyti standa undir áhrifum óþokkamanna, sem ala á sundrung, þar sem því verður við komið, og reyna að spilla fyrir atvinnulífinu í öllum þessum myndum.

Og það væri nægileg ástæða til þess að fella þessa brtt. frá hv. 1. þm. N.-M., þó að ekki væri öðru til að dreifa en að hún er fram komin frá honum, sem að vísu er merkilegur fagmaður í því, sem við kemur landbúnaðinum, en hefir aldrei staðið framarlega í samvinnufélagsskap landsins. Hann hefði því átt að vera svo gætinn, að hugsa sér ekki þá dul, að hann færi að verða leiðbeinandi SÍS og formanns þess um það, hvernig eigi að hátta samvinnulögum landsins. Ég vil því telja það fullkomlega vítavert af

þessum hv. flokksbróður mínum að koma fram með þessa óhugsuðu till., sem ekki er hægt að skoða öðruvísi en sem móðgun við þá einu stofnun hér á landi, sem hefir langa reynslu í þessum efnum og er hafin yfir það að þurfa að sækja ráð til viðvaninga.

Ég vil þess vegna taka það fram, — sem einn af þeim, sem ekki með lítilli vinnu undirbjó samvinnulögin 1921 og hefi fylgzt með þeim síðan —, að ég kann því ákaflega illa, ekki að kommúnistar skuli koma fram með skriflega brtt., af því að enginn ætlast til neins af þeim, heldur að hv. 1. þm. N.-M. skuli koma fram með þessa brtt., sem hann hefði alls ekki átt að leyfa sér að bera fram á þann hátt, sem hann gerir, því að hún verður ekki skoðuð öðru vísi en sem móðgun við SÍS og þann flokk, sem hefir veitt honum styrk til þess að vera hér á Alþ. —

Einar Árnason: Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af þeim brtt., sem fram hafa komið. Ég hygg, að ég hafi tekið það fram, þegar málið var hér síðast til umr., að ég gæti ekki fallizt á slíkar brtt. sem þessar. — Það virðist vaka fyrir þeim hv. þm., sem að þessum brtt. standa, að það sé einhver ógnarleg goðgá, ef höfðatalan í félögunum eigi ekki að ráða því, hve margir fulltrúar mæta á aðalfundi. Ég sýndi fram á það þá, að eins og lögin væru nú, væri í raun og vera ekki hægt að ná þessu marki, nema með því móti að hafa atkvæðisréttinn beinan og að hver félagsmaður gæti mætt á aðalfundi og greitt þar atkvæði. En nú er slíkt vitanlega ómögulegt, og þá verður að grípa til þess ráðs, eins og venja er í öllum félögum eða samböndum a. m. k., að hafa fulltrúa. Nú er það ekki svo, að jafnmargir félagsmenn séu á bak við hvern fulltrúa, heldur eru þeir misjafnlega margir, og þá er svo langt frá því, að þetta réttlæti náist, sem hv. flm. brtt. hyggjast að ná. Eftir þeim lögum, sem nú gilda, þá er það venjan með félög, sem eru í Sambandinu, að þau hafa rétt til þess að senda einn fulltrúa á aðalfund, hversu fámennt sem félagið er, en til þess að senda tvo fulltrúa, þurfa þau að hafa 300 félagsmenn, að ég held. Og ef maður hugsar sér, eins og hv. 1. þm. N.-M. sagði um daginn, að mannvitið ætti að ráða í þessum efnum, þá ætti mannvitið að vera helmingi meira hjá 300 félagsmönnum heldur en 299. Það er sem sé ekki hægt að ná fullkomlega því réttlæti, sem flm. brtt. ætla sér að ná.

Og svo er annað í þessu sambandi, sem sé, að svo er að heyra á þessum hv. þm., að þetta, sem hér er farið fram á, sé einsdæmi í samvinnufélagsskap heimsins. En ég bara spyr, hvort það sé nokkursstaðar ríkjandi í nágrannalöndunum, að tala þeirra fulltrúa, er hvert félag má senda á aðalfund, sé bundin við höfðatöluna. Ég vildi gjarnan, að þeir nefndu það land. — Ég hefi áður bent á það, og get endurtekið það, að Englendingar, sem ég hygg að standi mjög framarlega í samvinnufélagsskap, láta pundin sín koma til greina við tölu fulltrúa á aðalfund. Og þó að hér hafi nú verið talað um þessar krónur sem stórhættulegar okkar mönnum, þá er nú þetta það, sem við allir erum að sækjast eftir. Alveg sama er að segja um Norðmenn. Þeir taka líka tillit til sinna króna í þessum efnum, aðeins eftir dálítið öðrum reglum heldur en Englendingar. Svo er alls ekki úr vegi að líta til Svíanna, sem líka eru taldir með þroskaðri þjóðum í samvinnumálum. Þeir hafa það fyrirkomulag, að hvert félag í sambandi þeirra á rétt til þess að senda einn fulltrúa á aðalfund, og auk þess einn fyrir hverja 500 félagsmenn, þó með þeirri takmörkun, að félagið verður að hafa keypt fyrir 200 þús. kr. hjá þeirra sambandi fyrir hvern fulltrúa, sem er fram yfir einn. — Nú skildist mér á hv. 1. landsk. við 1. umr. þessa máls, að hann myndi geta sætt sig við fyrirkomulag, sem væri svipað eins og hjá Svíum, og eftir því sem frv., sem fyrir liggur, er orðað, liggur einmitt opið fyrir að fylgja aðferð þeirra. Með till. þessum eru bundnar hendur samvinnufélagsmanna á aðalfundi SÍS. Og það merkilega við brtt. er, að þær ganga þó að nokkru leyti í sömu átt og frv., nefnilega, að þær taka tillit til krónunnar, en ekki tölu félagsmanna eingöngu. Hv. flm. vill ganga inn á svið, sem ekki heyrir undir löggjafarvaldið, heldur er fyrirkomulagsatriði, sem samvinnumenn eiga sjálfir að ráða. Þessar till. eiga frekast heima í samþykktum innan félaganna, en ekki í l. Ég skal líka nefna, hvernig Danir koma þessu fyrir. Þeir hafa aðeins einn fulltrúa fyrir hvert samvinnufélag, hvort sem það er stórt eða lítið. Þar er aðeins ein undantekning, og það er félagasambandið í Kaupmannahöfn. Þar voru 15 félög, sem nú hafa sameinazt í eitt félag, en halda fulltrúatölunni 15. Ég skil því ekki alla þessa viðkvæmni út af þessu atriði. Ég sé ekki betur en að samvinnufélagsskapurinn eigi eins og allar aðrar stofnanir að fylgjast með þróuninni í heiminum. Það var talið sjálfsagt á fyrstu árum samvinnufélagsskaparins, að hafa ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð. Nú er búið að fella það úr gildi, af því að reynslan er búin að sýna, að það fyrirkomulag heyrir ekki til nútímanum. Sama er að segja um þetta atriði, sem við deilum um hér. Það heyrir ekki til nútímanum.

Ég skal svo geta þess, að eins og sjálfsagt var, ræddi ég þessa brtt. við forstjóra Sambandsins og leitaði álits hans. Ég hygg, að a. m. k. flestir samvinnumenn landsins taki nokkurt tillit til þess, sem hann segir um þessi mál, hann telur, að ekki eigi að samþ. till., og hann gekk svo langt að segja, að það mætti eins láta frv. daga uppi eða fella það, ef ætti að binda svo hendur samvinnumanna sem brtt. gera. Ég ætlast ekki til, að menn fari sérstaklega að taka tillit til þess, sem ég held fram í þessu efni, en ég veit, að samvinnumenn landsins taka tillit til þess, sem forstjóri Sambandsins segir um samvinnumál.

Þegar á að fara að breyta innra skipulagi í félögum Sambandsins, er ekki hægt að hlaupa í að skrifa hér á deildarfundi brtt., sem grípa fram í 20—30 ára gamla reynslu og losa um skipulag, sem reynzt hefir vel.

Ég sé ekki ástæðu til að taka til máls aftur. Ég taldi sjálfsagt að láta í ljós skoðun mína á

brtt., en verð auðvitað að láta ráðast, hvernig um þær fer.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég verð að viðurkenna, að ég skil ekki hugsunarhátt hv. 2. þm. Eyf. Hann talar um, að með brtt. mínum sé verið að breyta ráðnu skipulagi, sem megi ekki hrófla við, en sjálfur ber hann fram frv. um breyt. á sama skipulagi, og brtt. hans eru einmitt þess eðlis, að þær geta kollvarpað grundvelli skipulagsins. En eftir brtt. minum er röskunin sú ein, að hægt er að útiloka málamyndafélög. En það, sem skilur á milli okkar, er, að ég vil ekki láta skapa möguleika til þess, að Pétur eða Páll komi á fund og geti haft ástæðu til að ræða það, t. d. á aðalfundi SÍS, að þar skuli innleiða kosningarreglur hlutafélaga. Það er sá meginmunur á samvinnufélögum og hlutafélögum, að samvinnufélögin geta sent sinn fulltrúa til þess að fara með umboð misjafnlega margra manna, að vísu eftir samþykktum félagsins, en altaf ákveðins fjölda félagsmanna, en miða ekki við krónufjöldann, sem stendur í félaginu eða skipt er við félagið fyrir, en það gera hlutafélögin. Og þó að ég meti krónurnar mikils, dettur mér ekki í hug að tala um þær sem persónur, eins og hv. 2. þm. Eyf. gerði. Ætla ég svo ekki að svara því frekar.

Ég þakka hv. þm. S.-Þ. fyrir þá fræðslu, sem hann var að veita mér, en hitt er annað mál, að hve miklu leyti ég get notfært mér hana. Ég hefi átt dálítið við samvinnumál um æfina, verið í stjórnum þeirra um 12 ára skeið og meir en 30 ár starfað að þeim málum meir og minna, og aldrei hefi ég orðið var við, að neinn hafi viljað innleiða hlutafélagagrundvöllinn, og það er það í þessu frv., sem ég er á móti.

Ég er á móti skrl. brtt. við brtt. mína, ég tel enga hættu á því, að SÍS ekki láti öll félög, sem eru innan vébanda þess, hafa vörur, og því er tillagan óþörf með öllu. Hinsvegar tel ég, að það sé sjálfsagt, að Alþ. styðji ekki að því með breyt. á samvinnufélagsl., að skapaður sé möguleiki til þess að rifast um það á aðalfundi SÍS eða aðalfundum einstakra félaga, hvort kjósa eigi menn eftir krónum eða meðlimafjölda. Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að hann væri hræddur við kaupfélög bæjanna, og þau væru svoddan viðvaningar á samvinnufélagssviðinu. Þessi ótti er ímyndaður. Ein leiðin til þess er að hleypa fél. ekki inn í Sambandið. En væri hér um ástæðu til að óttast áhrif frá fulltrúum frá kaupstaðasamvinnufélögum á stjórn SÍS, er hægt að fara fleiri leiðir til að útiloka þau en þá, að láta hvert félag fá fjölda fulltrúa eftir viðskiptaveltu félagsins við SÍS, sem mér nú virðist helzt vaka fyrir honum. Önnur er sú að ákveða t. d., að hvert félag sendi 1 fulltrúa á aðalfund SÍS fyrir t. d. 2000 félagsmenn eða færri, og úr því 1 fyrir t. d. hverja 3000 félagsmenn eða færri. Með þessu má algerlega takmarka áhrif fjölmennu bæjarfélaganna, og til þessa þarf enga lagabreytingu að gera. Ef lagabreyt. þarf að koma, er það eingöngu til þess að geta komið inn hlutafélagakosningaréttarsjónarmiðum eða til að útiloka áhrif gervifélaga eða málamyndafélaga. Ég trúi því ekki, að sambandsmenn vilji það. Ég trúi því ekki, að hv. þm. S.-Þ. detti í hug að vilja það. Ég gæti frekar trúað hinu, að einhver annar vildi það, en hv. þm. S.-Þ. trúi ekki, að það komi til framkvæmda, og væri því með því í góðri trú. Hv. þm. S.-Þ. vítir það, að ég skuli flytja þessa tillögu, og telur það móðgun við SÍS og, að því að mér skildist, Framsfl., að ég skuli leyfa mér slíkt. Ég hygg hér sé um misskilning að ræða. Ég veit ekki annað en Framsfl. hafi alla tíð metið mannssálir meir en krónur. Og ég hygg, að hv. þm. S.-Þ. hafi þar talað skýrara og ákveðnara en flestir aðrir, bæði í ræðu og riti. Þess vegna tel ég mig vera í fullu samræmi við minn flokk, þegar ég held því ákveðið fram, að á fundi í samvinnufélagi eigi atkvæði að koma eftir raunverulegu félagatali meðlima félagsins, en ekki eftir því, hvað hver einn skipti mikið við félagið. Og sama gildir svo félögin og SÍS.

Eða heldur hv. þm. S.-Þ., að ef ég skipti við mitt kaupfélag fyrir 1000 kr. á ári, en hann bara fyrir 100, þá eigi ég að hafa 10 sinnum meiri rétt í félaginu en hann? Ég held þetta ekki, og til að fyrirbyggja, að einhverjir geti reynt að koma þessu á í samvinnufélögunum, vil ég fá brtt. mína samþykkta, eða drepa þær allar.

***Brynjólfur Bjarnason:** Það eru aðeins nokkur orð. Það er nú orðið ljóst, sem ekki var ljóst í upphafi, nefnilega hver tilgangurinn er með þessari lagabreyt., sem hér liggur fyrir. Við höfum verið að ræða um, hver hann mundi vera, og höfum verið í vafa um, hvort hann væri sá, að miða fulltrúaréttinn við viðskiptamagn, eða sá, að koma í veg fyrir, að málamyndafélög í SÍS hefðu fullan rétt.

Hv. þm. S.-Þ. hefir skýrt og skorinort sagt það, að tilgangurinn sé sá, að koma í veg fyrir að eitt ákveðið samvinnufélag fái of mikil áhrif, nefnilega Kron. Ég ætla ekki að svara þeim orðum, sem hv. þm. hafði um það félag, þau voru svo órökstudd og í alla staði órétt, að þess gerist ekki þörf. Hv. þm. fór með gersamlega staðlausa stafi.

Það er líka annað, sem fram hefir komið í þessum umr. og sannar, hver tilgangur frv. er. Hv. 2. þm. Eyf. upplýsti, að hann hefði átt tal um frv. og brtt. við Sigurð Kristinsson, og hefði hann sagt, að svo framarlega sem brtt. væru samþ., mætti eins fella frv. alveg eða láta það daga uppi. M. ö. o., þá væri það Sambandinu gagnslaust. Það þarf ekki frekar vitnanna við um tilgang frv., og út frá þessu finnst mér, að hv. þdm. ættu að greiða atkv.

***Jónas Jónsson:** Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hætt væri við, að það ætti að tryggja með l., að SÍS geti neitað fél., sem um er að ræða, um viðskipti, til þess að svipta það atkvæðisrétti, vil ég minna á það, að eins og ástandið hefir verið, hefir SÍS verið að reyna að hjálpa þessu kaupfélagi. Þetta félag hefir engan gjaldeyri, og er ekki hægt að lasta það fyrir það, en eingöngu fyrir vernd Framsfl. hefir það fengið nokkurn gjaldeyri. Ef hv. 1. landsk. hefði haft einhver áhrif í þessu landi, þá hefði

í fyrsta lagi ekkert kaupfélag verið til, og í öðru lagi hefði þetta félag alls ekki fengið þann stuðning, sem það hefir notið. En Sambandið verður auðvitað fyrst og fremst að hugsa um sín gömlu félög, sem leggja því til gjaldeyri. Sambandið hefir teygt sig til þess að hjálpa Kron fram yfir það, sem það hefir getað. Brtt. er því, fyrir utan að vera vitleysa, líka ranglæti.

Út frá því, sem hv. 1. þm. N.-M. hélt fram, að verið væri að breyta Sambandinu í hlutafél., hygg ég, að aðrar sterkari viðjar muni halda því á réttum grundvelli en brtt. hv. þm. Hv. þm. veit, að það, sem hann fordæmir hér, hafa kaupfélögin leyft sér um langan tíma. Við skulum taka t. d. K. E. A. og svo eitt minnsta félagið, Kaupfélag Fljótamanna, að athuga fulltrúatölu þeirra. Þá sést, að K. E. A. hefir hlutfallslega miklu færri fulltrúa. Þetta hefir alltaf verið svo. Ef ætti að fylgja höfuðreglunni út í yztu æsar, mundu stóru félögin hafa margfalt atkv.magn á við það, sem þau hafa.

Það eru reyndustu og hyggnustu menn þessa félagsskapar, sem að l. standa, og við kunnum því illa, þegar kommúnistinn í d. hefir við orð að reka forstöðumann Kron úr Kommfl., ég vildi raunar, að hann vildi gera það, því að það er blettur á þeim mæta manni, að hann skuli vera í Kommfl. —, svo illa þolir hann, að forstjórinn vill vinna vel fyrir félagið. En hv. 1. landsk. er auðvitað álitinn hreinn óviti í þessum efnum, nema hvað hans till. eru vísbending um, hvernig ekki eigi að fara að.

Ég álít þessar umr. heppilegar til þess að gera það ljóst, að við framsóknarmenn höfum verndað þennan vísi að samvinnufélagsskap, en við ætlum sannarlega ekki að láta þann vísi fyrirskipa okkar neitt um það, hvernig samvinnufélagsskapur eigi að vera. Það er vitað, að Kommfl. óttast samvinnufélögin hér á landi, af því að hann í sinni spillingarstarfsemi hefir alstaðar rekið sig á, að þar, sem hann mætir samvinnumönnum, hefir hann minnstan skaða getað gert og lítil áhrif haft. Þess vegna er þetta ekki í fyrsta skipti, sem það kemur til orða á Alþingi, að þetta fámenna flokksbrot og lítilfjörlega fái að vita sitt algerða þýðingarleysi. Og þó að við kunnum að hafa hjálpað þessum mönnum að einhverju litlu leyti, þá er það ekki af því, að við vitum ekki, hvers konar fólk kommúnistar eru.

Einar Árnason: Það hefir komið í ljós við þessar umr., að hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. landsk. fyrirlíta af hjarta krónurnar. Ég verð að segja það, að jafnvel þótt þeir öfluðu himneskra fjársjóða, held ég, að þeir ættu líka að líta á þessar krónur, sem við erum flestir svo sólgnir í og ganga á milli okkar. Ég játa mínar syndir á þessu sviði. Ég fyrirlít ekki krónurnar. Ég hefi reynt að starfa þannig að þeim félagsmálum, sem ég hefi verið við riðinn, að fyrirlíta ekki krónurnar. Og ég er kominn að þeirri niðurstöðu eftir langt starf, að það hefir ekki verið þýðingarlaust til þess að hjálpa áfram því fólki, sem erfitt á með sína lífsframfærslu.

Annars þykir mér dálítið einkennilegt, að báðir þessir þm. hafa látið í ljós, að þeir hafi aldrei vitað eða skilið, hvað lægi á bak við þetta frv. Það er eins og það sé að renna upp ljós fyrir hv. 1. landsk. um það, að þetta frv. grípi eitthvað inn í viðskipti og krónur. Satt að segja hélt ég, að frv. bæri greinilega með sér, að það eru þessar syndsamlegu krónur, sem um er að ræða. Mér hefir aldrei verið nein launung á því, að það kemur skýrt fram í frv. Það er engu líkara en þessir hv. dm. séu bæði blindir og heyrnarlausir. Ég hefi margsinnis tekið fram, hvernig þessum málum er fyrir komið hjá nágrannaþjóðunum. Þeir taka ekkert tillit til þess og virðast álíta, að það sé tóm vitleysa, sem ég er að fara með. Ég hefi beðið þá að benda á einhverja þjóð, þar sem samvinnumál eru á þroskuðu stigi, sem miði eingöngu við höfðatöluna í félögunum, eins og gert er hjá okkur. Þeir hafa ekki gert það. Svo tala þessir hv. þm. um, að hér eigi að fara að brjóta allar reglur um samvinnumál allra þjóða og taka upp hlutafélagsfyrirkomulag. Mig skiptir engu máli, hvort þeir kalla það því nafni. Það, sem ég ber fyrir mig, er þetta, að nágrannaþjóðir okkar, eins og t. d. Svíar, sem komnir eru lengra en við í þessum efnum, hafa þetta þannig.

Annars sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál. En mig furðar það, að hv. þm. skuli ekki hafa skilið það fyrr en nú, hvað farið er fram á í þessu frv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Það verður aðeins stutt aths.

Hv. þm. S.-Þ. virtist halda því fram í ræðu sinni, að ég hefði borið hér fram till. um það að skylda SÍS til þess að veita einstökum félögum svo og svo mikil viðskipti. Ég veit ekki, hvað hv. þm. er að fara. Mér hefir aldrei dottið slíkt í hug. Og hvernig er sú till., sem ég hefi borið fram? Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana hér upp, svo að þetta verði hv. þdm. ljóst. Fyrri töluliður brtt. hv. 1. þm. N.-M. hljóðar svo: „Heimilt er þó að ákveða, að takmarka megi tölu fulltrúa frá þeim deildum, sem ekki skipta nema að nokkru leyti við félagið". Og svo legg ég til, að bætt verði við: „enda eigi félagið kost á viðskiptum við SÍS". Hvað er hér farið fram á? Það skilur hver maður, sem er nokkurnveginn læs. Það er farið fram á, að ekki sé hægt að takmarka fulltrúatölu félaga, sem hafa haft lítil viðskipti, en ekki átt kost á viðskiptum við Sambandið. Svo er hv. þm. S.-Þ. að halda langa ræðu um þetta. Það er bókstaflega eins og það renni út í fyrir manninum.

Annað sagði þessi hv. þm. líka einkennilegt. Hann sagði, að það yrði ekkert tillit tekið til óska Kommfl. í þessum efnum, vegna þess að það væri svo lítilfjörlegur flokkur og lítilfjörlegir menn, sem að honum stæðu. (**JJ:** Alveg rétt). Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að þessi ósk kemur ekki frá Kommfl., heldur frá aðalfundi Kron. Þessi ósk var samþ. þar einróma, og það er svo langt frá, að þar séu eingöngu kommúnistar, heldur er þar fjöldinn allur af alþýðuflokksmönnum, framsóknarmönnum og einnig úr öðrum flokkum. Þetta er því hreint og beint slúður hjá hv. þm.

Þá er enn eitt, sem ég vil leiðrétta, af öllu

því bulli, sem hv. þm. S.-Þ. lét út úr sér, og það er, að ég hafi átt að segja á þessum aðalfundi, að það ætti að reka forstjóra Kron úr Kommfl. Ég sagði ekki eitt orð í þá átt.

Ég held, að ég hafi að öðru leyti verið búinn að taka flest fram af því, sem ég þurfti að minnast á. — Ég vil aðeins gera þá aths. við ræðu hv. 2. þm. Eyf., þar sem hann var að tala um, að okkur 1. þm. N.-M. væri illa við krónurnar, að eg held, að hvorugur okkar hafi talað um það. Hitt sögðum við, að við vildum ekki miða réttindi manna í þjóðfélaginu, fulltrúarétt*indi* eða atkvæðisrétt, við það, hvað menn eiga margar krónur. Eftir því ætti kannske að innleiða þá reglu í stjskr., að atkvæðisréttur *manna færi eftir krónufjöldanum, sem þeir ættu.* Sá, sem hefði 5 þús. kr. árstekjur, hefði t. d. eitt atkv. Sá, sem hefði 10 þús. kr., 2—3 atkv. o. s. frv. *Þó að krónurnar séu góðar, er ég á móti* því, að réttur manna sé á þann hátt miðaður við þær.

Hv. þm. sagði, að við *hefðum ekki bent á* neina þjóð, þar sem fyrirkomulag samvinnumálanna væri eins og við óskuðum að hafa það. Ég hefi bent á Svíþjóð. Ég held, að þessum málum sé þar skipað á mjög svipaðan hátt og lagt er til í brtt. þeirri, sem hér hefir komið fram.

Páll Zóphóníasson: Ég ætla, að það hafi komið fram í minni fyrstu ræðu hér, sem hv. 2. þm. Eyf. virðist ekki hafa heyrt, þótt hann væri þá hér í deildinni, að ég álít, að eins og þetta ákvæði er nú í þessu frv., sem fyrir liggur á þskj. 51, sé ekkert sagt um það, hvernig eigi að miða við krónurnar. Ég tók það fram, að það væri hægt að miða við þær á tvo ólíka vegu, og rakti ég, hvernig það væri. Annarsvegar væri hægt að láta einn fulltrúa frá hverju félagi og svo til viðbótar fulltrúa fyrir svo og svo mikla krónutölu í viðskiptum. Þá mætti einnig miða fulltrúatöluna við félagatöluna, en þó þannig, að því aðeins hefðu þau þann rétt, að þau skiptu við félagið fyrir ákveðið lágmark, til að útiloka málamyndafélagsmenn frá áhrifum á gang félagsmála. Þessar tvær leiðir sagði ég, að væri hægt að fara, og ég sagðist vilja útiloka aðra leiðina, og í þeim tilgangi er brtt. flutt.

Mér skildist það koma fram í umr., og skil ég þó ekkert í því, að brtt. væri flutt að einhverju leyti til þess að útiloka þátttöku einhverra minna þroskaðra félaga í Sambandinu heldur en annara, sem væru á hærra þroskastigi félagslega séð. Og mér skilst, að þessi lítt þroskuðu félög séu félögin í kaupstöðunum. Hvernig kemur þetta út þar? Hvort ætli það séu kaupstaðarbúarnir eða sveitamennirnir, sem skipta meira við kaupfélögin, sem þeir eru í? Hverjir ætli leggi sér meira til munns af því, sem þeir framleiða? Maðurinn í óþroskaða félaginu hefir meiri viðskipti. Félag með 100 meðlimum í Reykjavík hefir meiri umsetningu en félag með 100 miðlimum í sveit. **(EÁrna:** Þetta er algerlega rangt). Hv. 2. þm. Eyf. segir, að þetta sé rangt. Hann ætlar að fóta sig á því, að það sé fleira fólk á sveitaheimilunum, en oft ekki nema einn heimilismanna skrásettur sem félagsmaður. En hvað segja hagskýrslurnar? Þær segja, að það sé að meðaltali 0,2 fleiri menn á heimili í sveit en í kaupstað. En hvað heldur hv. þm., að muni miklu á úttektinni, eins og t. d. kjöti og mjólk? Eigi að fara að miða fulltrúatöluna við viðskiptaveltuna, verður reyndin sú, að það koma inn fleiri fulltrúar frá kaupstaðafélögunum en sveitafélögunum, eða öfugt við það, sem ætlazt er til með lagabreytingunni.

Ég trúi því ekki, að stj. SÍS ætli að fara að gera slíkan réttarmismun á milli einstakra manna og hér er um að ræða, en ef það er hugsað til að koma því í kring á þennan hátt, þá er algerlega skotið framhjá markinu, því að kaupstaðarbúar fá fleiri fulltrúa, ef á að miða við krónutöluna, en ekki félagatöluna.

***Jónas Jónsson:** Út af þeim orðum fulltrúa kommúnista hér áðan, að hann hefði ekkert *á það minnzt á fundi Kron*, að hann vildi reka kaupfélagsstjórann frá starfi sínu, af því að hann stóð á móti þeim lögleysum, sem þessi hv. þm. var svo *framarlega* í, vil ég taka það fram, að hv. þm. veit sjálfur, að hann sagði þessi orð, og það svo hastarlega og opinberlega, að alkunnugt er orðið, þótt *hann gerði það ekki* í ræðuformi. Og það er enganveginn óheppilegt, að hann skuli sýna skyldleika sinn við fyrrv. lögreglustjóra í Rússlandi, sem hefir ekki elskað sannleikann nógu mikið þar í landi, eftir því sem maður heyrir. Hv. þm. hefir sýnt það greinilega í umr., að hann er hér eins og annarsstaðar að reyna að gera tilraun til þess, þó af veikum mætti sé, að styðja það, sem verr hentar. En hann mun sjá það við atkvgr., að hans áhrif megna lítils hér eins og annarsstaðar.

Einar Árnason: Það er aðeins örstutt aths.

Hv. 1. þm. N.-M. var að gera samanburð á viðskiptum bænda og kaupstaðarbúa, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að viðskipti kaupstaðabúanna væru meiri. Ég hefði gaman af því að vita, hvaðan hv. þm. hefir þetta? Ég hefi nokkuð margra ára reynslu í þessu í Kaupfélagi Eyfirðinga. Þar eru 600—800 félagsmenn frá Akureyri og svo bændur. Og ég get sagt hv. þm. það, að honum er óhætt að koma norður og skoða viðskiptabækurnar, og hann mun ganga úr skugga um það, að viðskipti bæjarbúanna eru miklu minni en bændanna. Ég held, að hv. þm. gleymi einhverju af þeirri úttektarvöru, sem bændur fá svo mikið af núna, t. d. fóðurbæti, áburði o. fl. Þetta hleypir viðskiptunum mikið upp. Reynsla okkar þar norður frá fer því algerlega í bág við þessar staðhæfingar hv. þm. N.-M. um viðskiptamagn bænda og kaupstaðarbúa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Ed., 7. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 184,1 felld með 10:4 atkv.
— 194 felld með 9:3 atkv.

Brtt. 184,2 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, ErlÞ, PZ, SÁÓ.
nei: HermJ, IngP, JJós, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BSn, GL, EÁrna.
Tveir þm. (JJ, ÁJ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 51, n. 350).

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Þetta frv. er hingað komið frá Ed. Allshn. leggur til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem er á þskj. 350. Þar er ekki um efnisbreyt. að ræða, heldur að setja inn í frv. ákvæði, sem sýnir ástæðuna fyrir þeirri breyt., sem farið er fram á í frv., sem sé að heimilt sé, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að taka tillit til heildarvöruskipta deildanna við félagið, þegar ákveðin er fulltrúatala þess. Hér er ekki um neina efnisbreyt. að ræða, og er n. sammála um að samþ. frv. á þennan hátt.

***Ísleifur Högnason:** Ég tel, að sú breyt. á frv., sem hér um ræðir, sé til bóta, ef sá skilningur verður lagður í þessi ákvæði, sem ég ætlast til, að ekki verði látin gilda sem almenn regla, að fara eftir viðskiptum félagsmanna, heldur sé það til að tryggja, að menn séu ekki til málamynda í sambandinu, og geri ég ráð fyrir, að við það sé átt. En ef ætti að gefa sambandinu rétt til að takmarka atkvæðisréttinn við viðskiptaveltuna, yrði það til þess að veita þeim, sem efnaðri eru, meiri rétt en þeim fátæku, en ég geri ekki ráð fyrir, að þann skilning beri að leggja í þessi ákvæði, heldur sé það meiningin að tryggja, að deildir séu ekki til málamynda í félaginu. Er það ekki rétt? **(BJ:** Jú, jú). Með þeim skilningi er ég samþykkur frv.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil bara taka fram, að það er réttur skilningur, sem hv. 5. landsk. hélt hér fram, að það er meining bæði flm. og n. með þessu að tryggja, að hvorki félagsdeildir eða félög séu til málamynda innan Sambandsins, heldur að hægt sé að krefjast þess, að þau sýni það með viðskiptum sínum, að þeim sé alvara að taka þátt í viðkomandi félagi eða Sambandinu.

ATKVGR.
Brtt. 350,1 samþ. með 20:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 350,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 58. og 59. fundi í Nd., 30. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 385).
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 385, 397).

***Stefán Stefánsson:** Herra forseti! Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 397, ásamt hv. þm. A.-Húnv., við þetta frv. á þskj. 51, um breyt. á l. um samvinnufélög. Ég skal taka það strax fram, að breyt. eru miðaðar við það, að samhliða núgildandi venju sé heimiluð hlutfallskosning til félagsfunda og deildafunda, ef $^1/_{10}$ fundarmanna óskar þess. Þessar breyt. eru miðaðar við það, að yfirleitt stefnir öll þróunin í kosningafyrirkomulaginu hér á landi, eins og hjá öðrum þjóðum, í þá átt, að heimila hlutfallskosningar, en leggja niður hinn gamla sið, að einfaldur meiri hluti ráði úrslitum. Ég vil minna á það, að hlutfallskosningar til Alþ. eru viðhafðar hér í Reykjavík, og þannig eru uppbótarþm. kosnir, sem nú eiga sæti hér á Alþ., og sömuleiðis nýjustu ákvæðin um breyt. á sveitarstjórnarl. Allt þetta, sem ég nú hefi nefnt, miðar í þá átt, að tryggja lýðræðið sem bezt. Þess vegna hefir samkv. nýju jarðræktarl. verið lagður niður hinn gamli siður, að láta einfaldan meiri hl. ráða, og teknar upp hlutfallskosningar til búnaðarþings. Búnaðarfélagsskapurinn hefir komið upp þessu kosningafyrirkomulagi. Það er mishermi hjá hv. 1. þm. Árn., er hann getur þess í grg. frv. til jarðræktarlaga, er hann flutti 1936, að kosningar búnaðarfélaganna hafi verið óheppilegt brot á öllum lýðræðisreglum. Ég tel litinn vafa á því, að mér takist að sannfæra flokksmenn hv. 1. þm. Árn. um, að það sé ekki neitt brot á öllum lýðræðisreglum að nota hlutfallskosningar í búnaðarfélögunum. En sé svo, þá er það ekki siður brot að því er samvinnufélögin snertir. Stefna þess félagsskapar hefir hingað til talið sig ópólitiska, enda þótt þau hafi ekki að öllu leyti getað komizt fram hjá hinum pólitisku skerjum; hefir slíkt vakið meiri og minni óánægju meðal fylgismanna samvinnufélagsskaparins og orðið þess valdandi, að samvinnustefnan hefir ekki náð eins miklum vinsældum og framgangi sem æskilegt hefði verið. Við, ég og hv. þm. A.-Húnv., berum fram þessa brtt. til þess að ráða á því nokkra bót. Getur þessi till. orðið til þess að efla frið og samheldni í þeim kaupfélögum, þar sem menn eru óánægðir. Þó skal ég geta þess, að þetta á ekki við um öll kaupfélög. Kaupfélag Austur-Húnvetninga hefir alla tíð getað viðhaft hlutfallskosningar, enda hefir það verið algerlega ópólitiskt, og menn unað því hið bezta. Hefði því hvergi verið öðruvísi fyrir komið, þá myndi það hafa leitt til vegs og frama fyrir samvinnustefnuna og kaupfélögin, en ekki hið gagnstæða. Málgögn stjórnarflokkanna, bæði Nýja dagblað-

ið og Alþýðublaðið, kvörtuðu yfir því, þegar aðalfundur var haldinn í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, að kommúnistar hefðu látið mikið á sér bera og leitt pólitísk átök inn í Kaupfélag Reykjavíkur. Þetta er nokkuð sláandi dæmi. Það eru ekki allfá dæmi til, að Framsfl. hafi notað sér þessa pólitík í sumum kaupfélögum. Það situr því dálítið illa á Nýja dagblaðinu, að skamma kommúnista fyrir þetta, því að þeir hafa fylgt fordæmi Framsfl., sem sá flokkur hefir tamið sér undanfarið. Það situr illa á þeim að kasta gjóti, sem í glerhúsi búa. Þeir segja, að kommúnistar hafi farið með pólitísk átök inn í Kaupfélag Reykjavíkur. En skyldi ekki nauðsynleg samheldni innan kaupfélaganna raskast með því að hafa það fyrirkomulag, að láta einfaldan meiri hl. ráða úrslitum. Slíkt spillir fyrir samheldninni í kaupfélögunum, vegna þess að það er nú einu sinni þannig, að pólitík hefir blandazt inn í starfsemi kaupfélaganna a. m. k. sumstaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo komnu máli, en undir vissum kringumstæðum geta ýms önnur atriði en pólitík spillt samheldninni innan kaupfélaganna, t. d. hagsmunaágreiningur milli framleiðenda og neytenda; þar, sem báðir aðiljar eru í hinum sömu kaupfélögum, getur hæglega komið upp hagsmunaágreiningur milli þessara flokka. Þannig er t. d. ástatt í Eyjafirði, þar sem ⅛ af meðlimum kaupfélagsins er aðeins neytendur, en meginhluti þeirra er bæði framleiðendur og neytendur. Þetta er ástæðan til þess, að við *leggjum til*, að ákvæðunum um kosningar sé breytt, ekki þannig, að hlutfallskosningar séu lögboðnar, heldur sé heimilt að hafa þær. Sem sagt, þurfi að koma til slíkra kosninga, getur það tryggt betur en annars, að réttur meiri hl. fái að njóta sín. En hvað minni hl. snertir, á þetta að tryggja það, að hann fái hlutdeild í félagsstörfum og ekki verði gengið framhjá vilja hans. Þetta yrði til þess að bæta samkomulagið *milli hinna smærri flokka, og þannig yrði komizt hjá* kosningum, enda þótt heimild til þeirra lægi fyrir.

Ég vil vænta þess, að þetta mál fái góðar undirtektir. Ég efast ekki um, að enda þótt þessar till. verði felldar að þessu sinni, þá er hér um framtíðarfyrirkomulag að ræða, sem kemur fyrr eða seinna. Miðflokkarnir í kaupfélögunum hafa unnið að því, vegna þess að þeir hafa nú um langan tíma ekki getað unað við hin pólitísku átök innan félaganna, þar sem þeir voru kúgaðir, og vilji þeirra með öllu virtur að vettugi, og það er ekki heppilegt, að slíkri kúgun yrði haldið áfram. Ég verð að segja, að það getur leitt til stórhættu fyrir kaupfélögin og samvinnustefnuna í heild. Það, sem hér á að gera, er fyrst og fremst að reyna að útrýma pólitíkinni þaðan, og ennfremur að taka upp hlutfallskosningar. Verði reynt að framkvæma þetta tvennt, mun fremur birta yfir þeirri stefnu heldur en hitt.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Hv. 4. landsk. sagði, að brtt., sem hann ber fram ásamt hv. þm. A.-Húnv., miði að því að heimila hlutfallskosningar í samvinnufélögum, ef ákveðinn hluti félagsmanna óskar þess. Þetta er ekki rétt hjá honum, því að samkv. þessari brtt., ef hún verður samþ., eru hlutfallskosningar fyrirskipaðar í félögunum. Það er tvennt ólíkt, að heimila eða fyrirskipa slíkt. Ég fæ ekki séð, að þörf sé á að koma slíku ákvæði inn í l. um samvinnufélög, og ég hefi ekki orðið þess var, að kúgun væri beitt, og er ég nokkuð kunnugur í ýmsum samvinnufélögum. Ég hefi ekki heyrt, að það hafi árekstrum valdið, þótt slík fyrirskipun hafi ekki verið gildandi l. Eins og hv. 4. landsk. tók fram, munu sumstaðar hafa verið notaðar hlutfallskosningar í samvinnufélögunum, eins og t. d. í Kaupfélagi Austur-Húnvetninga. Hverju samvinnufélagi er heimilt að hafa hlutafallskosningar á sínum fundum, ef það þykir heppilegra. Þetta á að vera sérmál félaganna og þau eiga að ráða því sjálf, hvernig þau haga þessum kosningum. Hv. 4. landsk. vitnaði t. d. til nýju sveitarstjórnarl. og sagði, að þar væru fyrirskipaðar hlutfallskosningar og eins eigi það að vera í samvinnufélögunum. Ég vil benda honum á, að þetta er ekki rétt. Hlutfallskosningar eru alls ekki undantekningarlaust fyrirskipaðar í sveitarstjórnarl. Fyrst um sinn verður það sennilega víða þannig í sveitahreppum, að hlutfallskosningar verða ekki viðhafðar. Ég vil því leggja á móti því, að þessi brtt. þeirra hv. 4. landsk. og hv. þm. A.-Húnv. verði samþ., og tel hana óþarfa með öllu.

***Jón Pálmason:** Út af ræðu hæstv. atvmrh. ætla ég að segja örfá orð sem meðflm. að þessum brtt. Hann tók það fram, að samkv. þessari till. væru hlutfallskosningar fyrirskipaðar, en þær væru ekki fyrirskipaðar samkv. sveitastjórnarl. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. atvmrh. Þarna er alveg um sömu hluti að ræða. Fyrirskipunin nær aðeins til þess að nota hlutfallskosningar, ef einhver ákveðinn hluti félagsm. óskar þess, samkv. þessari till. ⅒ hluti fundar*manna, en samkv. sveitastjórnarl.* einhver ákveðinn hluti, þegar um hreppsnefndarkosningar er að ræða. Mér finnst það mjög eðlilegt, að kosningum í samvinnufélögunum væri alveg eins háttað eins og nú er komið bæði í búnaðarfélagsskapnum og í kosningum til sveitar- og bæjarstjórna.

Ef það er rétt, sem stjórnarflokkarnir hafa barizt fyrir hér á Alþ. undanfarin ár, að koma á hlutfallskosningum í búnaðarfélögunum og fyrirskipa líka á þennan hátt hlutfallskosningar við hreppsnefnda- og bæjarstjórnarkosningar, þá er einnig alveg rétt að hafa sömu reglu, að því er samvinnufélögin snertir. Ég fæ ekki skilið, að það sé hvorki neitt hættulegt né athugavert, þótt þessi brtt. verði samþ. Það er aðeins lagt til að færa regluna inn á annað svið. Sú tilhögun hlýtur að hafa sömu áhrif, að því er þennan félagsskap snertir. Ef á annað borð á að fella þessa till. hér á Alþ., þá er það ljóst, að þeir þm., sem hafa barizt fyrir hlutfallskosningum í sveitarfélögum og búnaðarfélögum, eru komnir í fullkomið ósamræmi við sína fyrri venju.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, nema

tilefni gefist til, en vil geta þess, að þessum l. hefir verið fylgt í minu héraði, að hafa hlutfallskosningar, ef ákveðinn hluti félagsmanna óskar þess, en slíkt kemur ekki til nema við einstöku kosningar. Enda held ég, að þar hafi ekki orðið neinir árekstrar út af þeim ákvæðum, og ég efast ekki um, að þannig myndi fara annarsstaðar, ef þessi l. verða samþ. þannig.

***Stefán Stefánsson:** Hv. þm. A.-Hún. hefir í raun og veru tekið af mér ómakið viðkomandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði um samanburðinn á þessu ákvæði, sem tekið er upp í þessa till., og hliðstæðu ákvæði í sveitarstjórnarlögunum. Í hvorutveggja tilfellinu er skylt að hafa hlutfallskosningar, ef ⅒ hlutaðeigandi manna óskar eftir því. Þetta er því alveg það sama og gildir í sveitarstjórnarlögunum, að því viðbættu, að í því tilfelli nægja 25 menn.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að þetta væri sérmál þessa einkafélagsskapar, samvinnufélagsskaparins. Ég vil benda á, að búnaðarfélagsskapurinn var einnig sérfélagsskapur.

Því ekki að láta eitt og sama ganga yfir samvinnufélagsskapinn og búnaðarfélagsskapinn? Mér sýnist það rétt og sanngjarnt.

Ég hefi svo ekki fleiru við að bæta. Það hefir ekkert komið fram gegn brtt., því að það, sem hæstv. atvmrh. kom fram með, var aðeins veikur andróður, sem var á litlum eða engum rökum byggður.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Það, sem ég sagði um fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninganna, stafaði af því, að ég hafði skilið það, sem hv. 4. landsk. sagði í fyrri ræðu sinni, þannig, að það væri í öllum tilfellum skylt að hafa hlutfallskosningar við sveitarstjórnarkosningar, en þetta mun ekki hafa átt að skilja þannig.

Út af því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að þetta hefði ekki valdið neinum árekstrum í því kaupfélagi, sem hann er þátttakandi í, vil ég benda á það, að fyrst þar hefir verið höfð hlutfallskosning undanfarið, án þess að nokkur lagafyrirmæli væru um það, þá geta að sjálfsögðu önnur félög tekið slíkt upp, ef þeim þykir það betur henta, án þess að þau séu nokkuð bundin við það af löggjafarvaldinu. Því vil ég endurtaka það, sem ég áðan sagði, að ég tel alveg óþarft að setja slíkt í lögin og vil mæla á móti þessum brtt.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil út af þessum brtt. aðeins benda á, að það nær engri átt að bera saman fyrirkomulagið við sveitarstjórnarkosningar og fyrirkomulagið á frjálsum félagsskap eins og samvinnufélögunum, því að eins og kunnugt er, þá er landinu skipt í sveitarfélög eftir lögum. Það er skylt að hafa þann félagsskap. Sú skipting er lögbundin, og sveitarfélögunum er afmarkað það vald, sem þau hafa innan þjóðfélagsins. Aftur á móti er samvinnufélagsskapurinn frjáls félagsskapur, sem vitanlega nýtur lagaverndar, ef hann er stofnaður, eins og annar félagsskapur. Það er þess vegna alveg óliku saman að jafna, þar sem annars vegar er um að ræða sérstakt kosningafyrirkomulag, sem fyrirskipað er við hreppsnefnar- og bæjarstjórnarkosningar, en hinsvegar kosningu á fulltrúum í frjálsum félagsskap eins og samvinnufélögunum. Ég skil ekki annað en að hv. flm. sjái, að hér er hreint djúp staðfest á milli. Löggjafinn mundi beinlínis ganga inn á svið frjáls félagsskapar, ef hann ætlaði að heimta, að menn í slíkum félagsskap höguðu á sérstakan hátt kosningum innan félagsskaparins, sem meiri hl. þar ekki kærir sig um. Mér finnst sérstaklega einkennilegt, að þessi postuli frelsisins, eins og hv. þm. A.-Húnv., skuli vera með svona till. Eins og hæstv. atvmrh. tók fram, er vitanlega ekkert við því að segja, ef félögin koma sér saman um að hafa hlutfallskosningar, eins og mér skildist á hv. þm. A.-Húnv., að gert væri í Austur-Húnavatnssýslu, en að lögin fyrirskipi slíkt, finnst mér hrein og bein fjarstæða.

Annars vil ég taka það fram, að tilgangurinn með þessu frv. er alls ekki í nokkru samræmi við þessar brtt. Í frv. er aðeins um það að ræða að fá heimild til þess að skora á deildir SÍS að auka viðskipti sín við það með því að miða fulltrúatöluna að nokkru leyti við viðskiptin, og það er alveg óskylt mál þeim brtt., sem hér hefir verið ruglað inn í málið.

***Jón Pálmason:** Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að vitanlega gætu önnur félög heldur en Kaupfélag Austur-Húnvetninga tekið upp sömu reglu í þessu efni, vil ég taka það fram, að það er rétt, en ég hygg, að það eigi sér víða stað á landinu, að í kaupfélögunum sé ekki sá félagsandi ríkjandi, að meiri hl. vilji taka tillit til minni hl., og þess vegna verði útkoman eins og raun hefir borið vitni um, að í félögunum verði ekki gefin nein heimild til hlutfallskosninga.

Út af ræðu hv. þm. Barð. vil ég segja það, að mér kom það hálfundarlega fyrir sjónir, af því að um svo frjálslyndan mann var að ræða, sem venjulega er sjálfum sér samkvæmur, að hann skyldi telja það fjarstæðu að bera saman sveitarstjórnarkosningar og kosningar í samvinnufélögunum. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum, að það gilda annarskonar lög, eins og gefur að skilja, um sveitar- og bæjarfélög heldur en um samvinnufélögin, en þetta er að því leyti sambærilegt, að um langan aldur, og fram á síðustu ár, voru engin lög um að knýja fram hlutfallskosningar til hreppsnefnda og bæjarstjórna, en það var gert að kappsmáli hér á Alþ. 1935, ef ég man rétt, án þess að nokkur nauðsyn væri þar til. Þegar búið er að gera þetta að kappsmáli og leiða það í lög, og þegar jafnframt er búið að gera að miklu kappsmáli í þinginu og lögbjóða skilyrðislaust hlutfallskosningar í félögum, sem eru alveg sambærileg við samvinnufélögin, búnaðarfélögunum, þá er það í algerðu ósamræmi við þessi ákvæði, ef sömu menn, sem börðust fyrir þessu, neita því, að sett verði í lögin heimild til þess að viðhafa hlutfallskosningar í samvinnufélögunum.

Það kann að vera rétt út af fyrir sig hjá hv. þm. Barð., að þetta hafi ekki mjög mikla þýðingu í framkvæmdinni, en ég flyt þessar till. af því, að ég vil hafa á þessu fullkomið sam-

ræmi, úr því að það eru landslög um hvorutveggja félagsskapinn, búnaðarfélagsskapinn og samvinnufélagsskapinn, og ég neita því algerlega, sem hv. þm. Barð. heldur fram, að kosning í samvinnufélögum sé ósambærileg við sveitarstjórnarkosningu. Hefði ekki verið barizt fyrir því undanfarin ár að koma hlutfallskosningareglunni inn í sveitarfélögin og búnaðarfélögin, þá hefði að sjálfsögðu ekki verið uppi till. um, að sama gilti fyrir samvinnufélögin, en mér finnst, að á þessu sviði, eins og sem flestum öðrum, eigi að vera sem bezt samræmi í aðgerðum hv. þm.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Það er þýðingarlaust að ræða mjög mikið um þetta. — Ég vil bara benda hv. þm. A.-Húnv. á það, að fyrirkomulagið á kosningum til sveitar- og bæjarstjórna er alveg sambærilegt við alþingiskosningar, en ekki við kosningar í frjálsum félagsskap, vegna þess, að sveitar- og bæjarfélög eru félagsskapur, sem er þrengt upp á þjóðina með skiptingu samkvæmt stjórnskipulögum og öðrum landslögum, en samvinnufélagsskapurinn er alveg frjáls, og meira að segja ekki sambærilegur við búnaðarfélögin, vegna þess að þau eru grundvöllurinn undir búnaðarþingunum, og ríkisvaldið hefir víða fengið búnaðarfélögunum í hendur miklar fjárupphæðir til þess að skipta eftir ákveðnum reglum, og það er beinlínis skilyrði fyrir því, að þau geti fengið þetta fé í hendur, að þau hliti þeim reglum, sem löggjafinn setur, en slíkt á sér ekki stað viðvíkjandi samvinnufélögunum frekar en öðrum frjálsum félagsskap.

Ef fyrirskipa ætti, hvernig kosningum í samvinnufélögunum skuli hagað, mætti eins setja lög á Alþ. um, hvernig menn eigi að kjósa í stjórn og fulltrúaráð í verkalýðsfélögum og öðrum stéttarfélögum eða málfundafélögum.

Það væri sambærilegt við þetta. Annars er þetta ekki stórt atriði, en mér finnst einkennilegt, að hv. þm. A.-Húnv. skuli vilja ganga inn á þessa leið, að láta löggjafann setja strangari reglur að þessu leyti fyrir samvinnufélagsskapinn heldur en annan félagsskap í landinu um það, hvernig eigi að haga kosningum innan hans vébanda.

***Jakob Möller:** Það er ekki eins mikil fjarstæða að bera saman samvinnufélögin og búnaðarfélögin, a. m. k. í þessu efni, eins og hv. þm. Barð. vill vera láta, því að þótt búnaðarfélögin séu að vísu að lögum meira í sambandi við búnaðarfélagsstarfsemina og njóti styrks að lögum, þá er það svo í framkvæmdinni með samvinnufélögin, að eins og nú er, þá er í rauninni ekki hægt að stofna ný samvinnufélög, þar sem samvinnufélög eru fyrir, þannig að þau njóti sömu réttinda og fríðinda. Að þessu leyti eru kosningar í búnaðarfélögum og samvinnufélögum fullkomlega sambærilegar. Samvinnufélagsskapurinn er að vissu leyti lögverndaður félagsskapur, og geta menn þar notið réttinda að lögum, sem þeir geta ekki notið annarsstaðar. Það er að vísu frjáls félagsskapur að nafninu til, eins og hv. þm. Barð. sagði, en þegar þannig er um búið, er óhjákvæmilegt að haga sér gagnvart honum sem lögbundnum félagsskap, og þess vegna verð ég að telja það fullkomlega réttmætt, sem í þessari till. felst, að þar skuli fara fram hlutfallskosningar, ef þess er krafizt, eins og gert er ráð fyrir.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Þetta eru orðnar „teoretiskar" umræður, og ég ætla ekki að lengja þær mikið. En út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að kosningar í búnaðarfélögum og samvinnufélögum væru sambærilegar, vil ég benda á það, að ef búnaðarfélögin fullnægja ekki þeim reglum, sem þeim eru settar af löggjafanum, þá getur landbrh. tekið það umboð af búnaðarfélögunum, sem þeim hefir verið trúað fyrir, og sett það undir sérstök stjórnarvöld. Það er geysimikið fé, mörg hundruð þúsund krónur, sem þessi félagsskapur er látinn fara með í umboði ríkisvaldsins, og skilyrðið fyrir því, að hann fái að gera það, er, að hann hliti þeim reglum, sem löggjafinn setur um félagsskapinn. Það er ekkert hliðstætt að þessu leyti um samvinnufélagsskapinn. Um hann eru að vísu skiplagslög, til þess að félögin geti talizt rétt samvinnufélög og fengið skrásetningu sem slík, en þau fara ekki með umboðsvald af hálfu ríkisvaldsins, eins og búnaðarfélögin. Annars finnst mér ekki rétt að vera að eyða tíma þingsins í langar „teoretiskar" umræður um þetta atriði. Það á frekar heima í málfundafélagi.

***Jakob Möller:** Mér finnst því meiri ástæða til að vernda rétt minni hl. í samvinnufélögunum heldur en í búnaðarfélögunum, þegar tekið er tillit til þeirra upplýsinga, sem hv. þm. Barð. gaf nú, því að þótt svo sé um búnaðarfélögin, að ráðh. geti tekið af þeim það umboð, sem þau hafa, ef talizt getur, að þau misnoti það, þá er engin slík kvöð á samvinnufélögunum. Þau njóta mikilla hlunninda, og menn geta ekki fengið að njóta þeirra hlunninda annarsstaðar en í þeim félagsskap. Svo að þessi síðasta ræða hv. þm. styrkir einmitt þá skoðun, að það beri að hafa hlutfallskosningu í samvinnufélögunum.

ATKVGR.
Brtt. 397,a felld með 14:9 atkv.
— 397,b—c teknar aftur.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 5. maí., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

34. Gerðardómur í farmannakaupdeilu.

Á 26. fundi í Sþ., 5. maí, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð (þmfrv., A. 451).

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég mun hafa um þetta mál mjög stutta framsögu. Þess gerist ekki þörf að hafa langa framsögu um málið fyrir þá sök, að þau rök, sem liggja til þess, að þetta frv. er hér fram komið, og að mál þetta verður samþ. hér, eru rakin í grg. frv. Það atriði, hvort rétt sé að setja l. um að afgera þessa deilu, sem hér liggur fyrir, með gerðardómi, ættum við ekki að þurfa að deila um, og munum áreiðanlega ekki deila um, þar sem báðir deiluaðiljar eru sammála um að leggja þetta mál í gerð. Þess vegna skal ég ekki ræða um það, hvort það sé nauðsynlegt út af fyrir sig eða rétt, að leggja málið í gerð eða ekki.

En það er annað atriði, sem ágreiningnum hefir valdið í þessu máli, því að eins og kemur fram í grg. eða þeim skjölum, sem þar eru prentuð, voru aðiljar búnir að koma sér saman um það báðir, að leggja mál þetta í gerð. En síðan kom ágreiningur um það, hvernig ætti að orða samkomulagið um gerðardóminn, og greindi aðilja þar svo mjög á, að um það náðist ekki samkomulag. Eins og kunnugt er og kemur fram í þessari grg., óskaði Stýrimannafélagið eftir, að það væri tekið fram, að hvorugur deiluaðiljanna mætti láta hinn á nokkurn hátt gjalda þátttöku sinnar í deilunni. En Eimskipafélag Íslands vildi orða þetta nokkuð á annan hátt og binda það við nokkur tiltekin atriði.

Nú er það þannig, að þegar menn hafa deilt eða jafnvel barizt, þá er það venja, þegar deila er útkljáð eða ófriði er létt af, að veita fulla uppgjöf saka. Það er regla, sem alltaf hefir gilt í ófriði og gildir enn. Því að það er ekki eðlilegt, að menn rétti fram höndina til sátta, ef þeir eru ekki vissir um það, að hönd mótaðiljans í deilunni sé í fullkominni einlægni fram rétt til sátta, þó að ég áliti ekki, að það hafi verið í óeinlægni gert af hálfu Eimskipafélags Íslands. Þetta, að sakir séu látnar niður falla, þegar lausn hefir fengizt á deilum, eins og t. d. þessari, er eitt af grundvallaratriðunum, sem tekin voru upp í septembersáttina í Danmörku 1899, þá sátt, sem síðan hefir að mörgu leyti verið grundvöllurinn undir þeirri vinnulöggjöf, sem gilt hefir á Norðurlöndum. Þessar reglur hafa einnig verið teknar upp í samningum milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda hér á landi, og eins gilt þá, þótt um harðvítugar deilur hafi verið að ræða; t. d. í þeirri deilu, sem var á milli klæðaverksmiðjunnar Álafoss annarsvegar og hinsvegar verkamanna í þeirri verksmiðju. Jafnframt mun það hafa verið tekið fram, þegar sættin varð í Sogsdeilunni, og einnig í vinnudeilunnni í haust viðvíkjandi uppskipun kola. Þá mun þessi regla hafa verið látin gilda: sakir skulu falla niður um leið og við réttum hvor öðrum höndina til samkomulags. Ég held líka, að það geti ekki annað verið en að þetta vaki fyrir stjórn Eimskipafélags Íslands, að þessi regla eigi að gilda í þessari deilu, þó að hún hafi verið hörð. Það má að vísu til sanns vegar færa, að þetta þurfi ekki að taka fram. Og í þeim viðtölum, sem ég hefi átt við deiluaðiljana, hefi ég fært fram þau rök, samkvæmt þeim dæmum, sem ég tilfærði áðan, að þegar menn sættast eftir ófrið og þegar menn rétt fram höndina eftir kappleik, þá liggur í þeirri athöfn það, að deilunni er lokið, og þarf í raun og veru ekki um það nein orð. Einnig þegar menn ganga inn á að leggja mál sín í gerð, þá liggur í því samþykki nákvæmlega það sama og í handtökum eftir leikslok. En þetta hefir ekki orðið venja hér á landi, þó að ég kynni bezt við þá venju. T. d. þegar gerðardómurinn var settur hér út af togaradeilunni í vetur, þá var sú hugsun svo fjarri mér, að ekki gæti komið til mála, að sakir féllu niður, eftir úrskurð dómsins, að mér kom ekki til hugar að setja ákvæði um það í gerðardómsl. Að sakir falli niður, þegar sætt hefir verið gerð í deilu, hefir verið tekið upp í hið almenna samkomulag milli vinnuveitenda og verkamanna í Danmörku með septembersættinni, og mundi þess vegna ekki þar verða tekið upp í samninga um samkomulag í einstökum tilteknum deilum. En vegna þess að þetta hefir ekki verið tekið upp sem almennt samkomulag hér hjá okkur, þá hefir ákvæði um þetta verið tekið upp í frv., en sem ég vildi, að félli niður, ef síðar kann að þurfa að setja l. um gerðardóm hjá okkur, vegna þess, að það á að vera sjálfsagt og undirskilið, að þegar sættir eru gerðar, eiga hefndir á eftir ekki að koma til greina. Annars er í þeirri sætt enginn drengskapur, og menn trúa mönnum þá ekki til þess að gera sættir. Sá ófriður, sem rís, eftir að sættir hafa verið gerðar, er venjulega hættulegasti ófriðurinn. Þannig er a. m. k. í okkar eigin sögu. Fyrst þessi venja hefir myndazt, að setja þetta í samninga, um leið og aðiljar sættast, að sakir skuli falla niður, þá finnst mér það ekki geta komið til mála frá hálfu Eimskipafélags Íslands að neita að ganga inn á samkomulag um þetta atriði eða eitthvert orðalag, sem samsvarar því, sem stýrimennirnir fóru fram á. Mér finnst það í raun og veru jafn fráleitt að fara fram á það, að þetta sé í samningi, eins og það er fráleitt, eftir að búið er að orða það í samningi, að neita því, að það sé þar. Svo sjálfsagt finnst mér, að sakir séu upp gefnar, eftir að sætt er gerð, að það þurfi ekki að orða það. Þess vegna lít ég svo á, að ágreiningurinn, sem þarna er í þessu máli milli Eimskipafélags Íslands annarsvegar og stýrimannanna hinsvegar, sé í sjálfu sér svo ákaflega smávægilegur og efnislega ekki neinn, að mér dettur ekki í hug, að það sé ásetningur Eimskipafélags Íslands að fara að hyggja á neinar hefndir viðvíkjandi þessu atriði. Ég hygg, að það sé þannig til komið í frv. þetta ákvæði, að eftir að það hafi verið sett að skilyrði, að málið væri lagt í gerðardóm, þá hafi komið upp einhver metnaður hjá stjórn Eimskipafélags Íslands, sem hún hafi átt erfitt með

að losa sig við. Ég held, að það, sem hér er á ferð, sé í raun og veru ákaflega svipað eins og þegar búið var að gera hina stóru sætt á Þingvöllum forðum við Flosa, og greiða öll gjöld, hinn stóra sjóð, þá voru lagðar slæður ofan á fjársjóðinn, sem síðar ollu því, sem við allir þekkjum. Í raun og veru er þessi ágreiningur ekki annað en hliðstæður við þessar slæður, sem lagðar voru ofan á fjársjóðinn. Þetta er í raun og veru ágreiningur um ekki neitt; að eins tilfinningaatriði en ekki raunverulegur ágreiningur, vegna þess að ég trúi því ekki, að Eimskipafélag Íslands ætli að taka upp þá nýju reglu, að það eigi að fara að reka hefndir, eftir að sættir hafa verið gerðar. Ég vænti því, að allir geti orðið sammála um orðalagið á niðurlagi 1. gr. frv., þannig að hér verði með úrskurði gerðardómsins fullar sættir, en engar hefndir hugsað sér að gera á eftir, eins og ef deilan hefði aldrei átt sér stað, að svo miklu leyti sem hægt er að bæta fyrir það tjón, sem þegar er af þessari deilu orðið.

Ég sé, að hv. 1. landsk. er á ferðinni með brtt. við frv. Þessi till. liggur að vísu ekki fyrir nú til umr., en úr því ég minntist á hana, verð ég að segja það, að þar er gert ráð fyrir, að frv. verði næstum allt fellt niður, en aðeins ákveðið, að hverugur aðilja, sem standa að þessari vinnudeilu, skuli vera látinn gjalda þátttöku sinnar í þessari deilu á neinn hátt. Þessa brtt. get ég ekki fallizt á, að sé nauðsynlegt að koma fram með, vegna þess, að gerðardómur um málið er í raun og veru ákveðinn af deiluaðiljum sjálfum. Ef þetta atriði væri sett fram í frumvarpsformi og gert að l. sérstaklega, að aðiljar skuli jafnframt því sem þeir ganga inn á frjálsan gerðardóm, ganga inn á þetta atriði, sem er aðalágreiningsatriðið, þá er ekkert líklegra heldur en að Eimskipafélag Íslands og þeir aðiljar, sem með því standa, mundu segja: Við göngum ekki inn á frjálsan gerðardóm, ef tekið er fram fyrir hendurnar á honum og gerðar af löggjafanum fyrirskipanir um nokkurn hluta af því, sem undir gerðardóminn á að heyra, og það með því að setja ákvæði, sem við vildum ekki ganga inn á. Og það verður heldur ekki séð, að það verði aðiljum neitt óhagstæðara, þó að gerðardómurinn sé til fulls ákveðinn með l. En ég vil sérstaklega benda till.mönnum á, að samkv. 6. gr. þess frv., sem fyrir liggur, er svo ákveðið, að úrskurður gerðardómsins víki fyrir löglega gerðum samningi milli deiluaðilja, á hvaða tíma sem sé. M. ö. o., ef deiluaðiljar t. d. í kvöld eða á morgun koma sér saman um samninga, þá falla vitanlega niður aðgerðir samkv. frv. þessu, ef að l. verður. Það stendur því aðiljum opið, áður en l. koma til framkvæmda, að gera með samningum frjálsan gerðardóm. Ég get því ekki séð, að þess sé nein þörf vegna málsins að koma fram með þessar brtt.

Ég vil að lokum óska þess, að umr. geti orðið sem allra stytztar um þetta mál og að það taki sem minnstan tíma að koma því í gegn, vegna þess að það veltur á því, hvenær deilan leysist. Þar sem stýrimannafélagið hefir beðið um gerðardóm, geri ég ráð fyrir, að deilan leysist um leið og l. verða sett. Ég vil endurtaka þá ósk til hv. þdm., að þeir verði sem stuttorðastir.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Við þessar umr. get ég verið stuttorður. Um tilefni frv. þarf ekki mikið að ræða. Það skýrir sig með þskj. þeim., sem vitnað er í í grg. En mér þykir hlýða að mæla nokkur orð fyrir okkur Alþýðufl.menn hér í d. og lýsa afstöðu Alþfl. til lögþvingaðra gerðardóma í kaupdeilum. Hún er óbreytt frá því, sem hún ætíð hefir verið og var glögglega mörkuð af þm. flokksins við afgreiðslu gerðardómslaga þeirra, sem á þessu þingi voru samþ. í tilefni af kaupdeilu sjómanna og togaraeigenda í byrjun síðustu vertíðar.

Alþfl. telur skipun slíkra gerðardóma, jafnvel þó að settir séu eftir kröfu verkalýðsins, varhugaverða vegna fordæmis, og engu síður, þó að í einstökum tilfellum geti staðið svo á, að verkalýðurinn þurfi ekki að óttast niðurstöðu slíks gerðardóms. En þar sem hér hefir þegar náðst samkomulag milli aðilja í kaupdeilu stýrimanna og útgerðarmanna um, að gerðardómur skeri úr um lausn deilunnar, og hér er því í raun og veru aðeins um það að ræða að staðfesta hið frjálsa samkomulag, en aðalatriðið er að tryggja með l., að aðiljar verði, að sætt á kominni, ekki í neinu látnir gjalda þátttöku sinnar í deilunni, en á það hafa stýrimenn lagt höfuðáherzlu, en útgerðarmenn hinsvegar ekki viljað tryggja nægilega og jafnvel gefið hið gagnstæða í skyn, getur Alþfl. fyrir sitt leyti eftir atvikum fylgt frv. og mun greiða því atkv., en jafnframt vill hann lýsa því skilmerkilega yfir, að með þeirri afstöðu sinni í þessu einstaka tilfelli telur hann ekki, að skapað sé neitt fordæmi, og mun hér eftir sem hingað til halda óbreyttri afstöðu sinni til slíkrar löggjafar yfirleitt.

***Magnús Jónsson:** Ég mun verða við tilmælum hæstv. forsrh. um að verða stuttorður, þó að hann hefði sjálfur getað fylgt þeirri reglu betur. Það stendur svo á um þessa deilu, að hún hefir verið að smáfærast saman, þannig að það hefir orðið færra og færra, sem á milli hefir borið, allt frá því að um mörg deiluatriði var að ræða, og þar til ekki ber annað á milli en að aðiljar koma sér ekki saman um ordalagið á einni till. Og þess vegna er það ekki nema formsatriði, sem Alþingi þarf að inna af hendi í þessu máli. Þessi deila kostar stórfé á hverjum degi, og Alþingi á því að hlaupa undir bagga og gera það handtak, sem þarf, til þess að gangi saman.

Ég vil aðeins segja nokkur orð út af ræðu hæstv. forsrh. Hún var óþarflega löng, eins og ég hefi bent á, og að því er mér virtist með óviðkunnanlegum blæ. Það var eins og hæstv. ráðh. væri að gefa í skyn, að Eimskipafélagið væri að hugsa um að níðast á þeim mönnum, sem hafa tekið þátt í kaupdeilunni, ef ekki væri sérlega sterklega um búið. Ég vil gefa hæstv. forsrh. tækifæri til að leiðrétta þann misskilning.

Þetta sama kom einnig fram í hinni skrifl. yfirlýsingu frá Alþfl. En annað eins og þetta er mjög óheppilegt, þegar verið er að sætta aðilja. En þar sem, eins og ég gat um áðan, um svo sjálfsagt handtak er að ræða, finnst mér eðlilegt, að Alþ. greiði fyrir málinu.

*Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég stend ekki upp til að tefja hér umr. Ég held, að þó að við kommúnistar lítum öðrum augum á þetta mál en hv. dm., sem talað hafa, og þó að allir þdm. séu ef til vill ekki sammála um lausn þess, þá getum við allir verið sammála um, að það þarf að afgreiða málið sem fyrst. Ég vil því aðeins í fáum orðum lýsa afstöðu Kommfl. til þess. Það er sagt, að fyrir liggi beiðni frá stýrimönnum um gerðardóm, en þetta er ekki rétt, því að beiðnin er frá stj. fél. og samningan. Það er alveg víst, og liggja fyrir því ótvíræð gögn, að stýrimenn óska ekki eftir gerðardómi, heldur þykjast þeir tilneyddir. Og þessum orðum mínum til sönnunar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr grg. frá stj. og samningan. félagsins um deiluna:

„Á mánudag 2. maí kallaði sáttasemjari á okkur að nýju. Hann tilkynnti okkur, að forsætisráðherra hefði skrifað sér og óskað eftir því, að hann bæri fram tillögu við okkur um frjálsan gerðardóm.

Þessu höfnuðum við. Gerðum við það vegna þess, að við þykjumst vita fyrir fram, að slíkur gerðardómur yrði þannig skipaður, vegna þess að aðiljar gætu ekki komið sér saman um oddamann, að okkar hlutur yrði fyrir borð borinn, og svo ennfremur vegna þess, að við teljum þá leið með öllu óhæfa, þ. e. a. s., meðan öll laun í landinu, jafnt hárra sem lágra, ekki eru ákveðin af neinum slíkum dómstóli.

Hinsvegar verður maður að gæta þess, að þegar öll sund eru lokuð og sáttatilraunir allar hafa reynzt árangurslausar og yfir vofir að fá gerðardóm skipaðan íhalds- og framsóknarmönnum, sem, ef ráða má af Nýja dagblaðinu, ekki bera hlýjan hug til sjómannastéttarinnar yfirleitt, og þá ekki heldur til stýrimanna, þá má vera, að stýrimenn sjái sig tilneydda, með tilliti til hags alþjóðar, að ganga inn á frjálsan gerðardóm, ef það mætti leysa málið á nokkurnveginn viðunandi hátt."

Af þessu er það greinilegt, að stj. fél. fann sig til neydda, af því að hún taldi víst, að settur yrði lögþvingaður dómur hvort sem væri. Ég held því, að sýnilegt sé, hvernig hér er í pottinn búið. Stýrimennirnir hafa þótzt finna inn á það, að stj. Eimskipafél. óskaði eftir gerðardómi. Nú var loks komið samkomulag milli aðilja um frjálsan gerðardóm, en Eimskipafél. vildi ekki fallast á þá kröfu, að í gerðardómnum væri skuldbinding um, að aðiljar yrðu ekki látnir gjalda þátttöku sinnar í verkfallinu. Málið er látið stranda á þessu til þess að knýja fram gerðardóm. Það er gefið mál, að slíkur ágreiningur sem þetta gat varla leitt til annars. Hér eru öfl að verki, sem vilja fleiri og fleiri fordæmi fyrir gerðardómi, svo að þeir geti smátt og smátt orðið að fastri reglu. Er þar kominn fram spádómur okkar kommúnista í vetur í togaradeilunni. Fordæmið skapar nýjar kröfur, og afleiðingin verður gerðardómur í hverri deilu, sem nokkuð kveður að. Á þessu þingi hafa komið fram 2 frv. slík. Það gæti þar að komið, að það yrði of mikið verk fyrir Alþ. að vera stöðugt að afgreiða slík l. Þá liggur ekki annað fyrir en að lögþvingaður vinnudómur verði að fastri stofnun. Vinnulöggjöfin, sem verið er að samþ., yrði rammi utan um slíkan gerðardóm, sem m. a. kveður á um refsiákvæðin og þannig yrði verkfallsrétturinn afnuminn með öllu. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að mínum dómi að því að flýta fyrir slíkri þróun. Aðra þýðingu hefir það ekki. Það er alveg óþarft til þess að leysa þá farmannadeilu, sem hér er um að ræða. Til þess að leysa hana, er nóg að ákveða með l., að aðiljar verði ekki látnir gjalda þátttöku sinnar, því að það eitt er ágreiningsatriðið og annað ekki. Að öðru leyti hafa aðiljar komið sér saman. Þess vegna flyt ég mínar brtt., sem munu koma til atkv. við 2. umr. Brtt. mín er um það, að í staðinn fyrir 1.—7. gr. frv. komi ein gr. um, að hvorugur aðilja í vinnudeilunni skuli láta hinn gjalda þátttöku sinnar. 8. gr. frv. yrði svo 2. gr., um, að l. öðlist gildi nú þegar. Þar með er málið leyst, án þess að til neinna óyndisúrræða þurfi að koma.

*Jóhann Jósefsson: Það er ekki vonum fyrri, að frv. til þess að binda enda á hina mjög skaðlegu deilu kemur fram, og hefði ég vænzt þess, að hæstv. forsrh. færði það fram sem aðalröksemd fyrir þessu máli, en svo var ekki að heyra á ræðu hans. Þjóðin getur ekki risið undir því lengur, að skipin séu bundin hér við hafnargarðinn og flutningar lendi hjá útlendum skipum. Það er og líklegt, að Alþýðusamband Íslands, eða sú grein þess, sem hefir staðið að deilu þessari, sjái, að málið er komið í öngþveiti. Allt þetta er augljóst mál.

Hinsvegar var svo að skilja á röksemdum hæstv. forsrh. eins og að sú eina nauðsyn, sem fyrir lægi, væri að forða hermdarverkum af hálfu Eimskipafél., þess félags, sem hann eingöngu minntist á, í garð starfsmanna sinna. Þetta er því óviðkunnanlegra sem vitað er, að einmitt Eimskipafél. býr bezt að öllum sínum starfsmönnum þeirra félaga, sem hér við land sigla.

Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv. um þetta atriði. Það var og augljóst af grg. þeirri, sem hv. 3. þm. Reykv. las hér upp, að sami blærinn var á henni og á ræðu hæstv. forsrh. Ég vil líka taka undir þá ósk hv. 1. þm. Reykv., að hæstv. forsrh. geri skýrari grein fyrir þessu en fram kom í ræðu hans. Það ætlast enginn til neinna hefnda á milli þessara aðilja, þegar þeir sættast. En í ræðu hæstv. ráðh. kom það ekki skýrt fram, að gerður væri greinarmunur á þeim óróa eða skaða, sem kann að leiða af slíkri deilu, og því, að deilan sé ólöglega hafin. — Ég held, að það fél., sem mér virtist eins og verða fyrir ámælum hæstv. forsrh., eigi það sízt skilið, að neitt komi fram, sem megi skilja eins og hv. 1. þm. Reykv. og ég og ef til vill fleiri þm. hlutu að skilja ræðu hans.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. þm. Vestm. minntist á, að ég hefði ekki fært rök fyrir því, af hverju ég flytti þetta mál. Ég gat um það í fyrri ræðu minni, að ég mundi reyna að verða stuttorður, en vitanlega þyrfti það langrar skýringar við, hvernig annað eins kom fyrir og það, að sættir allar strönduðu á slíku atriði, sem hér er um að ræða. Þetta er byggt á fullkomnum mis-

skilningi hjá hv. þm. Vestm. Ef hv. þm. hefði viljað lesa grg. frv., gat hann séð það. Þar stendur, af hverju frv. sé flutt. Ég vil lesa upp nokkur orð úr grg., með leyfi hæstv. forseta: „Mestallur íslenzki flutningaskipaflotinn liggur nú hér í höfn. Þessi stöðvun veldur meira tjóni en þjóðin fær afborið. Þykir því ekki annað fært en að flytja frv. þetta og lögbjóða gerðardóm í deilunni.“ Þá vænti ég, að þetta atriði sé upplýst.

Ég vil skjóta því til áheyrenda, hvort ég hafi sagt eitt einasta hnjóðsyrði í garð Eimskipafél. Það er einkennilegt að vera að gera mér upp slík orð. Ég er ekki vanur að leiðrétta ræður minar og ráðlegg hv. þm. að lesa handrit ræðuskrifara. Ég hefi sagt frá því, um hvað ágreiningurinn er. Ég hefi meira að segja lagt dóm á það. Ég sagði: „Mér dettur ekki í hug að vænta þess, að Eimskipafél. ætli að fara að reka neina hefndarpólitík.“ Mér þykir leitt, þar sem ég orðaði mína ræðu svo, eins og allir heyrðu, að hv. þm. skuli láta sér þessi orð um munn fara.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Þó að það sé ekki venja, þegar hraða á málum, að vísa þeim til n., vil ég gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað til allshn., því að flestir þm. hafa ekki séð frv. fyrr en því var útbýtt. Það þarf ekki að taka nema stutta stund að líta yfir það. Ég legg ekki neina sérstaka áherzlu á þetta, því að ríkisstj. ber ábyrgð á frv., en mér þætti viðkunnanlegra, að því yrði vísað til n.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég veit ekki, hvort það eru nokkur sérstök atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. vill athuga, en það hefir verið tekið svo í málið, að ég vildi gjarnan, að því yrði lokið fljótt og með góðu samkomulagi. Ef ætti að vísa því til n. hér og láta það fá þó að ekki væri nema 10—20 mín. athugun, væri ef til vill hægt að koma því svo fyrir, að allshn. beggja d. athuguðu málið. Það væri hægt að vísa því til Ed.-n., en óska eftir því, að allshn. Nd. kæmi á fund hennar, svo að ekki þyrfti að vísa málinu til n. í Nd.

***Magnús Jónsson:** Eins og hæstv. forsrh. sagði, og eins og ég hefi lýst yfir í minni ræðu og yfirlýsingar liggja fyrir um, þá mun vera samkomulag um málið. Ég vil aðeins benda á, að til þess að sýna, að það er ekki nein hótfyndni í þessari till. minni, að við fljótlegan yfirlestur hefi ég rekizt á eina villu í frv. Þar er nefnt eimskipafélagið Edda h/f, sem er ekki til í landinu. Það mun vera eimskipafélagið Ísafold h/f, sem átt er við, en það gerir út skipið Eddu. Það mætti kannske túlka þetta þannig, að það næði til þessa eimskipafélags. En það er óeðlilegt, og mér datt í hug, hvort ekki gæti verið um fleiri smávegis villur að ræða. Það mætti náttúrlega leiðrétta þetta með brtt. En það hefir vaknað sá grunur hjá mér, að það gæti verið fleira, því að ég hefi aðeins lesið frv. mjög fljótlega yfir.

Forseti (EÁrna): Það hefir komið fram till. um að vísa málinu til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til allshn. með 11:2 atkv.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 451, 452).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 452. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Allshn. hefir skotið á fundi og lesið frv. í gegn, og sömuleiðis voru á fundinum þeir, sem náðist til úr allshn. Nd. Við athuguðum frv., sem eðlilega var nokkuð stutt, kom það að vísu fram, að þau tvö eimskipafélög, sem nefnd eru fyrir utan Eimskipafélag Íslands og Skipaútgerð ríkisins, munu hafa þá sérstöðu við hliðina á hinum, að þar hefir í raun og veru ekki verið um neina deilu að ræða, og þau hafa að miklu leyti staðið utan við þetta mál allt og meðferð þess, og það var þess vegna ekki í sjálfu sér nauðsyn á því að láta þau vera með í þessum l. um gerðardóm. En n. leit svo á, að ekki væri ástæða til að breyta þessu ákvæði, þar sem þau eru í sjálfu sér bæði aðiljar, og báðir aðiljar mega semja sín á milli, þannig að það gangi fyrir ákvæðunum í þessu frv. N. ákvað því að breyta þessu ekki, einnig til þess að vekja ekki um það neinar deilur eða tefja fyrir málinu með frekari rannsóknum á því.

Að öðru leyti hefir n. borið frv. saman við þau gerðardómslög, sem sett voru hér nokkru fyrr, og ber þeim saman í öllum tekniskum atriðum, og virðist þar ekki hafa slæðzt inn neitt, sem ástæða sé til að athuga frekar.

N. hefir því lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að leiðrétt verði sú villa, sem ég benti á við 1. umr. og er sú, að í frv. er tekið upp skakkt nafn á einu félagi, því að þar var talað um eimskipafélagið Eddu í staðinn fyrir eimskipafélagið Ísafold, sem gerir út skipið Eddu.

Það liggur ekki fyrir prentað nál. um þetta, en n. leyfir sér að bera fram brtt. við 1. gr. um það, að í stað „eimskipafélagsins Edda h/f“ komi: eimskipafélagsins Ísafoldar h/f.

Ég vil fyrir hönd n. afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti:! Út af ummælum hv. frsm., en ég heyrði ekki, hvort hann sagði, að öll n. væri á þeirri skoðun, að ekki væri nein deila við Eimskipafél. Rvíkur og eimskipafélagið Ísafold, þá vil ég geta þess, að það er ekki öll n., sem er þeirrar skoðunar. Mér er kunnugt um, að samningunum við þessi félög hefir ekki verið sagt upp af hálfu Stýrimannafélags Íslands. Mér er ennfremur kunnugt um, að samninganefnd stýrimanna hefir gert ýtarlegar tilraunir til þess að ná samningum við þessi félög, sem ekki hefir tekizt. Hinsvegar skal ég ekkert um það segja, hvort sáttasemjari hefir gert ýtrustu tilraunir til sátta í málinu. En stýrimennirnir sjálfir munu annars gleggst vita þetta, því að í niðurlagi bréfs þeirra til forseta Alþýðusambands Íslands stendur, með leyfi hæstv. for-

seta: „Þó að lögfestur dómur sé að þessu leyti ekki nauðsynlegur gagnvart Skipaútgerð ríkisins, þá teljum vér heppilegra, að dómurinn dæmi einnig þar um, svo og út af deilu við eigendur Kötlu, Heklu og Eddu.“

Stýrimennirnir telja frá sínu sjónarmiði nauðsynlegt, að þessi dómur nái yfir alla. Ég hygg, að meiri hl. n. hafi einnig verið á þeirri skoðun, að þetta væri sjálfsagt og rétt, og þess vegna *eigi að standa í frv., eins og í 1. gr. stendur*, að dómurinn nái til allra eimskipafélaganna.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil ekki fara að tefja málið með því að deila um þetta atriði, enda skal ég játa, að ég er þessu ekki svo persónulega kunnugur, að ég geti sagt um, hvernig gangur deilunnar hefir verið. En ég vil aðeins leiðrétta hjá hv. form. allshn., að ég hafi sagt nokkuð um það, að ég væri þeirrar skoðunar, að þarna væri um enga deilu að ræða. Ég sagði, að komið hefði til tals við umr. í n., að ekki mundi vera eins ástatt með þessi félög og hin. Og mér hefir a. m. k. verið sagt, án þess að ég selji það dýrara en ég keypti það, að stýrimenn hjá þessum félögum hafi ekki óskað eftir verkfalli og hafi verið á móti því. Hitt er annað mál, að gera má ráð fyrir því að þeir hafi gjarnan viljað þiggja einhverjar kjarabætur, og e. t. v. að þeir hafi, eins og oft gerist og gengur hjá þeim, sem greiða atkv. á móti verkfalli, fylgzt með í því samtakanna vegna.

Annars sé ég enga ástæðu til þess, að við séum að deila um þetta, þar sem ekki er lagt til að breyta því á neinn hátt.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent skriflegt nál. frá hv. allshn., þar sem því er fyrst og fremst lýst yfir, að hún hafi athugað málið og leggi til, að það verði samþ. með þeirri breyt. við 1. gr., að í stað orðsins „Eddu“ komi: Ísafoldar. Það hefir slæðst inn sú villa, þegar frv. var prentað, að þetta útgerðarfélag er þar kallað Edda, en það heitir Ísafold. Ég vil út af þessu taka fram, að það er mjög auðvelt að breyta þessu, án þess að samþ. sé um það brtt. Hefi ég átt tal um þetta við skrifstofustjóra Alþingis. Hinsvegar eru töluverð óþægindi að því að samþ. þessa till., því að málið þarf að fara til Nd. nú eftir stutta stund, en það er ekki hægt að leggja frv. fyrir d., nema að prenta það upp, eða a. m. k. að brtt. sé prentuð. Þetta tefur málið og veldur auk þess óþarfa kostnaði. Ég vil þess vegna taka fram, að það skal verða séð um, að þetta verði leiðrétt, þegar málið verður prentað í skjalaparti þingtíð. Vildi ég því skjóta því til hv. frsm. allshn., hvort n. sæi sér ekki fært, að taka brtt. aftur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. (sjá þskj. 453) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég get í raun og veru ekki svarað nema fyrir mig, því að ég hefi ekki haft tækifæri til þess að bera mig saman við n. En þar sem hér er ekki um annað að ræða en leiðréttingu, og hæstv. forseti hefir lýst því yfir, að hann muni láta leiðrétta þetta í prentun, og telur það leyfilegt, þá mun ég svo framarlega sem enginn nm. hreyfir andmælum gegn því, taka brtt. aftur upp á það, að hún komist ekki að framar og frv. verði skoðað eins og þar standi „Eimskipafélagsins Ísafoldar“.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að ég hefði alls ekki óskað eftir því út af fyrir sig, að málið færi til n., til þess að leiðrétta þessa einföldu villu. En ég býst við, að þm. sé nokkur vorkunn, ef þeir sjá svona villu í frv., sem samið er í flýti, þótt þeim geti dottið í hug, að inn í það kunni að hafa slæðzt fleiri villur. Ég minnist þess, að það er ekki langt síðan átti að afgr. eitt merkilegt skattafrv. hér á þingi án þess að það færi til n., en það hafði þá gleymzt að framlengja einn aðaltekjustofninn. Það getur verið, að það sé eins heppilegt, þegar mál eru afgr. fljótlega, að þau fari til n.

Annars mun ég taka brtt. aftur, svo framarlega sem enginn nm. mælir gegn því.

ATKVGR.

Brtt. 453 tekin aftur.

— 452,1 felld með 11:1 atkv.

— 452,2 tekin aftur.

1. gr. (*með leiðréttingu* samkv. brtt. 453) samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án akvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þær ástæður, sem liggja til þess, að þetta frv. er lagt fram hér á hæstv. Alþ., koma skýrt fram í grg. þess. Þess vegna þarf ég ekki að hafa um málið neina verulega framsögu. Málið er líka mjög einfalt. Það verður ekki komizt hjá því að leysa þessa deilu; og fyrst og fremst er vegna þess tjóns, sem hún veldur, aðkallandi nauðsyn að leysa hana.

Eins og kemur fram í grg., hafa deiluaðiljar orðið við þeirri beiðni, að leggja málið í gerð. En þegar til þess kom að ná samkomulagi um gerðardómsmyndunina, strandaði málið á því, að aðiljar gátu ekki komið sér saman um það, hvernig ætti að orða ákvæðin um það, að deiluaðilar skyldu í engu gjalda þess hvor hjá öðrum, að þeir hefðu tekið þátt í deilunni. Um þetta getur hver hv. þm. fengið fullnægjandi vitneskju með því að lesa fylgiskjöl frv. Ætla ég svo ekki að hafa þessa framsögu lengri, en þar sem fyrir

liggur samþykki frá báðum aðiljum um, að málið skuli lagt í gerð, og nú ósk frá öðrum aðiljanum um, að samþ. verði um það l. á Alþ., og sennilega ekki óvilji hins, að það verði gert, þá vænti ég þess, að hv. þm. geti samþ. þetta frv., og það sem fyrst, þannig að sem allra skemmstar umr. þurfi að verða um það hér í hv. d.

***Ólafur Thors:** Ég get fyrir mitt leyti orðið við tilmælum hæstv. forsrh. um að gera ekkert sérstakt til þess, að umr. lengist um málið. Ég er frv. fylgjandi, og við sjálfstæðismenn á þingi erum það allir.

Hæstv. forsrh. kvað svo á, að aðiljar þessa máls hafi ekki getað komið sér saman um orðalag þeirrar hugsunar, að niður skyldu falla sakir, eftir að deilan að öllu leyti hefði verið lögð í gerð. Þetta er rétt. Ég lít svo á, að stjórn Eimskipafélags Íslands hafi ekki getað og heldur ekki haft rétt til þess að taka fyrir sitt leyti ákvörðun um, að stýrimenn skyldu njóta eftirlauna, eins og þeim er ætlað samkvæmt reglugerð fyrir eftirlaunasjóð fyrir Eimskipafélag Íslands, 10. og 14. gr. Samkvæmt þessum gr. mun stj. félagsins ekki hafa vald til þess að taka endanlega ákvörðun um þetta. Ég læt liggja á milli hluta, hvort löggjafinn getur sett ákvæði um þetta atriði. Það verður þá á sínum tíma deilumál á milli dómstólanna og aðalfundar Eimskipafélagsins, ef félagið gerir nokkuð til þess að halda fram þeim rétti, sem það kann að hafa, til þess að svipta stýrimenn, sem tekið hafa þátt í deilunni, eftirlaunum. Ég hefi enga trú á því, að til þess verði nein tilraun gerð.

Ég hafði ætlað að bera fram brtt. við 1. gr. frv., til þess að skýrt kæmi fram, hvernig ég liti á málið. Ég er þeirrar skoðunar, að stjórn Eimskipafélagsins og stjórn skipaútgerðar ríkisins, eða framkvæmdarstjóri hennar, hafi verið búnir að aðhyllast það, að sakir skyldu niður falla, að svo miklu leyti sem það væri á valdi þessara aðilja. Ég hafði ætlað mér að bera þessa brtt. fram. En eftir að ég átti tal við hæstv. forsrh. sé ég ekki ástæðu til þess. Hann ætlar, að í þessu orðalagi 1. gr. felist sú hugsun, að sakir falli niður milli deiluaðilja, eftir að sætt hefir verið gerð í málinu. Ég vil einnig, að svo verði, þó að ég, með þessum fyrirvara, sem ég hefi tekið fram viðvíkjandi 10. og 14. gr. reglugerðar um eftirlaunasjóð E. Í. bendi á, að draga má það kannske í efa, að löggjafinn geti gert ákvarðanir sínar um þetta.

Ég vil, að það komi skýrt og ákveðið fram, enda þótt ég ætlist til, að stýrimenn njóti sama réttar hjá Eimskipafélaginu og meðaðiljum þess í deilunni eins eftir sem áður að deilan hófst og missi ekki neins í vegna deilunnar, — ég vildi láta það koma alveg skýrt fram, að stýrimenn öðluðust ekki neina nýja vernd með orðalagi þessarar gr. Til þess að skýra, hvað fyrir mér vakir, þá segi ég, að ég gæti hugsað mér, að einhver ágreiningur risi um það, hvort þessi eða hinn stýrimaðurinn skyldi ganga fyrir um skipstjórastöðu, svo að ég nefndi eitthvert dæmi, eða að á einhverju skipinu yrði ósamkomulag á milli skipstjóra og stýrimanna, svo að hentugt þætti að flytja manninn á milli skipa, og þá tel ég, að útgerðarfyrirtækið ætti að hafa óbundnar hendur til þess. Slíkt gæti komið fyrir.

Ég ætla að geta um það, að mér hefði þótt viðfelldnara, að í 1. gr. frv. hefði ekki verið ákveðið, að í gerð yrði lögð deila milli Stýrimannafélags Íslands og Eimskipafélags Reykjavíkur og Eimskipafélagsins Ísafoldar, af þeim ástæðum, að sáttasemjari hefir ekki fjallað um þá deilu, en allshn. beggja d. hafa fjallað um þetta mál og ekki þótt ástæða til að breyta þessu, og mun ég því heldur ekki flytja brtt. um það.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi borið fram brtt., sem á að koma til atkvgr. við 2. umr., en með leyfi hæstv. forseta ætla ég að tala um hana í sambandi við málið í heild.

Eins og þetta mál liggur fyrir, hafa báðir deiluaðiljar komið sér saman um að hafa frjálsan gerðardóm um sín deilumál, en samkomulagið slitnaði á því einu, að Eimskipafélag Íslands hafði ekki viljað lofa því, að stýrimennirnir yrðu ekki látnir gjalda þátttöku sinnar í deilunni.

Hv. þm. G.-K. kom með nokkrar ástæður fyrir því, að hann teldi félagsstj. ekki einfæra til að dæma um það, hvort stýrimennirnir hefðu glatað eftirlaunarétti sínum, og eftir 10. gr. reglug. um eftirlaunasjóð félagsins væri hægt að líta svo á, að henni mætti ekki breyta nema með samþykki aðalfundar. Í 10. gr. er aðeins talað um það, ef maður er ráðinn við athafnir eða fyrirtæki, sem að áliti félagsstj. komi í bága við hagsmuni félagsins, eða hefst eitthvað það að af ásettu ráði, sem félagsstj. telur skaða starfsemi félagsins.

Ég lít svo á, að það komi ekki til nokkurra mála, að þetta falli undir það, að stýrimennirnir hafi unnið á móti hagsmunum félagsins, þó að þeir geri ákveðnar kröfur um kaup og kjör og fái framgengt sínum kröfum, heldur sé hér átt við allt önnur atvik.

Í þeim vinnudeilum, sem ég hefi tekið þátt í, og þær eru margar, hefir venjulega verið sett það skilyrði, a. m. k. hjá verkamannafélögunum, að menn yrðu ekki á neinn hátt látnir gjalda þátttöku sinnar í deilunni. Og þetta hefir gengið orðalaust, m. a. við Eimskipafélag Íslands. En ég man eftir einu dæmi, þar sem þetta gekk ekki. Það var í hinni svonefndu garnadeilu, og þá ákvað félagið, sem var hinsvegar, verkamannafélagið Dagsbrún, að setja af sinni hálfu það skilyrði fram, að ef tekið yrði að ýfast við þeim mönnum, sem hefðu tekið þátt í deilunni, þá tæki félagið deiluna upp aftur. Þetta skilyrði hefði stýrimannafélagið að sjálfsögðu getað sett við Eimskipafélagið, og kann að vera, að þá hefði ekki þurft að grípa til þessara ráðstafana. Ég skal þó ekkert um það deila, en hvernig sem ágreiningur liggur fyrir, þá er deilan í raun og veru ekki um gerðardóminn, því að um hann hafa aðiljar verið ásáttir, heldur hvort gilda skuli þessi venjulega regla, þegar sættir takast í deilu, að aðili sé ekki látinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni.

Ef stýrimennirnir vildu ekki taka þann kostinn, sem tekinn var upp í sambandi við þá vinnudeilu, sem Dagsbrún átti í, þá fyndist mér eðlilegt að setja löggjöf um ekkert annað en það, að gamla venjan, sem gilt hefir á milli verka-

mannafélaga og atvinnurekenda, skuli einnig gilda hér. Hinsvegar finnst mér ekki vera nein ástæða til að setja l. um sjálfan gerðardóminn, ef hægt er að leysa sjálft deiluatriðið.

Þess vegna gengur mín brtt. eingöngu út á það, að hvorugur aðili láti hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni. Það er ekki deilt um annað, og ég álít ómögulegt, að Eimskipafélagið geti gengið frá því að leggja málið í gerð.

Ég lít svo á, að það sé ekki rétt af löggjafarvaldinu að taka að sér að setja löggjöf um meira en brtt. mín felur í sér, ekki sízt þegar sett hafa verið l. á þessu þingi, sem hafa sætt mótmælum frá mjög fjölmennri stétt, sjómannastéttinni; og það lítur mjög mikið út fyrir, að þetta deiluefni sé spunnið upp af stj. Eimskipafélags Íslands til þess að koma á stað einni löggjöfinni enn um gerðardóm til þess að festa það í meðvitund manna, að þessi mál eigi að ákveða með gerðardómi.

Ég get þess vegna ekki greitt frv. atkv., eins og það liggur fyrir, en ber þessa brtt. fram og álít hana vera nægilega til þess að leysa málið.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Ég get orðið við tilmælum hæstv. forsrh. um að tefja ekki þetta mál. Við kommúnistar höfum áður haft tækifæri hér í þinginu til þess að lýsa afstöðu okkar til gerðardóma í vinnudeilum, og sú afstaða er óbreytt.

Því hefir verið haldið fram, að félagið, sem þarna á hlut að máli, hafi óskað eftir, að þessi leið yrði farin. Ég býst nú við, að stýrimennirnir hafi enganveginn óskað eftir þessu, heldur hafi þeir verið nauðbeygðir til að fara fram á það, eingöngu af því, hvernig atvinnurekendur, sérstaklega Eimskipafélag Íslands, hafa komið fram, með það fyrir augum að þvinga ríkisvaldið til afskipta af þessari deilu, til þess að atvinnurekendastéttin geti fengið gerðardóm í sambandi við vinnudeilur yfirleitt.

Ég álít, að sú brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 3. þm. Reykv., myndi vera fullnægjandi til þess að leysa þessa deilu. Eina atriðið, sem strandaði á í sambandi við frjálsan gerðardóm, var það, hvort atvinnurekendur ættu að hafa möguleika til þess að hefna sín á einhvern hátt á þeim, sem hafa tekið þátt í verkfallinu, og ef þessi brtt. yrði að l., myndi það þýða, að atvinnurekendum yrði gert það ómögulegt. Ef Alþ. samþ. þessa brtt., væri málið því komið á þann grundvöll, að hægt væri að leysa deiluna. Við kommúnistar munum því greiða atkv. með till., en á móti frv. sjálfu óbreyttu.

*__Finnur Jónsson:__ Ég get viðvíkjandi afstöðu Alþfl. til málsins vísað til yfirlýsingar, sem hv. 3. landsk. gaf um afstöðu Alþfl. til lögþvingaðra gerðardóma yfirleitt. Sú afstaða hefir verið mörkuð af þm. flokksins við afgreiðslu gerðardómanna, sem afgr. voru á þessu þingi í tilefni af kaupdeilu sjómanna og útgerðarmanna í byrjun síðustu vertíðar. Alþfl. telur slíka gerðardóma varhugaverða vegna fordæmis. En þar sem samkomulag hefir náðst á milli aðiljanna í þessari kaupdeilu, stýrimanna og útgerðarmanna, um það, að gerðardómur skeri úr, og þar sem hér er ekki um það að ræða að lögbjóða gerðardóm á móti vilja hvorugs aðiljans, heldur eingöngu til þess að staðfesta þetta samkomulag, en aðalatriðið er að tryggja það með lögum, að stýrimennirnir verði ekki að neinu leyti látnir gjalda þátttöku sinnar í deilunni, þá mun Alþfl. greiða þessu frv. atkv. Þrátt fyrir það hefir hann ekki að neinu leyti horfið frá sinni fyrri afstöðu um skipun slíkra gerðardóma.

Hv. þm. G.-K. virðist vilja skilja eitthvað á milli félags og félagsstjórnar eða jafnvel félagsstjórnar og framkvæmdastjórnar. Í blaði Sjálfstfl. í morgun kemur það berlega í ljós, að það telur það ekki hafa legið undir úrskurði stj. félagsins, hvort hér sé um eitthvert það athæfi að ræða, sem komi í bága við hagsmuni félagsins, heldur liggi slíkt undir úrskurð aðalfundar. — Eftir þeirri grein, sem hv. þm. G.-K. las upp áðan, virðist það vera álit félagsstj., sem hér er um að ræða, og eins og fram kom í samningunum við stýrimennina, þá lítur út fyrir, að a. m. k. innan félgsstj. hafi verið einhverjar raddir uppi um það, að stýrimennirnir hafi að einhverju leyti unnið á móti hagsmunum Eimskipafélags Íslands, og væri því rétt að láta þá gjalda þess með því að svipta þá eftirlaunarétti. Og þó að ekki lægi annað fyrir en þetta í Morgunblaðinu, þá liggur mjög nærri að álykta, að löggjafinn sé beinlínis að veita stýrimönnunum vernd með þessu frv., og að því leyti sé það réttarbót fyrir þá. Að öðru leyti nær það vitanlega engri átt að vera að sundurgreina það, að félagsstj. eða framkvæmdastj. geti ráðið öllu um þessi mál.

Um brtt. þá, sem hv. 3. þm. Reykv. ber hér fram f. h. Kommfl., er það að segja, að hún virðist í raun og veru, ef hún hefir einhverja meiningu, miða að því, að ástandið í þessari deilu verði óbreytt. Í tillgr. er gert ráð fyrir, að hvorugur aðilinn láti hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt. Hv. 3. þm. Reykv. f. h. Kommfl. vill láta launakjörin vera óbreytt á skipunum. En nú er það vitanlegt, að ef þessi kjör eiga eitthvað að breytast, þá breytast þau ekki, nema annarhvor aðilinn gjaldi einhvers við það. Þar sem Eimskipafélagið hefir neitað að láta gerðardóminn, sem aðiljar voru búnir að koma sér saman um, taka til starfa, ef þetta fylgdi, þá er vitanlega gersamlega þýðingarlaust, ef menn vilja fá lausn á þessari deilu, sem sérstaklega hefir verið óskað eftir af hálfu stýrimanna, að afgr. þetta frv., nema því aðeins að ákveða, að gerðardómurinn taki til starfa. Eimskipafélgið hefir neitað þessu atriði, þegar það var sett fram af hálfu stýrimanna, og ef ekki verða gerðar neinar ráðstafanir af Alþ., þá lítur út fyrir, að þessi deila myndi standa í stað, ef till. hv. 3. þm. Reykv. og þeirra félaga hans í Kommfl. næði fram að ganga.

Fyrir þá, sem heldur vilja leysa deiluna á þann hátt, sem verkalýðurinn í deilunni, stýrimennirnir, hafa farið fram á, liggur því ekki annað fyrir en að greiða atkv. með þessu frv. óbreyttu, og þó að Alþfl. sé að vísu á móti lögþvinguðum gerðardómum í kaupdeilum, mun hann geta fylgt þessu frv. á þeim forsendum, að deiluaðiljar voru búnir að koma sér saman um gerðardóminn.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar undir þetta mál.

*Ég álít, að brtt., sem hér kemur til atkv. við 2. umr., sé óþörf og til mikilla skemmda, ef hún væri samþ., því að þó að þetta atriði út af fyrir sig, að deiluaðiljar skuli ekki gjalda þess, að þeir hafi tekið þátt í deilunni, væri ákveðið með l., þá hefir Alþ. ekki þá tryggingu, sem það getur gert sig ánægt með, fyrir því, að deiluaðiljar komi sér saman um önnur atriði gerðardómsins, svo mikil stifni, sem í þetta mál er komin, því gæti svo farið, þó að þessi brtt. væri samþ., að málið væri óleyst. — En ef að deiluaðiljar samt sem áður eru færir um að koma sér saman um gerðardóm í þessu máli, eftir að hafa fengið álit Alþ., það sem kemur fram sérstaklega í niðurlagi 1. gr. frv., þá vil ég benda þessum hv. þm. á 6. gr. frv., þar sem er ákveðið, að úrskurður gerðardóms víki fyrir löglega gerðum samningi milli deiluaðilja, á hvaða tíma sem er. Deiluaðiljar gætu komið sér saman um það í kvöld að tilnefna menn í gerðardóminn og láta hann kveða upp úrskurð. Þessi l. koma vitanlega ekki til framkvæmda fyrr en eftir morgundaginn, því að þótt l. yrðu staðfest á morgun, þá er eftir að birta þau og ganga frá öðrum formsatriðum, svo að ef deiluaðiljar eru færir um að ganga frá málinu, án þess að l. komi til, þá geta þeir gert það samkv. ákvæðum 6. gr. frv. Annars get ég ekki séð, að það öryggi sé fyrir hendi, sem Alþ. verður að óska eftir, ef þannig væri gengið frá málinu, eins og hér er stungið upp á.

Þá er það fyrirspurnin, sem fram kom frá hv. þm. G.-K. viðvíkjandi niðurlagsákvæði 1. gr. Hann sagðist skilja þessi ummæli þannig, að það væri ætlazt til, að sakir féllu niður, og það er vitanlega alveg réttur skilningur, m. ö. o., eins og hann orðaði það, að stýrimennirnir misstu einskis í af þeim réttindum, sem þeir hefðu, en ynnu hinsvegar ekki ný réttindi. Og þetta er líka réttur skilningur, þ. e., að deiluaðiljarnir séu eins settir eins og þeir voru fyrir deiluna. Þetta felst í niðurlagi 1. gr.

Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um það, sem hér hefir komið fram, en vil vænta þess, að þó að einhver orð, sem gætu, ef að venju lætur, gefið ástæðu til umr. í þessari hv. d., hefðu fallið við þessa umr., að þær umr. yrðu helzt látnar falla niður í þetta skipti, svo að við getum afgr. málið sem allra fyrst héðan frá hv. Alþ.

***Héðinn Valdimarsson:** Hv. þm. Ísaf. var að lýsa því, fyrir hvers hönd ég talaði. Ég hefi oft gert grein fyrir því hér í þinginu, og öllum er það kunnugt. Ég veit, að hv. þm. talaði þar á móti betri vitund, þegar hann var að lýsa því, að ég talaði f. h. kommúnista. Ég vildi bara óska, að hann vissi, fyrir hvers hönd hann talaði. Ég veit ekki til, að hann tali fyrir neina aðra en 7 menn hér á Alþ. og 9 menn utan þingsins.

Hv. þm. fór að finna að orðalagi till. Orðalagið er nákvæmlega það sama og í frv., og ég veit ekki, hvað það er hlægilegra í brtt. en í frv., þar sem hv. þm. ætlar þó að greiða því atkv. Að öðru leyti fór hann að verja gerðardóminn á sama hátt eins og þeir, sem töluðu með gerðardóminum í sjómannadeilunni í vetur og hann á sínum tíma virtist vera mest á móti.

Ég get ekki séð, hversvegna samningar ættu ekki að takast, þegar búið er að leysa sjálfa deilumálið. Hæstv. forsrh. talaði um, að það gætu orðið samningar, þó að þetta frv. yrði samþ. Það er nátturlega rétt, að eftir 6. gr. geta þeir orðið, en þetta þarf ekki að vera, en ef brtt., sem ég flyt, yrði samþ., þá þarf að gera samninga um málið, því að ég skil ekki, hvernig aðili eins og Eimskipafélag Íslands ætti að geta hlaupið frá því að leggja málið í gerð.

***Ólafur Thors:** Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. forsrh. hefir nú staðfest þann skilning minn á niðurlagsorðum 1. gr., að það sé tilgangurinn, að sakir falli niður. En ég hefi áður leitt athygli að því, að það orki tvímælis, hvort löggjafinn geti samþ. þetta vegna fyrirmæla stjskr. og með tilliti til 10. og 14. gr. reglugerðar um eftirlaunasjóð Eimskipafélags Íslands, en ég hirði ekki um að tefja umr. með því að fara frekar út í það.

Ég vil mótmæla því, sem hér hefir verið slegið fram, að af hálfu Eimskipafélagsins og Skipaútgerðarinnar, því að þessir aðiljar stóðu saman, hafi verið gerð nokkur tilraun til þess að sýna stífni í þessu máli, heldur stafar þetta, eins og ég áður hefi getið um, af fyrirmælum 10. og 14. gr. fyrrnefndar reglugerðar. Ég þykist vita, að forráðamenn þessara fyrirtækja líti þannig á, að stýrimennirnir hafi ekki beitt löglegum ráðum í þessu verkfalli, en ég hefi forðazt að draga það inn í umr., en geri það, af því að hér hefir verið deilt á annan aðiljann að ástæðulausu.

Ég hlustaði mér til nokkurrar ánægju á ræðu hv. þm. Ísaf. Ég er ekki viss um, að þessi grg., sem hann gaf fyrir atkv. sínu, sé rétt, því að það er ekki nema stuttur tími síðan hans flokkur „dró" sinn ráðh. út úr ríkisstj. einmitt vegna samþ. l. um gerðardóm. Ég ætla ekki að fara að troða illsakir við hv. þm. Ég held, að þeim beri ekki mikið á milli, hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv., en eins og allir vita, þá hefir hv. 3. þm. Reykv. haft þennan hv. þm. fyrir stýrimann, og legg ég til, að þessi deila verði einnig lögð í gerð, ef hún harðnaði, þegar liði fram á nóttina.

***Finnur Jónsson:** Það er ákaflega leitt, ef hv. 3. þm. Reykv. er móðgaður út af því að vera talinn kommúnisti. Ég taldi slíkt ekki fjarri sanni vegna þess, að hans till. er orðuð á sömu leið og till., sem hv. 1. landsk., form. Kommfl., flutti í Ed. á þskj. 452. Og þar sem vitað er, að Kommfl. á 2 fulltrúa hér í þessari deild, þá taldi ég ekki, að hv. 3. þm. Reykv. hefði tekið þetta upp hjá sjálfum sér, heldur gert það fyrir hönd flokksins og til að innsigla þá ágætu trúlofun, sem þegar af hans hálfu er undirbúin fyrir hans flokk. Ég styrkist því fremur í þessari trú, þar sem hv. 5. þm. Reykv. lýsti því yfir, að hann myndi greiða þessari till. atkv.

Fyrir hvers hönd ég tala hér, þarf ég ekki að svara. Ég tala fyrir hönd Alþfl., þess lög-

lega Alþfl. hér á landi. Ég skal svo ekki fara út í þetta frekar. En það kemur sjálfsagt í ljós á sínum tíma, hvor hefir fylgi Alþfl., meiri hluti sambandsstjórnar og allir þm. flokksins eða 3. þm. Reykv.

Út af þeim ummælum hans, að tillgr. sín væri nákvæmlega eins orðuð og er í lögum, þá ætla ég það sé sönnun fyrir því, að hún er þýðingarlaus. Þá vil ég benda hv. 3. þm. Reykv. á, ef hann hefir ekki tekið eftir því, þegar hann tók að sér að flytja till., að í hans till. er gert ráð fyrir því, að öll þau ákvæði í lögunum, sem miða að því, að settur sé á stofn gerðardómur, séu ákvæði á ný um, hvort kaup og kjör verði færð niður. Þetta gerir það að verkum, að till. hans hefir allt aðra meiningu en till., sem lögð var fram frá hæstv. forsrh.

Ég skal ekki fara neitt út í það að svara hv. þm. G.-K. nú. En ég vildi segja það í sambandi við eftirlaunasjóð félagsins, að það mætti heita algerlega dæmalaust, ef Eimskip, sem stundum er nefnt óskabarn þjóðarinnar, léti einstökum mönnum í stjórn þess líðast að hafa uppi nokkur mótmæli um það, að menn, sem búnir eru að slíta sér út í þjónustu félagsins, fengju ekki að njóta þess stuðnings, sem sjóðnum er ætlað að veita þeim, heldur nota hann til kaupkúgunar við starfsmenn félagsins.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil aðeins beina því til hv. þm. Ísaf., að ef hann langar ákaflega mikið til að vita, hvernig þessi till. hefir orðið til, þá getur hann fengið að vita það með því að snúa sér til hæstv. forseta, sem var viðstaddur fæðinguna, og hv. þm. Ísaf.

***Ólafur Thors:** Eingöngu út af því, sem hv. þm. sveigði að stjórn Eimskipafélagsins fyrir, að hún hefði í hyggju eða langaði til að nota eftirlaunasjóð félagsins í einhverjum varhugaverðum tilgangi. Vísa ég þessum ummælum algerlega heim til föðurhúsanna aftur. Það, sem fyrir liggur, er eingöngu það, að samkvæmt reglugerð um eftirlaunasjóð, eða öllu heldur samningi, hafi styrkréttindi glatazt starfsmanni, hafi hann, að áliti félagsstjórnar, verið riðinn við athafnir eða fyrirtæki, sem koma í bága við hagsmuni félagsins, eða hann hefst eitthvað það að, af ásettu ráði, sem til skaða getur orðið starfsemi félagsins. Það er ekki vafamál, að bæði stjórn ríkisskipa og stjórn Eimskip álíta ólöglega stofnað til þessa verkfalls. En auðvitað liggur það í hlutarins eðli, að stýrimenn eins og aðrir styrkþegar, hafa alveg óskoraðan rétt til að stofna til venjulegra verkfalla, án þess að þurfa á nokkurn hátt að eiga það á hættu, að þeir gætu misst réttindin af þeim orsökum. Það liggur í hlutarins eðli, að stj. ríkisskipa og stjórn Eimskipafélagsins væru ámælisverðar, ef til slíkra ráða ætti að grípa í vissum verkföllum. En það er af því, að stjórn Eimskipafélagsins hefir þetta álit, þá getur hún ekki leynt því fyrir aðalfundi. En samkvæmt 14. gr. á aðalfundur að úrskurða. Ég hefi lýst þeirri skoðun minni, og ég er — — —. Ég skal bíða, á meðan lærifaðirinn hvíslar í eyra þm. Ísaf. — Er óhætt að halda áfram? — Ég sagði, að þótt engin ákvæði séu sett í lögin, þá er ég sannfærður um, að aðalfundur hefði fellt niður þessa ósk. Nú vona ég, að óhætt sé að hætta, og hv. þm. Ísaf. geti talað, því að ég held, að hv. þm. N.-Ísf. sé nú búinn að segja, hverju hann eigi að svara.

***Finnur Jónsson:** Ég þarf ekki að svara hv. þm. G.-K. neitt sérstaklega út af þessu, þótt ég hefði að sjálfsögðu ástæðu til að þakka honum mikið, þar sem hann hefir einmitt staðfest með því að lesa enn á ný upp þessa grein úr lögum Eimskipafélagsins það, sem ég gat um í fyrstu ræðu minni, að úrskurður um þetta mál liggi eingöngu í höndum félagsstjórnar, og sannar með því, að blöð flokks hans fara með ósannindi í þessu máli. Því að blöðin héldu fram í morgun, að þessi úrskurður lægi ekki hjá stjórn Eimskipafélagsins heldur hjá aðalfundi þess. **(ÓTh:** Hvað stendur í 14. gr.?). Það stendur í greininni, sem hv. þm. las, og ég vona, að hann lesi ekki til að blekkja þingheim, að það færi eftir áliti stjórnar Eimskipafélagsins, hvort unnið hafi verið á móti hag félagsins eða ekki. **(ÓTh:** Já, og ef stjórnin álítur það, þá á aðalfundur að úrskurða). Þess vegna er það, sem fyrir hefir legið, að stjórnin hefir ekki viljað gefa upplýsingar um, að allar sakir skyldu falla niður. Þannig er það auðséð, að það hafa verið a. m. k. einhver ummæli um það innan stjórnarinnar, að þessum ákvæðum skyldi beitt gegn stýrimönnunum. Það eru þess vegna engin sviguræli til neins í framkvæmdastjórn Eimskipafélagsins, þótt bent sé á það, að svo mikla dáleika, sem þjóðin hefir á Eimskip, og svo mikil hlunnindi sem Alþingi hefir veitt því, þá væri það algerlega óverjanlegt, ef nokkrum einstökum mönnum ætti að haldast það uppi að nota eftirlaunasjóðinn í kaupkúgunarskyni við einhverja stétt manna innan félagsins.

***Ólafur Thors:** Ég held, að hv. þm. Ísaf. hafi ekki reynt að skilja fyrirmæli þessara greina. Í 10. gr. stendur, að ef félagsstjórn álítur, að framkoma styrkþega brjóti í bága við hagsmuni félagsins, þá eigi styrkurinn að falla niður. Þá er það ekki á valdi félagsstjórnar að úrskurða, að styrkurinn falli ekki niður. Og Eimskipafélagsstj. er ekki þannig gerð, að hún geti með vilja sínum ákveðið, hvað hún álítur. Menn hafa skoðun, myndaða út frá skynsamlegu sjónarmiði, og það er ekki á færi nema einstakra manna að vera svo hjólliðugir, að þeir hafi þá skoðun, sem kemur bezt að hafa á hverjum tíma. Stjórn Eimskipafél. á að mynda sér álit út frá rökum og málefnislegri aðstöðu, hvort framkoma manna brjóti í bága við hagsmuni félagsins. Ef stjórnin álítur, að svo sé, þá eiga þeir samkvæmt reglugerðinni að missa sinn rétt. En þá er hægt að breyta þessu með ákvæði aðalfundar samkv. 14. gr. reglugerðarinnar. Svona liggur málið fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 451, 454).

Enginn tók til máls.

Of skammt var liðið frá 1. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 454. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25. shlj. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 454 felld með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HV, ÍslH.

nei: SkG, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, JPálm, PHann, PO, SEH, JörB.

SK, VJ, PHalld greiddu ekki atkv.

6 þm. (StSt, TT, GG, HG, JakM, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 22:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, HelgJ, JPálm, PHann, PO, SEH, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, JörB.

nei: HV, ÍslH, EOl.

SK, PHalld greiddu ekki atkv.

6 þm. (GG, HG, JakM, ÓTh, StSt, TT) fjarstaddir.

2.—8. gr. samþ. með 21:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

Við nafnakallið um 1. gr. frv. gerði einn þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Sigurður Kristjánsson: Að sönnu er ég þeirrar skoðunar, að deilur í atvinnumálum geti komizt á það stig, að þær geti ekki orðið leystar á siðaðan hátt, nema með gerð. En vegna þess að þetta mál er mál stjórnarflokkanna og hefir algerlega að tilefnislausu verið gert af þeim báðum að árásarefni á Sjálfstfl., en það er hinsvegar vitanlegt, að þessir sömu flokkar hafa hingað til kynt undir og hvatt til ófriðar um vinnu í landinu, þá segi ég: „Ber þú sjálfur fjanda þinn", og greiði ekki atkv.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

---

35. Niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns (þmfrv., A. 257).

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Eitt af þeim erfiðustu störfum, sem sjórétturinn leggur lögfræðingum á herðar, er svokölluð niðurjöfnun sjótjóns, og þeir menn, sem það annast og kallaðir eru „dispachörer" á erlendu máli, eru enn ekki til hér á landi, svo að þegar um slíka starfsemi hefir verið að ræða, hefir í flestum tilfellum verið leitað til erlendra manna.

Nú vill svo til, að einn ungur og efnilegur lögfræðingur hefir undirbúið sig undir þetta starf, og það má ef til vill vænta þess, að fleiri komi á eftir honum.

Í öðrum löndum, m. a. á Norðurlöndum, gilda sérstök lög um löggildingu manna til þessa vandasama starfs, og frv. það, sem allshn. flytur hér, er að miklu leyti í samræmi við þá löggjöf, þó að ekki hafi verið lagt út í að krefjast fullkomins prófs til þess að geta fengið löggildingu, heldur eru sett skilyrði um nægilega bóklega og verklega kunnáttu.

Það hefir verið leitað álits Sjóvátryggingarfélags Íslands, og Brynjólfur Stefánsson forstjóri, sem er manna kunnugastur þessu af öllum hérlendum mönnum, leggur mjög með því, eins og sést á fskj. með grg. frv., að frv. verði samþ. Ég geri hálfpartinn ráð fyrir, að n. neyðist til að koma með lítilsháttar brtt. við 2. eða 3. umr. að því er snertir ákvæðið um það, að skilríki skuli lögð fram fyrir því, að sá maður, sem á að fá þessa löggildingu, hafi aflað sér fræðilegrar sérþekkingar við erlendan háskóla, vegna þess að ef hann er ekki innritaður við háskóla, þá getur verið dálítlum vandkvæðum bundið fyrir hann að hafa skilríkin, sérstaklega ef hann hefir ekki vitað um þetta fyrirfram. Annars kemur þetta til athugunar í n., en ég legg til, að frv. verði samþ. án þess að því sé vísað til n. N. getur athugað þetta, ef hún vill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Hv. þm. Snæf. og ég ætlum að bera fram skrifl. brtt. við 2. gr. frv., 3. tölul., þannig að liðurinn hljóði svo: „Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár". Þessi brtt. er að nokkru leyti flutt með tilliti til þess unga manns, sem hefir rannsakað þetta og búið sig undir það, og vitanlega er hægt að breyta þessum l. seinna. Annars fer þetta í framkvæmd-

inni mest eftir því, hvað ríkisstj. vill ganga ríkt eftir að heimta skilríki í hvert skipti.

Hitt getur ekki komið til mála, að krefjast þess, að fátækir kandídatar fari að innrita sig fyrir stórfé í erlenda háskóla, þótt þeir taki þetta sérnám um eins árs bil.

Ég vona því, að þessi brtt., sem ég ætla að afhenda hæstv. forseta, verði samþ.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð. og hv. þm. Snæf. við 2. gr. 3. tölul., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 341.]

Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því tvennskonar afbrigði, til þess að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 341 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 342).

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, n. 427).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Nd. og er flutt af allshn. þeirrar d. Allshn. þessarar d. hefir athugað frv. og, eins og sést í nál., leitað álits sérfróðra manna um efni þess. Það, sem sérstaklega er þýðingarmikið í frv. þessu, er, að með því er farið fram á að löggilda innlenda menn til að annast þau störf, sem í frv. eru talin, það er svokölluð niðurjöfnun sjótjóns. Þeir menn, sem n. hefir leitað til með málið, eru þeir Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari og Brynjólfur Stefánsson vátryggingarforstjóri hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands. Hér er um að ræða að færa störf inn í landið, sem ekki hafa verið til sérfróðir menn í áður, en það er að jafna niður sjótjóni, eins og gert er ráð fyrir í 8. kafla siglingal. eins og þau eru frá 1930. Erlendis er litið svo á, að hér sé um mjög vandasamt starf að ræða og mönnum ætlað að búa sig undir það með því að vinna í skrifstofum, sem hafa þessi mál með höndum, allt upp í 5 ár. Í Bretlandi mun ekki heimtuð löggfræðileg þekking til þess, en farið fram á mjög langan starfstíma í þess stað. Hér er gert ráð fyrir, að um lögfræðinga sé að ræða, sem taka slíkt starf að sér, og eiga þeir að hafa embættispróf frá Háskóla Íslands og hafa aflað sér sérþekkingar í sjórétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár, og þar að auki hafa starfað við slík störf, erlendis eða innanlands, eigi skemur en eitt ár. Þótt hér sé nokkru skemur farið en tíðkast erlendis, þá hygg ég, þar sem svo ýtarlegrar þekkingar og náms er krafizt, að það sé fullkomlega nægilegt að hafa fyrst háskólanám hér á landi, nám við erlendan háskóla og eins árs verklega fræðslu við niðurjöfnunarstofnun hér eða erlendis.

Nú mun bera svo til, að ungur lögfræðingur hefir þegar aflað sér þekkingar erlendis; hann hefir tekið ágætt próf frá Háskóla Íslands og unnið erlendis í 2½ ár við stofnun, sem hefir þess háttar störf með höndum. Mun hann því fyrstur koma hér til greina sem löggiltur maður til að annast niðurjöfnun, og er við það tvennt unnið. Fyrst og fremst það, að þessi vinna er komin inn í landið og þarf ekki að greiða fyrir hana til erlendra manna, og um leið á að mega byggja á, að slík niðurjöfnun, sem fer fram hér, verði fulltrygg, svo ekki þurfi að senda öll skjöl og skilríki þessum málum viðkomandi til útlanda. Hingað til hefir þessi niðurjöfnun nokkrum sinnum farið að mestu leyti fram innanlands, og hafa að því unnið þeir menn, sem bezt skyn bera á þessa hluti, og mun það einkum vera Þórður Eyjólfsson, ásamt einhverjum öðrum, sem leitað hefir verið til, þótt þeir hafi ekki aflað sér fullkominnar þekkingar á þessu sviði. Með frv. er örugglega frá þessu gengið, svo að erlend vátryggingarfélög, sem hér eiga hlut að máli, munu geta treyst niðurjöfnuninni, svo að verkið verði allt unnið hér á landi.

Með tilliti til þessa hefir allshn. ekki talið nauðsynlegt að breyta frv., en leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 342.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 465).

---

36. Þilplötur o. fl. úr torfi.

Á 37. fundi í Ed., 31. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um einkaleyfi til að vinna þilborð o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum (þmfrv., A. 157).

Á 40. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Árnason): Með frv. þessu er farið fram á að veita Kaupfélagi Eyfirðinga einkaleyfi til nokkurra ára til þess að framleiða byggingarefni úr íslenzkum jarðvegsefnum. Á undanförnum árum hefir mikið verið rætt og ritað um það, hve mikla nauðsyn bæri til þess, að reynt yrði að framleiða íslenzkt byggingarefni til að spara hinn mikla gjaldeyri, sem þarf til þess að flytja inn allt það byggingarefni, sem við Íslendingar þurfum til að byggja upp hús í landinu. Hingað til hefir lítið orðið úr framkvæmdum í þessum efnum. Þó hafa ýmsar uppástungur komið um það, að framleiða mætti ýms byggingarefni hér á landi. Í þessu frv. er farið fram á að veita Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi til að framleiða byggingarefni úr íslenzkum jarðvegsefnum. Kaupfélag Eyfirðinga hefir í undanfarin tvö ár gert allmiklar tilraunir til þess að fá rannsóknir á því, hvort hægt væri að framleiða þilborð úr íslenzkum jarðvegsefnum, sérstaklega úr svokölluðu reiðingstorfi. Þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið, á íslenzku reiðingstorfi, hafa aðallega verið framkvæmdar af sérfræðingum í Svíþjóð, og gefa þær mjög góðar vonir um, að úr reiðingnum megi vinna fleiri en eina tegund af byggingarefni. Það jarðvegsefni, sem hér er um að ræða, er einkum að finna í Staðarbyggðarmýrum í Eyjafirði, sem eru allmikið flæmi og Kaupfélag Eyfirðinga hefir gert nokkrar ráðstafanir til þess að fá umráð yfir, ef til þess kæmi, að hægt væri að koma upp verksmiðju til að vinna úr þessu efni. Sérstaklega hefir verið unnið að því, að búa til þilplötur eða þilborð, en auk þess önnur efni, t. d. einangrunarefni og pappa. Ég hefi hér fyrir framan mig sýnishorn af þessari framleiðslu, sem ég fékk fyrir viku síðan frá Svíþjóð, og sýnir þrennskonar efni: Þilborð, sem líkjast mjög því byggingarefni, sem nefnt er „masonit", einangrunarefni, sem nota má í staðinn fyrir „kork"; og þriðja efnið er „Cellulose", er hafa má til pappírsgerðar o. fl.

Ég vil gjarnan, að hv. dm. sjái þessi sýnishorn, til þess að þeir fái nokkra hugmynd um þá framleiðslu, sem hægt er að fá úr þessu efni. Þessar tilraunir, sem hafa verið gerðar, hafa vitanlega kostað mikið fé, og þeim er ekki lokið enn. Og það þarf að halda þeim áfram, og sérstaklega rannsaka það, hvort það borgaði sig fjárhagslega að reisa slíka verksmiðju, því að það er víst, að hún yrði mjög dýr og kostaði mikið stofnfjárframlag. Og það er þess vegna, að hér er farið fram á tuttugu ára einkaleyfi til að framleiða slíkt efni. Því að hugsazt gæti, að fleiri tækju fyrir að koma slíkum iðnaði á fót, sem krefðist í byrjun mikils stofnkostnaðar og óvíst um, að hægt væri að rísa undir.

Ég geri ráð fyrir því, að ýmsum kunni að finnast þetta nokkuð langur tími. En þess ber að gæta, að hér er lagt út í nokkuð mikinn kostnað. Ef slík verksmiðja sem þessi yrði sett á fót, verður hún vitanlega að vera í nánd við þann jarðveg, sem tekið er upp úr til vinnslu. Sú verksmiðja yrði rekin með rafmagni, og það er hugsað í sambandi við þá væntanlegu rafvirkjun fyrir Akureyrarkaupstað við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, og slík verksmiðja gæti veitt mikinn stuðning til þess að gera það fyrirtæki arðvænlegt. Ég sé í raun og veru ekki, ef á að vinna að þessu máli, að til séu nema tvær leiðir til framkvæmda. Önnur er sú, að veita einhverjum framtaksmönnum einkarétt um nokkurra ára bil til þess að koma þessu á fót. Hin leiðin er sú, að ríkið sjálft taki að sér þessar framkvæmdir. Og þegar um þessar tvær leiðir er að ræða, þá er ég á þeirri skoðun, að það sé miklu réttara að einstakir menn, sem líklegir eru til að hefja þessar framkvæmdir, fengju að ríða á vaðið og hrinda málinu áfram.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. En mér hefir gefizt sérstakt tilefni til að minnast hér á ummæli í grg. frv., er svo hljóða:

„... Þar sem ekki er vitað, að neinn annar en Kaupfélag Eyfirðinga hafi haft með höndum tilraunir í líka átt og hér er um að ræða, virðist félagið eiga sanngirniskröfu til þess, að löggjöfin veiti því þann stuðning, sem nauðsynlegur er, til þess að mál þetta verði rannsakað og því komið í framkvæmd, ef lokatilraunir bera þann árangur, sem nú er búizt við, að slík framleiðsla hér geti orðið sett á stofn á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli".

Út af þessum ummælum átti húsameistari ríkisins tal við mig og skýrði mér frá því, að hann hefði áður látið sér detta í hug slíkt fyrirtæki, og að yfirhöfuð væri hægt að framleiða eitthvað því um líkt úr þessum jarðvegsefnum, og að hann hefði hafizt handa um tilraunir í þessa átt, áður en K. E. A. byrjaði sínar framkvæmdir. En þegar þessi grg. var samin, var ekki kunnugt um neinar framkvæmdir í þessu efni, og þess vegna álitum við, að það væri Kaupfélag Eyfirðinga, sem hefði átt frumkvæðið að þessu. Og það er langt frá því, að það sé ætlun okkar flm. frv. að fara að taka neina viðurkenningu frá húsameistara ríkisins, sem hann kann að eiga, fyrir að hafa fyrstur hugsað sér, að hægt væri að framleiða slíkt úr íslenzku torfi. Það er heldur ekki aðalatriði málsins. Við flm. erum heldur ekki að halda því fram, að engum öðrum hefði dottið slíkt í hug. Aðalatriðið er að koma hugmyndinni í framkvæmd, ef hún sýnist þannig vaxin, að hún geti borgað sig. Við teljum, að það sé miklu meira um það vert, ef hér er um þjóðhagslegt mál að ræða, að eitthvað sé gert í málinu til framkvæmda. Ég vil svo leggja til, að málinu verði vísað til n. að lokinni þessari umr. Það gæti verið að ræða um iðnn. og jafnvel allshn., og get ég gert till. um iðnn. En ef aðrir óska eftir einhverri annari n., get ég að sjálfsögðu fallizt á það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mig langaði aðeins til að gera fyrirspurn. Ég er í engum vafa um það, að ef hægt er á fjárhagslega heil-

brigðum grundvelli að vinna slíkt efni og það, sem við sáum hjá hv. 2. þm. Eyf., þá hefði það ákaflega mikil og víðtæk áhrif fyrir okkar þjóðlíf, sérstaklega til sveitanna.

Það er búið að vinna eitthvað töluvert mikið að þessum málum, hve mikið, veit ég ekki. Og reiðingurinn mun ná yfir afarstór svæði, sérstaklega Staðarmýrarnar. Það, sem mig langaði til að fá upplýsingar um, er, hvað rannsóknirnar hafa sýnt, að fengist mikið af þessu efni úr ákveðnu magni af reiðingi, og hversu miklar þær birgðir eru, sem fyrir liggja þarna í Eyjafirði. Þær birgðir eru töluverðar til annarsstaðar í landinu, t. d. í Skagafirði. Þetta eru þau tvö svæði, sem geyma mikið af þessu efni. Þetta er nú kannske meira fyrir forvitnissakir, en þá má líta á það, að ef mikið af reiðingsefni þarf í þessar plötur, og sá efnisviður, sem til er til að vinna úr í Staðarmýrunum í Eyjafirði, er ekki nema tiltölulega fárra ára forði, þá gæti orkað tvímælis, hvort það væri ekki réttara að hafa verksmiðjuna á öðrum stað, þar sem forðinn entist lengi eða miklu lengur. — Ég er ekki að segja, að þetta eigi að vera svona. En eftir því, sem ég veit bezt, munu langmestar birgðir af reiðingi vera í Skagafirði, þar sem hann nær yfir margra mílna svæði og einn til tveggja metra djúpt niður alstaðar. Þótt þetta svæði sé stórt í Eyjafirði, er hitt miklu stærra. Ef rannsóknin er komin svo langt, að hægt sé að gera sér hugmynd um þetta, þá vil ég gjarnan fá upplýsingar hjá hv. flm.

Flm. (Einar Árnason): Það er ekki óeðlilegt, þótt um þetta sé spurt, en því miður get ég ekki leyst úr þessu til hlítar. Það hafa verið rannsakaðar mýrarnar af sænskum sérfræðingi, og hann telur, að það séu margra ára birgðir þarna, en hve margra, er ekki gott að segja um. En það er eitt í þessu máli, sem verður að taka með í reikninginn. Það er það, hvað verksmiðjan er stór, sem á að framleiða efnið. Ef settur væri upp stóriðnaður, sem er hugsanlegt, verður að byggja á því, að þarna yrði útflutningsvara, en sú verksmiðja yrði svo dýr, að það yrði lítt hugsanlegt að ráðast í svo stórt fyrirtæki. Og ég hygg, að það sé nokkuð sama, hvort það er gert í Eyjafirði eða Skagafirði, að verksmiðjan hlýtur að verða mjög dýr. Hinsvegar, ef það er byggð minni verksmiðja, sem framleiðir aðallega til að fullnægja þörfinni innanlands, þá verður allt miklu viðráðanlegra, og þá endist efnið líklega um fleiri tugi ára. En eins og stendur, er ekki hægt að reikna með því yfirleitt, að þetta verði útflutningsvara. Það er mjög vafasamt, að hægt verði að keppa með byggingarefni á erlendum markaði. Og þegar verið er að ræða um það, hvort það sé gerlegt yfir höfuð að fara út í það, þá verðum við að reikna með því, að það, sem selst innanlands af efni, sé fullkomlega samkeppnisfært, og ekki ætlazt til, að þessi iðnaður sé settur upp með það fyrir augum, að hann sé verndaður með tollum á innfluttum vörum, sem jafngilda þessum. Ég skal ekkert um það að segja, nema kunni að vera í Skagafirði eins mikið eða meira efni. En ég hygg, að Kaupfélag Eyfirðinga muni a. m. k. ekki ráðast í að fara að byggja verksmiðju í öðru héraði en Eyjafirði. Ef rannsóknirnar sýndu, að það væri betra að byggja í öðru héraði en Eyjafirði, þá er náttúrlega ekkert því til fyrirstöðu, að það sé heldur gert, en ég geri tæplega ráð fyrir því, að Kaupfélag Eyfirðinga gengist fyrir því.

Þetta, sem ég nú hefi sagt, er hvergi nærri fullnægjandi svar við því, sem hv. þm. spurði um. Þessar mýrar hafa verið rannsakaðar, bæði hvað víðáttan er mikil, sem efnið fæst úr, og eins, hvað það nær djúpt niður. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að þar sé jarðvegsefni, sem nothæft sé verulega í þennan iðnað, sem nái tvo metra niður í jörð. Þegar svo djúpt er komið, er kominn svo mikill leir og sandur í jurtatrefjarnar, að það borgar sig tæpast að láta vinna úr því, því að vinnslan fer þannig fram, að það verður að hreinsa alla möl og leir og sand úr því, sem tekið er upp, svo að aðeins verði eftir jurtatrefjar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 46. og 47. fundi í Ed., 11. og 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 157, n. 220, 247).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 247. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Allhsn. hefir athugað frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 157, og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breyt., að aftan við 2. málslið 1. gr. frv. bætist: „Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til". Telur n. rétt, að þetta sé bundið samþykki atvmrh., vegna þess að í frv. er um það talað, að einkaleyfið megi framselja til félags, sem stofnað kunni að verða fyrir tilhlutun þessa kaupfélags (K. E. A.) í þeim tilgangi, að hagnýta einkaleyfið. Hv. 1. flm., 2. þm. Eyf., hefir tjáð mér, að hann sé þessari breyt. samþykkur.

Brtt. á þskj. 247 er ekki annað en orðabreyt., sem breytir ekki efni frv.

Þá hefir einn hv. nm. skrifað undir nál. með fyrirvara að því er snertir sérleyfistímann, og telur hann hann óhæfilega langan. Mér þykir hann líka nokkuð langur. En með tilliti til þess, sem fram hefir komið, hversu mikill kostnaður hlýtur að verða við það að koma þessu fyrirtæki á stofn, og eins af því, hve mikla nýjung hér er um að ræða, sem mundi hafa sparnað á erlendum gjaldeyri í för með sér, þá tel ég ekki rétt að gera ágreining út af þessu og hefi því lagt til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, og hv. þm. Hafnf. líka, þó að hann geri fyrirvara um tímalengdina.

ATKVGR.
Brtt. 220 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 247 samþ. með 10 shlj atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn (með breyt. samkv. brtt. 247) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Á 50. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 261, 262).

Bjarni Snæbjörnsson: Eins og getið var um í nál. um þetta mál, þótti mér fulllangt gengið að veita þetta einkaleyfi til 20 ára. Það mun ekki vera vani að veita slík einkaleyfi nema til 10 ára í hæsta lagi, en þar sem það kom fram í n., og ég hefi enda kynnt mér það síðar, að leggja verður í mikinn kostnað í sambandi við þetta einkaleyfi, vélakaup o. fl., fannst mér sanngjarnt að taka tillit til þess, og hefi ég því lagt til, að 15 ár komi í stað 20 ára. Það er óhæfilegt, að Alþ. veiti svo langan leyfistíma og farið er fram á, enda er hægurinn hjá að framlengja þetta, ef það kæmi í ljós, að þess þyrfti. Ég vænti, að hv. þm. geti samþ. þessa till.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins geta þess, að við flm. frv. getum fyrir okkar leyti sætt okkur við, að brtt. á þskj. 262 verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 262 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 279).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 279, n. 378, 393).

***Frsm. (Emil Jónsson):** N. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með örfáum orðalagsbreytingum.
Til þess að fyrirbyggja misskilning vill n. setja orðið „torf" í staðinn fyrir: íslenzk jarðvegsefni, því að það er það, sem átt er við með frv. — Þá er önnur lítilfjörleg breyt., sem n. vill gera á frv., og hún er sú, að ef framleiðslan stöðvast í 3 ár og ekki verður neitt af henni unnið á því tímabili, þá falli einkaleyfið úr gildi. N. var sammála um þessar brtt. Auk þess hefir hv. 6. þm. Reykv. áskilið sér rétt til að bera fram brtt. um leyfistímann.
N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Sigurður Kristjánsson: Ég á hér brtt. við þetta frv. á þskj. 393. Eins og hv. þm. er kunnugt, er orðið nokkuð mikið um það, að þingið sé beðið um að lögfesta einkaleyfi, og er ekki laust við, að það sé farin að stafa nokkur hætta af því, að menn hlaupa með hverskonar hluti inn á einkaleyfisbrautina, þó að manni sýnist, að slík framleiðsla, sem beðið er um einkaleyfi á, myndi vel geta þrifizt alveg frjálst.
Nú er það svo, að þegar svo stendur á, að leggja verður í allmikinn byrjunarkostnað, annaðhvort til þess að koma á fót dýrum rekstri, eða ef um útflutningsvörur er að ræða, sem vinna þarf markaði erlendis með allverulegum kostnaði, þá hefir þótt sanngjarnt að tryggja mönnum einhvern dálitinn frið til þess að koma þessu í kring, þannig að byrjendurnir séu ekki notaðir til þess að brjóta leiðina, og svo vaði aðrir á hæla þeim, áður en þeir hafa fengið uppborinn þann kostnað, sem þeir hafa haft af því að yfirvinna byrjunarörðugleikana. En sökum þess, að þessar einkaleyfisbeiðnir eru orðnar svo margar og á svo mörgum sviðum, þá hafa nokkrir þm., a. m. k. ég, og sjálfsagt margir fleiri, orðið dálítið varfærnir og tortryggnir gagnvart þessum einkaleyfisbeiðnum. Flest af því, sem komið hefir hér til d., hefir farið til iðnn., sem ég á sæti í, og n. hefir viljað líta frjálslega á þessi mál, en hinsvegar tryggja þjóðfélagið fyrir því, að framleiðslusviðið færðist í óeðlileg bönd. Það hefir orðið okkar fangaráð, að sinna yfirleitt þessum beiðnum, en hafa einkaleyfistímann svo stuttan, að ekki geti varðað neinni röskun á eðlilegri framleiðslu í landinu, og höfum við yfirleitt bundið okkur við 5 ára einkaleyfi. Að sjálfsögðu getur ekki nákvæmlega sami tími átt við um allt slíkt. Það fer nokkuð eftir því, hve byrjunarörðugleikarnir eru miklir. En þá má framlengja einkaleyfistímann, ef rök koma fyrir þörf þess.
Við höfum nú litið svo á viðvíkjandi þessu máli, að stofnkostnaðurinn muni geta orðið talsvert mikill. Það er þó vafasamt, því að það fer eftir því, hvora leiðina einkaleyfishafi velur. Einkaleyfisbeiðendur hafa farið allfreklega í beiðni sinni hvað tímalengdina snertir. Þeir báðu upphaflega um 20 ár, en Ed. færði tímann niður í 15 ár. Það er samt þrefalt lengri tími en við í iðnn. þessarar hv. d. höfum yfirleitt mælt með.
Nú varð meir hl. n., að ég held, þeirrar skoðunar, að bezt væri að láta þetta fljóta svona, en ég álít samt ekki rétt að hafa tímann svo langan, ekki aðeins með tilliti til þess, að það er mjög vafasamt, hvort lagt verði í nokkurn verulegan kostnað, því að vera má, að þessi jarðvegsefni verði að vinna á þann hátt, að torfið verði pressað, en ekki þvegið út, þannig að ekki verði unnið úr því á dýrasta hátt, heldur og með tilliti til þess að einkaleyfisbeiðandi fær, ef frv. verður að l., leyfi til þess að framselja leyfið í hendur erlendu félagi, og sé

ég ekki annað en að það sé skynsamlegt að fara dálítið varlegar í þetta mál af þeirri ástæðu. Ég tel, að einkaleyfisbeiðendum sé fullur sómi sýndur með því að ætla þeim helmingi lengri einkaleyfistíma en við höfum yfirleitt gengið inn á. Þess vegna legg ég til, að einkaleyfistíminn verði 10 ár, og vænti ég, að hv. þdm. geti yfirleitt fallizt á, að það muni vera sanngjarnt. Ef það svo kæmi í ljós, að þetti yrði ekki rekið nema með einkaleyfisvernd, þá er náttúrlega alltaf opin leið til þess að framlengja einkaleyfistímann.

***Frsm. (Emil Jónsson):** Ég þarf ekki að hafa þetta mörg orð. Í upphaflega frv. var einkaleyfistíminn áætlaður 20 ár, en Ed. stytti tímann niður í 15 ár. Var talið að varla væri hægt að hafa tímann styttri, og byggist það á því, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að möguleikar eru fyrir því, að þetta verði unnið með svo stórfelldum tækjum, að stofnkostnaðurinn mundi nema upp undir 1 millj. kr., og til þess að geta haft sæmilegan tíma til þess að ganga frá afskriftum og afborgunum af þessum tækjum og koma rekstrinum á heilbrigðan grundvöll, er talið, að þessi tími megi varla vera skemmri. Þó að ódýrari aðferðin geti komið til greina, þá eru eins miklar líkur til þess, að hin aðferðin verði upp tekin. Við hinir nm. leggjum því til, að 15 ára leyfistíminn sé látinn haldast.

Sigurður Kristjánsson: Út af því, sem hv. 7. landsk. sagði, þá vil ég taka það fram, að annar flm., sem mætti á fundi hjá okkur, taldi sig ekki geta sagt neitt um það, hvor vinnsluaðferðin yrði notuð. Mig minnir, að hann segði, að stofnkostnaðurinn gæti farið upp í ½ millj., ef hin dýrari aðferðin yrði notuð, en hann taldi eins líklegt, að höfð yrði ódýrari aðferðin, sem ekki myndi hafa mjög mikinn stofnkostnað í för með sér. Ef svo færi, að stofnkostnaðurinn yrði geysimikill og komið yrði upp einhverju verksmiðjubákni, þá er, eins og ég sagði áðan, alltaf opin leið fyrir löggjafarvaldið, að framlengja einkaleyfistímann. — Ég vil í þessu sambandi minna á það, að hér er ætlazt til, að gefið sé einkaleyfi til þess að vinna vörur til innanlandsnotkunar úr öllu torfi hér á landi. Það hefir þá enginn maður hér á landi leyfi til þess að framleiða slíkar vörur úr torfi, og mér finnst það vera óþarfi, ef einkaleyfið kemst í hendur útlendinga, að gefa þeim einkarétt til þess að geta haft svo hátt verð á þessari vöru sem þeir framast vildu. Slíkt gæti vel komið fyrir, að ekki væri hægt að flytja inn svona einangrunarvörur, vegna — við skulum segja — gjaldeyrisskorts eða ófriðar, vegna ástands, sem er okkur ósjálfrátt eða okkar kæra ríkisstj. skapar okkur, og þá erum við seldir undir einræði þessa firma um þessi efni. Ef þeir færu vel að sínu ráði, þá væru engar líkur til annars en að þeir fengju framlengt sitt einkaleyfi. En hinu verður ekki neitað, að ef við höfum einkaleyfistímann svona langan, þá er verið að selja í hendur einstaks félags réttindi, sem gætu varðað landsmenn mjög miklu. Ég held, að það sé alger óþarfi fyrir okkur að vera að stíga þetta spor svona gleitt.

Vilmundur Jónsson: Mér þykir hálfleiðinlegt að sjá í texta íslenzkra laga jafnámátlegt orð og „sellulose", sem heitir á íslenzku tréni. Ég vildi því mega bera fram skrifl. brtt. við 1. gr. frv., þannig að í stað byggingarpappa og sellulose" komi: byggingarpappa og tréni (sellulose).

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. við 1. gr. frv., sem hv. þm. N.-Ísf. hefir nú lýst, að í stað „byggingarpappa og sellulose" komi: byggingarpappa og tréni (sellulose).

Brtt. er skrifl. og auk þess of seint fram komin, og þarf því tvennskonar afbrigði frá þingsköpum til þess, að hún verði tekin til umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 419) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 393 felld með 14:9 atkv.

— 419 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 378,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 378,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 378,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 378,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzku torfi.

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 421).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 466).

---

37. Ríkisborgararéttur (frv. allshn. Nd).

Á 6. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 72).

Á 20. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 72, 97, 105).

Sigurður Kristjánsson: Ég ætla að lýsa hér brtt. á þskj. 105. Hún er nokkuð seint til komin, en það stafar af því, að ég var að bíða eftir skjölum viðvíkjandi þessari umsókn. Nú eru þau komin og liggja hjá skrifstofustjóra, ef hv. þm. vildu kynna sér þau. Það er nú kannske ekki tími til þess nú, nema ef einhverjar umr. yrðu um málið, en ég get fullvissað hv. þm. um það, að plögg þessa manns eru öll í lagi. Þessi maður heitir Ingólfur Isebarn og er skrifstofumaður hér í bænum. Hann er að vísu fæddur í Noregi, en fluttist hingað til landsins sem barn og hefir verið hér alla stund síðan. Móðir hans er íslenzk.

Sveinbjörn Högnason: Það mun ekki hafa verið venja að afgreiða frá d. leyfi til íslenzks ríkisborgararéttar nema allshn. hafi gefizt kostur á að kynna sér, hvort skilríki viðkomandi manns væru í lagi. En eins og flm. brtt. á þskj. 105 skýrði frá, hafa skilríki þessa manns ekki legið fyrir n., og hefir því ekki verið hægt að athuga, hvort þau eru eins og vera ber. — Ef svo skyldi vera, að þessi umsækjandi á þskj. 105 hefði öll sín gögn og skilríki í lagi, en óhugsandi að samþ. að veita íslenzkan ríkisborgararétt, án þess að rannsókn á þessu fari fram í n., þá vildi ég mælast til þess, að málið yrði tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Umr. frestað.
Á 31. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Pálmason: Ég hefi vísað til þingsins beiðni um það, að einn maður í mínu héraði fengi ríkisborgararétt, sem er Óskar Sövik, rafveitustjóri á Blönduósi, norskur maður, sem er búinn að vera átta ár hér á landi og hefir reynzt prýðilega vel. Byggði ég þessa beiðni á því, að þar sem maðurinn hefir verið í þjónustu sýslufélagsins, og mikil nauðsyn er að halda honum þar áfram, mætti færa hann undir ákvæðin um opinbera starfsmenn, sem geta fengið ríkisborgararétt, ef þeir hafa dvalið hér fimm ár eða lengur. En allshn. hefir ekki talið fært að taka þessa beiðni til greina.

Það var út af þessu, sem ég bað um orðið um daginn og vildi gjarnan fá frestað afgreiðslu þessa máls. En úr því að n. er sammála um, að þetta komi ekki til greina að þessu sinni, verð ég að sætta mig við, að málið fari til Ed., án þess að þessi maður sé tekinn hér inn. En ég verð að segja það, að mér þykir það býsna ósanngjarnt ákvæði í þessum l., ef á að líta svo á að 5 ára ákvæðið sé einskorðað við ríkisstarfsmenn, og aðrir megi ekki koma til greina um það að fá undanþágu, frá 10 ára ákvæðinu, því að ég lít svo á, að hér sé um hliðstætt tilfelli að ræða, þótt hlutaðeigandi maður sé í þjónustu sýslufélags.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég var fyrir mitt leyti ánægður með það um daginn, þegar þessu máli var frestað hér í d., vegna þess að svo stóð á, líkt og með málefni hv. þm. A.-Húnv., að það voru menn frá Akureyri, sem höfðu beðið um ríkisborgararétt, en höfðu ekki náð að komast inn í till. allshn., vegna þess að þá vantaði þetta svokallaða hegningarvottorð, sem n. er tekin upp á að heimta, en mun eiga að vera hegðunarvottorð. Báðir umsækjendurnir voru þess arna óafvitandi og höfðu því ekki gert ráðstafanir til þess að ná í þessi plögg. Nú er mér í öðru tilfellinu kunnugt um, að norska aðalræðismannsskrifstofan hér í bænum hefir sent skeyti út vegna þessa norska manns á Akureyri, sem er búinn að vera hér í 14 ár og fullnægir því öllum settum skilyrðum, nema þessu vottorði. Mér væri því ljúft, að þessu máli yrði ekki hraðað svo, að ómögulegt væri að afla þessa vottorðs. Skeytið var sent á föstudagskvöld, og get ég ímyndað mér, að svarskeyti bærist í dag.

Hinn maðurinn er Þjóðverji, og er eins ástatt fyrir honum, að hann vantar þetta hegðunarvottorð, sem ég hygg, að sé búið að gera ráðstafanir til að ná í frá Þýzkalandi. En ég veit ekki, hvernig ég á helzt að snúa mér í þessu máli, hvort það þýðir að fara fram á frestun ennþá, til þess að geta veitt þessum mönnum, a. m. k. Norðmanninum, tækifæri til þess að geta komizt inn undir þetta lagaákvæði í ár, og vænti ég þess, að hæstv. forseti geti gefið mér upplýsingar um þetta.

Forseti (JörB): Ég álít, að upp á afgreiðslu málsins að gera sé heppilegast að lofa því að fara til Ed. og koma á þessum viðauka við frv. þar. Það sakar ekki, þótt málið þurfi að koma hingað til einnar umr. síðar, ef Ed. gerir á því breyt.

Sveinbjörn Högnason: Ég vildi aðeins geta þess í sambandi við till. á þskj. 105, sem olli því, að allshn. óskaði eftir því á þingfundinum í gær, að málið yrði tekið út af dagskrá, að allshn. hefir athugað gögn þessa umsækjanda, sem þar um ræðir, og telur þau í lagi. Og þess vegna leggur hún til, að samþ. verði að veita honum ríkisborgararétt með hinum öðrum, sem nefndir eru á þskj. 97. Hjá öðrum umsækjendum, sem n. hafa borizt umsóknir frá, hafa gögnin ekki verið í lagi.

ATKVGR.
Brtt. 97 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 105 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 125).

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 177, 192)).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eftir að þetta frv. kom til n., en það er komið frá Nd., þá bárust n. umsóknir frá 6 mönnum um ríkisborgararétt. Þessar umsóknir höfðu sumar hverjar legið fyrir allshn. Nd., en þá hafði vantað nokkuð af gögnum, sem samkvæmt l. eiga að fylgja hverri umsókn, og vísaði því allshn. Nd. þeim umsóknum frá. Síðan þessar umsóknir bárust hingað til Ed., hefir n. haft þær til athugunar, og það hefir komið í ljós, að öll skilríki, sem l. ákveða, hafa verið í fullu lagi. Þó var það svo, að þegar nál. var gefið út, þá vantaði hegningarvottorð frá fæðingarlandi eins umsækjandans, Weisshappels, sem fæddur er í Austurríki, og höfðu farið á milli umsækjandans og dómsmrn. bréfaskipti út af þessu.

N. hefir athugað þetta mál, og þrátt fyrir það þótt þetta vottorð vanti, þá leggur n. til, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur. En eftir að n. hafði skilað nál., þá barst henni þetta vottorð, og er það þess efnis, að þessi maður hafi í sínu föðurlandi hvorki sætt ákæru né verið hegnt fyrir nokkurt afbrot, svo að nú eru skjöl þessa manns í fullu lagi.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, að því er snertir þá umsækjendur, sem n. leggur til, að bætt verði inn í frv., því að n. hefir gengið þar rækilega í gegnum öll skjöl, og þar er fullnægt þeim skilyrðum, sem l. setja. En síðan nál. var skilað hefir borizt til n. umsókn, sem hv. þm. Vestm. flytur brtt. um, en hann óskar eftir því, að bætt verði inn í frv. manni, sem dvalið hefir í Vestmannaeyjum. Ég skal taka það fram, að ég hefi farið í gegnum skjöl þessa umsækjanda, en n. hefir ekki unnizt tími til að fara í gegnum þau. Þótt ég áliti, að öll skilríki þessa umsækjanda séu í fullu lagi, þá vil ég heldur mælast til þess við hv. þm. Vestm., að hann taki brtt. aftur til 3. umr., svo að fyrir geti legið umsögn n. um hana.

Ég vil fyrir hönd n. leggja til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 177, og ég vænti þess, að hv. þm. Vestm. fallist á að láta sína brtt. bíða til 3. umr. Ég hygg, að það þurfi ekki að valda neinum óþægindum fyrir hann, því að ég hefi farið í gegnum fskj., og ég fæ ekki betur séð en að n. muni mæla með því, að umsóknin verði tekin til greina. En þar sem n. hefir ekki öll átt kost á að kynna sér skjölin, þá þykir mér viðkunnanlegra, að þessi brtt. verði ekki borin undir atkv. nú.

***Jóhann Jósefsson:** Brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja við frv. eða við brtt. n., er áhrærandi mann, sem hefir verið búsettur í Vestmannaeyjum síðan 1926 og stundað þar klæðskeraiðn. Hann kom hingað fyrst 1920 og var þá í Reykjavík, en fór af landi burt um stundarsakir með konu og barn. Ég skal taka það fram, að hann er giftur íslenzkri konu. Þau hjón eiga eitt barn, sem samkv. vottorði skólastjórans í Vestmannaeyjum hefir notið sömu fræðslu og önnur börn á þess aldri. Hann hefir vottorð valinkunnra manna um það, að hann sé góður maður og gegn og vel þess verður, að fá íslenzkan ríkisborgararétt. Hann skilur íslenzkt mál og talar það sæmilega. Fleiri plögg eru hér, svo sem fæðingarvottorð og því um líkt. Síðast þegar ég fór til Eyja, en það var fyrir nokkrum dögum, þá tjáði hann mér, að hann hefði ekki haft hegningarvottorð frá sínu föðurlandi, en var þá nýbúinn að fá það, og tók ég það með hingað til þingsins, en kom ekki nógu snemma til að ná í afgreiðslu n. á málinu. Hún var búin að gefa út nál., þegar ég fékk henni þetta skjal og önnur skjöl, sem lágu í stjórnarráðinu. Það er vitanlegt, að n. hefir valdið til að dæma um þetta, og ég skal fúslega verða við tilmælum frá frsm. n. um það, að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. Ég vonast þá til, að n. athugi þau skjöl, sem ég hefi lagt fram og eru nú í vörzlum hv. frsm. n., sem snertandi eru þennan umsækjanda.

ATKVGR.

Brtt. 192 tekin aftur til 3. umr.

— 177 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 203, 192, 215).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 215.

— Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. um það, að norskum manni, Andrés Valderhaug, bakara í Dalvík við Eyjafjörð, verði veittur ríkisborgararéttur. Þeim hv. þdm., sem sæti áttu í d. fyrir síðustu kosningar, er kunnugt um þetta mál, því að á fyrra þinginu 1937 bar ég fram samskonar till. og skýrði þá frá því, hvernig ástatt er í þessu efni.

Það var víst á þinginu 1935, að þessi maður sótti um ríkisborgararétt og sendi öll skjöl þar að lútandi hingað til mín. Ég afhenti þessi skjöl hv. allshn. Nd., en gætti þess ekki að láta skrásetja þau á skrifstofunni, og þegar til átti að taka, gat ég ekki fengið þessi skjöl, og hefi ekki geta fengið þau síðan. En við það var kannazt í fyrra af ýmsum, sem áttu sæti þá í allshn. þessarar hv. d., að þeir minntust þess, að hafa séð þessi skjöl, þegar þau lágu fyrir hv. allshn. Nd., og þar á meðal veit ég, að hv. 2. þm. S.-M. minnist þess, að hafa séð þau þá, en hann á nú sæti í hv. allshn. þessarar d.

Það, sem olli því, að þessi maður fékk ekki veittan ríkisborgararétt, þegar hann sótti um hann, var það, að hann var þá ekki búinn að vera það langan tíma hér á Íslandi, sem áskilinn er. Hann mun hafa flutzt hingað til lands árið 1928, og er því á þessu ári búinn að vera 10 ár í landinu. Hann talar íslenzka tungu og er giftur íslenzkri konu. Hann er búinn að starfa hér lengi við íslenzkt fyrirtæki.

Ég veit náttúrlega ekki, hvort hv. n. óskar þess að athuga þetta betur og fá málið þess vegna tekið af dagskrá, en ég sé engan veg annan en annaðhvort að taka fullnaðarákvörðun um þennan mann nú eða hitt, að gera honum aðvart um að útvega sér aftur öll þau skjöl, sem hann var með töluverðri fyrirhöfn búinn að útvega sér frá föðurlandi sínu, Noregi, en það mundi að sjálfsögðu baka honum talsverða fyrirhöfn og auk þess kostnað, sem ég tel í rauninni alveg óþarft, þar sem þetta var áður upplýst í þinginu, þó að það liggi ekki skjalfest fyrir nú, að hann vantaði ekkert til þess að fullnægja öllum skilyrðum nema það, að hafa verið nógu lengi hér á landinu, en á þessu ári er hann einmitt búinn að fullnægja því skilyrði, eins og ég gat um áðan.

Á fyrra þinginu 1937 segir frsm. allshn. þessarar hv. d., Magnús heitinn Guðmundsson, einmitt um þennan mann, að hann fyrir sitt leyti muni ekki setja sig upp á móti því, að hann fái ríkisborgararétt, og ég býst við, að hann hafi sagt það sökum þess, að hann var búinn að ganga úr skugga um, að það er rétt, sem ég hefi fram tekið.

Ef hv. n. treystir sér ekki til þess að mæla með þessu nú, eða ef hún mælir á móti því á þessu stigi málsins, þá vænti ég þess, að málið verði þá heldur tekið af dagskrá í dag, ef ske kynni, að frekari upplýsinga væri hægt að afla um þetta.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Við 2. umr. málsins lá fyrir brtt. við þetta frv. frá hv. þm. Vestm., en eftir tilmælum minum var hún tekin aftur til 3. umr., og var ástæðan sú, að allshn. hafði ekki átt kost á að kynna sér skjöl þau, er fyrir lágu og fylgdu umsókninni. Að vísu hafði ég átt kost á að sjá skjölin, en n. í heild hafði ekki átt þess kost. Nú hefir n. athugað þessi gögn, og hún sér ekkert því til fyrirstöðu, að þessi brtt. verði samþ. og þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur, og leggur því til, að brtt. verði samþ.

Út af brtt. hv. 1. þm. Eyf. vil ég taka það fram, að það er rétt hjá honum, að á þinginu 1935 lá fyrir umsókn um ríkisborgararétt frá þessum Valderhaug bakara í Dalvík, og ég minnist þess, að þar að lútandi plögg lágu fyrir hv. Nd., og ég sá þau. Sé ég ekki annað en að það væri eina ástæðan til þess, að umsókninni var vísað frá, að maðurinn hafði ekki dvalið nógu langan tíma hér á landi, en að öðru leyti munu skjöl hans hafa verið í fullu samræmi við það, sem krafizt er í l. í þessu efni. Ég geri ráð fyrir, að margir hv. þdm. muni eftir þeim umr., sem urðu um þetta atriði á fyrra þinginu 1937, og þá athugði n. einnig, hvort hægt væri að taka manninn upp í það frv., sem lá fyrir, en hún var á einu máli um það, að það væri ekki hægt, vegna þess að hann hefði þá ekki uppfyllt dvalaskilyrðið, en ég sé, að það hafa verið fleiri en frsm. n., Magnús sálugi Guðmundsson, sem litið hafa þannig á, að áður hafi legið fyrir sönnunargögn fyrir því, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að þessi maður fengi ríkisborgararétt, þegar hann væri búinn að uppfylla dvalarskilyrðið. Nú kemur það fram, eftir því sem hv. 1. þm. Eyf. heldur fram, að í ár er þessi maður búinn að uppfylla þetta 10 ára dvalarskilyrði, og það er einnig staðfest af umsögn Magnúsar heitins Guðmundssonar í þingræðu á þingi 1937.

Þetta er hálfgert leiðindamál. Það er dálítið leiðinlegt, að það skuli koma fyrir, þó að það megi að einhverju leyti gefa hv. 1. þm. Eyf. sök á því, að töluvert áríðandi skjöl glatist í þinginu, en ég býst við, að orsökin sé sú ein, að hv. þm. gætti þess ekki að láta skrásetja skjölin á skrifstofunni. Hann heldur því fram, að hann hafi afhent n. skjölin. (**BSt:** Það er viðurkennt). Þá er skiljanlegt, að þetta hafi getað komið fyrir, því að skrifstofan gengur alltaf eftir þeim skjölum, sem hafa borizt henni og liggja hjá n., en hún getur ekki gengið eftir þeim skjölum, sem ekki hafa borizt henni, og þá er hætt við, að þessi skjöl hafi lent með skjölum einhvers hv. þm. í allshn. Nd. og flutzt burt úr þinginu. Héðan af má því telja, að það sé ógerningur að hafa upp á þeim. Það væri a. m. k. hrein tilviljun, ef það tækist.

Hinsvegar er það víst, að það kostar viðkomandi umsækjanda töluvert mikla fyrirhöfn og ef til vill fé líka, að afla sér þessara skjala aftur. Ég lít svo á, að það sé ekki nauðsynlegt, og það er vegna þess, að ég hefi sjálfur fjallað um málið áður. Það væri þá það eina, sem ástæða væri til, að fram yrði tekið á ný, að hann fengi nýtt hegningarvottorð, því að það er möguleiki fyrir því, að maðurinn hafi brotið af sér síðan 1935, en ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess að hanga fast í því.

Allshn. hefir að vísu minnzt á þetta atriði, og það síðast í morgun, en hefir ekki tekið neina fasta ákvörðun, og ég geri ráð fyrir, að mér sé óhætt að lýsa yfir því, að nm. hafi þar alveg óbundnar hendur um atkvgr., en hinsvegar held ég, að það hafi ekki mikla þýðingu að taka málið af dagskrá nú. Ég held, að það verði ekki fengnar neinar frekari upplýsingar en nú liggja fyrir. Og ég fyrir mína parta er ákveðinn í að mæla með því, að brtt. verði samþ., m. a. vegna þess, að ég tel, að það sé nokkurskonar skylda, sem hvílir á þinginu, að láta þennan mann ekki verða fyrir sérstökum óþægindum vegna mistaka, sem hér hafa átt sér stað.

Ég skal láta þess getið, að ég álít, að það hafi enga þýðingu fyrir framgang frv., þótt málið sé tekið út af dagskrá nú, það þurfi ekki að tefjast svo mikið, en ég sé bara enga ástæðu til þess. Annars eru hér viðstaddir allshn.menn, og ef einhver þeirra óskar eftir að fá málið aftur til athugunar, set ég mig ekki á móti því.

Fundarhlé.

Ég byrja þá þar, sem frá var horfið áðan.

Allshn. hefir í þriðja lagi borizt umsókn á

milli umr. frá dómsmrn. um veiting ríkisborgararéttar. Maður þessi er 21 eins árs gamall, fæddur í Canada af íslenzkum foreldrum. Árið 1934 fluttist hann hingað til Íslands, ásamt foreldrum sínum og tveimur bræðrum, svo að *fjölskyldan er nú öll búsett hér á landi.*

Þar sem l. um veitingu ríkisborgararéttar mæla svo fyrir, að 10 ára búsetuskilyrðið skuli ekki gilda fyrir þá umsækjendur, sem eru fæddir af íslenzkum foreldrum, telur n., að rétt sé að verða við þessari umsókn, og því flytur hún hér skrifl. brtt. um það, að þessum umsækjanda verði bætt inn í frv.

Ég skal geta þess, að það eina, sem vantar á þessi skjöl, sem eiga að fylgja umsókninni, er hegðunarvottorð frá Canada. En þar sem umsækjandinn er ekki nema 17 ára, þegar hann flytzt til landsins, og þar sem fyrir liggja vottorð trúverðugra manna í Reykjavík um hegðun þessa manns, og einnig liggur fyrir vottorð um það frá viðkomandi yfirvöldum, að umsækjandinn *hafi hvorki sætt ákæru eða verið hegnt fyrir* lagabrot, þá telur n. þetta svo stórt atriði, að ekki beri að vísa manninum frá.

Ég vil svo fyrir hönd n. afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. um það, að viðkomandi manni verði bætt inn í frv.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. við frv., frá allshn. „*Inn í frv.*-gr. bætist: Magnús Már Sigurðsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada".

Brtt. er skrifl. og auk þess of seint fram komin og þarf því leyfi d., til þess að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 226) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Út af þeim umr., sem farið hafa hér fram um brtt. á þskj. 215, vildi ég segja örfá orð um mína skoðun á henni, og ég hygg e. t. v. tveggja annara í allshn.

Það er að vísu rétt, sem hv. frsm. n. gat um, *að nm. hefðu óbundin atkv. um þessa till. En* á fundi í n. í morgun kom það nokkurn veginn fram í ummælum manna, að þeir ættu erfitt með að mæla með till. um veiting ríkisborgararéttar, án þess að hafa nokkur skjöl fyrir sér um það, hvort viðkomandi maður ætti hann með lögum eða ekki. Ég lít svo á, að það minnsta, sem hægt sé að krefjast, þegar um *veiting ríkisborgararéttar er að ræða, sé það,* að öll lögákveðin skjöl liggi fyrir Alþingi á hverjum tíma. Hitt er aukaatriði í mínum augum, hvort einhver maður kann að eiga þennan rétt eða ekki.

Það eru álitin svo mikil hlunnindi fyrir útlendinga að fá ríkisborgararétt hér á landi, að árið 1935 var hert allmikið á l. um það, hvenær menn fá þennan rétt og hvenær þeir missa hann. Og þeir, sem um ríkisborgararétt sækja, verða að uppfylla ákveðin skilyrði, til þess að Alþingi megi veita þeim hann.

Ég vil á engan hátt draga það í efa, að þessi umræddi maður, sem hv. till.maður skýrði frá, eigi þennan rétt, og að hv. flm. hafi skýrt rétt frá öllum málavöxtum, þó að ég verði að játa, að ég minnist þess ekki, að umr. hafi orðið um hann í allshn. á þeim tíma, sem skjölin eiga að hafa legið fyrir henni. En það hefir *viljað svo til, að þessi skjöl hafa glatazt. Og* frá mínu sjónarmiði liggur ekkert annað fyrir en það, að gera verði kröfu til þess, að viðkomandi maður afli sér lögmætra gagna, áður en tekin er ákvörðun um það, hvort hann fær ríkisborgararétt.

Það er sagt, að þetta valdi umræddum manni óþæginda og kostnaðar. Óþægindin eru þau, að *hann verður að bíða einu árinu lengur eftir að* fá réttinn en ella. Um kostnaðinn, sem af þessu kann að leiða, skal ég ekkert segja, en mér þætti ekki nema eðlilegt, að Alþingi yrði að borga þann kostnað á sínum tíma, fyrir að hafa glatað gögnunum. Nú er hér um norskan ríkisborgara að ræða, og hygg ég, að engin líkindi séu til þess, að maðurinn verði kallaður heim *til síns föðurlands,* þótt hann biði eitt ár enn. Mér skilst, að hann eigi hér fast starf og hafi myndað sér heimili, og séu allar líkur til þess, að maðurinn muni dvelja hér til frambúðar. Það er því engu tapað, þótt hann bíði eftir því, að hann geti lagt fram þau skilríki, sem l. krefjast. Þetta er mín afstaða. Ég legg til, að till. verði felld, ef flm. vill ekki taka hana aftur *með það fyrir augum, að koma með öll til*heyrandi skjöl á næsta þingi. Ég er mótfallinn því, að málið verði tekið af dagskrá núna, vegna þess að ég býst ekki við, að það gerist neitt á tveimur dögum, sem geti raskað afstöðu minni.

Bernharð Stefánsson: Ég verð að segja það, að *eftir því, hvernig* þetta mál ber að með þennan mann, sem ég ber fyrir brjósti, þykir mér hart að tefja þetta fyrir honum í heilt ár, þar sem hann á enga sök á því sjálfur, að öll gögn þessu viðvíkjandi liggja ekki fyrir. Og ég verð að halda því fram, að ég beri ekki mikla sök á því, þótt mér hafi láðst að láta skrásetja þetta á skrifstofu Alþingis.

Það liggur þannig í þessu, að þetta mál kemur fyrst fram á þinginu 1935, sem var tvískipt. Þá er frv. um veiting ríkisborgararéttar tekið fyrst fyrir 9. marz, og gengur í gegn í Nd. á fyrri hl. þingsins. En svo er það aftur tekið fyrir hér síðari hluta þings, og þá ekki fyrr en 26. nóv. Á tímabilinu milli þinghlutanna er það svo sem skjölin glatast hjá allshn. Nd. En hér er það tekið fram af frsm. allshn. í Ed., Magnúsi sáluga Guðmundssyni, að þær aðrar beiðnir, sem n. hafi haft til meðferðar og ekki tekið upp í till. sínar, hafi hún ekki séð sér fært að taka til greina vegna þess, að umsækjendurnir hafi ekki verið búnir að dvelja hér nógu lengi, og nefnir engar aðrar ástæður. Einn af þessum mönnum, sem n. þá treysti sér ekki til að mæla með, var einmitt sá, sem hér um ræðir. Ég álít því, að það sé nokkurn veginn sannað mál, að í þessu tilfelli sé öllum skilyrðum fullnægt raunverulega, þótt það liggi ekki skjalfest fyrir. Þessar upplýsingar er að finna í umræðuparti í þingtíðindum frá 1935.

Ég man glöggt eftir þessu og hv. 1. þm. S.-M. sömuleiðis, og ég veit, að formaður allshn. 1935 mundi vel eftir þessu í fyrra, og var þá reiðubúinn til að votta, að skjölin hefðu legið fyrir n. og að ekkert hafi verið við þau að athuga annað en þetta, að n. þótti maðurinn ekki vera búinn að dvelja hér nógu lengi.

Eftir að hafa heyrt hinar góðu undirtektir frsm. allshn., vil ég óska þess, að till. verði borin undir atkv., hvernig sem með þá atkvgr. fer.

***Magnús Jónsson:** Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að atkvgr. um málið væri frestað. Allshn. ræddi að vísu dálítið um málið, en þó var fremur lítill tími til þess, og sérstaklega lágu þar ekki fyrir þær umr. frá fyrri þingum, sem nú hafa verið dregnar hér fram. Ég fyrir mitt leyti vildi frekar geta athugað þetta vandlega, áður en ég tek afstöðu til þessarar brtt., og af því að þetta mun vera 3. umr., þá álít ég heppilegt, að allshn. gæti nú haft tækifæri til að athuga og taka afstöðu til þessarar beiðni.

Forseti (EÁrna): Það hefir komið fram ósk um það frá einum manni úr allshn., að atkvgr. verði frestað. Vil ég verða við þeirri beiðni og tek málið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 203, 192, 215, 226).

ATKVGR.

Brtt. 192 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 215 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, GL, IngP, JJós, PHerm, PZ, EÁrna.

nei: BSn, ErlÞ,[1]) MJ, SÁÓ, ÞÞ.[2])

4 þm. (BrB, HermJ, JJ, ÁJ) fjarstaddir.

Brtt. 226 samþ. með 9:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 238).

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Vilmundur Jónsson: Ég sé, að formaður allshn. er ekki viðstaddur. Vil ég þá skýra frá því, að n. hefir ekki haft tíma til þess, vegna hátíðarinnar, að athuga frv. eins og þyrfti. Vil ég því leyfa mér að fara fram á við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 238, 418).

Vilmundur Jónsson: Allshn. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed., þó að því viðbættu, að einum manni, Arne Sörensen, úrsmið á Ísafirði, sé bætt inn í frv.

ATKVGR.

Brtt. 418 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 435).

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er aftur hingað komið frá Nd. og hefir tekið þar þeirri einu breyt., að bætt var þar inn einum manni. Ég hefi kynnt mér þau gögn, sem fylgdu umsókn þessa manns, og geri ráð fyrir, að allshn. hafi ekkert við það að athuga, þó að þessum manni verði bætt inn í frv. og það verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 467).

38. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 18. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð (þmfrv., A. 70).

Á 20. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Eins og hv. þdm. muna, þá fluttum við nokkrir hér á þinginu 1937, fyrra þinginu, frv. til l. um byggingarsjóð sveitanna. Það frv. náði þá ekki afgreiðslu, og ekki heldur á seinna þinginu, en á því þingi gekk það til landbn. og tók hún það til rækilegrar athugunar. N. varð sammála um að gera viðtækar breyt. á frv., m. a. að fella saman í eina heild öll ákvæði um lán og aðstoð til endurbygginga og nýbýla í sveitum og kauptúnum, og ennfremur að bæta við ákvæði um teiknistofu, sem starfaði í sambandi við sjóðinn. Málið komst ekki lengra en það á síðasta þingi, að útbýtt var þessum brtt. frá landbn. Nú hafa þessar brtt. verið felldar saman í eina lagaheild, og í þeirri mynd leggur n. einróma til, að þessi ákvæði verði lögfest.

Ég skal ekki fara langt út í að lýsa þeim breyt., sem þetta frv. felur í sér frá gildandi l. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér þær.

Frv. er í fjórum aðalköflum. Fyrsti kaflinn er um markmið sjóðsins. — Annar kafli er um byggingarsjóð, og er hann að miklu leyti sá sami og ákvæði gildandi l. um byggingar- og landnámssjóð. Þó eru numin burt ýms ákvæði gildandi l., sem annað hvort eru orðin óþörf eða eru ekki í samræmi við þá starfsemi, sem þar hefir verið rekin. Það er breytt til með

1) **ErlÞ:** Með því að ég tel ekki rétt að víkja frá því, að öll skilríki þurfi að vera fyrir hendi, þegar veita á ríkisborgararétt, en get ekki séð, að þessum manni, sem hér um ræðir, geri neitt til, þó að hann bíði til næsta þings með að fá ríkisborgararétt, þá segi ég nei.

2) **ÞÞ:** Með sömu grg. og hv. 11. landsk. segi ég nei.

framlag úr ríkissjóði, og er gert ráð fyrir, að það verði ekki nema 200 þús., í stað 250 þús. Þá er einnig breytt til á þá leið, að allir bændur komi til greina við lánveitingar í þessu skyni. En samkvæmt l. er ekki ætlazt til þess, að aðrir bændur geti komið til greina en þeir, sem verst eru staðir, þótt framkvæmdin hafi verið talsvert á annan veg. Þá er það þriðji kafli, um byggingarstyrk. Þar er að því leyti breytt til frá því, sem samþ. var á þinginu 1937, að gert er ráð fyrir 125 þús. kr. árlegu framlagi úr ríkissjóði, en það var byrjað með því að taka 50 þús. kr. af fé byggingar- og landnámssjóðs *til þessarar starfsemi. Það hefir* sýnt sig, að þörfin á þessu framlagi er ákaflega rík, og hefir ekki verið hægt að sinna henni eins og nauðsyn ber til. Þess skal einnig getið, að fasteignamat jarða, sem til greina koma við styrkveitingar, má nú vera 2000 kr., en áður var hámarkið 1000 kr. og er þetta talsvert þýðingarmikið atriði. Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla frv. mjög svipuð ákvæðum gildandi l. — Fjórði kafli er um nýbýli og samvinnubyggðir. Ég skal taka það fram, að okkur hefir sézt yfir að strika þarna út kaflaskipti, og mun það verða lagfært, áður en málið kemur til næstu umr. Breyt. eru hér allar smávægilegar. Strikað hefir verið út, að það skuli vera lánadeild í sambandi við byggingar- og landnámssjóð. Hefir hún ekki tekið til starfa *undir því nafni, heldur sem nýbýlasjóður, og* því nafni höldum við. — Þá er hér loks kafli um teiknistofu, sem er að mestu leyti í samræmi við frv., sem hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. fluttu á síðasta þingi, og þá var gert ráð fyrir, að yrðu sérstök l. Hér er þó það nýmæli, að gert er ráð fyrir að þessi teiknistofa annist uppdrætti að húsgögnum fyrir almenning, bæði í sveitum og kauptúnum, sem séu sniðin eftir hinum heppilegustu fyrirmyndum, og séu ódýr og þjóðleg. — Þá er það niundi og síðasti kafli þessa frv. Hann fjallar um viðhaldsskyldu og og sölu, söluskilyrði o. s. frv., og eru þar færð í eina heild ákvæði byggingar- og landnámssjóðslöggjafarinnar og nýbýlalöggjafarinnar, að mestu leyti óbreytt að efni. Ég bið menn að athuga, að í 48. gr. er fært saman í eitt allt, *sem snertir lán og byggingarstyrki, þ. e. allar* takmarkanir og skilyrði, sem fullnægja skal, þegar eigendaskipti verða að fasteign, sem stendur í skuld við byggingar- og landnámssjóð, eða þegar slík opinber eign er byggð. Þar eru í raun og veru aðeins formbreytingar.

Þó að nefndin hafi ekki tekið upp í þessa löggjöf sem bráðabirgðaákvæði frv. það, sem hv. 1. þm. Rang. hefir borið fram á þskj. 25, um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum, mun hún geta fallizt á að gera það, áður en gengið er frá því frumvarpi sem lögum.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, nema tilefni gefist til, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og aftur til landbn.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég vil þakka hv. frsm. landbn. fyrir að bjóðast til að taka frv. mitt á þskj. 25 inn í frv. nefndarinnar sem bráðabirgðaákvæði og vonast til, að það verði gert fyrir 3. umræðu.

Hinsvegar vil ég geta þess í sambandi við þennan lagabálk, að ég lít svo á, að hann sé settur saman til þess, að núgildandi ákvæði séu tiltæk í samræmdri heild og verði auðveldari í framkvæmd. En úr því að hér er fyrst og fremst um framkvæmdina að ræða, tel ég, að sérstaklega eigi að fara eftir þeim bendingum, sem sá aðili gefur, sem með framkvæmdina fer, en það er Búnaðarbankinn. Nú segir mér svo hugur um, að bæði bankastjóri hans og þeir, sem með bókhald þessara sjóða fara, hafi talsvert *að athuga við frv.* Ég vildi spyrja hv. frsm., hvort nefndin hefir reynt að komast að samkomulagi við þá aðilja. Mér segir svo hugur um, að þar sé ekki fengið samkomulag, og mér þykir það mjög athugavert, að þessi lög séu sett áður en skýrt liggur fyrir álit Búnaðarbankans. Ég óska eftir að heyra frá hv. frsm., hvað nefndin hefir reynt til að ná samkomulagi.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Frv. var borið undir bankastjóra Búnaðarbankans og flestar athugasemdir hans og þeirra í bankanum teknar til greina. Þær snertu aðallega formsatriði. Hitt er satt, að ekki varð að öllu leyti samkomulag í því, sem þetta frv. snertir. Hann telur, að þessi löggjöf ætti að vera í tvennu lagi. Búnaðar*bankinn* vill algerlega frábiðja sér það að taka umsjón nýbýlasjóðsins og byggingarstyrkjanna og óskar eftir, að ákvæðin um það séu ekki í þessu frv., heldur sérstökum lögum. — Eins og hv. þm. hafa sennilega tekið eftir, er það óbundið í frv., hvort sérstök yfirumsjón skuli fara með þetta eða það skuli falið Búnaðarbankanum, enda ganga skoðanir okkar nm. þar að mörgu leyti á misvíxl. Ágreiningurinn um þetta atriði við bankastjórann er því í raun*inni* aðeins um formsatriði. Hann álítur ekki eðlilegt, að bankinn fari með framkvæmd þessa, eins og sakir standa, en nefndin er á einu máli um, að hvað sem því líður, sé ekkert til fyrirstöðu, en að ýmsu leyti mikilsvert, að hafa löggjöfina í einu lagi. Ég tel enga hættu á, að úr þessu verði árekstur.

Það er ekki rétt, að breytingar þessa frv. séu aðeins formsatriði. Þar eru ýmis atriði, sem ég gæti farið út í, ef þörf gerðist. Þess skal getið, að hér er felldur niður kaflinn um sölu verðbréfa, sem voru skattfrjáls, og aðeins sett heimild í staðinn. En sá kafli hefir valdið miklum ágreiningi.

***Sveinbjörn Högnason:** Hv. frsm. staðfesti það, sem ég hélt, að nokkur ágreiningur væri milli nefndarinnar og Búnaðarbankans. En hann taldi þann ágreining eingöngu um formsatriði. Nú eru breyt. frv. allar um slík formsatriði, að nokkrum aukaatriðum frátöldum, sem hv. frsm. virðir ekki svo mikils að fara um þau orðum sérstaklega. Þess vegna tel ég, að það sé höfuðatriði í málinu, hvort fella eigi þessa löggjöf saman í ein lög eða tvenn. Ég legg áherzlu á það, að fyrir liggi skriflegt álit Búnaðarbankans, áður en 3. umr. fer fram um málið

hér í deildinni, og að frá hendi sérfróðra aðilja þar komi þær bendingar um lagfæringar á frv., sem ég veit, að þeir óska eftir að gera.

*Bjarni Ásgeirsson: Til viðbótar ræðu hv. frsm. skal ég geta þess, að frv. þetta var tilbúið í aðalatriðum í þingbyrjun, en ástæðan til þess, að það var ekki lagt fram, var sú, að nefndin gerði sér far um það við stjórn Búnaðarbankans, að fá frá henni brtt. við frv., vegna þess að nefndin komst að því í þingbyrjun, að ágreiningur var um nokkur atriði. — Brtt. Búnaðarbankans voru tvennskonar; fyrst og fremst ýmsar smábreytingar við einstakar lagagreinar um það, hvernig framkvæmd þeirra yrði varið gagnvart bankanum; allar þær brtt. tók nefndin til greina; en í öðru lagi var ágreiningurinn um það, hvort lögin ættu að vera í einum bálki eða tveimur; — lánastarfsemin í einum, styrktarstarfsemin í öðrum. Bankastjórinn áleit, að hið síðarnefnda ætti ekki að heyra undir bankann. En eins og hv. frsm. benti á, raskast skipulagið á framkvæmd laganna ekkert við það, þó að þau séu höfð öll í einum bálki, og okkur finnst það eðlilegra og hentugra fyrir almenning, að hafa þau í einu lagi.

Þegar búið var að taka til greina allar brtt. bankastjórans um einstakar greinar, fannst okkur nm., að ágreiningsatriðið, sem eftir var, skipti ekki svo miklu máli, að það mundi valda árekstri. Enda veit ég svo mikið, að bankastjóri Búnaðarbankans leggur ekki mjög mikið kapp á það. Ég sé ekki betur en útrætt sé um það mál við hann. Ef einstakir þm., eins og hv. 1. þm. Rang., vilja kynna sér frá báðum hliðum, hvað milli ber, þá er hægurinn hjá að tala um þetta við bankastjórann. En ég sé ekki neina ástæðu fyrir nefndina að taka málið til nýrrar meðferðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, 89).

*Frsm. (Jón Pálmason): Þessar brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 89 frá landbn., eru í samræmi við það, sem ég boðaði hér við fyrstu umr. Í raun og veru eru þær ekki nema tvær. Önnur að fella burt kaflaskipti úr lagaflokkum um nýbýli og samvinnubyggðir. Hin er um það, að taka upp sem bráðabirgðaákvæði frv., sem liggur fyrir þinginu frá hv. 1. þm. Rang. Nefndin er sammála um þessar brtt., og sé ég ekki ástæðu til að ræða þær frekar, en vænti þess, að þær nái samþykki hv. deildar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
14.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 89, 1—5 samþ. með 19 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
25.—33. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
34.—39. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
40.—46. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
47.—52. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 89,6 (bráðabirgðaákvæði) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd. 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 187).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Frv. það, sem hér liggur fyrir og landbn. gerir lítilsháttar brtt. við á þskj. 187, mun hafa verið undirbúið fyrir þetta þing að tilhlutun hæstv. ráðh., sem hefir með því látið færa í eina heild þau l. og lagafyrirmæli, sem áður giltu um byggingar- og landnámssjóð, nýbýlasjóð og um endurbyggingu á sveitaheimilum. Til viðbótar hefir verið felldur inn í frv. kafli um teiknistofu fyrir byggingar- og landnámssjóð og ræktunarsjóð. Landbn. hefir lesið þetta frv. yfir og borið það saman við þau l., sem hér er steypt saman, og ennfremur hefir það verið sent stjórn Búnaðarbankans til umsagnar og höfum við fengið umsögn hennar. Hún er yfirleitt með því að samþ. frv., en gerði þó till. um, að ein lítil breyt. yrði gerð, sem við höfum tekið til greina.

Áður en ég kem að brtt. okkar, skal ég leyfa mér að benda á þau einstöku atriði í frv., sem eru dálítið frábrugðin því, sem nú er í l., fram yfir það, sem ég hefi þegar minnzt á viðvíkjandi teiknistofunni.

Í 3. gr. er nú gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi árlega fram 200000 kr. til byggingar- og landnámssjóðs, en það var áður 250000 kr. Það er ætlazt til þess, að þessi 50000 kr. mismunur komi fram sem aukið framlag til endurbyggingar á sveitabýlum, svo að í raun og veru er hér er ekki um sparnað að ræða, heldur tilfærslu. Þetta er nærri það eina, sem þarf að taka fram fyrir utan brtt. okkar.

Í fyrsta lagi höfum við gert þá brtt. við frv., að aftan við 7. gr. bætist nýr tölul., aftan við

þá 6, sem í gr. eru, og hljóðar hann, eins og segir í nál. á þskj. 187. Það hagar, eins og kunnugt er, mjög víða þannig til í sveitum, að bæir eru mjög óskipulagðir. Ef við förum eftir einhverjum dalnum hér á landi, þá sjáum við, að yfirleitt liggja bæirnir í röð sitt hvoru megin ár eftir dalnum endilöngum, og ef við hugsum okkur, að í framtíðinni verði lagður sími og rafleiðsla eftir dalnum endilöngum, þá standa bæirnir sitt á hvað, en mynda ekki samfellt kerfi eða röð, svo að það verður dýrara að leggja síma, vegi, rafleiðslu og annað slíkt um dalinn, heldur en annars þyrfti að vera. Jafnframt kemur það í ljós, að gömlu bæjarstæðin voru valin á sínum tíma dálitið með tilliti til annars en nú er gert. Vaninn er ríkastur hér, eins og annarsstaðar, og þess vegna er það víða svo, að þar sem menn endurbyggja á sveitabæjum, þá er byggt á gömlu rústunum, þó að hitt sé líka til, að bæjarstæðin séu færð. Það hefir verið talað mikið og allvíða um það á síðari árum, að nauðsynlegt væri að breyta þessu og færa marga gömlu bæina úr stað, suma alveg og aðra meira eða minna, til þess að gera ýmislegt léttara, sem menn sjá, að muni koma þar á næstu árum eða áratugum, svo sem sími, rafmagn og annað slíkt, en við förum ekki fram á slíka breyt., en gerum till. um, að þegar reist verða ný bæjarhús á einhverjum sveitabæ og styrkur er veittur til þess, þá liggi fyrir vottorð frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi sveit um það, að bæjarstæðið sé heppilega valið. Hvort þetta gæti orðið byrjun að því að móta þetta síðar meir í fastara kerfi, er framtíðarinnar að sýna. Mér finnst sjálfum, að þetta gæti verið vísir í þá átt.

Önnur brtt., sem við gerum, er ósköp lítilfjörleg. Í 9. gr. eru talin upp ýms innlend byggingarefni, sem ekki er ætlazt til, að tekið sé tillit til sem kostnaðarliðs, þegar lán eru veitt. Það kann að vera, að þessi upptalning sé nokkurnveginn tæmandi, en okkur fannst réttara að bæta því við, að fleiri efni gætu heyrt undir þetta heldur en upptalningin nær yfir.

Í 3. brtt., sem er við 12. gr., er í fyrsta lagi lagt til, að 1. tölul. falli niður. Við teljum hann óþarfan, af því að það, sem í honum felst, er búið að taka fram áður í 2. tölul. 7. gr. Í öðru lagi breytum við ofurlítið orðalagi á 2. tölulið, sem ekki raskar meiningunni á neinn hátt. Loks gerum við talsverða efnisbreyt. á 4. tölul., bæði frá því, sem er í l. núna, og eins frá því, sem var í frv., þegar það kom frá hv. Nd. Nú er það svo, að til þess að leyfilegt sé að veita styrk til þess að endurreisa hús á sveitabýlum, þá má fasteignamat á bæjarhúsum ekki vera yfir 1000 kr., og þegar þetta var samþ. nú fyrir 2—3 árum, fór fram rannsókn á því, hve margar jarðir væru til á landinu, sem hefðu svo léleg bæjarhús. Við Jón á Akri framkvæmdum þessa rannsókn í landbn. Nd. og komumst að þeirri niðurstöðu, að þær væru kringum 1000. Nú hefir verið mikið sótt eftir þessum byggingarstyrk, og það hefir sýnt sig, sérstaklega með gömul timburhús, að þau hafa viljað vera hærri í mati en þessar 1000 kr., en þó verið orðin svo léleg, að menn hafa yfirleitt verið sammála um, að það þyrfti að byggja þau upp, því að þau hafa verið lítt eða ekki hæf sem mannabústaðir. Þess vegna lagði hv. landbn. Nd. til, að þetta yrði hækkað upp í 2000 kr. Þetta fannst okkur fullhátt, með tilliti til þess, að enn mun ekki vera búið að byggja á meira en kringum 2—300 af þeim hér um bil 1000 jörðum, sem á voru bæjarhús, sem voru það léleg, að aðalfasteignamatið var fyrir neðan 1000 kr., og töldum við þess vegna rétt að færa þetta ákvæði niður í 1500 kr. Til þess þó að útiloka ekki hinar jarðirnar, höfum við bent á það, að milli fasteignamata er að l. heimilt að láta fara fram millimat, ef húsin falla mikið í verði, og þá gæti það millimat komið til greina og úrskurðað, að gamalt timburhús, sem metið hefir verið á meira en 1500 kr. við síðasta aðalfasteignamat, hafi gengið úr sér á tímabilinu frá því, að matið fór fram, og þangað til á að fara að byggja upp, og væri orðið minna virði en 1500 kr., svo að eigandi þessa húss gæti komið til greina með styrk. Það er vafasamt hvar þetta mark á að liggja, en úr því að á annað borð er verið að hafa eitthvert hámark, en ekki höfð sú regla, að láta það heyra undir mat manna á hverjum stað, hvort þörf sé á styrk, þá mun þetta 1500 kr. mat vera nokkuð hæfilegt.

Þá leggjum við til, að við 13. gr. sé bætt nýjum málsl., er orðist þannig, að þeir umsækjendur um lán og styrk skuli að öðru jöfnu ganga fyrir eftir þessum l., sem hafa orðið fyrir einhverjum óviðráðanlegum skaða á efnum sínum, og höfðum við þar í huga jarðskjálfta, sem gætu fellt bæina, o. fl., og álitum við rétt, að menn, sem yrðu fyrir slíku tjóni, ættu að ganga fyrir öðrum í þessu efni, enda þótt þeir ættu lélega bæi, og sömuleiðis fannst okkur rétt, að þeir menn gengju einnig fyrir, sem yrðu fyrir svipuðu tjóni og átti sér stað í vetur, þegar 2 bæir fuku alveg burt, svo að það voru engin bæjarhús eftir. Ég geri nú ráð fyrir, að menn, sem verða fyrir tjóni af óviðráðanlegum orsökum, hefðu verið látnir ganga fyrir að öðru jöfnu í þessu efni, þegar til framkvæmdanna hefði komið, en það spillir ekki að taka það fram.

5. og 6. brtt. eru aðeins leiðréttingar á prentvillum, sem í frv. voru.

Í 7. brtt., sem er við 23. gr., er aftur á móti efnisbreyt., bæði frá því, sem frv. er nú, og líka frá því, sem n. í hv. Nd. lagði til. Nýbýlanefnd er í lögunum, sem nú gilda, ætluð 10 kr. þóknun fyrir hvern fund, þó ekki yfir 300 kr. til hvers nefndarmanns. Þetta er mjög lítilfjörleg borgun. samanborið við borgun fyrir önnur nefndarstörf. Annars eru allar nefndir og starfsmenn, sem vinna fyrir landbúnaðinn, miklu lægra launuð en við aðra atvinnuvegi (SÁÓ: Þetta er nú bara að hálfu leyti rétt.). — Ég gæti sannað það með nógum dæmum. Dagpeningar á ferðalögum í þágu landbúnaðarins eru 5 kr. á dag, en fyrir alla aðra, sem ferðast í þágu þess opinbera, í hvaða skyni sem er, 8—12 og upp í 20 kr. á dag. Ég gæti borið saman nefndir eins og fasteignamatsnefnd og fiskimálanefnd og fengið svipaða útkomu. — Eins og frv.

lá fyrir, var það á valdi ráðherra, hvað borga skyldi þessum mönnum, en við leggjum til, að hámarkið verði 500 kr.

Þá er 8. brtt. við 37. gr. aðeins orðabreyting, og sama er að segja um brtt. 9 a. og b. við 42. gr.

Loks er 10. brtt., við 45. gr. Eins og frv. kom frá hv. Nd., var svo ákveðið, að aðstoðarmenn skyldu ráðnir af landbrh. En okkur þótti réttara, að þeir væru ráðnir af stjórn Búnaðarbankans í samræmi við ráðning annarra starfsmanna í bankanum, enda lagði stjórn Búnaðarbankans til, að svo yrði.

Með þessu ætla. ég, að gerð sé nokkur grein fyrir þessum 10 brtt. Að efni til eru þær ekki miklar. Það er þá aðallega 1. brtt., um vottorð trúnaðarmanns, brtt. 3 c. um hámarksmat, og 7. brtt., um að hækka hámarkið fyrir þóknun úr 300 í 500 kr. Kannske mætti líka nefna 4. brtt., um, að þeir umsækjendur skuli að öðru jöfnu ganga fyrir, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni á eignum sínum vegna óviðráðanlegra orsaka.

Með þessum brtt. leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt, og telur það töluvert til bóta að hafa þetta allt á einum stað, sem fyrr var í fernum lögum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti! Hv. frsm. mælti fyrir brtt. n. í samræmi við skoðanir okkar meðnm. sinna, að undantekinni 4. brtt., sem honum sást eiginlega yfir, sennilega af gleymsku. Hann drap á það, að eignatjónið, sem talað er um í brtt., gæti fyrst og fremst verið tjón af jarðskjálftum eða ofviðri. En við hinir, hv. 11. landsk. og ég, litum svo á, að þeim, sem mest afhroð hafa goldið af völdum mæðiveikinnar, væri sjálfsagt að veita sem mestan byggingarstyrk, til þess að þeir gætu haldizt við á jörðum sínum. Við vorum búnir að koma okkur saman um að orða 4. brtt. þannig, að „þó gangi þeir fyrir á hverjum tíma um lán og styrki eftir lögum þessum, sem orðið hafa fyrir fjárfelli, landskjálftum eða öðru óviðráðanlegu stórtjóni á eignum sínum". Ég vil undirstrika það, að ætlun okkar hv. 11. landsk. með 4. brtt. var, að þetta yrði sérstaklega til að bæta upp að einhverju leyti eignatjónið af veikinnar völdum, og getum því ekki gengið fram hjá því í umræðum, þó að við gerðum það til samkomulags við hv. 1. þm. N.-M. að orða þetta ekki ákveðnar en gert er í brtt.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Það er rétt, að hv. 6. landsk. vildi skilja þennan lið í brtt. þannig, að fyrst og fremst eigi að hjálpa þeim, sem orðið hafa fyrir fjárfelli. En þegar ég greiði brtt. atkvæði, geri ég það ekki af því. Þeim skaða er ætlazt til, að mætt verði á annan hátt, og vonandi verður það ekki gert síður en í fyrra. En þó að bóndi fái eftir þessum lögum hámarkslán og styrk, þarf hann samt að leggja talsvert frá sjálfum sér. Og ástandið hjá þeim, sem búnir eru að missa fé sitt, er lakara en svo, að þeir geti ráðizt í húsabyggingar, áður en þeir koma upp bústofninum á ný. Mér hefir skilizt á hv. 6. landsk., að þeir þyrftu fyrst og fremst hjálp til að geta lifað. Þá er það alveg út í hött, að fara að örva þá til nýrra bygginga. Þeir fáu bændur, sem kynnu að sjá sér hag í að nota það, væru þá ekki svo illa staddir sem af er látið. — Það er sjálfsagt, að þeir fái lán, sem fullnægja sklyrðum 7. og 12. greinar og eiga bústofn, en hinir verða fáir, sem hafa misst bústofninn, en geta gjarna lagt fram tvö, þrjú eða fjögur þúsund til þess að fara að reisa sér íbúðarhús.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti! Við hv. 1. þm. N.-M. þurfum ekki að fara í kappræður um þetta. En ég vil segja honum, að ef hv. þdm. verða að telja þann fjárfelli, sem orðið hefir af völdum mæðiveikinnar, verulegt tjón og af óviðráðanlegum orsökum, þá sýnir brtt., að þeir, sem slíkt tjón hafa beðið, eiga fullan forgangsrétt að þessum lánum og styrkjum. Og ef hv. þm. hefir aðra skoðun á því, verður hann að koma með aðra brtt. í staðinn, því að hver maður hlýtur að líta svo á, að tjónið sé bæði mikið og af óviðráðanlegum orsökum.

Hv. þm. segir, að þessir menn verði bara að reyna að lifa og haldast við á jörðunum. Ég sé ekki annað en að þjóðfélagið eigi að létta vandræði þeirra manna, en dæma þá ekki fremur öðrum landsmönnum til að hafast við í föllnum moldarkofum. Því erfiðara sem þeir eiga, því meiri er nauðsynin. Það hefir verið talað um, hver hörmung það væri, að búa í ýmsum kjöllurum hér í Reykjavík. En ég verð að segja, að víða í sveitum eru verri íbúðir en í þeim kjöllurum, sem hér eru dæmdir ónothæfir til íbúðar.

***Páll Hermannsson:** Mér skilst, að fram hafi komið svo mismunandi skilningur á 4. brtt. á þskj. 187, að við það megi ekki una. Þegar hv. frsm. skýrði brtt., fannst mér hún afareðlileg, miðað við það, að þeir sætu fyrir hjálp til húsabóta, sem orðið hafa fyrir tjóni á húseignum. En þetta er ekki greinilega fram tekið í till., og ég er sammála hv. 6. landsk. um, að hún þurfi að því leyti endurbóta við. Ég vil því skora á hv. landbn. að taka till. aftur til 3. umr. og breyta henni þannig, að hv. nefndarmönnum geti samið um skilning hennar. Um till. eins og hv. 6. landsk. vill láta framkvæma hana, er ég honum alls ekki sammála. Mér finnst engin ástæða til að blanda bótum fyrir fjárfelli inn í þessi lög, þegar allir vita, að því tjóni verður hvort sem er að mæta á allt annan hátt.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég held, að ekki þýði að ætlast til, að nefndin verði sammála um að orða gr. að nýju. Ég vildi setja „tjón á húseignum" í staðinn fyrir tjón á eignum. En ég geri ekki ráð fyrir, að hv. meðnm. mínir séu fremur með því nú en þá.

Viðhorf mitt skýrist, ef litið er á 2. tölulið 7. gr., sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Lánin eru veitt með þessum skilyrðum: ... 2. Að hann sanni með síðustu skatt-

skýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni".

Ég hygg, að þessi liður takmarki það gróflega mikið, að hægt sé að nota 4. liðinn í brtt. okkar í því augnamiði, sem hv. 6. landsk. talaði um. Ég hygg hann útiloki þá menn, sem eiga 5, 8 eða upp í 30 kindur af mörgum hundruðum áður og 2—3 kýr. Það er ljóst, að þeir menn hafa ekki nauðsynlegan bústofn til að koma hér til greina. Þó að Alþingi samþykki þennan lið, eins og hann er, væri þeim lítil bót að því. Eða er það alvara sjálfstæðismannsins hv. 6. landsk., að láta lánsféð ganga til manna, sem svo eru farnir, að ríkið þarf að borga vextina af eldri skuldum þeirra og hjálpa þeim á margan annan hátt til þess bara að lifa? Já. Hann telur þeim mesta nauðsyn á að fá 6 þús. kr. byggingarlán, til þess að ríkið fái að borga vextina af því líka. En þetta er bara ekki hægt. Byggingarlán verður ekki veitt, nema þar sem lögmætar ástæður eru fyrir hendi.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég vildi skýra afstöðu mína í n. til 4. brtt. Eins og hv. 6. landsk. skýrði frá, vorum við búnir að semja aðra brtt. En þar sem þriðji nm., hv. 1. þm. N.-M., var henni algerlega mótfallinn, varð að samkomulagi að orða brtt. eins og gert er á þskj. 187. Ég benti hv. 1. þm. N.-M. á það, að 2. liður 7. gr. mundi koma í veg fyrir það, að farið yrði að reisa hús þar, sem ekki væru nóg efni til búrekstrar á jörðinni, eins og hann orðar það. Hinsvegar er mér ómögulegt að skilja annað en að það eigi að hlynna að sveitum, sem beðið hafa mest tjónið af völdum mæðiveikinnar. Bændur þar eiga ekki fremur en í öðrum sveitum að sætta sig við óhæf húsakynni. Ég álít rétt að samþ. 4. brtt. eins og hún er. Vitanlega verða þá þeir, sem lánin veita í hvert skipti, að athuga ástæður umsækjenda, m. a. með tilliti til 2. liðar. 7. gr., svo að frá sjónarmiði hv. frsm. þarf ekkert að óttast, og hinsvegar með tilliti til tjónsins, hvort sem er á húsum eða öðru. Ef breyta ætti till., gæti ég gengið inn á það eitt, að þeir sætu sérstaklega fyrir, sem tjón hafa beðið við fjármissinn.

***Páll Hermannsson:** Í 12. gr. frv. eru tekin allgreinilega fram skilyrðin fyrir byggingarstyrkjum, og þær reglur virðast nokkurnveginn fullnægjandi. Þetta ákvæði 4. brtt. er með öllu óskylt, og ég sé ekki nauðsyn þess í lögunum.

Ég vil enn að nýju endurtaka þá till. mína, að n. taki 4. brtt. aftur til 3. umr. Ég álít það ekki samboðið virðingu þingsins að afgr. brtt., sem lagasmiðirnir sjálfir skilja á tvo vegu. Verði hv. nm. ekki sammála um breytingu og vilji þeir ekki taka till. aftur, álít ég það eina sjálfsagða fyrir deildina vera að fella hana.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 187,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 187,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 187,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.,
Brtt. 187,4 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSn, ErlÞ, GL.

nei: SÁÓ, BSt, BrB,[1] HermJ,[2] IngP, PHerm, PZ,[3] EÁrna.

JJós greiddi ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, JJ, MJ) fjarstaddir.
13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 187,5 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 187,6 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 187,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
34.—36. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 187,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
38.—39. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
40.—41. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 187,9 samþ. án atkvgr.
42. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
43.—44. gr. samþ. með 9 shlj. atkv
Brtt. 187,10 samþ. með 9 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv
46. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
47.—52. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 211, 212, 217, 227).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 227. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Breytingar þær á frv., sem hér liggja fyrir, eða efni þeirra, voru tölurvert ræddar við 2. umr. málsins; þarf því ekki að tala um þær langt mál nú.

Frá hv. 1. þm. N.-M. kom fram á milli um-

---

1) **BrB:** Vegna þess að mismunandi skilningur er lagður í þetta, en ég tel nauðsynlegt, að það komi skýrt fram, hvað átt er við, þá segi ég nei.

2) **Forsrh.:** Ég treysti mér ekki til að samþ. þessa brtt., af því að þessi skilningur hefir komið fram og eins og hún er orðuð. Ég tel, að inn í þessi l., sem eru sett til frambúðar, eigi ekki að setja ákvæði, sem komist inn við 2. umr. og sett er aðeins til bráðabirgða, og segi því nei.

3) **PZ:** Herra forseti! Frekar en að hægt sé að skilja þetta eins og 6. landsk. gerði og íþyngja þar með mönnum á þessarsvæðinu, segi ég nei.

ræðna brtt., þar sem farið er fram á, að þeir gangi fyrir lánum til bygginga, að öðru jöfnu, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum, vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Um þetta er vitanlega ekki nema gott eitt að segja. En þar sem hv. þm. vill ekki láta þennan forgangsrétt ná nema til þeirra, sem orðið hafa fyrir tjóni á húseignum, þá finnst okkur hv. 11. landsk. það ekki fyllilega ná tilgangi sínum. Við lítum nfl. svo á, að þetta eigi einnig að ná til þeirra, sem orðið hafa fyrir tjóni á búfjárstofni sínum, og því flytjum við þessa brtt., sem nú liggur fyrir á þskj. 227, þar sem þetta er tekið fram, og ennfremur hitt, að tjónið megi ekki stafa af misfellum hjá búfjáreiganda. Ég mun að sjálfsögðu ekki fara að leggja út í karp um þetta, en vænti þess fastlega, að hv. dm. líti sanngjörnum augum á málið, að þeir eigi frekar að ganga fyrir um lán, sem orðið hafa fyrir óviðráðanlegu tjóni, og það jafnt hvort sem tjónið hefir orðið á húseignum þeirra eða búpeningi, svo fremi sem tjónið getur ekki talizt stafa af handvömm lánbeiðanda.

*Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi leyft mér að bera fram 2 brtt. við frv. þetta. Hin fyrri er við 42. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að haldið sé uppi teiknistofu, sem eigi að hjálpa mönnum til þess að eignast smekklega hluti í hýbýli sín. Um þetta er vitanlega ekki nema allt það bezta að segja, en ég vil aðeins benda á, að í þessu tilfelli verða það mest konurnar, sem láta sig skipta þetta mál, því að það eru jafnan þær, sem mestu ráða um húsgögn og aðra hluti, sem til hýbýlaprýði teljast. Mér hefir því dottið í hug, að bætt verði inn í 42. gr., þar sem taldir eru upp þeir aðiljar utan stofnunarinnar, sem teiknistofunni er heimilt að leita aðstoðar til um gerð húsgagna: viðurkenndum hannyrða konum. — Ég fæ ekki annað séð en að þetta eigi vel við og sé í raun og veru sjálfsagt, því að konur geta oft verið listamenn á sínu sviði, þó að þær séu kannske ekki kallaðar listamenn í venjulegri merkingu þess orðs.

Þá hefi ég og lagt til, að við 43. gr. verði gerð sú breyt., að á eftir orðinu „bændaskóla“ komi: húsmæðraskóla. Er þessi breyt. gerð til þess, að húsmæðraskólarnir falli einnig undir þá skóla, sem hugsanlegt er, að komið verði upp verkstæðum við til þess að annast smíði á húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu manna. Og í framhaldi af því leyfi ég mér að leggja til, að upp í gr. verði einnig tekið fleira, sem að húsgagnagerð lýtur, en þar er nefnt, og teiknistofan skuli veita nauðsynlega aðstoð við, svo sem vefnaður á húsgagnafóðri og gluggatjöldum. Það er nfl. vitanlegt, að við húsmæðraskólana er kenndur vefnaður, sem notaður er til þess að yfirklæða húsgögn með, og við þekkjum öll, hvernig sá vefnaður er, að hann er hreinasta prýði, sem allir geta verið stoltir af að hafa í hýbýlum sínum. Það myndi því geta orðið til mikils menningarauka fyrir almenning, ef þessum iðnaði okkar yrði meiri sómi sýndur en verið hefir. Í brtt. minni hefi ég aðeins nefnt vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, en það hefði mátt nefna fleira, þó að þetta sé það algengasta, sem kennt er. Það hefði t. d. líka mátt nefna gólfábreiður, veggteppi o. fl.

Síðasta brtt. mín er afleiðing hinna. Það kann ef til vill að þykja óviðeigandi að tala um húsgagnagerð í sambandi við húsmæðraskóla, en við það finnst mér ekkert að athuga, þar sem dæmi eru t. d. fyrir því, að stúlkur stundi smíðar. Ég hefi t. d. komið í skóla erlendis, þar sem stúlkurnar höfðu smíðað húsgögnin að mestu leyti sjálfar, höfðu aðeins fengið hjálp til þess að renna borðfætur og þess háttar.

Ég vænti nú, að hv. dm. fallist á þessar brtt. minar og samþ. þær, því að þær raska ekkert við frv. sjálfu, rýmka það aðeins og gera það um leið sanngjarnara og meira fyrir alþýðu manna en það er nú.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landbn. hefir ekki sem slík tekið afstöðu til brtt. á þskj. 217. Það, sem ég því segi um þær, er sagt á minn reikning, en ekki n. sem heildar.

Þessi vísir að teiknistofu, sem lagður er í frv., er ekki annað en að teiknistofu Búnaðarbankans er ákveðinn fastari rammi. Að gert er ráð fyrir, að teiknistofan leiðbeini í húsgagnagerð eða smíði húsgagna, er sökum þess, að maður finnur mjög til þess, að það er ekki til neinn stíll í íslenzkri húsgagnagerð. Hinn gamli stíll er horfinn, og í stað hans kominn einskonar grautur. Það er hugsun þeirra manna, sem að þessu standa, að það komi upp verkstæði í sambandi við búnaðarskólana og héraðsskólana, sem smíði húsgögn, og geti frá teiknistofunni fengið fyrirmyndir og leiðbeiningar til þess að fara eftir. Nú vill hv. flm. till. á þskj. 217 líka láta teiknistofuna veita leiðbeiningar í vefnaði, að því er mér skilst. Það er hannyrðakona, sem á að leita ráða til, og teiknistofan á þá að gefa leiðbeiningar í hannyrðum og þesskonar, og þá líklega helzt í vefnaði. Ég er ekki viss um, hvort á þessu stigi málsins er tímabært að setja þetta inn í teiknistofuna. Mér skilst, að enn sem komið er sé sjálft smíði húsgagnanna dálítið á öðru verksviði heldur en það, hvaða „munstur“ sé á gluggatjöldum eða hvaða „betrekk“ sé sett á stólana. Ég álít því mjög vafasamt, hvort eigi að láta teiknistofuna fá það víðan ramma, að hún taki líka til sín kennara í þessari grein, sem verði þar á stofunni og gefi leiðbeiningar og fyrirmyndir. Mér skilst, að það sé enn svo hér á landi, að verkaskipting milli kvenna og karla sé þannig, að kvenfólk vinni tiltölulega lítið að smíðum. Ég man þó eftir 3 stúlkum, sem vinna að smíði á húsgögnum og öðru, en þetta eru undantekningar. Ég er ekki viss um, að það sé heppilegt, að koma af stað við húsmæðraskólana slíkum verkstæðum, svo þar sé farið að vinna að slíku. Mér finnst þess vegna, að þótt svo kunni að fara, með vaxandi þroska þessarar stofnunar, sem hér er að fæðast á pappírnum, að það geti orðið tímabært, að hún láti til sín

taka vefnað á gluggatjöldum og þess háttar, þá sé varla hægt að gera ráð fyrir því, að hún hlaupi strax af stokkunum svo vaxin. Þess vegna mun ég verða á móti brtt. á þskj. 217, enda þótt ég viðurkenni fullkomlega og telji sjálfsagt, að það þurfi ekki síður að vinna að því að koma á íslenzkum stíl í gluggatjöldum og „betrekki“ á stóla. En ég geri ráð fyrir, að ef það heppnast, að láta fara héðan úr þinginu lög um húsmæðraskóla og húsmæðrakennaraskóla, þá muni þar fást grundvöllur, sem geti orðið til þess að skapa stíl í þessum efnum hér á landi. Enn sem komið er, þá finnst mér þetta ekki eiga heima í teiknistofunni, því að hún yrði þá að fá annað nafn a. m. k. En það kann vel að vera, að í framtíðinni finnist mönnum réttmætt að taka þetta upp líka.

Þá er það brtt. á þskj. 212. Ég var að vísu búinn að tala fyrir henni við 2. umr., en nú er komin við hana brtt. á þskj. 227 frá meðnm. mínum í landbn. Þar er sami ágreiningur um sjónarmið eins og áður hefir verið. Ég álít, að eins og það er sjálfsagt, að láta þá menn sitja fyrir, sem verða fyrir skakkaföllum á húsum sínum, en eiga bústofn sinn óskertan og geta því risið undir láni og lagt fram það, sem þarf, til að geta komið húsi upp, en það er alltaf a. m. k. ¾ eftir frv., og oft miklu meira, þá sé það eins mikil fjarstæða, að hugsa sér að geta rétt við fjárhag manns, sem búinn er að missa bústofn sinn, með því að veita honum nýtt lán og íþyngja honum með nýjum vöxtum og afborgunum. Það verður að mæta þeim skakkaföllum á annan hátt. Ég álít því, að það sjónarmið, sem kemur fram í brtt. meðnm. minna á þskj. 227 eigi ekki að koma til greina, og það eigi því að fella brtt. Ég get sætt mig við, að mín till. verði felld líka, því að ég ber það traust til þeirra manna, sem verða við stjórn þessara lánveitinga í framtíðinni, að þeir muni láta þessa menn ganga fyrir. En hitt finnst mér líka vel viðeigandi, að þingið tæki það fram, að það ætlaðist til þess, að þeir væru látnir ganga fyrir. Mér finnst því rétt að samþ. hana, en það er sem sagt sársaukalaust frá minni hálfu, hvort heldur er. Ég er líka viss um, að þótt brtt. á þskj. 227 verði samþ., þá verði hún aldrei að gagni, ef l. að öðru leyti væri hlýtt. Ég vona, að það verði aldrei þeir menn við stjórn þess, sem um ræðir í þessu frumvarpi, að þeim detti í hug að lána mönnum, sem ekkert hafa til að borga með vexti eða afborganir. Það verður að hjálpa þeim á annan hátt heldur en með því, að láta þá hafa ný lán.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki skilið annað en þau skakkaföll, sem styrk- eða lánbeiðandi hefir orðið fyrir, verði að taka til greina einmitt eftir frv. þessu, því að þar er talað um efnahagsvottorð og efnalegar ástæður mannsins að öðru leyti. En það koma þó ekki fram í því vottorði, sem hann á að skila, þau skakkaföll í fjártjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir fyrir ári síðan eða meir, nema hvað eign hans verður minni. Það er þess vegna þessu máli viðkomandi og nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði, ef réttlæti á að ríkja.

Hv. þm. segir, að það eigi að mæta þessu tjóni á annan hátt heldur en með því að hjálpa þeim til að byggja yfir sig. En ég veit ekki, hvað er nauðsynlegra fyrir menn. Ég veit, að í boðorðunum, sem við hv. 1. þm. N.-M. munum hafa lært, eins og aðrir kristnir menn, stendur að fyrst komi af því veraldlega fæði og klæði, og svo hús og heimili. Þannig var mér a. m. k. kennt kverið. Ef bláfátækir bændur, sem hafa orðið fyrir fjártjóni, eiga ekki að fá styrk til að byggja yfir sig, ef hús þeirra eru að falli komin, þá veit ég ekki, hvað á að verða um þá. Ég veit ekki, hvað annað getur beðið þeirra en að sækja hingað á mölina. Það bezta, sem er hægt að gera, til þess að halda fólkinu í sveitinni, er að styðja að því, að það hafi sæmilegt húsnæði.

Ég held, að hv. 1. þm. N.-M., sem er búfjárræktarráðunautur bænda, ætti sízt af öllum að halda því fram, að þeir, sem misst hafa búfé sitt að miklu eða öllu leyti, eigi ekki að fá styrk til að byggja sér hús frekar en þeir, sem halda búfé sínu. Það er nauðsynlegt að styðja þá menn og styrkja, sem með dugnaði og hagsýni hafa reynt að koma sér áfram, en verða svo fyrir þeim skakkaföllum að missa fé sitt vegna fjárpestarinnar. En það er fleira, sem kemur þarna til greina, en pestin ein. Ef litið er á hana eina, þá telja margir bændur, að sízt sé að vænta mótstöðu frá hálfu Alþ. gegn hjálp til þeirra, þar sem veikin hafi verið leidd inn í landið vegna ráðstafana Alþingis, ef það er rétt, að veikin sé útlend. Þótt þetta hafi verið gert í bezta tilgangi og átt að efla framleiðslu landsmanna, þá hefir þarna orðið missmíði á. Mér finnst, að Alþ. ætti sízt af öllu að fara að segja við bændur, sem orðið hafa fyrir skakkaföllum vegna þessara ráðstafana: Við viljum ekkert hjálpa ykkur. Það má leka ofan á ykkur og þið megið skjálfa af kulda á veturna, en við skiptum okkur ekkert af því.

Ég tek það fram, að hér er ekki um ný fjárútgjöld af hendi ríkissjóðs að ræða, heldur hitt, að þeir séu látnir ganga fyrir, sem bágast eiga.

***Guðrún Lárusdóttir:** Ég er hrædd um, að hv. 1. þm. N.-M. hafi misskilið mig áðan. Mér virtist í ræðu hans koma í ljós, að brtt. mín yrði til þess að koma á stað einhverjum býsnum, og það yrði að bæta svo við starfsemina á teiknistofunni, að hún yrði langt of mikil. Það vakti ekki fyrir mér, heldur hitt, eins og ég ætlaði að taka fram, og eins og ég held, að ég hafi gert, að teiknistofan notaði sér þá starfskrafta, sem fyrir hendi eru, í þessu tilfelli hannyrðakvenna, þegar til þess kemur að velja uppdrætti á húsgagnafóður og ýmislegt, sem að húsgögnum lýtur. Mér er kunnugt um, að hér eru konur, sem hafa kynnt sér slíka uppdrætti á Norðurlöndum og setið á söfnum í Svíþjóð og víðar, þar sem viðurkennt er, að falleg „munstur“ séu. Mér finnst það óþarfa eyðsla, að láta slík verðmæti verða að engu fyrir notkunarleysi. Þegar um það er að ræða að koma upp teiknistofu, sem leiðbeini almenningi um þessi mál, þá er það í raun og veru sjálf-

sagt að nota slíka krafta, úr því að þeir eru til. Það getur ekki undir neinum kringumstæðum gert teiknistofunni sérstaklega erfitt fyrir eða aukið mikið kostnaðinn, þótt leitað sé aðstoðar þessara kvenna, engu síður en hinna, sem *upp eru taldir. Ég fæ því ekki séð*, að það geti út af fyrir sig gert málinu neinn óleik. Mér sýnist það þvert á móti bæta heldur fyrir, og ég myndi beinlínis sakna þess, ef það kæmist ekki inn í frv. Hér er um töluverð verðmæti að ræða, sem ekki mega glatast. En það er hætt við, að það fyrnist smátt og smátt yfir allt, sem liggur ónotað. Hér er um að ræða konur, sem hafa orðið að sigla til annara landa til að kynna sér slíka hluti, og hér er á sérstakan hátt tækifæri til þess að notfæra sér þá þekkingu, sem þær hafa aflað sér. — Hvað snertir áframhaldið af því, sem ég hefi hér sagt, þá er það ekki *nema* sjálfsagt, að ef verkstæðum er komið fyrir á bændaskólunum, þá sé verkstæðum einnig komið fyrir á húsmæðraskólunum, enda er það komið að nokkru leyti, þar sem vefstólarnir eru. Þá njóta húsmæðraskólarnir sömu hlunninda og bændaskólarnir um tilsögn og aðstoð frá teiknistofunni. Og um annað er ekki að ræða í brtt. minni. Þetta er svo einfalt mál, og ekki svo fyrirferðarmikið, svo að að hv. þm. þarf ekkert að óttast, og er honum *alveg* óhætt að greiða atkv. með brtt. *minni*.

Magnús Jónsson: Ég ætla ekki að blanda mér í deilurnar um þær brtt., sem hér liggja fyrir. En það er eitt atriði, sem mig langar til að skjóta til hv. landbn. Ég ætlaði að gera það við 2. umr., en það atvikaðist svo, að málið fór framhjá mér þá. Það, sem ég vildi minnast á, er í sambandi við brtt. frá n., sem samþ. var sem viðbót við 7. gr., um það, að fyrir skuli liggja frá trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands yfirlýsing um það, að hús, sem reist verði samkvæmt þessum l., verði reist á hentugum stöðum, *miðað* við *ræktun, vatnsból, síma*, vegi og fleira. Mér sýnist þetta mjög athyglisvert atriði, og vil ég skjóta því til landbn., hvort hún muni ekki vilja athuga möguleikana á því að ganga dálítið lengra í þessa átt en gert er með þessari till. Ég er ekki frá því, að ástæða sé til að athuga, hvort jafnvel sé ekki kominn tími til þess að heimila einskonar byggingarsamþykktir fyrir sveitirnar eða a. m. k. sumar sveitir.

Þegar býli voru reist hér á landi, þá hefir hver maður valið sér stað eftir útsýni, vatnsbóli og öðru slíku, og þannig, að það gerði *engum* öðrum til, hvar hann reisti sinn bæ. Það var svo lítið, sem var sameiginlegt, því að þá voru ekki einusinni vegir. Nú er þetta að breytast, og þá sérstaklega í þéttbýlum sveitum, svo að það fer ekki að verða mjög langt bilið milli þéttbyggðra sveita og kauptúna um það, hversu mikil almenningsnauðsyn og hagur það er, að býlin séu reist á hentugum stöðum, t. d. hvað snertir vegina, eins og frsm. n. gat um. Ég tala nú ekki um, ef rafveitur kæmu, því að þá getur það skorið úr um það, hvort rafveitan borgar sig, hvort það þarf að fara með leiðslurnar um endalausa króka eða hvort hægt er að leggja þær þannig sem hentugast er til að koma rafstraumnum um sveitina, án mjög mikils kostnaðar.

Mér er það ljóst, að hér er um mál að ræða, sem verður að fara mjög alvarlega í, því að það mætti gera meiri skaða heldur en gagn, ef einhver skipulagsofsi hlypi í þetta mál, svo að menn væru að meira eða minna leyti ósjálfráðir um það, hvar menn byggðu, eða stofnað væri til stórkostlegs kostnaðar í tilfærslu býla. Það er ekki það, sem ég á við, heldur hitt, hvort ekki muni vera kominn tími til að athuga þetta á einhvern hátt.

Ég treysti mér nú ekki til að bera fram brtt. við þetta mál, en mér hefir dottið í hug að *skjóta því til landbn., hvort hún vilji ekki íhuga* þetta mál og ef til vill beina því til stj., að leita eftir ráðum trúnaðarmanna sinna í Búnaðarfélagi Íslands um það, hvort ekki myndi vera hægt í sambandi við byggingar- og landnámssjóð að gera drög að heimildarlögum fyrir fjölbyggðar sveitir til þess að koma upp hjá sér einföldum byggingarsamþykktum í þessa átt. Ég sé vel örðugleikana á þessu. Maður getur hugsað sér býli, sem liggur á óhentugum stað fyrir heildina, og sá, sem á það, hefir kannske ekkert á móti því að flytja það. En það er kannske búið að leggja svo mikil verðmæti *í býlið, að eigandinn* verður að skoða mjög huga sinn um það, hvort það borgi sig að flytja það. Það má t. d. benda á það, að þó byggt sé nýtt íbúðarhús, þá er þyrping af öðrum húsum á staðnum.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en mig langar til að skjóta því til landbn., hvort hún vilji ekki íhuga möguleikana á því að koma af stað athugun á þessu máli.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að ég tel tímabært, að þetta mál sé athugað rækilegar en gert hefir verið. Það er búið að ræða um þetta efni á fundum og í útvarpi nú í nokkur ár. Það eru til menn, sem álíta, að það eigi að stiga þetta spor nokkuð djarft, og það eigi að neita að veita lán, nema býlin liggi á þeim stað, sem hentugur sé fyrir framtíðina. Við fórum nú ekki svo langt í brtt. okkar, því að við byrjuðum aðeins að fitla við þetta mál. Ég tel tímabært að athuga það, þótt það verði líklega ekki gert á þessu þingi, hvort ekki er hægt að taka fastari tökum á þessu en gert var með þeirri litlu brtt., sem samþ. var sem 7. liður við 7. gr.

Ég held ekki, að ég hafi misskilið hv. 2. landsk., sem á brtt. á þskj. 217. Það er tekið fram í 2. lið brtt., að ætlazt sé til, að þessum húsgagnaverkstæðum sé komið upp á húsmæðraskólunum, svo að þar með er ætlazt til, að kvenfólk fari að gefa sig við húsgagnasmíð. Það er svo ætlazt til, að teiknistofan geti gefið þarna leiðbeiningar, og þá þarf hún helzt að hafa á sínum vegum mann eða konu, sem geti gefið þær. Ég held því, að það sé ekki tímabært að samþ. 2. lið brtt. Það *gegnir* dálítið öðru máli með 1. lið brtt. við 42. gr. Eftir honum á teiknistofan að standa í sambandi við

viðurkenndar hannyrðakonur, til þess að geta gefið leiðbeiningar um, hvaða „munstur" séu bezt á húsgagnafóðri og gluggatjöldum. Þetta skiptir öðru máli heldur en með 2. liðinn, en þó mun ég sennilega hvoruga brtt. samþ.

Hv. 6. landsk. þarf ég í raun og veru engu að svara. Hv. dm. eru ljós þau mismunandi sjónarmið, sem þar koma til greina. Það er í stuttu máli það, hvort bónda á fjárpestarsvæðinu, sem kannske hefir misst ⅔ af fé sínu, sé nokkur greiði gerður með því að veita honum lán, sem hann þarf að borga af ekki minna en 200 kr. á ári. Hann þarf jafnframt að eiga sjálfur eða fá sér skyndilán með víxli og ábyrgðarmönnum, sem þarf að nema 1600—2000 kr., til að geta byggt fyrir lánið. Ég tel, að þessi bóndi sé mikið verr settur, ef hann fer að taka þetta nýja lán, og kannske af því, að ýtt hafi verið undir hann að gera það. Ég álít, að það eigi síður en svo að gefa honum neitt undir fótinn með nýtt lán, á meðan svo stendur á fyrir honum, að hann hefir sama sem engan bústofn. Við eigum að hjálpa honum til þess að lifa og koma bústofni upp aftur, og þegar það er búið, þá á að veita honum sömu aðstöðu og öðrum, sem geta staðið undir þessum lánum.

ATKVGR.

Brtt. 227 felld með 6:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: BSn, BrB, ErlÞ, GL, JJós, ÞÞ.

nei: IngP, JJ, PHerm, PZ, BSt, EÁrna.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

3 þm. (HermJ, MJ, ÁJ) fjarstaddir.

Brtt. 212 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, PZ, BSt, BSn, BrB, ErlÞ, GL.

nei: JJ, PHerm, SÁÓ, IngP, EÁrna.

ÞÞ[1]) greiddi ekki atkv.

3. þm. (MJ, ÁJ, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 217,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 217,2 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JJ, MJ, SÁÓ, ÞÞ, BSn, BrB, ErlÞ, GL.

nei: IngP, PHerm, PZ, BSt, EÁrna.

2 þm. (HermJ, ÁJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 236).

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vildi fara fram á við hæstv. forseta, að hann frestaði þessu máli til næsta dags, vegna þess að n. hefir ekki haft tækifæri til að koma saman og athuga þær breyt., sem orðið hafa á frv. í Ed.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.

1) **ÞÞ:** Þar sem brtt. okkar hv. 11. landsk. hefir verið felld, mun ég ekki greiða atkv.

***Bjarni Ásgeirsson:** Landbn. hefir athugað þær breyt., sem gerðar voru á frv. í hv. Ed. Flestar þeirra mun hún láta kyrrar liggja, þótt henni þyki ýmsar af þeim sízt til bóta. En tvær brtt. vill hún gera til að færa frv. aftur nær því, sem það var við afgreiðslu héðan. Önnur er við 7. gr., um að fella niður 7. liðinn, sem þar er nú og var bætt við í Ed. Þar er það gert eitt af skilyrðunum fyrir styrk og láni, að fyrir liggi yfirlýsing frá trúnaðarmanni Búnaðarfélagsins um, að býlið sé vel í sveit sett, hafi gott vatnsból o. s. frv. N. virðist ákvæðið óþarft, vegna þess að það er föst venja hjá teiknistofu Búnaðarbankans að rannsaka, hvort þessi skilyrði, sem þarna eru talin upp, séu fyrir hendi. Það virðist nægja. Á hinn bóginn er þetta ákvæði mjög til hins lakara fyrir umsækjendur, af þeim ástæðum, að eftirlitsmaður Búnaðarfélagsins hefir eftirlit og framkvæmdir með höndum á stóru svæði, oft yfir margar sýslur, svo að kostnaðarsamt getur orðið að ná í hann til að athuga staðhætti. Sami maðurinn hefir t. d. eftirlitið í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum og getur ekki verið á öllum stöðunum undir eins. Ef maður austur í Fljótshverfi t. d. vill sækja um byggingarlán, verður hann kannske að fá eftirlitsmanninn frá starfi í Árnessýslu austur þangað með ærnum kostnaði, til þess að geta fengið þetta tilskilda vottorð. — Ég þarf ekki að benda á fleiri dæmi til að sýna, hve ákvæðið er óheppilegt.

Þá er hin brtt., við 12. gr., um að hækka úr 1500 kr. í 2000 kr. hámark fasteignamats á húsum, þar sem leyft skal að styrkja endurbyggingu samkv. frv. Þetta hámark var hækkað hér upp í 2000, en hv. Ed. vill aftur lækka það niður í 1500. Það hefir sýnt sig glöggt, að mörg timburhús, sem voru metin á allt að því 2 þús. kr. við síðasta fasteignamat — og raunar sum, sem metin voru 3—4 þús. kr. — eru miklu verr komin og hættulegri íbúðir en ýmsir torfbæir, sem metnir eru á fáein hundruð króna.

Aðrar brtt. ber nefndin ekki fram, þó að hún eða einstakir nefndarmenn hefðu gjarnan kosið nokkur atriði á annan veg.

Þá skal ég aðeins minnast á brtt. á þskj. 266, frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf., um að hækka framlag ríkisins úr 200 þús. í 250 þús. kr. Þeir standa einir að þessari brtt. Mér skilst af viðtali við hv. aðalflm., að hann byggi brtt. aðallega á því, að samþ. hefir verið 50 þús. kr. hækkun til verkamannabústaða. En þá er þess að gæta, að þegar frv. var afgr. héðan á dögunum, var sú hækkun þegar ákveðin, og getur nú ekki breytt neinu um afstöðu manna til þessa ákvæðis, sem deildin er búin að samþykkja. Meiri hl. n. getur því ekki verið með tillögunni.

***Jón Pálmason:** Eins og hv. þdm. hafa sennilega veitt eftirtekt, höfum við hv. þm. Borgf. borið fram brtt. á þskj. 266, um að hækka úr 200 í 250 þús. kr. framlag ríkisins til sjóðsins. Það er rétt hjá hv. þm. Mýr., að áður en 200 þús. kr. framlagið var ákveðið, var búið að samþ. till., sem fram kom algerlega á bak við

fjvn., um að hækka framlag til verkamannabústaða um 50 þús. Þetta raskaði hlutfallinu milli þessara framlaga, og það er það, sem við viljum aftur lagfæra.

Annars er það skoðun okkar flm. brtt., að hér sé í rauninni svo ólíku saman að jafna, að þessi framlög séu ekki nefnandi á nafn hvort með öðru. Hér í Reykjavík eru byggð hús fyrir 4—6 millj. á ári. En vegna þess, hvernig fjárhagsástandið er orðið í sveitum, veltur það, hvort jarðir fara í auðn, á því, hvort hægt er að byggja upp á þeim. Í kaupstöðum eru nógir, sem vilja byggja, ef innflutningur leyfir. Í sveitum er það allt of fáum kleift. Þennan mun verður Alþingi að skilja og haga ráðstöfunum sínum eftir því.

Það gerði ekki mikið til, þó að fólksfjölgunin og vöxturinn lenti allur í bæjunum, ef atvinnuskilyrðin þar væru glæsileg. En nú er fólksfjöldinn þar orðinn svo mikill, að hann er gersamlega í ósamræmi við atvinnuskilyrðin. Þess vegna er ekki rétt, að ríkið auki byggingar í kaupstöðum. Hitt er öllum ljóst, sem hugsa um það, að í sveitum eru til lífsskilyrði fyrir miklu fleira fólk, ef vel er á haldið. Þess vegna væri réttara að leggja allt fé til bygginga í sveitum heldur en að auka byggingar í kaupstöðum handa fólki, sem hefir enga atvinnu þar við að vera.

Þótt okkur hv. þm. Borgf. sé ljós þörfin og teldum rétt að hækka framlagið meir en um þessa tiltölulega litlu upphæð, viljum við ekki fara fram á það, eins og sakir standa. En hitt væri ástæðulaust að draga úr þeirri kröfu, sem gerð er í till., þegar nýbúið er að fara kringum fjvn. og slengja á þessari hækkun, sem gerð var til verkamannabústaða við 2. umr. fjárlaganna.

ATKVGR.

Brtt. 266 felld með 14: 5 atkv.

— 275,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 275,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 53. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 320).

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 320, 338).

Forseti (EÁrna): Ég vil vekja athygli á því viðvíkjandi þessu frv., að ef brtt. verða samþ. við það nú, þá fer það í Sþ.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Nd. féllst ekki á allar þær breyt., sem við hér í d. gerðum á frv. Hún felldi alveg niður eina breyt., sem við höfðum gert, og breytti annari í sama form og hún var í áður en frv. kom í þessa d.

Landbn. þessarar d. hefir nú haft þetta til athugunar, og höfum við í landbn. talað við menn úr landbn. Nd., sem fjölluðu um þetta mál, og fengið að vita hjá þeim, hvað það væri, sem þeim sérstaklega hefði fundizt athugavert við þessi tvö atriði, sem nú er um deilt milli deilda. Fyrri liðurinn, sem um er deilt, er viðbót, sem við settum við 7. gr. sem 7. tölul. Það vakti fyrir okkur hér í d., að það væri gengið inn á þá braut að reyna að tryggja það, að hús, sem byggð væru fyrir lán eða styrki frá því opinbera, væru sett þar á jörðunum, sem haganlegast væri um alla aðstöðu. Það barst í tal í þessari d., þegar þetta var til umr., að þetta ætti að vera spor í þá átt að koma upp í sveitunum svipuðu skipulagi og nú er í kaupstöðum, svo að húsin væru byggð þar, sem haganlegast og ódýrast er fyrir heildina. Um þetta er n. í Nd. okkur sammála. Það, sem henni þótti að þessu var, að það væru trúnaðarmenn frá Búnaðarfélagi Íslands, sem ættu að segja til um þetta. Þeir eru þannig settir, að þeir hafa sumir stór svæði og koma ekki nema einu sinni á ári í bæina. Þeir í landbn. í Nd. litu því þannig á, að með því að láta trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands segja til um þetta, þá gæti það staðið í vegi fyrir, að menn gætu náð í þessi vottorð, og þess vegna felldu þeir þetta niður. Til þess að fyrirbyggja það, að þetta geti staðið í vegi fyrir því, að menn geti náð í þessi vottorð, þá höfum við breytt þessu nokkuð og leggjum til, að þessi 7. liður verði orðaður lítið eitt öðruvísi, þannig að upp í hann sé tekið, að ef trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands ekki af einhverjum ástæðum geti gert þetta, þá skuli það vera trúnaðarmenn nýbýlastjórnar, sem eru í hverjum einasta hreppi, og til þeirra er alltaf hægt að ná. Ég hygg, að n. í Nd. geti sætt sig við þessa breyt., eins og hún nú er orðuð.

Ég skal ekki vera að nefna mörg dæmi upp á það, hvaða þýðingu þetta getur haft, en það eru ekki nema 3 ár síðan ég kom á bæ, þar sem nýbúið var að byggja stórt hús, sem byggt var á gömlu bæjarrústunum. En það kom í ljós, að vatnsbólið var 3 metrum of neðarlega til þess, að hægt væri að taka vatnið upp í dælu. Það eru ótal svona dæmi, sem sýna, að nauðsynlegt er að samþ. svona skilyrði. Ég hygg, að um þetta verði ekki neinn ágreiningur úr þessu.

Þá kem ég að hinu atriðinu. Við hér í d. lækkuðum fasteignamat bæjarhúsanna úr 2000 kr., sem það var í, þegar það kom hér í d., niður í 1500 kr. Við gerðum þetta af því, að það er á allra manna vitorði, að umsóknir berast frá miklu fleiri mönnum en hægt er að sinna, sem eiga það léleg bæjarhús, að fasteignamat þeirra er fyrir neðan 1500 kr. Við litum þannig á, að það væri ekki ástæða til að örva þá menn, sem ættu skárri hús, til þess að sækja um lán eða styrk, þar sem hér um bil væri víst, að þeir myndu fá neitun. Þess vegna álítum við, að meðan til væri í landinu um 800 jarðir, þar sem bæjarhúsin væru fyrir neðan 1000 kr. að mati, og miklu fleiri fyrir neðan 1500 kr. að mati, þá væri ekki ástæða til að hækka hámarkið og færa þetta upp í 2000 kr. N. í Nd. leit þannig á, að til væru í landinu einstök gömul timburhús, sem hefðu verið það hátt metin 1930, að mat bæjarhúsanna væri fyrir ofan 2000 kr. þrátt fyrir það, þótt þau væru mjög léleg. Til þess að það gæti náð til þessara húsa, þá vildi n. færa þetta upp í 2000 kr.

Það hefir nú orðið að samkomulagi hjá okkur, að hafa þetta ekki 1500 kr., heldur taka upp tölu, sem er hér um bil mitt á milli, og hygg ég að ekki verði mikið um það deilt í Sþ. Við höfum tekið upp töluna 1800 kr. Annars er rétt að benda á það, að gert er ráð fyrir því, að millimöt geti farið fram, ef ástæða er til, og mundu þeir, sem búa í húsum, sem mikið ganga úr sér milli aðalmata, vitanlega nota sér það, ef ástæða væri til. Við, sem erum í landbn., leggjum til, að þær breyt., sem eru á þskj. 338, verði samþ., og ég held, að óhætt sé að segja það ákveðið, að eins og nú er komið, verði lítill ágreiningur um frv., komi það svo breytt í sameinað þing.

ATKVGR.
Brtt. 338,1 samþ. með 10:2 atkv.
— 338,2,a samþ. án atkvgr.
— 338,2,b samþ. með 11:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 30. apríl var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 372).

Á 23. fundi í Sþ., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 2. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 7. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 496).

39. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 21. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 84).

Á 23. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það hefir orðið að samkomulagi í sjútvn. þessarar d. að flytja frv. þetta, sem hér liggur fyrir á þskj. 84.

Eins og mönnum er kunnugt, hafa á undanförnum þingum legið fyrir frv. til breyt. á l. um fiskveiðasjóð Íslands, sem Sjálfstfl. hefir flutt. Og á síðasta þingi var slíku frv. vísað til sjútvn. þessarar hv. d., og var nokkur ágreiningur í sjútvn. þá um frv. Meiri hl. n. hafði gert nokkrar brtt. við frv., eins og það lá fyrir þá, og voru þær lagðar fram og prentaðar, en komu ekki til umr. Málið dagaði svo uppi á því stigi. Nú hefir sjútvn. tekið málið upp að nýju, og hefir það orðið að samkomulagi, að n. bæri fram þetta frv., sem er að miklu leyti í samræmi við þær brtt., sem meiri hl. sjútvn. gerði við frv. sjálfstæðismanna um þetta efni á síðasta Alþ. Nokkrar smærri breyt. á því eru þó gerðar, sumpart til leiðréttingar, frá því sem verið hefir.

Aðalbreyt., sem í frv. þessu felst frá núgildandi l. um fiskveiðasjóð Íslands, er, að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki nú við greiðslum á því lánsfé, sem sjóðurinn var stofnaður með árið 1930, en í l. um fiskveiðasjóð er svo fyrir mælt, að stofnfé hans skuli vera 1 millj. kr., sem ríkissjóður leggi fram og að það skuli vera að fullu greitt sjóðnum árið 1940. Nú var það svo, að þegar eftir gildistöku þessara l. var sjóðnum ekkert greitt úr ríkissjóði, heldur var tekið lán til stofnfjár sjóðsins hjá Landmandsbanken í Kaupmannahöfn, að upphæð 1 millj. kr. Sjóðurinn hefir staðið undir vöxtum og afborgunum af þessu láni, og hefir þetta starfsfé sjóðsins því komið honum að miklu minni notum heldur en ef l. um hann hefði verið fullnægt á þann hátt, að ríkissjóður hefði lagt fram stofnféð, þó að það hefði verið smátt og smátt. Þetta hefir staðið sjóðnum fyrir þrifum, og sérstaklega hefir það valdið því, að sjóðurinn hefir ekki getað veitt viðskiptamönnum sínum þau lánskjör, sem þeim er lífsnauðsyn að hafa, og ella hefði verið hægt.

Nú hafa á undanförnum þingum, í þeim frv., sem fyrir þeim þingum hafa legið um þetta mál, komið fram ýmsar till. um það, að auka stofnfé sjóðsins með útgáfu vaxtabréfa, því að í l. sjóðsins er heimild til þess. En eins og tímarnir eru nú, er sýnt, að það væri ákaflega lítil hjálp fyrir sjóðinn að gefa út slík bréf og reyna að selja þau, því að nú er svo þröngt á vaxtabréfamarkaðinum hér hjá okkur, að ekki yrði hægt að selja slík skuldabréf nema með afföllum. Af þessu leiðir, að starfsfé sjóðsins verður svo dýrt, að lánakjör þeirra, sem fá lán úr sjóðnum, verða lántakendum um megn. Hinsvegar gerir sú leið, sem hér er stungið upp á, *það tvennt að verkum, að í fyrsta lagi fær* sjóðurinn fyrst um sinn vaxandi útlánsmöguleika, því að sjóðinn munar um fullar 100000 kr. árlega, og í öðru lagi verður starfsfé sjóðsins eingöngu eigið fé, og verður sjóðnum því fært að gera lánakjörin betri. Og það leggur sjútvn. mesta áherzlu á, að sjóðnum verði unnt að gera. Ég held því, að það þurfi ekki að valda miklum ágreiningi — þó að ég viti, að ríkissjóður hefir nú í mörg horn að líta með greiðslur —, að ef á annað borð á að sinna nokkuð þeim kröfum, sem nú eru uppi um það að auka starfsfé fiskveiðasjóðs, þá sé tæplega hægt að finna færari leið til þess en einmitt þessa.

Hitt meginatriðið í breyt. þeim, sem felast í þessu frv., er fólgið í ákvæðunum um vaxtakjörin. Í núgildandi l. eru vextirnir 6¼%. Með þessu frv. er lagt til, að vextirnir verði færðir niður 5%, að 1% lántökugjaldið verði fellt alveg niður og einnig tryggingarsjóðsgjaldið. M. ö. o., vextirnir lækka um 1¼%, og auk þess er lántökugjaldið, sem er 1%, fellt niður. Ef ákvæði 1. gr. frv. verða samþ., þá hygg ég, að

sjóðnum verði kleift að gera þessa vaxtaívilnun. Og ég hygg meira að segja, að ekki væri útilokað, að vextir gætu hækkað um meira, eftir því sem starfsfé sjóðsins vex.

Nú eru eignir fiskveiðasjóðs sem næst 2300000 kr. En þar á hvílir auðvitað skuld sú, sem nefnd er í 1. gr. þessa frv., 666 þús. kr., og eru því, eins og nú standa sakir, eignir sjóðsins raunverulega ekki nema 1 millj. og tæplega 600 þús. kr. Af fé þessu mun vera í útlánum nú sem næst 1600 þús. kr. hjá bátaeigendum og öðrum stofnunum, sem sjóðnum er heimilt að lána, og auk þess 40—50 þús. hjá hafnarsjóði Reykjavíkur, sem eru eftirstöðvar af láni, er veitt var *úr sjóðnum, löngu áður en stofnfé hans* var aukið og lög þau, sem nú gilda, voru sett. Þá er í varasjóði, sem ekki má nota til útlána, 150 þús. kr. Auk þess um 10 þús. kr. í tryggingarsjóði. Þá hefir sjóðurinn því átt í reiðufé nálægt 400 þús. kr. við síðustu áramót.

Ég get vel ímyndað mér, að einhverjum detti í hug, að sjóðurinn sé ekki févana, þegar hann um síðustu áramót hefir átt um 400 þús. kr. í handbæru fé, en á það ber að líta, að síðastl. ár var í raun og veru óvenjulegt tekjuár fyrir fiskveiðasjóðinn, vegna þess að á því ári voru gerð skuldaskil fyrir allmarga af hinum smærri vélbátum, sem lán hafa fengið hjá sjóðnum. en hjá þeim sumum höfðu safnazt vextir til tveggja ára, og hjá einstaka bát afborganir fyrir sama tímabil. Tekjur sjóðsins á árinu urðu því hærri heldur en vænta hefði mátt, eftir því fé, sem hann hefir í útláni. Auk þess ber á það að líta, að gjalddagi á lánum fiskveiðasjóðs er 15. nóvember, svo að afborganir og vextir eru greiddir rétt fyrir áramót. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt, þótt við síðustu áramót væri þetta mikið af handbæru fé í sjóðnum. Svo vil ég geta þess, að við nýár lágu fyrir *loforð um lánveitingar* að upphæð *kringum* 50 þús. til 60 þús. kr., sem ekki voru útborgaðar, og auk þess lágu fyrir allmargar umsóknir um lán, sem ekki var búið að taka ákvörðun um, og mér er kunnugt um, að nú er ýmist búið að veita eða lofa lánum úr sjóðnum fyrir á annað hundrað þúsund krónur, og þegar á það er litið, að sjóðurinn verður eins og lög standa til nú, að vera öruggur með að geta greitt á gjalddaga afborganir og vexti af danska láninu, þá sjá allir, að þessi sjóðseign, sem var um síðustu áramót, er ekki óeðlileg. Ég tek þetta fram, af því að ég hefi heyrt, að einstaka maður hafi litið svo á, að sjóðurinn væri ekki févana og fé hans væri ef til vill notað af stjórnendum sjóðsins, Útvegsbankanum, en ég fullyrði, að þetta er alveg ástæðulaus uggur, því að mér er kunnugt, að sjóðurinn hefir á mörgum tímum lánað það mikið, að hann hefir ekki átt meiri innstæðu í Útvegsbankanum en eðlilegt verður að teljast. Ef þetta frv. yrði að l., þá hefði sjóðurinn til útlána fullar 2 millj. kr. eigin fjár, og ég geri ráð fyrir, að það megi reikna með, að sjóðurinn hafi í vexti af útlánum um 100000 kr., og ennfremur má gera ráð fyrir, að afborganir af lánum muni nema svipaðri upphæð. Þá er ennfremur svo fyrir mælt í l., og því er ekki raskað með þessu frv., að fiskveiðasjóður fái ½% af útflutningsgjaldi af öllum sjávarafurðum, og eftir reynslu undanfarinna ára mætti vænta þess, að þetta mundi mera milli 40 og 50 þús. kr. Má þá gera ráð fyrir, að tekjur af þessu mundu vera um 250 þús. kr. Það er náttúrlega ekki mikið fé til útlána, en það er þó stórum mun meira heldur en það, sem sjóðurinn getur haft nú. Ég vil vænta þess, að ef sjóðnum verður stjórnað svipað og hingað til, sem engin ástæða er að efa, þá muni hans raunverulega eign geta vaxið einmitt um þessa upphæð árlega, þ. e. c. 250 þús. kr., því að sannleikurinn er sá, að fram að þessum tíma *hefir sjóðurinn ekki orðið fyrir neinum* töpum. Auðvitað má alltaf búast við, að töp geti komið fyrir, en ef þeirri reglu, sem er í núgildandi l. og ekki er breytt með þessu frv., er fylgt um tryggingu sjóðsins, þá vil ég vænta þess, að hann þurfi ekki að vera í neinni hættu, og eftir þeim vexti að dæma, sem sjóðurinn er búinn að ná síðan 1930, að líf fór að færast í hann og hann fekk þetta lánsfé til starfsemi sinnar, þá vil ég vænta þess, að innan ekki mjög langs tíma yrði sjóðurinn orðinn það stór, að hann yrði einfær um að standa undir stofnlánum til a. m. k. alls smærri fiskiflotans. En á það ber að leggja áherzlu, að í engu verði hvikað frá því, að tryggja lánin svo, að það sé undir flestum kringumstæðum öruggt, að sjóðurinn verði ekki fyrir töfum. Á það verður að leggja megináherzluna og svo hitt, að láta viðskiptamennina njóta svo hagstæðra vaxtakjara, sem hagur sjóðsins leyfir. Ég hefi verið svo margorður um þetta frv., af því að ég álít, að það sé ein af þeim ráðstöfunum, sem óumflýjanlega verður að gera, til þess að reyna að bæta og tryggja hag sjávarútvegsins, þó að segja megi ef til vill, að það nái ekki eins langt og það þyrfti að ná, *og ég vil vænta* þess, að Alþ. taki þessu frv. vel og fitji ekki upp á gömlu leiðinni um sölu á vaxtabréfum, því að reynslan hefir sannað, að hún er ekki nema pappírsgagn, og ef hún væri notuð, þá væri spursmál, hversu mikið gagn sjávarútveginum væri unnið með því, því að eins og nú standa sakir, er það ekki aðalskilyrðið að geta veitt sjávarútveginum aðgang að stofnlánum, heldur er það aðalskilyrðið, að stofnlánin fáist með þeim kjörum, sem útvegurinn getur risið undir. Að því ber að vinna, og ég tel, að þetta frv. sé spor, og það ekki lítið spor í þá átt, þó að ég játi, að það þyrfti að ganga lengra á þeirri braut.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 84, n. 424 (sbr. og 380)).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Af því að hv. frsm. er ekki viðstaddur, vil ég leyfa mér að gera grein fyrir afstöðu n. Annars er n. alveg sammála, svo að ég vænti þess, að málið geti gengið fram þess vegna. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er ætlazt til þess í frv., að ríkissjóður byrji að borga það, sem honum ber samkv. lögum, og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir því á þann hátt, að ríkissjóður taki að sér afborganir af erlendu láni, sem nemur nú ¾ úr millj. Hæstv. fjmrh. hefir komið á fund n. og tjáð henni nokkur vandkvæði á því, að ríkið taki að sér skuld erlendis. En hann bauðst til að sjá um, að sett yrði á fjárlög, sem innan skamms verða samþ., fyrsta greiðsla ríkisins til sjóðsins. Þó treysti hann sér ekki til að fara hærra en í 60 þús. kr. á þeim fjárlögum. N. sá engan kost annan en að ganga að þessu, og varð það að sætt í málinu.
Þetta varð til þess, að færa verður neðar hámark lánsupphæða úr sjóðnum, og ekki er hægt að lækka vextina eins og til var ætlazt, þar sem 60 þús. eru aðeins helmingur þess, sem vonazt var eftir.
Þess vegna verður n. að leggja til, að hámark lána verði 40 þús. í stað 48 þús., og að í stað þess að lækka vexti úr 6% í 5% skuli þeir verða 5½%. En jafnframt verður eins og í frv., sleppt þeim aukagjöldum, sem runnið hafa í varasjóð (1%) og tryggingarsjóð (¼%). Það má fullyrða, að þetta er til mikils léttis fyrir viðskiptamenn sjóðsins, og eykur að mun lánveitingar hans. Ég vil eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 424,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 424,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 424,3 samþ. með 18:2 atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
6.—9. gr. (verða 5.—8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 424,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 436).
Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 510).

---

40. Eftirlit með skipum.

Á 18. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlit með skipum (þmfrv., A. 68).

Á 20. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Ingvar Pálmason: Þar sem hv. frsm. sjútvn. í þessu máli er ekki viðstaddur, tel ég rétt að láta nokkur orð fylgja frv. af n. hálfu. Frv., sama efnis og þetta, lá fyrir síðasta þingi og var þá hjá sjútvn. Það varð allmikill ágreiningur um frv. í n., sem ekki varð leystur á því þingi. Síðan þetta frv. var til meðferðar, hefir því verið breytt nokkuð af stjórnskipaðri nefnd, og fylgir hér að nokkru leyti grg. hæstv. ríkisstj. fyrir því starfi. Eftir að sjútvn. barst frv., vannst henni ekki tími til þess að fara ýtarlega yfir það; hún taldi réttara að láta málið ganga til hv. d. til þess að tefja það ekki að óþörfu, en hinsvegar kom strax fram í n. nokkur ágreiningur um ýms atriði í frv., sem telja verður frekar til smærri atriða. Þó þykir mér rétt að geta þess, að í n. hefir þegar komið fram ágreiningur um kostnaðaraukann, sem af gildistöku frv. leiðir, ef að l. verður, og ég geri ráð fyrir, að n. muni milli umr. taka málið til ítarlegrar meðferðar, og mun þá verða úr því skorið, hvort þessi ágreiningur er það mik-

ill, að það verði framgangi frv. til stöðvunar. Ég geri þó frekar ráð fyrir, að ágreining þennan megi laga, því að það er a. m. k. að nokkru leyti, að því er mér skilst, frekar fjárhagsatriði heldur en raunverulegt stefnuatriði. Þar sem hæstv. atvmrh. er hér viðstaddur, þá geri ég ráð fyrir, að hann skýri frv. nokkuð ýtarlega, en mér fannst hlýða að láta strax við þessa umr. koma fram, hvernig afstaða n. er gagnvart málinu á þessu stigi.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er, eins og grg. ber með sér, samið af tilefni þeirrar þáltill., sem afgr. var á seinasta þingi, af 4 mönnum, sem tilnefndir voru af samtökum sjómanna, Alþýðusambandi Íslands, af fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skipaskoðunarstjóra. Í meginatriðunum lá til grundvallar frv., sem var til umr. á síðasta þingi og var þá afgr. með rökstuddri dagskrá, ef ég man rétt. Ég tel, að l. um eftirlit með skipum, eins og þau eru nú, séu ekki fullnægjandi. Ég vil leggja mikla áherzlu á það, að þetta þing skiljist ekki svo við þetta mál, að það gangi ekki frá endurbótum á l. Meginbreyt. í þessu frv. hnigur í þá átt, að gera eftirlitið fyllra og öruggara en það er nú. Það er gert ráð fyrir, að auk eftirlitsmannsins hér í Reykjavík séu skipaðir 4 fastir eftirlitsmenn, sinn í hverjum fjórðungi landsins, auk skoðunarmanns, sem að sjálfsögðu er á hverjum stað. Það er gert ráð fyrir, að skrifstofa skipaskoðunarstjóra hér í Reykjavík verði nokkuð aukin í sambandi við betri stjórn þessara mála og fyllra eftirlit, og jafnframt er gert ráð fyrir, að honum sé bannað að hafa nokkur önnur launuð störf með höndum heldur en þau, sem tilheyra starfi hans eftir l. Ég er sammála hv. n. í því, að starf skipaskoðunarstjóra sé svo umfangsmikið, að það heimti allmikinn tíma, og við það verður að miða launin. Þetta eru meginatriði frv., og ég geri ráð fyrir, að kostnaðurinn sem af þessu leiðir, verði um 14000 kr., ef kostnaðurinn við eftirlitið hækkar úr 18000 kr. upp í 32000 kr. Yfirleitt má segja, að n., sem gekk frá frv., hafi verið sammála um það svo að segja í öllum atriðum, en þó er eitt minni háttar atriði í 7. gr., eins og tekið er fram í grg. frv., sem nm. hafa ekki verið fyllilega sammála um. Brtt. hafa frá hvorugum aðilja verið teknar upp í frv., og má því segja, að n. ynni við frv. eins og það er.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði við þessa umr., en ég mundi verða hv. sjútvn. þakklátur, ef hún vildi fljótlega koma með þær aths., sem hún telur ástæðu til að gera. Frv. er flutt af n., svo að ég sé ekki ástæðu til að óska þess, að því sé vísað til n. aftur, en ég vil gera það að till. minni, að málið gangi til 2. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Ég skal ekki lengja umr. mikið á þessu stigi málsins. Ég geri ráð fyrir, að á seinna stigi málsins muni flokksmenn mínir flytja einhverjar brtt. við þetta frv., en ég ætla aðeins að nota tækifærið vegna þess, að hæstv. atvmrh. er viðstaddur, til þess að gera fyrirspurn til hans í sambandi við þetta mál. Ég man ekki betur en að á síðasta þingi hafi frv. hv. 3. landsk. verið afgr. með rökstuddri dagskrá, sem var á þá leið, að samtímis því sem málinu var vísað til ríkisstj., var henni falið að leggja fyrir næsta þing frv. um eftirlit með skipum og kveðja til þess starfs með sér fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, skipaskoðunarstjóra og einn fulltrúa frá sjómannafélögunum í hverjum fjórðungi landsins. Eftir því sem mér skilst á grg. þessa frv., hefir þetta ekki verið gert, þ. e. a. s., það hafa ekki verið kvaddir fulltrúar frá sjómannafélögunum í fjórðungunum. Ég ætla að nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. atvmrh. hvernig á þessu stendur.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Eins og sýnt er fram á hér í grg., skrifaði ráðuneytið 16. des. skipaskoðunarstjóra það bréf, sem sagt er frá í grg. á bls. 8. Sama dag var Alþýðusambandinu skrifað og send sú þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi, og óskað eftir, að það hlutaðist til um, að tilnefndir væru menn af sjómannafélögum í landsfjórðungunum til þessa starfs. Frá Ísafirði kom, að ég ætla, Árni Magnússon, frá Vestmannaeyjum Páll Þorbjörnsson, og frá Austfirðingafjórðungi kom enginn, en Alþýðusambandið tilnefndi í hans stað Sigurð Ólafsson, og Bjarni Stefánsson var tilnefndur af sjómannafélögunum í Reykjavík og í Hafnarfirði, svo að ég fæ ekki betur séð en að það hafi verið gert, sem hægt var í þessu efni, að svo miklu leyti sem unnt var að koma því við, þegar tillit er tekið til þess, hvað tíminn var stuttur og samgöngur örðugar. Frá sambandi farmanna- og fiskimanna var tilnefndur Ásgeir Sigurðsson, og til vara Konráð Gíslason og Guðbjartur Ólafsson.

Brynjólfur Bjarnason: Það verður ekki séð á þessu svari hæstv. atvmrh., hvort sjómannafélögunum í landsfjórðungunum hefir verið skrifað, og það hefir sennilega enginn verið tilnefndur frá Austfirðingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi, og mér er ekki kunnugt um, af hverjum Sigurður Ólafsson var tilnefndur. (**Atvmrh.:** Hann var tilnefndur af Alþýðusambandinu vegna þeirra, sem ekki gátu sent fulltrúa). Þetta vildi ég fá fram. Þá vil ég spyrja, hvort þessum sjómannafélögum í Austfirðinga- og Norðlendingafjórðungi var skrifað og hvort þau gáfu það svar, að þau gætu ekki sent fulltrúa.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég get ekki svarað þessu betur en ég áðan gerði. Alþýðusambandinu var skrifað 16. des., eins og ég gat um áðan, en vegna þess, hvernig stóð á ferðum að austan og norðan, þótti ekki fært að senda fulltrúa þaðan, og einn af mönnunum, ég held Sigurður Ólafsson, mun hafa verið tilnefndur af Alþýðusambandinu með tilliti til þeirra, sem ekki gátu sent menn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Ingvar Pálmason: Mér er kunnugt um, að í sjútvn. er nokkur ágreiningur um vissar gr. þessa frv., en þar sem að sá hv. þm., sem mest hefir verið við samningu þessa frv. riðinn, hv. 3. landsk., er ekki við, þá hefði ég viljað mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá, því að ég kann ekki við að fara að ræða þær breyt., sem ég tel nauðsynlegar, án þess að hann sé við. Ég sé ekki, að frv. þurfi að líða neitt við það, þar sem sjútvn. hefir ennþá ekki tekið fullkomna afstöðu til þess, hvort sem er.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 68, 106).

Forseti (EÁrna): Á fundinum hefir verið útbýtt brtt. á þskj. 106 við frv. frá meiri hl. sjútvn. Ég vil vekja athygli á því, að það er hægt að taka málið út af dagskrá, ef menn óska eftir að athuga brtt., og taka það á dagskrá á morgun. Ef þess er ekki óskað, þá er málið til 2. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Við höfum athugað þetta mál í sjútvn., og höfðum við sviþað frv. til athugunar á síðasta þingi, sem eins og kunnugt er, var flutt af hv. 3. landsk. N. er í heild sinni samþykk öllum höfuðákvæðum þessa frv. viðvíkjandi útfyllingu þeirra atriða, sem áður hafa verið í l., til þess að bæta eftirlitið. Að því leyti greinir nm. ekkert á. En það er ein hlið þessa máls, sem ekki er litið á alveg sömu augum af öllum nm., og af þeim ástæðum eru þær brtt. fram komnar, sem meiri hl. flytur á þskj. 106, en þær snerta kostnaðarhlið málsins.

Í grg. er það tekið fram, að núverandi kostnaður af skipaeftirlitinu sé 18 þús. kr. En ef ákvæði frv. yrðu lögfest, þá er gert ráð fyrir því í grg., að þessi kostnaður yrði 32 þús. kr. Meiri hl. n., hv. 2. þm. S.-M. og mér, þykir þessi kostnaður nokkuð mikill, og teljum við, að öllum kostum frv. megi ná, þótt stillt sé meira í hóf tilkostnaðinum heldur en gert er ráð fyrir í frv., eftir því sem grg. sundurliðar hann. Við leggjum til, að skipaskoðunarstjóri hafi sömu aðstöðu við þetta starf og hann hefir haft og sömu laun. Hinsvegar sé honum séð fyrir hæfilegri aðstoð, en fjárveitingavaldið ákveði, hversu mikið skuli greitt fyrir aðstoð og eftirlitsferðir. Það segir í grg., í skýringum á 6. gr. frv., að það hafi af mörgum verið talið heppilegast, að skipaskoðunarstjóri hefði engin launuð störf á hendi önnur en þau, að vera skipaskoðunarstjóri. En eins og er, þá mun hann hafa leyfi til þess að halda áfram skipaskoðun fyrir Eimskipafélagið, sem hann hefir haft frá byrjun og fengið einhver laun fyrir. Það hefir, þegar þeim málum var síðast ráðið, ekki verið talinn svo stór galli á hans starfi sem skipaskoðunarstjóra, að við það væri ekki unandi, enda hafa laun hans verið sniðin eftir því. Eftir að ríkið sjálft eignaðist skip, þá var svo um samið, að skipaskoðunarstjóri hefði eftirlit á skipum ríkisins, en án endurgjalds. Eftirlitið með þeim fjórum skipum skipaútgerðar ríkisins, Esju, Súðinni, Þór og nýja varðbátnum Óðni, hlýtur að kosta talsvert fé, eins og með öll hliðstæð skip, ef það ætti beinlínis að borga sig. Meiri hl. n. lítur svo á, að það út af fyrir sig, þótt skipaskoðunarstjóri haldi áfram verki fyrir Eimskipafélag Íslands, þá sé það ekki svo of hlaðið á hans starf, að það geti valdið neinni verulegri truflun. Vitaskuld má segja, að hann geri ekki annað, meðan hann lítur eftir skipum Eimskipafélagsins, en það er ekki mjög erfitt, því að þau koma öðru hvoru að hafnarbakkanum, og hann þarf ekki að fara úr bænum til þess að líta eftir þeim. Hinsvegar er vitaskuld munur á því, hvort hann heldur þeim launum, sem hann hefir nú, eða þau verða hækkuð upp í það, sem lagt er til í frv. Í frv. er gert ráð fyrir því, að hann leggi niður öll önnur launuð störf. Frv. gerir ennfremur ráð fyrir því, að hann hafi aðstoðarmann með 4800 kr. árslaunum og skrifstofumann með 3600 kr. launum á ári. Skipaskoðunarstjóri hefir haft skrifstofuaðstoð, enda er vitaskuld sjálfsagt, að hann hafi þá aðstoð, sem hann nauðsynlega þarf. En það er með þetta alveg eins og með hækkunina á launum skipaskoðunarstjóra, meiri hl. n. hefir ekki talið nauðsynlegt að ákveða þarna tvo fasta starfsmenn. Óhætt er að hafa þarna einn fastan starfsmann, en um aðra starfsmenn vill meiri hl. n. ekki hafa föst ákvæði, heldur hafa það opið, eins og er í núgildandi l. um þetta efni. Þess vegna flytur meiri hl. svo hljóðandi brtt. á þskj. 106: „Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárl.“. Með þessu móti virðist meiri hl. n. vera forsvaranlega séð fyrir því, að skipaskoðunarstjóri hafi þá aðstoð, sem nauðsynleg er, og telst svo til, að rétt sé, að fjárveitingarvaldið hafi íhlutunarrétt um þetta á hverjum tíma. Í frv. er gert ráð fyrir, að eftirlitsmenn verði skipaðir, sem ekki hefir verið gert á undanförnum árum. Það er þannig hugsað samkv. 8. gr. frv., að einn af skipaskoðunarmönnunum í hverjum landsfjórðungi verði skipaður eftirlitsmaður í hverju umdæmi, að fengnum till. skipaskoðunarstjóra. En skipaskoðunarmenn eiga að vera í hverju umdæmi, samkv. 7. gr., svo margir sem skipaskoðunarstjóri telur þörf á, og úr hópi þessara manna sé tekinn eftirlitsmaður í hverjum landsfjórðungi. Þessir undireftirlitsmenn eru sérstaklega trúnaðarmenn skipaskoðunarstjóra, og meðal annars eiga þeir að fylgjast með því á hverjum tíma, hvernig lögunum er framfylgt. Um þessa eftirlitsmenn og þóknun til þeirra hefir meiri hl. n. leyft sér að gera brtt. — Í 10. gr. frv. er talað um að ráðh. skuli ákveða þóknun til skipaeftirlitsmanna, og setja þeim starfsreglur. Það er náttúrlega ráðh. eða ráðuneytið, sem á að setja eftirlitsmönnunum starfsreglur, en

meiri hl. n. telur réttast, að þóknunin sé ákveðin af fjárveitingarvaldinu á hverjum tíma, eins og er um allan annan kostnað og aðstoð, sem þetta embætti útheimtir. Þetta þýðir í sjálfu sér það, að meiri hl. n. vill ekki ákveða í lögunum föst laun, nema handa einum manni, skipaskoðunarstjóra. Hinsvegar vill hann láta standa opið, að hann fái nauðsynlega aðstoð, og líka verði einhverju fé varið handa eftirlitsmönnum, en þóknun fyrir allt slíkt skuli fjárveitingavaldið ákveða. Meiri hl. n. hefir lagt þetta til vegna þess, að hann lítur svo á, að þau embætti sem þarf, til að fá það öryggi, sem stefnt er að með þessu frv., megi skipa án þess að stofna til stórlega aukins kostnaðar. En verði frv. samþ. óbreytt eins og það er nú, þá verður kostnaðurinn hvorki meira né minna en hér um bil tvöfaldur við þessi mál á móts við það, sem nú er.

Þá vildi ég minnast á eina brtt., sem líklega er bara leiðrétting við 17. gr. frv. Þar stendur svo: „Þegar skip hefir sætt meiri háttar viðgerð hvort heldur er á bol eða vél, eða ný aðalvél hefir verið í það sett, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkv. 9. gr. a) í lögum þessum", — en þessi tilvitnun getur ekki átt við 9. gr. a), því að í þeirri gr. eru engir bókstafsliðir, en aftur á móti eru bókstafsliðir í 11. gr., og þar gæti það til sanns vegar færst, að þessi tilvitnun væri rétt. Þá er lítilsháttar brtt. við 19. gr. Meiri hl. n. fannst óþarft að ákveða, að sama stimpilgjald skyldi vera goldið fyrir áritun á haffærisskírteini að lokinni aukaskoðun eins og fyrir að gefa út haffærisskírteini. Þess vegna er lagt til, að fyrir slíkt verði ekki goldið sama stimpilgjald eins og fyrir að gefa út haffærisskírteini, heldur helmingur þess stimpilgjalds í hvert sinn. Fleiri brtt. hefir meiri hl. n. ekki á þessu stigi málsins, en áskilur sér rétt til að gera síðar brtt. á einstökum gr. þessa frv., en ekki þó þannig, að það sé neitt aðalatriði. Samt kann að vera, að tilefni verði til þess við 3. umr. að koma með nokkrar orðabreytingar. Skal ég ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en meiri hl. n. álítur, að eins og málið liggur fyrir, sé rétt að samþ. það með þeim breyt., sem hann leggur til á þskj. 106.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hefir viljað svo til af ástæðum, sem ég hirði ekki um að tilgreina, að ég gat ekki verið við 1. umr. þessa máls og veit ekki, að hve miklu leyti hafa verið reifaðar þær breyt., sem því kunna að fylgja. Undir meðferð málsins í n. gat ég ef til vill ekki tekið svo fullnægjandi þátt sem þurft hefði. Að vísu var ég við yfirlestur þess. Hinsvegar skilst mér, að meiri hl. n. hafi upp á eigin spýtur komið sér saman um breyt., án þess að leita eftir samkomulagi við mig um þær brtt., sem hann hefir gert. Um frv. skal ég vera fáorður. Ég skal geta þess, að samkvæmt þál., sem var samþ., var málinu vísað til stj., og nefnd kjörinna manna skyldi fara yfir löggjöf um þetta ásamt skipaskoðunarstjóra. Menn hafa séð, hvernig n. var skipuð, hvaða starf hún hefir og hvaða till. um það fullnægja ósk hv. þm. Vestm. Málið hefir fengið þann undirbúning, sem hann taldi skilyrði frá minni hendi, þegar ég hafði flutt það á tveim þingum í röð. Hann virðist hafa löngun til að bregða fæti fyrir þetta mál, og leggur ekki alllítið kapp á að halda gildandi lögum um þetta efni, ef litið er á það, að hann hefir fengið hv. 2. þm. S.-M. í lið með sér. Meðnefndarmenn mínir hafa ekki reynt að leita samkomulags við mig um þssar brtt., að ógleymdu því, að þeir hafa ekki á nokkurn hátt borið sig saman við skipaskoðunarstjóra um það, hvort kleift væri að framkvæma l. með þeim breyt., sem gerðu fyrirkomulagið flóknara og þeir vilja gera á allri framkvæmdastjórn þess. Ég vil mælast til þess, að þeir tækju þær aftur til 3. umr. N. hefir tekið kostnaðinn til athugunar án þess að ráðfæra sig við skipaskoðunarstjóra, hvort unnt sé að framkvæma frv. eins og það er hugsað með þeim brtt., sem n. hefir gert. Mig grunar, að lítt mögulegt yrði fyrir hvaða skipaskoðunarstjóra sem er, að framkvæma l. með því fyrirkomulagi, sem meiri hl. n. ætlast til.

Þá vil ég rekja, að hvaða leyti þetta frv. er frábrugðið l., eins og þau eru nú. Frv. er að efni og orðalagi shlj. þeim breyt., sem ég hafði flutt við sömu l. og hv. 2. þm. S.-M. flutti á síðasta þingi. Þó víkur þetta frv. nokkuð frá okkar till., sérstaklega mínum till. á tveim atriðum, sem ég tel veigamikil. Þó er ég ekki ráðinn í því, hvort ég ber fram brtt. við þessi atriði við 3. umr. Það þykir ekki byrvænlegt, þar sem hinir nm. hafa komizt að annari niðurstöðu, og samkomulag er á milli hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. S.-M.

Samkvæmt frv. ber að skipa eftirlitsmenn, sem hafi eftirlit með því, hvernig lögunum er framfylgt, hver í sínu umdæmi um ákveðið skoðunartímabil. Þessir eftirlitsmenn eiga að vera algerlega óháðir skipaskoðunarstjóra. Þessir menn eiga ekki að dæma um sín eigin verk, heldur hafa þeir leyfi til að gagnrýna störf skipaskoðunarmannanna og líta eftir því, að l. verði framfylgt. N. mun hafa fallizt á mín rök í þessu efni, að svo miklu leyti sem hún taldi það framkvæmanlegt að hafa þesskonar eftirlitsmenn í hverjum landsfjórðungi. Það hefir ekki verið talið byrvænlegt á Alþ. með þeim kostnaði, sem það myndi hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, að bera fram brtt. um mikla útgjaldahækkun á þessu sviði, þar sem á að gæta hinnar ströngustu takmörkunar um öll útgjöld. Fiskiþing það, sem hefir nú nýlokið störfum, tók þessi mál til grandgæfilegrar athugunar. Höfuðatriði skipaskoðunarinnar er að tryggja öryggi mannslífanna sem bezt, en henni er mjög áfátt. Þetta er eitt af þeim stórmálum, sem varðar sjómennina. Eins og fiskiþingið heldur fram, virðast ekki allir gera sér ljóst, hve mikil nauðsyn er hér á ferðum. N. fiskiþingsins komst að þeirri niðurstöðu, að mín till. væri sú rétta. Hér ættu að vera óháðir eftirlitsmenn.

Nefndarálit fiskiþingsins hefi ég ekki við höndina, en geri ráð fyrir að verða búinn að afla mér þess, áður en þetta mál verður tekið fyrir til 3. umr. Hin önnur brtt., sem fiskiþingið hefir fallizt algerlega á, er sú,

að ég hafði gert till. um, að hleðslumerki yrðu gerð að skyldu á öllum skipum niður að ákveðnu lestamarki (stærð skipa). Ég sannfærðist um það undir meðferð málsins á síðasta þingi. En ýmsir töldu, að þetta myndi lítt framkvæmanlegt á síldveiðiskipunum, og til þingsins bárust alger mótmæli frá ýmsum útgerðarmönnum. Þeir sögðu, að með þessu væru skertir möguleikar fyrir því, að geta hlaðið skipin eins og fært væri, þegar afli væri fyrir hendi.

Við hv. 2. þm. S.-M. komumst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að skipa fyrir um þessi mál með reglugerð, settri af ráðh. Þar með væri sköpuð einhver regla, eftir því sem mannlegt hyggjuvit næði, án þess að lögfesta hleðslumerki á síldveiðiskipum. Á öðrum skipum, stærri eða minni að ákveðnu marki, væri skylda að hafa hleðslumerki. En er mþn. hafði athugað málið, féll hún frá því atriði og hefir búið til reglugerð, sem tryggir öryggi manna með tilliti til þess eingöngu.

Þetta eru þær veigamestu breyt., er hafa verið gerðar á frv. frá þeim till., sem við bárum fram á síðasta Alþ. Ég er ekki ráðinn í því, hvort ég ber fram nokkrar breyt. við frv., en hygg þó, að réttast sé að láta frv. ganga gegnum þessa deild eins og það liggur fyrir frá mþn. En nú kem ég að aðalatriðinu í brtt. mþn.

Ég hafði lagt til, að skipaskoðunarstjóri væri með öllu óháður útgerðinni og skipaeftirlitinu umfram það, sem embætti hans tilheyrir. En hvað þau rök min snertir, þá er mþn. þar alveg ósammála mér. Ég hygg, að sú nefnd, er fjallaði um málið á fiskiþinginu, hafi einnig litið sömu augum á þetta. Ég hefi áður fært rök fyrir því, á hverju ég byggi það, að skipaskoðunarstjóri eigi að vera með öllu óháður. Í fyrsta lagi er það nauðsynlegt um mann, sem gegnir jafnábyrgðarmiklu starfi og það er, að sjá um, að allur farkostur landsmanna sé í sem beztu lagi, og tryggja öryggi 7—8 þúsund manna, sem að staðaldri eru á sjónum. Hann ber mikla ábyrgð á herðum sér. Hann má ekki vera háður neinum, sem eigi þann farkost, sem hann hefir eftirlit með. Ég skal benda á, að það hefir þótt nauðsynlegt að tryggja það, að þeir, sem skipa æðsta dómstól landsins, væru eins óháðir öðrum sem unnt er, svo að ekki væri hægt að segja, að þeir væru hlutdrægir. Frá þjóðfélagsins hlið hefir þótt sjálfsagt, að þeir, er skipa hann, hafi þannig aðstöðu, að þeir séu óháðir valdaátökunum innan þjóðfélagsins. (JJós: Hvað er sagt?) Það kemur ekki málinu við, hvað er sagt, en ég tel liggja í augum uppi, að maður, sem gegnir jafnábyrgðarmikilli stöðu sem skipaskoðunarstj., verði að vera öllum óháður í sínu starfi. Hv. þm. Vestm. færir sem rök fyrir því, að ekki sé nein hætta á ferðum gagnvart Eimskipafél., þótt skipaskoðunarstjóra sé falið eftirlit með skipum þess, því að hann hafi áður haft aukastörf. Þegar skipaskoðunarstjórastarfið var stofnað, var gert ráð fyrir, að hann hefði nokkur aukastörf, og á þeim timum voru laun hans því ekki ákveðin hærri, en um leið var honum heimilað að hafa aukastörf með leyfi ráðh. Skip Eimskipafélagsins voru þá háð erlendu eftirliti. Hv. þm. er kunnugt um, að það var þá í höndum Dana. En fyrir tveim árum var þeim löggjafarákvæðum breytt, og eftirlit með öllum íslenzkum skipum skyldi framvegis fara fram hér á landi. Var það gert meðal annars með tilliti til þess, að með því móti væru möguleikar fyrir því, að láta ýmsar viðgerðir á skipunum fara fram hér á landi og auka atvinnu í landinu. En um leið og eftirlitið er komið í hendur Íslendinga, er hinum æðsta valdsmanni í þessum efnum, skipaskoðunarstjóra, falið eftirlit fyrir hönd vátryggingarfélags, og þar sem hann er orðinn háður því, getur hann eigi lengur verið trúnaðarmaður Eimskipafélagsins um leið, þar eð eftirlitið með skipum þess er orðið innlent. Ég hygg, að hv. þm, Vestm. hafi alls ekki athugað þessa hlið málsins, þegar hann var að mæla fyrir því, að skipaskoðunarstjóri gæti haldið áfram sama eftirliti sem áður og tekið laun fyrir. Þessi ástæða er í minum augum veigamest. Það er ekki rétt með farið hjá honum, að eftirlitið með skipum ríkisins sé hindrað með samningum, heldur lögboðið, án þess að tala um hina hreinustu vanþekkingu, er kemur fram í því, að ætla skipaskoðunarstjóra að hafa einnig á hendi eftirlit með skipum Skipaútgerðar ríkisins, þótt hann eigi að vera öllum óháður. Ekki er hægt að vera dómari í sjálfs sök. Vitanlega hefir skipaskoðunarstjóri ekkert fyrir þetta, því að svo var fyrir mælt af Alþ. Því að það er ekki gerður svo nokkur hlutur, sem nokkra þýðingu hefir við skipaeftirlitið, að hann sé ekki kallaður til. Og það er eitt, sem sannar, að jafnvel þetta eftirlit með ríkisskipunum og Eimskipafélagsskipunum, sem skipaskoðunarstjóra er ætlað að hafa nú, tekur allmikinn tíma hans frá öðrum störfum, sem hann gæti varið í þágu skipaeftirlitsins. Mér er manna kunnugast um það, að skipaskoðunarstjóri er svo upptekinn oft og einatt, að það er eigi hægt að ná honum til fundar um nauðsynleg mál; það er svo til hans kallað úr ýmsum áttum. Ég er því á móti, að þessi regla verði lögfest eins og nú er í lögum. Ég skal ekki segja, að ég geri till. n. að minni till. um það, að skipaskoðunarstjóri hafi 10 þús. kr., en ég endurtek það, að ég vil gjarnan hafa samstarf við meiri hl. n. um þetta atriði og kalla skipaskoðunarstjóra til ráðuneytis við n., þótt þetta sé jafnvel tilfinningamál, þar sem það eru laun hans, og vita nokkurn veginn, hvort hægt er að framkvæma það, sem lögin ætlast til, með því fyrirkomulagi, sem nú er á skoðuninni, og með því starfsfólki, sem ráð eru á. Ég er ekki í nokkrum vafa, að starfsfólkið nú á skipaskoðunarskrifstofunni er ófullnægjandi. Það þýðir ekki að koma eins og hv. þm. Vestm. með blekkingar og segja þm., að starfsliðið sé fullnægjandi, því að þar talar hann af hreinni vanþekkingu eða móti betri vitund. Þess er getið í grg., að það séu 18 þús. kr., sem ætlazt er til á fjárlögunum, að veitt sé til þess mikilvæga starfs. En þetta er ekki rétt; það er gamla blekkingin í þessu. Því að einum lið í þessum 18 þús. er varið til skipaskráningar, það stendur sérstaklega í fjárlögunum. Sigurjón Markússon hefir það sem algert aukastarf utan við ráðuneytið, sem lögfræðingur ráðuneytis-

ins, með skoðunarstjóra, og þar dragast 1800 kr. frá beinum kostnaði við skipaeftirlitið, þeim 32 þús., sem n. hefir gert ráð fyrir, að sé varið til þessa. Sú hækkun, sem kemur frá mþn. er, að laun skipaskoðunarstjóra hækki um 4000 kr. byggt á þeirri höfuðtill., að hann hafi sitt aukastarf. Um þetta atriði hefi ég ekki úttalað, og vil ég gjarnan hafa samstarf við meiri hl. n., hvar eigi að fara á milli núverandi launa og þess, sem hér er lagt til. Í öðru lagi er það eitt af till. mþn., að aðstoðarmanni sé aukið við á skrifstofunni, sem hafi 4800 eða 3600 kr., ég man ekki hvort heldur. Í ferðakostnað ætlast mþn. til, að aukið sé 1600 kr. frá því, sem nú er á fjárlögunum. Og ég verð að segja það, að þegar fjórir menn, sinn í hvorum landsfjórðungi, eiga að ferðast um á hinum ýmsu stöðum, er ekki of mikið að áætla 1600 kr. í ferðakostnað, því að enginn getur ætlazt til, að þessir menn ferðist á eigin kostnað fyrir lítil laun. Þess vegna hefir n. hækkað ferðakostnaðinn. Þessar ferðir eru til þess að fylgjast yfirleitt með ástandi skipanna á hverjum stað. Hinsvegar skilst mér, að mþn. ætlist til, að hver eftirlitsmaður í landsfjórðungi hafi og nokkra þóknun. Ég get ekki talið það bein laun, sem nemur 750 kr. Það þýðir 3 þús. kr. fyrir fjóra menn. Ég verð að segja það, að ef litið er yfirleitt á starfslaunin í okkar þjóðfélagi, jafnvel þótt um hin smæstu störf sé að ræða, þá er ekki hægt að segja, að stigið sé út í óhæfilega eyðslu, þó að maður, sem allan ársins tíma eftir þörfum er til taks til að fylgjast með ástandi skipanna og ferðast þorp úr þorpi, þótt hann fái 750 kr. í árlega þóknun. Meiri hl. n. vill að það sé fjvn., sem ákveði þetta; ráðh. má ekki einu sinni gera áætlun í samráði við skipaskoðunarstjóra. En ég hygg, að þegar ekki er komin reynsla á, hvað þetta er umfangsmikið starf, þá sé ekki kleift fyrir fjvn. að binda það með föstum tölum. Þess vegna hefði ég talið það heppilegra eins og er í frv., að það væri bundið ákveðið af ráðh. í samráði við skoðunarstjóra, hvað þóknunin ætti að vera, sem myndi á byrjunarstigi aldrei fara hærra en mþn. í sinni till. Ég er af eðlilegum ástæðum algerlega mótfallinn þessari brtt. meiri hl. n. eins og hún liggur fyrir. Öðrum till. hefir og verið lýst af formælendum till., og er það rétt, að 3. brtt. er leiðrétting. Við 19. gr. er 4. brtt.; get ég verið meiri hl. n. sammála, að það sé ekki ástæða til að heimta fullt stimpilgjald fyrir áritun skírteinis.

Ég hefi nú skýrt það í öllum aðalatriðum, sem ég tel vera skemmd á lögunum, ef á að samþ. þessar brtt. meiri hl. n. Ég get ekki betur séð en með þessu sé verið að gera allt, sem í lögunum felst, ónýtt. Það er verið að búa til lög, sem krefjast réttarbóta, en heimta eftirlit, og það er verið að eyðileggja eftirlitið. Ég tel betra að hafa minna af reglum, og fylgja þeim fram, heldur en að hafa þær margar og enga möguleika að fylgja þeim fram. En hitt er ljóst, að það þarf fjármagn til að geta framfylgt nauðsynlegum lögum. Ef hnigið er að því ráði, sem ætlazt er til af meiri hl. n., að láta sitja við það sama og áður um starfsmannahald og laun til eftirlits, þá er víst, að eftirlitið nær ekki þeim tilgangi, sem lögin ætluðust til. Ég er ekki að væna hv. þm. Vestm., að þetta séu hans hugsanir, að gera lögin að hégóma. Ég hygg, að maður, sem er uppalinn við sjóinn, innan um menn, sem hætta lífi sínu á sjónum, hafi fullan vilja á, að eftirlitið og öryggi manna á sjónum verði sem allra bezt. Og einmitt í þessu efni þykir mér það ekki sæma honum, að vilja stuðla að því með sinni till., að gera eftirlitið sízt betra en verið hefir, með því að vilja ekki leggja til nokkrar þús. króna í viðbót í þeim efnum. Ég vil endurtaka það, og ég geri það að mínum síðustu orðum um þetta mál hér, að ef ekki má verja 20—30 þús. kr. af almannafé til þess að vernda 7—8 þús. manna líf, — ja, hvers má þá sjómannastéttin vænta af hinu háa Alþingi?

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Hv. 3. landsk. ræðir þetta mál alla jafna á dálítið einkennilegan hátt; þ. e. a. s., mér virðist hann hafa tilhneigingu til að gera úr því meira hitamál en rétt sé og sanngjarnt, þótt allir séu ekki á sömu skoðun og hann, sem hann á orð við. Hér er að ræða um mál, sem snertir framkvæmd á algerlega praktiskum atriðum og hægt er að ræða alveg rólega og æsingarlaust, og að ég hygg hjá öllum venjulegum mönnum án þess að bera saman heilan haug af getsökum á aðra menn. Hv. þm. sama sem hóf nú mál sitt með því að fara fram á það við meiri hl. n., að frestað væri brtt. eða þær teknar aftur til 3. umr. Í raun og veru hefði nú verið réttara af honum að bíða fyrst eftir afstöðu okkar tveggja meirihl.manna til þessa atriðis, áður en hann færi að taka okkur í gegn fyrir þessar brtt. okkar. Ég skal segja þegar í stað, að ég hefi borið mig saman við form. sjútvn., sem er meðflm. minn að þessum brtt., og við erum mjög fúsir til þess að ræða þetta mál við hv. 3. landsk. enn á ný, og ennfremur við skoðunarstjóra, ef þessir aðiljar vilja gefa sér tíma til þess að ræða við okkur um þessi mál. En það hefir hingað til verið svo, að skipaskoðunarstjóri hefir ekki sýnt sig. Hann sagði einu sinni í síma við mig, síðan málið kom fram, að hann væri að hugsa um að tala við okkur, og taldi ég fara vel á því. Hv. 3. landsk. mun af eðlilegum ástæðum hafa verið nokkuð mikið með hugann annars staðar, þótt hann læsi nú málið í gegn með okkur, eins og hann lýsti. Sem sé, það stendur ekki á okkur með þetta, því að það er ekkert annað, sem við óskum og viljum í þessu máli, en að það sé sem allra bezt af hendi leyst, og í því skyni flutti ég á sínum tíma þá dagskrá við frv. hv. 3. landsk., sem beindi því inn á betri athugunarbraut en það átti kost á að vera áður.

Ég veit ekki, hvort undir þessum kringumstæðum er þörf fyrir mig að vera að eltast við það í einstökum atriðum, sem fram kom hjá hv. 3. landsk., vegna þess, að þegar við nú tökum till. aftur til 3. umr., þá býst ég við, að við þá umr. verði einmitt tækfæri til þess að rifja upp þessi atriði. Hv. 3. landsk. getur verið viss um það, að ég er ekki að setja fótinn í eða spyrna á móti verulega nauðsynlegum fram-

kvæmdum í þessu efni. Ég er hv. þm. sammála, þar sem hann segir, að það sé betra að hafa færri lög og sjá um, að þeim sé hlýtt, ekki eingöngu á því sviði, heldur og á mörgum öðrum. Og ef við berum saman bækur okkar, þá held ég nú, að það sé ekki beinlínis hægt að saka mig um það, að ég sé svo mikið gefinn fyrir að tylla upp allra handa reglum og skipulagi, sem enginn ræður svo við að framkvæma. Það er sumum öðrum, sem hættir meira við því, en mér. Ég vil segja að lokum, án þess að fara frekar út í aths. hv. 3. landsk., að ég tel, eins og málið liggur fyrir, og ég held, að við hv. 2. þm. S.-M. séum sammála um, að sjálft öryggi skipanna ætti ekki að þurfa að liða við það, þótt í stórum dráttum sé fallizt á þann sparnað, sem við erum með. Hitt kann að vera, að „apparatið", ef svo mætti segja, verði ekki eins stórt á að líta, en það skiptir minna máli, heldur, hvaða gagn er að ráðstöfuninni. Hv. 3. landsk. vill setja eftirlit með eftirliti, þ. e. a. s. eftirlitsmenn og svo skoðunarstjóra. Ég er ekki viss um, að það sé markvissasta leiðin að æskilegu takmarki. Mér virðist í svo mörgu að það sé alltaf heldur til að spilla, þegar ábyrgð er dreift í sem flestar áttir. En eins og nú horfir við, og þar sem við erum því samþykkir í meiri hl. að fara að óskum hv. 3. landsk., eins og við í raun og veru viljum allt fyrir hann gera í þessu máli, þá vil ég ekki orðlengja þetta mál frekar að sinni, en ég bið hæstv. forseta að taka til baka þessar brtt. til 3. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ræða hv. þm. Vestm. gefur mér ekki tilefni til verulegra andsvara. Ég stend aðeins upp til þess að þakka honum fyrir, að hann vill athuga málið, eins og ég benti rækilega á, að nauðsynlegt væri. Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þann ágreining, sem er á milli okkar, á þessu stigi málsins.

ATKVGR.
Brtt. 106 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
25.—40. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 68, 106).

Sigurjón Á. Ólafsson: Við 2. umr. þessa máls hér í hv. deild gerði ég grein fyrir brtt. þeim, sem ég flyt á þskj. 116.

1. brtt. mín er um það, að fella niður þá brtt. hv. meiri hl. sjútvn., að skipaskoðunarstjóri megi ekki hafa launuð aukastörf með höndum, nema með leyfi ráðh. Hvers vegna ég hefi flutt brtt. þessa, hefi þegar skýrt áður. Þá legg ég og til, að við b. lið nefndrar brtt. hv. meiri hl. verði gerð breyt., að því er snertir laun skipaskoðunarstjóra. Þar vil ég, að farinn verði millivegur á milli þess, sem mþn. leggur til, og till. hv. meiri hl., sem sé, að launin verði ákveðin 6 þús. kr., hækkandi upp í 8 þús. kr. Hinsvegar gerir mþn. ráð fyrir, að þau verði 10 þús. kr., en hv. meiri hl., að þau verði 5 þús. kr., hækkandi upp í 6 þús. Till. mína byggi ég á því, að hér er um ábyrgðarmikið starf að ræða, sem launa verður sómasamlega, svo að hlutaðeigandi starfsmaður þurfi ekki að hafa aukastörf á hendi, eins og eftirlit fyrir sérstök útgerðarfélög; allt slíkt tel ég, að geti rýrt álit hans. Með því að ákveða kaup skipaskoðunarstjóra 8 þús. kr., tel ég því mjög í hóf stillt, og til samanburðar má t. d. benda á að 1936, þegar lögin um matstjóra voru sett, voru honum ætluð þessi laun, og þó að starf hans sé án efa þýðingarmikið, þá er það þó síst þýðingarmeira en starf þessa manns. Og án þess að ég ætli að fara út í launajöfnuð eða samanburð, þá má þó benda á, að við margar ríkisstofnanirnar eru greidd hærri laun en hér er farið fram á, að verði greidd, og það þó fyrir miklu ábyrgðarminni störf.

3. brtt. mín er þess efnis, að fjölgað verði á skrifstofu skipaskoðunarstjóra um einn mann, sem verði aðstoðarmaður hans. Um þessa brtt. býst ég við, að hv. meiri hl. sjútvn. verði mér sammála. Það var nfl. upplýst fyrir n., að starf skipaskoðunarstjóra væri orðið svo erfitt og umfangsmikið, að hann gæti ekki rækt það fyllilega eins og til er ætlazt, nema með því að fá þessa aðstoð. Þá er það og tvímælalaus nauðsyn, sem ekki verður í móti mælt, að jafnan beri að hafa við hlið skipaskoðunarstjóra mann, sem sé vel kunnugur starfinu og geti því gripið inn í það, ef nauðsyn krefur, því að sjálfsögðu getur það komið fyrir, að skipaskoðunarstjóri forfallist frá störfum, eins og aðrir, og það mun einmitt vera þetta, sem hv. meiri hl. sjútvn. er fáanlegur til þess að taka til greina í sambandi við 3. brtt. mína.

Að sjálfsögðu legg ég mikla áherzlu á, að till. mínar verði teknar til greina, því að ég er ekki í efa um, að þær miða allar til góðs, miða að því að auka öryggi sjómannastéttarinnar.

Hvað snertir liðinn, 1800 kr. til skrásetningar, þá tel ég álitamál, hvort hann megi ekki falla niður. Kostnaðaraukinn af till. minum myndi því ekki verða mjög tilfinnanlegur, rúmar 9 þús. kr. alls, sem áreiðanlega myndi ekki varið til ónýtis, heldur koma margfaldur aftur í auknu öryggi til handa sjómönnunum okkar. Ég teldi því Alþingi það mikinn heiður, ef það skæri ekki mjög við neglur sér fjárveitingar til þessara starfa.

Jóhann Jósefsson: Síðan 2. umr. þessa máls fór fram hér í hv. deild, hefir sjútvn. átt kost á að tala við þá, sem upphaflega sömdu frv. þetta, ásamt skipaskoðunarstjóra. Og þrátt fyrir það, þó að við hv. 2. þm. S.-M. höfum ekki viljað gera neitt það, sem á einn eða annan hátt getur orðið til þess að draga úr öryggi sjómanna, höfum við ekki getað fallizt á röksemdafærslu hv. minni hl., eins og t. d. það, að vilja hækka laun skipaskoðunarstjóra úr 6 þús. upp í 10 þús., með þeim forsendum, að tekið sé af honum eftirlit það, sem hann hefir nú með skipum Eimskipafélagsins. Við erum þvert á móti á þeirri skoðun, að það út af fyrir

sig hafi engin áhrif á öryggi sjómanna, hvort hlutaðeigandi starfsmaður fái nokkurn hluta launa sinna frá þessu eina sérstaka félagi. Um þetta höfum við líka spurt skipaskoðunarstjóra, og telur hann slíkt fjarri lagi. Hann neitar því líka, að nokkur árekstur hafi orðið á milli aðalstarfs sins og þessa eftirlits með skipum Eimskipafélagsins. Þá var hann og spurður að því, hvort hann óskaði eftir að sleppa þessu eftirliti hjá Eimskip, en því svaraði hann neitandi, taldi það ekkert trufla aðalstarf sitt, það útheimti aðeins dálitla aukavinnu fyrir sig. Þá má og benda á það í þessu sambandi, að þegar skipaskoðunarstjóri þarf að framkvæma hina fyrirskipuðu skoðun á skipum Eimskipafélagsins, þá léttir það eðlilega ekki svo lítið undir með honum, að hafa haft stöðugt eftirlit með skipunum. En eigi að banna honum að hafa þetta eftirlit með höndum fyrir Eimskipafélagið, vill hann eðlilega fá þann skaða bættan. Á það má líka benda, að skipaskoðunarstjóri hefir einnig eftirlit með skipum ríkissjóðs, en fær ekkert fyrir það. Um það talar hv. minni hl. ekkert.

Samkv. brtt. hv. minni hl. er stefnt að því, að rýra kjör skipaskoðunarstjóra, en til þess finnum við enga ástæðu.

Það er alveg rétt hjá hv. minni hl., að þeir, sem mættu hjá n. til að ræða um þetta mál, færðu rök að því, að nauðsynlegt væri, að skipaskoðunarstjóri hefði aðstoðarmann, og það mun einnig vera rétt hjá honum, að við munum ekki leggjast á móti því. Hv. 2. þm. S.-M. og ég erum honum sammála um, að slíkt er mjög heppilegt, og má heita nauðsynlegt, að ef skipaskoðunarstjóri á einhvern hátt forfallast, að þá sé til maður, sem hafi verið í starfinu og geti komið í hans stað. En auk þess er þetta sjálfsagt orðið nokkuð umfangsmikið starf í heild sinni, og verður sjálfsagt ekki minna, þegar frv. er orðið að l., sem ég geri ráð fyrir að verði. En úr því myndi mikið bætast, ef aðstoðarmaður fæst, eins og gert er ráð fyrir í frv., og brtt. minni hl. Það styður líka að því, að þá er síður ástæða til að amast við því, þótt skipaskoðunarstjóri sé látinn starfa að þessum málum, eins og hann hefir gert hingað til, og hvorki kippt frá honum aukastörfum hans né aukin laun hans. Þetta virðist miklu framkvæmanlegra, ef honum er fengin meðhjálp við þessi störf, sem sé eins og frv. ætlast til, fullfær maður og komi í framtíðinni til með að vera góður og gildur staðgengill fyrir skipaskoðunarstjóra.

Hv. minni hl., 3. landsk., kvaðst álíta, að það væri löglegt samkvæmt sinni till., að skipaskoðunarstjóri hefði önnur störf með höndum, sem ekki koma í bága við skipaskoðunina. Ég get ekki séð, að það sé hægt. Ef hans till. er samþ., þá er fallin alveg í burtu heimild skipaskoðunarstjóra til þess að hafa önnur störf með höndum, því að í frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skipaskoðunarstjóri má engin aukastörf hafa á hendi önnur en þau, er lúta að yfirlitsskoðun á þeim skipum, sem eru flokkuð í flokkunarfélögum þeim, sem viðurkennd eru af ráðuneytinu".

Hv. 3. landsk. hlýtur að vera ljóst, að samkvæmt hans brtt. má skipaskoðunarstjóri ekki hafa störf á hendi, þótt þau séu ekki talin koma í bága við skipaskoðunina. Annars virðist mér og okkur, sem erum í meiri hl., að með því að samþykkja aðstoðarmann handa skipaskoðunarstjóra, þá sé gengið alveg nægilega langt til móts við þær kröfur, sem gerðar hafa verið í þessu efni, svo að framkvæmd l. samkvæmt þessu frv. þurfi á engan veg að stranda á því, að mannafli eða tilkostnaður sé ekki nægilegur fyrir hendi, ef málið er afgreitt samkvæmt okkar till., að viðbættum þeim breyt., að aðstoðarmaður verði samþ. Hitt er svo annað mál, að framkvæmd þessara l., eins og allra l., getur oft aflagazt, ef illa er á haldið af einhverjum ástæðum. Það er svo með hvert og eitt starf. Það er út af fyrir sig ekki alltaf örugg trygging fólgin í því, að spara hvergi til á tilkostnaðinum.

Hv. 3. landsk. sagðist líta svo á, að þær 1800 kr., sem varið er til að skrá á skipin, muni geta sparazt, ef aðstoðarmaðurinn er lögfestur. Það kann vel að vera. Ég þekki það ekki svo vel, að ég þori um það að dæma, hvort hann getur sparazt. Annars hélt ég, að hans starf ætti að vera meir miðað við það, að uppala hann til þess að verða það, sem sjálfsagt allir vilja, að hann verði, sem sé fullkominn staðgöngumaður skipaskoðunarstjóra, og þess vegna ætti að leggja höfuðáherzlu á að hafa hann með skipaskoðunarstjóra í hans starfi og fyrir hann, að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við, en síður skrifstofustarf, eins og þarna er um að ræða. Ég geri jafnvel ráð fyrir, að þessi starfsmaður stjórnarráðsins, sem er við þetta, sé við þetta starf af því, að hann sé nokkuð lágt launaður við sitt aðalstarf.

Það er enginn vafi á því, að það má undir vissum kringumstæðum, og sérstaklega ef kappsamlega er að því unnið, koma upp óánægju með starf skipaskoðunarstjóra, eins og öll önnur störf hjá þeim aðiljum, sem við það eiga að búa. Fyrir það verður tæplega girt með nokkrum l., að ekki sé hægt með undirróðri eða áróðri að gera sjómenn tortryggna í garð skipaskoðunarstjóra. Það hefir bryddað töluvert á því í n., að vitnað væri til óánægju sjómanna í garð skipaskoðunarstjóra, þótt ekki hafi verið dregnar fram neinar sannanir í n., sem sýni, að slík óánægja sé réttlætanleg. En á svona sviði er ákaflega hægt um vik að gera menn óánægða. Það getur oft verið mikið álitamál, hvað er það rétta í skipaskoðun, og hvað er ekki að öllu leyti það rétta eða jafnvel það ranga. Ég hefi ekki trú á því, að lagasetning ein geti girt fyrir slíka óánægju, og sérstaklega trúi ég því ekki, ef kappsamlega er að því unnið af einhverjum aðilja, að ala á henni. En það er álit okkar hv. 2. þm. S.-M., að þetta frv., ef það er samþ. með brtt. okkar, og sérstaklega, ef fallizt er líka á brtt. hv. 3. landsk. um sérstakan aðstoðarmann, sem ég býst við, að við fylgjum báðir, þá sé, hvað lagasetninguna sjálfa snertir og það, sem þar er til kostað, svo búið um þetta mál, að framkvæmdin, ef hún lendir í höndunum á réttum mönnum, geti orðið forsvaranleg.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það má ef til vill segja, að ég sé að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt. Ég ætla þá fyrst að minnast á það, sem fram kom í n. í morgun um þær fyrirspurnir, sem hv. þm. Vestm. segir, að lagðar hafi verið fyrir skipaskoðunarstjóra. Ég verð að segja við hann, að skýrsla hans er rétt, svo langt sem hún nær. Hann segir, að skipaskoðunarstjóri hafi svarað nei við þeim fyrirspurnum, sem hann hafi lagt fyrir hann, en það fylgdi með: „ef laun mín eiga að lækka". Hann hefir ekki neitað því, að hann vildi vera laus við þessi aukastörf hjá Eimskip og Ríkisskip, ef honum er tryggður sá lífeyrir, sem hann telur sér samboðinn, svo að hann gæti rækt sitt aðalstarf betur en nú. Það kom fyllilega fram hjá honum í n., að eftirlitið samkvæmt alþjóðareglum væri orðið svo umfangsmikið, þar sem á honum hvíldi sú skylda, að stöðva erlend skip, ef þau fullnægðu ekki alþjóðareglum, ekki aðeins hér í höfninni, heldur líka í höfnum úti á landi. Hann benti líka á, að í þessu frv. væri hlaðið á sig enn meiri skyldustörfum en áður. Hann sagði þess vegna, að hann vildi að vísu ekki losna við Eimskip, nema sér væru tryggð þau laun, sem hann hefði fengið fyrir það starf. En allir vita, að hann hefir ekkert fengið greitt síðustu árin fyrir eftirlitið hjá Ríkisskip, en það hefir tekið mikinn tíma frá öðrum störfum hans. Það er því ekki nema hálfsögð sagan hjá hv. þm. Vestm.

Ég sagði hér áðan, og ég mun aldrei víkja af þeirri skoðun, því að hún er rétt, að jafnþýðingarmikið starf og skipaskoðunarstarfið á að vera, þarf það að vera svo óháð sem frekast eru föng á, svo að það verði ekki talið hlutdrægt af þeim sökum, að þeir, sem að því vinna, eigi laun sín undir öðrum en því opinbera. Ég vitnaði við 2. umr. í l. um hæstarétt, hvað það þótti mikilsvert, að dómararnir væru óháðir öllum einstaklingum þjóðfélagsins, og ríkið launaði þá svo vel, að þeir gætu þess vegna verið óháðir öðrum. Ég álít, að hér sé um hliðstætt dæmi að ræða.

Svo kom hv. þm. að aukastörfunum og sagði, að ég vildi fella þau niður. En ég geri ráð fyrir, að hann geti haft aukastörf, sem ekki koma skoðuninni við. Hann vitnaði í 2. málsgr. 6. gr. í frv. Hún er að vísu nokkuð óðruvísi orðuð en í mínu frv., en það er nákvæmlega sama hugsun hjá mþn., þótt orðalagið sé svona. Aukastörf, sem hann gæti innt af höndum, en ekki koma skoðuninni við, munu honum ekki vera bönnuð. (**JJós:** Það stendur: „engin aukastörf".) Að vísu stendur það, en ég geri ráð fyrir, að það megi laga orðalagið, en aukastörfin má ekki binda við skoðun skipa. Það væri hart, ef þessi embættismaður mætti ekki hafa aukastörf, ef þau koma ekki embættinu við, þótt hann fengi borgun fyrir. En aukastörfin mega ekki koma í bága við hans aðalstarf sem skipaskoðunarmanns, því að það er aðalatriðið.

Þá vildi hv. þm. ekki í raun og veru fallast á það, sem ég benti á, að þær 1800 kr., sem nú er varið til skrásetningarstarfsins samkvæmt l. um skrásetningu skipa, séu teknar út úr ráðuneytinu og fluttar inn í skipaskoðunarstjórastarfið. Þetta starf hefir verið flutt á skrifstofu skipaskoðunarstjóra, af þeim ástæðum, að þetta er svo skylt skipaskoðunarstjórastarfinu, að það var óumflýjanlegt að draga það út úr stjórnarráðinu og færa það niður á skrifstofu skipaskoðunarstjóra, en maður sá í ráðuneytinu, sem hafði þetta starf með höndum, var látinn fylgja því niður á skrifstofuna, því að það var enginn maður hjá skipaskoðunarstjóra til þess að vinna það. Hinsvegar benti skipaskoðunarstjóri á það í n. í morgun, að þetta væri tvímælalaust ekki það sérfræðilegt starf, að ef hann fengi aðstoðarmann, þá myndi hann geta innt þetta starf af hendi, sem sé skrásetningu skipa, svo að þessar 1800 kr. mætti draga þarna út.

Hv. þm. sagði, að þetta myndi eiga að bæta upp laun ákveðins manns. Ég skal ekkert um það segja. Ég hygg, að þar hafi ráðið meir, að hann hafði þetta starf áður í ráðuneytinu. Ég efast ekki um, að það væri hægt að láta þennan mann fá annan starfa, sem gæti komið sem launauppbót til hans. (**JJós:** Þetta var aðeins ágizkun hjá mér.) Þessar 1800 kr. munu geta reiknazt sem frádráttur.

Þá vil ég geta þess, að allt starf skipaskoðunarstjóra er ekki fólgið í því að vera úti í skipum. Hann verður oft að vinna fram á nætur við skýrslugerðir. Hann hefir t. d. núna með höndum að umsemja þýðingarmikla reglugerð, sem er um öryggi skipa og er frá 1922. Það er ætlazt til, að hún sé endurskoðuð ítarlega, eins og gert hefir verið nágrannalöndunum.

Ég gat þess áðan, að sá eiginlegi kostnaður samkvæmt mínum till. gæti ekki orðið meiri en 9400 kr. við skipaskoðun þá, sem ég held fram, að eigi að koma á. Ég get alls ekki skilið þá menn, sem alltaf eru að tala um, að allt eigi að spara, og geta ekki séð af 10 þús. kr. til þess að auka eftirlitið með skipum í landinu. Ég minnist þess, að það er ekki lengra síðan en á síðasta þingi, að til þess að auka menntun við bændaskólana var varið 20 þús. kr. Það er auðvitað virðingarvert, en það er ekki síður þýðingarmikið að vernda hin ungu mannslíf, sem eru úti á sjónum, að þau farist ekki fyrir hirðuleysi einhverra manna. Ég vil a. m. k. borga 10 þús. kr. fyrir það, að hin ungu mannslíf farist ekki fyrir handvömm einstakra manna.

Þá talaði hv. þm. um þann áróður, sem borið hefði á gegn skipaskoðunarstjóra og hann vildi meina, að hann væri kominn fram frá sérstökum mönnum. Ég veit ekki, hvort hann á við mig. En ég get sagt honum í fullri einlægni, að ég hefi kynnzt starfi skipaskoðunarstjóra um nokkurra ára skeið, og ég hefi sagt bæði við hann og án þess að hann heyrði til, að ég teldi, að hann hefði mjög góða þekkingu til þess að inna þetta starf af hendi og mörg skilyrði til þess. Ég hefi ekki komið auga á annan mann, sem líklegri væri til að inna þetta starf af hendi vel og af þekkingu.

Hinsvegar er því ekki að leyna, að gagnrýni út af slælegri skipaskoðun hefir verið mjög hávær, og mun hún a. m. k. stundum hafa verið á fullum rökum reist. Það er reynt að koma í veg fyrir þessa gagnrýni með þessu frv., þar sem

er verið að mynda nýtt skipulag til þess að reyna að útrýma því, að gagnrýnin geti verið á rökum reist. Þessi gagnrýni hefir ekki verið sprottin af illvilja, heldur af umhyggju fyrir lífi þúsunda manna, sem út á sjóinn fara. En ég frábið mér að hafa komið með nokkra gagnrýni á þennan mann. En ég játa, að ef ég vissi, að gagnrýnin væri á rökum reist, þá sé ég enga ástæðu til að láta hana liggja niðri. Ég get sagt hv. þm. Vestm. og öðrum, að ég á heilan lista yfir slælega skipaskoðun, sem átt hefir sér stað undanfarin ár. Þetta eru mjög sorgleg tilfelli, og er ég viss um, ef hv. þm. sæi þennan lista, þá myndi honum ekki verða um sel. En ég hefi ekki lagt þetta fram, af því ég taldi þess ekki þurfa.

Hv. þm. sagði, að lagasetningin ein gæti ekki komið í veg fyrir tortryggni. Það er rétt, en framkvæmdin eftir lagasetningunni getur komið í veg fyrir tortryggni. Og með því að leggja það fé til framkvæmda, sem við teljum minnst hægt að komast af með, en það eru 10 þús. kr., gæti komið í veg fyrir tortryggni.

Ég býst ekki við, að það beri árangur, þótt ég haldi fleiri ræður, og það verður að skeika að sköpuðu, hver skilningur hv. þm. er á því, að umbótanna sé þörf.

Ingvar Pálmason: Ég hefi ekki mikið fram að taka sérstaklega fram yfir það, sem hv. þm. Vestm. hefir tekið fram fyrir meiri hl. n.

Ég er mótfallinn brtt. á þskj. 116, að því er snertir 1. og 2. lið, en um 3. lið er það að segja, að það er ekki hægt að samþ. hann, eins og hann er orðaður, af því það hefir fallið úr honum nauðsynleg setning um það, á hvern hátt launin eigi að hækka. Þetta má leiðrétta, en það verður að leiðrétta það með brtt., því það stendur hér: „Laun aðstoðarmanns skipaskoðunarstjóra eru 4800 kr., hækkandi annaðhvort ár upp í 6000 kr.“ Það hefir fallið burtu, að þau eigi að hækka annaðhvort ár um 200 kr. Þetta þarf að leiðrétta. Önnur villa er þarna um, að þeir skuli njóta dýrtíðaruppbótar. Það eru leifar frá gr., sem stóð í frv. upprunalega. Þetta má líka leiðrétta, en það þarf að gera það með brtt.

En um þessa brtt. vil ég segja það, að ég játa, að það eru rök fyrir því, að skipaskoðunarstjóri þurfi að hafa aðstoðarmann. Hinsvegar tel ég, að eftir brtt. okkar hv. þm. Vestm. sé þetta ekki útilokað. Það sé einmitt bent til þess, að skipaskoðunarstjóri eigi að fá alla nauðsynlega aðstoð. Það, sem aðallega ber á milli, er, að í brtt. okkar hv. þm. Vestm. er svo fyrir mælt, að skrifstofukostnaður og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða sé ákveðinn í fjárl. Ég tel réttara, að það standi áfram, að þetta skuli ákveðið í fjárl. Ég játa hinsvegar, að það er nauðsynlegt, að skipaskoðunarstjóri fái eftirlitsmann, svo að það ber ekki svo ýkjamikið á milli eða aðeins það, hvort laun aðstoðarmanns skuli ákveðin í l. sjálfum eða í fjárl. Ég sé ekki ástæðu til að gera mikinn ágreining út af þessu. Ég tel, að brtt. okkar hv. þm. Vestm. nægi, og tryggi það, að skipaskoðunarstjóri geti fengið sér aðstoð, sem hann þarf. En ég álít þetta sem sagt ekki neitt ágreiningsatriði, og sé því ekki ástæðu til að leggja á móti þessari brtt. hv. 3. landsk. En það verður að leiðrétta hana, því að það verður að sýna þann stiga, sem launin eiga að hækka eftir. Ef sá stigi er notaður, þá hækka launin á 12 árum upp í 6000 kr., en þá er hann kominn í sömu laun og skipaskoðunarstjóri. Ég hefi ekkert á móti því út af fyrir sig, því að ég játa, að það er rétt hugsað, að þessi aðstoðarmaður eigi að alast upp til þess að verða eftirmaður skipaskoðunarstjóra. Ég álít því, að það skipti ekki miklu máli, þótt brtt. verði samþ.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 68, 106, 116).

Sigurjón Á. Ólafsson: Brtt., sem hér liggur fyrir, er leiðrétting á brtt., sem borin var fram hér í gær á sama þskj., og er breyt. í því falin, að niður hafði fallið uppbót á launum aðstoðarmanns skipaskoðunarstjóra úr 4800 kr. upp í 6000 kr. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það er aðeins bein afleiðing af því, sem í frv. er. Það er samskonar till., sem hér er um að ræða, og mér skilst, að n. í heild geti nokkurn veginn verið sammála um það. Um brtt. að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Ég gerði grein fyrir því í gær, en um kostnaðarliðina almennt vil ég aðeins bæta því við, hv. þdm. til athugunar, að ég vitnaði í álit fiskiþingsins í gær, og með leyfi hæstv. forseta vil ég aðeins mega lesa upp eina málsgr. í nál. allsherjar fiskiþingsins, sem lýsir nokkurnveginn skoðun þessa þings og þessarar stofnunar um viðhorf hennar til þessa máls:

„Ekki verður hjá því komizt, að skipaskoðunin kosti talsvert meira fé með þannig bættu fyrirkomulagi, og teljum við, að ekki megi í það horfa, til þess að sem beztur árangur náist í þessu efni. Komist slík skipan á, sem hér er ráðgert, verður að treysta því, að bætt verði úr þeim ágöllum, sem óneitanlega hafa verið á skipaskoðuninni undanfarið. Eftirlit skoðunarinnar mun og stórum batna með hinum fyrirhuguðu eftirlitsmönnum fjórðunganna, svo og með aðstoðarmanni skipaskoðunarstjóra“.

Þetta er nú umsögn þessarar nefndar og fiskiþingsins í heild um það frv., sem hér liggur fyrir, eins og það var óbreytt, og vil ég, minu máli til stuðnings, benda á það, að hér eru fulltrúar sjávarútvegsins að verki í þessu máli, og þeir lýsa einmitt viðhorfi sínu til frv. eins og það var, þegar það lá óbreytt fyrir sjútvn.

Ég tel óþarft að fjölyrða frekar um hina fjárhagslegu hlið málsins. Ég gerði það að umtalsefni í gær, og ég vænti þess, hvað sem afstöðu hv. meðnefndarmanna minna viðkemur, að hv. þd. sjái, að ekki verður hjá því komizt, að verja þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir, 10000 kr., til þess að l. verði framfylgt eins og tilætlunin er með breyt. á l. um skipaeftirlit.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er aðeins eitt atriði í þessu máli, sem ég vildi minnast á örfáum orðum, og er það 3. liður brtt. á þskj. 116. Ég álít óheppilegt nú, eins og sakir standa,

að fara að ákveða í l. föst laun fyrir aðstoðarmann skipaskoðunarstjóra. Ég tel réttara nú, eins og á stendur, að hafa þetta ekki lögákveðið, heldur eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 106, að það verði ákveðið í fjárl. Það er búizt við því, að bráðlega verði farið að ákveða laun slíkra starfsmanna, og þá tel ég réttara, að lög gjafinn sé ekki búinn að slá neinu föstu um laun þeirra æfilangt, enda væri með því settur grundvöllur fyrir það, hvaða laun sambærilegir starfsmenn ættu að hafa hjá ríkinu, en ég verð að segja, að mér þykir þetta, eins og tímarnir eru nú, vera fullhá laun, og af þeim ástæðum mun ég greiða atkv. á móti þessari brtt. Ég tel það stórum heppilegra að hafa þetta laust og óbundið og ákveða launin með skrifstofukostnaðinum aðeins í fjárl.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Það, sem ég ætlaði að kveðja mér hljóðs um í gær, var aðeins það, að segja frá því, að það var mín yfirsjón með þessa misritun í brtt. hv. 3. landsk., en honum alls ekki að kenna.

ATKVGR.

Brtt. 116,1 felld með 8:2 atkv.
— 116,2 felld með 9:2 atkv.
— 106,1.a samþ. með 11:2 atkv.
— 116,3 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, BrB, ErlÞ, GL, JJós, PZ, SÁÓ.

nei: ÞÞ, BSt, JJ, MJ, EÁrna.

HermJ, IngP, PHerm greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁJ) fjarstaddur.

Brtt. 106,1.b, svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
— 106,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 106,3 samþ. án atkvgr.
— 106,4 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 126).

Á 34. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Áður en þetta mál fer til n., sem ég geri ráð fyrir að till. komi fram um, þá vil ég vekja athygli þeirrar n., sem fær það til meðferðar, á því, að í 6. gr. frv. er ákvæði snertandi laun þeirra, sem eiga að starfa að þessu, sem ég tel, að þurfi að leiðrétta í n. Þar stendur: „Laun aðstoðarmanns skipaskoðunarstjóra eru 4800 kr. á ári, hækkandi annaðhvert ár um 200 kr. upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skal hann njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga". — Ég lít þannig á, að þetta lagaákvæði sé í ósamræmi við almennar launagreiðslur, og vil því mælast til, að n. geri till. um að fella þetta niður, og það sé ákveðið af ráðuneytinu, hvað þessi maður skuli hafa í laun.

Þá vil ég ennfremur beina því til n., að hún athugi vel, hvort ákvæði frv. hafa að einhverju leyti aukinn kostnað í för með sér, frá því sem verið hefir um þetta eftirlit, svo að hún geti gefið upplýsingar um það við 2. umr. Fjvn. getur þá tekið tillit til þess við afgreiðslu fjárl. En það er sérstaklega 6. gr., sem ég vil biðja n. að taka til athugunar.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég get fallizt á það með hæstv. fjmrh., að ef til vill sé ekki ástæða að binda með l. laun aðstoðarmanns, en ég get þó varla álitið, að hægt sé að fá hæfan mann fyrir minna en 4800 kr., samanborið við laun yfirleitt hjá ríkisstofnunum. **(Fjmrh.:** Það eru 6000 kr.) Hámarkslaunin, en byrjunarlaunin eru 4800 kr. Það er ef til vill ekki ástæða til að binda þetta í l., heldur sé það ákveðið í fjárl.

En ég vil biðja n. að taka til athugunar næstu málsgr. á undan þeirri, sem er um laun aðstoðarmannsins, sem er um laun skipaskoðunarstjórans sjálfs, því að þar segir, að skipaskoðunarstjóri megi engin launuð aukastörf hafa á hendi nema með leyfi ráðh. Þegar frv. var flutt, þá var ætlazt til, að girt væri fyrir það, að hann hefði tekjur af öðrum störfum. En í Ed. hafa verið gerðar miklar breyt. á launum þessa manns, sem ef til vill hafa verið sett í hæsta lagi. En eins og frv. lítur út frá Ed., þá er gert ráð fyrir, að byrjunarlaun hans séu 5000 kr. en eigi að hækka um 200 kr. annaðhvort ár upp í 6000 kr. Ég tel þetta svo umfangsmikið starf, að ef á að banna honum að hafa nokkur launuð aukastörf, þá séu þessi laun hans svo lág, að ekki sé hægt að búast við því að fá vel hæfan mann til þessa starfs fyrir svo lág laun. Það er varla hægt að launa það minna en með 7500—8000 kr. hámarkslaunum. Ég vil því biðja n. að taka þetta til athugunar.

Ísleifur Högnason: Áður en málið fer til n., þá vildi ég gera nokkrar aths. við það. Í fyrsta lagi er það 7. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skipaskoðunarmenn mega ekki skoða þau skip, sem þeir eru eigendur eða útgerðarmenn að".

Ég álít, að þarna sé of skammt gengið. Það eiga yfirleitt ekki að vera útgerðarmenn eða eigendur skipa, sem hafa þessa skoðun með höndum, því að það er hætt við, að þeir geti komið sér saman um að framkvæma ekki nauðsynlega viðgerð á skipi, vegna þess að það sýndi sig, að það væri hagstæðara fyrir útgerðarmanninn eða eiganda skipsins að setja sig gegn því, að l. væri hlýtt. Það mætti auðvitað segja, að svo margir væri skipseigendur hér á landi. þar sem þúsundir manna eiga hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands, en það má þá hafa ákvæði um það, að þeir séu undanþegnir svona ákvæði um skipaskoðun.

Í öðru lagi er það í 7. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að skoðunarmaður geti veitt frest á viðgerð skips, vegna þess að ekki sé fáanlegt á staðnum það, sem þarf til þess að bæta úr göllum skipsins. Þar er gert ráð fyrir því að skipaskoðunarstjóri geti framlengt frestinn eftir eigin geðþótta. Mér finnst, að skipaskoðunarstjóra sé gefið þarna of mikið vald, og í l. eigi að vera takmörk fyrir því, hvað framlengja megi frest til að gera við skip.

Þá er í 8. gr. ákvæði um það, að þeir sem

kæra yfir því, að ábótavant sé um öryggi skips, geti kært það fyrir skoðunarmönnum, en þeir séu bundnir þagnarheiti um nöfn þeirra manna, sem kært hafa, ef kærandi óskar þess. Ég geri ráð fyrir, að undir öllum kringumstæðum muni þeir sjómenn, sem kæra út af því, að ábótavant sé um öryggi skips, óska eftir því, að um það sé þagað af viðkomandi skoðunarmönnum.

Ég mun því leggja til við 2. umr., að þetta sé fellt niður og ekki sé látið standa: „ef kærandi óskar þess". Það mun líka vera hæpið að setja þetta í l., þar sem kæran getur komið munnlega undir fjögur augu, svo að kærandi hefir enga vottа að því, að hann hafi beðið skoðunarmanninn að láta ekki nafns síns getið. Það er því í hendi skoðunarmanns, hvort hann þegir eða ekki. Ég álít því að skipaeftirlitsmennirnir eigi skilyrðislaust að vera bundnir þagnarheiti.

Í síðasta lagi er það 9. gr., sem er um það, að í vissum tilfellum, þar sem örðugleikar eru á því, að eftirlitsmenn geti haft fullnægjandi eftirlit sökum fjarlægðar frá þeim stað, þar sem eftirlitsins er mest þörf, þá megi fela skipaskoðunarmanni á staðnum eftirlitið. Þetta álít ég, að sé ekki rétt, þar sem eftirlitsstarfið og skipaskoðunarstarfið geta ekki samrýmst, þar sem eftirlitsmaðurinn á að hafa eftirlit með starfi skipaskoðunarmannsins. Þar sem þetta á að heyra undir sama manninn, þá hlýtur þetta að rýra gildi eftirlitsins.

Það er aðallega þetta, sem ég óska eftir, að n. taki til athugunar, áður en hún skilar málinu frá sér aftur til d. Ég geri ráð fyrir, að ég muni flytja brtt. við frv. í þá átt, sem ég hefi lagt hér til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 403).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta frv. er komið frá Ed. og hefir áður verið flutt að tilhlutun mþn., þar sem það hefir fengið mjög ræki lega athugun. N. hefir athugað frv. nokkuð ræki lega, og er á einu máli um það, að í þessu frv. felist ýms ákvæði, sem séu mjög til bóta um skipaskoðun, frá því sem nú er. Og hefir n. orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Ed., nema með 2 litlum brtt., sem eru í raun og veru ekki annað en leiðrétting. Þessar brtt. eru á þskj. 403. Fyrri till. er leiðrétting; í 15. gr. er skökk tilvitnun, það á að vera í 11. gr. í stað 9. gr. Ennfremur hefir í ógáti verið lækkað hámark sektarákvæða fyrir að sigla skipi úr höfn, úr 5 þús. kr. niður í 500 kr. Hvorttveggja breyt. því aðeins leiðrétting.

***Ísleifur Högnason:** Við 2. umr. þessa máls bar ég fram þá ósk, að n. tæki til athugunar nokkrar brtt. við frv. Eina af till. hefir n. tekið til greina, að auka sektarákvæði; ég held, að áður hafi það verið 500 kr. (Einhver: Það var 5 þús. kr. fyrst). Ég man, að í frv. er það 500 kr.

Þá minntist ég á annað, sem n. tók ekki til greina. Í fyrsta lagi, að í 7. gr. stendur, að skipaskoðunarmenn megi ekki skoða þau skip, sem þeir eru eigendur eða útgerðarmenn að. Ég álít það ófært, ef skipaeigendur og útgerðarmenn geti yfirleitt verið skipaskoðunarmenn, því að þeir gætu haft tilhneigingar til, þótt þeir ættu ekki skipin sjálfir, að sjá í gegnum fingur með eftirlitið, ef þeir eru tengdir stéttarböndum við þá, sem þarna eiga hlut að máli. Þess vegna álít ég nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í lögin, að útgerðarmenn og eigendur skipa geti ekki verið eftirlitsmenn skipa. Aftur á móti er það vitað, að fjöldi landsmanna eru eigendur í hlutabréfum Eimskips, og væri ekki réttlátt, að það hindraði þá í þessu starfi.

Ennfremur er breyt. við 7. gr., að skipaskoðunarstjóri hefir ekki ótakmarkað leyfi til að framlengja frest á þeim aðgerðum, sem krafizt er. Ég álít það alveg nægilegan frest, sem getið er um í frv., þótt skipaskoðunarstjóra sé ekki heimilt að framlengja hann eftir eigin geðþótta. Ég álít, að honum sé gefið allt of mikið vald í lögunum og geti rýrt gildi þeirra að miklum mun. Þess vegna legg ég til, að orðin „með leyfi skipaskoðunarstjóra" falli burt úr niðurlagi þessarar málsgr. — Ennfremur við 8. gr., að málsgr. „ef kærandi óskar þess" falli burt. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar önnur efnismálsgr. 8. gr. þannig: „Til þeirra geta skipverjar eða aðrir snúið sér með umkvartanir á því, er þeir telja ábótavant með öryggi skips. Allar umkvartanir skulu gerðar skriflega. Skipaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarheiti um nöfn þeirra manna, er kært hafa, ef kærandi óskar þess, enda sé kæran á rökum byggð". Nú eru það vitanlega sjómennirnir, sem eiga mest undir því, að skipin séu vel úr garði gerð og munu þess vegna helzt kæra. Þeir eiga nokkuð á hættu vegna þess, að eigendur skipanna eða útgerðarmenn kosta þá viðgerð á skipunum, ef þarf. Þá hljóta þeir að óska þess, að þeirra nafns sé ekki getið. Í þeim tilfellum, sem sjómenn koma einir til skipaskoðunarmanns og kæra undan einhverju, þá getur skipaskoðunarmaður alltaf sagt frá því síðar, og borið því við, að sjómaðurinn hafi ekki beðið sig að þegja yfir því. Þess vegna er sjálfsagt, ef þessi varnagli er, að skipaskoðunarmenn séu yfirleitt bundnir þagnarheiti, hvort sem menn óska þess eða ekki, ef kærur eru á rökum byggðar.

Ennfremur gerði ég till. um, að 9. gr. falli burt, vegna þess að ég álít, að með henni verði eftirlitsákvæðið gert þýðingarlítið. Ef ekki er hægt að fá þennan eftirlitsmann á staðnum sakir fjarlægðar, þykir það e. t. v. kosta of mikið að senda eftirlitsmann á fjarlægan stað; en ef það er meiningin, þá álít ég ekki rétt að horfa í þann kostnað, sem kynni af ferð eftirlitsmanns að leiða. Þess vegna legg ég ennfremur til, að þessi gr. falli burt. Ég mun bera brtt. fram í samræmi við þetta við 3. umr. Ég álít, að þessar till. stefni allar til

bóta. Það mun sýna sig síðar, verði þetta frv. ekki skemmt, að þessi lög verða til að skerpa eftirlit skipa, sem sízt mun vanþörf á.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég tók það reyndar ekki fram í framsöguræðu minni, en vildi hafa mátt segja, að þetta frv. er sérstaklega undirbúið af skipaskoðunarstjóra ásamt fulltrúum frá stéttarfélögum sjómanna. Þess vegna er mikið öryggi í því fólgið, og skipaskoðun mun verða nokkuð betur framkvæmd heldur en verið hefir. Það er alkunnugt, að ekki alls fyrir löngu var keypt til Ísafjarðar skip frá Akureyri, sem verið hafði fyrir nokkru mannað á síldveiðar. Og þetta skip reyndist alls ekki sjófært. Það voru fúnir í því viðir og bitar á dekki, og yfirhöfuð var skipið þann veg farið, að það var betur komið á þurru landi heldur en á sjó. Þetta er lítið dæmi um það, að skipaskoðun hefir verið mjög mikið ábótavant; á þessu skipi hefði vel getað orðið stórslys um sumarið og rikissjóður verður fyrir nokkuð miklu tapi á því, að vera í ábyrgð fyrir skipskaupunum. Um brtt. hv. 5. landsk. get ég verið stuttorður. Ég held, að brtt. hans séu næsta þýðingarlitlar, a. m. k. 2 fyrstu þeirra, því að skoðunarmaður getur ekki samkvæmt 7. gr., 4. og 5. málsgr., veitt neina undanþágu fyrir skip til að fara á flot, nema um minni háttar galla sé að ræða, sem hafi áhrif á haffæri skips; því er ekki nema réttmætt og sanngjarnt, að gefinn sè frestur til að kaupa það, sem til þarf. Það er t. d. um björgunarbelti eða þesshättar, að þau fást ekki á öllum stöðum úti um land, og þá er ekki nema sanngjarnt, að mönnum sé gefinn frestur til þess að kaupa þau o. fl. Vitanlega má það ekki vera of langur frestur. Enda er í lögum gert ráð fyrir því, að skipaskoðunarmaður skuli tafarlaust kæra, ef ekki er búið að ganga frá þessum göllum innan tiltekins tíma, og hann megi ekki framlengja frestinn nema með leyfi skipaskoðunarstjóra. Ég álít, að með þessu frv. sé fengin full trygging fyrir því, að þetta verði ekki misnotað.

Viðvíkjandi brtt. hv. 5. landsk. við 8. gr. virðist fullkomlega gert nægilega ráð fyrir því, að þeir, sem kynnu að kæra yfir göllum á skipi, verði ekki fyrir óþægindum, með ákvæði, sem er í lögunum. Þegar svo einnig á öðrum stað í frv. er gert ráð fyrir því, að hver geti snúið sér til síns stéttarfélags og fengið umkvörtun sína borna fram fyrir þess milligöngu. Ég álít þess vegna, að þessar till., sem hv. 5. landsk. boðaði við frv., séu í raun og veru óþarfar. — Viðvíkjandi því, að skipaskoðunarmaður megi í engum kringumstæðum vera skipaeigandi eða útgerðarmaður, af því að hann sé þá kominn í stétt útgerðarmanna og muni endilega falla fyrir þeirri freistingu að misbeita sínu valdi, þá vil ég benda á, að á mjög mörgum stöðum er hæpið, að hægt sé að fá nægilega kunnáttumenn til skipaskoðunar, sem ekki eru annað hvort skipaeigendur eða útgerðarmenn. En rétt væri þó, að gengið væri mjög fram í því, að sneiða heldur hjá slíkum mönnum til starfsins. En fari svo, að ekki sé völ á öðrum, verður að vera nægileg trygging fyrir, að þeir skoði ekki í neinum kringumstæðum sín eigin skip. Ég skal svo ekki fjölyrða um þessar brtt. Það verður tækifæri til þess, þegar þær koma fram.

***Ísleifur Högnason:** Það, sem hv. þm. Ísaf. var að segja, að ekki sé kleift að fá aðra menn en útgerðarmenn eða eigendur skipa til eftirlitsstarfs á ýmsum stöðum, geri ég heldur lítið úr. Hv. þm. gat ekki mælt gegn því, að betra væri að hafa ekki þann mann til skipaskoðunar, sem gæti haft löngun til að spara til viðgerðar á skipum og öryggis. En það liggur í hlutarins eðli, að slíkt yrði nokkur freisting fyrir útgerðarmenn og skipaeigendur. Vil ég þess vegna leggja áherzlu á, að þessar brtt. stefna til bóta. Ég er ekki úrkula vonar, að sjútvn. athugi þetta spursmál nánar, áður en það kemur til 3. umr., og ég legg áherzlu á, að útvegsmenn séu ekki skipaskoðunarmenn. Það gildir heldur ekki einu, hvort þagnarheiti er skilorðsbundið eða ekki, fyrir þá menn, sem kæra. Það er næg trygging að eigi megi kæra nema kæran sé á rökum byggð, til þess að menn eigi kæri að óþörfu. En eins og ég tók fram áðan, er alltaf hægt fyrir skoðunarmann, sem ljóstar upp nafni kæranda, að segja sem svo, ef hann var einn, þegar kæran kom fram, að viðkomandi sjómaður hafi ekki beðið sig að þegja. Þess vegna getur verið mjög nauðsynlegt að hafa þetta í frv. Ég mun ekki fjölyrða um þetta nú, en mun leggja fram brtt. fyrir næstu umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 403,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
16.—36. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 403,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 429, 430, 447).

***Jón Pálmason:** Ég hefi leyft mér að bera fram eina brtt. á þskj. 447, að laun skipaskoðunarstjóra og aðstoðarmanns séu ákveðin af ráðh., þar til launalög eru sett, en skrifstofukostnaður og annar kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skuli ákveðinn í fjárlögum. Ég hefi fylgt þeirri reglu að undanförnu, þar sem ég hefi haft aðstöðu til að hafa áhrif á, að það væri ekki fastbundið með sérstökum lögum, hvað laun hjá þessum og þessum starfsmanni væru. Og í samræmi við þá reglu hefi ég flutt þessa till. Ég held því fram, að þegar verið er að setja inn þessi lög hér á þing, þá sé algerlega rangt að fastbinda með slíkum lögum, hvað starfsmannalaunin séu. Því að náttúrlega á það svo að vera, og hlýtur að verða, að sett

verði launalög nú innan skamms, og þá munu slíkar lagaskorður með einstökum lögum verka til örðugleika við setningu slíkra laga. Auk þess er í þessu tilfelli athugandi, að samkvæmt frv., eins og það er og kom frá n., er gert er ráð fyrir því, að laun aðstoðarmanns séu eins há og laun forstjóra, og það vænti ég, að allir menn sjái, að ekki er eðlilegt. Um það skal ég ekki ræða frekar að sinni. Vænti ég, að hv. þm. sjái og fallist á, að þessi till. eigi fullan rétt á sér.

*Ísleifur Högnason: Mér þykir óþarft að taka upp það, sem ég sagði við 2. umr. um brtt. á þskj. 430. Ég álít, að þessar brtt. miði að því, að tryggja það, að skipaskoðun verði framkvæmd af mönnum, sem ekki eiga hagsmuna að gæta við eftirlit skipanna.

1. brtt. er við 7. gr., að skipaskoðunarmenn geti þeir eigi verið, sem eru eigendur eða útgerðarmenn skipa. — 2. brtt. fjallar um það, eins og ég tók fram þá, að þagnarskylda eftirlitsmanns sé skilorðslaus, og hann megi ekki greina frá því, hverjir kæri, enda séu kærur á rökum byggðar. Það hlýtur að vera örðugra fyrir þá, sem kæra, ef þetta er tekið inn í lögin. — Ennfremur hefi ég gert brtt. um, að 9. gr. falli burt, en það er, að fela megi öðrum eftirlitsstarf skipaskoðunarmanns, ef það er erfiðleikum bundið vegna fjarlægðar að koma þangað skipaskoðunarmanni og vegna kostnaðar. Ég álít, að lögin nái alls ekki tilgangi sínum, ef þetta er ekki fellt niður.

Ég vona, að hv. þm. aðgæti þessar till. og sjái, að þær eru réttmætar til þess að tryggja, að lögin komi að fullum notum.

*Frsm. (Finnur Jónsson): Við höfum í sjútvn. athugað nokkuð brtt. hv. 5. landsk. og orðið sammála um að leggja til, að þær yrðu felldar. Það horfir svo þessu máli, eins og ég hefi skýrt frá áður, að það hefir verið undirbúið alveg sérstaklega af skipaskoðunarstjóra og fulltrúum sjómanna. Í frv. eru mörg atriði, sem horfa til bóta um skipaskoðun. Nú höfum við litið svo á í sjútvn., að breyt. séu í fyrsta lagi óþarfar, því að öryggi sjómanna myndi vera fyllilega tryggt með því, sem sett er í lögin. Í öðru lagi höfum við óskað eftir, að ekki verði sérstakar breyt. á þessu frv. lagðar fram nú, þar sem það er orðið svo áliðið þings. Ef yrði farið verulega að hreyfa við því, gæti það orðið til þess, að frv. kæmist ekki fram á þessu þingi, sem sjómenn leggja mjög mikla áherzlu á.

Brtt. hv. þm. A.-Húnv. höfum við að vísu ekki tekið til athugunar í n. En einmitt þessi athugun um laun aðstoðarmanns kom til greina nokkuð við umr. um frv., og þótti n. einkennilegt að ákveða, að laun aðstoðarmanns skyldu geta komizt upp í laun skipaskoðunarstjóra. En eftir að ég hafði átt tal við skipaskoðunarstjóra og fengið upplýsingar hjá honum um þetta mál, var n. á einu máli um það, að breyta ekki þessu ákvæði. Það gegnir sama máli um brtt. hv. þm. A.-Húnv. eins og brtt. hv. 5. landsk., að það gæti vel farið svo, ef farið yrði að gera verulegar breyt. á þessu frv., að það kæmist ekki fram, vegna þess, hve áliðið er þingtímans. Og ég leyfi mér þess vegna fyrir hönd sjútvn. að leggja á móti öllum þessum breyt. af þeirri ástæðu.

ATKVGR.
Brtt. 447 samþ. með 15:7 atkv.
— 430,1a felld með 17:6 atkv.
— 430,1b felld með 16:4 atkv.
— 430,2 felld með 17:2 atkv.
— 430,3 felld með 15:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 487).

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta mál er komið frá hv. Nd. og hefir tekið þar örlitlum breyt. Aðalbreyt. er innifalin í því, að laun skipaskoðunarstjóra og aðstoðarmanns hans, sem voru ákveðin í frv., skulu nú ákveðin af ráðh. Aðrar breytingar — við 15. gr. og 37. gr. — eru eiginlega ekkert nema leiðréttingar á atriðum, sem ekki hefir tekizt að lagfæra hér í d. Ég hygg, að ég mæli fyrir munn allrar sjútvn., er ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

41. Sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um einkaleyfi til þess að flytja út og selja erlendis íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum (þmfrv., A. 335).

Á 56. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Eins og frv. ber með sér, er það borið fram af iðnn., og stendur hún óskipt að því. Henni þótti ástæða til að verða við tilmælum leyfisbeiðenda um að flytja þetta einkaleyfisfrv., sem hnígur í þá átt, að flytja út og selja á erlendum markaði íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum. Það er firma hér í bæ, „Crystal, Karl Björnsson & Co.“, sem biður um þetta leyfi.

Í 1. gr. frv. er svo tilskilið, að leyfistíminn skuli ná yfir 5 ár.

N. þykir ástæða til að gera tilraun með útflutning á þessari sælgætisvöru. Það hefir þegar verið gerð nokkur tilraun með tilbúning og sölu

þessarar vöru innanlands, og n. hefir haft hana til athugunar og getizt vel að. Það eru mikil líkindi til þess, að það muni mega fá markað erlendis fyrir þessa vöru, sérstaklega með tilliti til, að samskonar vara hefir áður verið framleidd erlendis og verið notað í hana efni úr íslenzkum holljurtum, einkanlega fjallagrösum. Það er vitað, að í fjallagrösum eru efni, sem eru þekkt og viðurkennd með öllum þjóðum, t. d. Lechenin, um 70%. Og í öðrum íslenzkum nytjajurtum eru ótal efni, sem gætu komið til greina við þessa sælgætisvinnslu.

Við höfum ekki getað gert okkur ljóst, hvað mikið þyrfti að flytja inn af hráefni í þessa vöru, en það má gera ráð fyrir, að verðmunurinn á aðfluttu efni og hinni unnu útfluttu vöru yrði mjög mikill. Eins og 3. gr. frv. ber með sér, gera leyfisbeiðendur sér vonir um mikinn útflutning, því að þeir undirgangast, að það megi taka af þeim leyfið, ef útflutningur á þriðja ári nemur ekki 70000 kr. Þetta hvatti okkur m. a. til þess að flytja þetta frv., því þarna getur orðið um allverulega upphæð að í erlendum gjaldeyri að ræða, og þar að auki fylgir þessu dálítil iðnaðaraukning.

Leyfisbeiðendur fóru upphaflega fram á, að einkaleyfið skyldi gilda í 10 ár. N. þótti rétt að miða við 5 ár, og gengu leyfisbeiðendur inn á það.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, en vil f. h. n. mælast til þess, að frv. fái góðar viðtökur og verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

*Garðar Þorsteinsson: Það er eftirtektarvert, að bæði á þessu og á síðasta þingi hafa komið fram ekki svo fá frv. um að veita einstökum mönnum eða fyrirtækjum einkaleyfi til útflutnings á ýmsum vörum. Eitt þeirra er frv. það, sem hér liggur fyrir. Nú skyldi maður ætla, að í grg. frv. kæmi fram sérstakar ástæður til þess, að veita skuli slík einkaleyfi. En svo er þó varla. Ég held, að það sé almennt varhugavert að gera mikið að því að veita einstökum mönnum og firmum slík einkaleyfi. Í þessu máli liggja engar upplýsingar fyrir. Það segir í grg., að erlendis séu framleiddar slíkar vörur og auglýstar með því, að þær séu blandaðar íslenzkum efnum. Það liggja engar nánari upplýsingar fyrir um, að svo sé. En þó svo væri, er vafasamt, að hægt væri að koma í veg fyrir það, þó að firma hér heima væri veitt einkaleyfi. Ég fæ ekki heldur séð, að það væri svo hættulegt, ef hér væri um að ræða útflutningsvöru í stórum stíl, þó að fleiri en eitt firma hefðu rétt til að flytja slíka vöru út. Ég vil skýra frá því, að ég hefi fengið upplýsingar um það, sumpart á lögreglustöðinni og sumpart hjá einstökum mönnum, að þetta firma, sem hér er talað um, er alls ekki starfandi, heldur stendur á bak við einhver Þjóðverji með ekkert kapital. Ég vil því mælast til, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá og hv. n. leiti nánari upplýsinga, því að það er ekki vansalaust fyrir Alþ. að veita einkaleyfi firma, sem er ekki til.

Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Mér þykir hlýða að segja örfá orð út af ræðu hv. 8. landsk. Hann gaf þær upplýsingar, að það firma, sem hér er um að ræða, væri ekki starfandi, eða m. ö. o., að hér væri falskt mál á ferðinni. En eftir þeim upplýsingum, sem iðnn. hefir fengið, er firmað starfandi. Við brögðuðum meira að segja á vörunum, og okkur þótti þær góðar. Ég veit ekki betur en að firmað sé í firmaskrá, enda hefi ég séð frá því allglæsilegar auglýsingar. Þetta eru þær upplýsingar, sem n. hafði um, að firmað væri til.

Það er alveg rétt, sem hv. 8. landsk. sagði, að það rignir yfir okkur einkaleyfisbeiðnum í þessa átt. Og það má auðvitað bollaleggja, hvort yfirleitt er rétt að fara inn á þá braut að veita slík einkaleyfi. En með hliðsjón af því, að þingið er að afgreiða einkaleyfisbeiðnir á öðrum sviðum, vill iðnn. ekki leggja á móti þessari beiðni, því að hér er um nýmæli að ræða, einkum það, að nota fjallagrös til smekkbætis. Það eru um það upplýsingar í grg., að erlendar fabríkur noti þetta — má vel vera, að það séu skrumauglýsingar, en allt um það hefir þeim hugkvæmzt, að þetta gæti verið agitation fyrir vörunni. Því fremur ættu ísl. firmu að fá að nota sér þetta til að auka umsetninguna erlendis. Það er ekki ólíklegt, að þarna mundi heppnast að koma upp dálitlum iðnaði í landinu. Firmað býðst til að láta taka af sér leyfið á 3. ári, ef það verður þá ekki búið að flytja út vörur fyrir 70 þús. kr. Ég skil ekki, að mennirnir, sem að þessu standa, séu slíkir heimskingjar, að þeir hafi ekki athugað sitt mál. Einkaleyfið er miðað við 5 ár, og er varla hugsanlegt að miða það við skemmri tíma, þar sem mikill tilkostnaður er samfara framkvæmdum í þessu efni.

Hv. 8. landsk. fannst óþarft að veita einkaleyfi. En þegar verið er að brjótast í einhverju nýmæli varðandi útflutning á innlendum iðnaði, þurfa menn að fá þetta aðhald, að þeir geti haft vald á hlutunum um visst árabil. Einkaleyfi eru alltaf takmörkuð við 5 og upp í 20 ár. Hér er farið fram á lágmarkstíma, enda hafa leyfisumsækjendur gert sig ánægða með það.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 335, n. 474).

Erlendur Þorsteinsson: Hv. frsm. er ekki viðstaddur, og vil ég því hlaupa í skarðið fyrir hann. Ágreiningur er enginn í n. um frv., og hefir hún öll komið sér saman um að mæla með, að það verði samþ., m. a. vegna þess, að n. vill gjarnan, að þessi tilraun sé gerð. Annars eru í 3. gr. svo ströng ákvæði um útflutningstímann, að n. taldi enga hættu stafa af því, að frv. yrði gert að l. N. hefir ekki sett nein ákvæði um, að útflutningsgjald skuli lagt á þessa vöru, en það verður eflaust gert og þá lagt á 1½% gjald, eins og á aðrar útflutningsvörur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

42. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 41. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur (þmfrv., A. 176).

Á 43. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hér liggur fyrir, er samið af mþn. í þessum málum, sem skipuð var í desembermánuði árið 1936. Hefir verið útbýtt hér meðal þm. áliti þessarar mþn., ásamt till. hennar, og get ég um margt þessu viðkomandi vísað til þessa álits. Ég tel það þó rétt, þar sem um allmikið nýmæli er að ræða, að gera hér við 1. umr. grein fyrir frv., og þá jafnframt lauslega undirbúningi þess, til þess að málið rifjist upp fyrir hv. þdm., sérstaklega þeim, sem ekki hafa haft tíma til að kynna sér nál.

Sú n., sem unnið hefir að þessum málum, hefir aflað sér margskonar upplýsinga innanlands og erlendis, sérstaklega erlendis, viðvíkjandi málinu, og hún gerði það þegar í upphafi síns starfs. Eitt hennar fyrsta verk var að rita samtökum verkamanna og atvinnurekenda hér innanlands og óska eftir ýmsum upplýsingum viðvíkjandi starfsemi þeirra og fyrirkomulagi. Jafnframt ritaði n. svo sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og fleiri aðiljum í því skyni að fá heimildir um slíka löggjöf og hér um ræðir viðsvegar um heim. Þá ritaði n. einnig landssamböndum verkamanna og atvinnurekenda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og óskaði eftir, að þau létu uppi álit sitt á gildandi löggjöf í þessum efnum í viðkomandi löndum, og ennfremur, hvaða breytingar þau teldu æskilegar á þeirri löggjöf, eins og hún lægi fyrir. Skal ég taka það strax fram, að þessi sambönd verkamanna og atvinnurekenda á Norðurlöndum hafa öll, nema eitt, svarað bréfum n., og eru svör þeirra prentuð í nál. Þegar svo að því kom, að n. færi að vinna úr þessu efni, þá hafði hún fengið í sínar hendur fyrst og fremst texta gildandi löggjafar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, sömuleiðis Bretlandi og Frakklandi, og textabreytingar, sem gerðar hafa verið á síðustu árum á þessari löggjöf. Ennfremur hefir n. fengið frá verkamannaskrifstofu Þjóðabandalagsins í Geneve yfirlit yfir slíka löggjöf viðsvegar um heim. Þessi skrifstofa var sett upp af Þjóðabandalaginu, til þess að fylgjast með málefnum verkalýðsins viðsvegar um heiminn. Hún vinnur að því að safna allskonar hagfræðilegum upplýsingum viðvíkjandi þessu máli. Hún hefir m. a. gefið út tímarit, þar sem skýrt er frá öllum nýjungum á sviði löggjafar um málefni verkamanna, og jafnframt hafa frá þessari stofnun komið ýms fræðileg rit um þetta efni. Frá þessari skrifstofu fékk n. einmitt margháttaðar upplýsingar, sem hún hafði á sínum tíma til athugunar við sitt starf. Mér þykir rétt, áður en ég kem að frv., að drepa lauslega á það, sem áður hefir legið fyrir Alþingi í þessu máli. Ég hygg, að það hafi verið fyrst á þinginu 1923, sem borið var fram frv. um gerðardóm í kaupdeilum. Það frv. var aftur borið fram árið 1925, en náði í hvorugt skiptið fram að ganga. Árið 1925 var svo borið fram frv. til l. um sáttatilraunir í vinnudeilum, og þetta frv. varð að l. á því þingi. Síðar, á þinginu 1929, kom fram frv. um gerðardóm í kaupdeilum, sem náði þó ekki afgreiðslu. Á þingunum 1936 og 1937, og þingi því sem nú situr, hafa legið fyrir frv. um vinnudeilur, flutt af

sjálfstæðismönnum, sem hafa heldur ekki náð afgreiðslu. Og á fyrra þinginu 1937 lágu fyrir tvö frv., annað um sáttatilraunir í vinnudeilum, hitt um félagsdóm, sem voru flutt af mér. Ekkert af þessum frv. um slíka löggjöf hafa náð samþykki, nema frv. um sáttatilraunir í vinnudeilum 1925, og þau l. gilda nú hér. Þetta eru l., sem á sínum tíma voru sett aðallega eftir sænskri fyrirmynd, og hafa vafalaust gert eitthvert gagn. En hinsvegar er enginn vafi á því, að þau hefðu þurft að vera talsvert fullkomnari.

Um leið og ég fer inn á það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég taka það fram, að n. hefir við samningu þess fyrst og fremst lagt til grundvallar þá löggjöf um slíkt efni, sem er í gildi annarsstaðar á Norðurlöndum. Með því að segja annarsstaðar á Norðurlöndum undantek ég Finnland, sem hefir talsvert öðruvísi löggjöf. En um leið og n. hefir lagt þessa löggjöf til grundvallar fyrir starfi sínu, hefir hún tekið alla hliðsjón, sem ástæða þótti til, til hinna sérstöku staðhátta Íslendinga. Ennfremur hefir n. haft það í huga, að til mála gæti komið að lögfesta viss atriði, sem tíðkazt hafa í sambandi við samninga eða orðin eru að hefð. Og loks höfum við tekið tillit til löggjafar annara landa en Norðurlanda.

Það er enginn vafi á því, að þegar hér verður sett slík heildarlöggjöf í fyrsta sinn — ég álít, að þetta sé í fyrsta sinn, þótt ákvæði um sáttatilraunir séu til áður —, þá verður hún fyrst og fremst að byggjast á erlendu fordæmi og með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þar hefir fengizt.

Það er vitanlegt — mér er það a. m. k. ljóst —, að það má deila endalaust um mörg og kannske flest ákvæði frv., hvort þau mættu ekki vera að einhverju leyti á annan veg. Má færa fyrir því ýms rök. En það, sem ég tel rétt að hafa hliðsjón af, er löggjöf hinna sambærilegu landa, þeirra landa og þjóða, sem okkur eru líkust að staðháttum og þjóðháttum og hugsunarhætti. Ég ætlast til þess fyrir mitt leyti, að þetta frv. verði dæmt út frá því, hvernig ákvæði þess eru, samanborin við hliðstæð ákvæði í öðrum löndum.

Ég tel þá rétt að koma inn á að rekja efni frv. Ég mun að vísu gera það lauslega, því að það er ekki tími til annars, og auk þess er óþarfi að gera það nákvæmlega. En þó mun ég koma inn á helztu atriðin, sem frv. felur í sér.

Frv. skiptist í 4 aðalkafla. Fyrsti kafli er um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda. Annar kafli er um verkföll og verkbönn. — Þriðji kafli er um sáttatilraunir í vinnudeilum. Og fjórði kafli er um félagsdóm.

Í fyrsta kafla eru ákvæði, sem lúta að stéttarfélögum, og er í 1. gr. frv. fram tekið, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Í 2. gr. þessa kafla eru svo ákvæði um það, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, og nánari ákvæði um félagssvæði. Þá eru í 3. gr. þessa kafla ákvæði um það, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem í l. eru, o. s. frv. Í 4. gr. eru ákvæði um það, að atvinnurekendum sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna, sem hjá þeim vinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum. Þessi ákvæði eru sett til verndar verkamanninum, sem í flestum tilfellum er veikari aðilinn, fyrir því að lagðar séu einhverjar hömlur á hans frelsi til að hafa sínar skoðanir eða vera í þeim félagsskap, sem hann hefir óskað eftir. — Þá koma ákvæði um samningsaðild. Í þessum kafla eru ákvæði um það, að allir vinnusamningar skuli vera skriflegir. En ég skal taka það fram, að þar sem talað er um „vinnusamninga“ í þessu frv., er yfirleitt átt við hina svo kölluðu „kollektívu“ samninga, þ. e. samninga, sem gerðir eru við verklýðsfélög. Þá eru ákvæði um það, að samningstími og uppsagnarfrestur skuli tilgreindur, annars skuli samningstími talinn eitt ár og uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Þetta ákvæði er sett til þess, að samningstíminn verði ekki óhæfilega stuttur. Þá er ákvæði um það, að samningur, sem gerður sé við einstaka verkamenn og fari í bága við samning, sem gerður hafi verið við verkamannafélag á staðnum, hafi ekki gildi. Þá eru ákvæði um ábyrgð þá, sem stéttarfélög beri á samningum, sem þau gera, og hvaða ábyrgð trúnaðarmenn stéttarfélaga beri. Þá koma í þessum kafla ákvæði um þau réttindi til handa stéttarfélögunum, að þau mega velja sér trúnaðarmenn. Á hverri vinnustöð, þar sem vinnur ákveðin tala manna, mega viðkomandi verkalýðsfélög tilnefna tvo menn, og skal atvinnurekandi samþ. annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Það er ætlazt til þess, að þessi trúnaðarmaður gæti þess, að samningar séu í engu rofnir á verkamönnum, og treyst til að jafna þann ágreining, sem kann að rísa út af samningi, án þess að það þurfi að fara til dóms. Það er þó tekið fram í þessari grein, að þetta ákvæði nái ekki til fólks, sem vinni við landbúnað, og ekki til áhafna skipa eða báta, sem ekki sé skylt að lögskrá á. En til þess að tryggja það, að þessir trúnaðarmenn verkamanna séu ekki látnir gjalda þess að gegna þessum störfum, eru viðurlög við því, að atvinnurekendur megi ekki segja þeim upp vinnu af þeim ástæðum, að þeir séu trúnaðarmenn.

Þetta eru aðalákvæði fyrsta kafla frv.

Annar kafli er um verkföll og verkbönn, og þar í 15. gr. eru nánari ákvæði um það, með hverjum hætti vinnustöðvun sé löglega ákveðin. Það er gert ráð fyrir, að það geti orðið með þrennum hætti; við leynilega almenna atkvgr. í félagi, sem standi a. m. k. í 24. klst.; að vinnustöðvun sé ákveðin af samninganefnd eða félagsstjórn, sem hafi fengið umboð sitt á sama hátt, þ. e. a. s. með leynilegri atkvgr., sem hafi staðið a. m. k. í 24 klst.; í þriðja lagi þarf ákvörðun trúnaðarmannaráðs, ef það er til, og l. viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi þá ¾ hlutar trúnaðarmannaráðsins samþ. vinnustöðvunina.

Þessi ákvæði lúta að því að tryggja það, að

ekki sé ákveðin vinnustöðvun í skyndingu, án þess að raunverulegur vilji væri fyrir hendi hjá því félagi, sem í hlut á, heldur sé það tryggt, að umhugsunarfrestur hafi 'a. m. k. gefizt til slíks, og að skilyrði hafi verið til þess, að vilji hlutaðeigandi félags gæti komið fram. Ég fyrir mitt leyti tel, að ákvæðið um atkvgr. í a. m. k. 24 klst. eigi að vera mikill trygging í þessum efnum. Þá er í þessum kafla, í 16. gr., ákvæði um fresti, þ. e. a. s., ef verkfall eða verkbann á að gera, þá ber að tilkynna það þeim, sem það beinist sérstaklega að, með 7 sólarhringa fyrirvara. Svo eru í 17. gr. ákvæði um það, í hvaða tilfellum, auk þess sem áður hefir verið nefnt, sé óheimilt að hefja vinnustöðvun. Það er þá fyrst út af ágreiningsatriðum, sem samkv. 4. kafla frv. eru lögð undir félagsdóm. Í öðru lagi er það ólögmætt samkv. þessu ákvæði að gera vinnustöðvun í þeim tilgangi, að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim l. samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim l. samkvæmt er skylt að framkvæma, þ. e. s., að það, sem nefnt hefir verið pólitísk verkföll, er hindrað með þessu ákvæði, enda er með því að gera pólitísk verkföll í raun og veru farið út yfir þann tilgang, sem verkföllin upphaflega hafa, og verkfallsrétturinn í sjálfu sér misnotaður. Þá er ennfremur ákvæði um það, að ekki megi hefja vinnustöðvun til styrktar félagi, sem hafi hafið ólögmæta vinnustöðvun.

Í 18. gr. er ákvæði um það, að ef vinnustöðvun hafi verið löglega hafin, þá sé óheimilt að reyna að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa, þ. e. a. s., ef t. d. verklýðsfélag hefir lýst yfir verkfalli á löglegan hátt, þá er hlutaðeigandi atvinnurekanda ekki heimilt að taka í vinnu menn úr því félagi, sem lýst hefir verkfallinu yfir.

Í raun og veru er með þessu ákvæði verið að staðfesta það, sem oftast hefir tíðkazt, að hinir svokölluðu verkfallsbrjótar hafa ekki verið látnir vinna, enda verður undir flestum kringumstæðum að telja óheppilegt, að svo sé gert, en það verður oft til þess, að óeirðir hljótast af, en ekki til þess, að deilan leysist.

Ég tel rétt í sambandi við ákvæði þessa kafla að minnast aðeins á það, hvernig tilsvarandi aðalákvæði í honum eru annarsstaðar á Norðurlöndum. Og það er þá fyrst og fremst ákvæðið í 16. gr., um þann frest, sem þarf að líða, áður en vinnustöðvun sé hafin.

Í Noregi getur orðið skylt að veita slíkan frest í hér um bil 16 daga, og veitist hann þá í raun og veru í þrennu lagi, þ. e. a. s., að fyrst er tilkynningarfrestur, áður en sáttasemjari tekur málið í sínar hendur, síðan er annar frestur fyrir sáttasemjara til að undirbúa málið, og loks þriðji fresturinn, sem líður frá því, að aðili hefir krafizt þess, að sáttaumleitunum sé lokið, og þangað til þeim er lokið.

Í Svíþjóð eru í l. samskonar ákvæði og hér, að það ber að tilkynna vinnustöðvun með viku fyrirvara.

Í Danmörku er þetta þannig, að í hinni svonefndu „septembersætt", sem eru samningsákvæði milli verkamanna og atvinnurekenda, eru ákvæði um, að tilkynna beri gagnaðilja það, ef till. um vinnustöðvun eigi að leggja fyrir félagsfund; og í öðru lagi eigi að tilkynna það, ef slík till. hafi verið samþ. í félaginu. Getur hér orðið um 14 daga frest að ræða. En í dönsku sáttasemjaralögunum eru ákvæði um það, að sáttasemjari geti gert það að skilyrði fyrir því, að leita um sættir, að aðili fallist á að gera ekki vinnustöðvun í vikutíma, meðan verið er að leita um sættir. — Ákvæðin, sem eru í 15. gr., um það, hversu vinnustöðvun skuli ákveðin, eru hliðstæð við þau ákvæði, sem helzt er að finna í áðurnefndri septembersætt í Danmörku.

Þá er þriðji kafli frv., sáttatilraunir í vinnudeilum. Samkv. 19. gr. á að skipta landinu í 4 sáttaumdæmi, sem þar eru nánar tilgreind, og skipar ráðh. 4 sáttasemjara, einn í hverju sáttaumdæmi, og sé einn þeirra yfirmaður hinna, eða ríkissáttasemjari. Þetta ákvæði er sett til þess, að sáttavaldið geti fylgzt betur með vinnudeilunum í landinu og sérstaklega aðdraganda þeirra. Reynslan er sú, að á seinni tímum, þegar deilur hafa risið úti á landi, hefir sáttasemjari hvað eftir annað orðið að setja annan mann þar á staðnum í sinn stað til að leita sátta.

Í 21. gr. eru ákvæði um það, hvernig sáttasemjarar skuli valdir, og er það ráðh., sem skipar þá samkv. tilnefningu frá félagsdómi. Þá eru ákvæði sett um það, að í sérstaklega alvarlegum vinnudeilum sé hægt að skipa sérstaka sáttanefnd, sem taki við hlutverki sáttasemjara. Þesskonar fyrirkomulag er í sænsku l. Um sáttasemjaraskilyrðin er það tekið fram, að sáttasemjarar megi ekki hafa þá aðstöðu, að líklegt megi telja, að þeir séu vilhallir í málefnum verkamanna og atvinnurekenda. Þær skyldur eru lagðar þeim á herðar, að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins í umdæmum sínum, og sérstaklega, hvort horfur séu á, að til vinnudeilu muni draga. — Þá er ákvæði um það, að öllum verklýðsfélögum og atvinnurekendum, sem ekki eru í atvinnurekendafélagi, sé skylt að senda sáttasemjara afrit af gildandi kaupsamningum og töxtum, svo að sáttasemjari geti jafnan vitað, hvernig þau mál standa; og sömuleiðis er lögð sú skylda á þessa aðilja, að senda sáttasemjara afrit af uppsögn á vinnusamningi, þar sem grein sé gerð fyrir því, hvers vegna uppsögnin hafi verið gerð, og þeim kröfum, sem aðili ætlar sér að gera, þegar þær kröfur hafi verið endanlega ákveðnar.

Þá eru ákvæði um skyldu sáttasemjara til að hefja sáttatilraunir og taka þær upp aftur, ef þær hafa mistekizt, og er það allt miðað við það, að ekki standi á sáttasemjara að gera sitt til, að deilan megi leysast, og að honum sé jafnan skylt að gera það ýtrasta, sem hægt er, til að leiða aðilja til sátta. Aðiljum er gert að skyldu að mæta á fundum, sem sáttasemjari boðar til, og sáttasemjara er heimilt að krefjast vitnaleiðslu af dómara um atriði, sem hann telur máli skipta fyrir deiluna. Loks er gert ráð fyrir því, ef ekki tekst að fá aðilja eða

samninganefndir til að sættast, þá beri sáttasemjari fram miðlunartill., og sé sú miðlunartill. lögð fyrir aðiljana og henni svarað játandi eða neitandi. Sáttasemjari ákveður svo í samráði við aðilja, hvenær og hvernig atkvgr. fari fram, og talning atkv. fari fram hjá sáttasemjara, að viðstöddum umboðsmönnum aðilja.

Í 32. gr. eru nánari ákvæði um atkvgr. um miðlunartill. sáttasemjara. Þar er sett sérstök regla um þátttöku í atkvgr. og hvaða úrslit þurfi að verða í atkvgr., til þess að samþ. eða fella miðlunartill., og sú regla er á þá leið, að miðlunartill. sé felld, ef minnst 50% greiddra atkv. eru á móti henni, enda hafi 35% atkvæðisbærra manna greitt atkv., þ. e. a. s., að einfaldur meiri hl. gildir því aðeins, að 35% atkvæðisbærra manna hafi tekið þátt í atkvgr.; ef færri en 35% atkvæðisbærra manna taka þátt í atkvgr., þá er svo ákveðið, að meiri hlutinn þurfi að hækka til að fella till., um einn af hundraði á móti hverjum einum af hundraði, sem þátttakan minnkar um; og ef færri en 20% hafa tekið þátt í atkvgr., telst miðlunartill. samþ., hvernig sem atkv. að öðru leyti hafa fallið, af því að þá er litið svo á, að sá áhugi fyrir deilunni hafi ekki verið til staðar, sem réttlæti það, að ekki sé gengið til sátta á þeim grundvelli, sem fyrir liggur. Þessi regla, sem hér er tekin upp, er tekin eftir ákvæðum dönsku l. um þetta efni, sem voru sett með dönsku sáttasemjaralögunum 1934. Að vísu er ekki tekin upp sama reglan og í Danmörku, heldur hefir n. búið til aðra reglu, sem gerir minni kröfur um þátttöku og meiri hl. heldur en gert er í dönsku l. En þau rök, sem fram voru færð fyrir því, að setja dönsku regluna, voru þau, að þegar um svo stóra ákvörðun væri að ræða sem það, að fella till. til sátta, sem borin hefði verið fram af umboðsmanni þjóðfélagsins, þá yrði að tryggja, að það kæmi fram, að nokkurnveginn hefði verið vilji fyrir því hjá hlutaðeigandi félagi að fella slíka sáttatill.

Í 34. gr. þessa kafla eru svo ákvæði um það, að ef sáttatilraunum hafi verið slitið án árangurs, þá geti ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið, til þess að almenningur geti fengið rétta hugmynd um deiluna. Þetta ákvæði er tekið eftir brezkri löggjöf, en í Bretlandi er mikið lagt upp úr því, að almenningur eigi kost á því að fylgjast með vinnudeilum og rökum deiluaðilja, til þess að almenningsálitið hafi þau áhrif, að aðiljarnir séu fúsari til sátta. Sumsstaðar á Norðurlöndum eru ekki ósvipuð ákvæði í sáttasemjaralögum og þetta.

Þá er fjórði og síðasti aðalkafli frv., um félagsdóm. Þar er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur dómstóll, sem hafi aðsetur sitt í höfuðstað landsins og nefnist félagsdómur. Verkefni hans á að vera það, að dæma, eins og segir í 44. gr., í málum, sem rísa út af kærum um brot á l. þessum og tjóni, sem orðið hefir vegna ólögmætra vinnustöðvana; í öðru lagi að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi, eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi, eða gildi hans; og í þriðja lagi á hann að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu a. m. k. þrír af dómendunum því meðmæltir; þ. e. a. s., að þessi dómstóll, sem þarna er gert ráð fyrir að setja á stofn, á að dæma um það, sem kallað er réttarágreiningur. Hann á ekki að vera dómstóll, sem ákveði kaup og kjör verkamanna. Hann á að vera dómur, sem skeri úr um það, ef fram kemur mismunandi skilningur af hálfu aðilja á þeim ákvæðum, sem gerður samningur hefir inni að halda, eða ef annarhvor aðili er kærður fyrir það að hafa brotið samningsákvæði, sem hann hefir gengizt undir, og ef aðili er kærður fyrir það að hafa brotið ákvæði þessara l. Þessi dómstóll er algerlega hliðstæður þeim vinnudómstólum, sem settir hafa verið upp í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og víðar, en hann er allt annars eðlis en t. d. sá vinnudómstóll, sem settur var upp á sínum tíma í Ástralíu, eða þeir föstu gerðardómar, sem stungið hefir verið upp á í frv., sem áður hafa verið lögð fram á Alþ., t. d. 1923 og 1929.

Það er gert ráð fyrir því, að dómurinn sé þannig skipaður, að í honum eigi sæti fimm menn, og séu þeir þannig tilnefndir í dóminn, að Alþýðusamband Íslands tilnefni einn og Vinnuveitendafélag Íslands annan, þó þannig, að ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki í Vinnuveitendafélaginu, þá víki fulltrúi Vinnuveitendafélagsins sæti, en fulltrúi frá atvinnurekandanum komi í hans stað. Tveir af dómurunum séu tilnefndir af hæstarétti, en einn sé tilnefndur af atvmrh. úr hópi 3 manna, sem tilnefndir eru af hæstarétti, þannig að valdinu til þess að skipa í dóminn er skipt á milli aðiljanna sjálfra, hæstaréttar og viðkomandi ráðh., þó þannig, að vald ráðh. er minnst.

Í 45. gr. er það ákvæði, að sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekenda skuli reka mál fyrir hönd meðlima sinna til þess að tryggja, að ekki sé komið með mjög smá og ómerkileg mál fyrir dóminn. Í 46.—69. gr. frv. eru ýmis ákvæði um meðferð mála og réttargang fyrir þessum dómstóli, og skal ég ekki fara nánar út í að rekja það hér. Yfirleitt er gert ráð fyrir munnlegum málflutningi, og ef mál er flutt munnlega, skuli kveða upp dóm innan sólarhrings eftir dómtöku. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að komið geti fyrir, að mál séu flutt skriflega, og um það eru sérstök ákvæði. Yfirleitt eru ákvæði þessa kafla miðuð við, að hægt sé að fá sem allra fljótast úrskurð þessa dómstóls. — Í 67. gr. er ákvæði um, að dómi, sem félagsdómur kveður upp, verði ekki áfrýjað, og er það venjulegt annarsstaðar um úrskurði slíkra dómstóla, og sömuleiðis að þau mál, sem heyra undir félagsdóm, verði ekki tekin til meðferðar af öðrum dómstólum.

Ég hefi þá nefnt hina 4 aðalkafla frv., en í síðasta kafla frv. — en þar er prentvilla, það stendur „4. kafli“ fyrir: 5. kafli — þar eru niðurlagsákvæði um sektir og um það, að nema úr gildi sáttasemjaralögin frá 1925.

Ég hefi þá með þessum orðum rakið aðalefni þessa frv., og ég hefi í upphafi míns máls gert grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem fyrir mér hafa vakað, og ég hygg fyrir allri n., við

samningu þessa frv., þ. e. a. s., að hafa hliðsjón af löggjöf þeirra þjóða, sem okkur eru líkastar, og þó jafnframt að taka tillit til íslenzkra staðhátta, þar sem við átti. Það má sjálfsagt um þetta frv. deila; ég mun ekki halda því fram, að það hafi ekki að einhverju leyti mátt vera betur úr garði gert. Ég geri ráð fyrir og veit það raunar, að andmæli gegn því muni koma úr tveimur áttum. Því hefir verið haldið fram af hálfu einhverra aðilja verkamannamegin, að þau ákvæði, sem hér eru sett, gætu verið til hindrunar fyrir verkamenn í vinnudeilum og þau séu of ströng, og hinsvegar, að þau ákvæði, sem verkalýðnum eru til hagsbóta, séu ekki mikils virði. Hinsvegar mun því vera haldið fram af einhverjum aðiljum atvinnurekendamegin, að ákvæðin gagnvart verkalýðnum séu of væg, og honum gefinn þarna einhver réttur, sem ekki er þörf á. Ég er því alveg viðbúinn, að slíkar aths. komi úr þessum tveimur áttum, og ef það verður, þá hygg ég, að megi telja þær nokkra tryggingu fyrir, að við samningu þessa frv. hafi nokkurnveginn verið hitt á meðalveginn, og það er enginn vafi, að ef á að tryggja heilbrigðan vinnufrið í landinu og heilbrigða meðferð þessara mála, þá er vænlegast að reyna að þræða meðalveginn milli þeirra krafna, sem uppi kunna að vera frá báðum aðiljum, því að við þá millileið er líklegast að flestir sætti sig. Yfirleitt hefir reynslan orðið sú á Norðurlöndum um vinnulöggjöf, sem þetta frv. er samið með hliðsjón af, að eftir að reynsla hefir verið komin á hana, hefir hún orðið vinsæl, og þar er svo með báða aðilja, að þeir munu fremur vilja hafa hana en hún væri ekki.

Það er ómótmælanlegt, að viðskipti verkamanna og atvinnurekenda og þeirra félagslegu samningar eru orðinn svo stór liður í þjóðfélaginu, að það er óforsvaranlegt, að eigi sé til löggjöf um slíkt eins og aðra hliðstæða þætti þjóðlífsins.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

Forseti (JörB): Ég skal geta þess, áður en lengra er haldið í umr., að mér hefir borizt ósk af hálfu Alþfl. um, að útvarpsumr. fari fram um málið við 3. umr. Ég get þessa nú, ef hv. þm. vildu hafa það til hliðsjónar við þessa umr.

***Thor Thors:** Þetta frv., sem útbýtt var hér í d. fyrir 2 dögum, kemur engum þm. á óvart, þar sem það eru jafnvel mánuðir síðan tilkynnt var, að slíkt frv. yrði borið fram af hendi stjórnarfl.

Við sjálfstæðismenn höfum á undanförnum 4 þingum flutt frv. um vinnulöggjöf. Það frv. hefir fengið daufar undirtektir í þinginu, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, enda þótt Framsfl. hafi jafnan staðhæft, að þeir hefðu mikinn áhuga fyrir setningu vinnulöggjafar. Það ber í raun og veru að fagna því, að Framsfl. hefir nú loks staðið við þessi ummæli sín og borið fram þann vísi til vinnulöggjafar, sem hér liggur fyrir. Ég tel þetta frv. vera spor í rétta átt og að þar sé gengið að nokkru til móts við þá nauðsyn, sem okkur er á því, eins og öðrum siðuðum þjóðfélögum, að skipa þessum mikilsverðu og örlagaþrungnu málum með lögum. Ég geri ráð fyrir að eiga kost á að taka einstök atriði frv. til meðferðar í allshn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, og mun að þessu sinni ekki gera einstök atriði frv. að umræðuefni. Frv. er í 4 köflum, og ætla ég að fara nokkrum orðum um hvern einstakan kafla, og þá jafnframt að gera nokkurn samanburð á till. okkar sjálfstæðismanna og þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Fyrsti kafli frv. er um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda. Í þeim kafla er að minni hyggju mjög lítið um nýmæli. Það er sagt í 1. gr., að menn eigi rétt til að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd. Það var óþarft að taka slíkt fram í þessari löggjöf, því að samkvæmt stjórnarskránni eiga menn rétt á að stofna hvaða félagsskap sem er í löglegum tilgangi. Hér er ekki um nein ný réttindi að ræða, heldur upptekningu á allsherjarreglu, sem gildir í stjórnarskrá landsins.

Þá eru nokkur atriði, sem eiga að teljast til réttinda verkalýðsins, m. a. það, að verkamenn megi skipa trúnaðarmenn á vinnustöðvum. Þetta er ekki heldur nýmæli; þetta er mjög víða, og hefir verið tiðkað um langt skeið.

Ég sé annars, að n. hefir gert nokkrar breyt. á þessum kafla frá hennar upphaflegu till. 9. gr. er felld niður úr fyrsta frv. n., en sú gr. fjallaði um það, að félagsdómur gæti ógilt gerða samninga þessara aðilja. M. ö. o., félagsdómur var í vissum tilfellum látinn hafa það hlutverk, að skipta sér af hagsmunaágreiningi aðilja. Ég taldi mjög óheppilegt, að n. skyldi ætlast til þess, því að það á að vera grundvallaratriði vinnulöggjafar, að hagsmunaágreiningurinn sé hjá aðiljunum sjálfum, en ekki ríkisvaldinu. Ég tel því til bóta, að þessi gr. hefir verið felld niður.

Um 2. kafla frv., um verkföll og verkbönn, vil ég segja, að ég tel hann til mikilla bóta, frá því sem verið hefir, enda er þar gengið inn á aðalatriðin í till. okkar sjálfstæðismanna, sem eru það, að vinnustöðvun sé ekki hægt að skella á gersamlega fyrirvaralaust.

3. kaflinn, um sáttatilraunir í vinnudeilum, er að miklu leyti sama efnis og till. okkar. Þó vantar eitt mjög mikilvægt atriði í þennan kafla. Það vantar með öllu heimild fyrir sáttasemjara til þess að fresta vinnustöðvun. Slíka heimild hefir sáttasemjari í Danmörku og Noregi; hann hefir þar beinlínis skyldu til að banna vinnustöðvun um nokkra hríð, meðan hann er að freista að koma sáttum á. Þetta atriði er ekki í frv., sem hv. þm. N.-Þ. flytur, og tel ég það mjög mikinn galla á frv., því að sá frestur á vinnustöðvun, sem sáttasemjari hefir í nágrannalöndunum, hefir oft reynzt nægilegur til þess að koma á sáttum, áður en til vinnustöðvunar hefir komið.

Um 4. kafla, um félagsdóm, er það að segja, að sá kafli er að efni til nærri sá sami og var í till. okkar sjálfstæðismanna um vinnudómstól Íslands. Það er breytt um nafn, en verksvið dómsins og tilhögun er nákvæmlega eins

og við sjálfstæðismenn höfum ætlazt til. Efnisniðurröðun þessa kafla er ekki eins skipuleg eins og æskilegt væri, og tel ég af þeim ástæðum nauðsyn á að breyta þar nokkuð til.

Ég vil sem sagt láta í ljós ánægju mína yfir, að stjfl. hafa stigið þetta spor. Því er ekki að neita, að frv. er ábótavant, að sumu leyti mjög ábótavant, en hér er um spor í rétta átt að ræða og nauðsyn þess viðurkennd, að við, eins og aðrar siðaðar þjóðir, höfum löggjöf á þessu sviði.

*Héðinn Valdimarsson: Þetta mál, vinnulöggjöf, hefir verið mikið umdeilt mál, fyrst og fremst milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekendanna, og svo seinna hér á þingi. Eins og kunnugt er, hefir Vinnuveitendafélagið látið bera fram frv. hvað eftir annað til þess að koma á föstum reglum frá þess sjónarmiði, en það frv. hefir ávallt sætt mótmælum frá verkalýðsfélögunum. Nú er komið annað frv. af hálfu Framsfl., sem undirbúið hefir verið af mþn., þar sem fulltrúar hafa verið frá Alþfl. og Framsfl. Á síðasta sambandsþingi Alþfl. var tekin sú afstaða til vinnulöggjafar yfirleitt, að verkalýðsfélögin óskuðu ekki eftir vinnulöggjöf, nema samfara því væru tryggð og aukin þeirra réttindi. Var þá ætlazt til, að í þeirri vinnulöggjöf væru ekki eingöngu tekin deilumálin milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga, heldur hin ýmsu mál, sem snerta vinnuna í landinu og frekari rétt verkalýðsins, svo sem tryggingarmál, vinnutíma o. fl. Þetta er ekki gert í frv. því, sem hér liggur fyrir, heldur eingöngu haldið sér við stéttarfélög og vinnudeilur, og það er ekki hægt að neita því, að meginhluti verkalýðsins telur, að svo miklu leyti sem hann hefir enn látið álit sitt í ljós, að þetta frv. sé alls ekki fullnægjandi. Þar fyrir er ég ekki að segja, að ekki sé hægt að gera þær breyt. á því, að hann geti sætt sig við það. Sum félög, sem látið hafa uppi álit sitt, hafa talið, að hægt væri að nota það sem grundvöll, en flest hafa talið, að gera þyrfti á því stórfelldar breyt., sérstaklega stærstu félögin.

Það er mikil áherzla lögð á það af þeirri n., sem unnið hefir að þessu frv., sérstaklega framsóknarmönnum, og eins hv. þm. Snæf., hvernig þessum málum er hagað í okkar nágrannalöndum, og sjálfsagt er það líka rétt að hafa hliðsjón af því, hvernig þeim málum er skipað þar. En mönnum hættir mjög við að vilja apa allt eftir okkar nágrannaþjóðum, án þess að skilja þann mun, sem er á öllum landshögum hér frá því, sem er í öðrum löndum, sérstaklega á Norðurlöndum, sérstaklega ef maður tekur vinnuskilyrðin þar og á hinum Norðurlöndunum, því að þar er kominn upp mikill iðnaður, svo að vinnulöggjöfin þar snertir mikið iðnaðarfólk og verksmiðjufólk. Hér er aftur á móti mjög mikið af verkafólki, sem gengur að lausavinnu, og þess vegna kemur löggjöf eins og þessi miklu harðara niður á því en verksmiðjufólki. Mörg af þessum verkamannafélögum álíta, að hér sé algerlega gengið á sinn rétt, en aftur á móti snertir þetta lítið þau stéttarfélög, sem vinna fasta vinnu, en þó álíta sumir þar, að gengið sé á þeirra rétt.

Þá er annað, sem mikið hefir verið fundið að þessari vinnulöggjöf, sem hér er borin fram, en það er, að hún sé borin fram með svo stuttum fyrirvara. Það er ekki nema einn mánuður, sem verkalýðsfélögin hafa haft málið til meðferðar, og ýmis þeirra hafa látið í ljós, að þau gæti ekki á svo stuttum tíma gefið fullnægjandi umsögn. Það er ekki heldur nein ástæða fyrir Framsfl. til að knýja slík l. fram, þó að hinsvegar sé ljóst, að Sjálfstfl. vill hvenær sem er koma slíkri löggjöf á.

Ég mun ekki fara mikið út í einstök atriði þessa frv.; til þess gefst tækifæri við bæði 2. og 3. umr. Ég mun flytja allmargar brtt. við frv. f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þar sem þetta mál hefir verið tekið til umr., og þar sem þessar brtt. hafa verið samþ. í mörgum félögum eða a. m. k. m. í þá átt, sumsstaðar þó ekki eins viðtækar, en í aðalatriðunum hafa aðfinnslurnar verið í þá átt sem ræðir um í þessum brtt., og ég vænti þess, að þingið taki tillit til þeirra atriða, sem þar koma fram. Ég segi ekki, að hver einasta brtt. hafi verið samþ., en í höfuðdráttunum hafa þær verið samþ., svo að verkalýðsfélögin sem heild ættu að geta sætt sig við það.

Ég vil geta þess í sambandi við það, sem hv. þm. Snæf. sagði viðvíkjandi kaflanum um rétt verkalýðsfélaga, að ég er þar svipaðrar skoðunar og hann, að ég álít, að í þessu frv. sé ekki mikið um aukinn rétt að ræða fyrir þau, vegna þess, að þar, sem getið er um verulega aukinn rétt, þurfi í raun og veru ekki að vera um neinn aukinn rétt að ræða. T. d. er það tekið fram, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög. Það var óþarft að taka slíkt fram, því að það er heimilt eftir stjórnarskránni, enda hafa verið hér stéttarfélög í 40 ár. Hinsvegar er ekkert tekið fram í þessu frv. um margviðurkenndan rétt, sem verkalýðsfélögin hafa. Frv. er því að þessu leyti haft á þann rétt, sem verkalýðsfélögin hafa aflað sér með langri baráttu og var fyrst ekki viðurkenndur af atvinnurekendum, en hefir svo smámsaman verið viðurkenndur af þeim. Mér finnst, að það minnsta, sem hægt var að gera fyrir verkalýðinn í löggjöf eins og þessari, sé að girða ekki fyrir þann rétt, sem þau nú hafa, svo að þau séu verr sett en áður.

Því verður ekki neitað, að í kaflanum um verkföll og verkbönn eru ýmis ákvæði, sem binda á margan hátt verkalýðsfélögin frá því, sem verið hefir. Sérstaklega taka þau valdið af félagsfundum til að gera ákvarðanir um ýmis efni. Atkvgr. á að vera leynileg, og í fjölmennum félögum, eins og Dagsbrún, mundi slík atkvgr. taka marga daga, og auk þess er tekinn réttur af félagsstjórnum til að skipa ýmsum málum, sem ekki eru samningsbundin.

Þetta frv. er lítið eitt öðruvísi en frv. það, sem fyrst var lagt fram af hálfu mþn., og eru þær breyt. ekki að öllu leyti til bóta. T. d. var það svo í fyrra frv., að verkamenn höfðu rétt til að kjósa einn trúnaðarmann, sem atvinnurekendur skyldu taka gildan, en samkvæmt þessu frv. eiga verkamenn að kjósa tvo menn, en atvinnurekendur velja um þá. Það er engin ástæða

til að láta atvinnurekendur hafa áhrif á, hvaða trúnaðarmenn verkalýðsfélögin kjósa.

Eins eru hér einstök atriði, þar sem þetta er lakara frá sjónarmiði verkalýðsins en jafnvel í frv. Vinnuveitendafélagsins. Vil ég sérstaklega benda á, að ekki er viðurkenndur taxti á sama hátt og í frv. Vinnuveitendafélagsins, eftir því sem ég bezt man, heldur er gert ráð fyrir eingöngu skriflegum samningum. Hér hefir oft tíðkazt taxti, og er engin ástæða til að taka þennan rétt af félögunum, ef engin sérstök mótmæli koma frá atvinnurekendunum.

Hér eru auðvitað mörg fleiri atriði, sem ég mun síðar minnast á í sambandi við þær brtt., sem ég mun bera fram, en ég vil sérstaklega geta þess nú, að mér finnst ekki eiga heima í frv. eins og þessu að banna verkföll, ef þau geta á einhvern hátt kallast pólitísk. Því verður ekki neitað, að pólitísk verkföll hafa fullkominn rétt á sér, og hjá verkamannafélögunum og verkamannastéttinni í nágrannalöndunum hafa þau verið notuð til mikilla hagsmuna fyrir þá stétt. Sósialdemókratarnir dönsku hafa einmitt notað pólitísk verkföll í baráttu sinni. Ég vona því, að Framsfl. viðurkenni nauðsyn þess, að þeirri leið sé ekki lokað, ef hann vill halda sér að þeim leiðum, sem sósialdemókratarnir í nágrannalöndunum hafa farið.

Viðvíkjandi félagsdómnum vil ég segja það, að honum hefir ekki verið fundið annað verulegt til foráttu en skipun hans. Verklýðsfélögin eru skiljanlega óánægð yfir því, að hæstaréttí er tryggður þar alger meiri hl. Og við sáttatilraunaákvæðin verður að fá fram breytingar, því að eins og þau eru nú, virðist sáttasemjari geta hagað atkvgr. eftir vild, gagnstætt vilja félaganna. Minar brtt. skera úr um allan vafa, að því er þetta atriði snertir. En eins og eðlilegt er, þykir mönnum það ekki ná nokkurri átt að láta sáttasemjara hafa víðtækara úrskurðarvald en meðlimina sjálfa.

Ég get að lokum lýst yfir því, að þó að ég sé frv. mótfallinn, eins og það liggur fyrir, þá myndi ég geta samþ. það, ef brtt. mínar yrðu teknar til greina. En sé það samþ., eins og það liggur nú fyrir, er það allt annað en velgerningur við verkalýðinn, og aðeins til þess að binda hendur hans í kaupdeilum.

*Finnur Jónsson: Afstaða Alþfl. til þessa máls er ákveðin með samþykkt, sem borin var fram á þingi Alþýðusambandsins 9. nóv. 1936 af þáverandi varaforseta þess, Héðni Valdimarssyni. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa upp samþykkt þingsins, er það gerði þá, því að hún markar afstöðu flokksins í þessu máli. En hún hljóðar svo:

„13. þing Alþýðusambands Íslands ályktar að vera mótfallið hverskonar nýrri vinnulöggjöf, nema því aðeins að með henni fáist full lagaviðurkenning fyrir rétti Alþýðusambands Íslands og sambandsfélaga þess til verkfalla, auðveld og skjót málssókn vegna samningsrofa af hálfu atvinnurekenda og að öðru leyti verulega aukin réttindi fyrir alþýðusamtökin, frá því sem nú er. Telur þingið heppilegast, að Alþingi láti mþn., þar sem Alþýðusambandið hafi fulltrúa, athuga málið, og leitað verði að nýju álits Alþýðusambandsins, áður en málið yrði útkljáð, enda yrði engin löggjöf sett um þetta mál, áður en aðalatriði hennar yrðu lögð fyrir sambandsfélögin og hefðu náð samþykki Alþýðusambandsins. Þingið er sérstaklega andvígt lögákveðnum gerðardómum um kaupgjald og önnur vinnukjör, sem settir kynnu að verða án samþykkis alþýðusamtakanna, en telur hinsvegar lögákveðna gerðardóma um samningsrof vera heppilegri en hina venjulegu dómstóla, enda yrði þóknun gerðardómsins greidd af því opinbera."

Nú hefir þessum málum af Alþfl. verið hagað í samræmi við þessa samþykkt. I. kafli þessa frv., sem saminn er af mþn., inniheldur ýms réttindi, eins og vikið er að í fyrrnefndri samþykkt, t. d. fulla lagaviðurkenningu fyrir Alþýðusambandið og félög þess. En hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. eru sammála um, að þessi kafli sé þýðingarlítill fyrir félögin, því að hann vill ekki láta samþ. hann. Hann vill ekki láta veita félögunum þessi nýju réttindi. (GÞ: En stjórnarskráin?) Það er nú svo með hana, að ýmsir atvinnurekendur hafa hundsað rétt verkalýðsfélaganna þrátt fyrir stjórnarskrána. Í þessum kafla er gert ráð fyrir verklýðsfélögunum sem lögmætum samningsaðilja um kaup og kjör. Viðurkenning á þessum rétti hefir t. d. kostað verklýðsfélagið Baldur á Ísafirði 6 ára baráttu, og er það ekki eina félagið, sem þá sögu hefir að segja. Þessi barátta félaganna hefir oft endað svo, að þau hafa orðið að láta í minni pokann eða hætta störfum í bili, af því að þau hafa ekki verið nógu sterk. Í mörgum kaupstöðum hér á landi hafa verklýðsfélögin verið stofnuð tvisvar og þrisvar, áður en þau hafa verið viðurkennd sem réttur samningsaðili. Þegar því hv. þm. Snæf. telur þennan kafla þýðingarlausan fyrir verklýðsfélögin, meinar hann, að það sé þýðingarlaust fyrir atvinnurekendur að veita þeim þennan rétt. En ég skil ekki afstöðu hv. 3. þm. Reykv., sem hingað til hefir talið sig andstæðing atvinnurekenda og hefir viljað veita félögunum þennan rétt, þó að hann lýsi honum nú sem þýðingarlitlum fyrir félögin.

Það má segja, að nú sé búið að stofna verklýðsfélög víðast hvar um landið. En nú eru að rísa upp ný atvinnufyrirtæki hér og hvar, það eru að koma upp ný þorp og nýjar iðngreinar, sem gera nauðsynlega stofnun nýrra félaga. Og slík félög hefðu ekki, samkvæmt núgildandi l., rétt sem samningsaðiljar og yrðu því að berjast fyrir honum. Og ef tillit er tekið til þess, hvað slík barátta hefir kostað önnur félög, þá kemur það úr hörðustu átt, þegar maður, sem talið hefir sig til Alþfl. í mörg ár, segist líta á þetta sem þýðingarlítið atriði.

Það er auðvitað langt frá því, að þessi löggjöf sé að öllu leyti eins og Alþfl. hefði kosið. En þó er ekki hægt að neita því með rökum, að hún er talsvert frjálslyndari í garð verkalýðsfélaganna en samskonar löggjöf á Norðurlöndum. Ég vil beina því til hv. 3. þm. Reykv. að afsanna þessi orð mín, ef hann getur, og nefna dæmi, er sýni, að þessi vinnulöggjöf gangi skemmra en samskonar löggjöf á Norðurlöndum, sem okkar flokksbræður þar telja viðunandi.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að réttur til verkfalla sé viðurkenndur, og auk þess er gert ráð fyrir auðveldari og skjótari málssókn vegna samningsrofa af hálfu atvinnurekenda, enda lýsti hv þm. engum aths. við þennan kafla.

Þá er gert ráð fyrir, að leitað verði álits Alþýðusambandsins að nýju og löggjöf þessi lögð fyrir öll félögin. Hvorttveggja hefir verið gert. Afstaða félaganna innan sambandsins er þannig, að af 44, sem látið hafa uppi álit sitt, eru 29 frv. fylgjandi. Nokkur þeirra samþ. það óbeytt, en önnur gera uppástungur um fremur litilvægar breytingar. Hinsvegar eru 15 félög, sem hafa að nokkru leyti tekið afstöðu gegn frv. Sum þeirra hafa gert það að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að á því verði gerðar nokkuð stórvægilegar breytingar og endurbætur. Það má að vísu segja, að þessi félög séu misjafnlega mannmörg, svo að vilji þeirra komi ekki fyllilega í ljós af þessum upplýsingum. En ég veit þó ekki til, að í nokkru félaginu hafi farið fram allsherjaratkvgr. um málið, heldur kemur álit Alþýðusambandsins fram í fundasamþykktum, sem hin einstöku félög hafa gert. Því er ekki hægt að neita, að þau félög, þar sem mikill hluti félagsmanna hefir greitt atkv., eru frv. yfirleitt fylgjandi, en um afstöðu einstakra félagsmanna má deila. En meðan ekki fer fram allsherjaratkvgr., er ekkert hægt að staðhæfa um það, hvort meiri hl. meðlima félaganna er málinu fylgjandi eða ekki. Þó vil ég geta þess, að meðlimatala þeirra félaga, er vilja samþ. frv. að mestu leyti óbreytt, og hinna, sem vilja stórvægilegar breytingar eða eru algerlega á móti frv., er nokkurnveginn jöfn. En þar sem flest félögin hafa látið það álit í ljós, að rétt sé að samþ. frv., og þá að mestu leyti með óverulegum breytingum, þá er það í samræmi við vilja meiri hl. félaganna, að Alþfl. mun greiða atkv. með málinu hér á þingi.

Þetta frv. felur ekki í sér nein ákvæði um gerðardóm, nema út af samningsrofum, en það er í samræmi við samþykkt alþýðusambandsþingsins, sem borin var fram af hv. 3. þm. Reykv. og ég las upp áðan.

Hv. þm. hélt því fram, að í kaflanum um verkföll og verkbönn feldust miklar hindranir fyrir félögin, og að þar væru tekin af stj. félaganna réttindi, sem þær hefðu nú. Ef það er á annað borð rétt að ganga út frá því, að alþýðusamtökin í landinu séu ekki á móti því, að settar séu reglur um þessi mál, þá ber að athuga, að hve miklu leyti þessar aðfinnslur hv. þm. eru á rökum byggðar. Í þessum kafla er gert ráð fyrir, að félög verkamanna og atvinnurekenda hafi heimild til vinnustöðvana eftir leynilega atkvgr., sem staðið hafi í 24 klst. Í öðru lagi, að félagstj., sem hefir með almennri atkvgr. fengið leyfi til að taka ákvörðun um vinnustöðvun, geti ákveðið verkfall, og að ¾ hlutar trúnaðarmannaráðs geti ákveðið verkfall. Nú eru engin ákvæði í frv. um það, til hve langs tíma verklýðsfélag geti fengið stj. sinni heimild til að ákveða verkfall. Félagið gæti t. d. gefið stj. ársheimild til þess. Þá eru heldur engin ákvæði um það, hve margir menn skuli vera í trúnaðarmannaráði, er geti ákveðið verkfall. Þess vegna eru ekki á þessu þær hömlur, sem hindrað geti að verulegu leyti starfsemi félaganna. Ég get ímyndað mér, að þetta sé eitt þeirra atriða, sem hv. þm. Snæf. taldi verulega galla á frv. En hitt skil ég ekki, að hv. 3. þm. Reykv. telji þessi ákvæði galla. Ég hefi ekki enn gert ráð fyrir, að hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. væru sammála um, hvernig leysa ætti kaupdeilur.

Að vísu er í frv. gert ráð fyrir, að verkföll um kaup og kjör megi ekki fara út í nema með 7 daga fyrirvara. Ef til vill telur hv. 3. þm. Reykv. þetta hindrun á starfsemi félaganna. En ég get ekki séð, að þetta sé óhæfilegur frestur. Skyndiverkföll út af öðrum málum en kaupi og kjörum eru aftur á móti ekki bönnuð, t. d. út af því, ef atvinnurekandi stendur ekki við gerða samninga. Þessi frestur er meiri á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku 21 dagur, ef sáttasemjari vill það við hafa. Í Noregi getur fresturinn orðið allt að 16 dagar, og í Svíþjóð er hann 7 dagar. Frestur sá, sem hér er ákveðinn, er því sá styzti, sem þekkist á Norðurlöndum. Í frv. sjálfstæðismanna gat aftur sáttasemjari framlengt frestinn upp í 27 eða 30 daga, — ég man ekki hvort heldur. Ég get ímyndað mér, að þetta sé eitt þeirra atriða, sem hv. þm. Snæf. telur mikinn galla á frv. En ég skil ekki, að hv. 3. þm. Reykv. vilji telja þetta megingalla, nema þá að skoðanir þessara hv. þm. fari nú meira saman en áður var.

Ég held, að ég þurfi ekki, að svo stöddu, að taka fleira fram í þessu máli. Ég ítreka það og bendi á það enn á ný, að Alþýðusambandið hefir ekkert á móti því, að settar séu reglur um það, hvernig haga skuli baráttunni í kaupgjaldsmálum, reglur sem gildi fyrir báða aðilja, bæði verklýðsfélögin og atvinnurekendur. Ég fyrir mitt leyti verð að lýsa því yfir, að ég álít, að það frv., sem liggur hér fyrir, sé nákvæmlega í þeim anda og eftir þeim bókstaf, sem 13. þing Alþýðusambandsins lagði fyrir þingmenn sína að fara eftir.

Eins og ég tók fram áðan, þá hefði Alþfl. kosið að gera nokkrar breyt. á frv., en hann gerir það þó ekki að verulegu kappsmáli að svo komnu, vegna þess að ekki er hægt að benda á það, að þetta frv. að neinu leyti skemmi fyrir verkalýðnum, en það gengur í mörgum atriðum lengra heldur en sú löggjöf, sem flokksbræður okkar jafnaðarmanna á Norðurlöndum eru fyllilega ánægðir með.

Einar Olgeirsson: Það er svo oft búið að ræða þetta frv. áður en það kom til d., að ég tel ekki þörf á að gera langa greinargerð fyrir stefnulegri afstöðu okkar kommúnista til vinnulöggjafar. Ég er búinn að gera það svo oft áður, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég vil segja það, að ég er á móti þessu frv. sem heild, og ég veit, að meiri hlutinn af hinum skipulagða íslenzka verkalýð er á móti því. Og það stafar af því, að verkalýðshreyfingunni — eða meiri hluta hennar a. m. k. — er það ljóst, að allt það, sem verkalýðurinn getur knúið fram, byggist fyrst og fremst á valdi hans og samtakamætti, en ekki á neinum lagabókstaf.

Verkalýðurinn á Íslandi hefir sína reynslu af því, að þótt verið sé að setja lög, sem í nokkrum smávægilegum atriðum eru honum til hagsbóta, þá eru þessi lög þverbrotin eða svikin af löggjafarvaldinu, ef verkalýðurinn er ekki nógu sterkur til að hindra það með sínum samtakamætti. Það voru sett fyrir 35 árum l. um kaupgreiðslu í peningum, og það eru l., sem maður gæti ætlazt til, að framkvæmd væru af framkvæmdavaldinu. Þessi l. eru þverbrotin á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem verklýðssamtökin eru ekki nógu sterk til þess að knýja þetta fram. Það, sem verkalýðurinn verður að byrja á í sambandi við l., sem sett eru honum til hagsbóta að einhverju leyti, er fyrst og fremst það, að hann eigi styrkleika og samtök til að geta framkvæmt þau. Það sést bezt, að verkalýðurinn fær ekki sitt, þar sem það er komið undir löggjafarvaldinu einu, því að þegar verklýðsflokkurinn hér á þingi semur við Framsfl. um l. um verkamannabústaði, þá eru þessi l. öll síðustu 6 árin þverbrotin, og í raun og veru svikin, þannig að verkalýðurinn fær ekki framgengt þeim hagsmunum, sem honum voru ætlaðir með l. Það er því til lítils fyrir þá menn, sem vilja kenna sig við verkalýðshreyfinguna og mæla með þessu frv., að ætla sér að halda því fram, að með þessu sé verið að bæta nokkuð kjör verkalýðsins. Verkalýðnum er því aðeins not að slíku, að hann geti framkvæmt það með sínum eigin samtökum, og þá væri alveg rangt að fara að kaupa það að koma inn í l. nokkrum ákvæðum, sem eru verkalýðnum kannske til hagsbóta, ef það kostar það, að fá svo inn fjölda af ákvæðum, sem eru verkalýðnum skaðleg. Þótt einhver ákvæði kæmust inn í l., sem verkalýðurinn telur sér vera hagsbót í, þá er engin trygging fyrir því, að þau verði ekki nokkru seinna afnumin og gerð þá verri þau ákvæði, sem rýra réttindi hans og eru honum til tjóns, eins og dæmi eru til um. Það kemur úr hörðustu átt, þegar Alþfl. er að tala um slíkt, sem horft hefir upp á framkvæmdina á l. um verkamannabústaði, og eftir þeirri reynslu, sem Alþfl. og þm. hans og verkalýðurinn hafa haft af því máli.

Við þm. Kommfl. erum á móti þessu frv. sem heild og móti því, að það nái fram að ganga. Við erum þar í samræmi við meiri hluta hins íslenzka verkalýðs, sem tekið hefir þetta frv. til meðferðar og lýst sig andstæðan því. Ég þarf ekki sérstaklega að gera grein fyrir ástæðunum. Við erum á móti því, að sett sé löggjöf, sem verði til þess að rýra verkfallsréttinn og takmarka baráttukraft verkalýðsins í sambandi við stéttabaráttu hans og frelsisbaráttu.

Ég verð að leyfa mér í sambandi við þetta frv. að fara út í einstakar gr. þess, þótt það eigi að ræða þær við 2. umr., vegna þess, að eftir því, hvernig þetta frv. kemur úr n., kemur verkalýðurinn til með að haga sinni baráttu að miklu leyti utan þings og eftir á, ef þetta frv. verður keyrt í gegn. Það er þess vegna rétt fyrir þá menn, sem hafa með þetta mál að gera, að reyna að gera sér það ljóst, að ef ætlunin er að setja þarna þvingunarlöggjöf á móti vilja meiri hluta verkalýðsins, þá munu verkalýðssamtökin nota það vald, sem þau hafa yfir að ráða, til þess að brjóta slíka löggjöf á bak aftur. En ef meiningin er aftur á móti sú, að taka að einhverju leyti tillit til verkalýðsins, þá er tækifæri til að sýna það í verki nú strax við afgreiðslu frv. til n. og 2. umr.

Ég geng út frá því, að verkalýðurinn í Reykjavík og víðar láti afstöðu sína mjög eindregið í ljós í sambandi við þetta frv., ekki aðeins með samþykktum, sem þegar hafa verið gerðar, heldur líka með öðrum ráðum, sem hann hefir yfir að ráða. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega skora á Framsfl.þm. að athuga sinn gang og spyrja þá að því, hvernig þeim myndi hafa líkað það, ef sett hefði verið löggjöf um samvinnufélögin, sem væri þvert á móti vilja samvinnufélaganna. Ég vil spyrja þá að því, hvort þeir hefðu ekki litið á það sem kúgun, og hvort þeir myndu þá vera slíkar liðleskjur, að berjast ekki á móti slíkri kúgun. Einhverntíma hefði það verið svo, að íslenzkir bændur hefðu ekki látið bjóða sér það að beita samtök þeirra þvingunarvaldi frá hálfu löggjafans með löggjöf, sem þeir væru andvígir. Eins er það með íslenzka verkalýðinn nú.

Í sambandi við afstöðu Framsfl. í þessu máli, þá vil ég geta þess, að ég býzt við, að þar hafi valdið dálitlu þær vinnudeilur, sem orðið hafa milli S. Í. S. og verkalýðssamtakanna í landinu. Ég vil láta þá skoðun í ljós, að það sé hægt að komast hjá þessum vinnudeilum, ef þar væri stjórnað á annan hátt en verið hefir til þessa. Ég álít, að milli samvinnuhreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar sé hægt að jafna þann ágreining, sem verða kann milli þeirra, þar sem S. Í. S. hefir með að gera almennan atvinnurekstur, með vinsamlegum samningum milli þessara aðilja. Ég vil benda á það, að stærsta kaupfélagið á Íslandi, Kron, gerði á síðasta aðalfundi einróma samþykkt þess efnis, að óska eftir, að komið væri á viðtalssamningi milli S. Í. S. og Alþýðusambandsins, til þess að tryggja lausn kaupdeilna, sem fram kynnu að koma milli þessara aðilja, á þann hátt, að ekki þurfi að verða slíkir árekstrar, sem orðið hafa undanfarið. Ég álít það mögulegt fyrir þessi stóru sambönd í landinu að finna mildari leið til þess að jafna ágreining sín á milli en að þurfa að láta lagaþvingun koma þar til. Sú umhyggja, sem Framsfl. ber fyrir S. Í. S., ætti því ekki að þurfa að hrinda honum út í það að samþ. þessa vinnulöggjöf, sem hér liggur fyrir. Það væri þá eingöngu það, að vilja vinna í þágu einkaatvinnurekendastéttarinnar. Hv. frsm. sagði í framsöguræðu sinni, að það myndi koma óánægja með þetta frv. frá hálfu atvinnurekenda. Hann hefir nú heyrt, hvað einn aðalfulltrúi atvinnurekenda, hv. þm. Snæf., hefir sagt um þetta. Hann sagðist ganga inn á þetta frv., því að í því væru aðalatriðin úr frv. sjálfstæðismanna. Þessi sami þm. margendurtók ánægju sína með, að þetta frv. væri komið fram. Og þótt hann í einstökum atriðum óskaði eftir því, að það væri dálítið öðruvísi, þá hefir hann sjálfsagt aldrei látið sig dreyma um það, að nokkurntíma væri farið eftir hverjum einasta

bókstaf, sem Eggert Claessen hafði fyrirskrifað. Hv. þm. hefir þess vegna orðið fyrir algerðum vonbrigðum, ef hann hefir búizt við því, að atvinnurekendur væru óánægðir með þetta frv. Óánægjan með þetta frv. er fyrst og fremst frá hálfu verkalýðsins, þar sem meiri hluti hans er andstæður því. Þessum hv. þm. og þeim, sem með honum standa, er bezt að gera sér það ljóst, að með þessu er verið að setja löggjöf fyrir atvinnurekendastéttina í landinu móti vilja verklýðssamtakanna.

Viðvíkjandi afstöðu Alþfl.fulltrúanna, sem sæti eiga hér á þingi, hægrimannanna, en einn úr þeirra hópi var að ljúka máli sínu hér áðan, þá vil ég, áður en ég fer sérstaklega í þann kafla, sem hv. þm. Ísaf. gerði hér að umtalsefni, vekja eftirtekt þeirra á því, að ég er hræddur um, að þeir séu hér að láta hafa sig út í slæman skollaleik með því að fá þá til að vera með í því að samþ. þetta frv. Atvinnurekendastéttin veit það vel, að það er ekki hægt að byrja að setja vinnulöggjöf nema að fá part úr verkalýðshreyfingunni með sér. Hún þorir það ekki. Hún hefir áður haft meiri hluta hér á þingi, þar sem Íhaldsflokkurinn var í hreinum meiri hluta, en hún hefir samt ekki þorað að setja slík ákvæði. Fyrir atvinnurekendastéttina hér á landi var því um að gera að reyna að bíða eftir tækifæri, þegar hægt væri að fá hluta úr verkalýðshreyfingunni með sér, og reyna að kljúfa verklýðshreyfinguna í bili og veikja mótspyrnukraft hennar með því að hafa sambandsstjórnina í Alþýðusambandinu að einhverju leyti með sér, þótt félögin vilji það ekki. Það er þess vegna hið hættulegasta í sambandi við vinnulöggjöf, að láta koma henni á í fyrsta skipti í hvað saklausu formi sem hún er í. Það er auðvelt fyrir atvinnurekendur, þegar einu sinn er búið að koma á vinnulöggjöf, að gera hana mjög svo bölvaða smátt og smátt eða að hreinum og beinum þrælalögum með breyt. á hverju þingi. Það er þá hægt að rýra þau smáu réttindi, sem eru veitt, en gera þau ákvæði, sem eru til tjóns, enn verri. Það er þess vegna aðalatriðið fyrir verklýðshreyfinguna sem heild, að henni takist að hindra það, að vinnulöggjöf komist á. Og hvað er verið að fá meiri hluta alþýðusambandsstjórnarinnar út í og hina 7 þm. hennar með þessu móti? Það er verið að fá þá til þess að samþ. þessa vinnulöggjöf, sem hér liggur fyrir, án þess að það sé nokkuð á þeirra valdi, hvað bölvaða er hægt að gera hana eftir á. Það er hægt að nota þá til að koma þessu í gegn og hafa samvinnu við þá á þessu þingi, en svo er hægt að sparka þeim, þegar búið er að vinna þetta, og gera vinnulöggjöfina þá margfalt verri heldur en hún var. Ég vil alvarlega vara þessa 7 þm. við því að láta hafa sig til þessa. Með þessu er verið að smeygja fjötri á verkalýðinn, sem erfitt mun reynast að hrista af á eftir, og þá ráða þessir þm. ekki neitt við það, þegar búið er að hjálpa til að koma þessu á. Þegar búið er að setja vinnulöggiöf, þá mun vissum mönnum í Framsfl. og Sjálfstfl. finnast kominn tími til að slíta samvinnunni til vinstri. Þá eru þeir búnir að ná því, sem þeir þurfa að ná. „Þegar þrællinn er búinn að vinna sitt hlutverk, þá má hann fara", segir þýzkt máltæki.

Hv. þm. Ísaf. talaði um það hér áðan, að meiri hlutinn af verkalýðsfélögunum hefði lýst sig fylgjandi þessu. Það er ekki rétt. Ég vil skora á hv. þm. að leggja fram fyrir hv. d. skýrslu um afstöðu verklýðssamtakanna, innan Alþýðusambandsins og utan, í þessu máli. Ég vil leyfa mér að minna hv. þm. á það, að eftirfarandi félög í landinu hafa samþ. mótmæli gegn þessu frv.: Dagsbrún, Iðja, Þvottakvennafélagið Freyja, Sveinafélag múrara, Bakarasveinafélag Íslands, Hlíf í Hafnarfirði, Þróttur á Siglufirði, Drífandi í Vestmannaeyjum, Verklýðsfélag Norðfjarðar, Verkamannafélag Húsavíkur, verklýðsfélagið Hvöt á Hvammstanga, verkakvennafélagið Snót í Vestmannaeyjum, Verklýðsfélag Eskifjarðar, Bjarmi á Stokkseyri, Vélstjórafélag Akureyrar, Bílstjórafélag Akureyrar, verkakvennafélagið Eining á Akureyri, A. S. B. Öll þessi félög hafa mótmælt vinnulöggjöfinni eða krafizt stórfelldra breytinga á henni. Í þessum félögum eru 5—6 þús. manns, en það er meiri hlutinn af meðlimum Alþýðusambandsins, og hefir hann því lýst sig mótfallinn eða a. m. k. óskað það stórra breyt. á frv., að það mundi eyðileggja það, sem er skaðlegt fyrir verkalýðinn í þessu frv. Það liggur þess vegna hér fyrir, að meiri hlutinn af hinum íslenzka verkalýð hefir tekið afstöðu á móti frv., og ef það væri borið undir félög, sem enn hafa ekki tekið afstöðu til þess, eins og t. d. Sjómannafélag Reykjavíkur, sem er eitt af stærstu félögunum, þá myndu þau líka mótmæla því.

Það, sem sérstaklega vekur eftirtekt í sambandi við þessi félög, er, að þetta eru sterkustu félögin í landinu og þau félög, sem eru vald. Það þýðir lítið, þótt það komi samþykki með vinnulöggjöf frá verklýðsfélagi á Hrútafirði, Blönduósi eða Fáskrúðsfirði. Slík félög hafa ekki neitt verulegt að segja. En þegar það félag, sem er sterkasta félagið á Íslandi, Dagsbrún, sem er hornsteinninn undir valdi Alþýðusambandsins og allt gildi þess sem fagsambands byggist á, er á móti þessu, þá er það nokkuð, sem skynsamlegt er að taka tillit til. Sama er að segja um félögin á Siglufirði og í Vestmannaeyjum, eða önnur þau félög, sem hafa mikið að segja í sambandi við atvinnulífið. Þessi félög eru það valdið, sem rétt er fyrir þá aðilja, sem ætla sér að samþ. vinnulöggjöfina, að taka tillit til.

Það er rétt hjá hv. þm. Ísaf., að nokkur félög, sérstaklega hin smærri, hafa mælt með frv. Það eru hin smærri og veikari félög, sem mælt hafa með frv. Þetta er nokkuð, sem hefir sína stóru þýðingu í sambandi við þá baráttu, sem átt hefir sér stað og kemur til með að eiga sér stað í sambandi við þá frelsisbaráttu, sem háð er gegn þessu þrælafrv.

Þá ætla ég að fara inn á einstaka kafla frv. Fyrsti kaflinn á að vera til hagnaðar fyrir verkalýðinn, og það er sá kafli, sem hv. þm. Ísaf. leggur sérstaklega mikið upp úr. Hann er líka það agn, sem alþýðusambandsstjórnin ætlar að fá menn til að ganga inn á þetta frv. með,

og er honum sérstaklega veitað framan í verkalýðinn í sambandi við væntanlega samþykkt þessa frv. Í þessum kafla eru engin réttindi, sem verkalýðurinn hefir ekki þegar gert að veruleika, þar sem hann er nógu sterkur. Það er langt frá því, að þarna séu öll þau réttindi, sem hann hefir gert að veruleika, þar sem hann er nógu sterkur. Það er hinsvegar vitanlegt, að þau ákvæði í þessum kafla, sem veita verkamönnum réttindi, verða hrein og bein pappírsákvæði, þar sem verkalýðurinn er ekki nógu sterkur til að framkvæma þau. Hv. þm. Ísaf. tekur í því sambandi 5. gr., sem er um það, að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili. Verkalýðsfélögin íslenzku hafa barizt fyrir því, að þau væru viðurkennd sem samningsaðiljar gagnvart atvinnurekendum. Þau hafa háð harðvítuga baráttu um þetta, en þau hafa knúið þetta fram, þar sem þau hafa verið nægilega sterk til þess. Þar sem þau eru búin að knýja þetta fram, þá hafa þau þessi réttindi, og þau verða ekki af þeim tekin. En þar sem þau eru veik og hafa ekki knúið þetta fram, — hvað hjálpar þá þetta pappírsgagn slíkum félögum? Atvinnurekandi á þeim stað, þar sem er veikt verkalýðsfélag, getur sagt, að hann semji ekkert við það og ákveði ekkert kaup. Þangað til þetta félag er orðið nógu sterkt til þess að geta gert verkfall og stöðvað vinnu með þeim ráðum, sem það hefir yfir að ráða til þess, hefir það sitt mál ekki í gegn, þótt það standi í l., að það sé viðurkennt sem samningsaðili. Atvinnurekandinn er samt ekki skyldugur til að semja við það. Hann getur jafnt eftir sem áður ákveðið kaupið, sem hann vill greiða, og neitað að tala við verkalýðsfélagið. Það er ekkert, sem fyrirskipar, að það megi ekki greiða kaup á neinum stað á Íslandi nema eftir samningi, sem gerður hafi verið milli atvinnurekanda og verkalýðsfélags annarsvegar. Ef verkalýðsfélagið á viðkomandi stað er ekki nógu sterkt, þá er þetta pappírsákvæði, en ef það er nógu sterkt til að knýja þetta fram, þá er það einskisvirði líka.

Hvað snertir það, sem hv. þm. Ísaf. var að halda fram, að væri sérstaklega þýðingarmikið, að þetta mundi spara verkalýðsfélögum úti á landi þá 6 ára baráttu, sem Baldur á Ísafirði hefði orðið að heyja til þess að fá þetta fram, þá er hægt að segja, að það eina, sem geti komið að gagni, sé, að verkalýðsfélögin annarsstaðar hjálpi nógu rösklega. Með því er hægt að hjálpa, þar sem þetta lagaákvæði í 5. gr. hjálpar ekki neitt.

Þá er það viðkomandi gr. um það, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar. Þetta gerir frekar að rýra þann rétt, sem verkalýðsfélög hafa samkvæmt stjskr. Hvers vegna er verið að takmarka þetta við hagsmunamál verkalýðsins? Verkalýðurinn berst fyrir meiru en sínum hagsmunum í sambandi við kaupgreiðslur. Það kom líka greinilega fram hjá hv. flm. frv., að það er verið að reyna að banna verkalýðsfélögunum að nota sitt samtakavald í sambandi við það, sem kallað er pólitík. Nú er allt það, sem kallað er venjuleg pólitík, jafnskylt hvort sem um er að ræða eitthvert atriði, sem varðar að meira eða minna leyti löggjafarmál eða kaupgjaldsmál. Það er sama valdið, sem ákveður um það, hvort hægt er að koma því í gegn, vald verkalýðssamtakanna í þessu sambandi. Og takmörkun á þeim tilgangi, sem verkalýðsfélögin þannig hafa, nær vitanlega engri átt.

Þá er það 3. gr., en þar eru ákvarðanir viðvíkjandi stéttarfélögum og viðvíkjandi réttindum stéttarsambanda. Ég vil segja það í sambandi við þessa gr., að með tilliti til ástandsins, sem ríkir í hinum skipulagða íslenzka verkalýð, þá vanta í þessa gr. ákvæði um það, eigi félög og einstaklingar í þeim að vera eins skuldbundin samþykktum eins stéttarsambands eins og þar er ákveðið, að viðkomandi samband eigi að vera byggt á lýðræðisgrundvelli og að meðlimir í viðkomandi félögum séu jafnréttháir, og ekki sé leyfilegt að hafa í sambandi við þær ákvarðanir, sem teknar eru í slíkum samböndum, neinar útilokanir. Það verður að gilda fullt jafnrétti á venjulegum lýðræðisgrundvelli. Það verður að koma þarna fram í setningu löggjafar um verkalýðsfélög, sem eiga að veita mönnum réttindi og leggja jafnframt á þá skyldur, að menn hafi jafnrétti í þessum félögum.

Það er ennfremur nauðsynlegt í sambandi við það, sem tekið er fram í 2. gr., að þessi félög skuli vera opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein, að ekki megi banna mönnum af pólitískum ástæðum að ganga í þau. En ástandið er þannig nú, að víða er verkamönnum bannað að ganga inn í þau félög, sem fyrir eru í Alþýðusambandinu, af pólitískum ástæðum. Þetta atriði verður að athuga, því að Alþ. getur ekki verið þekkt fyrir að setja löggjöf, sem beinist vísvitandi að því, að gera þegnum þjóðfélagsins mismunandi hátt undir höfði.

Þá er 4. gr. Þar eiga að vera ákvæði, sem koma í veg fyrir pólitískar ofsóknir á hendur verkamönnum af hálfu atvinnurekanda. Þessi grein er blátt áfram hlægileg, þegar athugað er ástandið, sem ríkir á Íslandi í þessu efni. Það er vitað, að skipulagðar njósnir eru reknar af hálfu Vinnuveitendafélags Íslands í þeim tilgangi, að útiloka vissa menn frá því að fá vinnu vegna pólitískra skoðana þeirra. Þessi skrifstofa Vinnuveitendafélagsins sendir svarta lista út meðal vinnuveitenda til að spilla fyrir því, að menn með ákveðnar stjórnmálaskoðanir geti fengið vinnu til að lifa af. Hvað hæft er í frásögnum um þessar ofsóknir fékk ég síðast að heyra í gær. Ungum manni, sem hrakinn var úr einum skóla landsins í fyrra vetur fyrir pólitískar ofsóknir vissra þm. Framsfl., var nú neitað um vinnu af manni, sem búinn var að gefa honum ádrátt um hana, vegna þess að hann hafði sósíalistiskar skoðanir. Þannig hefir líka komið fyrir, að verkamenn, sem kosnir hafa verið í atvinnuleysisnefnd í verkamannaskýlinu við höfnina, fá t. d. aldrei eftir það atvinnu hjá Kveldúlfi. Þetta ákvæði er engin trygging fyrir verkamenn. Það eina, sem nokkurt gagn væri að lögleiða, er, að verkalýðsfélögin ráði, hvaða verkamenn eru teknir í vinnu á hverjum stað. Þá fyrst væri hægt að tala um réttindi. Hitt er aðeins blekking. — Þá er ákvæðið í 9. gr.

viðvíkjandi trúnaðarmönnunum; það á ekki að ná til landbúnaðarverkamanna. Tilgangur þessarar gr. á að vera, að trúnaðarmenn verði ekki reknir úr vinnu vegna þess starfs síns. Í sumum löndum, þar sem slíkir trúnaðarmenn tíðkast, eru lagaákvæði um það, að atvinnurekendur skuli segja trúnaðarmönnunum síðast upp allra verkamanna sinna, ef þeir fækka mönnum. Þetta eru nokkur réttindi, þótt hægt sé að fara í kringum þetta ákvæði með því að segja öllum verkamönnum upp og taka aðra nýja í staðinn. Í þessu frv. segir aðeins, að atvinnurekendum sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna. Það er alltaf hægt að finna átyllur annarsstaðar.

En því má þetta ekki ná til landbúnaðarverkafólks? Hvers vegna á að undanskilja Korpúlfsstaði og ríkisbúin? Mér finnst, að vel mætti taka þau með, og ég held jafnvel, að verkamenn hafi haft sína trúnaðarmenn á þessum stöðum. Hvers vegna á að svipta þá þeim rétti með l.? Þessu finnst mér, að ætti að breyta.

Þá er ákvæðið í lok 9. gr., að Alþýðusamband Íslands skuli skipa trúnaðarmenn, ef ágreiningur verður milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa hann. Ég vil benda á, að með núverandi skipulagi Alþýðusambandsins er þetta mjög varhugavert, t. d. að taka byggingaverkamenn, sem hafa mörg fagfélög, en fæst þeirra eru í Alþýðusambandinu. Ætti Alþýðusambandið að fara að skera úr ágreiningi milli þessara félaga, væri það raunverulega ekki réttur hlutaðeigandi. Ég vil leggja til, að þessum hluta 9. gr. verði breytt.

Þá er atriðið um gengisbreytingar etc. Eins og það var upphaflega í áliti n., var það að vísu tvíeggjað, en þó betra en þetta. Í þeirri mynd hefði það orðið atvinnurekendum skeinuhættara vegna afleiðinga þess. Það væri óheppilegt fyrir þá, sem eru að hugsa um krónulækkun. Fyrir verkamenn er lítil von um, að krónan hækki, svo að ég geri ráð fyrir, að það hafi verið numið burt vegna atvinnurekenda.

Þá kem ég að breytingum þeim, sem ég tel, að eigi að gera á öðrum kafla frv. Þar er byrjað í 14. gr. að takmarka verkfallsréttinn, sem Alþýðusamband Íslands samþ., að það óskaði eftir, að yrði ekki skertur, en á verkfallsréttindum byggist aðallega möguleiki þess til að vernda réttindi verkamanna. Í gr. er sagt, að félögunum sé heimilt að gera verkföll eða verkbönn til að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og vernda rétt sinn. Það er hægt að toga og teygja þetta ákvæði í það óendanlega. Ég vil t. d. spyrja hv. flm., hvort eigi að skilja þetta svo, að öll önnur verkföll séu óheimil, eða hvort öll önnur verkföll séu líka heimil. Ef svo er, þá er þetta aðeins vitleysa. Þetta er nokkuð, sem verður að fást svar við. Sé það meiningin, að aðeins þessi verkföll eigi að vera heimil, þá er þarna verið að takmarka verkfallsréttinn ógurlega. Þess vegna vil ég óska eftir, að hv. flm. gefi sína skýringu á þessu í sambandi við 14. gr.

Svo kem ég að 15. gr. Þar er talað um réttinn til að hefja vinnustöðvun. Langar mig til að koma með eina fyrirspurn í sambandi við það. Hvernig á að skilja þetta orð, vinnustöðvun? Hve víðtækt á það að vera í þessu sambandi? Það eru fleiri vinnustöðvanir til en verkföll og verkbönn. Það eru til vinnustöðvanir, þótt þær séu ekki til að gera kaupkröfur. Ef togaraeigendur stöðva togaraflotann, án þess að samningum um kaup sé sagt upp, þá er það vinnustöðvun. Er það þá óheimilt samkvæmt lögum þessum? Þetta langar mig til að fá skýrt. Þegar verið er að setja lög um það, sem engin lög hafa áður verið um, þarf margt að athuga, og það verður að koma glöggt fram, hvern skilning á að leggja í fyrirmælin. Það er ekki viðunandi fyrir verkalýðinn að eiga það undir einhverjum dómstólum, hvernig skilja beri l. — Í 16. gr. er verið að svipta verkalýðinn réttinum til að gera skyndiverkfall. Hv. þm. Ísaf. talaði um, að það væri ekki skertur réttur verkamanna til að gera skyndiverkfall, ef þeir vildu fá kaup sitt greitt vikulega eða knýja atvinnurekendur til að greiða út laun þeirra. Þessu er þannig háttað, að til eru lög, samþ. af Alþ., um það, hvernig kaupgreiðslum skuli háttað. Ef þetta atriði er sett inn í samning milli verkamanna og atvinnurekenda, þá heyrir það undir félagsdóm og ekki hægt að gera verkfall út af því. Ef því verkamenn setja þessi ákvæði í samning, þá eru þeir sviptir réttinum til að gera verkfall.

Þá má heldur ekki gera verkfall í mótmælaskyni. Ef verkamenn, sem stunda vinnu á hafnarbakkanum, álíta, að aðbúnaður á vinnustaðnum við uppskipun og annað sé ekki öruggur og ekki samkvæmt samningi þeim, sem Dagsbrún hefir gert við vinnuveitendur, þá geta þeir ekki gert verkfall. Atvinnurekendur geta látið halda áfram að nota þessi tæki, sem verkamenn telja ekki örugg, þangað til að slys hlýzt af, eins og oft hefir komið fyrir, og verkamenn geta ekkert aðhafzt. Þar með er beinlínis verið að auka slysahættu fyrir verkamenn, og þeir verða að bíða aðgerðarlausir, eftir að mál þeirra komi fyrir félagsdóm, án þess að geta mótmælt með verkfalli.

Það er einkennilegt, að hv. þm. Ísaf. skyldi koma með einmitt þetta atriði til að byrja með sem dæmi um, að vinnulöggjöfin rýrði ekki rétt verkamanna til að gera skyndiverkföll, en óánægjan hjá verkamönnum með vinnulöggjöfina byggist einmitt á því, að þeir geta ekki knúð fram það kaupgjald með verkföllum, sem þeim ber réttur til, eftir að frv. væri orðið að l. Þar, sem sett hafa áður verið hliðstæð l., t. d. í Svíþjóð, er, eins og sérstaklega er tekið fram í bréfi verkamannasambandsins til n., reynslan af þessum þætti l. mjög slæm fyrir verkamenn. Því er alleinkennilegt, að hv. n. skuli koma fram með einmitt þetta ákvæði.

Þá er það viðvíkjandi frestinum, áður en verkföll eru hafin. Fyrir vissan hluta verkamanna er hann afarslæmur. Að vísu kemur hann ekki svo mikið við þá verkamenn, sem hafa fasta vinnu, sem segja verður upp með löngum fyrirvara, en fyrir daglaunamennina, sem eru tiltölulega fleiri hér á landi en víðast hvar annarsstaðar, þá er þetta réttindaskerðing.

Samkvæmt 17. gr. þessa frv. er verið að banna

pólitísk verkföll. Ég vil strax gera athugasemd við hina lagalegu skýringu hv. flm. á þessu atriði og mótmæla henni, þótt ég með því virðist ef til vill vera að mæla með því, sem hann sagði. Ef verkamenn vilja gera verkfall til að hefta afgreiðslu skipa, sem eru með farm til aðilja, sem þeir vilja ekki, að fái hann, séu þau t. d. með hergögn og aðrar vörur, sem fara eiga til þjóða, sem eru „boycotteraðar", eða ef skip kemur með einhverjar vissar vörur, sem verkamenn vilja ekki skipa upp, — er þeim þá óheimilt að gera verkfall samkv. 17. gr.? Ég spyr hv. flm., hvort hann skilji 14. gr. svo, að samkv. henni væru þessi verkföll ólögleg. Þetta verður að koma skýrt fram, því að samkv. 17. gr. getur verið opin leið fyrir slík pólitísk verkföll. Það er með þessi ákvæði eins og yfirleitt allt í frv., það er svo ógreinilegt, að hægt er að teygja það á ýmsa vegu, svo að þess vegna þarf skilningurinn, sem liggur á bak við það, að koma skýrt fram við umr. og meðferð málsins í n., svo að menn viti, að hverju þeir eru að ganga. — Í 17. gr. er verið að banna ákveðna grein pólitískra verkfalla, sem sé verkföll gegn stjórnarvöldunum. Nú verður að koma skýrt fram, hvað við sé átt með stjórnarvöld í þessu sambandi. Ég skil það svo, að átt sé við ríkisstjórnina, löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið. En þá vil ég spyrja, hvort einnig sé átt við bæjarstjórn í þessu sambandi. Sé svo, er hvert einasta verkfall ólöglegt, sem gert er til að mótmæla framkvæmdum bæjarstjórnarinnar hér í Reykjavík. Mótmælaverkfall eins og gert var 1932 væri ólöglegt o. s. frv. Því verður að koma skýrt fram, hve orðið „stjórnarvöld" sé víðtækt í þessu sambandi.

Það er vitanlegt, að vald það, er verkalýðurinn hefir, er að mestu innifalið í möguleika hans til að gera verkfall, og hann byggist á því, að verkalýðurinn er sá aðili, sem heldur þjóðfélaginu uppi, skapar verðmætin og leggur til vinnuna. Hjá verkamönnum er sterkasta valdið til að berjast á móti afturhaldi og brotum á lýðræði og þingræði, og með þessu er verið að skerða þetta vald þeirra. Það er vitað, að hvað eftir annað hefir verkalýðurinn orðið að beita þessu valdi með því að gera allsherjarverkföll, til að hindra framkvæmdir af hálfu stjórnarvaldanna, sem annaðhvort hafa verið beinlínis ólöglegar eða þá fordæmanlegar út frá lýðræðinu. Í Þýzkalandi var Kruppstjórnin felld 1921 með allsherjarverkfalli. Þar kom það vald, sem dugði. Ég vil minna á það, er kom fyrir hér á Alþ. árið 1931, þegar það var skoðun ýmsra manna, að mynduð hefði verið í raun og veru einræðisstjórn. Morgunblaðið hafði í þetta eina sinn á æfi sinni svo mikið við, að það tók auglýsingarnar af fremstu síðunni, og þar stóð með feitu letri yfirskrift: einræðisstjórn. Þá tróð meiri hl. þm. lýðræðið undir fótum, og þá var Alþýðusambandið farið að athuga möguleika fyrir allsherjarverkfalli. Vegna þess að þá var álit manna, að stjórn sú, er fór með völd, væri ekki rétt skipuð lýðræðisstjórn, þá þarf að taka skýrt fram, hver afstaða þessara l. á að verða í slíkum tilfellum; hvað þá eru talin hin réttu stjórnarvöld, hvort það er meiri hl. hér á þingi eða konungur. Samkv. stjórnarskrá okkar hefir konungurinn víðtækt vald. Í sambandi við það verður að kveða skýrt á um það í svona l., hvort verkföll gegn þingi eða gegn konungi séu ólögleg. Verkalýðurinn hefir oft gripið til allsherjarverkfalls til að vernda lýðræðið. Það var t. d. gert í Danmörku 1921, þegar konungurinn misbeitti valdi sínu. Það er rétt að athuga alla slíka möguleika, þegar setja á lög sem þessi.

Í 18. gr. er verið að reyna að koma því að, að verkafólkið sem er í samtökum, megi ekki gerast verkfallsbrjótar. Því eru þeir ekki bannaðir? Það er verið að tala um, að þarna sé verið að lögleiða nokkuð, sem sé orðin hefð. Það er orðin svo mikil hefð, að Guðmundur Ásbjörnsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í bæjarstjórn, sagði á fundi, er hv. þm. Seyðf., þáverandi atvmrh., var boðinn á og haldinn var í barnaskólaportinu út af símanjósnum, og þar sem rætt var um benzínverkfallið, að það væri orðin hefð, að verkfallsbrjóta mætti hindra með valdi. Ég spyr fulltrúa Alþfl., því þeir reyni ekki að fá inn í l. ákvæði um, að verkfallsbrjótar skuli bannaðir?

Þá kem ég að þriðja kafla frv., um sáttatilraunir. Ákvæðið um atkvgr. er ófært. Það er búið að ræða þetta atriði svo, að óþarft er að fara sérstaklega út í það, en ég er „principielt" á móti því. Ákvæðið um atkvæðagreiðslu félaganna er brot á öllum lýðræðisreglum. Þegar það væri fært út í veruleikann, yrði útkoman sú, að ef verkamenn eru að vinna á ýmsum stöðum, þegar atkvæðagreiðsla á að fara fram um, hvort verkfall eigi að hefjast, þá er ómögulegt að koma á löglegri atkvgr. og þar með tekinn rétturinn af þeim félagsmönnum, sem sérstaklega láta hagsmunamál félaganna til sín taka. Þetta fyrirkomulag er sérstaklega slæmt hér, þar sem svo tiltölulega lítið er um fagfélög og menn úr mörgum starfsgreinum eru í sama félagi. Í Dagsbrún eru t. d. bæði byggingariðnaðarmenn og hafnarverkamenn. Sé verið að greiða atkv. um tillögu sáttasemjara í kaupdeilum byggingariðnaðarmanna, þá hirða hafnarverkamenn ekki um að mæta á fundinum, þar sem málið kemur þeim ekkert við, og þá verður útkoman sú, að ef t. d. tæp 20% greiða atkv. um till., þótt þeir greiði allir atkv. á móti henni, þá verður hún samþ.

Viðvíkjandi ákvæðunum um sáttasemjara í 34. gr., er aðeins eitt atriði, sem ég vil minnast á. Það er ákvæðið um réttinn til að birta skýrslu. Það er dálítið vafasamt, að ríkið fari að gefa út skýrslur á sinn kostnað um þetta, án þess að verkalýðssamtökunum sé gefið nokkurt tækifæri til að koma fram með sitt álit.

Þá er síðasti kafli frv. Ég álít, að hann sé gersamlega ófær og gefi hvað mest til kynna, hvernig þessi l. eru hugsuð á móti verkalýðssamtökunum. Ég álít, að samsetningin á dóminum sé alveg ófær. Ef dómurinn væri þannig skipaður, þá ætti verkalýðurinn í bezta falli einn fulltrúa í dóminum. Hinir eru allir útnefndir ýmist af beinum andstæðingum verkalýðsins eða því borgaralega ríkisvaldi, sem yfirleitt er andstætt verkalýðnum, og ennfremur er

stærsti atvinnurekandi landsins og þar af leiðandi stórkostlega interesseraður. Það er þess vegna ekkert spursmál, að það er um ekkert hlutleysi að ræða. Það væri þolanlegra að hugsa sér, að verkalýðurinn útnefndi 2, atvinnurekendur 2 og svo einhver stofnun, í versta tilfelli hæstiréttur, einn.

En svo er það eitt, sem ég vildi vekja athygli á. Það er það, að í frv. eru ákvæði um, að ef atvinnurekandi er utan Vinnuveitendafélagsins, þá hefir hann rétt til að skipa fulltrúa í dóminn, en þó að verkalýðsfélag sé utan við Alþýðusambandið, þá hefir það ekki sama rétt. Nú væri ekkert við þessu að segja, svo framarlega sem Alþýðusamband Íslands væri opið öllum verkalýðsfélögum til inngöngu, en nú er það ekki svo. Meðan fyrirkomulagið er þannig, að nokkur hluti af verkalýðsfélögunum er utan Alþýðusambandsins, annaðhvort af því, að þau fá ekki inngöngu í það, eða af því að þau fást ekki til að ganga í það, þá er þetta misrétti gagnvart þeim þegnum þjóðfélagsins, sem hafa kosið að vera í verkalýðssamtökunum, en utan verkalýðssambandsins. Það virðist engin ástæða til, að þeir hafi ekki sama rétt í þessu efni og atvinnurekendurnir. Nú skyldi ég sízt setja mig upp á móti því, að Alþýðusambandið fengi einhverja vernd í l., svo framarlega sem það væri öruggt, að ekki væri hægt að nota slíkt í þágu pólitískrar klíku. En svo lengi sem möguleikar eru fyrir því, að pólitísk klíka geti rekið úr Alþýðusambandinu hverja sem henni þóknast, án þess að þeir geti nokkurntíma náð rétti sínum, þá er þetta ákvæði ófært. Það er þess vegna svo, að annaðhvort verður að breyta þessu ákvæði frv. eða að það verður að liggja fyrir, að Alþýðusambandið ætli að breyta þeirra afstöðu, sem hingað til hefir ráðið í verklýðsmálunum, sem sé óþolandi samkrull pólitísks flokks og verkalýðssambands. Ég er áður búinn að koma inn á þetta atriði, svo að ég skal ekki fara nánar út í það.

Í 65. gr. ræðir um, að hægt sé að dæma aðilja í skaðabætur, og í 70. gr. eru ákvæði um hæð sektar. Ég verð að segja það, að þetta er e. t. v. eitt af harðvítugustu ákvæðum þessa frv. Það eru ekki sett nein takmörk fyrir skaðabótum og sektir gerðar allvíðtækar. Ennfremur er ekki í þessu gerðar neinar undanþágur um það, hvað sé hægt að taka af verkalýðsfélögunum upp í slíkar skaðabætur. Nú er það vitanlegt, að allt öðru máli gegnir um samtök verkamanna annarsvegar og atvinnurekenda hinsvegar, þar sem atvinnurekendasamtökin eru samtök hinna ríku í þessu þjóðfélagi, en verkamennirnir eiga ekkert til. Það er vitað, að Vinnuveitendafélagið leggur há gjöld á sína meðlimi og geysileg sektarákvæði til þess að knýja það fram að fá sterka sjóði. Verkamannasamtökin hinsvegar hafa ekki neina aðra peninga en þá, sem verkamennirnir sjálfir af sinni litlu getu leggja fram til sinna samtaka. Þeir hafa ekki bankana til þess að sækja sparifé þjóðarinnar í. Og verkamenn þurfa að leggja í marga aðra sjóði en verkfallssjóði. Þau eru um leið að reyna að koma sér upp tryggingum, og flest öll verkalýðsfélög hér á landi hafa komið sér upp sjúkrasjóðum. Ennfremur hafa þau reynt að koma sér upp byggingarsjóðum til að byggja hús yfir samtökin. Víða hafa þau líka getað komið upp fundahúsum. Víða hafa þau líka getað komið sér upp bókasöfnum til að reyna að auka menningu félagsmanna sinna. Og því meira sem samtökin eflast, því meira er af þesskonar sjóðum, sem styðja að menningarstarfsemi verkalýðsins. Allt þetta, sem verkalýðsfélögin eiga, er hægt að taka af þeim upp í skaðabætur samkvæmt þessu frv.

Ég hefi sýnt fram á, hve ólíka aðstöðu verkamenn og atvinnurekendur hafa í þessu efni. Það er augljóst mál, að þessum ákvæðum er beint gegn verkalýðnum. Við vitum það, að auk þess sem atvinnurekendur standa betur að vígi um greiðslu skaðabóta, þá eru sára lítil líkindi til að þeir verði dæmdir samkvæmt l. Þeir framkvæma ekki sín verkbönn með þeim hætti, að það mundi koma til með að heyra undir þessi l.

Það er annars dálítið einkennilegt að fara að taka það upp nú að setja sérstök sektarákvæði í löggjöf, sem snertir verkalýðinn. Ég man ekki betur en í öll þau l., sem sett hafa verið verkalýðnum til hagsbóta, hafi því alltaf verið gleymt, að setja sekarákvæði. Hvar eru sektarákvæðin viðvíkjandi banni kjallaraíbúða og viðvíkjandi l. um kaupgreiðslu í peningum. Þau l., sem sett eru í hagsmunaskyni fyrir verkalýðinn, má brjóta, án þess að hægt sé að dæma atvinnurekendur fyrir það, en ef á að setja l., sem snerta beinlínis verkalýðsins, þá eru ekki spöruð sektarákvæðin. Ég held, að þetta ætti að vera öfugt. Það ætti að sekta þá menn, sem brjóta l. um kjallaraíbúðir, en sleppa heldur sektarákvæðunum þarna.

Ég verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að ég hefi farið svona út í einstakar gr. frv., en ég hefi gert það með tilliti til þess, að frv. muni nú fara til allshn., og er mikið undir því komið, hvernig n. tekur á þessu máli. Ef gerðar væru stórfelldar breyt. á frv., er náttúrlega hugsanlegt að afnema af því stærstu agnúana. Það er vitanlegt, að eins og frv. er nú, þá er meiri hl. verkalýðsins á móti því. Það er sá hluti verkalýðsins, sem treystir sér til að heyja baráttu. Ég álít sérstaklega nauðsynlegt, að n., sem fær frv. hér til meðferðar, geri sér það ljóst, hverskonar mál hún fær hér til meðferðar. Og að hún geri sér það jafnframt ljóst, að hér er um að ræða löggjöf, sem sá aðili, sem þessi löggjöf snertir aðallega, er mótfallinn.

Ég er á móti frv. sem heild, en mun hinsvegar, þegar það kemur úr n., reyna að bera fram við það brtt. eftir því sem fært þykir.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Ég hafði ekki búizt við að þurfa að tala mikið meira um þetta mál við þessar umr., en ræða hv. þm. Ísaf. hefir gefið mér tilefni til að fara nánar út í málið. Eins og ég hefi skýrt frá, tala ég hér sem formaður Dagsbrúnar og í umboði þess félags.

Mér þykir það undarlegt, að hv. þm. Ísaf., sem er í Alþfl., skuli koma með þá yfirlýsingu, að hann leggi ekki kapp á að fá neinar breyt. á þessu frv., þegar búið er að viðurkenna það, að

helmingur af þeim félögum, sem leitað hefir verið álits um málið, er því mótfallinn. Ég hygg nú, að það sýni sig, þegar málið kemur til allshn., að þetta sé meira en helmingur. Það er þess vegna harla undarlegt, að menn, sem eiga heima í sambandsstjórn, skuli líta svo á, að þeim beri engin skylda til að taka tillit til þess vilja, sem fram kemur hjá félögunum. Það er náttúrlega hægt að segja, að þetta sé í samræmi við þá rúmu samþykkt, sem gerð var á sambandsþinginu, en það er þó einn liður í þessu, sem hægt er að segja, að sé gengið berlega á *móti samþykktum sambandsþingsins*. Það er viðvíkjandi verkfallsréttinum. Og það er einmitt sá liður, sem verkalýðsfélögin leggja mikla áherzlu á. En í sambandi við það vil ég geta þess, að sumir menn á þinginu voru algerlega á móti hvers konar vinnulöggjöf, þó að endanlega yrði þetta samþ. Og meðal þeirra eru einmitt menn eins og sá maður, sem hv. þm. Ísaf. hefir mjög talað um í þessu sambandi, Hannibal Valdimarsson á Ísafirði. Hann var mjög á móti því á sínum tíma, að svona löggjöf yrði samþykkt. En hann hefir nú, m. a. vegna afstöðunnar gagnvart Framsfl., snúizt mjög einkennilega í þessu máli, eins og öðrum málum. Annars var þar talað um, einmitt í umr. viðvíkjandi vinnulöggjöfinni, allt önnur mál heldur en þessi launadeilumál.

Það er eins og hv. þm. geti aldrei skilið það, að þegar þeir sækja svo margt til fyrirmyndar við samningu þessarar löggjafar í erlend l. um svipað efni, þá taka þeir sér til fyrirmyndar löggjöf, þar sem allt öðruvísi stendur á um atvinnuhætti og annað, sem taka verður til greina í sambandi við setningu vinnulöggjafar, ef hún á að verða sanngjörn, heldur en hér á landi. Má í því sambandi m. a. nefna það, að jafnframt því, sem þar hefir verið samþ. vinnulöggjöf, að ýmsu leyti þröng gagnvart stéttarfélögunum, þá hefir einnig verið samþ. önnur löggjöf, sem hefir í sér fólgin mikil hlunnindi til handa verkalýðnum, svo sem ákvæði um ýmiskonar tryggingar, um vinnutíma o. fl. Þar sem slík löggjöf er hér ekki fyrir hendi, er ekki hægt að bera þetta saman, þ. e. setningu vinnulöggjafar þar og hér, *eins skilyrðislaust og gert hefir verið af* ýmsum hv. þm. hér á Alþ. Það er því óskynsamlegt af verklýðsflokkunum að leggja áherzlu á þann hluta þessa frv., sem leggur sérstaklega skyldur á herðar verkalýðsins, án þess að hann fái tilsvarandi hlunnindi á móti. Nú er rétt að geta þess, að á þeim till., sem samþ. eru á flokksþingi um þessi mál, er vitanlega það rétta og sjálfsagða að leita samþykkis Alþýðusambands Íslands, og æðsta vald þess er alþýðusambandsþingið. En þegar þetta frv. er sent út til verklýðsfélaga til umsagnar, er sent út með því bréf, undirritað af forseta og ritara alþýðusambandsstjórnarinnar. Og það er ekki einu sinni búið að bera þetta bréf upp til endanlegrar samþykktar í alþýðusambandsstjórninni, hvað þá heldur á alþýðusambandsþinginu. Það er því undirritað fyrir hönd alþýðusambandsþingsins í algerðu óleyfi, sem hefir blekkjandi áhrif á ýms verklýðsfélög úti um land. Og erindreki Alþýðusambandsins er sendur út til félaganna í þeim tilgangi, að fá þau undir öllum kringumstæðum til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir og breytingalaust. Það er því ekki hægt að segja, að það sé „loyal“ framkoma gagnvart verklýðsfélögunum þetta, eða gagnvart verkalýðnum víðsvegar um land. Það *er eins og það hafi átt* undir öllum kringumstæðum að fá samþ. vinnulöggjöf á hendur verkalýðnum í landinu, hvað sem hagsmunum verkafólksins í landinu gat stafað mikið öryggisleysi af henni. Það er vegna þess, að sumir hv. þm. Alþfl. lögðu það mikið upp úr því, að eiga þátttöku í ríkisstjórninni, að þeir vildu svo að segja allt til þess vinna. Og þeir munu hafa álitið, að samþykkt vinnulöggjafarinnar væri einn þátturinn í því að tryggja þessa þátttöku. En það sýndi sig nýlega, eins og svo oft áður, hvað útreikningar þeirra eru vitlausir, að þeir í sambandi við löggjöf um vinnudeilumál nýlega misstu mann sinn úr ríkisstjórninni. Svo verður samþ. löggjöf um vinnudeilur, með eða án þeirra breyt., sem komið hafa óskir um frá verkamönnum. En ég skoða mig ekki bundinn við slíkt, heldur eingöngu það, sem ég hygg heppilegt fyrir verkalýðinn í þeirri faglegu baráttu, sem hann þarf að heyja, ef hagsmunaréttindum hans er stofnað í hættu. Ég mun koma með brtt. við frv., og afstaða mín til þess fer eftir því, hvernig þeim verður tekið.

Ef menn líta á þetta mál óhlutdrægt, án þess að taka fyrir fram flokksafstöðu til þess, þá get ég ekki séð, hvernig flokkur eins og Framsfl., sem á ekki að vera óvinveittur verklýðssamtökunum í landinu, gæti ekki samþ. þær brtt.

Þá vil ég víkja að frv. sjálfu.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að ég vildi lítið gera úr þeim réttindum, sem þar væru bókfærð. Ég skal að vísu játa, að á pappírnum eru þarna ýms réttindi. En ég met meira, hvaða réttindi verklýðsfélögin hafa í raun og veru, heldur en hvaða réttindi þau hafa á pappírnum. Og ég held, að með samþykkt þessa frv. væri ekkert það lögfest, sem a. m. k. meiri hluti verklýðsfélaganna hefir ekki nú, að því er réttindum þeirra félaga við kemur. Það er auðvitað ekki hægt að vera á móti því, að lögfest séu réttindi fyrir verkalýðinn. Það er ekki annað hægt að segja en að það *sé plús fyrir hann. En ég álít*, að það, að samþ. fyrir verkalýðinn á pappírnum þau réttindi, sem hann annaðhvort þegar hefir eða eru ekki annað en pappírsréttindi, eigi ekki að meta svo mikils, að fyrir það eigi að fórna þeim réttindum, sem verkalýðurinn hefir nú þegar unnið sér á löngum tíma og með mikilli baráttu og festu.

Það hefir verið getið um réttinn til þess að mynda stéttarfélög í sambandi við þetta frv. Því neitar enginn, að sá réttur er nauðsynlegur. En hann er reyndar veittur í stjórnarskránni. En það er annað, sem ekki hefir verið talað um, sem er það, að þeir, sem í stéttarfélögunum eru, séu skyldir til þess að lúta samþykktum þeirra félaga, og að þeir séu látnir sæta ábyrgð fyrir að brjóta verkföll. Það gæti verið gott að hafa þetta í löggjöf. En þetta er mest komið undir stéttarfélögunum sjálfum og þeirra starfsemi. Og a. m. k. er ekki mest hættan á, að félagarnir bregðist í því efni. Fremur geta þeir, sem utan við félögin standa, gert þeim félagsskap óleik með verkfallsbrotum. Það er hægt að fara laga-

leiðina gagnvart verkfallsbrjótum innan verklýðsfélaganna. T. d. er það svo í Dagsbrún, að ef menn brjóta lög félagsins í þessu eða öðru, eru menn skaðabótaskyldir. Og það er mín skoðun, að hægt væri að sækja mál á hendur þeim fyrir dómstólunum, ef þeir rjúfa skyldur sínar gagnvart félaginu í þessum efnum. Sammála mér um þetta eru ýmsir lögfræðingar, sem ég hefi borið þetta undir. Þetta er því ekkert nýtt atriði, þó að það sé tekið saman á þessum stað, nefnilega í þessu frv.

Ég skal játa, að það er plús að fá það viðurkennt, að atvinnurekendur eigi ekki að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna eða afstöðu þeirra til vinnudeilna með aðstöðu sinni sem vinnuveitendur. En þetta er eins og hvert annað fagurt málverk og ekki annað í raun og veru. Því að það er svo ákaflega erfitt að gæta þess, að þetta ákvæði verði framkvæmt. Samskonar ákvæði þessu eru til í kosningal., Þó er í hverjum einustu kosningum um allt land notað ýmislegt þesskonar af flokkum, sem við þekkjum vel til, til þess að hafa áhrif á kosningu manna. Þetta ákvæði er til þess meira að sýna siðferðilegan rétt manna heldur en hægt sé að segja, að með því sé í raun og veru hægt að klekkja á þeim, sem slíkum áróðri beita í sambandi við ákvarðanir verkamanna. Til þess að koma í veg fyrir slíka starfsemi atvinnurekenda verða verkalýðsfélögin að vinna saman, sem þau líka gera, þó að þetta sé ekki lögfest.

Þá er hér talað um það í réttindakaflanum, að stéttarfélög eigi að bera ábyrgð á samningsrofum og því um líku með eignum sínum. Þarna er tekið fram ákvæði, sem ekki hefir verið tekið fram í l. hingað til og ekki hefir verið dæmt eftir um brot félaga. Hér er ekki um réttindi að ræða til handa verkalýðnum, heldur skyldur, sem honum eru lagðar á herðar. Með þessu ákvæði mætti sjálfsagt taka af verkamönnum þær eignir þeirra, sem þeim er ákaflega sárt um. Við skulum segja t. d., að verkamenn og félagsskapur þeirra sé skaðabótaskyldur með sínum félagssjóði. Og eftir þessum ákvæðum frv. virðist helzt svo vera, að verklýðsfélög séu skaðabótaskyld með öllum eignum þeirra, tryggingarsjóðum, atvinnuleysissjóðum, samkomuhúsum og öðrum eignum. En sumsstaðar í löndum eru ýmsar þessar eignir félaganna undanskildar, þannig að ekki megi taka þær upp í skaðabótakröfur. Þessar eignir tel ég nauðsynlegt að undanþiggja gersamlega skaðabótakröfum á hendur félögunum. Því að þetta er líka svo ranglátt, ef maður tekur atvinnurekendurna annarsvegar, sem ekki hafa neina slíka menningarstarfsemi eða sérstaka sjóði utan við sínar persónulegu eignir og sem þess vegna er ekki hægt að leggja í á þennan hátt.

Það hefir verið fellt niður úr 9. gr. ákvæði viðvíkjandi því, að félagsdómur gæti dæmt samning úr gildi, og ég álít gr. líka eins og hún var mjög varhugaverða, en betri eins og hún nú er. Hinsvegar álít ég, að rétt væri að hafa einhver ákvæði um það, ef um mikla verðlagsröskun væri að ræða, sem stafaði t. d. af ófriði, gengisbreytingum eða öðru slíku. Mætti kannske skoða það sem óviðráðanlegt atvik, sem félagsdómur gæti tekið upp, þó að ekki væri í l. sérstaklega tekið fram um það.

Þetta nægir til þess að benda á það, sem ég gæti náttúrlega farið um miklu fleiri orðum, til þess að skýra nánar, en ég geri nú, að réttindin, sem hægt er frá vissu sjónarmiði að segja, að hér sé verið að kaupa fyrir þær takmarkanir á réttindum verkalýðsins, sem eru í II. kafla frv., eru í raun og veru ekki mikils virði sem gjöf til verkalýðsins, þó að segja megi, að þessi ákvæði séu heldur til hins betra, flest. Það er t. d. ekki mikils virði ákvæðið um trúnaðarmenn á vinnustöðvum; þeirra aðstaða er eftir frv. ákaflega illa tryggð. En nú hefir t. d. Dagsbrún sína trúnaðarmenn í vinnustöðvum, án þess l. segi neitt fyrir um það. Með ákvæðum þessa frv. eru þeir sem trúnaðarmenn ekki tryggðir á neinn annan eða meiri hátt en félagið sjálft tryggir þá með stuðningi sínum. Aðstaða þeirra er ekki tryggð hér í þessu frv., því að atvinnurekandi gæti sagt upp slíkum trúnaðarmanni, þrátt fyrir ákvæði þessa frv., án þess að segja, að honum líki illa við hann, heldur af því, að hann hafi ekki þörf fyrir hans starf. Það þarf að setja ákvæði um þetta atriði, sem tryggi aðstöðu trúnaðarmannanna.

Þá var það, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um verkföllin í sambandi við þetta mál, alls ekki rétt. Það eru sem sé nú, fyrir utan þær leiðir, sem samkvæmt þessu frv. er hægt að gera vinnustöðvanir eftir, tvær leiðir, sem verklýðsfélög nota almennt við vinnustöðvanir, og þær eru alveg útilokaðar með þessu frv. Önnur er með félagsfundum, hjá minni félögum sérstaklega. Þau geta fremur mætt á fundum heldur en tekið þátt í allsherjaratkvæðagreiðslu, sem átt er við, að taki 24 klst. Og slík atkvgr. getur ekki orðið framkvæmd á félagsfundi. Og fyrir utan það tekur svo þessi atkvgr. miklu lengri tíma en 24 klst. Í Dagsbrún mundi hún taka a. m. k. vikutíma, nema með mjög miklum kostnaði. Það er því mjög óheppilegt, hvort sem er um að ræða að hefja eða ljúka deilu, að þurfa að hafa svona langa atkvgr.

Í öðru lagi segir hv. þm. Ísaf., að hægt sé að gefa verkalýðsfélagsstjórn allsherjarumboð til þess að gera vinnustöðvanir, t. d. fyrir eitt ár í einu. Þetta er alrangt og sýnir bara, að hv. þm. Ísaf. hefir ekki lesið frv. Það stendur hér í 15. gr., að vinnustöðvun af hálfu verklýðsfélags sé því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin „af samninganefnd eða félagsstjórn, sem gefið hefir verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvgr., sem farið hefir fram á sama hátt og greint er undir a-lið.“ Þarna er átt við þá sérstöku vinnustöðvun, sem um er að ræða í hvert sinn. En það er alls ekki hægt eftir ákvæðum frv. að gefa neitt sérstakt umboð til þess á þann hátt, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um, svo að félagsstjórnir geta alls ekki haft slíkt umboð til þess, sem þær hafa nú til vinnustöðvana. Yfirleitt er því almenna vinnustöðvunarumboði, sem félagsstjórnir hafa til vinnustöðvana, hagað þannig, að félagsstjórnir leggja ekki út í stórdeilur án þess að fá það samþ. í félögunum. Hinsvegar, ef brotnar eru reglur, sem settar hafa

verið af félaginu, getur stjórnin orðið að gripa inn í, án þess að fundarsamþykkt liggi fyrir um það sérstaklega. Hún er framkvæmdastjórn í félaginu, sem verður að hafa framkvæmdavald innan vissra takmarka. En með þessum ákvæðum er hún alveg svipt því, en í staðinn á að koma trúnaðarmannaráð, sem geti fengið almennt umboð til vinnustöðvana. En í þessu trúnaðarmannaráði er ekki haldið þeirri reglu, að hafa lýðræðislegan meirihluta, heldur er þarna gert ráð fyrir, að ráði aðeins sá meiri hl., sem sé ¾ hl., sem getur í ýmsum tilfellum verkað mjög skaðlega.

Í öðru lagi hafa þeir, sem hafa mælt með þessu frv., sagt, að það væri hægt að ganga fram hjá ákvæðunum um, að félagsstjórnir gætu ekki stöðvað vinnu með því að skipa trúnaðarmenn, þannig að það væru ekki nema örfáir menn, kannske svo sem 2 eða 3, sem gerðu ákvarðanir um vinnustöðvanir. Þá er fyrst og fremst um það að segja, að ég geri ráð fyrir, að verklýðsfélögin kysu ekki að hafa hjá sér fáum mönnum meiri völd heldur en félagsstjórnir almennt hafa nú. Í öðru lagi tel ég vafasamt, hvað félagsdómur segði um það, þar sem þar væri verið að ganga framhjá félagsstjórnunum en verið að skapa aðrar félagsstjórnir í staðinn. Þar væri verið að skapa ákvæði til þess að geta farið í kringum l.

Ég get ómögulega skilið, að hv. þm. Ísaf., sem fulltrúi verkamanna á Ísafirði, geti talið það kost að taka þennan rétt af félögunum og félagsfundunum, sem þau hafa haft frá því þau hafa verið stofnuð.

Þá segir hv. þm. Ísaf., að hægt sé eftir frv. að gera skyndiverkföll. Það er að vísu hægt að orða 16. gr. þannig, að það sé hægt. Og ég mun koma með brtt. um það efni, um það að 7 daga fyrirvarinn gildi aðeins um samninga. Í þeim tilfellum hefi ég ekki á móti 7 daga fyrirvara og jafnvel lengri. En aftur á móti, þegar um ýmsar ákvarðanir er að ræða aðrar, eins og alltaf geta komið fyrir í stærri bæjum, þá álít ég, að 7 daga fyrirvari geti verið mjög skaðlegur, og ætti því í þeim tilfellum alls ekki að koma til greina.

Því verður einnig að bæta inn í frv., að félagsfundur megi, þegar vel er mætt á honum, hafa rétt til þess að ákveða að gera verkfall, og félagsstjórnir, innan þess ramma, sem þeim er settur. Við skulum taka t. d., að hér ynni utanfélagsmaður á einhverri stöð, og nú vilji verklýðsfélagsstjórnin, eins og það gengur til, ganga út á vinnustaðinn og segja við manninn, að ef hann gangi ekki í félagið, verði vinnan stöðvuð. En hann vill ekki hætta vinnu og ekki heldur ganga í félagið. Þá er ekki hægt eftir þessu frv. að stöðva vinnu, nema með því að kalla saman túnaðarmannaráð eða með því að láta fara fram atkvgr., sem til þyrfti að kalla saman mörg hundruð manns. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt og er ekki til annars en að beina stórfelldri árás gagnvart verkalýðssamtökunum eins og þau starfa í landinu nú.

Til viðbótar þessu vil ég svo aðeins benda á það, að ég get ekki séð, að það geti verið áhugamál fyrir fulltrúa verkamanna á neinn hátt að berjast fyrir því, að verkamenn verði sviptir réttinum til pólitiskra verkfalla. Þessi réttur þeirra hefir verið álitinn einn af þeirra mestu réttindum. Verkamenn hafa ekki vopn a. m. k. nú ekki ríkisvald í sínum höndum. En þeir hafa þann rétt að neita að vinna, ef að þeirra kosti er þrengt. Og menn munu áreiðanlega ekki gera verkföll í pólitísku skyni, nema mjög mikið lægi við, ef réttur félaganna sjálfra eða einstaklinga þeirra væri í veði. En verklýðsfélögin vilja halda þessum rétti gagnvart vinnuveitendafélagsskapnum, sem styður að því, að löggjöf sé sett á Alþ., sem verklýðsfélögin eru mjög mikið á móti, og er skemmst að minnast gerðardómsl. í því sambandi. Verklýðsfélögin vilja halda þessum rétti, til að hreyfa sig, sem þau hafa haft. Pólitísk vinnuveitendafélög eru að færa vinnudeilurnar eins og þau geta allar yfir á sama tímatakmark, og vilja helzt hafa þær allar um miðjan vetur, þegar mest atvinnuleysi er, svo að allt þar að lútandi komi í eina bendu, í stað þess að verkalýðsfélögin og Alþýðusamband Íslands hafa hinsvegar haft þá stefnu að dreifa vinnudeilunum svo, að af þeim yrði ekki nema sem minnst vandræði. Með því að reyna að koma þessu öllu í eina bendu, stefna vinnuveitendafélögin að því, að geta notað gerðardómslögin sem mest, og ekki að öðru. En þá get ég ekki séð, hvers vegna menn vilja koma ákvæðum 17. gr. inn í frv. Það er að vísu ólöglega hægt að nota pólitísk verkföll. En fyrir því er verkalýðsfélagsskapurinn ábyrgur. Og er a. m. k. ekki hægt að saka Alþýðusamband Íslands eða félög þess um, að slík verkföll hafi verið gerð hér á landi.

Ég hefi svo ekki fleiru við þetta að bæta, nema sérstakt tilefni gefist til. Ýmsir kaflar þessa frv. eru sniðnir eftir vinnulöggjöf í okkar nágrannalöndum, og er ekki hægt að hafa neitt á móti sumum þeirra. En aftur eru aðrir kaflar í frv., sem ekki ná nokkurri átt, t. d. þessi aukni meiri hluti, sem aldrei hefir átt heima í vinnulöggjöf okkar nágrannalanda, en reynt er hér að koma inn í reglur fyrir atkvgr. á trúnaðamannaráðsfundi. Er furðanlegt, að þeir menn skuli vilja koma þessu ákvæði inn í þessi l., sem vilja telja lýðræði sem sína stefnu í landsmálum.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég tek til máls til þess að skýra frá því, að ég ætla ekki að ræða málið við þessa umr. neitt verulega, vegna þess að útvarpsumr. fara fram um málið við 3. umr., og þá býst ég við að taka til máls. Sé ég því ekki ástæðu til að ræða málið á þessu stigi. Ég fagna því, að óskað hefir verið eftir útvarpsumr. um þetta mál.

En það er auðsætt, að það, sem skiptir mönnum í tvo flokka um þetta mál, með því og í andstöðu gegn því, það eru í raun og veru tvö alveg ólík sjónarmið. Og það er alveg bersýnilegt, að þeir, sem beita sér gegn þessu frv., halda því fram, að vinnudeilur verkalýðsfélaganna eigi að vera einskonar smáskæruhernaður í þessu þjóðfélagi, alveg utan við lög og rétt. Og svo eigi sá sterkari að sigra. Þeir búast við því eða vonast eftir því, að þeir muni verða

hinir sterkari, og þá er hægt að beita valdi. Þetta er a. m. k. afstaða kommúnistanna. En hvað halda hv. þm., að lengi sé hægt að beita valdi og ýmsum öðrum aðferðum utan við lög og rétt þjóðfélagsins, án þess að það dragi fyrr eða síðar til þess, að hinn aðilinn taki upp sömu vinnuaðferðina, og hvar eru þessi mál þá komin?

Þá hefir verið talað um það, að þessi eða annar réttur sé viðurkenndur með frv., en að þar sé gengið skemmra heldur en búið sé að viðurkenna með hefð. Ég ætla nú ekki að fara langt út í þetta atriði, en aðeins benda á það, að mikið af þeim vinnuaðferðum, sem hafa verið liðnar, eru gagnstæðar lögum. Og þó að séð sé í gegnum fingur sér með hinar og þessar aðferðir í þjóðfélaginu, sem eru gagnstæðar lögum, þá er ekki þar með unnin hefð fyrir þeim. —

Þá hefir mikið verið talað um það, að pólitísk verkföll væru samkvæmt frv. bönnuð, og það finnst kommúnistunum nokkuð harðneskjulegt. En það vill svo einkennilega til, að því eina verulega pólitíska verkfalli, sem hér hefir verið háð, benzínverkfallinu, var enginn jafnandstæður og einmitt hv. 3. þm. Reykv. (**HV**: Ég skipti mér ekkert af því). Ég man nú vel eftir því öllu saman, þó að ég ætli ekki að fara neitt nánar út í það. —

Að öðru leyti ætla ég að láta þetta mál bíða, þangað til rætt verður um það fyrir fleiri áheyrendum. Og ég endurtek það, að ég tel það mjög heppilegt, að þetta mál skuli verða rætt frammi fyrir alþjóð, því að hér er um það að ræða, hvort halda eigi verkföllunum sem smáorustum utan við lög og rétt þessa þjóðfélags, og sem ekki leiða að neinum niðurstöðum. Það er það, sem fyrst og fremst er deilt um í þessu máli.

***Flm. (Gísli Guðmundsson)**: Ég ætla mér ekki við þessa umr. að fara mikið út í einstök atriði, sem fram hafa komið, vegna þess að ég tel réttara, að það bíði til 2. umr., þegar fyrir liggur álit þeirrar n., sem málið væntanlega verður sent til. En ég skal þó aðeins stuttlega drepa á örfá atriði.

Það hafa nú komið fram þær athugasemdir við þetta frv., sem ég hafði búizt við. Hv. þm. Snæf. lét þau orð falla, a. m. k. annað veifið, að hér sé um ófullkomna löggjöf að ræða. Hinsvegar segir hv. 5. þm. Reykv., að í þessu frv. felist mikill fjandskapur gegn verkalýðnum, og hv. 3. þm. Reykv. tekur undir það að nokkru leyti, þó að hann að vísu fari nokkuð vægara í sakirnar. Við þessu mátti vitanlega búast.

Annars var það svo um hv. þm. Snæf., að hann ræddi ekki langt mál og kom ekki mikið inn á einstök atriði, fremur en venja er við 1. umr., og á hans afstaða væntanlega eftir að koma gleggra fram í þeirri n., sem fær málið til meðferðar og hann á sæti í. — En ég vildi leyfa mér að leiðrétta eitt atriði, sem kom fram hjá honum, viðvíkjandi erlendri löggjöf um þetta efni. Hann minntist á það í sambandi við kaflann um sáttasemjara, að það væri óeðlilegt, að þeim skyldi ekki vera gefið vald til þess að banna vinnustöðvanir. Það er vitanlega ekki óeðlilegt, eins og frv. er byggt upp, vegna þess að í II. kafla frv. eru ákvæði, sem að þessu lúta, þar sem eru almenn ákvæði um 7 daga frest. Og það er yfirleitt ekki siður að hafa hvorttveggja þau ákvæði í slíkum lögum. Í Noregi eru ekki ákvæði um slíkan frest, en hinsvegar hafa sáttasemjarar þetta vald. — Það var ekki heldur alveg rétt með farið hjá hv. þm., að sáttasemjarar í Danmörku hefðu vald til þess að banna vinnustöðvanir. Þeir hafa það ekki, heldur geta þeir sett það skilyrði fyrir því að leita um sættir, að aðiljar fresti vinnustöðvun allt að vikutíma. — Að öðru leyti ætla ég ekki að fara lengra út í ræðu hv. þm. Hans afstaða kemur væntanlega betur fram í n.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði þær almennu aths., við þetta frv., að hér ætti ekki við samskonar löggjöf og erlendis, vegna þess að þar væri aðallega um iðnverkamenn að ræða, en hér á landi aðallega um verkamenn í lausavinnu. Það er náttúrlega rétt, að í ýmsum löndum er tiltölulega fleira iðnaðarfólk, en hinsvegar er iðnaðurinn hér mjög vaxandi atvinnugrein. Og ég vil benda á, að t. d. Norðmenn eru mikil sjómennsku- og farmannaþjóð, og hefir það þó ekki staðið í veginum fyrir því, að hægt væri að setja þar svipaða löggjöf sem þessa, og reyndar nokkuð strangari á ýmsan hátt.

Þá taldi hv. 3. þm. Reykv. það varhugavert að „apa" allt eftir erlendum þjóðum við setningu nýrrar löggjafar. En ég verð nú að segja það, að mér finnst ekkert óeðlilegt, þó að við setningu laga eins og vinnulöggjafar sé fyrst og fremst tekið tillit til reynslu annara þjóða, þegar þess er gætt, að vinnudeilur eru alþjóðlegt fyrirbrigði, sem aðrar þjóðir yfirleitt á undan okkur hafa fengið reynslu í, hvernig rétt sé að taka á. — Það er heldur ekkert nýtt, að menn taki eftir öðrum þjóðum. Ég geri t. d. alveg ráð fyrir því, að hv. 3. þm. Reykv. hafi „apað", svo að maður noti hans eigin orð, sósíalismann erlendis frá, og tel ég það þó ekki út af fyrir sig ljóð á hans stefnu.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði þá um það, að þessi löggjöf hefði verið of stuttan tíma á döfinni. Það er nú liðið á annað ár síðan sú mþn. var skipuð, sem sett var í þetta mál, og það hefir verið mikið rætt opinberlega hér á landi um nokkurra ára skeið, þannig að ómögulegt er að halda því fram, að þessi löggjöf komi neinum á óvart.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. sagði um skipun félagsdóms, sem dæma á um réttarágreining samkvæmt frv. þessu, vil ég segja það, að ég get ekki séð, að hann sé óhagstætt skipaður fyrir verkalýðinn. Það er föst venja, þegar slíkur dómur er settur, að hann sé þannig byggður upp, að aðiljar hafi í honum jöfn ítök, og síðan af ríkisvaldinu eða einhverju hlutlausu valdi skipuð oddaaðstaðan. Og vitanlega skiptir það ekki neinu máli út frá sjónarmiði aðilja, hvort oddaaðstaðan er skipuð einum eða þremur mönnum. Það er hrein rökvilla að ætla sér að gera eitthvað mikið úr því.

Þá minntist hv. 3. þm. Reykv. og raunar hv. 5. þm. Reykv. líka á, að það væri nokkuð hart aðgöngu, að samkvæmt frv. mætti ganga að eignum verkalýðsfélaganna. Út af þessu vil ég nú í fyrsta lagi segja það, að

vitanlega er þetta engin breyting frá því, sem nú er. Samkvæmt gildandi lögum eru eignir verkalýðsfélaganna vitanlega aðfararhæfar. Og í öðru lagi nær það engri átt að leggja svo og svo miklar sektir við því, að lög séu brotin, og undanskilja svo allar eignir og allt, sem sá hefir handi milli, sem viðurlögunum á að sæta, frá aðför. Það þýðir ekki að ætla mönnum að bera ábyrgð verka sinna og setja svo jafnframt ákvæði um það, að ekkert skuli vera fyrir hendi til þess að greiða þessa ábyrgð.

Hv. 5. þm. Reykv. kom nú víða við í sinni ræðu, og mun ég minnast á fátt eitt af því.

Hann sagði m. a. nokkuð, sem mér þótti ákaflega undarlegt, og það var held ég nokkurnveginn orðrétt svo, að öllu, sem verkalýðurinn kæmi fram sér til hagsbóta, kæmi hann fram með valdi, en ekki með lagabókstaf. Ég held, að þetta sé nokkuð hæpið hjá hv. þm. A. m. k. get ég þá ekki skilið, hvers vegna verkalýðsflokkar víðsvegar um heim ættu að vera að keppa að því, að fá meirihluta á löggjafarþingum þjóðanna, ef útilokað væri, að þeir gætu komið nokkru fram nema með valdi.

Þá spurði þessi hv. þm. að því, hvort okkur framsóknarmönnum mundi ekki þykja hart, ef sett væru lög um samvinnufélögin í landinu, sem gengju á móti þeirra vilja, og hvort við mundum þá ekki beita öllum ráðum, til þess að sú löggjöf væri ekki framkvæmd? Ég svara því hiklaust neitandi. Við mundum ekki vilja beita öllum ráðum til þess. Löglegum ráðum mundum við vilja beita, en ekki öllum ráðum.

Þá var hv. 5. þm. Reykv. með ýmsar hugleiðingar um það, að undarlegt væri af Alþfl. að vera með í því að samþ. slíka löggjöf sem þessa, þar sem ganga mætti út frá því, að borgaraflokkarnir mundu aldrei þora að setja þá löggjöf, sem fulltrúar verkalýðsins væru á móti. Ég held, að hv. þm. segi hér nokkuð mikið, og svo mikið er víst, að borgaraflokkar ýmsra annara landa hafa verið það hugrakkir, að þeir hafa sett vinnulöggjöf, sem fulltrúar verkalýðsins voru á móti. T. d. var það svo í Svíþjóð 1928, þegar nokkur hluti vinnulöggjafarinnar var settur. Þá voru fulltrúar verkalýðsins þar á móti og var lýst yfir mótmælaverkfalli einn dag yfir allt landið, til þess að andmæla lögunum, en þau voru nú sett samt. Þetta var sanngjörn vinnulöggjöf og nú er svo komið, að verkamenn í Svíþjóð hafa séð, að ekki var verið að ræna þá neinum rétti, heldur aðeins setja ákvæði, sem eðlileg voru frá sjónarmiði þjóðfélagsins.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, því að ég mun, eins og ég sagði áðan, geyma mér að ræða frekar einstök atriði til 2. umr. — En ég vil aðeins benda þeim, sem á móti þessu frv. hafa haft frá sjónarmiði verkamanna, á það, að okkar nágrannaþjóðir á Norðurlöndum, Danir, Svíar og Norðmenn, hafa um langt skeið haft vinnulöggjöf hjá sér. Og í öllum þessum löndum er verkamannahreyfingin mjög sterk, bæði sem verkamannahreyfing og sem pólitísk hreyfing, og í öllum þessum löndum fer hún að meira eða minna leyti með stjórn landsins. — Við það, að athuga þetta, held ég, að verkamenn muni yfirleitt sjá — ef þeir hafa þá ekki þegar séð það — að allt þetta, sem sagt hefir verið um það, að með löggjöf eins og þessari sé verið að leggja verkalýðinn í einhverskonar viðjar, sé ekki á neinum rökum reist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54 fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 176, 222, 250, 306, n. 318, 330).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 330. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Eins og sést á nál. á þskj. 318 hefir hv. allshn. að vísu skilað sameiginlegu nál. um frv. Þó er nokkur sérstaða innan n., þannig að ég, hv. þm. N.-Ísf., og hv. þm. N.-Þ. viljum samþ. frv., en sjálfstæðismenn í n., hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., hafa áskilið sér rétt til að bera fram sérstakar brtt. En auk þess hefir n. komið sér saman um brtt., sem prentaðar eru hér með nál. og eru að mestu leyti orðabreytingar og nokkrar lagfæringar á réttarfarsákvæðum frv.

1. og 2. brtt. eru aðeins orðabreytingar; þar sem í frv. er talað um trúnaðarmenn atvinnurekenda, þótti okkur réttara að hafa „fulltrúa". — Í 21. gr. 1. málsgr. frv. segir, að sáttasemjarar og varasáttasemjarar skuli skipaðir samkvæmt tilnefningu félagsdóms, og til samræmis við það höfum við breytt lokaákvæði gr. þannig, að ef sáttasemjari er dáinn eða óhæfur til starfans, skal ráðh. skipa mann í staðinn „eftir tilnefningu félagsdóms", en ekki að fenginni tilnefningu", eins og stendur í frvgr. — Við 22. gr. er sú brtt., að í stað orðanna „verkamanna og atvinnurekenda" komi: verkamanna eða atvinnurekenda. Er það eingöngu orðalagsbreyting.

Við 51. gr. er gerð breyt. í nál., sem er efnisbreyting á réttarfarsákvæði. Samkvæmt gr. má birta stefnu með ábyrgðarbréfi, sem er alveg óvenjuleg aðferð og þekkist ekki í réttarfarslögum. En þessu höfum við breytt þannig, að stefnuvottar megi, þegar nauðsyn krefur, birta stefnuna í staðfestu símskeyti, og telst stefnan þá löglega birt. Þetta er gert til þess að tryggja það, að unnt sé að láta stefnda nægilega snemma heyra stefnu, þótt stefnufrestur sé of stuttur til þess, að hægt sé að birta honum stefnuna á venjulegan hátt. — Því næst er brtt. nr. 6, sem fjallar um það, að fella burt niðurlagsákvæði 55. gr., sem er á þá leið, að félagsdómur geti úrskurðað aðilja til þess að staðfesta skýrslu sína með eiði. Það er hvergi heimilt í réttarfarslögum, að láta aðilja vinna eið, hvort sem er synjunar eða fyllingar, nema eftir eiðsdómi, og er þá úrslit máls látið velta á eiði, sem unninn er, eftir að dómur hefir fallið. En sú sönnunaraðferð er þó eingöngu notuð, þegar aðrar

sannanir þrýtur. Hitt þekkist eigi, að láta aðilja vinna eið undir rekstri máls samkvæmt úrskurði, og ber eigi að taka upp slíka aðferð fyrir félagsdómi frekar en öðrum landsdómum. — Þá er brtt. um að fella niður úr 56. gr. ákvæðið um, að félagsdómur geti „kallað fyrir sig vitni". En brtt. er einnig til þess að samræma ákvæði frv. í réttarfarslögum, sem eingöngu gera ráð fyrir, að vitnum sé stefnt. Hitt er annað mál, að vitni mætir oft óstefnt, og mun svo verða einnig fyrir félagsdómi, en þá er venja að bóka svo, að vitni mæti óstefnt að tilhlutun dómara. — 8. brtt. er um að fella niður 1. málsgr. 62. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að málið heyri undir „sérgreinargerðardóm". Okkur er ekki kunnugt um, að í lögum hér á landi séu slíkir dómstólar, og þar sem það að öðru leyti ekki raskar efni frv., þá leggjum við til, að sú málsgr. falli niður. — Í 64. gr. er ákvæði um það, að í dóminum skuli ráða afl atkvæða úrslitum, en til viðbótar: „nema öðru vísi sé ákveðið í lögum þessum". Þetta viðbótarákvæði fellur niður samkvæmt brtt. okkar, enda gefur frv. ekkert tilefni til að halda því ákvæði.

Fleiri brtt. hefir n. í heild ekki orðið sammála um að flytja. Ég geri ráð fyrir því, að vér 3 nm., við framsóknarmennirnir og hv. þm. N.-Ísf., berum ekki fram fleiri brtt., sem verulegu máli skipta. Hinsvegar hafa sjálfstæðismenn í n. borið fram brtt. á þskj. 330. Ennfremur hafa borizt brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. og hv. 5. landsk., þ. e. a. s. kommúnistum í hv. þd., á sérstöku þskj., nr. 306. Þá eru og fram komnar allmargar brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. á 2. þskj., nr. 222 og 250. Ég ætla að bíða með að gera aths. við þær brtt., þangað til hv. flm. þeirra hafa skýrt þær frá sinni hálfu.

*Héðinn Valdimarsson: Það er nú auðséð á öllu, að það er ætlazt til, að þetta frv. verði samþ. með þeim brtt., sem n. hefir komið sér saman um, og þær eru ákaflega lítilvægar, og í sjálfu sér ekki nema orðabreytingar, og mun ég ekki fara neitt sérstaklega orðum um þær. Það virðist þannig, að að frv. standi nú, eins og það liggur fyrir, Framsfl., Sjálfstfl. og þingflokkur Alþfl., og þeir séu nokkurnveginn ánægðir með það. Hv. þm. N.-Ísf. segir að vísu, að hann hefði óskað að gera nokkrar breyt. á því, er gengi lengra til móts við óskir verkalýðsins, en hann getur ekki um það, hverjar þær væru. Hann getur aðeins um þá miklu hættu, ef frv. yrði ekki samþ. eins og það liggur fyrir nú, vegna þess að þá myndu verða samþ. stórhættulegar breyt., sem kæmu frá sjálfstæðismönnum, og framsóknarmenn myndu þá fallast á þær. Það er ekkert, sem liggur fyrir um það, þótt að vísu liggi fyrir nokkrar brtt. frá sjálfstæðismönnum, sem maður gæti sagt, að væru til hins verra. Ég kem kannske lengra út í það, þegar þeir hafa lýst þeim. En það er ekki hægt að segja, að breyt. frá sjálfstæðismönnum séu stórvægilegar. Í öllum aðalatriðum fallast þeir á þetta frv. og fagna komu þess. Virðist svo sem komið sé á milli þeirra manna, sem hafa verið í nefndinni,og þeirra, sem á bak við þá standa, einskonar andlegt bræðralag. Það er nú samt mjög fjarri því, að verkalýðsfélögin í landinu líti á þetta mál á þann hátt, og mér þykir mjög leitt, að hv. þm. N.-Ísf. skyldi taka þessa afstöðu, sem ómögulegt er að segja annað um en að sé gerð á móti meiri hluta verkalýðsins í landinu. Það eru að vísu ekki öll félögin, sem hafa tekið afstöðu til málsins, en hin eru aðeins sárfá. Það eru líklega ekki nema fimm félög, sem hafa óskað eftir því, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir með þeim orðabreytingum, sem n. ber fram. Hin félögin hafa öll komið með sterkar óskir um breyt. á frv., sem ganga misjafnlega langt, en flestallar mjög fjarri því, sem frv. er nú. Ef maður tekur nú þann fjölda manna, sem í félögunum er, þá er óhætt að segja það, að einmitt stærstu félögin og öflugustu og sem mest nota sín samtök og hafa þurft að nota, og ná til flestra af verkalýðnum í landinu, þau hafa verið ákveðin í að mótmæla löggjöfinni eins og hún liggur fyrir. Svo að það er gefið, að verði hún samþ., þá er það gert þvert ofan í vilja verkalýðsstéttarinnar í þessu landi, og þvert ofan í þá stefnu, sem annars er uppi hjá öllum þessum flokkum um það, að þingið ætti sem minnst að ganga á móti einstökum stéttum, heldur láta þær sem mest sjálfráðar um sín nauðsynjamál. Þeirri stefnu hefir verið haldið fram bæði um sjávarútveg og útgerðarmenn. Ég vil aðeins minnast á Sölusambandið og fleira, og kröfur sjálfstæðismanna hafa gengið ennþá lengra en samþ. hefir verið á þingi. Framsfl. hefir haldið þessari sömu stefnu fram, og Bændafl. mjög fram, fyrir bændastéttina, og komizt þannig áleiðis, að bændur hafa nú sín mál að mestu í eigin höndum. En þegar kemur til vinnustéttanna eða verkalýðsins, þá er sköpuð löggjöf, sem menn vita, að er í andstöðu við vilja meiri hluta þeirra, og það, sem furðulegast er, að að því skuli standa sumir af þeim mönnum, sem kosnir eru sem fulltrúar þessara stétta hér á þing. Ég vil nú vænta þess samt, að þeir muni greiða brtt. minum atkv., en það mun sýna sig á sínum tíma. En það virðist á nál., sem hv. þm. N.-Ísf. hefir undirskrifað, að sé komið svo fyrir honum í þessu máli, að ef Framsfl. segist ekki vilja ganga lengra en þetta og þetta, þá samþ. hann það með þeim flokki. Það er ekki getið um það, að hann áskilji sér rétt til að greiða atkv. með brtt., sem kæmu fram, hvað þá heldur, að hann beri sjálfur fram brtt. Hraðinn og stefnan í þessu máli er algerlega lagt undir samstarfsflokkinn, en ekki kjósendur, sem standa að baki Alþfl. Ég hefi í þessu máli sérstöðu gagnvart þeim úr þingflokki Alþfl., sem að sjálfsögðu standa á bak við hv. þm. N.-Ísf., þar sem ég mun standa í samræmi við mína kjósendur og verkalýðsfélögin í bænum. Ég ber brtt. fram eftir þeirra ósk, og að sjálfsögðu mun ég greiða atkv. á móti frv., ef þeir ekki samþ. það. a. m. k. í höfuðdráttum. Við 1. umr. gat ég þess, að í stórum dráttum er það skoðun manna í verkalýðsfélögunum, og sérstaklega þeirra, sem mest um þau mál sýsla, að þau réttindi, sem þessi löggjöf veitir, séu ekki ýkjamikil, því að margt af því, sem hér er tekið upp, sé heimilt samkvæmt annari löggjöf, og því óþarfi að

taka það upp hér, en ýmislegt, sem tekið er hér nýtt, er þannig, að það veitir enga frekari tryggingu, heldur aðeins bending um ósk verkalýðsins í þessu efni, án þess að honum verði í raun og veru sköpuð réttindi með því. Aftur á móti eru þær skyldur, sem lagðar eru á hendur samtakanna, frá því sem nú er, mjög miklar, og þau hafa, eins og kunnugt er, þróazt eins og hver annar frjáls félagsskapur og skapa sín svið. Þær aðferðir, sem menn nota í vinnudeilum, bæði til sátta og baráttu, hafa orðið til á löngum tíma og eru viðurkenndar jafnvel þar sem engin lög eru til um slíkt. Eins er félagslífið sjálft, hvernig stéttarsamtökin hafa skapazt og byggjast upp af fólkinu sjálfu, án þess að löggjöfin hafi sett þeim skorður. En með þessari löggjöf eru settar ýmsar rammar skorður, og hvernig stéttarfélög skuli hegða sér, og er sérstaklega gengið út frá verkalýðsfélögunum, en ekki atvinnurekendafélögum, þar sem þau eru skipulögð á annað borð, og það frjálsræði, sem þau hafa til framkvæmda í sínum málum. Og þessi venjulegu lýðræðisréttindi í félagsmálum eru með þessari löggjöf tekin af, og að því leyti er þetta frv. ennþá afturhaldssamara en það frv., sem kom frá sjálfstæðismönnum á sínum tíma og Alþfl. var á móti. Þá er verkfallsrétturinn, sem á þennan sama hátt er svo takmarkaður, að það er ekki hægt að segja, eins og atvinnuvegirnir eru í landinu, með lausavinnu mestmegnis, að hann sé nokkuð svipaður því, að vera nothæfur fyrir félögin. Það er eins og þeir, sem hafa staðið að þessari löggjöf og setið í þessari nefnd, hafi hugsað sér, að þeir sætu í Danmörku eða Svíþjóð, þar sem meiri hluti þeirra manna, sem ynnu, væru fastir starfsmenn í iðnaði. Í stað þess, að hjá okkur eru ekki 10 menn af hverju 100, sem slíka atvinnu stunda, heldur eins og kunnugt er, flest af því fólki, sem við lögin búa, eru verkamenn, sem ekki vita, hvað eigi að gera næsta dag, lausavinnumenn og ennfremur sjómenn, sem ráðnir eru stuttan tíma.

Fyrir utan þetta, sem ég mun nánar koma inn á síðar, þá er ráðizt á þann rétt, sem úti í heimi þykir einn af dýrmætustu réttindum verkalýðsins, og það er, þegar verkalýðsfélögunum er bönnuð vinnustöðvun, ef hún er gerð í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun stjórnarvalda. Þeir, sem þekkja sögu verkalýðshreyfingarinnar erlendis, og yfirleitt þá frelsishreyfingu, sem hefir verið í okkar nágrannalöndum, þeir vita, að þessi réttur hefir verið notaður hvað eftir annað, þegar mikið lá við, og hefir orðið til þess að lýðræðið og frelsið hefir náð völdum, sem ekki var kostur á annan hátt. Hinsvegar eru þess dæmi fá, að þessi réttur hafi verið misnotaður. Svo að það er ekki hægt að segja annað en það, að ef þjarmað væri svo að verkalýðnum, að hann þyrfti verulega að rísa upp, þá gæti hann það ekki á löglegan hátt, sem hann getur nú eftir gildandi lögum.

Ég mun svo snúa mér að hinum einstöku brtt. við þetta frv.

Í 3. gr. er getið um það, hvenær meðlimur stéttarfélags skuli bundinn af samþykktum félags síns, og að hann skuli yfirleitt vera bundinn af þeim. Því hefir verið haldið á lofti, að mikið væri unnið við það að fá þetta inn í löggjöfina, en ég tel, þó að það sé að vísu gott að hafa það þarna, að ekki sé neitt sérstakt gefandi fyrir það, því að meðlimir verkalýðsfélaganna eru yfirleitt allir bundnir við samþykktir félaga sinna, og ég efast ekki um, þar sem þær samþykktir eru allar lögum samkvæmt gerðar, að félögin gætu, ef út í það færi, með laganna aðstoð séð um, að þeim væri framfylgt. Enda er það ekki það, sem kvartað hefir verið yfir, að meðlimir verkalýðsfélaganna brytu samþykktir þeirra, heldur hitt, að utanfélagsmenn brytu samþykktir verkalýðsfélaganna, og að fengnir væru tiltölulega fáir menn til þess að rífa niður samtök heilla kauptúna eða kaupstaða, þar sem heill fjöldi manns væri í veði. Það hafa því verið frammi kröfur um það af hálfu stéttarfélaganna að slíkt yrði ekki þolað, og hafa þau að sjálfsögðu unnið á móti þessu á margvíslegan hátt, t. d. með því að neita að vinna með mönnum, sem ekki væru í félagsskapnum, og þannig komið sem flestum inn í hann. Og víða á landinu er það svo, að allt verkafólk er í stéttarfélögunum, eins og t. d. hér í Reykjavík. — Hinsvegar hefði það verið kostur, ef sett hefði verið inn í löggjöfina, að félögin væru viðurkenndur réttur aðili, ekki aðeins fyrir meðlimi sína, heldur allar þær starfsgreinir, er þau næðu yfir, þannig að ef teknar væru ákvarðanir af félögunum um þeirra mál, þá væru allir, sem störfuðu að hlutaðeigandi starfsgrein, skyldir að lúta þeim. — Brtt. mín við 3. gr. er því á þessa leið: „Þeir, sem eru starfandi í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í".

Þá hefi ég komið með till. um nýja gr. á eftir 3. gr., sem felur í sér atriði, sem væri mjög útlátalítið fyrir atvinnurekendur, en væri hinsvegar töluverð hlunnindi fyrir verkalýðsfélögin, sem sé það, að þau gætu gengið að atvinnurekendum. Þessu hafa ýms stéttarfélög og einstakir atvinnurekendur komið á í samningum sín á milli, og ég get því ekki séð, hvað væri á móti því að samþ. það eins með lögum.

3. brtt. er aðeins til áréttingar 1. brtt., um það, að stéttarfélögin séu lögformlegur samningsaðili allra þeirra, er að viðkomandi starfsgrein vinna.

Í 6. gr. er talað um skriflega samninga milli stéttarfélaga og atvinnurekenda og hver samningstími og uppsagnarfrestur skuli vera, ef hann er ekki tilgreindur. Aftur á móti er ekkert talað um það, sem mörg verkalýðsfélög hafa komið á, að hafa ákveðinn taxta, og ég get ekki annað séð en að með því að taka þetta ekki upp, sé sá réttur af félögunum tekinn. Ég kem því með brtt. um það, að taxti stéttarfélags um kaup kjör og vinnuskilmála, sem opinberlega hefir verið auglýstur eða tilkynntur atvinnurekendum, skuli gilda sem skriflegur samningur, ef atvinnurekandi hefir farið eftir honum með greiðslur eða tilhögun kjara eða vinnuskilyrði, eða ekki mótmælt honum, þegar eftir að hann

hefir verið auglýstur eða tilkynntur honum. — Það hefir gengið svo til þau ár, sem ég hefi þekkt til í verkalýðshreyfingunni, að ýmist hafa ekki fengizt samningar eða ekki verið reynt til þess, en verkalýðsfélögin hafa ákveðið kaup meðlima sinna, og í raun og veru væri það ekki óeðlilegt, þó að verkalýðsfélögin gerðu kröfu til þess að ráða kaupinu, á sama hátt og aðrar stéttir hafa, a. m. k. á flestum sviðum, ráðið verði á vörum og afurðum, sem þær hafa á boðstólum. Vinnan er, ef svo mætti að orði kveða, afurðir verkamannanna, og þeir ættu því að ráða verði hennar. Það er auðvitað hægt að segja, að verkamennirnir gætu strengt bogann of hátt og heimtað of mikið, en sama er að segja um aðra, sem slíkan ákvörðunarrétt hafa, að þeir verða auðvitað að miða við það, sem getan leyfir. En hvernig sem það er, þá gengur þessi brtt. mín ekki lengra en það, að taxti, sem ekki er mótmælt eða borgað er eftir, skuli gilda sem samningur, og er þar ekki farið fram á annað en það, sem er löngu orðin venja hér á landi.

Þá er hér síðar í lögunum talað sérstaklega um þá ábyrgð, sem stéttarfélögin bera á samningsrofum, sem félagið sjálft eða trúnaðarmenn þess gerast sekir um. Nú er það þannig, eins og við vitum, að þess munu vera mjög fá dæmi, að um slíkt hafi verið að ræða í starfsemi verkalýðsfélaganna hér á landi. Það er því ekki beinlínis viðkunnanlegt að vera að setja þetta inn í löggjöf, sem svo er verið að halda fram sem sérstakri stéttarauknингu fyrir verkalýðsfélögin. Við skulum nú samt ganga inn á það, að réttmætt sé í vissum tilfellum, að félögin séu skaðabótaskyld, en þá verður a. m. k. að koma þeim ákvæðum þannig fyrir, að þau gangi ekki meir út yfir verkalýðsfélögin annarsvegar heldur en atvinnurekandur hinsvegar. Hjá verkalýðsfélögunum er það þannig, að fyrir utan félagssjóðina hafa þau ýmsa menningarsjóði, svo sem sjúkrasjóði og styrktarsjóði, til þess að styrkja menn, ef til vinnustöðvunar kemur eða í atvinnuleysi. Svipað þessu hafa atvinnurekendur yfirleitt ekki neitt. Þessir sjóðir eru ekki til þess sérstaklega að styrkja félögin í þeirra bardögum, heldur eru þeir almennir styrktar- og menningarsjóðir, og ætti það þess vegna að vera alveg sjálfsagt, að sektarákvæðin næðu ekki til þeirra. En eins og þetta er orðað hér, þá ná sektarákvæðin til allra eigna verkalýðsfélaganna og ganga þess vegna mikið meir út yfir meðlimi þeirra heldur en atvinnurekendafélögin, sem yfirleitt hafa engin menningarhlutverk með höndum. — Ég hefi því komið með brtt. um það að undanþiggja eignir í samkomuhúsum, styrktarsjóði og menningarsjóði, sem hafa sérstakar fjárreiður og ætlaðar eru í sérstökum tilgangi eftir reglugerðum, samþykktum af félaginu, en ekki er hægt að verja til almennra þarfa þess. Með þessu skilyrði er alveg tekið fyrir það, að sjóðir þessir séu notaðir til annars en almennra menningarþarfa. — Ég geri nú ráð fyrir, að það fari svo með þessa brtt., eins og aðrar, að hún verði ekki samþ., en það verður ekki hægt að skoða það öðruvísi en að mjög sé gert upp á milli stéttarfélaganna og atvinnurekenda. —

Ég kem þá að 9. gr., sem er viðvíkjandi trúnaðarmönnunum. Þar hefir verið breytt til frá því frv., sem lagt var fram af mþn. Í því var ætlazt til, að einn maður væri kosinn af stjórn stéttarfélagsins til trúnaðarmanns. Hér er þetta aftur á móti haft þannig, að atvinnurekendur geta valið á milli tveggja manna, er tilnefndir eru af stjórn stéttarfélagsins. Það er því ekki hægt að segja, að það sé skilyrðislaust sá maður, sem félagið vildi hafa, því að ef um tvo menn er að ræða, þá er mjög líklegt, að það vildi fremur annan heldur en hinn. — Ég kem því með brtt. um að koma þessu í sama horf og áður var.

Þetta ákvæði um trúnaðarmennina nær þó ekki samkv. frv. til landbúnaðarverkafólks né áhafna skips eða báta, sem ekki er skylt að lögskrá á. En ég kem með brtt. um, að það skuli ná til landbúnaðarverkafólks, þar sem 10 menn eða fleiri vinni á staðnum. Þá er þar komið stórbú, og ég sé ekki ástæðu til þess, að þótt menn vinni að jarðabótavinnu eða heyvinnu, þá geti þar ekki verið um trúnaðarmenn að ræða.

Þá ber ég fram brtt. við 10. gr., og er hún aðeins fyllra orðalag og réttara kveðið á um það, að trúnaðarmaður skuli þegar í stað snúa sér til stjórnar stéttarfélagsins, ef eitthvað er að, þannig að félagsstjórnin geti jafnað það, þegar því verður við komið. Það liggur í hlutarins eðli, að trúnaðarmaðurinn á að láta félagið vita, um leið og eitthvað er að, þó að hann snúi sér til atvinnurekanda jafnframt. En það er eins og það sé einhver blendingur af þeirri skoðun í frv., að þegar einu sinni sé búið að velja trúnaðarmann, þá eigi að ganga framhjá stéttarfélögunum.En til þess að eitthvert öryggi sé fyrir trúnaðarmennina, þannig að þeir geti komið fram frjálsir og óháðir fyrir sitt félag, þá finnst mér það ekki nægjanlegt, sem hér er sagt í frv.: „Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefir falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig". Þetta er ekki nægjanlegt öryggi, því að það er áreiðanlegt, að ef atvinnurekandi væri óánægður með trúnaðarmann, væri hann ekki svo vitlaus að segja, að hann léti hann fara vegna þess, að hann væri trúnaðarmaður stéttarfélagsins, heldur mundi hann halda því fram, að maðurinn væri ónýtur, eða að hann þyrfti að fækka mönnum í bili. Til þess að reyna að tryggja þetta, hefi ég komið með brtt. á þá leið, að „atvinnurekendum eða umboðsmönnum þeirra væri óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu, svo lengi sem aðrir meðlimir stéttarfélagsins vinna að störfum þeim hjá atvinnurekendum, sem félagið nær yfir, nema trúnaðarmaður leysi starf sitt hjá atvinnurekanda svo lélega af hendi, eða gerist brotlegur í því við hann, að dómi félagsdóms, eða samþykki stjórnar stéttarfélagsins komi til", o. s. frv., eins og er í gr. Trúnaðarmaðurinn á þannig að sitja lengst af þeim mönnum, sem yfirleitt eru í vinnu hjá atvinnurekanda við samskonar vinnu, þó með þeim undantekningum, að ef hann vinnur starf sitt

ekki vel eða gerist brotlegur á einhvern hátt við atvinnurekanda, þá sé hægt að láta hann fara. — Ef þetta ákvæði verður samþ., þá hygg ég, að fengið væri nokkurn veginn öryggi fyrir trúnaðarmennina.

Þá kem ég að II. kafla frv., sem er um verkföll og verkbönn.

Við 14. gr. hefi ég ekkert að athuga. Hún mætti að vísu missa sig, því að sá réttur, sem í henni er gefinn, er bæði lögum og venjum samkvæmur.

Í 15. gr. er verkfallsrétturinn takmarkaður við allsherjaratkvgr., er standi í minnst 24 klst., og við það, að félagsstjórn hafi fengið sérstakt umboð — líka með atkvgr. —til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun, og að hún hafi verið samþ. með ¾ hlutum greiddra atkv. á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi. Viðvíkjandi þessu síðasta atriði vil ég taka það fram, að ég get ekki fallizt á, að trúnaðarmannaráðið skuli þurfa svona magnaðan meiri hluta, og að sá einfaldi meiri hluti, sem þar ríkir, fái ekki að ráða þar eins og annarsstaðar. En viðvíkjandi allsherjaratkvgr. er það að segja, að hún er seinleg og fyrirferðarmikil, eða svo hefir hún a. m. k. reynzt í stærstu félögunum hér í Reykjavík, Sjómannafélaginu og Dagsbrún. Það yrði þá a. m. k. að hafa öðruvísi fyrirkomulag á henni en það, sem verið hefir, til þess að hægt sé að ná fullkomnum árangri.

Þá er ekkert talað um það í þessu sambandi, að menn skuli upplýstir á neinn hátt um það, sem um er að ræða. En nú er það svo, eins og þessi mál hafa gengið yfirleitt hjá verkalýðsfélögunum, að það eru fundirnir, sem skapa félagslífið og móta skoðanir manna, bæði á þessum sviðum og öðrum, og hafa mest áhrif fyrir félagsskapinn til þess að þroska hann á allan hátt. En það vald, sem félagsfundirnir nú hafa, er hér af þeim tekið. Þeir hafa samkv. þessu frv. ekki rétt til þess að taka ákvarðanir um verkföll. — Ég hefi þess vegna komið með brtt. um það, að hér verði bætt inn í: „Á félagsfundi með leynilegri atkvgr., enda hafi þess verið getið í fundarboðinu, og minnst 20% atkvæðisbærra meðlima hafi mætt og meiri hluti meðlima hafi greitt vinnustöðvuninni atkv. Þá getur fjórðungur mættra meðlima krafizt um þetta almennrar leynilegrar atkvæðagreiðslu". Lágmarkið á fundarsóknina er sett 20% atkvæðisbærra meðlima, og í hinum stærri félögum er það ekki svo lítið. En til frekara öryggis, ef um mikinn ágreining er að ræða, getur fjórðungar mættra meðlima heimtað um þetta almenna leynilega atkvgr. Ef þetta er samþ., þá liggur valdið hjá félagsfundunum til þess að ákveða þessi mál, en með frv. er það burtu tekið.

Önnur brtt. við þessa sömu gr. er viðvíkjandi trúnaðarmönnunum, eins og ég gat um áðan, í stað orðanna „a. m. k. ¾ hlutum" komi meiri hluta.

Þá er það svo, eins og þessi mál hafa gengið fyrir sig hér á landi síðustu 30 árin, að félagsstjórnirnar hafa verið framkvæmdarvald félaganna, og í öllum minni háttar atriðum hafa þær orðið að taka til sinna ráða, eins og t. d. ef um brot á samþykktum hefir verið að ræða eða menn, sem ekki hafa viljað lúta þeim taxta, sem á staðnum var, o. þ. u. l. — En eftir þessu nýja kúgunarfrv., sem hér á að samþ., eiga félagsstjórnirnar ekki að hafa þennan rétt. Hjá Dagsbrún og öðrum stærri félögum hér er það svo, að margoft er kallað á félagsstjórnirnar, og þær koma þessum málum í samt lag. — Þetta sýnir ákaflega vel, hvað þeir menn, sem um þessi mál hafa fjallað, þekkja lítið út í þau eða, hvað þeir hafa verið lítið velviljaðir þessum félagsskap. — Ég kem þess vegna með brtt. um það, að félagsstjórn taki ákvörðun um þessa hluti, „ef aðeins er um að ræða að halda í gildi óbreyttum venjum félagsins og samþykktum um kaup, kjör og vinnuskilyrði, sem haldnar hafa yfirleitt verið af atvinnurekendum á staðnum, eða innheimtu vangreidds kaupgjalds, eða að vinna ekki í starfsgreininni með mönnum, sem ekki eru meðlimir hlutaðeigandi stéttarfélags, svo og ef um lausavinnu er að ræða, sem samningar hafa ekki náð til og hætta á, að mundi ljúkast áður en á annan hátt fengist ákvörðun um vinnustöðvun".

Þó er ég ekki viss um, að með þessari gr. séu talin þau mörgu atriði, sem félagsstjórnirnar láta til sín taka í þessum efnum. Það er áreiðanlegt, eins og þessum málum er stjórnað hér á landi, að ein félagsstjórn fer ekki út í annað en það, sem hún þykist viss um, að félagið allt standi á bak við sig um, enda mundi því ekki vera vel tekið af þeim mönnum, sem í félaginu eru. —

Þá er það viðvíkjandi 16. gr. frv. — Ég tók það fram við 1. umr., að mér finnast í sjálfu sér 7 dagar ekki vera langur fyrirvari um venjulega vinnustöðvun, ef um samninga er að ræða. En eins og þetta er orðað hér, virðist þetta gilda um margt fleira, því að í gr. stendur: „knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör". En það eru, a. m. k. í stærri bæjunum, oft á ári gerðar nýjar ákvarðanir um kaup og kjör viðvíkjandi nýjum atvinnugreinum og hinu og þessu, sem fyrir kemur, og það getur verið svo aðkallandi, að ekki þoli neinn 7 daga fyrirvara, fyrir utan allsherjaratkvgr., um það, hvort vinnustöðvun skuli hefja. Ég vildi þess vegna orða greinina svo, að það væri enginn vafi á þessu, þannig: „Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu á samningi, eða ákvörðun um kaup og kjör, þegar samningar eða kauptaxti rennur út, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er, að hún hefjist".

Þá kem ég með brtt. við 17. gr. í samræmi við það, sem reynslan hefir sýnt, að þarf að vera. Á ég þar við Sogsvinnuna á sínum tíma, ef þannig er um skýlaus brot að ræða gegn ákvæðum samnings. En ef ætti að fara þá leið, að láta gerðardóm dæma um þesskonar, tæki það of langan tíma.

Í 17. gr., 2. tölul., er þessi gr., sem ég minntist á áðan um það, er tilgangur vinnustöðvunar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir,

sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma. Ég veit ekki til, að ákvæði þessu lík séu um neina aðra stétt en verkafólkið. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að hafa slík sérlög einmitt viðvíkjandi verkafólki. Ég hefi getið um það áður, að þessi réttur er talinn einn hinn dýrmætasti hjá stéttarfélögum, þó að hann sé lítið notaður. Ég legg til, að þessi liður falli algerlega burt.

12. brtt. mín er við 18. gr., en það er prentvilla í þskj., þar stendur: „Við 19. gr.“ Þessi brtt. er í samræmi við þá brtt., sem ég áður kom fram með, um að stéttarfélög eigi að ná yfir alla menn í starfsgreininni. Það væri að vísu nokkur vinningur fyrir stéttarfélög að fá það lögfest, sem hér stendur í frv., en þó tiltölulega lítils virði, því að þar er talað um aðilja, sem gert er ráð fyrir, að séu í verklýðsfélagi, sem sagt er hér í frv., að megi ekki nota aðstoð þeirra til þess að afstýra vinnustöðvun, sem sé löglega hafin.

Ég vil geta þess, að á þskj. 250 kem ég með brtt., sem er við mína eigin brtt. Það er aðeins orðamunur; þar er gerð till. um greinilegra orðalag á því, sem ég gerði till. um í fyrri brtt., og annað ekki.

Við 30. gr. hefi ég komið með nokkrar brtt. til þess að skýra hana betur. Að vísu sagði einn maður mér, sem var í mþn., sem um þetta mál fjallaði, að það bæri að skilja þessi atriði eins og í minni brtt. getur. Ef svo er, er ekki vandi að samþ. þessa brtt. En eins og orðalagið er þarna í frv., leikur nokkur vafi á því, hvað meint er. Í 1. málslið 2. málsgr. 30. gr. frv. stendur, að sáttasemjari skuli ákveða í „samráði við“ fulltrúa aðiljanna, hvenær og hvernig atkvgr. um till. skuli fara fram. En ég vil, að hann ráði ekki einn því, heldur sé það alveg skýrt tekið fram í l., að sáttasemjari ákveði slíkt „ásamt fulltrúum“ aðiljanna. — Þá er ekki getið um í frv., hvernig atkvgr., sem um ræðir í 30. gr., skuli fara fram. Ég kem með brtt. um þetta, að atkvgr. skuli fara fram á félagsfundi eða með almennri atkvæðagreiðslu í félaginu, er taki minnst 24 stundir, þannig að hver meðlimur hafi þar sinn rétt. — C-liður er um það, að samkomulag verði milli sáttasemjara og aðilja um að láta atkvgr. eingöngu taka til tiltekinnar deildar eða starfsgreinar. — Þá stendur hér í frv., að miðlunartill. megi ekki birta án samþykkis sáttasemjara, fyrr en báðir aðiljar hafi sent svör sín. Þar finnst mér rétt, að miðlunartill. megi birta, nema sáttasemjari og báðir deiluaðiljar samþykki að halda henni leyndri fyrir almenning, þar til báðir þessir aðiljar hafa sent svör sín, og er e-liður þessarar brtt. minnar um þetta. Ef þessi ákvæði eru höfð í l., er ástæða til að ætla, að sáttasemjari mundi ekki birta aðrar till. en þær, sem hann vildi standa við sem endanlegar till. og mundu ná samþykki almennings og þykja réttlátar.

Þá hefi ég lagt til, að bætt verði við 31. gr. frv. orðunum: „og neyti atkvæðisréttar síns.“ Ef samþ. verða ákvæðin, sem síðar eru í frv., um aukinn meiri hl. við atkvgr., þá er nokkuð mikils virði, að allir greiði atkv. En hætta er á því, að aðiljar, sérstaklega atvinnurekendur, vildu draga úr því, að allir aðiljar greiddu atkv. Er þetta tilraun til að koma í veg fyrir það.

Í 32. gr. skýtur aftur upp þessari kenningu þeirra, sem samið hafa þetta frv., og allshn. virðist vera ánægð með, að taka ekki gildan einfaldan meiri hl. við atkvgr., heldur láta þurfa að koma fram aukinn meiri hl. atkv. með till. til þess að hún teljist samþ. Eftir 3. málsgr. þessarar 32. gr. frv. á það að vera svo, að í félagi, sem hefir t. d. tvö þúsund meðlimi, þá væri það svo, að þó að upp undir 400 félagsmenn, sem mættir væru á lögmætum fundi, greiddu allir atkv. á móti till. sáttasemjara, þá teldist hún samt samþ. Í mörgum verklýðslögum er algengt, að ekki sé svipað því eins mikil þátttaka í atkvgr. eins og t. d. þátttaka í kosningum til Alþingis eða bæjarstjórnarkosningum. Þar er ekki notaður slíkur áróður sem í þessum síðartöldu kosningum, engir bílar til að flytja fólkið á fundarstaðinn eða neitt þess háttar, en menn, sem eru í vinnu, eiga örðugt um að mæta á fundum. Ég hefi komið með brtt. við þetta um, að ef atkvgr. fer fram á félagsfundi, þurfi 20 % félagsmanna að hafa mætt þar við atkvgr. og atkvgr. þurfi að hafa verið getið í fundarboðinu. Og í samræmi við það, sem áður hefir verið komið með brtt. um af mér, geri ég till. um, að ef færri eru mættir, skuli fara fram leynileg atkvgr. í félaginu, er taki minnst 24 stundir, og að á félagsfundi geti fjórðungur mættra félagsmanna krafizt almennrar atkvgr. í félaginu um till., er standi minnst 24 stundir. Hér er líka haldið sér að félagsfundi, að hann geti, ef hann vill, tekið afstöðu til miðlunartill. sáttasemjara, en þó sá varnagli sleginn, að ef teljandi minni hl. óskar eftir því, þá geti hann krafizt allsherjaratkvgr. í félaginu, sem væri óþarft, ef meiri hl. félagsmanna væri ákveðinn í að samþ. miðlunartill. Miðlunartill. koma sjaldan til fyrr en komið er út í verkfall. Og félagsmenn munu álíta, að sem fyrst þurfi að taka ákvörðun um þær. En með því að hafa það fyrirkomulag um atkvgr. um þetta, sem tiltekið er í frv., gæti það tekið marga daga að ljúka verkfalli, þó að allir félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi væru með því, að samþ. miðlunartill. sáttasemjara.

Þá kem ég með brtt. við 33. gr., sem aðeins er smáatriði, sem ég geri ráð fyrir, að menn geti samþ. Hún er um, að sú gr. skuli orðast svo: „Sáttasemjari getur borið fram miðlunartillögu eins oft og þurfa þykir, nema annar deiluaðili hreyfi mótmælum.“ — Hér er brtt. mín um það, að þessi viðbót verði sett við gr. „nema annar deiluaðili hreyfi mótmælum“. — En við þessa brtt. er svo brtt. frá mér á þskj. 250, að þó skuli ekki bera fram miðlunartill. oftar en tvisvar, ef annar deiluaðili hreyfir mótmælum. Það er ekki ástæða til þess, þó að sáttasemjari kynni að vera ánægður með það, að dengja fram nýjum og nýjum miðlunartill. til þess að taka ákvarðanir um þær.

Þá hefi ég komið með brtt. við þann kafla frv., sem er um félagsdóm, og skýrt áður frá því, af hvaða ástæðum það er. Eins og nú eru ákvæði um hann í frv., skulu sitja í honum 5 menn, sem skipaðir skulu vera einn af Vinnu-

veitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvmrh. úr hópi þeirra manna, sem hæstiréttur tilnefnir, og tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Með þessu móti finnst mér dómurinn muni verða nokkuð einhliða, þar sem hæstiréttur einn út af fyrir sig hefir meiri hl. í dóminum. Það má náttúrlega segja, að erfitt sé að finna þennan dóm svo út, að allir verði ánægðir með hann. En a. m. k. finnst mér illa til fallið, að einn aðili skipi meiri hl. dómsins. Ég geri hér till. um þetta sem hér segir í 17. brtt. minni: „Í dóminum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til þriggja ára, þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, einn af þremur, sem Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir, en Alþýðusamband Íslands ryður tveimur þeirra, einn af þremur, sem Alþýðusamband Íslands tilnefnir, en Vinnuveitendafélag Íslands ryður tveimur þeirra, einn af hæstarétti, og sé hann forseti dómsins, nema aðrir aðiljar komi sér saman um forsetann".

Með þessu móti eru deiluaðiljar þó í meiri hl. í dóminum. Og ákvæðið um, að rutt sé á víxl, má búast við, að geri það að verkum, að það séu ekki eins fyrirfram ákveðnir menn skipaðir í dóminn eins og annars mundi vera. Það hefði sjálfsagt ekki verið óeðlilegt að koma með brtt. um þetta í þeim tilfellum, þegar stéttarfélag er ekki í Alþýðusambandi Íslands. En ég hefi ekki komið með brtt. um það; mér fannst það standa öðrum nær en mér að gera það.

Við 65. gr. hefi ég komið með brtt., sem er aðeins samskonar brtt. eins og er komin áður, sem veit til menningarsjóðanna, að þeir séu undanþegnir sektarákvæðum, og einnig styrktarsjóðir og samkomuhús, samkvæmt 5. brtt. minni.

Þá er hér loks við 70. gr. brtt. um, að á eftir henni komi ný gr., svo hljóðandi: „Við allar atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum gildir sú regla, að enginn maður fer nema með eitt atkvæði".

Það virðist svo sem þeir, sem samið hafa þetta frv., hafi mest litið til þess, hvaða böndum þeir ættu að binda verkalýðinn, en minna litið á, hvaða ástand væri hjá Vinnuveitendafélaginu. Hjá Vinnuveitendafélaginu hér er atkvgr. hagað þannig, að greitt er atkv. eftir þeim vinnulaunum, sem atvinnurekendur greiða. Þar ráða krónurnar, en ekki persónurnar. Ég hefi komið hér með brtt., sem veit til þess, að atkvæðisrétturinn í þessum efnum sé miðaður við persónur hjá Vinnuveitendafélaginu alveg eins og hjá hinum. Ég álít, að í þessum atkvgr. eigi lýðræðisreglur að gilda, bæði um einfaldan meiri hl. og eins um hitt, að enginn maður geti farið með nema eitt atkvæði.

Ég hefi svo ekki fleiri brtt. að gera. En sumar af þeim brtt., sem hér koma á eftir, t. d. frá kommúnistum, get ég fyrir mitt leyti vel fallizt á. Og ég greiði þeim þá atkv., eftir því sem mínar skoðanir eru um þau mál, en fer ekki frekar út í að ræða þær. Ég veit, að það er tiltölulega þýðingarlaust við þessa umr. og á þessum stað að tala meira um þessi atriði, þar sem það er þegar ákveðið, hvernig afdrif þau fá. Mun ég því ekki segja meira um þetta að sinni.

*Thor Thors: Ég vil fyrst geta þess, að samvinna hefir verið sæmileg um þetta mál í allshn. Frv. hefir verið rætt þar og lesið af nm., og einstök atriði þess rannsökuð, og var n. öll sammála um það, að frv. yrði samþ. Var því hnigið að því ráði, sem almennt er í n., að gefa út sameiginlegt nál., þegar hún vill flytja eitthvert mál fram. En hv. þm. N.-Ísf., sem er fulltrúi Alþfl. í allshn., sá einhverja sérstaka ástæðu til þess að koma fram með aths. frá eigin brjósti í nál. allshn. Og hann hefir gert það á þann ósmekklega hátt, að vera með hnútur í garð sinna meðnefndarmanna út af afgreiðslu þessa máls. Ég get vel skilið, að þessum hv. þm., eins og öðrum þm. Alþfl., sé dálitið órótt út af þessu máli. En það er vissulega ekki okkur sjálfstæðismönnum að kenna, þó að svo sé ástatt fyrir þeim, heldur þeirra fortíð sjálfra í þessu máli. Fyrir þá sök að þm. Alþfl. tóku ekki vinnulöggjöfinni með skynsemi og réttsýni í upphafi, þá eiga þeir nú sjálfir í þeirri erfiðu aðstöðu, að þurfa sjálfir að kveða niður þann óþægilega draug, sem þeir sjálfir hafa vakið upp í þessu máli með því í öndverðu að leyfa sér að viðhafa orð eins og „þrælalög" og önnur slík ókvæðisorð um þær sanngjörnu till. í þessum málum, sem við sjálfstæðismenn lögðum fram, sem byggðust í einu og öllu á því, sem þeir menn á Norðurlöndum, sem þessir menn telja flokksbræður sína, hafa lögfest hjá sér. Till. okkar sjálfstæðismanna áttu því rót sína að rekja til nákvæmlega þess sama sem þetta frv., sem þeir nú berjast fyrir, byggist á. Þess er rækilega getið í till. mþn., sem skipuð var fulltrúum sósíalista og framsóknarmanna, að þeir hafi miðað sínar till. við gildandi löggjöf á Norðurlöndum. En slíkt hið sama höfðum við sjálfstæðismenn óvefengjanlega líka gert. Það er því næsta mannlegt, að hv. þm. N.-Ísf. hafi hvöt til þess að reyna að þvo hendur sínar, eins og Pílatus forðum; en slíkt er ekki stórmannlegt. Við óskuðum í allshn. að skrifa undir sameiginlegt nál. með þessum meðnm. okkar eins og öðrum nm. En hann vildi ekki. Við getum þess í nál. okkar, að við mótmælum ummælum þeim, sem þessi hv. þm. við hefir, sem ég gat um. (VJ: Hverjum sérstaklega?). Sérstaklega þeim ummælum, að mikil hætta sé á því „að breytingar, stórhættulegar verkalýðnum og samtökum hans (samanber till. sjálfstæðismanna, sem liggja fyrir þinginu, og þar á meðal brtt. þær, sem minni hl. n., GÞ og TT, gera ráð fyrir að flytja við þetta frv.), verði gerðar á frv., ef ekki tekst að hindra það með samkomulagi á milli Alþfl. og Framsfl." — Ég vil harðlega mótmæla því, að okkar till., sjálfstæðismanna, séu að nokkru verulegu leyti hættulegar fyrir verkalýðinn, heldur þvert á móti. Ef í okkar frv. felst einhver hætta fyrir verkalýðinn, þá staðhæfi ég, að nokkur hætta muni þá einnig felast fyrir verkalýðinn í þessu frv., sem hv. þingmenn Alþfl. berjast fyrir hér á Alþ. Við látum þess getið, hv. 8. landsk. og ég, að við teljum frv. það um vinnudeilur, sem við höfum flutt á undanförn-

um þingum, fullkomnara en þetta frv. En þar sem þetta frv. fellur í meginatriðum saman við okkar frv. og till., þá fögnum við framkomu þess og leggjum til, að það verði samþ. En við berum fram við það þær brtt., sem ég nú vil leyfa mér að lýsa. Þær eru á þskj. 330.

Fyrsta brtt. er um það, að alstaðar í frv. sé orðið „verklýðsfélag" notað í staðinn fyrir orðið „stéttarfélag". Í aths., sem fylgdi þessari gr. frá mþn., er sagt, að orðið „stéttarfélag" sé notað í frv. aðeins um félög, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þeirra manna, sem hafa lífsviðurværi sitt af því, að selja vinnu sína gegn ákveðnu kaupgjaldi. Í venjulegri merkingu nær hinsvegar orðið stéttarfélag til félaga allra stétta. Það er þó ekki tilætlun n., sem samdi þetta frv., að frv. sé svo víðtækt. En í 1. gr. þess er svo sagt, að rétt eigi menn á „að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verklýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt." Þetta mun samkvæmt almennri venju eingöngu eiga að taka til verklýðsfélaga. En það er hinsvegar bersýnilegt, að þetta frv. getur alls ekki náð til félaga einstakra stétta, eins og t. d. Prestafélags Íslands og Læknafélags Íslands. En þessi félög eru þó tvímælalaust stéttarfélög; en þau lúta allt öðrum reglum en stéttarfélög almennt, því að starfsmönnum þess opinbera er bannað að gera verkföll samkv. l. nr. 33 1915. Hinsvegar eru öll verklýðsfélög látin öðlast verkfallsrétt með nokkrum takmörkunum. Það er bersýnilegt, að orðið stéttarfélag er of víðtækt orð eftir því, sem tilætlun löggjafans og tilgangur málsins er.

2. brtt. er einnig orðabreyt., að í stað „atvinnurekenda" komi: vinnuveitendum og vinnuveitenda, því að það leiðir einnig af eðli málsins, að frv. á eingöngu að ná til þeirra, sem veita öðrum vinnu. En það eru margir atvinnurekendur, sem ekki hafa aðra menn í þjónustu sinni.

Þá er 3. brtt., við 9. gr., að upphaf gr. orðist svo: „Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hafa þeir menn, sem á stöðinni vinna, rétt til þess að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa úr þeirra hópi." Við teljum eðlilegra, að það sé fólkið sjálft, sem við vinnuna á að búa, sem ráði því, hverjir verða trúnaðarmenn þess á vinnustöðinni. Það er kunnugra en stjórnir verklýðsfélaganna úti í bæ, sem eru bundnar við allt önnur störf og hafa litla þekkingu á högum verkalýðsins og gera sér litið far um að kynnast því. Þær stjórnir skipa oftast óviðkomandi menn, óviðkomandi nema um pólitískar kosningar. Við viljum veita fólkinu sjálfu réttinn og lofa svo atvinnurekendum að ryðja öðrum manninum. Það er miklu tryggara fyrirkomulag. — Þá er önnur brtt. við sömu gr., um, að þessi réttur skuli ekki ná til áhafna skipa. Slíkt mundi brjóta í bág við gildandi reglur siglingalaga og getur ekki samrýmzt þeirri afstöðu, sem er á hverri fleytu á milli yfirmanna og undirmanna. Enda er það svo, að áhöfn skips hefir allt aðra réttaraðstöðu og meiri en almennir verkamenn. Þær eru á margan hátt verndaðar af ákvæðum siglingal. — 3. og 4. brtt. við þessa gr. eru svo til samræmis því, sem ég hefi rakið.

4. brtt. er við 12. gr. og hljóðar svo: „Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkv. lögum þessum, samkv. dómi samverkamanna sinna á vinnustöðinni, og skal þeim þá heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna trúnaðarmenn samkv. ákvæðum 9. gr." Það leiðir af því, að verkafólkið tilnefnir trúnaðarmenn, að það hefir rétt til að segja þeim upp, ef þeir rækja ekki skyldur sínar.

5. brtt. er til samræmis því, sem ég sagði áðan, að þessi kafli ætti að fjalla eingöngu um verkalýðsfélög. Skv. frv. á fyrirsögn I. kafla að vera: „Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda." Þetta er ekki réttnefni á efni kaflans. Vilji menn halda þessu orði, stéttarfélag, virðist nauðsynlegt, að kaflinn héti: „Um réttindi og skyldur stéttarfélaga — — —" o. s. frv., því að ýms ákvæði fjalla og um skyldur verkalýðsfélaganna, svo sem í 8. gr., um að stéttarfélög eða verklýðsfélög beri ábyrgð á samningsrofum.

Þá er 6. brtt. Hún er við 16. gr. og er á þessa leið: „Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna sáttasemjara og Vinnuveitendafélagi Íslands, eða Alþýðusambandi Íslands, ef sá, sem vinnustöðvun beinist gegn, er í þeim félögum, en að öðrum kosti beint til aðilja, 10 sólarhringum áður en tilætlunin er, að hún hefjist." Það er 7 sólarhringa frestur fyrir tilkynningu um vinnustöðvun samkv. frv. Við viljum færa hann upp í 10 daga og teljum það nauðsynlegt, til þess að jafnan sé hægt að nota frestinn til hins ýtrasta til þess að koma á sætt. — Ég skal geta þess í þessu sambandi, að í Danmörku hefir þessi frestur verið 14 dagar nú í 40 ár, síðan septembersættin gekk í gildi, en hún er samkomulag aðilja í vinnudeilum frá 1899 og einskonar stjórnarskrá í vinnudeilumálum þar.

7. brtt. er síðan um, að ekki sé heimilt að beita vinnustöðvun til fullnægingar á úrskurðum vinnudómstóls. Það er svo ákveðið í 65. gr., að dómar og úrskurðir séu aðfararhæfir eins og er um venjulega dómstóla. Það leiðir af því, að til að leita fullnægingar, verður aðili að fara löglega leið með milligöngu yfirvaldanna, eins og þegar um venjulega dóma er að ræða, enda þarf oft við fullnægingu dóms úrskurð fógeta um það, hvernig fullnægingin skuli framkvæmd að ýmsu leyti. Slíka úrskurði geta bara lögleg yfirvöld gefið. Hin brtt., við 17. gr., er til frekari skýringar, enda segir svo í grg. mþn., að sú upptalning, sem hún gerir, sé ekki tæmandi.

8. brtt. er um, að atvmrh. skuli gefa sáttasemjara erindisbréf, þar sem m. a. sé ákveðin aðstaða ríkissáttasemjara til héraðssáttasemjara. Það er nauðsynlegt að kveða skýrt á um það og sjálfsagt, að atvmrh. gefi þeim öllum sérstakt erindisbréf.

9. brtt. er um, að atvmrh. geti skipað sérstaka sáttasemjara, eða, ef mikið liggur við, nefnd manna til að framkvæma sáttartilraunir í einstökum vinnudeilum. Í frv. er engin heimild fyrir atvmrh. til að skipa sérstaka sáttasemj-

ara, heldur aðeins n., ef sérlega mikið liggur við. Nú á t. d. svið ríkissáttasemjara í Rvík og Hafnarfirði að ná frá Vestur-Skaftafellssýslu og norður í Dalasýslu, að báðum sýslum meðtöldum. Það gefur að skilja, að þessi eini maður getur ekki á öllum tímum sinnt öllum vinnudeilum, sem samtímis kunna að gjósa upp á þessu mikla svæði. Það geta t. d. verið margskonar vinnudeilur hér í Rvík og svo samtímis austur í Vík í Mýrdal. Þegar svo stendur á, er eðlilegt, að atvmrh. geti skipað sérstakan mann á staðnum til að vinna að sáttum.

Þá er 10. brtt. og leggur auknar skyldur á ríkissáttasemjara, þær, að hann skuli kynna sér nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins á öllu landinu, einkum allt, sem að vinnudeilum lýtur, en héraðssáttasemjurum skal aðeins skylt að fylgjast með öllu slíku í sínu umdæmi. Það er vitanlega nauðsynlegt, að ríkissáttasemjari, sem hefir þó nokkurt vald, hafi sem ríkasta skyldu til að fylgjast með öllu í atvinnulífi þjóðarinnar.

11. brtt. miðar að því, að herða á skyldu manna til að mæta hjá sáttasemjara til viðtals eða fundar. Í frv. er ákveði um, að mönnum sé skylt að mæta á fundi hjá sáttasemjara, en það er nauðsynlegt, að aðili hafi skyldu til þess einnig þegar sáttasemjari aðeins þarf að hafa tal af honum.

Nú kem ég að 12. brtt., og er hún veigamest. Hún er á þá leið, að vinnustöðvun megi aldrei gera fyrr en liðnir séu 4 sólarhringar frá því, að tilkynning kom í hendur ríkissáttasemjara og ennfremur, að sáttasemjara sé í einstökum tilfellum skylt að banna vinnustöðvun, þar til sáttatilraun hafi farið fram. En þetta bann má aldrei standa lengur en 5 + 2 sólarhringa, sem sé 7 sólarhringa. Samskonar ákvæði eru í Noregi, en þar er miklu lengra gengið en við gerum, því að fresturinn, sem sáttasemjara er veittur, er 10+4 dagar, en við leggjum til helming þess. En við teljum það verulegan galla á frv., að sáttasemjara er ekki veitt þessi skylda eða heimild til að banna vinnustöðvun. Það hlýtur að vera höfuðtilgangur vinnulöggjafar að reyna að tryggja vinnufriðinn í landinu. En til þess, að þeim aðaltilgangi verði náð, teljum við nauðsynlegt, að sáttasemjari megi banna vinnustöðvun.

Þá er 13. brtt., um að útkljá megi deilur í fleiri en einni atvinnugrein í einu lagi, ef sáttasemjari telur það rétt.

14. brtt. er um, að atkvæðatölur í félögum séu miðaðar við atkvæðisbæra félagsmenn, en ekki aðeins atkvæðisbæra menn, en það gæti skilizt svo, að eingöngu væri átt við fundarmenn, en svo er að sjá á 2. málsgr. 32. gr., að mþn. ætlist til, að um félagsmenn sé að ræða, því að þar stendur: „Umboðsmenn aðilja gefa sáttasemjara skýrslu um, hve margir *félagsmenn* eru atkvæðisbærir.“ Sést þar, að n. ætlast til, að við félagsmenn sé miðað.

15. brtt. er við 39. gr., um skipun félagsdóms. Hann skal vera skipaður 5 mönnum, og er í frv. gert ráð fyrir, að 2 séu skipaðir af aðiljum, þriðji af atvmrh. og 2 af hæstarétti. Við viljum, að 2 menn séu skipaðir af aðiljum, en 3 af hæstarétti. Við teljum ekki rétt, að pólitískur aðili, eins og ráðh., ráði um skipunina. Það gæti orðið til að auka á tortryggni gagnvart dómnum, en ekki til annars. Við teljum og rétt, að hæstiréttur tilnefni forseta og varaforseta dómsins.

17. brtt. er við 44. gr. Þar er nokkuð nánar tiltekið verkefni félagsdóms, þar sem honum er gert að dæma um, hvort löglegt geti talizt verkbann eða verkfall, sem boðað hefir verið, og hvort ófullnægðar kröfur, sem slíkar ráðstafanir eru byggðar á, séu löglegar, en það leiðir af eðli málsins, að félagsdómur er sá eini, sem um slíkt ætti að fjalla. Ég hugsa, að við sjálfstæðismenn munum við 3. umr., án tillits til, hvernig fer um þessa till., bera fram sérstakar brtt. um málsmeðferð fyrir héraðsrétti, sem bara fjalla um meðferð málanna, en eru ekki efnisbreyt. Mér finnst ekki ákvæðin um héraðsdóma vera eins nákvæm og var í okkar frv. á undanförnum þingum og viljum við gera þau fyllri.

Það má segja um 2 síðustu kafla frv., um sáttatilraunir og um vinnudómstól, að efnislega eru þeir líkir till. okkar sjálfstæðismanna, enda var þess getið í Alþýðublaðinu af tveimur fulltrúum Alþfl. í mþn., að þetta væri léleg uppskrift af till. okkar sjálfstæðismanna. En þó að alþýðuflokksmennirnir hafi kallað þetta svo, ræður kaldhæðni örlaganna því, að þeir bera fram þessar sömu lélegu till. Þegar athuguð er fortíð þeirra, er engin furða, þó að sumum þeirra verði órótt, eins og grg. hv. þm. N.-Ísf. sýnir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég reyndi við 1. umr. að sýna hv. þm. fram á, hvað væri skaðlegt í þessu frv., og benti á ýmsa galla þess, m. a. lögfræðilega, fyrir utan þau atriði, sem eru hættuleg fyrir verkalýðssamtökin og brjóta í bág við allt lýðræði.

Það er auðséð á frágangi frv. frá n. hendi og því, hvernig því er skilað, að skynsamlegar fortölur hafa engin áhrif, og ég hygg, að auðu stólarnir sýni það, að ýmsir þm. vilji ekki setja sig í þá hættu að taka sönsum í þessu máli. Það væri æskilegt, þegar verið er að afgreiða frv., sem snertir svo fjölmennustu stétt þjóðfélagsins sem þetta frv. gerir, að þm. hefðu látið svo lítið að fylgjast með í því, hvað verið væri að afgreiða.

Ég ætla að byrja á því að ræða um aðalröksemdirnar, sem fram hafa komið, sérstaklega af hálfu Framsfl., síðast hæstv. forsrh. og hv. flm.

Það hefir sérstaklega verið mikið bent á það af hv. þm. Framsfl., sem næst Íhaldinu sækja þetta mál fastast, að á Norðurlöndum væri komin vinnulöggjöf víðast hvar. Ég held, að þessum mönnum sé nær að líta til þessara landa í sambandi við einhverja aðra löggjöf um vinnu og vinnuskilyrði heldur en þá, sem snertir skerðingu á verkfallsréttindum. Á Norðurlöndum er búið að koma í gegn fjölda af lögum, sem eru til mikilla hagsbóta fyrir verkalýðinn. Þau lög hefði Framsfl. mátt taka til fyrirmyndar á ýmsan hátt, ef hann hefði viljað sýna einhverja

sérstaka umhyggju fyrir verkalýðnum. Sem dæmi skal ég nefna það, að nú eru tveir áratugir síðan víðast hvar á Norðurlöndum voru samþ. lög viðvíkjandi vinnutíma verkalýðsins, lög sem m. a. lögbuðu 8 tíma vinnudag. Það hafa nú í áratug verið lög á Norðurlöndum, sem leggja bann við barnavinnu og takmarka vinnu unglinga og kvenna, svo að ég tali ekki um, hve miklu fullkomnari allar alþýðutryggingar á Norðurlöndum eru heldur en hér. Ég skal bara benda á það sem dæmi, að þegar Framsfl. rausnaðist við að vera með alþýðutryggingunum, var allstór kafli í þeim, atvinnuleysistryggingar, gereyðilagður, eftir því sem upplýst hefir verið á þessu þingi, fyrir forgöngu formanns Framsfl., hv. þm. S.-Þ. Á Norðurlöndum er búið að koma á stórfelldum atvinnuleysistryggingum fyrir mörgum árum síðan, og borgar ríkið þar a. m. k. eitthvað til verkamanna, sem atvinnulausir eru. Hér er ástandið í þessu efni aftur á móti svo, sérstaklega fyrir forgöngu þess hv. þm., sem stendur þarna í dyrunum, að þegar íslenzki verkalýðurinn fær í fyrsta skipti lög afgr. á Alþ. um þessi efni, þá eru þau svo léleg, að ekkert verkalýðsfélag getur nýtt þau.

Hæstv. forsrh. minntist ofurlítið á það, að í Frakklandi væri til löggjöf um vinnu. Ég vil upplýsa hann um það, ef hann skyldi ekki vita það, að í Frakklandi er líka löggjöf um 40 tíma vinnuviku, löggjöf, sem tryggir í raun og veru næstum 7 tíma vinnudag.

Þessir menn, sem mest tala um vinnulöggjöf, ættu að athuga, hvað þau lönd, sem þeir vitna til viðvíkjandi löggjöf um vinnu og vinnuskilyrði, eru búin að gera í því, að reyna að tryggja afkomu verkalýðsins, tryggja skaplegan vinnutíma fyrir hann og gefa honum þar með kost á að vera menntaðri og sterkari stétt innan þjóðfélagsins heldur en hann ella hefði a. m. k. frá löggjafans hendi haft tækifæri til. Þegar verið er að vitna í það, að verkalýðshreyfingin hér ætti að taka Norðurlönd sér til fyrirmyndar, þá er það að því leyti, sem löggjöfin á Norðurlöndum er til fyrirmyndar fyrir verkalýðinn, en það, sem verkalýðurinn þar hefir getað knúið fram af verkalýðslöggjöf, hefir hann gert með því valdi, sem felst í hans sterku samtökum. En hitt, þegar vinnulöggjöf og annað slíkt er þar samþ., þá er það ýmist fyrir hans vanmátt eða vixlspor, og þessu ber ekki að rugla saman. Árangurinn af því, sem verkalýðshreyfingin á Norðurlöndum hefir áunnið sér, birtist í þeim réttindum, sem hún hefir unnið, en ósigrarnir og afleiðingarnar af þeim birtast í þrælalöggjöfinni.

Þá hafa hv. þm. Framsfl., og sérstaklega hæstv. forsrh., talað um það af miklum móði í sambandi við alla þá löggjöf, sem hér liggur fyrir, að það nái engri átt, að verkamenn og verkalýðssamtökin geti beitt valdi, og eiga þar með sérstaklega við, að verkalýðssamtökin komi á verkföllum og bindist samtökum um að hindra verkfallsbrjóta og annað þess háttar. Ég verð að minna þessa hv. þm. á, að spursmálið um valdbeitingu innan núverandi þjóðfélags horfir allt öðru vísi við. Það er ekki verkalýðurinn, sem beitir valdi; það eru fyrst og fremst atvinnurekendur, sem beita valdi, — og hvaða valdi? Því valdi, sem þeir hafa yfir atvinnu verkamanna og þar með, eins og þjóðfélaginu er háttað, yfir lífi þeirra og allri afkomu, og þessu valdi beita atvinnurekendurnir alveg miskunnarlaust, þannig að þeir segja verkamönnum upp vinnu, hvenær sem þeim þóknast, og þó að verið sé að tala um, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, geri atvinnurekendur og verkamenn að einhverju leyti jafnrétthá, þá er það eins og hvert annað þvaður, því að það er ekkert, sem kemur til greina í því efni, eins og þjóðfélaginu er háttað. Atvinnurekandinn hefir svipað vald yfir verkamönnunum eins og þrælaeigandinn á sínum tíma hafði yfir þrælnum og jarðeigandinn yfir ánauðugum bóndanum; hann hefir atvinnu hans og líf meira og minna í hendi sér, og að hann skuli ekki eyðileggja verkalýðsstéttina líkamlega í stórum stíl, eins og raunin vildi verða á uppgangsskeiði auðvaldsskipulagsins, stafar af því, hvað harðvítuglega verkalýðurinn setur sig á móti því. Það er vitanlegt, að verkalýðssamtökin eru nauðvörn verkalýðsstéttarinnar á móti þessu valdi, sem atvinnurekendur hafa í núverandi þjóðfélagi, og ef þessi nauðvörn er að einhverju leyti takmörkuð, þá er þar með verið að rýra þá möguleika, sem verkalýðsstéttin hefir til sæmilegrar afkomu, eins og þjóðfélagið er nú. Það er þess vegna langt frá því, að með því frv., sem hér liggur fyrir, sé að einhverju leyti verið að koma í veg fyrir valdbeitingu, eins og hæstv. forsrh. vildi vera láta. Það er þvert á móti verið að auka þau réttindi og það vald, sem atvinnurekendastéttin hefir, en að sama skapi er reynt að leggja verkalýðssamtökunum fjötur um fót viðkomandi atvinnurekendastéttinni. Ég hefi áður vakið eftirtekt á því í sambandi við þetta frv., að meira að segja þegar verið er að tala um vinnustöðvun í því, þá er þar ekki nokkur greinarmunur á gerður, sem tryggir, að atvinnurekendum sé ekki mögulegt að fara í kringum þessi lög eins og þeim þóknast. Þeim er í raun og veru heimil hvaða vinnustöðvun sem þeir vilja, því að þeir geta alltaf framkvæmt hana á þann hátt, að segja verkamönnum upp, því að það er ekkert í þessum lögum, sem takmarkar þennan rétt. Það hefir þó þótt viðeigandi í hverju einasta siðuðu landi, þar sem vinnulöggjöf hefir að einhverju leyti verið sett, að tryggja a. m. k. að einhverju leyti, að verkamenn hefðu rétt til þess að dæma um og segja eitthvað um það, hvort uppsagnir atvinnurekenda hefðu við rök að styðjast. Í þessari löggjöf er vald atvinnurekendanna látið vera alveg óskorað og ótakmarkað eftir sem áður; það er einungis gegn verkalýðsstéttinni, sem takmörkuninni er beint. Þegar hæstv. forsrh. talar af miklum þjósti, eins og hann gerði við 1. umr., um það, að það væru svik við verkalýðinn, að vera að mæla á móti svona vinnulöggjöf, þá ætti hann að stinga hendinni í eigin barm og athuga, hverjir það eru, sem svíkja. — Hæstv. forsrh. talaði í þessu sambandi líka um það, hvort sá smáskæruhernaður, sem nú ætti sér stað í þjóðfélaginu, ætti að fá að halda áfram ótakmarkað, hvort verkföll, utan við lög

og rétt ættu að halda áfram. Ég verð að segja það um þennan smáskæruhernað, að hann er háður jafnt eftir sem áður, að því leyti, að sú barátta, sem er háð á vinnustöðvunum, er háð af atvinnurekendunum til þess að geta hagnýtt vinnukraft verkamannanna sem bezt, keypt hann sem ódýrast og notað hann líka stjórnmálalega, eins og þeim er frekast mögulegt, ef þeir komast upp með það. Þessi smáskæruhernaður verður til yfirleitt á meðan hagsmunamótsetningar eru til á milli atvinnurekenda og verkamanna, og Framsfl., sem allt þykist geta læknað með sinni afstöðu á milli stétta og flokka, verður ef hann ætlar sér að gera eitthvað í þessu máli, að þora að taka á þessu meini við rætur þess, sem liggja í stéttaskiptingunni sjálfri og í eignarrétti einstakra atvinnurekenda á framleiðslutækjunum, og þora að afnema hann. Meðan hann helzt, helzt stéttabaráttan og smáskæruhernaðurinn, sem hæstv. forsrh., var að barma sér yfir.

Það kom fram við 1. umr., í sambandi við umræður um skaðabótaskyldu verkalýðsfélaganna, sérstaklega af hálfu hv. frsm., að það næði ekki nokkurri átt að setja lög, sem hefðu engin ákvæði um skaðabætur og sektarákvæði. En það vill gleymast nokkuð auðveldlega að setja ákvæði um skaðabætur og sektarákvæði, ef um lög er að ræða, sem að einhverju leyti eru verkalýðnum til góðs. Ég hefði gaman af að spyrja þessa ágætu lögfræðinga, sem að þessu frv. standa, hvar sé að finna sektarákvæði og skaðabætur í sambandi við lögin um kjallaraíbúðir eða lögin um greiðslu kaupgjalds. Ég man ekki hvort það er í sambandi við togaravökulögin. Ég sé því ekki frekar ástæðu til að hafa ákvæði um skaðabætur og sektir í þessum lögum, sem þingið ætlar að fara að afgreiða, heldur en í öðrum lögum, sem þessir herrar segjast setja fyrir verkalýðinn.

Viðvíkjandi þeim spurningum, sem ég kom fram með við 1. umr., um það, hvernig ætti að skilja ýmislegt í frv., hefir fáu eða engu verið svarað, og það hafa heldur ekki komið frá n. neinar þær brtt., sem gæfu til kynna, að hún hafi reynt að setja sig inn í ýms af þeim vandamálum, sem eru í sambandi við þetta frv. Ég nefndi í sambandi við spursmálið um pólitísk verkföll allmörg dæmi um verkföll, sem ég álít vera leyfð, þó að þau séu pólitísk, þrátt fyrir þetta, og benti á, hversu nauðsynlegt það væri að gera viðkomandi gr. a. m. k. skýrari. En það liggur engin brtt. fyrir frá hv. n. viðvíkjandi því. — Ég kom ennfremur með spurningu í sambandi við 14. gr., um það, hvort öll önnur verkföll væru heimil. Um þetta hefir ekkert svar komið, og 14. gr. er þar með viðurkennd sem hrein della af þeim, sem að þessu frv. standa.

Ég ætla að geyma mér að fara í ýmislegt af því, sem sérstaklega hefir borið á góma síðan, þangað til einhverjir af hv. þm. Framsfl. hafa látið ljós sitt skína í sambandi við þetta frv., og skal því taka fyrir þetta mál, sem hér liggur fyrir.

Það er svo sem auðséð, að ekki hefir vantað samkomulagið í þessari blessaðri n., og Íhaldið finnur meira að segja sérstaka ástæðu til þess að undirstrika það í þessu nál. m. a., að það fagni framkomu þessa frv. og leggi til, að það verði samþ., og hér liggur ekki fyrir ein einasta brtt. frá hv. þm. N.-Ísf., sem á sæti í þessari hv. n., þrátt fyrir það þótt honum hljóti að vera kunnugt um, að svo að segja frá hverju einasta verkalýðsfélagi á landinu hafa komið fram óskir, og það mjög ákveðnar óskir, um stórvægilegar breyt. á þessu frv., meira að segja frá öllum þeim verkalýðsfélögum, sem tekizt hafði að fá til þess, að mæla með því.

Ég á bágt með að skilja það virðingarleysi og næstum fyrirlitningu fyrir vilja verkalýðsfélaganna, sem kemur fram í því, að það skuli ekki koma fram ein einasta till. af hálfu fulltrúa Alþfl. í þessari n. til þess að reyna að afstýra því skaðlegasta í sambandi við þetta frv. Hinsvegar er Íhaldið ánægt með þetta, eins og við var að búast. Það vantaði ekki yfirlýsingarnar um það við 1. umr. og heldur ekki í sambandi við nál. Þar gengur ekki hnífur á milli. Að vísu sést á þessu nál., að hv. þm. N.-Ísf. hefir fundizt nóg um þessa ánægju Íhaldsins og vill reyna að „dempa“ gleðina hjá því. Hann reynir a. m. k. að telja verkalýðnum trú um, að Íhaldinu sé að einhverju leyti illa við þetta frv., en það dylst bara engum, að gleði Íhaldsins er því miður allt of ástæðurík til þess, að þessum hv. þm. takist að draga úr henni á þennan hátt. Það er því auðséð, að í sambandi við þetta mál á verkalýðurinn í landinu að etja sameiginlega við afstöðu a. m. k. allra þeirra þriggja þingfl., sem eiga fulltrúa í þessari n., og sé ég ekki betur en að þar með hafi þeir, hægri mennirnir í Alþfl., tekið algera afstöðu á móti vilja þeirra verkalýðsfélaga líka, sem þeir hafa haft meiri hl. í og hafa gengið inn á að samþ. áskorun til Alþ. um að afgreiða þetta frv. með þeim breyt., sem þau hafa óskað eftir. Það virðist því vera orðið þannig, að það sé ekkert annað en máttur og áhrif verkalýðsins og samtaka hans utan Alþ., sem geti haft einhver áhrif á það héðan af, hvort þessi vinnulöggjöf verður samþ. eða ekki.

Ég álít, að það sé afarilla farið með þessu. Þau 13000 manns í Alþýðusambandinu, sem gegnum samtök sín hafa látið í ljós álit sitt á vinnulöggjöfinni, hafa mestmegnis staðið á móti þessu frv. Það munu ekki vera nema örfá verkalýðsfélög á landinu, sem hafa samþ. að mæla með frv. óbreyttu, og ég efast um, að það sé meira en eitt, sem hefir gert það. Svo hafa sum verkalýðsfélögin samþ. að fylgja frv. með því skilyrði, að því yrði breytt, og þar að auki mun helmingur af verkalýðssamtökunum beinlínis vera algerlega mótfallinn frv. Það er því um það að ræða, hvort Alþ. ætlar að ráðast í það að samþ. lög, sem verkalýðssamtökin eiga að búa við þvert á móti vilja þeirra og þvert ofan í margyfirlýstan vilja verkalýðsfélaga utan og innan Alþýðusambands og alþýðusambandsþinga.

Við kommúnistar höfum lagt fram brtt. við þetta frv., og skal ég strax taka það fram, að þær brtt. ber í raun og veru varla að skoða sem neinar venjulegar brtt. við frv., en það get ég sagt, að svo framarlega sem þessar brtt.,

verða samþ., þá eru þau ákvæði frv., sem miða að því, að kúga verkalýðinn, algerlega eyðilögð, en þeim ákvæðum yrði haldið eftir, sem að einhverju leyti auka réttindi verkalýðsins. Við lýstum því yfir við 1. umr., að við værum á móti þessu frv. og munum greiða atkv. á móti því.

Brtt. okkar miða að því, að freista þess, hvort hugsanlegt væri, að nokkrir af þeim mönnum, sem greiða atkv. um þetta, vilji taka nokkurt tillit til réttinda verkalýðsins, en annars er aðaltilgangurinn með brtt., að sýna ofurlítið, hvernig þetta frv. ætti að vera, ef það væri einhvers nýtt fyrir verkalýðinn, af því að við búumst við að vekja með brtt. athygli á því, hvernig hinar einstöku gr., sem við gerum brtt. við, eru í raun og veru alveg ónógar og næstum einskisvirði, eins og frá þeim er gengið — Skal ég nú rekja brtt. okkar, sem eru á þskj. 306.

Fyrsta brtt. er í sambandi við 2. gr., sem fjallar um stéttarfélög, og leggjum við til, að aftan við þá gr. verði bætt ákvæði viðvíkjandi stéttafélagssambandi. Í þessu frv. er hvað eftir annað talað um stéttafélagasamband, og það er ennfremur gert ráð fyrir sérstökum réttindum til handa alþýðusambandinu, sem, eins og kunnugt er, er núna aðalstéttafélagasamband íslenzka verkalýðsins. Þar með væri verið ef þetta frv. yrði samþ., að festa í raun og veru í fyrsta skipti í íslenzkum lögum ýmiskonar ákvæði viðvíkjandi verkalýðsfélögum og þeirra réttindum og viðvíkjandi réttindum manna innan verkalýðsfélaganna og sambanda þeirra. Þegar ríkisvaldið fer að láta það til sín taka, þá verður það auðvitað að sjá til þess, að þeitt sé í sambandi við þetta þeim reglum, sem viðurkenndar eru í þjóðfélaginu, og að félagsskapur og þau samtök, sem fá þannig sérstök réttindi með þessum lögum, fullnægi þeim skilyrðum, sem menn hljóta að gera til slíkra samtaka í lýðfrjálsu skipulagi. Við leggjum því til, að aftan við þessa gr. sé bætt ákvæði um, að í þessu stéttarsambandi skuli allir meðlimir stéttarfélaganna kjörgengir til allra trúnaðarstarfa sambandsins og félaga þess án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki þeir tilheyra. Það myndi t. d. ekki ná nokkurri átt, að samþ., að ákveðið samband skyldi vera það eina samband fyrir verkalýðinn í landinu og að þetta samband gæti haft ákvæði, sem útilokuðu megnið af verkamönnum frá því, að vera kjörgengir í trúnaðarstöður og fulltrúastöður innan þess, eða t. d. að útiloka frá því alla þá menn, sem fylgdu þeim stjórnmálaflokki, sem e. t. v. væri sterkasti stjórnmálaflokkur verkalýðsins. Allt þetta myndi stinga í stúf við þær reglur, sem eiga að gilda í okkar þjóðfélagi. Það verður að ganga út frá því, að það ríki fullt lýðræði innan svona samtaka og að minni hl. geti ekki haft miklu meiri rétt en meiri hl. Nú er það hinsvegar vitanlegt, hvað Alþýðusamband Íslands snertir, að þar hafa við fulltrúakosningar ekki verið kjörgengir nema menn úr vissum stjórnmálaflokki, þannig að þó að meiri hl. verkamanna kysi menn úr öðrum flokkum, næðu þeir ekki kosningu. Þetta nær engri átt. Alþingi, sem vill byggja sín l. á lýðræði og innan sinna vébanda tryggir öllum stjórnmálaflokkum, með vissum takmörkum jafnan rétt, getur ekki verið þekkt fyrir að setja slík kúgunarákvæði í l. Samband eins og Alþýðusamband Íslands verður vitanlega að hafa rétt til að ákveða eitt og annað með sínum samþykktum. Það er ekki hægt að skylda sambandið til að taka inn félög, sem klofin eru út úr verkalýðssamtökunum. Hinsvegar álít ég, að þetta ákvæði viðvíkjandi jafnrétti meðlimanna í slíku sambandi sé mjög þýðingarmikið. Ég vil í þessu sambandi vekja eftirtekt á ákvæðum 65. gr. frv., sem við leggjum til, að verði felld burt. Þar er Alþýðusambandi Íslands veittur sérstakur réttur til þess að útnefna menn í félagsdóm. Við skulum hugsa okkur, að eitthvert félag ætti í vinnudeilu, sem stæði utan Alþýðusambandsins; þau eru allmörg til, svo sem iðnfélögin, múrarafélagið, póst- og símamannafélagið og ýms fleiri starfsmannafélög. Í því tilfelli væri óréttmætt að láta Alþýðusambandið útnefna menn fyrir félagsins hönd. Atvinnurekendur hafa rétt til að útnefna sjálfir menn í dóminn, svo framarlega sem þeir standa utan Vinnuveitendasambands Íslands, en verkalýðurinn, sem er utan Alþýðusambandsins, á ekki að hafa þennan sama rétt. Þetta væri mjög óréttmætt. Við leggjum því til, að þessi kafli verði allur felldur burt við 2. umr., en takist það ekki, munum við bera fram brtt. við 3. umr. Ég álít, að hv. þm. ættu að athuga gaumgæfilega þetta atriði, áður en þeir afgr. frv., eins og þeir munu flestir ákveðnir í að gera.

Önnur brtt. okkar er við 4. gr. Að áliti þeirra, sem flytja þetta frv., eiga verkamenn að hafa einhverja tryggingu fyrir því, að þeir séu ekki beittir pólitískri kúgun. Og 4. gr., með þessum breyt. okkar, myndi einmitt veita slíka tryggingu að nokkru leyti. Ég er hræddur um, að þeir hv. þm., sem eru í hægra armi Alþfl., ættu fyrst og fremst að gæta þess, að fara ekki sjálfir að brjóta á móti anda þessarar gr. í verki, eins og okkur hefir þótt verða vart við upp á síðkastið, og reyna ekki að hafa áhrif á starfsmenn sína. Þeir ættu að reyna að lifa eftir anda þessarar gr. sjálfir; það væri það ánægjulegasta. Og ég hugsa, að verkalýðurinn mundi vilja vinna það til, að fella gr. alveg burt úr l., ef svo mætti verða. En eigi þessi gr. frv. eða það, sem þeir vilja finna í henni, að verða að gagni, þarf hún að vera orðuð eins og við leggjum til. — Ef atvinnurekandi segir upp verkamanni, segist hann aldrei gera það vegna stjórnmálaskoðana hlutaðeigandi manns. Hann gerir það af annari ástæðu. Sá aðili, sem einn gæti verndað viðkomandi verkamann, er verkamannafélagið sjálft eða verkamenn á viðkomandi vinnustað. Þess vegna álítum við, að þarna verði að bæta við því ákvæði, að álíti viðkomandi verkalýðsfélag, að atvinnurekandi hafi brotið þessa gr. l., þá öðlist trúnaðarmaður verkalýðsfélagsins rétt til þess að ákveða, hvaða verkamenn skuli vera í vinnu hjá viðkomandi atvinnurekanda. Sem sagt, ef verkalýðsfélagið lítur svo á, að viðkomandi atvinnurekandi geri sig sekan um stjórnmálalega skoðanakúgun, getur félagið svipt hann réttinum til þess að ráða

því, hvaða verkamenn hann hefir í vinnu. Þetta kann e. t. v. að koma mönnum einkennilega fyrir sjónir hér, en erlendis tíðkast víða þetta fyrirkomulag, að verkamannasamböndin sjálf skipti vinnunni niður á milli verkamanna. Og sumsstaðar hér á landi hafa samböndin tekið sér þennan rétt, þannig að þetta er ekkert, sem er fjarri lagi. Þeir, sem þykjast vilja gera eitthvað fyrir verkalýðinn á þessu sviði, ættu því að geta samþ. þessa brtt. okkar.

Fimmta gr. frv., sem við flytjum brtt. við, er um stéttarfélög sem lögformlegan samningsaðila. Nú er það vitanlegt, að þó að það standi í l., að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili, geta atvinnurekendur neitað að semja við verkalýðinn.

Hv. þm. Ísaf. talaði mikið um það við 2. umr. þessa máls, að með því að fá þetta inn í l., væri verið að spara fyrir verkalýðsfélögin úti á landi harðvítuga baráttu, sem verkalýðsfélögin í hinum stærri bæjum hefðu orðið að heyja, til þess að fá sig viðurkennd sem samningsaðilja. Þetta er rangt hjá hv. þm. Þó að þetta ákvæði yrði að l., yrðu félögin úti á landi að heyja þessa sömu baráttu. Atvinnurekandinn er ekki skyldugur til að semja við viðkomandi verkalýðsfélag. Hann getur sagt sem svo: „Ég greiði ekki hærra kaup en þetta“, einkanlega þó í smáþorpunum, þar sem einn atvinnurekandi máske ræður öllu. Við leggjum til, að svo framarlega sem atvinnurekandi neitar að semja við verkalýðsfélag, hafi félagið rétt til að auglýsa kauptaxta, og hann skuli þá gilda eins og löglegur samningur. Þetta þýðir, að vilji atvinnurekandinn ekki viðurkenna verkalýðsfélag sem samningsaðilja, þá hefir verkalýðsfélagið þennan rétt. Hinsvegar er gefið, að atvinnurekandi getur hafið samninga við verkalýðsfélag og þeir orðið árangurslausir; hann er aðeins neyddur til þess að tala við félagið sem réttan samningsaðilja.

Þá kem ég að 8. gr. frv. Hún er ein af þeim mörgu gr., sem eingöngu leggja skyldur á herðar verkalýðsfélaganna, en engar samsvarandi skyldur á atvinnurekendur. Þeir bera ábyrgð á samningsrofum. Við leggjum til, að þessi gr. verði felld burt. Við viljum, að það sé ekki hægt að gera verkalýðsfélögin ábyrg fyrir samningsrofum, sem atvinnurekendur kunna að kalla fram.

9. gr. frv. fjallar um trúnaðarmenn. Henni hefir verið mjög haldið fram af formælanda þessa frv. Okkar brtt. við þessa gr. er á þá lund, að þegar verkalýðsfélag hefir útnefnt tvo menn til trúnaðarmannastarfa, skuli verkafólkið á viðkomandi vinnustöð hafa þann rétt, að velja annan þeirra sem trúnaðarmann, í stað atvinnurekenda, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þetta ætti að tryggja samstarfið milli verkalýðsfélagsins og fólksins á viðkomandi vinnustað. — Síðasti málsl. 9. málsgr. fjallar um að undanþiggja ákvæðnar vinnustöðvar undan því að hafa trúnaðarmenn, og á t. d. trúnaðarmannaákvæðið ekki að ná til landbúnaðarverkafólks. Ég benti á það við 1. umr., að með þessu væri verið að svipta verkafólkið á Korpúlfsstöðum réttinum til þess að hafa trúnaðarmenn, en þetta er stærsta landbúnaðarvinnustöðin á Íslandi. Við leggjum til, að þetta ákvæði verði fellt burt og að alstaðar, þar sem 5 menn vinna, skuli verkafólkið geta haft trúnaðarmann. Ég sé heldur ekki, að nein rök hafi komið fram, sem mæli með því, að svipta þá menn, sem vinna við landbúnað eða ákveðin skip, þessum rétti. Hinsvegar er vitanlegt, að það er lítils virði að hafa þessa trúnaðarmenn, svo framarlega sem ekki er öryggi fyrir því, að hægt sé að segja þeim upp. 11. gr. frv. mælir að vísu svo fyrir, að óheimilt sé að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna. Þetta er sama „húmbúkkið“ og ég hefi áður bent á í sambandi við 4. gr. Auðvitað dettur atvinnurekendum ekki í hug að viðurkenna, að þeir segi trúnaðarmanninum upp vinnu vegna hans starfa sem trúnaðarmanns. Þeir bera honum einhverja aðra galla á brýn. Okkar brtt. á að tryggja, að trúnaðarmanninum sé sagt upp síðast allra og að atvinnurekendur geti ekki losnað við þessa trúnaðarmenn, nema með því móti að segja upp öllu fólkinu. Vitanlega er sá möguleiki til fyrir atvinnurekendur, eins og það er möguleiki til fyrir þá, að fara í kringum öll þessi l. En svo framarlega, sem hv. þm. vilja sýna einhverja viðleitni til þess að tryggja rétt verkalýðsins, ættu þeir að geta samþ. brtt. okkar við 11. gr.

Þá er lokið brtt. okkar við þennan kafla, sem fjallar um rétt stéttarfélaga. Það er auðséð af því, sem ég hefi sagt, að þessi réttur er harla lítils virði. Og þótt brtt. okkar verði samþ., er samt hægt að fara í kringum þetta allt af hálfu atvinnurekenda, þannig að fáist þær ekki samþ., væri fyrst augljóst, að hér er ekki verið að hugsa um rétt verkalýðsins.

Ég kem þá að II. kaflanum og brtt. okkar í sambandi við hann. Þær eru yfirleitt stuttar, og miða að því, að viðhalda þeirri reglu, sem hér hefir gilt um verkföll og á að gilda í hverju lýðræðisþjóðfélagi. Þess vegna leggjum við til, að 15.—17. gr. verði felldar burt, en þær hafa í sér fólgnar takmarkanir á því, hvenær hægt er að koma á vinnustöðvun. Þær mæla svo fyrir, að ekki megi hefja vinnustöðvun nema í ákveðnum tilgangi, og banna ákveðin verkföll.

Það er eftirtektarvert í sambandi við þennan kafla, að hann fjallar, hvað fyrirsögnina snertir, um verkföll og verkbönn, en það er engin tilraun gerð í kaflanum til þess að takmarka það vald, sem atvinnurekendur hafa til þess að framkvæma verkbönn með allt öðru móti en þarna er um talað. Væru ákvæði kaflans tekin eftir orðunum, mætti heimfæra þau undir, að atvinnurekendur mættu ekki framkalla vinnustöðvun. En það vitum við, að hefir ekki verið tilgangurinn. Atvinnurekendum er látið standa opið að gera hvaða stöðvun sem vera skal, bara ef þeir kalla það ekki verkbann, sbr. 17. gr. Nú kynni einhver að segja, að með þessu móti væru atvinnurekendur hindraðir í því að gera vinnustöðvun til þess að þvinga viðkomandi ríkisstjórn. En það er vitað, að með þessu er verið að hindra, að verkalýðurinn geti notað samtök sín. Það er tilraun til þess að hindra verkföll, sem á mjög áhrifamiklum augnablikum

gætu haft mikla þýðingu fyrir verkalýðinn og þjóðina í heild. Ef atvinnurekendur hinsvegar vildu beita þessu, þá geta þeir gert eins og þeim þóknast, án þess að brjóta í bága við þessi ákvæði. Og þeir hafa gert þetta með stöðvun togaraflotans 1936, til þess m. a. að gera viðkomandi ríkisstj. erfitt fyrir. Og það er vitanlegt, að atvinnurekendur hér á landi munu hugsa til að beita svona ráðum og reyna að kúga ríkisstj. með því að stöðva þau atvinnufyrirtæki, sem þeir hafa í sínum höndum og eru taldir eigendur fyrir. Þessi ákvæði eru því vitagagnslaus hvað verkbönn snertir af hálfu atvinnurekenda. *Hér er eingöngu um að ræða árás á verkalýðssamtökin, — þau einu samtök, sem lýðræðið og vinstri flokkarnir geta treyst á og geta sýnt verulega mótspyrnu, ef um árás af hálfu afturhaldsins er að ræða.* Einmitt þessi samtök myndi Framsfl. vera að reyna að veikja og lama með því að samþ. þessar gr.

Samkv. 18. gr. er atvinnurekendum óheimilt að stuðla að því, að skipulagðir verkamenn geri st verkfallsbrjótar, þegar löglega hefir verið til þess stofnað. Við viljum bæta hér við, að þeim sé ekki heldur heimilt að reyna að brjóta verkföll á bak aftur með öðrum verkfallsbrjótum.

Þá kem ég að kaflanum um sáttatilraunir í vinnudeilum. Við flytjum hér brtt. xið 30. gr., þar sem rætt er um birtingu till. sáttasemjara. Það virðist vera sérstök trú á því hjá vissum þm. Framsfl., að heppilegast væri, að miðlunartill. sáttasemjara yrðu ekki kunnar, áður en fundir væru haldnir í viðkomandi verkalýðsfélögum, og sérstaklega, að fulltrúar verkalýðsins hefðu ekki haft tækifæri til þess að gera þær kunnar í blöðum sínum. Það er eins og þeir haldi, að með því móti að birta ekki till. áður, mundu meiri möguleikar vera á því, að þær yrðu samþ. Hugsunarhátturinn, sem hér liggur á bak við, er sá, að verkamennirnir, sem um þetta eiga að fjalla, mundu til í að samþ. viðkomandi till., en hinsvegar mundu áhrif verkalýðsflokkanna og blaðanna heldur beinast í þá átt, að vinna á móti viðkomandi till. Þetta er sami hugsunarhátturinn og þeirra manna, sem halda, að verkalýðssamtökunum sé stjórnað af nokkrum æsingamönnum og að verkamennirnir séu í raun og veru menn, sem séu afvegaleiddir af þessum æsingamönnum, og þess vegna sé um að gera að halda verkalýðnum sem lengst frá þeim. Þetta byggist á reginmisskilningi á allri afstöðu verklýðsstéttarinnar í þjóðfélaginu. Sannleikurinn er einmitt þvert á móti sá, að hjá verklýðsstéttinni sprettur auðvitað stéttabaráttan upp. Það er sú eðlilega tilhneiging manna til þess að bjarga sér, sem kemur fram í þeirri mynd, að þeir verða að hjálpast að, því að þeir (verkamenn) hafa enga eign og ekkert vald yfir atvinnufyrirtækjum né heldur peninga. Eina vald þeirra er með samtökum. Þess vegna er það, að hjá verkamönnum skapast verklýðshreyfingin og sósíalisminn, þeirra frelsisbarátta. Það eru þess vegna verkamenn sjálfir, sem öruggastir eru í því, að halda fram réttindum sínum og berjast fyrir þeim. Það er misskilningur, að heppilegast sé að leggja till. sáttasemjara óundirbúið fram á verklýðsfélagsfundi. Og sérstaklega, eins og sakir standa nú, er það mjög rangt. Það er einmitt svo komið nú um verklýðsstéttina, eins og afstaðan er nú í þjóðfélaginu, að hún tekur í sinni verklýðsbaráttu eða vill taka tillit til ýmislegs, sem ekki snertir hagsmunabaráttu í svipinn. Og það er miklu erfiðara að koma þess háttar baráttu við, ef ekki er hægt að ræða slíkar till. (þ. e. sáttasemjara), áður en þær koma fram á verkalýðsfélagsfundi. Það er miklu skynsamlegra, að hægt sé að ræða till. þessar áður en á fundum verklýðsfélaganna. Þess vegna förum við fram á, að heimilt sé fulltrúum verklýðsfélaga, ef þeir óska þess, að birta á prenti sáttatillögur sáttasemjara, áður en þær verði ræddar á fundi félagsins. Ég held, að þeir menn, sem hafa verið á móti þessu, en hafa hinsvegar dálitla reynslu af þessum málum, ættu að athuga þetta atriði alvarlega, áður en þessar brtt. koma til atkvgr.

Um 32. gr. frv., sem fjallar um atkvgr. um miðlunartill. sáttasemjara innan verklýðsfélaganna, leggjum við til, að þar sé samskonar aðferð höfð, sem tíðkast í síðuðum þjóðfélögum, að þar sé meiri hl. látinn ráða, en ekki minni hl. og einhver maður, sem hvergi kemur nálægt verklýðsfélaginu. Og hann getur í sérstökum kringumstæðum ráðið alveg eins fyrir verklýðsfélagið, þó að hver maður í verklýðsfélaginu, sem fjallar um þetta, sé á móti hans ráðum. Eftir 32. gr. frv. getur sáttasemjari fengið sína till. samþ., þótt hver einasti maður, sem greiðir atkv., greiði atkv. á móti henni, svo framarlega sem ekki nema 19% atkvæðisbærra manna hafa tekið þátt í atkvgr. Með þessari gr. er verið að innleiða argasta einræði og það af þeim hv. þm., sem alltaf eru með lýðræðið á vörunum og tala um það með miklum fjálgleik, og þykjast vera afskaplegir verndarar þess, og þykjast ekki mega sjá því misboðið nokkurn skapaðan hlut. Þeir finnst mér ættu að byrja heima hjá sér og samþ., að þarna skuli ráða lýðræði og að lýðræðislegur meiri hl. eigi að samþ. till. sáttasemjara í öllum kringumstæðum, til þess að þær geti orðið gildandi viðkomandi málum verkalýðsfélaganna.

Þá leggjum við til, að 34. gr. frv. falli burt. Við álítum ekki ástæðu til að láta ríkissáttasemjara birta skýrslu um þetta á kostnað ríkisins „á þann hátt, sem hann álítur heppilegast til þess, að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna, eins og hér stendur í frvgr. Það væri dálaglegt, ef skrifað væri fyrir alþjóð um slíkar deilur líkt og við þekkjum, hvernig sumir hv. þm. Framsfl. skrifa um þessi mál; t. d. þegar hv. þm. S.-Þ. skrifar í Nýja-dagblaðið um sögu ýmissa verklýðsfélaga. Hann er duglegur í slíku, en sáttasemjari ríkisins hinsvegar linur í slíkum sökum. Það yrði dálaglegt plagg, ef hv. þm. S.-Þ. væri látinn skrifa sögu einhverrar vinnudeilu og hún væri svo gefin út í nafni sáttasemjara ríkisins, og á kostnað ríkisins auðv. líka, til þess að almenningur fengi *rétta*(!) hugmynd um málið. Ég hygg réttast, ef ætti að gefa eitthvað út um slíkt, að báðir aðiljar fengju þá að segja sitt álit um málið. En það er eins og sumir áliti, að ef orðið „ríkis-" sé sett framan við eitthvað, þá sé það þess vegna upphafið yfir

alla pólitík og alla hlutdrægni o. þ. h. Og í sambandi við ríkissáttasemjara er það að segja, að þá skipar atvmrh., og náttúrlega þá pólitískur ráðherra, sem getur sett hvaða pólitískan mann í það sem honum þóknast, sem getur unnið á hvern hátt sem vera skal. Þetta getur því verið allt saman jafnrammpólitískt, þó að verið sé að segja, að einhver ríkissáttasemjari eigi að starfa óhlutdrægt eða slíkt. Þarna er um það að ræða, hvort mögulegt er að réttlæta það fyrir einhvern flokk, sem fer með ríkisstjórn, að gefa út langar skýrslur á ríkisins kostnað til þess að láta koma fram einhliða álit manns, sem er kannske meira eða minna ákveðið á móti verkalýðnum í slíkum kringumstæðum. Það þýðir, að mjög líklega verður þá slíkt plagg agitationarplagg móti verklýðsfélögunum.

Við leggjum til að síðustu, að 38.—69. gr. verði felldar burt, þ. e. allur kaflinn um félagsdóm. Hinsvegar höfum við ekki lagt til, að 70. gr. verði felld burt, um skaðabætur. Því að ef þessar brtt. okkar yrðu samþ., þá höfum við ekki á móti því, að 70. gr. standi, því að þá gæti hún komið niður á atvinnurekendum fyrst og fremst.

Viðvíkjandi kaflanum um félagsdóm vil ég segja það, að sérstaklega álít ég ákvæðið um skipun í hann alveg ófært. Ég hefi áður bent á það viðvíkjandi rétti verklýðssamtakanna þar, að það nær vitanlega ekki nokkurri átt að hafa áhrif þeirra svona lítil. Sérstaklega er ekki rétt að veita Alþýðusambandi Íslands þau einkaréttindi, sem þar er gert ráð fyrir. A. m. k. ætti að tryggja, að þau verklýðsfélög, sem utan þess stæðu, hefðu samsvarandi rétt til að eiga fulltrúa í dóminum.

Þá held ég, að ég hafi í höfuðatriðum skýrt okkar brtt. í sambandi við þetta frv. Ætla ég þá að koma hér að þeim brtt., sem þeir bera fram íhaldsmennirnir, hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. Það var nú svo sem vitanlegt, hvernig þær brtt. mundu vera, sem kæmu úr því horninu. Þeir leggja þar til, að í staðinn fyrir orðið „atvinnurekendur og atvinnurekenda“ í frv. komi: vinnuveitendur og vinnuveitenda. Þetta virðist sumum ekki stórt mál. En er það nú rétt? Það, sem liggur bak við þetta orð, sem þeir vilja nota hér og nota sjálfir á nafni eins félagsskapar — þetta orð „vinnuveitendur“ er í raun og veru komið af hugmynd, sem er móðgandi við verkalýðinn og algerlega röng í þjóðfélagslegum skilningi. Það eru ekki þessir herrar, atvinnurekendurnir, sem veita atvinnuna, heldur taka á móti henni. Þeir, sem láta vinnuna í té, þ. e. veita hana, eru verkamennirnir. Það er þess vegna verið að rugla öllum hugtökum, þegar verið er að reyna að koma þessu orði „vinnuveitendur“ inn í l. Hér á árunum var mikið verið að nota önnur orð um þetta, sem voru „vinnuseljandi“ og „vinnukaupandi“ og önnur slík, sem voru að vísu rétt. Hinsvegar eru þau orð um þessa aðilja, sem komizt hafa inn í málið og náð þar festu, „atvinnurekendur“ og „verkamenn,“ sem ég álít rétt að halda fast við. Bak við orðið „vinnuveitendur“ er hugmynd þeirra, sem atvinnu reka, að þeir láti verkalýðnum vinnu í té eins og eitthvert náðarbrauð, svo sem einhverjir sérstakir hjálparmenn og velgerðamenn verkalýðsins, sem hjálpi verkalýðnum til að lifa, og verkalýðurinn eigi að vera þeim afarþakklátur fyrir og þess vegna að knékrjúpa fyrir atvinnurekendum og tigna þá fyrir. En sannleikurinn er sá, að atvinnurekendurnir, þessir menn, sem komizt hafa yfir peninga, og þá stundum nokkuð vandræðalega, þeir leggja í fyrirtæki, sem þeir halda, að þeir geti grætt á, og kaupa svo vinnu fátækra manna, sem ekkert hafa að selja annað en vinnuafl sitt. Þessir atvinnurekendur reyna að nota sér neyð verkamanna til þess að græða á þeim. En eins og orðið „atvinna“ er notað, er það rétt, og líka komið inn í málið að kalla þá atvinnurekendur, sem yfir atvinnutækjum ráða. Ég er því á móti þessari brtt.

Þá leggja þeir til, að upphafi 9. gr. frv. verði breytt á þá leið, að það séu ekki verklýðsfélögin, heldur mennirnir, sem á vinnustöðvunum vinna, sem eigi að tilnefna trúnaðarmenn. Ég er á móti þessu, þó að það sé gott, að verkamenn á viðkomandi vinnustöð hafi ýms réttindi. Og ég vil, að þeir ráði, hvor af þeim tveimur mönnum, sem verklýðsfélag tilnefnir, skuli verða þar trúnaðarmaður. En ég álít algerlega rangt, að þeir eigi að tilnefna trúnaðarmanninn skilyrðislaust, á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir, því að verkamenn á einni vinnustöð geta verið alveg sérstaklega háðir atvinnurekandanum þar, og atvinnurekandinn getur þá miklu frekar haft áhrif á þá um valdið, sérstaklega frá stjórnmálalegu sjónarmiði. Þess vegna er ég algerlega á móti þessu ákvæði. — Hv. þm. Snæf. sagði hér áðan, að sér fyndist eðlilegast, að fólkið sjálft, sem á vinnustöðvunum vinnur, ætti að ákveða um þetta val. Ég er því samþykkur að því leyti, að fólkið eigi að ákveða, hvorn af tveimur eigi að hafa sem trúnaðarmann, sem stungið er upp á af verklýðsfélagi, og fremur en atvinnurekandinn.

Svo kemur í 3. lið brtt. þeirra íhaldsmannanna, b.- og c-liðum till., það, sem er táknandi fyrir þá. Það er auðséð, hverjir standa þarna að. Það á sem sé að halda því fram, að þetta skuli ekki ná til landbúnaðarverkafólks og ennfremur ekki til verkamanna á skipum eða bátum. Það á sem sé með þessu að undanskilja alla togara frá þessari löggjöf. Það er auðsjáanlega fyrir þessa herra þýðingarmikið, að togarasjómenn, og sérstaklega sjómannafélög, hafi ekki nokkra möguleika til að útnefna trúnaðarmenn á togurum. Og maður fer þá að skilja, hvað vakir þarna fyrir hv. þm. Snæf. Ef þetta verður samþ., þá þarf Kveldúlfur ekki að kvarta undan því, að trúnaðarmenn séu á togurum félagsins. Ekki þarf heldur Thor Jensen að kvarta yfir, að trúnaðarmaður sé á Korpúlfsstöðum. Það, sem þessir hv. þm. því fara fram á með þessum liðum brtt., er að undanskilja Kveldúlf og Korpúlfsstaði því, að trúnaðarmenn verkamanna þurfi nokkrir að vera meðal verkamanna, sem við þau fyrirtæki vinna. Ég get vel skilið þetta. Það hefir nefnilega verið siður hjá Kveldúlfi, sérstaklega undanfarin ár, að ef ráðamenn hans hafa komizt að því, að einhver af sjómönnum

á togurum félagsins væri eitthvað „rauður", þá að láta hann ekki vera lengi á skipi félagsins eftir það, heldur reyna að koma honum í land sem fyrst. Það er mjög skiljanlegt, að fulltrúi Kveldúlfs reyni að sjá til þess, að enga trúnaðarmenn verði hægt að hafa á þessum skipum, svo að ég ekki tali um, ef þessir trúnaðarmenn hefðu einhver réttindi, þannig að ekki væri hægt að reka þá í land hvenær sem atvinnurekandanum þóknaðist.

Annars þarf ég ekki að fjölyrða um þessar brtt. Þær eru, eins og við mátti búast, allar til hins verra. En þó verð ég að leggja sérstaka áherzlu á það, að í 12. lið brtt. þeirra er ríkissáttasemjara gefinn möguleiki til þess að fresta verkföllum sem mest. Ég er algerlega andstæður þessari brtt. Það er vitanlegt, að þessir tillögumenn vilja ganga sem allra lengst í því, að skerða verkfallsrétt verkamanna almennt, og bera þess vegna þessa till. fram. — 13. liður brtt. þeirra miðar að því sama, með því að ákveða, að hægt sé að útkljá í einu lagi, þótt margar atvinnugreinar eigi í deilum.

Þá er 17. liður brtt. þessarar, um að félagsdómur eigi að ákveða, hvort löglegt geti talizt verkbann eða verkfall, sem boðað hefir verið, og hvort ófullnægðar kröfur, sem slíkar ráðstafanir eru byggðar á, séu löglegar. Þetta ákvæði nær vitanlega ekki nokkurri átt. Ég býst við, eins mikið og hefir verið flaustrað fram í þessu máli, eins og lítið móttækilegir flm. þess og þeir menn aðrir, sem harðast berjast fyrir framgangi þess, eru fyrir allar skynsamlegar ábendingar um breyt. á frv., að það muni ekki langt um líða, áður en þeir reka sig á það, að þessi l. verða nokkuð götótt.

Þá eru brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. Þær brtt. miða að mörgu leyti í líka átt og brtt. okkar kommúnista, þó að þær gangi ekki eins langt í því, að draga úr því, sem er skaðlegast við þetta frv. Ég þarf ekki að fara ýtarlega út í þær, því að ég er búinn þegar að koma inn á efni flestra þeirra í sambandi við brtt. okkar kommúnista. Ég mun geta verið með a. m. k. flestum þeirra. En ég vil geta þess einnig í sambandi við þær brtt., að við kommúnistar erum á móti frv. sem heild, jafnt þó að við greiðum atkv. með þeim.

Nú vil ég segja í sambandi við þetta frv., að það virðist ekki vera neitt einstakt í sinni röð hér á Alþ. Það eru í raun og veru þrjú frv., sem hér liggja fyrir, sem öll miða í sömu átt. Frv. um iðnaðarnám miðar að því, að skerða réttindi sveinafélaganna. Frv. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar miðar að því, að minnka öryggi sjómannanna og rýra atvinnu þeirra manna, sem á sjónum vinna. Og svo þarf ég náttúrlega ekki að minna á það fjórða, sem orðið er að l., gerðardómsl. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er því fjórða frv. á þessu þingi af stórum málum, sem öll miða að því, að láta rýra réttindi verkamannastéttarinnar til verkfalla og annars, og reyna að fjötra hana sem allra mest í hennar hagsmunabaráttu. Það er þess vegna alveg auðséð, að þessi frv. eru öll liður í einni samfelldri árás á verkamannastéttina í landinu. Þau miða öll að því, að beygja hana undir ok atvinnurekenda og reyna að láta dvína sem mest mótstöðukraft hennar til að verja sig gegn kúgun. Þó ganga gerðardómsl. lengst í þessu. Og það er hart að sjá það, að bæði í sambandi við gerðardómsl. og í sambandi við breyt. á l. um atvinnu við siglingar, og að ýmsu leyti í sambandi við breyt. á l. um iðnaðarnám, hafa 7 af þeim mönnum, sem kosnir hafa verið af alþýðunni sem Alþfl.-menn staðið saman um að vera á móti þeim málum, þá eru þeir nú, hvað þetta mál snertir, algerlega að bregðast því trausti, sem kjósendur þeirra hafa sýnt þeim og verklýðssamtökin í landinu óska eftir, en berjast á þveröfugan hátt við óskir sinna kjósenda. Þó er hér um að ræða mál, sem er stórhættulegt verkalýðnum í landinu. Með þessari vinnulöggjöf, þegar hún einu sinni er sett, verður Íhaldið og hv. þm. S.-Þ., ekki lengi að færa sig upp á skaftið með að gera hana verri. Það mun ekki líða á löngu, áður en brtt. koma fram við hana, til þess að gera hana margbölvaðri en hún nú er samkvæmt þessu frv.

Nú hafa sumir af hægri mönnunum í Alþfl. talað um, að það mundi alveg eins hafa verið hægt fyrir afturhaldið að koma fram síðar svona l. eða verri l. á Alþ., þó að þetta frv. væri ekki samþ. En það er ekki rétt. Það yrði ekki svo þægilegt fyrir afturhaldið. En það er miklu þægilegra, þegar búið er að brjóta skarð í múrinn, að fara þar inn fyrir fjandmanninn, heldur en að ráðast á vígið með óbrotnum múrum. Þetta frv. mun verka eins og Trójuhesturinn forðum. Hér er verið að véla verkalýðinn og nota þm. hans til þess, ef hægt sé að fá þá til þess að vinna skemmdarverk gagnvart honum. En ef hægt væri að fá þá til þess að fara að vilja verkalýðsins og berjast gegn þessu frv., þá er tvísýnt, að hinir flokkarnir mundu voga sér að setja það í gegn. Það er þess vegna vitanlegt, að ef þetta frv. verður samþ. nú, þá er það sérstaklega og fyrst og fremst á ábyrgð hægri mannanna í Alþfl., og það verður þá þeim, sem afturhaldið á það að þakka, ef það getur smeygt þessum fjötrum um háls verkalýðnum. Það er því ekki óeðlilegt, að afturhaldið fagni yfir því. En fyrir verkalýðinn mundi þetta þýða fyrst og fremst virkilega mikla skerðingu á rétti verkalýðsins til verkfalla, og það meira að segja þannig, sem getur varðað verkalýðinn afskaplega miklu. Þetta frv. hlýtur verkalýðurinn að líta á sem þrælalög og berjast á móti því sem slíkri lagasetningu. Þess vegna munum við kommúnistar nú við 2. umr. þessa máls greiða atkv. á móti þessu frv. sem heild, eins og við gerðum við 1. umr., og þá eins einstökum gr. þess.

Frsm. (Bergur Jónsson): Allir hv. flm. brtt. hafa nú talað, svo að ég ætla nú að fara nokkrum orðum um afstöðu meiri hl. allshn. til brtt.

Hv. 5. þm. Reykv. var nú í sambandi við eina brtt. að tala um, hvað formaður Framsfl. skrifaði mikið. Ég held, að fullt eins mikil ástæða væri til að tala um, hvað þessi hv. þm. talar mikið alltaf og alstaðar, bæði hér á Alþ. og utan þess.

Þessi hv. þm. viðurkenndi, að brtt. þær, sem hann og flokksbræður hans hafa borið fram hér í hv. d. við frv. þetta, séu ekki bornar fram sem eiginlegar brtt. til samþykktar, heldur bara til þess að gefa mönnum kost á að tala um þær, held ég; ég veit ekki, hvaða meining var í orðum hans. Það má segja um þær allar, að þær koma að flestu leyti í bága við tilgang þessa frv. og eru settar fram eingöngu til skemmdar á því, og bornar fram af hreinu skilningsleysi á því, hvað hér er um að ræða.

1. brtt. er viðvíkjandi stéttarsamböndum. Um hana vil ég segja það, að stéttarsamböndin geta vitanlega sett sér sjálf þær reglur, sem þeim sýnist. Með I. kafla þessara l. eru bæði stéttarfélög og stéttarfélagasambönd viðurkennd. Þau fá þar lagavernd, sem þau ekki hafa haft áður. Þessi till. er því alveg út í loftið.

Þá flytja þeir brtt. við 4. gr., sem fjallar um að það sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna. Ég held, að það sé fullkomlega eins vel tryggt í gr. eins og í brtt., að svo miklu leyti sem hægt er að tryggja slíkt.

3. brtt., um breyt. á 5. gr., kemur í raun og veru í bága við tilgang frv., þar sem ætlazt er til, að annar deiluaðilinn geti algerlega ákveðið kjörin. Það er yfirleitt byggt á því í þessari löggjöf, að reyna að fá friðsamlega lausn, en ekki að annar aðilinn setji kosti. Þetta á ekki síður við hv. 3. þm. Reykv., sem ber fram líka brtt. Þegar hann talaði áðan, skildist mér á honum, að honum fyndist sjálfsagt, að menn segðu fyrir um, hvaða laun þeir hefðu. Ég held, að það séu fæstir, sem ráða því, hvaða tekjur þeir hafa.

4. brtt. er um að fella niður 8. gr. Auðvitað er það óhjákvæmilegt að hafa einhver ákvæði um ábyrgð á samningsrofum, úr því að l. eru sett um það á annað borð.

5. brtt. skiptir náttúrlega ekki mjög miklu máli, en ég tel þó, að það sé óþarfi að samþ. hana. Það er ljóst, að þegar stéttarfélögin fá að tilnefna tvo menn sem trúnaðarmenn, þá geta þau alltaf fengið tvo hæfa menn til þeirra starfa, og þess vegna sé sama, hvor þeirra er valinn. — Þá er það 6. brtt., við 9. gr. Það, sem í gr. stendur, er í samræmi við norræna löggjöf, og sýnist ekki ástæða til að breyta því.

Þá kem ég að 7. brtt. Ég get ekki séð annað en að það sé eingöngu um hégómaákvæði að ræða í þeim breyt., sem þar er farið fram á á l. Hið sama má segja um 8. brtt.

Það kom fram hjá hv. 1. flm. brtt., hv. 5. þm. Reykv., að hann hefði verið með einhverjar spurningar við 1. umr. málsins viðvíkjandi 14. gr. Ég heyrði ekki þær spurningar, og hann endurtók þær ekki hér, enda skil ég ekki annað en að hann ætti að vera maður til þess að skilja gr. eins og hún liggur fyrir.

9.—11. brtt. um að fella niður 15.—17. gr., ná auðvitað engri átt, ef halda á fast við þetta frv., því að þær eru reglur um frest, þegar um vinnustöðvun er að ræða, svo og um það, á hvern hátt stéttarfélög og félög atvinnurekenda geti hafið vinnustöðvun.

Ég bjóst við, að hv. þm. teldu 18. gr. vera til bóta, en vitanlega er þar ekki ástæða til þess að setja ákvæði um annað en að það sé óheimilt að reyna að afstýra verkfalli með aðstoð einstakra meðlima félaga, sem að verkfallinu standa. Hitt er alger efnisbreyt., sem alls ekki á við hérna.

Þá er það 13. brtt., þar sem farið er fram á, að fulltrúum verklýðsfélaga sé heimilt, ef þeir óska þess, að birta á prenti till. sáttasemjara áður en þær hafi verið ræddar á fundi félagsins. Ég sé ekki hvaða ávinningur er í því að birta till. sáttasemjara áður en aðiljar hafi greitt atkv. um þær. Það, sem skiptir máli, er það, að aðiljarnir hvor um sig viti, hvaða till. það eru, sem um er að ræða, og geti áttað sig á þeim, áður en þeir greiða atkv. um þær, og svo er hægt að birta þær á eftir. — Þetta er í dálitlu ósamræmi við það, að sömu hv. þm. vilja fella niður 34. gr. frv., þar sem ríkissáttasemjara er gefin heimild til að birta skýrslu um málið, þegar um mikilvæga deilu hafi verið að ræða. Í því sambandi sagði hv. þm., að form. Framsfl. myndi e. t. v. verða fenginn til að búa til þá skýrslu. Ég skal ekkert um það segja, hvort ríkissáttasemjari færi að snúa sér til hans frekar en annara. Það er vitanlega meiningin, að almenningur geti átt kost á að fá sem réttasta og bezta skýrslu um málið, og ég efast ekkert um, að form. Framsfl. myndi vera fullkomlega fær um að hjálpa ríkissáttasemjara um það. Hinsvegar býst ég ekki við, að hann muni taka að sér það starf, að vera sáttasemjari, en ég er sannfærður um, að hann muni vera eins fær til þess eins og hv. 5. þm. Reykv., þó að honum henti bezt að tala.

Þá er það 14. brtt., um að atkvgr. um miðlunartill. skuli teljast felld, ef helmingur af greiddum atkv. eða meira sé á móti henni, en samþ. ef meira en helmingur sé með henni. Þetta halda flm. fram, að sé eitthvert spor í lýðræðisáttina, en þeir virðast ekki gera sér nægilega grein fyrir því, að það er ekki í samræmi við lýðræðið, að kannske örlítill hluti af stéttarfélagi geti ráðið því, að skella á verkfalli. Þar að auki athuga þeir það ekki heldur, að þetta gildir líka um vinnuveitendur, og þá ættu t. d. fáeinir vinnuveitendur af stórum hópi að geta skellt á verkbanni; það verður að taka tillit til þess, að þarna er líka verið að setja reglur fyrir því, að ekki sé hægt að skella á verkbanni, án þess að settar reglur séu fyrir hendi.

Þá er að lokum 16. brtt., um það, að fella niður félagsdóminn. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt. Ef frv. yrði samþ., en þessi kafli felldur niður, þá yrði afleiðingin sú, að almennir dómstólar landsins yrðu látnir dæma í þessum málum, og ég skil ekki, að flm. brtt. yrðu neitt ánægðari með það, að ég og aðrir „þrjótar" þessa lands yrðum látnir dæma þau mál. Að öðru leyti finnst mér óþarfi að fara út í brtt. þessara hv. þm.

Þá eru það brtt. hv. 3. þm. Reykv. Hann vill láta menn, sem standa utan stéttarfélaga, vera bundna við samþykktir þeirra. Það er náttúrlega ómögulegt að fyrirskipa það í l., en hinsvegar býst ég við, að flestir muni sjá sér hag í því, að vera í verklýðsfélagi.

2. brtt. er um það, að atvinnurekendum og trúnaðarmönnum þeirra sé skylt að greiða ávísanir frá meðlimum stéttarfélags á ógreidd vinnulaun þeirra, þegar þau séu kræf, fyrir lögmætum gjöldum til félagsins. Þetta er nokkuð, sem gildir samkv. almennum reglum kröfuréttarins, og því er fullkominn óþarfi að vera að setja það inn í l.

3. brtt. hans er í raun og veru svo að segja sú sama og ein af brtt. kommúnista, svo að ég hirði ekki um að ræða hana sérstaklega. Sama má segja um 4. brtt.

Þá er það brtt. við 8. gr., að stéttarfélög skuli ekki ábyrgjast samningsrof með þeim eignum og styrktarsjóðum, sem þau kunna að hafa í höndum. Vitanlega geta atvinnurekendur í ýmsum tilfellum verið líknarstofnanir, sem hefðu styrktarsjóði líka, og er til þess kæmi, að þeir yrðu að greiða skaðabætur, yrði að greiða þær af þessum sjóðum, svo að í slíkum tilfellum yrði bara um jafnrétti að ræða. Annars vil ég gjarnan athuga þessa till. til 3. umr.

Þá er það 6. brtt., við 9. gr., viðvíkjandi trúnaðarmönnunum. Mér finnst það satt að segja vera ósköp þarflaust að deila um það, hvort þessi trúnaðarmaður á að vera skipaður einsamall eða hvort tveir séu tilnefndir, og atvinnurekandinn velji annan, ef maðurinn er á annað borð til þess fær. Mér finnst eðlilegast, að stéttarfélagið ráði, hver maðurinn er, og ef það tilnefnir tvo menn, getur það séð um, að báðir séu færir menn; og þó að atvinnurekandanum sé veitt vald til að velja annan úr, getur hann ekki valið mann, sem sé sérstaklega háður honum. — Viðvíkjandi b-liðnum er það að segja, að það er í samræmi við erlenda löggjöf, sem farið hefir verið eftir í þessu efni.

Þá er breyt. á 11. gr. í 8. brtt. Samkv. gr. er atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna. Ég held, að ákvæði gr. séu fullnægjandi og að þessar orðalengingar, sem eru í brtt., hafi enga þýðingu.

Þá kemur í raun og veru sami hugsunarhátturinn fram hjá þessum hv. þm. og hv. 5. þm. Reykv. í 9. brtt., viðvíkjandi breyt. á atkvgr. Það er víst þessi lýðræðishugsjón, sem þar vakir fyrir honum eins og kommúnistunum. Ég verð að segja, að mér finnst það einkennileg lýðræðishugsjón, að t. d. 50 *menn* í 2000 *manna* félagi ættu að geta samþ. verkfall og neytt alla hina til að vera með. Hv. þm. hristir höfuðið, en þetta er bein afleiðing af kenningu hans; auðvitað fer hann þarna fram á, að minnst 20% af atkvæðisbærum mönnum félagsins hafi mætt á fundinum og meir hl. hafi greitt vinnustöðvuninni atkv., og að því leyti gengur dæmi mitt of langt, en hugsunin er þó sú sama. Mér finnst ekki ástæða til þess, að fáir menn geti rekið marga út í vinnudeilu. Þá held ég, að það sé engin ástæða til að draga úr því, þegar trúnaðarmannaráð hefir samþ. að gera vinnustöðvun, að það þurfi „kvalificeraðan" meiri hluta.

Viðvíkjandi brtt. við 16. gr., þar sem hann skýtur inn orðunum „Þegar samningar eða kaup-taxti rennur út," vil ég segja það, að ég sé ekki, að þetta sé nein endurbót á gr., heldur aðeins til að gera gr. lengri. (HV: það er eins og að hv. frsm. hafi ekki lesið l.) Ég hefi áreiðanlega lesið þau eins vel og hv. 3. þm. Reykv. En þessi brtt. breytir efni 16. gr. á engan hátt.

Þá er það 12. brtt., þar sem hann vill setja orðið „manna" í stað orðanna: „meðlima þeirra félaga eða sambandi, sem að vinnustöðvuninni standa." Þessu get ég svarað því sama og ég svaraði samsvarandi till. frá kommúnistunum.

Þá er það 13. brtt. Hv. þm. viðurkenndi sjálfur, að þarna væri yfirleitt um lítilsverðar orðabreyt. að ræða. Hann vill í e-lið till., að miðlunartill. megi birta, nema allir samþ. að halda henni leyndri. Ég sé ekki neina ástæðu til að fara að birta hana fyrr en aðiljar hafi tekið afstöðu til hennar.

14. brtt. er meinlaus og gagnslaus, og sé ég enga ástæðu til að mæla á móti henni, þó að hún megi fara í gröfina með hinum brtt.

Þá er það 15. brtt. Sú till. rýrir að mínu viti trygginguna gegn verkföllum og verkbönnum, og þess vegna er ég mótfallinn henni.

Þá er það 16. brtt., sem hann sjálfur hefir gert brtt. við á öðru þskj. Mér finnst það ekki ná neinni átt, að fara að binda það eingöngu við tvö skipti, sem sáttasemjari má reyna að leita sátta.

Hv. þm. vill í 17. brtt. sinni breyta skipun félagsdóms. Það má náttúrlega lengi um það deila, á hvern hátt bezt sé að tryggja skipun þessa dóms, þannig að hann verði sæmilega hlutlaus, en ég hefi haldið, að með því fyrirkomulagi, sem er í gr., sé það betur tryggt, að félagsdómur verði nokkurnveginn hlutlaus, þar sem tveir dómendurnir eru tilnefndir af hæstarétti, enda hefir hv. þm. ekki sýnt fram á það á neinn hátt, að sú skipan, sem hann fer fram á, sé betri trygging fyrir aðiljana.

18. brtt. verður að fylgjast að við brtt. 8. gr., svo að ef till. verður felld, verður þessi að sjálfsögðu að falla líka.

Síðasta brtt. hv. þm. er um það, að við allar atkvgr. samkv. l. þessum skuli gilda sú regla, að enginn maður fari nema með eitt atkv. Það er ekki gert ráð fyrir því í l., að önnur regla en þessi gildi við atkvgr., en hv. þm. benti réttilega á, að aðrar reglur myndu gilda í félagi vinnuveitenda. Þar myndi vera farið eftir því, hve félagsmenn borguðu mikið kaup út. En ég sé ekki, að það sé ástæða fyrir löggjafann að skipta sér af því, hvernig atkvgr. er fyrir komið innan félaga. Það væri gaman að heyra hv. 3. þm. Reykv. lýsa því, hvaða þýðingu þetta hafi fyrir verkalýðinn og hvaða hag hann sjái sér í þessu.

Þá eru það brtt. frá sjálfstæðismönnunum í n. Þeir vilja breyta nafninu „stéttarfélög og stéttarfélagasambönd" og setja í staðinn: „verkalýðsfélög og verkalýðsfélagasambönd." Ég álít, að þetta sé þrenging á hugtakinu, því að það er vitanlega meiningin, að undir þetta falli allar starfsgreinar í þjóðfélaginu fyrir utan þær, þar sem bannað er að gera verkföll í, samkv. l. um verkfall opinberra starfsmanna. Það er ekki rétt, sem hv. þm. Snæf., hélt fram, að

Hjúkrunarkvennafélagið og Læknafélagið þyrfti að falla undan l., vegna þess að það er ekki nema partur af læknunum, sem eru opinberir starfsmenn; hinir eru praktíserandi. Ég skil þetta þannig, að með orðinu verkalýðsfélag sé átt við félög almennra verkamanna og sjómanna, en hin svokölluðu fagfélög innan iðnaðarins og í öðrum starfsgreinum geti ekki fallið undir hugtakið verkalýðsfélög. Annars er þetta ekki stórt atriði, en mér finnst ekki ástæða til að breyta þessu. — Þá finnst mér réttara hugtak að tala um atvinnurekendur heldur en vinnuveitendur eins og farið er fram á í 2. brtt.

Í 3. brtt. vilja flm., að tilnefndir séu tveir menn sem trúnaðarmenn af þeim mönnum, sem vinna á vinnustöð, en ekki af stéttarfélaginu. Mér finnst eðlilegra, að stéttarfélagið, sem menn-irnir eru í, sem vinna á stöðinni, tilnefni þessa menn.

Í samræmi við 1. brtt. er till. um að breyta fyrirsögn I. kafla, sem verði um verklýðsfélög, og þarf ég ekki að ræða um það meira.

Ég tel, að 7 sólarhringa fresturinn, sem settur er í 16. gr., sé nægilegur, og að engin ástæða sé til þess að auka hann. Sömuleiðis sé ég ekki ástæðu til að fella niður úr 17. gr. orðin: „nema til fullnægingar úrskurðum dómsins," sem eru beinlínis í samræmi við efni málsins.

Að atvmrh. gefi sáttasemjara erindisbréf, þá er ekkert við því að segja; það skiptir ákaflega litlu máli, en breytir ekki neitt efni frv. — Sama má segja um 9. brtt.

Ég álít, að það sé nægilega gengið frá því í frv., að ríkissáttasemjari og sáttasemjarar yfirleitt verði að kynna sér alla aðstöðu í vinnudeilum, og þess vegna sé 10. brtt. líka óþörf.

11. brtt. er um það, að aðiljum sé skylt að mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til viðtals. Ég álít, að það sé nægilega gengið frá því í frv. sjálfu. — Aftur á móti kemur ekki til mála að samþ. 12. brtt., um að setja nýja fresti fyrir öllum vinnustöðvunum. Yfirleitt tel ég, að þessar brtt. séu ekki til neinna bóta á frv.

Þá vilja þeir í 15. brtt. útiloka, að ráðh. skipi einn mann í dóminn, en hann á eftir frv. að skipa hann úr hópi þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir, og get ég ekki séð, að það sé neitt hættulegt, að svo sé. — Ennfremur álít ég, að það sé nægilega upptalið í 44. gr., sem eigi að heyra undir félagsdóm, og sé óþarfi að bæta þar nýjum liðum við.

Ég legg til, og ég býst við, að meiri hl. n. leggi til, að ekki verði samþ. aðrar brtt. en þær, sem n. hefir öll orðið sammála um og prentaðar hafa verið með nál.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í almennar umr. um vinnulöggjöf, eins og hv. 5. þm. Reykv. gerði hér. Hann fór að rifja upp ýmislegt, sem fram kom við 1. umr. málsins. Það gefst nægur kostur á því við 3. umr., og það fyrir fleiri mönnum en hér eru saman komnir, með því að útvarpsumræður hafa verið ákveðnar, enda var því, sem hann talaði um, aðallega beint gegn öðrum mönnum, sem töluðu hér við 1. umr. málsins. Ég vil algerlega mótmæla því, sem hv. þm. sagði, að þessu máli hefði á nokkurn hátt verið flaustrað af, því að það er undirbúið af mþn., sem hefir starfað í hálft annað ár og gengið svo vandlega að verki sínu, að hún hefir aflað sér fyrirmynda frá öllum helztu menningarlöndum og byggt frv. sitt og till. á því.

Hv. 3. þm. Reykv. fór ekki mikið út í málið almennt að þessu sinni. Mér virðist hann satt að segja hafa lítla ástæðu til að deila á fyrrverandi flokksbræður sína fyrir afstöðu þeirra til vinnulöggjafarinnar. Ég sé ekki betur en að hann sé samþykkur því, að setja lög um sáttatilraunir og um félagsdóm. Það eru bara smávegis atriði, sem hann vill breyta í l. Ég minntist ekki á ákvæðið við 17. gr. þegar ég fór yfir brtt., að hv. þm. vill kippa burt tölul. 2, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim l. samkv. ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim l. samkv. er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi l. um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði." Ég skil satt að segja ekki í því, að þessi hv. þm. skuli álíta það vera einhverja firru að setja ákvæði um þetta í l., að ekki megi fremja vinnustöðvun eða gera ráðstafanir til þess að hindra löglegar framkvæmdir stjórnarvalda. Menn muna eftir þeim tíma, þegar þessi hv. þm. var manna æstastur hér á landi móti verkfalli, sem hafið var gegn lögum, sem samþ. voru á þingi, benzínskattslögunum. Þesskonar vinnustöðvun fellur einmitt undir þennan lið. Og það kemur þess vegna mjög undarlega fyrir, að einmitt þessi þm. skuli gera aths. við þessa gr. En allt saman stafar af því, að þessi hv. þm. talar um málið eins og hann heldur, að hann muni bezt geta náð fylgi, en ekki eins og hann álítur réttast. Hann telur það ekki verkefni leiðtoganna að hugsa fyrir verkamennina um það, hvað væri þeim réttast eða fyrir beztu. Þessi hv. þm., sem er þó lengi búinn að vinna fyrir verkalýðinn hér á landi, misskilur algerlega aðstöðu sína. Og það er sennilega þaðan, sem stafar hans ógæfa nú, þegar hann er að velta út úr stjórnmálunum hér á landi, að hann misskilur þetta, — að hann er alltaf að þreifa fyrir sér og reyna að hlera eftir, hvað falli bezt í jarðveginn hjá þessum mönnum, í staðinn fyrir að reyna, að vera leiðtogi þeirra og reyna að leiða þá á þá braut, sem hann álítur þeim fyrir beztu.

Vilmundur Jónsson: Ég mun ekki ræða hér afstöðu Alþfl. til vinnulöggjafar almennt. Hún er þegar nokkuð kunn, meðal annars af ályktun, sem gerð hefir verið á þingi Alþýðusambandsins. Auk þess kom hún líka fram við 1. umr. þessa máls, og enn gefst þess kostur við 3. umr. að lýsa málinu frá þeirri hlið. Ég skal aðeins geta þess, að orð hv. þm. Snæf. um afstöðu Alþfl. til vinnulöggjafar voru fjarri öllum sanni, og misminnir hann það eða ruglar saman, eins og sjálfstæðismönnum er títt, afstöðu Alþfl. til þeirra vinnulöggjafarfrv., sem flutt hafa verið af hálfu Sjálfstfl. fyrr og síðar hér á þingi, og afstöðu Alþfl. til vinnulöggjafar yfirleitt. Ég vil minna hann á, að það er ekki lengra

síðan en 1929, að flutt var hér af hálfu sjálfstæðismanna frv. um að lögbjóða gerðardóm í vinnudeilum, sem ákvæði verkamönnum kaup og kjör. Og þessi dómur átti að vera þannig skipaður, að í hverju lögsagnarumdæmi átti héraðsdómari að vera forseti dómsins. Flm. lét þess getið, að sér lægi í léttu rúmi, hvernig hinir tveir, sem í dómnum sætu, yrðu skipaðir, og gaf það þess vegna á vald hæstaréttar! Þessir menn skyldu hafa fullt vald til að ákveða kaup alls verkalýðs. Það voru slík og þvílík l., sem Alþfl. kallaði kúgunarlög og þrælalög. En með því var ekki felldur dómur um vinnulöggjöf, eins og hún getur þolanleg verið, og sízt um þá vinnulöggjöf, sem er verkamönnum verulega góð, sem vinnulöggjöf getur líka verið.

Það er fróðlegt að lesa hér upp úr Alþt., hvernig aðalflm. þessa gerðardóms —(TT: Hver var hann?) Jón Ólafsson — hugsaði sér hann skipaðan, sem ég er raunar búinn að skýra frá. Með leyfi hæstv. forseta: „Við höfum í fyrsta lagi gert ráð fyrir, að héraðsdómarinn í hverju héraði yrði dómstjóri eða oddamaður dómsins. Það er álit okkar, að enginn maður hafi aðstöðu til að þekkja betur hag almennings í sínu héraði en hann. Til þess að sjá honum fyrir rólegri aðstoð, viljum við láta hæstarétt skipa 2 menn í dóminn og 2 til vara. Teljum við, að þá sé sæmilega séð fyrir ró í dóminum ...“ Þetta var svo sem ekki gert af fjandskap við verkamennina, því að þessi sami flm. sagði á þá leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þess vegna gleðjast verkamenn yfir hverri tilraun, sem gerð er til þess að leysa af þeim þær viðjar, er forsprakkarnir hafa hneppt þá í, og lýsa ánægju sinni yfir því, að frv. eins og þetta skuli borið fram. Svona er nú hugur verkamanna undir niðri.“! Ég hirði ekki að lesa meira upp úr þessum umr., þó að það væri fróðlegt. En þetta er að eins til að minna á það, að sú afstaða, sem hv. þm. Snæf. sagði, að Alþfl. hefði haft til vinnulöggjafar, var gagnvart slíkri og þvílíkri löggjöf.

Hin sérstaka afstaða Alþfl. til þessa frv., sem hér liggur fyrir, er líka nokkuð kunn, þegar fyrir það, hvern þátt hann hefir átt í að undirbúa það, þar sem það er samið af tveimur mönnum, sem skipaðir voru til þess af hálfu Alþfl., og ennfremur af því, að það er kunnugt, að Alþfl. styður núverandi ríkisstj., vitandi það, að sú sama ríkisstj. leggur áherzlu á, að vinnulöggjöf verði sett á þessu þingi, og einmitt samkv. þessu frv. Enn hefi ég í nál. allshn. gert grein fyrir minni afstöðu, sem um leið er afstaða Alþfl. til þessa máls. Og hún er sú, að eftir atvikum sættum við okkur við samþykkt þessa frv. Ekki fyrir það, að við kynnum ekki að óska ýmissa breyt. á því— þeirra mundum við óska—, heldur fyrir það, að ekki eru miklar líkur til, að slíkar breyt. séu fáanlegar. Því að það er nú svo, að þegar afstaða tveggja stærstu flokka þingsins til vinnulöggjafar er á þann hátt ráðin, að þeir ætla að samþ. vinnulöggjöf á þessu þingi og veita þar engan frest, þá verður það ekki fyrirbyggt, hvorki af 7 þm. né 10. Hv. þm. hafa heyrt, að það stendur ekki á Sjálfstfl. til samvinnu við Framsfl. um afgreiðslu vinnulöggjafar. En ef til vill gera þeir ráð fyrir því, hv. 3. þm. Reykv. og hv. kommúnistar hér í d., að slík vinnulöggjöf, sett af Framsfl. með aðstoð Sjálfstfl., yrði aðgengilegri en þessi vinnulöggjöf. Ég hygg það ekki. Og ég hefi nokkuð gilda ástæðu til að ætla svo. Ég hefi meðal annars starfað í þeirri n., sem um frv. hefir fjallað í þinginu. Hv. 3. þm. Reykv. og kommúnistar hafa talað hjartnæmum orðum um nauðsyn á áframhaldandi samstarfi stjórnarflokkanna. En það er bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur, að einn liðurinn til að tryggja það samstarf í heild, er, að ekki slitni upp úr samvinnunni milli Alþfl. og Framsfl.

Nú vil ég ekki telja það alveg óhugsandi, að koma megi fram einhverjum breyt. á þessu frv. til bóta frá sjónarmiði verkalýðsins. En þó því aðeins, að fylgi meiri hl. þings fáist fyrir því. Það ætti að vera alveg augljóst mál og eins hitt, að engar líkur eru til, að slíkar æskilegar breyt. nái fram að ganga, nema hægt sé að vinna fylgi Framsfl. fyrir þeim. Breyt. til bóta fyrir verkamenn á frv. fást ekki með atkv. sjálfstæðism. í þinginu, og ætti naumast að þurfa að segja hv. 3. þm. Reykv. það. Ég hefi látið þess getið við samnefndarmenn mína, að ég muni bera fram breyt. til samþ. við 3. umr., og leita enn eftir samkomulagi við þá. Ég get engu lofað um, að þetta takist, og hefi satt að segja ekki mikla von um það. E. t. v. minnist ég síðar á, hvar helzt er að vænta slíks samkomulags.

Afstaða kommúnista til þessa máls er mjög skilmerkileg og leggur ljóslega fyrir. Þeir vilja enga vinnulöggjöf. Náttúrlega vilja þeir ekki vonda vinnulöggjöf. En þeir vilja heldur ekki góða vinnulöggjöf. Í samræmi við þetta er það, að þegar þeir semja brtt. við frv., sem þeir leggja sig í líma við að gera, þá gera þeir það alveg án tillits til þess, sem við þykir þurfa í praktiskum veruleika, þ. e. þeir semja till. með engu tilliti til þess, að unnt sé að pota þeim fram. Og það, sem meira er, þeir geta ekki hugsað sér að samþ. frv., þó að allar till. þeirra yrðu samþ., þeir segja þetta beinlínis. Þeir eru m. ö. o. hreinir anarkistar í þessu sambandi. Þeir vilja ekki ljá verkamönnum neitt lið löggjafarinnar í baráttu þeirra, alls ekki. Það, sem þeir vel vita, að er verkamönnum illt, í þessu sambandi, vilja þeir, að haldi áfram að vera illt, heldur en laga það með löggjöf. T. d. geta þeir ekki hugsað sér að hafa sérstakan dómstól til að dæma um ágreining út af vinnusamningum o. þ. h., þó að verkamenn fái þau friðindi, að skipa hann að nokkru leyti sjálfir. Þeir vilja heldur, að hæstiréttur, sem verkamenn hafa enga sérstaka aðstöðu til að ráða skipun í, dæmi um þessi mál. Þeir vilja ekki, að verkföll fái neina lagaviðurkenningu, jafnvel þó að verkföllin séu engum takmörkunum eða skilyrðum bundin. Sem sagt, þeir vilja alls ekki neina löggjöf, sem varðar verkamannamál, hvorki vonda né góða. Svo ákveðnir eru þeir í þessu, að jafnvel þótt þeir gætu, eins og farið er fram á í einni till. þeirra, gert verkamenn eina að dómurum í deilum sínum við atvinnurekendur, þá mundu þeir ekki vilja slíka löggjöf. Þeir flytja einnig brtt. um, að ef verka-

menn leita samninga við atvinnurekendur, og atvinnurekendur vilja ekki ganga að þeim samningum, þá eigi atvinnurekendur að vera skyldir til að fylgja þeim taxta, sem verkamenn setja sér sjálfir. En jafnvel þótt hv. kommúnistar fengju þetta samþ., þá mundu þeir samt sem áður vilja fella frv. Því að þeir vilja ekki þiggja neina aðstoð — jafnvel ekki svona mikla aðstoð — löggjafans verkamönnum til handa. Ég 'geri ráð fyrir, að undan þeirra rifjum séu runnar till., sem birtar voru í blöðunum nýlega í sambandi við atkvgr. verkalýðsfélaganna um þessa löggjöf. Þar var farið fram á, að ef atvinnurekendum og verkamönnum er að lenda saman í kaupdeilu, þá gildi hinir gömlu samningar þangað til nýir samningar nást. En þetta er raunar ekki rétt vel athugað. Það gæti verið, að slíkt hallaði stundum á verkamenn; því að rökrétt afleiðing af þessu yrði sú, að sá aðilinn, sem vildi síður nýja samninga en gamla, myndi aldrei ganga að nýjum samningum. Og það kemur fyrir, að verkamönnum er þægð í nýjum samningum!

Það er ekki nóg með það, að kommúnistar líti þessum augum á löggjöf um vinnudeilur. Þeir hafa — eftir því sem kom fram við 1. umr. þessa máls — þessa sömu afstöðu til löggjafar yfirleitt, þar sem verkamenn eru annarsvegar. Þeirra kenning er þetta: Ef samtök verkamanna eru nógu sterk, þá þurfa þeir á engri aðstoð löggjafans að halda. En ef samtök verkamanna eru veik, þá gagnar þeim engin stoð löggjafarinnar, því að þá verða þeir sviknir um framkvæmd hennar. Mér er spurn: Til hvers eru þessir hv. þm. að sitja hér á hv. Alþ.? Hv. 5. þm. Reykv. lét ekki við það sitja, að lýsa þessari kenningu með almennum orðum, heldur vitnaði hann í ákveðna löggjöf máli sínu til sönnunar, og nefndi lögin um verkamannabústaði. Það er alveg satt, að framkvæmd þeirrar löggjafar hefir verið mjög slæleg upp á síðkastið. Það hefir ekki fengizt það fé til þeirra framkvæmda, sem þurft hefði. En að verra sé að hafa þá löggjöf heldur en enga, og að verkamenn gætu með samtökum sínum, ef þau væru nógu sterk, byggt verkamannabústaði, eins þótt þeir hefðu enga aðstoð í löggjöfinni til þess, það skil ég ekki að hv. 3. þm. Reykv. vilji samþ. með kommúnistunum. Togaravökulögin hafa þá eflaust líka verið alveg óþörf. Því var verið að veita verkamönnum réttarbætur þeirra í 1.? Ef samtök þeirra voru nógu sterk, þá gátu þeir tekið sína hvíld sjálfir! En ef þau voru veik, þá eru þeir sviknir um framkvæmdina! Hið sama mætti segja um fátækralöggjöfina og kosningal. Hið sama mætti einnig segja um tryggingalögin o. s. frv. o. s. frv. Þessi afstaða er skemmtilega skýr og gerir það að verkum, að það er ákaflega fljótlegt að afgr. þessa hv. þm. Við svona þingmenn er ekki hægt að ræða hér á hv. Alþingi. Og mér skilst í rauninni, að hér ættu þeir alls ekki að vera.

Hv. þm. Snæf. vil ég til viðbótar því, sem ég sagði áður, segja það, að saga hans og þeirra flokksmanna hans í þessu máli liggur ákaflega ljós fyrir, þó að hún sé ekki með miklum heilindum. Þeir byrja á því fyrir nokkuð löngu síðan, sem honum þykir ekki skemmtilegt að rifja upp, að flytja frumvörp til vinnulöggjafar, mjög fjandsamleg verkalýðnum, frv. um lögþvingaðan gerðardóm í kaupdeilum og þess háttar. En þeir sáu fljótlega, að slíkt hafði ekki fylgi hér á hv. Alþ. Ef þeir hefðu haft nógan styrk á þessum tíma til að setja slíka löggjöf, þá væri hún fyrir löngu komin á. En þeir höfðu ekki þann styrk, og þeir sjá nú, að enn hallar undan fæti fyrir þeim og að þess vegna er þýðingarlaust að hampa slíkri löggjöf um sinn. Þegar þeir þannig hafa áttað sig á veikleika sínum, skynja þeir, að líklega geti þeir komizt lengst með því að taka saman frv. til vinnulöggjafar, sem þeir geti að einhverju leyti kennt við vinnulöggjöf á Norðurlöndum. Það er mjög sterk aðstaða að geta bent til þeirra landa, þar sem verkamannasamtökin eiga jafnmikið undir sér og í Danmörku, Noregi eða í Svíþjóð. Það mundi vera erfitt fyrir framsóknarmenn að hafa á móti því að samþ. slíka vinnulöggjöf. En hvernig semja þeir svo frv.? Þeir taka upp það versta, sem þeir finna í löggjöf hvers þessara landa. Stundum leggja þeir tvennt vont saman, ef þeir finna það. En þeir gæta náttúrlega ekki að því, sem er höfuðatriðið í þessu sambandi, sem sé því, að það, sem er viðunandi í einu landi, getur verið alveg óviðunandi í öðru landi. Að þessu sé svo farið, verður einkum ljóst, ef Norðurlöndin, Noregur, Danmörk og Svíþjóð, eru borin saman við land eins og Ísland. Þar, sem verkalýðssamtökin eru sterk, faglega og pólitískt, að ég ekki tali um þar, sem verkalýðurinn á sína eigin ríkisstjórn og hefir mikla stoð í öllu framkvæmdarvaldi, þar getur vinnulöggjöf verið viðunandi, þó að óviðunandi sé þar, sem verkalýðurinn er lítils megnugur bæði faglega og pólitískt. Það þýðir þess vegna ekki að flytja þá kenningu, að sú vinnulöggjöf, sem Danir geta unað við, hljóti að vera viðunandi fyrir okkur Íslendinga. Hún getur verið alveg óviðunandi frá sjónarmiði verkamanna séð. Það er vitanlega svo, að Danir geta óhræddir búið við ýms vafasöm ákvæði í trausti til sinnar vinsamlegu stjórnar og framkvæmdarvalds í garð verkamanna, þótt óviðbúandi væri fyrir okkar verkalýð undir flestum kringumstæðum.

En jafnvel slíku frv., sem sjálfstæðismenn semja þannig að nokkru leyti með hliðsjón af Norðurlöndum, því koma þeir ekki fram. Og hvað gera þeir þá? Þá reyna þeir að komast eins langt og þeir geta með brtt., en haga sér að öðru leyti eins og sigraðir menn í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að þeir einu menn hér í hv. Alþ., sem í raun og veru hatast við þetta frv., sem liggur fyrir, það eru sjálfstæðismenn. Það eru ekki kommúnistarnir, og því síður hv. 3. þm. Reykv., er ég kann að koma betur að síðar, sem er verst við frv. Það eru sjálfstæðismennirnir, þó að þeir sjái sér leik á borði, úr því að þeir eru sigraðir menn í málinu, að láta sem minnst á því bera, og grípi nú hvert tækifæri til að nudda sér upp við okkur, sem að frv. stöndum. Hv. 3. þm. Reykv. tekur þessu mjög vel hjá sjálfstæðismönnum, enda er það gert með sérstöku tilliti til hans og kommúnistanna. Hann er nógu brjóstheill til að segja,

að í raun og veru séu sjálfstæðismennirnir á sama máli og við alþýðuflokksmenn, eða að munurinn sé sama sem enginn á þeirra afstöðu og okkar til vinnulöggjafarinnar. Það var einmitt þetta, sem honum var ætlað að segja. Ég sé hann tekur það eins og til var ætlazt. En þar sem hann kveðst vorkenna mér mína afstöðu í þessu máli, með því að ég yrði að mæla með samþykkt þessa frv. — mér skildist hann vilja láta menn halda, að ég gerði það ákaflega nauðugur —, þá verð ég að lýsa yfir, að ég er ekki síður brjóstgóður en hann. Ég hefi einlægustu samúð með honum. Það má vera mjög erfitt og vandræðalegt fyrir hann að standa hér frammi fyrir mér og lýsa afstöðu sinni til þessarar löggjafar á þann hátt sem hann lýsir henni. Það er ekki langt síðan að við sátum samherjar við sama borð og töluðum um þessa löggjöf. Hann veit, að ég veit, að hann er sá af okkur, sem óþolinmóðastur hefir verið að bíða eftir, að yfir lyki um setningu þessarar vinnulöggjafar, sem hann vissi manna bezt, að ekki yrði umflúin. Hann veit líka, að þegar verið var að semja frv., þá var leitað til hans um till. og uppástungur viðvíkjandi þessari löggjöf, en gersamlega án árangurs. Hann hafði þar ekkert til málanna að leggja. Við sátum saman, þar sem frv. var lesið upp fyrir mér og honum og mörgum öðrum. Ég hreyfði nokkrum aths., og ég ætla, að ég hafi verið sá eini, sem það gerði. M. a. spurði ég ýtarlega um ákvæðin um pólitísk verkföll. Það eina, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði þá, var þetta: „Haldið þið virkilega, að Framsfl. gangi að þessu frv.?“ Að öðru leyti hafði hann engar aths. við það að gera.

Það þarf ekki að segja mér, að afstaða hv. 3. þm. Reykv. til þessa frv. markist af öðru en því, hvernig hið pólitíska ástand er í kringum hann. Ef það væri ekki eins og það er, þá væri það hann, sem væri einn af aðalflm. þessa frv. Þetta segi ég ekki út í bláinn, heldur vegna þess að á síðasta þingi var hann kominn á fremsta hlunn með að flytja þetta sama frv. eins og það nú er, og þó að sumu leyti miklu verra frá sjónarmiði verkamanna, enda var það ekki eins vel undirbúið þá og það er nú. Hv. þm. telur sig marka afstöðu sína til þessa máls með þeim brtt., sem hann flytur við frv. En þegar brtt. hans eru athugaðar, er ómögulegt að láta sér skiljast, að hann sé andvígur frv. Það er hann heldur ekki. Hann er í höfuðatriðunum samþykkur því. Hann flytur nokkrar brtt. við frv., sem raska í engu grundvelli þess og réttlæta alls ekki þá afstöðu hans, að ef þær nái ekki samþykki, sé hann á móti frv., sem hann titlar þá þræla- og kúgunarlög á verkalýðinn. Hávaðinn af þessum till. eru hreinn og beinn hégómi. Að vísu væru nokkrar þeirra til bóta, ef þær yrðu samþ., en langflestar hafa sáralitla þýðingu frá eða til. Og hvernig eru svo þessar brtt. til komnar? Það er sama sem ekkert frumlegt við þær. Það eru till., sem fulltrúar Alþfl. höfðu uppi, a. m. k. allar þær, sem nokkra þýðingu hafa, en ekki tókst að ná samkomulagi um í vinnulöggjafarnefnd. (HV: Hvers vegna voru þá fulltrúar Alþfl. á móti þessum till. á öllum verklýðsfélagafundum hér í bænum og nágrenninu? — GÞ: Já!).

Nú skal rekja lítið eitt nánar þessar brtt. Um það er engum blöðum að fletta, þegar ákvæði 5. gr. frv. eru borin saman við 7. gr., að samningar verklýðsfélags eru skuldbindandi fyrir alla verkamenn í starfsgreininni á félagssvæðinu. Ég ætla, að hv. frsm. hafi tekið þetta greinilega fram, enda er það meiningin. Ef til vill mætti orða þetta skýrar, og það væri að vísu skýrar orðað eins og hv. 3. þm. Reykv. fer fram á að orða það, en hefði ekki í för með sér neina breyt. í framkvæmd. Það stendur nægilega skilmerkilega í 7. gr., að samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur séu ógildir, að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekanda. Verkamaður þarf ekki að vera meðlimur í stéttarfélaginu. Samningur þess er jafnskuldbindandi fyrir hann án tillits til þess. En vel má vera, að hv. þm. hafi ekki athugað þetta nógu vel, vegna þess að breyt. var gerð á þessu, frá því sem frv. var birt í nál. þeirrar n., sem undirbjó frv.

Það kann að vera, að einhver ávinningur sé að fá samþ. ákvæði um, að iðgjöld félagsmanna í verkalýðsfélögum megi innheimta hjá atvinnurekendunum. Það er annars einkennileg röksemdafærsla, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir lært af kommúnistum hér í hv. d. nú upp á síðkastið, enda situr hann oft nærri þeim, þegar talað er um eitthvað, sem er jákvætt í frv., þá þurfa verkalýðsfélögin ekki á því að halda, af því að þau eru svo sterk, en ef eitthvað er fremur neikvætt, hversu lítilfjörlegt sem það er, þá eru þau svo veik, að þau fá ekki staðizt það. Ef verkalýðsfélögin eru svo sterk, að þau þurfa ekki að halda á neinu því, sem er jákvætt í frv., þá ættu þau að vera svo sterk, að þau gætu innheimt félagsgjöld hjá meðlimum sínum án sérstakrar aðstoðar löggjafans.

Það kynni líka að vera til bóta, að taka upp ákvæði úr brtt. hv. 3. þm. Reykv., um gildi kauptaxta verkalýðsfélaga. Honum má vera kunnugt um, að þessi krafa var uppi í vinnulöggjafarnefnd af hálfu fulltrúa Alþfl., en fékkst ekki samþ. fyrir það, að þá kom upp á móti krafa um gildi taxta, sem atvinnurekendur settu. Við undirbúning slíkrar löggjafar sem þessarar koma upp kröfur á móti kröfum, þegar tveir semja, og ef ekki tekst að fá málamiðlun, verða báðar kröfurnar að jafnaði að falla niður. Fróðustu menn álíta, að ef löggilda ætti taxta, sem settir eru, og það næði bæði til taxta verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, þá mundi það ekki verða til góðs fyrir verkalýðsfélögin. Hitt er vitanlegt, að ef þetta fengist samþ. eingöngu fyrir verkalýðsfélögin, þá væri það ávinningur fyrir þau.

Þá kem ég að þeirri brtt., sem ég álít, að væri einna mestur ávinningur að að fá samþ., en það er, að sjóðir verkalýðsfélaga og húseignir þeirra séu ekki aðfararhæf. Ég vil geta þess, að þessi till. er ekki fundin upp af hv. 3. þm. Reykv., því að annar fulltrúi Alþfl. í vinnulöggjafarnefnd hafði þessa till. uppi, en náði ekki samkomulagi um hana. Að vísu er það ekki svo,

að þetta eigi sér ekki fyrirmynd annarsstaðar. Hann hafði grafið þetta upp í margra ára gömlum kröfum frá Englandi, sem ekki fékkst framgengt og síðan hefir ekki verið hreyft. Ég kýs þó, að eftir þessu sé leitað, og vil mælast til þess við hv. þm. Reykv., að hann taki þessa till. aftur til 3. umr. Um leið vek ég aftur athygli á því, að ómögulegt er að fá neitt í þessa átt samþ., nema samkomulag fáist um það milli þeirra flokka, sem styðja hæstv. stj. En hv. 3. þm. Reykv. finnst þetta kannske svo ófínir flokkar, að hann geti ekki lotið að neinu slíku. Ég er engan veginn alveg vonlaus um, að þetta fáist samþ., og vildi gjarnan mega fá tækifæri til að gera úrslitatilraun til að leita samkomulags um það fyrir 3. umr. Vil ég því síður, að till. sé sett undir öxina nú við 2. umr., með því að tími vinnst ekki til þess að ræða þetta atriði á milli flokkanna fyrir þá atkvæðagreiðslu.

Brtt. hv. þm. viðvíkjandi trúnaðarmönnunum geta ekki haft neina höfuðþýðingu. Hann vill færa þetta í sama horf og upphaflega var ætlazt til í frv., að trúnaðarmaðurinn sé einn, en það er gengið að því, gegn auknum fríðindum á móti, að verða við þeim kröfum framsóknarmanna, að félögin tilnefndu 2, en atvinnurekendur höfnuðu öðrum, og ég verð að segja, að það verklýðsfélag er illa statt, sem getur ekki tilnefnt 2 menn, sem það trúir fyllilega fyrir þessu starfi. Af því að ég ræði ekki sérstaklega brtt. hv. sjálfstæðismanna, vil ég geta þess, í þessu sambandi, að hv. þm. Snæf. misskildi gersamlega þetta atriði um trúnaðarmennina. Hann flytur brtt. um, að þeir skuli valdir af verkamönnum á vinnustöðinni. Að nokkru leyti er þessi misskilningur einnig uppi hjá kommúnistum. Það er ekki meiningin, að trúnaðarmennirnir séu fulltrúar verkamannanna á vinnustöðinni, heldur verklýðsfélaganna, líka gagnvart verkamönnunum, því að það er því miður ekki ótítt, að verkamenn gerist brotlegir við sitt eigið verkalýðsfélag — að þeim barnaskap slepptum, sem birtist í þessu hjá kommúnistum, að átta sig ekki á því, í hvílíkan vanda verkamenn hjá voldugum atvinnurekanda yrðu settir með því að gera þeim að velja trúnaðarmennina. Það mundi í mörgum tilfellum þýða sama og að fela atvinnurekandanum að gera það. Höfuðstyrkurinn í þessu eftirliti er það fyrst og fremst fyrir verkalýðsfélögin og um leið fyrir þá verkamenn, sem í hlut eiga, að verkalýðsfélögin velji þessa trúnaðarmenn. (EOI: Hv. þm. veit ekki, hvað hann er að tala um viðvíkjandi okkar till.) Það þarf ekki að áskilja verkamönnum að velja sérstaka trúnaðarmenn fyrir sig, það bannar þeim enginn.

Hún er líka næsta hégómleg næsta brtt. hv. 3. þm. Reykv., að ef eitthvað ber út af á vinnustöð, þar sem trúnaðarmaður starfar, um að samningar séu haldnir, þá sé það tilkynnt viðkomandi verkalýðsfélagi. Skárri væri það nú trúnaðarmaðurinn, sem tilkynnti það ekki verklýðsfélagi sínu, ef verklýðsfélagið ætlast til þess. Verklýðsfélagið er ekki ákaflega sterkt, ef það getur ekki ráðið öðru eins og því. Ég er ekki að segja, að það spillti neinu, þó að þetta væri samþ., en hégómi er það, og enga höfuðþýðingu getur það haft.

Þá er 8. brtt., sem er viðvíkjandi vernd til handa trúnaðarmönnum. Ég játa, að það væri mikil bót að fá hana samþ., en ákvæði eins og þetta mundi ætíð hafa takmarkað gildi, vegna þess að það yrði svo erfitt að koma slíkum rétti fram, og a. m. k. væri nauðsynlegt að orða þessa till. enn ljósar, því að það sést ekki greinilega af brtt., hver á að sanna, að viðkomandi trúnaðarmaður hafi leyst starf sitt svo illa af hendi, að hann sé fyrir það réttrækur. Ég geri ráð fyrir, að félagsdómur eigi að sker úr um það, og þá eftir á, eins og liggur í hlutarins eðli. Þetta kemur ekki nægilega ljóst fram, en ef það ætti að vera komið undir almennu mati, kannske jafnvel mati húsbóndans, þá fer ákvæðið að verða lítils virði að ég held. Ég reyndi í n. mjög mikið til að fá tilsvarandi ákvæði inn í frv., um að trúnaðarmenn að öðru jöfnu skyldu fá að halda vinnunni við uppsagnir, en mér tókst það ekki. Enn er ég þó ekki vonlaus og vildi mega reyna betur fyrir 3. umr. Þetta er önnur till., sem ég mælist til, að hv. þm. taki aftur til 3. umr. Það ætti þó að vera útlátalaust.

Það er vandalaust, þegar lagt hefir verið til, að einhver viss hundraðshluti félagsmanna skuli verða að sækja fund til atkvgr., að koma með yfirboð um að lækka þá hundraðstölu, eins og hv. þm. gerir í 9. brtt. sinni. Ég veit, að hv. þm. er nú þannig stemmdur gagnvart okkur þm. Alþfl., að ef við hefðum t. d. stungið upp á 20% fundarsókn, þá hefði hann komið með 15%. Þetta er alkunn aðferð hjá kommúnistum, samherjum hans, sem hann sjálfur hefir oft fengið að kenna á. Það er aldrei hægt að nefna svo tölu, að ekki sé mögulegt að nefna aðra lægri eða hærri, hvort sem vill.

Annars verð ég að segja, að túlkun þessa hv. þm. á ýmsum ákvæðum frv., sem hann veit að verða samþ., er næsta fjandsamleg verkalýðssamtökunum og gæti orðið þeim dýrkeypt og hættuleg, ef mark væri tekið á henni, og ef henni væri ekki kröftuglega mótmælt, sem ég geri hér með í öllum atriðum. Sá skilningur, sem hann leyfir sér að leggja í ýms ákvæði frv., er fram úr öllu lagi fjarstæður og allur á þá hlið, að gera þau sem erfiðust verkamannasamtökunum. Er bágt að sjá út yfir, til hvers leitt gæti, ef dómarar tækju upp á að hafa einhverja hliðsjón af því, sem hann heldur hér fram. Ég vil t. d. taka túlkun hans á ákvæði frv. um, að trúnaðarmannaráð megi ákveða um, hvort stofna skuli til verkfalla, að það hljóti að vera eitthvað ákaflega erfitt, að ¾ hluta trúnaðarmannaráðsins þurfi þá til að gera slíka ákvörðun gilda. Hv. þm. bollaleggur um, að með þessu, og yfirleitt með ákvæðum frv. um atkvgr., séu öll skyndiverkföll útilokuð. Þetta er allt fjarstæða, hrein fjarstæða. Einmitt ákvæðið um, að fulltrúaráð megi gera út um öll verkföll, verður til þess, ef einhverrar forsjálni er gætt, að koma má við sem skyndiverkföllum þeim verkföllum, sem á annað borð eru heimil, án tilskilins 7 daga fyrirvara, en það eru öll verkföll nema þau, sem varða kaup og kjör, og með kjörum er aðeins átt við þau fríðindi, sem eru kaups

igildi, þ. e. þegar segja þarf upp samningum til að breyta kaupgjaldsákvæðum. Öllum öðrum verkföllum er hægt að koma á fyrirvaralaust með því að nota ákvæðið um úrskurðarvald trúnaðarmannaráðs. Með hæfilega fjölmennu eða fámennu trúnaðarmannaráði, sem falið er að gera út um verkföllin, er þetta auðgert. Og ef fáir menn eru í trúnaðarmannaráðinu, þá er ekkert vit í því fyrir sjálf verkalýðsfélögin að áskilja minni meiri hluta en ¾.

10. brtt. hv. þm. er um það atriði, sem ég var að geta um, og tilgreinir nánar, hvenær hafa þurfi hinn tilskilda 7 sólarhringa fyrirvara fyrir verkfalli. En hún er, eftir þeim skilningi, sem lagður er í þetta ákvæði frv. og hv. frsm. hefir tekið af öll tvímæli um, algerlega óþörf. Hv. frsm. lítur svo á, og hið sama gerir meiri hl. n., að þótt till. hv. 3. þm. Reykv. væri samþ., þá mundi það engu breyta um framkvæmdir þessa atriðis. Þar sem rætt er um kjör í þessu sambandi, er eingöngu átt við þau fríðindi, sem eru kaups igildi, og þau verkföll, sem tilkynna þarf með fyrirvara, eru eingöngu þau verkföll, sem snerta kaup og kjör og koma aðallega til greina þegar kaupsamninga á að gera að nýju eða eldri samningar renna út.

Þær brtt., sem hér koma á eftir, hirði ég lítt að ræða, enda hafði hv. þm. þar þann varnagla, að þær röskuðu ekki meiningu frv. Um ákvæði frv. snertandi atkvgr. um till. sáttasemjara er það að segja, að mér er ljóst, að reynsla undanfarinna ára hafi sýnt, að sú regla, sem ætlazt er til, að höfð verði, myndi aldrei hafa haft úrslitaþýðingu um niðurstöðu atkvgr.

Um það, hvernig heppilegast sé að skipa félagsdóm, má deila. Að skipa hann eins og hv. þm. leggur til, kann að vera betra að einhverju leyti, en að öðru leyti verra. Mér er tjáð, að reynsla af gerðardómum erlendis hafi sýnt, að dómur, sem skipaður er af báðum aðiljum og einum oddamanni, sé veikur dómur, því að oddamaðurinn sé þá að jafnaði veikur fyrir gagnvart þeim aðiljanum, sem sterkari er, en það er að jafnaði atvinnurekandinn. Ég held, að trúa megi því, að dómurinn verði sterkari, ef oddamaðurinn er ekki einn, heldur komi í hans stað þrír menn, sem ekki eru tilnefndir af sjálfum deiluaðiljum. En þetta tel ég ekki skipta miklu máli.

Þá gerði hv. þm. mikið úr banninu við pólitiskum verkföllum. Þetta er einber misskilningur. En að svo miklu leyti sem frv. gerir ráð fyrir, að 17. gr. frv. leggi bann við pólitiskum verkföllum, gerir brtt. hans enga breytingu á því, því að þó að gr. þessi verði felld niður, hefir það engin áhrif á vinnustöðvanir, sem gerðar eru í því skyni að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim er ekki skylt að framkvæma l. samkvæmt, eða láta vera að framkvæma athafnir, sem þeim ber að framkvæma að l. Því að slíkt eru raunar ekki verkföll, heldur uppreisnir, og uppreisn er bönnuð samkvæmt stjórnarskránni og hegningarl. En ég bið hv. þm. að gæta þess, að því fer fjarri, að þetta gildi um öll pólitísk verkföll. Það er t. d. ekki bannað að gera mótmælaverkföll gegn ósettum l. Má einmitt segja, að nú fyrst séu pólitísk verkföll lögleyfð. En hitt, að ætla að þvinga stjórnarvöldin með ofbeldi til að láta vera að framkvæma l. eða að framkvæma þau öðruvísi en vera ber, er ólöglegt, alveg án tillits til þessa ákvæðis, sem um það kunna að verða sett í væntanlegri vinnulöggjöf, og verður vonandi í lengstu lög ólöglegt í þessu landi.

Ég hefi þá tekið fram flest af því, sem nauðsynlegt er. Ég endurtek það, að ég vorkenni hv. 3. þm. Reykv. hans leiðinlegu afstöðu til þessa máls, sem miðast eingöngu við það, í hvaða pólitiskri afstöðu hann stendur nú gagnvart sínum fyrra flokki. Og sá ágreiningur, sem er um málið innan verklýðsfélaganna, miðast eingöngu við þetta sama. Hv. þm. veit, að ef ekki hefði tekizt svo til um afstöðu hans, þá hefðu öll verklýðsfélög greitt atkv. með þessari vinnulöggjöf, og hann hefði sjálfur gengizt fyrir því í sínu stóra verklýðsfélagi, sem ljósast kemur fram í því, að á fyrra þinginu 1937 sóttist hann sjálfur eftir því að flytja þetta frv. hér á Alþ. En um ágreininginn innan verklýðsfélaganna má annars segja það, að fleiri félög hafa samþ. frv. en mótmælt því. 30 félög hafa samþykkt það, en 15 mótmælt því. Ekki svo að skilja, að þessi félög, sem samþ. hafa frv., hafi ekki óskað breytinga á því. Það hafa þau gert nær undantekningarlaust. Við óskum allir breytinga á frv. En að tjá sig fylgjandi er að lýsa yfir því, að menn sætti sig við samþykkt frv., þó að breytingarnar fáist ekki fram. Um þennan umtalaða meiri hl. hins skipalagsbundna verkalýðs, sem á að vera á móti frv., liggur ekkert fyrir, því að engar nákvæmar tölur eru komnar um fylgi málsins innan einstakra verkalýðsfélaga. Og að telja 1700 atkv. á móti frv. í Dagsbrún, sem er öll meðlimatala félagsins, þegar vitanlegt er, að ekki voru nema 200, sem greiddu atkv. á móti því — það nær engri átt. Ég hefi auk þess sannar fregnir af því, að þessi 200 mótatkv. voru fengin með því, að þeirri einkennilegu aðferð var beitt við atkvgr., að leita í skyndi mótatkv. gegn till. um að lýsa félagið andstætt frv. og telja síðan fólkið út úr fundarhúsinu. Mismunurinn — 200 — var talinn hafa verið með till.! Þvílík vinnubrögð hefir hv. þm. lært af hinum nýju bandamönnum sínum, kommúnistum. Þarf hann ekki að gera því skóna, að ég eða aðrir kunnugir falli í stafi yfir þesshátt sigrum. Til þess hefi ég of oft séð hann koma sveittan á enni og illa til reika af Dagsbrúnarfundum, eftir að hafa glímt þar við kommúnista og stundum eftir að hafa orðið undir í upphlaupum þeirra. Það hefðu fleiri en hann getað unnið ámóta sigra og hann með því að stökkva yfir til andstæðinganna á þann hátt sem hann hefir gert.

*Ísleifur Högnason: Ég mun ekki verða mjög langorður, enda er langt liðið á nóttina. En ég get ekki látið hjá líða að taka hér til máls, þar sem ég talaði ekki í málinu við 1. umr.

Í nál. mþn. er sagt, að l. þessi séu aðallega sniðin eftir danskri, norskri og sænskri vinnulöggjöf, en þó einkum byggð á „septembersættinni“ dönsku frá 1899. En þessi „septembersætt“ er svo til komin, að um 5000 atvinnurekendur

lögðu verkbann á 40000 verkamenn, og biðu verkamennirnir ósigur að nokkrum mánuðum liðnum. Var þá þröngvað upp á sigraðan verkalýð ókjörum, hliðstæðum þeim nauðungarsamningum, sem sigruð þjóð er neydd til að undirskrifa að ófriði loknum. En alþýðuflokksforingjarnir, sem svo kalla sig, líta víst svo á, að nú sé alþýðan sigruð, af því að hún er sundruð vegna klofnings þeirra. Öðru vísi verður naumast skilin tilvitnun þeirra í „septembersættina". Sem betur fer, er þessu þó ekki svo farið. Meiri hl. verkalýðsins hér á landi hefir lýst sig andvígan þessari vinnulöggjöf, og hefir langsamlega mestur hluti þeirra, sem hafa ekki algerlega hafnað frv., krafizt á því breytinga, eins og hv. síðasti ræðumaður tók réttilega fram.

Nú er viðurkennt, að þessi l. geta aldrei orðið annað en pappírsgagn, ef verklýðsfélögin ganga ekki að þeim. Hægri foringjarnir í Alþfl. hafa fyrir hvern mun viljað fá þessi l. sett og hafa með atvinnuhótunum neytt ýms verkalýðsfélög til að ganga að þeim. Á þennan hátt hafa þeir fengið fram samþykki nokkurra verklýðsfélaga á frv. þessu. Allt þeirra slúður um það, að ef þessi l. yrðu ekki samþ., þá myndi Framsókn koma í gegn, ásamt Íhaldinu, annari vinnulöggjöf, er út í bláinn. Framsókn hefði aldrei treyst sér til að koma á slíkri vinnulöggjöf í algerðri andstöðu við verkalýðinn. Og ef þessi l. verða sett, bera hægri foringjarnir, sem kalla sig Alþfl., algerða ábyrgð á því.

Atvinnurekendur hér í nágrannalöndunum hafa auðvitað ekkert við þá vinnulöggjöf að athuga, sem þar er í gildi, enda er það skiljanlegt, er menn heyra fulltrúa atvinnurekenda hér á þingi segja, um það frv., sem hér liggur fyrir, að það sé spor í rétta átt og í aðalatriðum samskonar og frv. það, er þeir hefðu áður borið fram, sjálfstæðismennirnir.

Þegar athuguð eru einstök atriði frv., kemur í ljós, að það hefir ekki inni að halda neina réttarbót til handa verkalýðnum, þrátt fyrir yfirlýsingar hv. flm., enda hafa þeir ekki getað bent á neitt til sönnunar því, að um réttarbætur væri að ræða. Í 1. gr. er að vísu sagt, að menn hafi rétt til að stofna stéttarfélög. En er það ekki þegar leyft í stjórnarskrá landsins? Menn eru, samkvæmt henni, frjálsir að því að mynda slík samtök með sér. (**BJ**: Þau verða að vera lögleg!). Öll slík samtök hér á landi eru löggleg, enda hefir ekkert verkalýðsfélag hérlendis verið dæmt ólöglegt. — Að stéttarfélögin skuli vera opin öllum, er sæti reglum félaganna, er heldur ekkert nýtt. Það hefir viðgengizt hér fram til þessa.

Í 3. gr. kemur strax í ljós réttarskerðing félaganna. Þau skulu aðeins fá að ráða málefnum sínum með þeim takmörkunum, sem þar eru settar. — Ákvæðið um, að meðlimir skuli vera bundnir samþykktum félaganna, er óþarft. Svo hefir alltaf verið.

Þá eru ákvæðin um ábyrgð stéttarfélaganna út af samningsrofum. Það hefir verið óþekkt fyrirbæri hér á landi, að dómstólarnir hafi gengið að eignum félaganna, en með þessu frv. er opnuð leið til þess. Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að eignir félaganna væru ekki undanskildar þessu í l. neins lands. Þetta er engan veginn rétt. Í löggjöf Frakklands t. d. eru húseignir og sjóðir félaganna undanþegin slíku.

Aðalröksemdin, sem fram hefir verið borin til réttlætingar því, að Alþfl. skuli styðja þessa löggjöf, er sú, að annars væri hætta á samkomulagi milli Íhaldsins og Framsóknar um að koma á vinnulöggjöf. Með svona loddaraskap má auðvitað réttlæta stuðning sinn við hvað sem er. Það má ef til vill blekkja einstaka menn með slíku, en haldgóð rök eru það ekki. Annars var auðheyrt á hv. þm. N.-Ísf., að samvizka hans var ekki sem bezt vegna frv. Hann kvað sig óánægðan með það að ýmsu leyti. En samt mælir hann með því, í stað þess að leggjast á móti málinu.

Eina leiðin til að koma í veg fyrir þessa vinnulöggjöf er að sameina verkalýðinn um það að viðurkenna hvorki frv. þeirra hægri foringjanna og Framsóknar né heldur frv. Íhaldsins. Þingið þorði ekki að samþ. vinnulöggjafarfrv. Íhaldsins 1929, af því að verkalýðurinn og foringjar hans voru á móti því. Framsókn er það ekkert meira áhugamál nú en þá að koma á vinnulöggjöf. Það eru einungis hægri foringjarnir, sem með hjálp sinni við atvinnurekendur gera það nú mögulegt að fá þetta mál samþ. hér á þingi.

Maður hefði getað búizt við því, ef þetta frv. væri til óþurftar atvinnurekendum, að einhverjar aths. kæmu frá fulltrúum þeirra, t. d. um kostnað þann, sem af löggjöfinni myndi leiða. Hér er líklega um að ræða 20000 kr. árlegan kostnað eða meira. Ef atvinnurekendur skoðuðu sér ekki mikinn hag að þessari löggjöf, þá myndu þeir eflaust hafa haft það á oddinum, að hér væri verið að efna til stóraukinna útgjalda með nýjum bitlingum o. s. frv.

Þá eru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Barð. Hann sagði, að fæstir réðu, hvaða laun þeir hefðu fyrir starfa sinn, og vildi með því gefa í skyn, að verkamönnum væri ekki vandara um en öðrum. Ég veit nú ekki betur en að Framsókn, sem ræður hér ríkjum um þessar mundir, hafi aðstöðu til að ráða því, að minnsta kosti að því er embættismennina snertir, hver launin séu. (**BJ**: En þeir hafa ekki verkfallsrétt!). Hv. þm. getur því farið í sinn eigin barm með það, hvort ekki sé eðlilegt, að verkamenn vilji einnig, að þeirra samtök geti ráðið kaupgjaldi því, er þeir verða að vinna fyrir, — hvaða verði þeir vilja selja sína vinnu. En hv. þm. hefir ekki komið fram sem fulltrúi þessara manna, heldur atvinnurekenda, þó að meiri hl. kjósenda hans séu alþýðumenn, sem hafa hag af því, að réttur þeirra til verkfalla sé ekki skertur.

En aðalagnúinn á þessum l. er þó sá, að menn eru ekki frjálsir að því, hvort þeir selja yfirleitt vinnu sína eða ekki. Í 16 gr. er ákveði um, að ekki megi leggja niður vinnu nema með 7 daga fyrirvara. Þar með er réttur manna til að gera verkföll raunverulega afnuminn, og menn eru ekki settir hærra í þjóðfélaginu en þrælar. Er í sjálfu sér ekki mikill eðlismunur á því, hvort menn eru pískaðir til að vinna með svipum eða neyddir til þess með hótunum um fjár-

útlát eða fangelsi, er þeir muni sæta, ef þeir vinni ekki eins og atvinnurekendum þóknast.

Hjá hv. þm. N.-Ísf. var það misskilningur, er hann sagði, að við kommúnistar kærðum okkur ekki um þessa trúnaðarmenn á vinnustöðvunum og teldum þá þýðingarlausa. Er ekki hægt að skilja slíkt af brtt. okkar. Þá er það ekki heldur rétt, að við viljum ekki vinnulöggjöf, sem væri til bóta fyrir verkalýðinn. Ef okkar till. yrðu samþ., myndum við láta okkur vel líka. Löggjöfin væri þá orðin verkalýðnum til hagsbóta. En við viljum engan veginn ganga að vinnulöggjöf, þar sem réttur verkalýðsins er skertur.

Þá eru ákvæðin um lýðræðið. Það kemur einkennilega fyrir sjónir, er hv. formælendur frv. halda fram þeirri kenningu, að það sé ekki samkvæmt lýðræðisreglum, að meiri hl. þeirra, er ákvörðun vilja á annað borð taka, skuli ráða. Eftir íslenzku stjórnarskránni er það t. d. ekki talið nauðsynlegt, að allir kjósendur neyti atkvæðisréttar síns. Ef t. d. helmingur kjósenda hér í Reykjavík kýs, en hinir sitja heima, ræður meiri hl. þessa helmings úrslitum. Aftur á móti er í þessum l. gert ráð fyrir, að þeir láti þessi mál ekki til sín taka. Það er þess vegna óframbærileg röksemd af hálfu þeirra manna, sem mæla með þessari gr., að mæla með henni á þeim grundvelli, að hún sé samkvæmt lögum lýðræðisins. (VJ: Hvernig er það í kaupfélaginu í Vestmannaeyjum?). Það er nákvæmlega eins og í öðrum félögum, að meiri hluti þeirra, sem mæta á fundi, ræður úrslitum mála. Ég hefi ekki séð þetta í annari lagasetningu en hér í þessu frv.

Þá talaði hv. þm. Barð. um það, að sami réttur væri til að gera upptæka sjóði atvinnurekenda og sjóði verkamanna. Hann gerir þá ráð fyrir, að atvinnurekendafélögin stofni einhverja líknarsjóði, sem hægt sé að ganga að, til að láta þau greiða sektir. Þessari kenningu er vitanlega ekki hægt að svara, því að hún er svo brosleg. Það kemur yfirleitt ekki til neinna mála, að atvinnurekendur fari að stofna slíka sjóði til þess að láta þá, sem aðfararréttinn hafa, hafa til þess að ganga að.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ef þessi l. hefðu verið búin að öðlast gildi, þegar benzínverkfallið varð hér um árið, þá hefði það ekki komið til, að slíkt verkfall hefði orðið. Það kemur úr hörðustu átt, að hv. þm. skuli fagna því, að Alþ. ætlar nú að samþ. l., sem geti hindrað það, að verkamenn geri verkfall gegn því, að Alþ. samþ. l., sem eru til stórtjóns fyrir almenning í landinu. En þetta benzínverkfall, sem hv. þm. talar um, er búið að færa inn í landið mörg hundruð þúsund krónur í gróða af benzíninu, þar sem olíufélögin urðu að borga skattinn. Ég sé því ekki, hvernig hv. þm. getur notað þetta atriði til að mæla með þessu frv.

Þá er það ákvæðið um skipun félagsdóms. Ég man ekki betur en að fyrir tæpum mánuði síðan hafi málsvarar Alþfl. hér á þingi álitið það mjög varhugavert framferði af framsóknarmönnum, að vilja skipa gerðardóm í vinnudeilum, sem skipaður væri mönnum, útnefndum af hæstarétti. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv., að hæstiréttur skipi 2 menn í félagsdóm, og ætti það þá eftir sömu forsendum og áður að vera alveg ófært. Það er líka alveg rétt, að þeir eru vilhallir. Það hefir a. m. k. sýnt sig, að hæstiréttur hefir dæmt verkamenn í þungar sektir, ef þeir hafa átt í erjum við atvinnurekendur. Þessi félagsdómur hlýtur því eftir l. að vera vilhallur í dómum sínum. Ég geri því ekki upp á milli þess, hvort það eru þeir dómarar, sem nú fara með lögreglumálin, eða þeir dómarar, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég geri ekki mikinn mun á því, hvorir fara með þessi mál. Ég geri ráð fyrir, að ef verkamenn eiga undir þá að sækja, þá verði þeirra dómur ekki hiðdómur, eða a. m. k. hefir reynslan sýnt það.

Þá minntist hann á það, að þegar til þess kæmi, að dæma eftir þessum l., þá myndu dómendurnir hengja sig í ummæli andstæðinga l. og túlka þau samkvæmt þeim. Ég hefi aldrei heyrt þessa kenningu fyrr en ég sá hana í Alþýðublaðinu, að dómarar dæmdu eftir túlkun andstæðinga l., en ekki eftir bókstaf l. Ég hélt, að það væri viðtekin regla að dæma eftir bókstaf l., en ekki eftir því, hvaða skilning andstæðingar þeirra legðu í þau.

Það væri æskilegt, að það kæmi skýrar fram í l. ýmislegt það, sem hv. þm. N.-Ísf. vildi láta skína í, að væru réttarbætur í l. Það væri æskilegt, að það væri skýrar fram tekið, hverjar þær réttarbætur væru, svo að það færi ekki fram hjá neinum. Hann sagði meðal annars, að með hæfilega fjölmennu trúnaðarmannaráði væri hægt að koma á skyndiverkfalli. Það getur verið, en ég hefi ekki lesið þessi l. svo í kjölinn, að ég hafi getað fundið það. Ég held, að það sé hvergi gefið í skyn í þessum l., að hægt sé að gera skyndiverkfall. Það eru þvert á móti tekin fram skilyrðin fyrir því, að hægt sé að gera verkfall yfirleitt, og það er hvergi minnzt á það, að hægt sé að gera skyndiverkfall. Það segir í 17. gr., að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar á úrskurðum dómsins.

2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi.

3. Til styrktar félagi, sem hafið hefir ólögmæta vinnustöðvun.

Í öllum þessum tilfellum er ekki hægt að hefja vinnustöðvun. Það væri mjög æskilegt, að hv. þm. N.-Ísf. upplýsti betur, með hvaða hætti mætti gera skyndiverkfall, og það væri æskilegt, að fá hrein ákvæði um það í l., hvenær megi koma því við, því að öðrum kosti býst ég við, að enginn þyrði að leggja út í slíkt.

Hann sagði líka, að mótmælaverkföll hafi verð gerð, og menn hafi ekki verið dæmdir fyrir það eitt að gera verkfall, því að menn hafa rétt til þess til þess tíma. En í l. er ekkert sérstaklega tekið fram um, að það megi gera

mótmælaverkfall. Það er réttur, sem menn hafa áður haft.

Þá er það 28. gr., sem ég vildi gera þá aths. við, að mér þætti gaman að vita, af hvaða ástæðum niðurlag hennar er orðað eins og þar er gert. Þar er bannað að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum, nema báðir aðiljar samþykki. Ég fæ ekki séð, til hvers á að halda þeim tillögum leyndum. Ég álít heppilegt fyrir verkamenn að fá að vita, hvaða afstöðu atvinnurekendur taka til þeirra deilna, sem uppi eru á hverjum tíma, svo að þeir geti fylgzt með, hvernig málin standa.

Í 64. gr. segir, að séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. En það er gert ráð fyrir því í 48. gr., að dómurinn sé ekki starfhæfur, nema hann sé fullskipaður. Ég sé því ekki, hvað það á að þýða í 64. gr., að atkvæði formanns ráði úrslitum, því að samkvæmt l. eiga 5 menn að vera í dómnum, og þar er hann ekki talinn starfhæfur, nema allir séu í honum.

Um skyldur dómara og sáttasemjara er ekki neitt fram tekið í l. Það væri þó ástæða til að þeir menn, sem eru á launum hjá ríkinu, hefðu einhverjar skyldur og það væri hægt að koma fram ábyrgð á hendur þeim, ef þeir væru vilhallir eða ranglátir í sínum gerðum.

Ennfremur er í 32. gr., þar sem talað er um, að atkvgr. eigi að vera leynileg, engin trygging fyrir því í l., að atkvgr. megi ekki falsa. Það þyrfti ákvæði um, að atkvæðaseðlarnir væru tölusettir og auðkenndir, svo að verklýðsfélögin væru tryggð fyrir því, að sáttasemjari sýndi ekki aðra atkvæðaseðla en greiddir hefðu verið. Í l. er engin trygging fyrir þessu, en frá verklýðsfélögunum, sem óskað hafa breyt. á l., hefir einkum komið fram ósk um, að ekki væri hægt að koma fölsunum við. Þetta hefir ekki verið tekið til greina, en það hefði kostað lítið að koma inn í l., fyrst á að lögfesta þau á annað borð, ákvæði um það, hvernig atkvgr. skuli fara fram, svo að tryggt sé, að atkvgr. sé ekki fölsuð. Í kosningalögunum er tryggilega gengið frá þessu, og þar þótti ekki annað tryggt en að seðlarnir væru númeraðir. Það væri eðlilegt, að hér væri hið sama látið gilda.

***Thor Thors:** Ég skal vera fáorður, enda er næsta þýðingarlítið að tala á þessum fundi, þar sem aðeins örfáir þm. eru viðstaddir.

Ég hefi í rauninni fáu að svara hv. þm. Barð. öðru en því, að mótmæli hans gegn till. okkar voru æði veigalítil yfirleitt, og mér heyrðist á honum, að þau væru frekar gerð af skyldu en sannfæringu. Ég skil það á þann veg, að það sé fast um þetta mál samið milli Alþfl. og Framsfl., að jafnvel þýðingarlítlar leiðréttingar megi ekki komast að.

Hv. þm. N.-Ísf., sem hér talaði ædilangt mál, vék að sögu Sjálfstfl. á sviði þessara málefna, og virtist honum hún ekki vera sem fegurst. Hann byrjaði að vitna í 10 ára gömul ummæli eftir látinn heiðursmann. Það hefir stundum verið talað um skyldur manna, sem þættust kunna almenna mannasiði, um að leyfa mönnum að vera í friði í gröfinni. Það hefir verið regla, sem almennt hefir verið viðurkennd af mönnum, sem hafa viljað láta líta svo út sem þeir kynnu almenna mannasiði. En það, sem þessum hv. þm. fannst svo svívirðilegt í fari þessa látna heiðursmanns, var, að hann hér á þingi flutti frv. um gerðardóm í vinnudeilum. Hann var þar ekki einn að verki, heldur voru það nokkrir framsóknarmenn, sem fluttu þetta frv. með honum, þar á meðal hæstv. forseti þessarar d., sem þá átti sæti á þingi. En það hafa skeð þau undur á þessu þingi, að samstarfsflokkur þessa hv. þm. hefir flutt frv. um gerðardóm í vinnudeilum, sem náð hefir fram að ganga. Og þetta var ekki meiri sök en það, að alþýðuflokksmennirnir hér á þingi skriðu í sængina hjá flokknum rétt á eftir og báðu um að mega styðja þann forsrh. sem stjórnarherra, sem stóð fyrir þessu máli. Afstaða Alþfl., sem jafnan hefir haldið því fram, að samningsréttur verkalýðsins væri heilagur, var ekki merkilegri en það, að þeir vildu einnig lögfesta kaup á togurum, því að þeir héldu, að með því gætu þeir keypt sér frið í stjórnarsamvinnu við Framsfl.

En snertandi afstöðu Sjálfstfl., þá sagði þessi hv. þm., að þegar við hefðum séð, að við höfðum ekki styrk til að koma því illa fram, þá hefðum við álitið það styrkleika fyrir okkur að flytja frv., sem byggðist á því, sem sósialistar hafa í l. á Norðurlöndum. Það er alltaf styrkur fyrir flokk að flytja góð mál. En það var ekki einu sinni svo, að Alþfl. áliti þetta frv. okkar þarft og gott mál, því að fyrst þegar það var fram borið, voru alþýðuflokksmennirnir með stöðug ókvæðisorð í garð þess og kölluðu þetta frv. þrælalög og öðrum illum nöfnum.

Hann sagði, að fylgi okkar við þetta frv. byggðist á því, að við værum sigraðir menn. Við höfum látið þess getið alltaf, þegar við höfum flutt okkar frv. og talað fyrir því, að við værum reiðubúnir til að taka á móti öllum skynsamlegum brtt., sem fram kynnu að koma við það.

Okkar frv. var byggt á gildandi löggjöf um þetta efni á Norðurlöndum, ekki á því versta, sem til var í hverju landi fyrir sig, heldur var í nærri hverju atriði farið meðalveg, svo að jafnvel þetta frv., sem sósialistar nú loks hafa þorað að ljá fylgi sitt, gengur í sumum atriðum lengra en okkar frv. En úr því að hv. þm. fór að tala um sigraða menn, þá hlýt ég að koma að Alþfl. Þeir eru nú að glíma við að kveða niður þann draug, sem þeir sjálfir hafa vakið upp. Þeir gera það ekki af því, að þeir hafi réttan skilning á þessu máli, og ekki af því, að þeir skilji, að það er til hagnaðar fyrir verkalýðinn að hafa fastar reglur í þessu máli, heldur af því, að þeir eru að kaupa sjálfum sér vinnufrið í stjórnaraðstöðunni nokkru lengur. Það er aðeins þess vegna, að þeir hafa látið kúgast til þess að fylgja þessu máli, sem þeir ár eftir ár hafa barizt gegn. Það er von, að hv. þm. tali um sigraða menn. Það kemst enginn hjá því, sem kemur hér á þing og fylgist eitthvað með í gangi mála, að taka eftir því, hversu gersigraðir þessir sjömenningar eru, sem telja sig Alþfl. Það hefir gripið þá slíkur ótti við

hv. 3. þm. Reykv., að það eru ósköp að sjá þessa menn. Það er eins og þeir séu myrkfælnir um hábjartan daginn og viti ekki, hvort þeir eru sjálfir lifs eða liðnir. Afstaða þeirra og framkoma hér á þingi er slík, að maður getur kennt í brjósti um þá. Ég hefi aldrei getað hugsað mér öllu sorglegri tákn sigraðra manna heldur en þeirra sjömenninganna, sem telja sig Alþfl. Þessir sjömenningar hafa líka óljóst hugboð um það, að þeir séu gersigraðir menn. Ég veit, að það á eftir að koma svo greinilega í ljós, hversu gersigraðir þeir eru, að jafnvel þeir sjálfir verði að viðurkenna það. Ég er ekkert að gleðjast yfir þessu út af fyrir sig, því að það væri að sumu leyti sterkari aðstaðan í þjóðfélaginu, ef maður hefði hér rólegan sósialistaflokk. En þessir sjömenningar hafa bara eyðilagt alla von um það, að rólegur sósialdemokratiskur flokkur geti þrifizt hér á landi, því að svo aumleg hefir framkoma þeirra verið undanfarin ár og svo óttaslegnir hafa þeir verið við kommúnistana og svo rækilega hafa þeir látið þann flokk teyma sig á asnaeyrunum, að þeir eiga sér ekki uppreisnarvon á næstu árum. Hv. þm. sagði, að við sjálfstæðismenn vildum reyna að hengja okkur aftan í meðnm. okkar í þessu máli. Við erum fylgjandi þessu máli og þess vegna höfum við gefið út sameiginlegt nál. En þessi hv. þm. sýndi þann barnaskap, að hann fékkst ekki til að skrifa undir nál., sem hann talaði fyrir, af því hann var hræddur við að hafa okkur sjálfstæðismenn á sama nál. Er þetta karlmannleg framkoma? Með þessari framkomu sinni varð þessi hv. þm. svo rækilega til athlægis, að ég held, að það sé leitun á slíku í allri þingsögunni. Flokksmenn hans voru svo að reyna að hugga hann og hughreysta og fá hann til að standa við þessa hreinu þingræðisskyldu sína, að skrifa undir það nál., sem hann var fylgjandi.

Ég held ég þurfi ekki að eyða miklu fleiri orðum að þessum sigraða manni. Ég mun á sínum tíma ekki verða verri í hans garð en það, að ég mun segja, þegar hann hverfur bráðlega héðan af Alþ.: Blessuð sé minning hans.

Út af því, sem fram kom í hans ræðu og fleiri hv. þm., að 16. gr. bannaði engin skyndiverkföll önnur en þau, sem stöfuðu af kaupágreiningi, þá hygg ég, að þetta sé ekki réttur skilningur, því að það stendur í gr.: „ákvörðun um kaup og kjör“. Orðin „kaup og kjör“ eru býsna víðtæk og geta náð til alls ágreinings um aðbúnað verkamanna við vinnu og fleira slíkt. Mþn., sem fjallaði um þetta mál, virðist hafa gert ráð fyrir þessu, því að í grg., sem fylgir þessu frv., stendur svo á bls. 74, með leyfi hæstv. forseta: „Vinnustöðvun verður að tilkynna gagnaðilja og sáttasemjara með a. m. k. 7 daga fyrirvara. Er þarna farið sem næst meðalvegi þess, sem í lögum er annarsstaðar á Norðurlöndum. Á þessum tíma er ætlazt til, að sáttatilraunir fari fram og að hægt sé að koma verðmætum þannig fyrir, að eigi séu þau í bráðri hættu fyrir eyðileggingu, er vinnustöðvun ber að höndum“.

Þetta virðist vera tvímælalaust hjá nefndinni, því hún talar almennt um vinnustöðvun og talar um, að hér sé um samskonar ákvæði að ræða eins og gilda hjá hinum Norðurlöndunum.

Ég ætla ekki að fara að svara kommúnistunum hér í d. frekar nú en endranær, því að það eina, sem ég get verið hv. þm. N.-Ísf. sammála um, er, að þeir eru yfirleitt ekki svaraverðir í umr. um þingmál. En þegar þeir tala um okkur sjálfstæðismenn sem fulltrúa atvinnurekenda í landinu, þá vil ég aðeins benda þeim á, að þessi löggjöf er enginn sérstakur hagur fyrir atvinnurekendur í landinu. Hún skapar einmitt nýj bönd á þá og takmarkar þeirra athafnafrelsi í þjóðfélaginu engu síður en verkamanna. En það þarf engan að undra, að þessir fulltrúar Stalins, sem einnig sækja um að gerast fulltrúar hjá British Petroleum undir forystu hv. 3. þm. Reykv., að þeir skilji það ekki, að það er hagur og vernd verkalýðsins, að reglur og skipulag gildi í þessum málum og það sé jafnan tryggt, að það séu verkamennirnir sjálfir, sem ráði því, hvort þeir ganga út í verkfall, en ekki einhverjir æsingafullir lýðskrumarar, sem hafi hag af því að koma á vinnustöðvunum, af því að þær færi meiri fátækt yfir þjóðfélagið og færi þá nær sínu marki, að koma á þeirri blóðugu byltingu, sem þeir nú stefna að.

*Héðinn Valdimarsson: Það eru aðallega tveir hv. þm., sem hafa svarað ræðu minni og ég þarf að svara, hv. þm. Barð. og hv. þm. N.-Ísf. Báðir þessir hv. þm. eiga það sameiginlegt, að hvorugur hefir nokkurn tíma komið nálægt vinnudeilum, og hafa lítil persónuleg kynni haft af þeim skoðunum og hugsunarhætti, sem ríkir hjá verkamönnum um þau mál. Það frv., sem hér liggur fyrir, ber þess líka mikinn vott, sem og ræður þessara hv. þm.

Hv. þm. Barð. fór nokkuð fljótt yfir sögu og svaraði þeim brtt., sem hafa komið, litlu öðru en því, að það væri ekki hægt að setja lög um það t. d., að stéttarfélög hefðu rétt til að ákveða kjör ekki einungis sinna meðlima, heldur og annara starfsgreina. Hv. þm. kom ekki með nein rök fyrir því, hvers vegna ekki væri hægt að setja l. um þetta, og ég get frætt hann á því, að annarsstaðar er það algild regla að setja l. um þessi atriði.

Hv. þm. N.-Ísf. var að reyna að snúa út úr því, sem ég sagði, og kvað mig hafa sagt, að allur verkalýður væri nú kominn í verkalýðsfélög, en þetta er ekki rétt; ég sagði, að flestir verkamenn hér í Reykavík væru komnir í verkalýðsfélög, og því hefði þetta ekki svo mikið að segja fyrir félög óbreyttra verkamanna hér í bænum, en úti um land hefir það mjög mikið að segja. Ég álít að vísu, að verkalýðsfélögin og verkamannastéttin sjálf sé enn í tvísýnu um það, hvort betra sé fyrir hana, að sett séu um þetta l. eða ekki, enda vitum við, að það er aldrei nema hluti meðlima verkalýðsfélaganna, sem aðallega bera félögin uppi og reyna að koma mönnum inn í félögin hver á sínu svæði.

Svör hv. þm. Barð. við sumum brtt. mínum voru aðeins þau, að þær væru svipaðar brtt. kommúnista, og væri það nægilegt gegn þeim. Þá kom hann með atriðið um, að atvinnurek-

endum og trúnaðarmönnum þeirra skyldi skylt að greiða ávísanir frá meðlimum stéttarfélaga upp í iðgjöld þeirra, og sagði, að svo væri nú, en ég verð að rengja þetta. Ég held, að það hafi ekki tekizt nema með góðfúslegu samkomulagi við suma atvinnurekendur; annars telja þeir víst vinnulaunin það friðhelg, að ekki komi til mála að greiða þau á þennan hátt. Þá kom hv. þm. Barð. með það, að ófært væri t. d., að ýmsir menningarsjóðir væru notaðir sem líknarstofnanir, og átti þar með við mína brtt. við 8. gr. Þetta sýnir meðal annars, hve illa hann hefir kynnt sér málið, sem hann er að tala um, og hve hann lætur sér brtt. í léttu rúmi liggja, af því að búið er að ákveða af honum og hans flokki að afgreiða málið svona, og þá duga engin rök.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf., að verkamenn mætti einu gilda, hvort þeir hefðu rétt til að hafa einn eða tvo trúnaðarmenn á vinnustöðunum. Það væru alltaf nægilega margir til. Nú á að skipa trúnaðarmann hvar sem 5 menn eða fleiri eru á einum vinnustað. Það má nærri geta, hvort af t. d. 5 mönnum eru tveir, sem eru alveg jafngóðir, og skil ég ekkert í hv. þm. að segja, að engu skipti fyrir verkalýðinn að fá sjálfir að velja sína trúnaðarmenn, en að atvinnurekandi hafi ekki leyfi til að velja á milli tveggja manna. — Hv. þm. Barð. sagði aðeins um gr., sem fjallar um trúnaðarmenn, að hún væri alveg fullnægjandi. Þetta er ekki rétt. Ekki einasta þarf að hafa trúnðarmann, heldur verður líka að vera trygging fyrir því, að honum verði ekki sagt upp, nema dómstóll eða stéttarfélag samþykki, að maðurinn hafi gerzt brotlegur á einhvern hátt í starfi sínu fyrir sitt stéttar-félag. Hinsvegar gildir það sama og um flestar aðrar gr. frv., að ef á að vera nokkur meining í þessu, þá yrði að standa þar eitthvað því líkt sem er í brtt., en það hefir aldrei verið ætlun Framsfl. eða framsóknarmanna Alþfl., að neitt slíkt ákvæði kæmist inn í gr.

Þá kom hv. þm. Barð. með það, að það væri einkennileg lýðræðishugsjón að 50 menn af 2000 ættu að geta tekið ákvarðanir til að kúga hina félagsmennina til vinnustöðvunar. Ég veit ekki betur en að þetta sé sama lýðræðið og gildir alstaðar annarsstaðar í okkar þjóðfélagi, þar sem menn eiga kost á að skera úr málum með atkvgr., þar sem allir hafa aðgang að því að kjósa. Ég kom með ákvæði um það, hvað margir ættu að kjósa minnst, og því fleiri, sem greiða atkv., því meira öryggi er um, að raunverulegur vilji félagsmanna sjáist. Um allsherjaratkvæðagreiðslu er ekkert ákvæði um, hve margir þurfi að taka þátt í henni.

Hv. þm. Barð. sagði, og sama kom fram í ræðu hv. þm. N.-Ísf., að brtt. mín um 7 daga fyrirvarann væri raunverulega alveg það sama og þeir óskuðu eftir. Því geta þá ekki þessir hv. þm. og þeirra flokkur samþ. brtt. mína, sem hefir þegar verið samþ. í Dagsbrún og fleiri verkalýðsfélögum? Í frv. mþn. er orðalagið þannig, að bæði er talað um kaup og kjör, og orðið „kjör“ getur verið nokkuð víðtækt, svo að óhætt er að segja, að á hverju samningstímabili um kaup er einnig um að ræða margskonar samninga um kjör verkamanna.

Um atriðin í 30. gr. er ekki rétt að segja, að það séu aðeins lítilfjörlegar orðalagsbreytingar. Þar vil ég fá skýrt fram, hvort það er sáttasemjari einn, sem á að ráða þessum hlutum, eða hvort taka á tillit til annara aðilja. Ef það er skoðun hv. þm. Barð., að þetta séu aðeins lítilfjörlegar orðalagsbreytingar, þá væri rétt fyrir hann að samþ. þetta eins og það er í frv. Yfirleitt er það einkenni þessa frv., að þar eru notuð sem loðnust orðatiltæki, svo að hver fyrir sig, félagsdómur, Alþfl. og Framsfl. geti á einhvern hátt snúið l. sér í hag. Flokkarnir hafa hvor um sig útlistað þetta á fundum hjá sér, en hvernig verður það í framkvæmdinni? Ætli, að ekki rísi allmargar deilur út af því? En það ætti ekki út af fyrir sig að vera tilgangur þessara l., að orða þau þannig, að þau ein skapi deilu-efni.

Þá talaði hv. þm. Barð. gegn því, að meiri hl. réði viðvíkjandi málamiðlunartill., og lýsti því yfir, að hann væri fallinn frá því að óska eftir, að samþ. yrði meirihluta ákvæði það, sem felst í frv. Svo virðist um önnur mál, að Framsfl. taki munninn allfullan, þegar hann talar um lýðræði. En þegar um mál verkalýðsins er að ræða, þá á lýðræði ekki að gilda. Viðvíkjandi allsherjaratkvæðagreiðslu er það að segja, að það er ekkert, sem knýr menn til að koma þangað, annað en vilji þeirra sjálfra. Það er jafnástæðulaust hjá hv. þm. Barð. að segja, að það nái engri átt að binda framburð miðlunartill. við tvö skipti, en svo er ekki, nema þegar annar aðili mótmælir.

Viðvíkjandi félagsdómnum virtist hv. þm. álíta tryggara, að hæstiréttur, sem að vísu er skipaður lögfræðingum, tilnefndi menn í dóminn, heldur en að aðiljar gerðu það sjálfir, en ég álít, að miklu betri skilningur sé fyrir hendi hjá þeim, sem vel eru inni í málinu, og með því, að þeir skipi dóminn, fáist þar miklu meira og þetra jafnvægi en ella. En eins og ríkisstjórnin er skipuð nú, álítur Framsfl. betra fyrir hana, að hæstiréttur skipi í dóminn, og það er það, sem vakir fyrir hv. þm. Ég fyrir mitt leyti álít þennan hlutleysisvaðal framsóknarmanna og þetta, að vilja troða inn í dóminn mönnum, sem aldrei hafa kynnzt vinnudeilum, alls ekki góðan.

Þá eru álíka mikilvæg rök, sem hv. þm. færði fyrir því, að ekki skuli settar neinar reglur um það, hvernig vinnuveitendur hagi sínum atkvæðagreiðslum, svo að enginn maður fari með meira en eitt atkv., en að peningamagn hans ráði engu þar um. Rökin, sem hv. þm. færði fyrir sínu máli, voru þau, að engin ástæða væri til að skipta sér af því, hvernig atkvgr. atvinnurekenda færi fram. Því er þá ástæða til að lögfesta, að í atkvgr. verkalýðsins skuli meiri hl. atkv. ráða? Því á ekki að lögfesta sama lýðræði í atkvgr. atvinnurekenda og atkvgr. verkamanna? Þarf ég svo ekki að skipta mér meira af hv. þm. Barð., en mun snúa mér að hv. þm. N.-Ísf.

Sá hv. þm. talaði mest um það, sem hann hefir hvorki heyrt eða séð, og vitnaði í sífellu til sambandsþingsins, þar sem hann hefir aldrei komið nema sem gestur, sem kallaður hefir

verið þangað í flýti, þegar átti að kljúfa flokkinn. Það munum við, sem sátum sambandsþing 1936, þar sem samþ. var álit viðvíkjandi vinnulöggjöf, að það, sem fyrir mönnum vakti þá, var ekki það, að þeir væru svo fíknir í vinnulöggjöf. Sambandsfulltrúar voru klofnir í tvennt, en menn óttuðust, að e. t. v. yrði samþ. löggjöf, sem yrði verkalýðnum óhagstæð. Því var ekki tilgangurinn, að samþ. yrði einhver vinnulöggjöf, heldur að sett yrði löggjöf, sem væri verkalýðnum hagstæð, og að það álit flokksins yrði látið í ljós, hvort sem nokkurt samkomulag næðist við Framsfl. eða ekki, en reyna átti að haga málinu þannig, að ekki væri loku skotið fyrir, að það samkomulag næðist. Nú hefir framsóknardeild Alþfl. reynt að snúa þessu áliti svo, að tilgangurinn hafi verið að samþ. þessa Framsfl.löggjöf, en það var aldrei meining fulltrúanna, sem sambandsþingið sátu. Hv. þm. sagði, að það yrði að taka tillit til þeirra sérstöku aðstöðu, sem hann og skoðanabræður hans í Alþfl. hefðu til þessa máls, þar sem tveir menn úr Alþfl. hefðu verið við samningu þessa frv. Hvort þessir menn hafa verið einn eða tveir, ætti ekki að geta breytt skoðunum flokksins. Ég veit, að annar þessara manna var að vísu lögfróður, en hann hafði aldrei komið nálægt verkalýðsfélögum og vinnudeilum, en hinn var allreyndur í þeim málum. Eftir að deilur hafa risið um þetta frv., hefir sá maðurinn, sem kunnugri var verkalýðsmálum, aldrei komið fram á neinum fundi, þar sem rætt hefir verið um þetta mál, og meira að segja í því félagi, sem hann er formaður í, þar hefir hann aldrei fengizt til að taka þetta mál á dagskrá, svo að eitthvað virðist vera bogið við þetta. Hinn maðurinn hefir aftur á móti verið sendur eins og þeytispjald í allar áttir til að verja frv.

Þá er næsta atriði það, að þingfl. sá, sem hér er kallaður Alþfl., og meiri hl. sambandsstjórnar virðast ekki líta á Alþfl. sem formælanda verkalýðsins. Þótt Alþfl. styðji ríkisstj., þá er það ekkert eilífðarbandalag og hlýtur að vera komið undir þeim málum, sem ríkisstj. vill koma fram, svo að litið sé á löggjafarstarfsemina frá málefnalegu sjónarmiði, en ekki út frá því, að Alþfl. styður ríkisstj. og því verði að koma hennar málum fram.

Það er engu líkara en hv. þm. væri genginn í Framsfl. og væri kominn þar undir flokksaga. Ég hélt, að hann væri ekki svo langt kominn, þótt ég viti, að hann er á góðri leið með að komast þangað.

Að lokum segir hv. þm., að eftir atvikum sætti þeir sig við þetta frv. og muni ekki koma með brtt., af því að ekki séu líkur til, að þær fáist samþ. Ég veit ekki betur en að Alþfl. hafi hvað eftir annað komið fram með brtt. hér á Alþ. til að sýna stefnu flokksins. En nú sé ég ekki, að gerð hafi verið nein tilraun til að láta annað koma fram en að flokkurinn væri algerlega ánægður með frv.

Hv. þm. minntist á nokkrar brtt., sem ég hefi borið fram, og vildi, að ég tæki þær aftur til 3. umr. Brtt. hafa legið hér fyrir alllengi og nægur tími hefir verið til að athuga þær í hv. n., — og hvaða ástæða er fyrir hv. þm. að vilja flytja þessar brtt. inn á fund í n., ef hann hefir engan vilja á að breyta frv.? Atkvgr. mun sýna, hvort þær verða samþ. eða ekki, og það er nóg.

Ég skil ekki þann hugsunarhátt, sem virðist liggja bak við stefnu Alþfl., sem virðist vera sú, að ef hann samþ. ekki eitt eða annað með Framsfl., þá muni Framsfl. samþ. eitthvað ennþá verra með Sjálfstfl. Skyldi Framsfl. þá ekki hafa neina skoðun í þessu máli? Ef ekki er verið að ræða hér fyrst og fremst um málefnin, því eru þá þessir flokkar saman í stjórnarsamsteypu? Er það betra fyrir Alþfl. að samþ. eitthvað með Framsfl., sem hann er óánægður með, heldur en að láta Framsfl. og Sjálfstfl. samþ. eitthvað annað? Mér virðist afstaða hv. þm. ekki ósvipuð sögunni um refinn, sem missti rófu sína í gildru og vildi eftir það segja, að nú væri hann hvað fegurstur og fríðastur, og helzt ættu allir að vera rófulausir eins og hann. Þótt hv. þm. segist ekki vera ánægður með frv., þá fer hann þannig með allar brtt., að hann minnist sem minnst á þær eða gerir lítið úr þeim.

Þá tók hv. þm. að víta mína persónulegu afstöðu til þessa máls. Ég hefi leitað umsagna manna og till. og rætt við þá till. þeirra og aths., og ég hefi fengið nokkra vissu um það, að menn eru því ekki hlynntir yfirleitt. Ég veit líka, að hv. þm. er hvorki svo minnislaus eða óskynsamur, að hann viti ekki, að hann talar á móti betri vitund í þessu máli, því að hann man, að þegar Framsfl. kom fram með sitt frv. um þetta efni í fyrra, þá ákvað Alþfl. að koma einnig fram með sitt frv. til að sýna stefnu sína, þótt útlit væri fyrir, að ætti að knýja frv. Framsfl. fram. En þá hefðum við Alþfl.menn átt að segja: „Ef þið framsóknarmenn knýið fram þetta frv., þá skulum við koma með okkar frv.“. Þá var ekki búið að sýna Alþfl., hvernig frv. Framsfl. væri. Ég gekk út frá því, að það væri stefna verklýðsfélaganna, ef frv. af þessu tagi ætti að koma fram, að reyna það. Sú óþolinmæði, sem hv. þm. N.-Ísf. var að tala um, var í því fólgin, að ég vildi, að Alþfl. sýndi stefnu í þessu máli, sem hann virðist ekki nú sýna, heldur fallast á kröfur Framsfl. um að binda verklýðsfélögin. Ennfremur játar hv. þm. N.-Ísf., að hægt væri að gera margvíslegar bætur á þessu máli, en hann hefir látið vera að bera fram brtt. um þessi efni. Þá getur hann um, að það hafi verið leitað til mín viðvíkjandi till. um þetta frv. Ég veit ekki, hvaðan þessi hv. þm. hefir þetta slúður. Annar maður, lögfræðingurinn (Guðmundur Í. Guðmundsson), sem vann að þessu máli, kom á skrifstofuna til mín, rétt þegar hann var að byrja að fást við frv., sat þar eitthvað um fjórðung stundar og spurði, hvaða till. ég hefði. Ekki eitt einasta skrifað orð var þá komið í frv. Meira var málið ekki borið undir mig.

Hann sagði, að við hefðum setið við sama borð með þetta frv. fyrir framan okkur. En það er stutt frá að segja, að okkar frv. var aldrei tekið rækilega til meðferðar, hvorki í flokksstj. né á annan hátt, fyrr en það var sent með mestu leynd, þegar búið var að ljúka við það, án þess að það hafi verið borið undir flokksstj. sem heild, á sama tíma sem meiri hl. sambands-

stj. er að sprengja Alþfl. Þegar málið var þannig undirbúið, að svo virðist sem talsverður hluti flokksstj. hafi ekki vitað, hvernig það var, var alls ekki við því að búast, að við gætum komið með aths. Þær verða þá að koma á eftir, þegar frv. liggur fyrir.

Annars vil ég, úr því að komið er með þetta slúður hér á Alþ., nefna a. m. k. 3—4 atriði, sem ég veit, að hv. þm. N.-Ísf. myndi telja aðalatriði. Þá kem ég að þessu lauslega samtali, sem ég gat um áðan. Þar kom ég með athugasemdir, sem ekki hafa verið teknar til greina í frv., en eru í mínum brtt., og viðvíkjandi því, sem hann segir um Framsfl. og afstöðuna til verkfalla, þá vil ég segja það fyrir mitt leyti, að mér hefir aldrei komið til hugar, að víst væri um, að Alþfl. næði samkomulagi við Framsfl. um þetta mál. Þvert á móti bjóst ég við fyrir áramótin síðustu, að ekkert samkomulag næðist við Framsfl. á þessu þingi, af því að þá voru ýms mál komin upp, sem þessir flokkar voru ekki ásáttir um, og ég gerði ekki ráð fyrir, að Alþfl. gengi svo undir jarðarmen með Framsfl. eins og hv. þm. N.-Ísf. virðist hafa gert með ljúfu geði. Það er þess vegna sagt algerlega móti betri vitund hjá hv. þm. N.-Ísf., að afstaða mín til þessa máls markist vegna þeirrar deilu, sem er innan Alþfl. Ég hygg, að hún hefði í öllum aðalatriðum verið sú sama, þótt mér sé nú ljósara en annars hefði orðið, af hvaða ástæðu þessi aðferð er höfð við vinnulöggjöfina, sem ég hefi séð hjá sumum mönnum innan Alþfl.

Þá kom hv. þm. N.-Ísf. með það, að það væri mjög einkennilegt, að ef eitthvað jákvætt væri í frv., þá segði ég, að það væri kannske gott, en óþarft, en ef eitthvað væri neikvætt, héldi ég því fram, að verklýðsfélögin væru ekki nógu sterk til að standast það. Þetta er eðlilegt, vegna þess að hið jákvæða er það, sem einhverntíma hefir verið sett í l. eða hvort sem er er í hefð, og þá er ekki nauðsynlegt að setja ákvæði um það. Ég talaði um hina raunverulegu notkun laganna. En sé eitthvað neikvætt í þessum l., þá er það yfirleitt þannig, að það er á móti verklýðsfélögunum. Það er allt annað, hvort eitthvað er frjálst, eins og nú er, eða hvort búið er að fastbinda það með l.

Þá kemur hv. þm. N.-Ísf. með það, að það hafi verið gerðar kröfur um, að verklýðsfélög gætu sett kauptaxta, en þeim kröfum hafi ekki orðið framgengt vegna þess, að þá væri heimtað, að atvinnurekendur gætu sett kauptaxta á móti. Þetta eru algerlega nýjar upplýsingar, því að sá maður, sem mest hefir haft þessi mál til meðferðar, Guðmundur Í. Guðmundsson lögfræðingur, er var í mþn., sem undirbjó þetta mál, hélt því aftur á móti fram af hálfu þeirra manna innan Alþfl., sem höfðu verið að berjast fyrir því, að koma fram vinnulöggjöf, að slíkt væri óþarfi. Hv. þm. N.-Ísf. gengur ekki svo langt, og ég hefi ekki orðið var við það hjá öðrum þm. hér. En viðvíkjandi því, að kröfur um það, að kauptaxti frá atvinnurekendum gilti á sama hátt og kauptaxti verklýðsfélaganna, hefðu komið fram, þá sé ég ekkert athugavert við það, þótt kauptaxti gilti jafnt og samningur. Það hefir líka verið venja á miklu fleiri stöðum en hjá verklýðsfélögum; slíkt hefir átt sér stað víða um landið, og er það þó a. m. k. betra en það að hafa alltaf skriflega samninga, því að það hefir sýnt sig þau árin, sem ég hefi starfað að þessum málum, að þá hafa mál verið leyst með kauptaxta, sem hefðu tekið miklu lengri tíma með samningum.

Þá kom hv. þm. N.-Ísf. með það, að ég hefði ekki fundið upp neina tryggingu fyrir sjóði verklýðsfélaganna. Það hefir ekki náðst samkomulag um þetta í n. Ég held, að það standi nokkurnveginn á sama, hvaðan það kemur, en eitt er víst, að hv. þm. N.-Ísf. hefir algerlega runnið á þessu. Hann hefir ekki komið með neina brtt. um það. (VJ: Brtt., sem ekki var hægt að koma í gegn). Kjósendur Alþfl. vilja kannske vita afstöðuna, þó að ekki sé unnt að koma till. fram.

Þá kom þessi hv. þm. með það, að það væri ekki grundvallarskilyrði að fá öryggi fyrir trúnaðarmennina, svo að þeim yrði ekki síðar sagt upp. Ég segi, hvaða bót er að því fyrir þá, ef þeir fengju ekki öryggi fyrir þeim. Eins og nú standa sakir, þá er hægt að skipa trúnaðarmenn, en bótin væri að fá öryggi fyrir þeim. Það er ekki nóg að fá loforð um, að ekki megi hafa áhrif á skoðanir manna, heldur þarf að vera um eitthvað raunverulegt að ræða, og búa svo um hnútana, að eitthvað meira þurfi til til að koma trúnaðarmanni burt heldur en almennum manni.

Þá kemur þessi hv. þm. með það viðvíkjandi ákvæðinu um 20% fundarsókn, að það væri yfirboð, ef einhver kæmi með 15%. Þetta sýnir vel, hve hann er ókunnugur lögum verklýðsfélaganna, því að slíkt ákvæði er mjög algengt í verklýðsfélögum, og þykir slíkt gott í stj. verklýðsfélaga, ef fundarsókn nær því. Annars er í allsherjaratkvgr. engin trygging fyrir meiri atkvæðafjölda, heldur aðeins fyrir því, að atkvgr. taki lengri tíma.

Þessi hv. þm. kemur einnig með það, að sú túlkun, sem ég hefi gert á þessari löggjöf, sé fjandsamleg verklýðssamtökunum, en það er þvert á móti. Ég vil fá ákveðna skilgreining á því, hvað hinar ýmsu loðmollulegu gr. þessa frv. þýða. Ég vil fá úr þeim skorið þannig, að enginn vafi geti leikið á. Hægri menn Alþfl. vilja fá loðmollulegu löggjöf samþ. hér á Alþ. í því trausti, að henni verði framfylgt á hinn hagkvæmasta hátt fyrir verklýðsfélögin. En það hefir oft farið svo, að ef eitthvað vinnst á fyrir verkalýðinn, er því bara breytt aftur með löggjöf. Þess vegna er bezt að hafa það hreint, hvað menn meina með löggjöfinni, þegar hún er sett.

Hv. þm. N.-Ísf. vill gera trúnaðarmannaráðið eins og stj. félagsins. Hann segir, að það sé ekki satt, hvað það sé mannmargt. En hvaða ástæða er til að leyfa ekki stjórnum félaganna að hafa þann rétt, sem verklýðsfélögin hafa haft, frá því þau voru stofnuð? Álítur ekki þessi hv. þm., að það sé verið að reyna að ganga á snið við lögin með því að leggja þann skilning í trúnaðarmannaráð, sem hér er gert í þessu

frv., þar sem bæði er talað um stj. og trúnaðarmannaráð, sérstaklega þegar þess er gætt, að það eina trúnaðarmannaráð, sem nú er til í verklýðsfélagsskap, er fjölmennt ráð?

Viðvíkjandi 10. brtt. við þetta frv., sem hv. þm. N.-Ísf. telur óþarfa, vil ég aðeins endurtaka það, sem hv. þm. Barð. hefir sagt um það mál. En hér er þrennskonar túlkun á þessu frv., og því, sem frsm. hefir sagt, hefir verið mótmælt af öðrum hér í d.

Þá gat hv. þm. N.-Ísf. þess, að sú regla, sem ætlazt væri til, að yrði notuð um miðlunartill. sáttasemjara, hefði aldrei úrslitaþýðingu. Í skýrslu, sem fylgir nál. frá mþn., er hafði þetta mál til meðferðar, er gefið nokkurt yfirlit um úrslit atkvgr. um miðlunartill. sáttasemjara. Þar eru aðeins tilgreind 6 tilfelli, og yfirleitt snúast þau öll um eitt einasta félag hér í Reykjavík. Það er heldur fátæklegt að hugsa sér, að ekki geti komið fyrir neitt öðruvísi tilfelli en þau, sem þar eru nefnd. Úr því að þessi regla hefir enga úrslitaþýðingu, hvers vegna á þá að setja hana inn í þessa löggjöf, en ekki hafa venjulegan meiri hluta? Hvers vegna á að banna verklýðsfélögum að hafa lýðræði um sinn eigin félagsskap?

Viðvíkjandi ákvæðunum um félagsdóm vildi ég benda á það, sem ég hefi áður sagt. Það er ef til vill sterkt atriði frá sjónarmiði hv. þm. N.-Ísf., að eins og nú standa sakir, eru líkur til þess, að meiri hl. félagsdóms verði skipaður af Framsfl. Ég get ekki trúað því, að betri árangur náist af þessu heldur en ef félagsdómurinn yrði skipaður eins og ég hefi gert ráð fyrir.

Þá fór þessi hv. þm. út í pólitísk verkföll og vildi halda því fram, að þau væru uppreisn, en ekki verkföll. Hv. þm. Barð. talaði um benzínverkfallið, og að ég hefði verið allra manna æstastur gegn því. Ég áleit, að eins og þá stóðu sakir, hefði þingið gert rétt í að samþ. þau l., sem það gerði, og þess vegna átti þingið ekki að láta undan í málinu. En hvað hitt snertir aftur á móti, að hafa afskipti af verkfallinu, var ég algerlega andvígur því, að það væri gert, og ég kom þar hvergi nálægt. Það er því hrein og bein fölsun staðreynda hjá hv. þm. Barð., að ég hafi á nokkurn hátt beitt mér gegn því verkfalli. Það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði viðvíkjandi uppreisn, er eins og hver önnur heimska. Hvaða uppreisn er það, þótt menn leggi niður vinnu? Hver á að skylda þá til að vinna og þræla, ef þeir sjálfir vilja það ekki? Er það ekki hinn frumstæðasti réttur hvers manns að ráða sjálfur svo litlu? Þetta er allt annað en að gera vopnaða uppreisn. Hv. þm. N.-Ísf. mætti muna eftir pólitísku verkföllunum. Ég ætla aðeins að benda á tvö tilfelli, þar sem pólitísk verkföll voru notuð af sósialistum í lýðræðisflokkum og höfðu þann árangur, sem a. m. k. frá okkar sjónarmiði er glæsilegur. Í öðru tilfellinu var það, þegar Stauning, forsrh. Dana, hindraði konunginn í því að halda áfram að skipta um stjórn, án þess að þingið væri rofið og fólkið fengi að láta í ljós sitt álit. Þetta var ekki nein uppreisn, en það var hótun um að leggja niður vinnu, hótun um pólitískt verkfall, og hún kom frá flokki, sem var ekki meira hræddur við sósialdemokratarnir dönsku. Hitt tilfellið var þegar Finnar fengu sína sjálfstjórn frá Rússum, en það varð með allsherjarverkfalli, án þess að nokkru blóði væri úthellt. Það var hin friðsamlegasta bylting, sem hægt er að fá, og þó fengu Finnar sitt takmarkaða lýðfrelsi. Ég skil ekki þann hugsunarhátt hjá þessum hv. þm., að annað eins og þetta sé uppreisn, sem eigi að berjast á móti, og Alþfl.menn skuli telja sitt hlutverk að afmá slík réttindi og það einmitt hjá þessum mönnum, því að öðrum er ekki bannað það. Þá getur þessi hv. þm. um það, að mótmælaverkföll væru ekki bönnuð. Ef verkfalli væri beitt í því skyni að þvinga stjórnarvöldin, væri árangur þess ekki kominn undir því, til hvers væri ætlazt með verkfallinu, heldur því, hve lengi það stæði. Veit ekki þessi hv. þm. um greinarmuninn milli mótmælaverkfalla og almennra pólitískra verkfalla? Ég verð að segja það, að árangur verkfalla, sem gerð eru í því skyni að þvinga stjórnarvöldin, er ekki kominn undir því, hve lengi þau standa, heldur fer hann eftir því, hver tilgangur þeirra er.

Ég held, að hv. þm. N.-Ísf. geri alltof mikið úr mér, þar sem hann heldur, að ef ég hefði sömu pólitísku afstöðu og hann, hefði þetta allt gengið eins og í sögu í verklýðsfélögunum, og þau hefðu alstaðar samþ. þessa till. En þetta er algerlega rangt, þar sem þessi hv. þm. heldur, að deilan, sem nú er komin upp innan Alþfl., snúist aðeins um persónur eða slíkt. Þetta er hinn allra mesti misskilningur. Deilan snýst um mismunandi strauma innan verklýðshreyfingarinnar, og enginn skyldi ætla, þó að ég hefði látið þessi mál afskiptalaus, að þau hefðu ekki sætt sömu andúð sem raun er á orðin.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að þeir, sem vilja halda í núverandi stjórnarsamband, hvað sem það kostar og hvernig sem með Alþfl. og verkalýðinn kynni að verða farið, hafa gert það, sem þeir geta, til þess að koma fram þessari löggjöf óbreyttri. Þeir hafa notað erindreka Alþýðusambandsins og öll tæki, sem þeir hafa yfir að ráða í því skyni, að reyna að fá menn til þess að trúa því, að ekkert væri athugavert við þessa löggjöf. En þó að erindrekar Alþýðusambandsins hafi flutt þessa fregn um allt landið, þá hafa á mörgum stöðum komið fram mótmæli gegn þessari löggjöf, án þess að nokkur væri sendur þangað. Það hafa risið upp svipuð mótmæli gegn þessu frv. eins og hér hafa verið birt í blöðunum.

Það, sem hv. þm. N.-Ísf. segir um tölu þeirra félaga, sem hafi tekið afstöðu með, og hinna, sem eru á móti þessu frv., er alls ekki rétt. Ég hefi að vísu ekki tölurnar hjá mér, en ég man fyrir víst, að það eru miklu færri verklýðsfélög, sem hafa talið sig fylgja frv. óbreyttu, en hin, er vilja, að því verði breytt eða fellt. Næstum öll verklýðsfélög vilja, að því verði breytt, og flest mikið. — Þá segir þessi hv. þm., að það liggi ekki fyrir tölur um fylgið með og móti þessu frv. T. d. í Dagsbrún eru 200 atkv. talin með till. En atkvæðatalningunni var þannig háttað, að fyrst voru talin þau atkvæði, sem voru á móti, en öll önnur, eins þeirra sem ekki greiddu atkv., voru talin með, og þannig fengu

þeir hátt á þriðja hundrað atkv. með till., en í rauninni voru það 50—60 menn. En vitanlega átti fyrst að leita meðatkvæða og síðan mótatkvæða. Þegar ekki er unnt að telja hendur, þá er talið út úr húsinu.

Annars vil ég benda hv. þm. N.-Ísf. á það, að rétt væri, að umsagnar aðilja yrði leitað um þetta mál á sama hátt og málum, sem snertu samvinnufélögin, var á sínum tíma vísað til samvinnufélaganna sjálfra til athugunar, og ekki gerð endanleg löggjöf um þau efni, fyrr en skýrt álit lá fyrir frá félögunum sjálfum, hvernig þau sættu sig við slík ákvæði.

Einar Olgeirsson: Það var hv. þm. Barð., sem var að ræða hér í d. áðan um kröfur okkar kommúnista, og hann komst svo að orði, að ýmsar af þessum kröfum okkar kæmu í bága við tilgang frv. Það getur vel verið, að hv. þm. Barð. finni ýmislegt í kröfum okkar, sem kemur í bága við þann tilgang, sem þessu frv. er ætlað að ná. Því er ætlað að verða verklýðshreyfingunni og verkamannasamtökunum til tjóns. En við kommúnistar ætlumst til þess með þeim brtt., er við berum fram, að frv. tryggi verklýðshreyfingunni að einhverju leyti betri afstöðu en nú er. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þessar brtt. séu frekar slæmar frá sjónarmiði þessa hv. þm. Hinsvegar er það auðvitað misskilningur hjá honum, þegar hann talaði um, að hjá okkur kommúnistum komi fram skilningsleysi á því, hver tilgangur frv. sé. Það er þvert á móti. Vegna þess að við skiljum, hver tilgangur þess er, berum við fram svona brtt. Tilgangur þessa frv. er sá, að fjötra verkamannasamtökin og skerða rétt verkamanna. Við kommúnistar berum fram brtt. við frv. til þess að reyna að hnekkja þeim tilgangi. Hv. þm. Barð. var að tala um 5. gr. þessa frv. og um að samkomulag milli aðilja, verkamanna og atvinnurekenda, yrði að vera byggt á samningum. Hann telur það vitanlega alveg fráleitt, sem við kommúnistar förum fram á, að gefa verkamönnum rétt til þess að auglýsa kauptaxta, ef atvinnurekandi neitar að semja. Hér er að ræða um það, að þessi hv. þm. hefir ekki áttað sig á málinu, því að hann hefir ekki hugsað það út í æsar. Hvernig er yfirleitt hægt að skapa samninga, ef annar aðilinn neitar að tala við hinn, og hvaða þýðingu hefir það fyrir verklýðsfélögin að gera lögformlega samninga, ef atvinnurekendur geta neitað að tala við þá aðilja, sem að samningunum standa af hendi verklýðsfélaganna? Þess vegna er í þessari brtt. okkar kommúnista eingöngu farið fram á, að svo framarlega sem atvinnurekendur neita að tala við fulltrúa verklýðsfélaganna eða semja við félögin, geti þessi félög auglýst kauptaxta, sem gildi jafnt og samningur. Það á því aðeins að koma til greina, að annar aðili vilji ekki semja.

Hv. þm. Barð. sagði, að við 3. umr. þessa máls myndi gefast kostur á að ræða meira um þetta frv. Við 3. umr. málsins gefst kostur á að tala við fólkið í landinu, en við 2. umr. er aðallega tækifæri til þess ef hugsanlegt væri að reyna að sannfæra einhverja þm. um eitthvað. **(Rödd af áheyrendapöllum:** Þeir eru svo margir hér!), Já, það er kannske eins gott, að reyna að sannfæra stólana, sem þeir sitja á, eins og þá sjálfa.

Ég var að sýna fram á það í minni ræðu, að það væri hægt að fara í kringum hvert einasta af þessum ákvæðum frv. fyrir atvinnurekendur. Ég held, að þessi hv. þm. ætti að kynna sér, hvað mörg verkbönn hafa yfirleitt verið hér á Íslandi. Atvinnurekendurnir framkvæma vinnustöðvanir sínar yfirleitt ekki með verkbönnum. Það eru bara kallaðar vinnustöðvanir eða eitthvað slíkt. Annars ætla ég ekki að eyða meiri tíma í þennan hv. þm.

Þá kem ég að hv. þm. N.-Ísf. Það er alltaf gaman að heyra hann tala. Það skín svo út úr honum tilfinningin um hans miklu vitsmuni og yfirburði. Þetta kemur hvað bezt í ljós, þegar hann er að tala um eitthvað, sem er næst því að vera ósannindi. Og það er þessi ró, sem yfir honum hvílir, og hvað hann mælir hægt og stillilega, eins og hann ætlist til, að það gefi orðum hans sem mestan trúverðugleika, þegar þau eru sem fjærst sannleikanum. Þegar hann var að tala um afstöðu okkar kommúnista, eftir að við höfum gefið um hana skýrar yfirlýsingar, þá fer hann að koma með hinar og þessar hugleiðingar út af því. Hann fer að „spekúlera" í því, að við höfum verið að tala um styrkleika samtakanna, hvað hann þýddi og hvað áhrifavald þeirra væri. Þar af leiðandi, sagði hann, að við hefðum komizt að þeirri niðurstöðu, að öll löggjöf væri einskisverð. Eitt af því, sem hann reyndi að rökstyðja þetta með, var það, að við hefðum sagt, að þó að okkar brtt. yrðu samþ., þá greiddum við samt atkv. á móti frv. Þessi hv. þm. er sérstaklega sniðugur í því að rugla saman. Og ég hefi grun um, að hann geri það eins mikið viljandi eins og óviljandi. Það, sem ég sagði áðan, var það, að brtt. okkar mundu eyðileggja allan þann tilgang, sem í frv. fælist. Hv. þm. ruglaði saman því, sem ég sagði um brtt. 3. þm. Reykv. Um þær sagði ég, að við kommúnistar mundum greiða atkv. með þeim, þótt við greiddum atkv. gegn frv. í heild, líka þótt þær yrðu samþ. Hinsvegar var það gefið mál, að svo framarlega sem okkar brtt. yrðu samþ., þá yrðum við með frv. Þess vegna er allt, sem hv. þm. N.-Ísf. var að fara hér með, helberar blekkingar og útúrsnúningur. Viðvíkjandi því, sem þessi hv. þm. var að tala um anarkisma, þá vil ég segja það, að ég er hissa á honum að vera að ásaka okkur fyrir það, að við séum anarkistar, því að það er enginn hv. þm., sem hefir eins miklar tilhneigingar í þessa átt eins og einmitt hann sjálfur. En þetta er atriði, sem virkilega er þess vert að koma inn á. Það er spursmál, sem allir sósíalistar þurfa að gera sér grein fyrir, — hvað það er, sem fyrir verkalýðnum liggur, og hvaða áhrifavald hann hefir. Það, sem ég hefi lagt áherzlu á, er það, að sú löggjöf, sem sett sé, öðlist því aðeins gildi, að hún sé ekki sett á móti vilja þeirra aðilja, sem við hana eiga að búa. Ég fullyrði þess vegna, að það þýðir ekkert að setja vinnulöggjöf, sem verkalýðurinn er á móti. Við höfum fyrir okkur hræðileg dæmi um það, hvernig hægt er, með því að teygja l. eins og

hrátt skinn, að eyðileggja bæði þingræði og lýðræði, svo framarlega sem máttur verkalýðsins ekki er þess megnugur að hindra það. Reynslan sannar þetta. En ég veit, að hv. þm. N.-Ísf. treystir lítið á þetta vald verkalýðsins. Hann lítur niður á þessi samtök. Ég þykist vita, að þetta stafi af því, að hann hefir aldrei lifað með í þessum samtökum og veit ekki, hvaða kraftur felst í þeim. Ég veit, að þessi hv. þm. trúir miklu meira á það, sem hægt sé að gera *með samkomulagi við hina og þessa foringja* annara fl., þar sem hægt sé að makka um hitt og þetta og kaupa með hinum og þessum friðindum. Ég veit, að hann leggur miklu meira upp úr þessu. En þetta getur verið of dýru verði keypt. Það er ekki trúin á hrossakaupin, sem tryggir afkomu og frelsi verkalýðsins. Það er áreiðanlega fyrst og fremst skilningurinn á því valdi, sem felst í verkalýðssamtökunum. Þegar verið er að tala um það hér, bæði af þessum hv. þm. og öðrum, að Íhaldið gæti gert ýmislegt, ef það væri hér í meiri hl., þá vil ég bara minna á það, að Íhaldið kom líka fram með ríkislögreglufrv. 1925, og það fekk það ekki samþ. vegna þess, að það mætti svo harðvítugri mótspyrnu í landinu. Við sáum það greinilega þá, hvað mótspyrnan utan þings hafði að segja. Það er fjarri því, að við kommúnistar viljum ekki reyna að nota löggjafarvaldið til að koma á kjarabótum fyrir verkalýðinn. Annars værum við ekki að slást fyrir því að komast á Alþ. og bera þar fram frv. og reyna annað eins og það, að sannfæra suma hv. þm., eins og það er nú *dæmalaust vandræðamál, um það, að sumt af* þessum frv. sé nokkuð gott. Hv. þm. endaði með því að segja, að kommúnistar ættu ekkert á þing að gera. Það hefir nú lengi verið ósk þessa hv. þm., að þeir mundu aldrei þangað komast, en samt er ég nú hræddur um, og ég vona það, að hann eigi eftir að sjá þá fleiri hér en nú er.

Hv. þm. minntist sérstaklega á ákvæðin í 15. og 16. gr. Það er mjög nauðsynlegt, að það komi skýrt fram sú túlkun, sem höfð er á þessari gr. Ég vil sérstaklega beina því til þessa hv. þm., og hefi ég þar fyrir mér það, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að ef t. d. er í einum vinnusamningi tekið fram, að kaup skuli greiðast í peningum og annað slíkt, þá er það vitanlegt, að það mundi heyra undir félagsdóm að úrskurða um deilur út af slíkum samningsatriðum og því óheimilt að gera vinnustöðvanir út af því. En það er einmitt slíkt, sem er algengt, að séu gerðar vinnustöðvanir út af, ef t. d. ekki er borgað kaup eða ef slæmur útbúnaður er á vinnutækjum o. s. frv. Það er þess vegna svo, eins og hv. þm. Seyðf. *réttilega tók fram*, að ef verkamenn vilja hafa rétt til að gera skyndiverkföll út af þessum og þvílíkum atriðum, þá mega þeir ekki setja nein ákvæði um þessa hluti í vinnusamningana. Eftir því sem meira er tekið fram um réttindi verkamönnum til handa í vinnusamningi, eftir því útiloka þeir sig meira frá því, að geta gert skyndiverkföll, því að þá heyrir það undir félagsdóm að úrskurða það.

Þá kem ég að 17. gr., sem er mikið deilt um. Hv. þm. N.-Ísf. var að ásaka okkur fyrir, að við værum að leggja verri skilning í þessa gr. en í henni væri. Þetta er ekki rétt. Við erum einmitt að reyna að sýna fram á, hvað hættulegt sé í henni, og reyna að koma í veg fyrir, að menn loki augunum fyrir því. Hv. flm. frv. hefir skýrt ákvæði 17. gr. frv. þannig, að öll pólitísk verkföll séu bönnuð eftir þeim. Ég gerði aths. við þetta og sagði, að það næði ekki nokkurri átt að leggja þennan skilning í ákvæði 17. gr. Eftir henni væri leyfilegur allur fjöldinn af *pólitískum verkföllum. Ég óskaði eftir skýrum* svörum um þetta frá flm., en þau hafa ekki komið.

Ég hefi ekki enn fengið skýringu á því hjá hv. þm. N.-Ísf., hvort hann með orðinu „stjórnarvöld“ á bara við ríkisstjórnina eða hvort hann með því á líka við bæjarstjórnir t. d. Þessi hv. þm. talaði um það, að í raun og veru væru þau verkföll, sem nú væri hægt að beita gegn ríkisstj., ólögleg. Hv. 3. þm. Reykv. hefir sýnt fram á, að þessi túlkun nær ekki nokkurri átt, bara vegna þess að mönnum er heimilt að leggja niður vinnu, hvenær sem er.

Svo er það annað, sem ég vildi minnast á. Við skulum segja t. d., að verkfall væri hafið til að knýja stj. til að framkvæma ekki einhver l., sem Alþ. hefði sett, þá þýðir það ekki sama og verið sé að knýja stj. til að brjóta l., heldur er tilætlunin sú, að fá hana til að setja ný l. um viðkomandi efni. Það er ekkert sjaldgæft í þessu þjóðfélagi, að ríkisstjórnin neyðist til að setja bráðabirgðalög, og það hefir jafnvel komið fyrir, að slík l. hafa verið sett rétt eftir að Alþ. *hefir verið slitið. Það er þess vegna alger* vitleysa, að verið sé að eiga við einhverja uppreisn, þegar um er að ræða verkfall á móti ríkisstjórninni. Annars verð ég að geta þess, að það er stundum deilumál, hvað stjórnarvöld séu. Vildi ég gjarnan fá skýringu á því hjá hv. þm. N.-Ísf., hvað voru stjórnarvöld hér í landi í apríl 1931, hvort það var konungur eða meiri hl. þings, ef gert hefði verið allsherjarverkfall af miklum krafti, eins og mikið var um hugsað þá, og hvort slíkt verkfall hefði verið ólöglegt eða ekki.

Þá var hv. þm. að tala um það, að ekki lægi neitt fyrir um meiri hl. gagnvart þessu frv. frá verkamannasamtökunum. Ég vildi skora á alþýðusambandsstjórnina að láta allsherjaratkvæðagreiðslu fara fram í verkalýðsfélögunum um þetta frv. og sjá, hver árangurinn yrði. Þessi hv. þm. var að draga sem allramest úr því, sem verkamannafélögin hafa samþ.; þau hefðu að vísu óskað eftir einhverjum breyt. á frv. En sannleikurinn er sá, að fjöldinn af þeim setti sem skilyrði, að svo og svo miklar breytingar yrðu á því gerðar, ef þau ættu að mæla með því. Það er ekki nokkurt spursmál, að meiri hl. af verkalýðsfélögunum í sambandinu er algerlega andstæður þessu frv.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, sem ég hefi sagt nokkrum sinnum áður, og er það sú síðasta aðvörun til hægri manna Alþfl. hér á þingi, að þeir aðgæti, hverskonar verk þeir eru að vinna. Ég er viss um, að þegar þessir hægri menn eru búnir að hjálpa Íhaldinu og Framsókn til þess að koma þessari vinnulöggjöf í gegn,

þá er komið að þeim tíma fyrir þá, að þeim verður sparkað. Og ég vil alveg sérstaklega mæla það til hv. þm. N.-Ísf., að ég er ansi hræddur um, að hann reynist í þessu máli eins og hann hefir stundum reynzt áður, of vitur. Hann treystir of mikið á sín sniðugheit. Hann heldur, að hann geti snúið framsóknarmönnum og jafnvel sjálfstæðismönnum inn á hitt og þetta með allskonar sniðugum lögskýringum, og með því að þetta frv. verði götótt. En ég vil bara vara hann við þessu. Þegar þessi vinnulöggjöf er komin í framkvæmd, þá breyta þessir sömu menn löggjöfinni. Ég viðurkenni, að ýms göt eru á þessari löggjöf, sem við getum notað okkur, og verður óspart gert. En ég er jafnviss um það, að ekki biður lengur en til næsta þings, að Íhaldið og Framsókn stoppa í götin. Við sjáum, hvernig gengur um l. um atvinnu við siglingar og l. um iðnaðarmenn o. fl. Við sjáum, að þegar einhver l. eru sett til góðs fyrir verkalýðinn, þá er í byrjun næsta þings byrjað að skemma þau. Hvað verður þá um þessi? Þess vegna er betra fyrir hv. þm. N.-Ísf. að hugsa ofurlitið um framtíðina í sambandi við þetta, — að athuga ekki bara yfirstandandi þing, ekki bara samninga viðvíkjandi tryggingarstofnunum og banka, heldur hvernig líta mun út um vinnulöggjöfina á næstu þingum, þegar búið er að koma þessum grundvelli á. Þá þurfa hvorki framsóknarmenn né íhaldsmenn að halda á stuðningi þessara hægri manna í Alþfl. Þá geta þeir komið hverju sem þeir vilja í gegn af eigin rammleik. Nú þurfa þeir stuðning, — ekki vegna þingmeirihlutans, heldur vegna verkamannasamtakanna, til þess að hafa einhvern hluta verkamannasamtakanna með sér. Íhaldsmeirihlutinn hefir sagt það í sinni grg. fyrir vinnulöggjafarfrv. því, sem hann flytur, og einnig stundum í ræðum, að ekki sé hægt að setja vinnulöggjöf á móti vilja verkamannasamtakanna. Og það er vitanlega ekki hægt, ef þau standa sameinuð á móti. Þess vegna er spursmálið um það einmitt nú á þessu augnabliki, hvort hægt er að hindra vinnulöggjöf á Íslandi eða ekki. Ef verkalýðshreyfingin stendur sameinuð á móti því, þá mundi það ekki verða gert. Það er ég sannfærður um. Hinsvegar, þegar búið er að brjóta þetta skarð með þessari löggjöf, þá er hægt að gera hana verri og verri með hverju ári. Og það er það, sem hv. þm. N.-Ísf. og hans menn ættu að hugsa um. Þeir sjá fyrir sér breyt., sem gerðar voru á sildarbræðslulögunum á síðasta þingi, breyt., sem nú er verið að gera á l. um atvinnu við siglingar, l. um iðnaðarnám, l. um verkamannabústaði. Öll þessi l. er verið að gera verri. Og þetta sama vofir yfir þessari löggjöf. Og þess vegna er það, að nú gætu hægri menn unnið alveg afgerandi stórt verk fyrir íslenzka verkalýðshreyfingu með því að standa á móti þessari löggjöf. Það er þeirra tækifæri nú. Seinna munu þeir ekki ráða neitt við þetta. Þá eru þeir líka — það er ég sannfærður um — búnir að vinna það verk, sem Íhaldið og afturhaldið í Framsókn ætlar þeim, og þá verður þeim líka sparkað af sínum flokki, þá verður íhald og Framsókn búin að mynda stjórn og gera þá vinnulöggjöfina ennþá margfalt verri en þessi er. Þess vegna er það augnablik, sem nú er, svo dýrmætt, ef verkalýðurinn vildi standa sameinaður á móti. Þess vegna er það óheillaverk, sem seint eða aldrei verður bætt, ef hægri menn halda fast við að knýja þessa vinnulöggjöf fram.

Vilmundur Jónsson: Ég mun nú reyna að fella af þessar þýðingarlausu umræður, og það því fremur sem mjög bráðlega gefst tækifæri til að halda umræðum um málið áfram fyrir miklu fleiri áheyrendum en hér eru viðstaddir. Ég vil aðeins segja hv. 5. landsk. það, að það er alveg rétt, að ekki hefir verið mikið rætt um, hvaða réttarbætur eru fengnar íslenzkum verkalýð með þessari löggjöf. Það verður gert betur síðar. Til þess að fella rétta dóma um þær réttarbætur, er nauðsynlegt að athugað sé, hver réttarstaða verkalýðsins og samtaka hans er nú að löggjöfinni ósettri. Og þá kemur í ljós, að sá réttur er í raun og veru enginn. Það er því ekki úr háum söðli að detta. Og ef athugað er gaumgæfilega, ætla ég að þert verði — enda skal það verða sýnt —, að hér er um þýðingarmikinn aukinn rétt að ræða. Ég ætla að nefna aðeins eitt, sem hv. þm. og fleiri hafa minnzt á, stjórnarskrána og félagsréttinn. Rétt eiga menn á, samkv. stjskr., að stofna félög í löglegum tilgangi. Nánar er þetta ekki skilgreint. Og það er í fyrsta skipti í þessum l., að því verður slegið föstu, að verkalýðsfélögin séu félög stofnuð í löglegum tilgangi. Það hefir fallið dómur í Danmörku, — en þar er samskonar ákvæði í stjskr. — þar sem verkalýðsfélag var dæmt ólöglegt. Og hér þarf nú ekki nema tilsvarandi hæstaréttardóm til að leysa upp verkalýðsfélögin, þrátt fyrir ákvæði stjskr. Þetta er aðeins lítið atriði, sem ég bið hv. þm. að taka vel eftir.

Þá er þessi sami hv. þm. haldinn af sérkennilegri hjátrú um það, að ákvæði um tiltekinn aukinn meiri hl. til gildra samþykkta undir vissum kringumstæðum sé einhver sérstök árás á lýðræðið. Þetta er hin mesta fjarstæða. Slík ákvæði eru víða sett einmitt til þess að tryggja lýðræðið. Það er enginn lýðræðislegur réttur í því fólginn, að mjög lítill hluti af stóru félagi geti gert þýðingarmiklar ákvarðanir fyrir félagsheildina. Það er t. d. áskilið í brtt., sem hv. 3. þm. Reykv. flytur, að meiri hl. af 20% af meðlimum verkalýðsfélags, saman kominn á fundi, geti ákveðið verkfall, þ. e. a. s. liðl. 10% af félagsmönnum. Meira að segja gæti þó nokkur hluti af þessum 20% setið hjá, eins og gengur og gerist. Er þá e. t. v. hægt að ákveða hið þýðingarmesta verkfall með atkv. 5—6% félagsmanna. Þetta er slíkt ákvæði, að ég geri ekki ráð fyrir, að nokkurt félag gengi þannig frá l. sínum, þó að leyft væri. Mætti þá að vísu segja, að ákvæðið spillti engu, félögin myndu gæta sín sjálf. En það er ekki aðeins vandalítið, heldur þýðingarlítið að setja l., ef ekkert er skeytt um, hvort ákvæði þeirra hafa nokkur áhrif eða engin, að ég ekki ræði það, sem sumir hv. þm. tala nú hátt um í sambandi við þetta mál, og þó að þeir hafi nokkurra ára þingreynslu að baki, að mestu skipti að bera fram till. til að sýna vilja sinn, en láta sig hitt minna varða, hverju hægt er að koma fram, og kann þetta að vera góð

latina fyrir kommúnista. — Þá vil ég fræða hv. þm., sem hér eru tiltölulega nýir, um það, að svo „hlægileg“ ákvæði eru í þingsköpum Alþingis, að ⅔ atkv. þarf til að samþ. lög í Sþ. (EOl: Bara undir sérstökum kringumstæðum). Það talar heldur enginn um, að aukinn meiri hl. ráði, nema undir sérstökum kringumstæðum. t. d. þegar fundarsókn er mjög lítil, en kveða skal á um þýðingarmikil atriði.

Hv. 5. landsk. hugði (sem ég ætla hann hafi nokkuð fyrir sér í), að þeir menn, sem af hæstarétti yrðu skipaðir í félagsdóm, mundu yfirleitt fremur vera líklegir til að halla á verkamenn og verkamannasamtökin en atvinnurekendur í þeim dómum, sem þeir fella. En hér hendir hv. þm. það sama og oft áður. Hann talaði um þetta út af fyrir sig, en bar ekki að neinu leyti saman við það ástand, sem ríkir, áður en þess l. koma til. Eru dómarar, sem hæstiréttur tilnefnir, ásamt dómurum, sem m. a. Alþýðusambandið tilnefnir, líklegri til að halla meir á verkalýðinn heldur en hæstiréttur sjálfur? Það, sem þessi félagsdómur á að dæma um, eru meðal annars mál, sem annars gætu farið til hæstaréttar. Að því slepptu, að verkalýðurinn hér myndi oft vegna kostnaðar ekki treysta sér til að freista að leita réttar síns með því að skjóta máli til hæstaréttar. En með félagsdómi verður slíkt með öllu kostnaðarlaust. Enn fremur hefir það í mörgum tilfellum höfuðþýðingu, að slíkur málarekstur ljúkist án tafar, sem vel er séð fyrir með ákvæðunum um félagsdóm.

Sami hv. þm. sagði, að dómarar ættu að dæma eftir bókstaf l., og hann hefði aldrei heyrt þess getið, að túlkun laga í meðferð Alþingis hefði haft áhrif á dómsúrslit. Ég skal fræða hann um það, að bókstaf l. er stundum erfitt að skilja, og þá fara allir dómarar þá leið, að leita eftir skilningi löggjafans. Er þá einmitt fyrst leitað í þingskjölum, grg., nál. og ræðum, sem haldnar hafa verið hér á hv. Alþingi, þegar málið var flutt. Ætla ég í rauninni, að mesta þýðingu hafi, hvað frsm. segir fyrir hönd meiri hl. n. En það mun líka hafa ekki litla þýðingu, — og þess vegna vil ég ráðleggja hv. þm. ... (EOl: Látið þið framsögumanninn tala varlega; hann talar eintóma þvælu!) Ég hygg, að það hafi nokkra þýðingu, ef þeir, sem tala máli þess aðilja, sem l. yrðu framkvæmd gegn, verða staðnir að því að hafa lagt þann skilning í l., sem þeim aðilja er hættulegur. (HV: Þetta á að verða til að kæfa gagnrýnina!) Það, sem ég skoða mitt hlutverk, er að mótmæla allri þessari túlkun, allri þessari verkalýðnum fjandsamlegu túlkun á ákvæðum l. hjá kommúnistum í þessari hv. deild og hv. 3. þm. Reykv. Gagnrýni þeirra er ekki sprottin af því, að þeir leiti að réttum skilningi á þessu lagafrv. Það er þvert á móti þeirra hlutverk að snúa út úr og afflytja sem allra mest. Og fyrir það, að þetta kemur svo ljóslega fram og því er mótmælt, vænti ég, að ekki verði hægt að nota þeirra afstöðu til ofsóknar á verkalýðinn, sem við þessa löggjöf á að búa. En það er þeim að þakkalausu.

Því miður er hv. þm. Snæf. farinn af fundi, svo að ég get lítið minnzt á ræðu hans. En af því að hann brá mér mjög um ókurteisi fyrir að hafa lesið úr þingtíðindunum ummæli látins þm., verð ég að fá leyfi til að segja, að vandlifað er hér á hv. Alþ., ef ekki má snerta við að lesa ræður látinna þm. Er hætt við, að þá yrði að innsigla nokkuð marga árganga þingtíðindanna, ef ekki má eiga á hættu að lenda einhvern tíma á slíkum ræðum. Hv. þm. Snæf. myndi ég hafa sagt, hefði hann verið viðstaddur, að þá fer afstaða hv. sjálfstæðismanna til vinnulöggjafarinnar að verða nokkuð grunsamleg, ef ærumeiðandi er fyrir framliðna heiðursmenn að láta heyrast, hvað þeir hafa sagt, þegar þeir hafa verið að flytja vinnulöggjafarfrv. Sjálfstæðisflokksins hér á hv. Alþingi.

Þá vil ég mótmæla því, að ég hafi neitað að skrifa undir nál., og er nokkuð bíræfið að segja það, þar sem nál. hefir komið hér fram með minni undirskrift. Þessu er snúið þannig við, að það voru sjálfstæðismenn, sem neituðu um undirskrift sína. Þeir fólu framsögumanninum að ganga frá nál. án nokkurs fyrirvara. Ég áskildi mér hinsvegar að gera sérstaka grein fyrir minni afstöðu, sem ég þegar gerði. En þegar þeir sáu nál., sem meiri hl. n. fylgir og hafði ekkert að athuga við, neituðu sjálfstæðismennirnir að skrifa undir það, og kostaði þetta talsverða rekistefnu. Þeir vildu eftir á bæta inn í nál., en það var ekki hægt nema þeir, sem undir það áttu að skrifa, sæju hvað þeim var ætlað að skrifa undir. Þannig liggur í því máli.

Þá vil ég til fróðleiks fyrir sagnaritara mótmæla því, að ég hafi aldrei komið nálægt kaupdeilu. Ég er líklega svo söguleg persóna, að ég stjórnaði einu fyrsta eiginlega verkfallinu hér á landi, og fékk af því nokkuð mikla og að ýmsu leyti sérkennandi reynslu. Ég ætla að þetta hafi verið mörgum árum áður en hv. 3. þm. Reykv. kom nálægt slíkum málum. (HV: Hvenær var það?) 1915 að ég hygg. (HV: O, þá hafði ég verið í verkfalli!) Og það hygg ég ekki hafi verið.

Í þessu sambandi get ég svo minnzt á það, sem hv. 5. þm. Reykv. tileinkaði mínum hugsunarhætti, og ég mótmæli að öllu leyti, sem hverri annari fjarstæðu, og er það í rauninni svívirðilegur áburður, að ég sé á móti öllum samtökum. Það er nokkurn veginn sama sem að segja, að ég væri hreinn villimaður eða verra en það.

Þá kem ég að því, að ég átti ekki að hafa leyfi til að vitna til alþýðusambandsþingsins í sambandi við vinnulöggjöfina, þar sem ég hefði ekki átt sæti þar sem fulltrúi. Það er alveg satt, að ég hefi lítið borið mig eftir fulltrúastörfum þar sem annarsstaðar. Að ég hefi þó stundum verið fulltrúi manna, hefir verið fyrir það, að aðrir hafa sótt eftir mér til þess starfs meira en ég eftir því, og er það kannske öfugt við suma, sem maður hefir unnið með. Mín heimild um Alþýðusambandsþingið eru þingtíðindin, og svo náinn kunnugleikur við marga fulltrúa, þar á meðal ekki sízt hv. 3. þm. Reykv. Og ég hefi meira af upplýsingum frá þessu sambandsþingi. Afstaða hv. 3. þm. Reykv. þar til þessa máls var nokkuð sérstakleg. Því að hún var hvorki annað né minna en það, og hann barðist fyrir því, að þingmenn Alþfl. og alþýðusambandsstjórnin fengju fullt og ótakmarkað umboð til

að afgreiða vinnulöggjöf sína. Og hann vildi alls ekki, að málið yrði borið undir verkalýðsfélögin. Þetta var af skiljanlegum ástæðum. Það var af því, að í verkalýðsfélögunum, einu og öðru, eru ákveðnir andstæðingar Alþfl., sem vitað var um, að myndu af pólitískum ástæðum afflytja hverja þá vinnulöggjöf, sem Alþfl. væri á einhvern hátt við kenndur. Í verkalýðsfélögunum eru bæði kommúnistar og íhaldsmenn, og jafnvel nazistar. Og fundasókn í þessum félögum er sú, ekki sízt einmitt fyrir háttalag þessa fólks, að mjög margt af félagsmönnum hefir lagzt frá að sækja fundi. Hv. 5. þm. Reykv. vissi vel af dýrkeyptri reynslu, að það var oft og tíðum undir hælinn lagt, hvernig atkvgr. gæti fallið um slíkt mál, ef æsingum og skvaldri yrði beitt og þeim vinnubrögðum við atkvgr., sem of oft á sér stað í þessum félögum, þar sem það fólk, sem hefir tíma til þess, lætur móðan mása fram á nótt, þangað til búið er að flæma flesta vinnandi verkamenn burt, og þá rokið til atkvgr., þegar bezt gegnir fyrir þessa óróaseggi. (HV: Var þetta ekki Baldur á Ísafirði nýlega?) Hv. 3. þm. Reykv. þarf ekki að vera með nein látalæti frammi fyrir hv. þdm., og sízt að mér áheyrandi. Ég hefi svo oft hitt hann hart leikinn af þessum lýð. Og hann verður að fyrirgefa mér, þó að ég beri svona hæfilega „respekt" fyrir mörgum þeim samþykktum, sem fengnar eru á þennan hátt í félögunum.

Þá vil ég leiðrétta það (það er sjálfsagt mín sök, að ég hafi borið of fljótt á og ekki verið nógu skýr í máli) er hv. 3. þm. Reykv. bar á mig, að ég hefði sagt, að við fylgdum vinnulöggjöf af því, að við styddum ríkisstjórnina, eða eitthvað slíkt. Ég hefi aldrei sagt neitt í þá átt. Ég minntist á það, að afstaða okkar til þessarar vinnulöggjafar væri kunn, bæði af því, að Alþfl. hefði átt þátt í undirbúningi frv., og að það væri kunnugt, að ríkisstjórnin, sem nú situr, hefði tilkynnt það, þegar hún tók sætið, að hún legði áherzlu á það að fá afgreidda vinnulöggjöf á grundvelli þessa frv. Og meira að segja, það er ekki laust við, að hv. 3. þm. Reykv. og kommúnistar hér í hv. deild hafi í því sambandi tekið einkennilega afstöðu til ríkisstjórnarinnar, ef þetta lagafrv. er í þeirra augum svo háskalegt, eins og þeir nú láta í veðri vaka. Hvernig stendur á því, að þessir menn, sem kalla þetta þræla- og kúgunarlög, fá sig ekki upp í það, þegar stj. leitar eftir trausti og segir, að vinnulöggjöfin verði sitt fyrsta mál, er hún muni láta samþ. þegar á þessu þingi, — hvernig stendur á því, að þeir fá sig þá ekki upp í það, að greiða atkv. með vantrausti á slíka stj.? Nei, þeir láta sig hafa það að sitja hjá. Meiri áherzlu lögðu þeir ekki á andstöðu sína gegn vinnulöggjöfinni. Þessi afstaða getur ekki skilizt öðruvísi en þannig, að þeir eftir atvikum geti sætt sig við vinnulöggjöfina, og hlutleysi þeirra verður að skiljast svo, að þeir séu hlutlausir gagnvart þessari vinnulöggjöf.

Þá spurði hv. þm. um það, hvaða ástæða væri til þess fyrir mig, ef ég óskaði eftir því, að frv. væri breytt þannig, að það gengi lengra til móts við óskir verkalýðsins, að flytja þá ekki slíkar brtt. Ástæðan er sú, að mér þykir ekki mikið atriði í þessu sambandi, úr því að vinnulöggjöf verður afgr. frá þessu þingi, að flytja við frv. brtt., sem engin von er um að fá samþ. Það geta þeir gert hinir ábyrgðarlausu menn, eins og hv. 3. þm. Reykv. og kommúnistar. Aðalatriðið fyrir mér er, hvaða breyt. er hægt að koma fram til hagsbóta fyrir verkalýðinn. Nú get ég frætt hv. þm. um það, að hér er ekki eingöngu um það að ræða, hvort slíkar breyt. komast á eða ekki. Hér er hvorki meira né minna en um það að ræða, að eini möguleikinn til þess, að ekki verði hér afgr. verri vinnulöggjöf, ef til vill stórum verri en þó að þetta frv. yrði samþ. óbreytt, er það, að samstarf geti haldizt um afgreiðslu þessa máls milli Alþfl. og Framsfl., og ég veit vel, hvaða áhrif það hefir á úrslit málsins, ef Sjálfstfl. fær nokkuð um það að segja.

Hv. þm. talar hér eins og ég sé í Framsfl., er geti látið mig gera, hvað sem honum þóknast, en í hinu orðinu talar hann eins og Framsfl. sé í mér, og ég geti látið hann gera, hvað sem ég vil. „Hvernig stendur á því", segir hv. þm., „að þetta er ekki haft svona og svona, fyrst hv. þm. N.-Ísf. vill það?" Þá er ég allt í einu orðinn hæstráðandi yfir Framsfl. Ég vil bara geta þess, að hvorugt af þessu á sér stað, að ég sé í Framsfl. né að Framsfl. sé í mér. Hitt er sönnu nær, að ekki sé gott að greina, hvort hv. 3. þm. Reykv. er í Kommfl. eða Kommfl. í honum.

Hv. 3. þm. Reykv. taldi mig gera of mikið úr sér, þegar ég skrifaði á hans reikning, hver mótstaða hefði fengizt í ýmsum verklýðsfélögum móti þessu frv. Nei, ég geri ekkert mikið úr honum, því að eins og ég sagði áðan, þá vita menn, að í Dagsbrún, sem hv. þm. segir, að svo að segja hver einasti verkamaður í bænum sé kominn í, þar er svo og svo mikið af verkamönnum, sem eru í ýmsum öðrum flokkum en Alþfl., jafnvel í fl., sem ekki kenna sig við verkalýðssamtökin. Fyrir utan kommúnista eru þar allmargir sjálfstæðismenn og þó nokkrir nazistar. Mér er sagt, að í þessu félagi, undir stjórn hans, sé nú í fyrsta sinn búið að stofna til pólitískrar íhaldsstarfsemi. Og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá þarf ekki mikinn bóg, þegar svona er ástatt, til að gera þar nokkurt skurk, til fjandskapar við Alþfl., meðan menn hafa ekki almennilega áttað sig á, hvað er að gerast.

Hv. þm. spurði, hvers vegna ekki væri látin fara fram allsherjaratkvgr. í öllum félögum um vinnulöggjöfina. Þessi sami hv. þm. barðist á móti því með oddi og egg á alþýðusambandsþinginu 1936, að vinnulöggjöfin væri borin undir nokkurt verklýðsfélag. Alþýðusambandsstjórnin og alþm. áttu að ráða fram úr því. Og hefir hann fengizt til að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu í Dagsbrún?

Ég þarf ekki margt að segja við hv. 5. þm. Reykv. um afstöðu hans til þessa máls. Ég ætla, að hann skilji hana illa sjálfur. Það er ekki alltaf sem bezt samræmi í ræðum hans, sem eru þó haldnar hér með stuttu millibili, að ég ekki tala um, ef eitthvað liður á milli umr. Ég tók þó nokkuð eftir ræðu hans við 1. umr. málsins. Þá sagði hann og lýsti því beinlínis yfir sem grundvallarstefnu Kommfl., að hann væri alveg skilyrðislaust á móti hverskonar

vinnulöggjöf, og í fyrstu ræðu sinni í dag, eða réttara sagt í nótt, undirstrikaði hann þetta. Við 1. umr. sagði hann meira en þetta, því að hann tók beinlínis dæmi um, að ekkert þýddi að setja lög fyrir verkalýðinn, því að hann væri alltaf svikinn um framkvæmdirnar. Og niðurstaðan var þessi: Þegar verkalýðssamtökin eru nógu sterk, þurfa þau ekki neina aðstoð í l., en þegar þau eru of veik, gagnar þeim ekki aðstoð l., því að þau eru þá svikin um hana.

Þá á ég aðeins eftir að minnast á það, sem hv. þm. sagði um, hvaða verkföll yrðu heimil, eftir að vinnulöggjöfin yrði sett, og vildi túlka ákvæði frv. svo, að ef brotið væri á móti atriði, sem heyrði undir félagsdóm, þá mætti ekki stofna til verkfalls út af því. Það má vel vera. En það er alveg sérstakur skilningur á verkföllum, ef það á að vera út af fyrir sig eftirsóknarvert að fá að gera verkfall, jafnvel þó að það sé óþarfi. Ef í samningi er eitthvert tvímælalaust ákvæði um atriði, sem dómurinn getur ekki dæmt nema á einn veg, þá virðist ekki þörf á að gera verkfall út af því atriði. En ef verkalýðsfélag óskar ekki eftir að binda hendur sínar með ákvæði í samningi, um atriði, er það vill ekki, að heyra skuli undir félagsdóm, þá setur það ekki slík ákvæði í samning. Ef verkalýðsfélag álítur, að mótaðili hafi brotið ákvæði samnings, þá er betra að geta vísað til félagsdóms en að þurfa að leggja út í verkfall út af því, því að það er ekki eins og verkföllin út af fyrir sig séu eftirsóknarverð. — Auk þessa get ég frætt hv. þm. um, að til er nokkuð, sem heitir neyðarréttur. Þannig er í Danmörku um allt, er að þessu lýtur, miklu strangari reglur en í ráði er að setja hér, t. d. er verkfallsfresturinn þar miklu lengri. Engu síður hafa fallið hæstaréttardómar hjá Dönum, sem hafa dæmt verkföll lögleg, þó að til þeirra væri alls ekki stofnað með löglegum fyrirvara, og dómarnir stuðzt við það, að verkföllin hafi risið út af því, er varðaði heilsu, líf og velferð verkamannanna. Og er hér um það að ræða, sem kallað er neyðarréttur. (**EOl**: Brýtur hann þá l.?) Það er ekki lagabrot, því að það á sér fulla stoð í l., að ganga gegn bókstaf l., ef það er til verndar lífi eða velferð manna eða einhverju, sem því samsvarar. Þetta þekkja læknar vel, sem oft verða að styðjast við neyðarrétt. T. d. var til skamms tíma skilyrðislaust bannað í l. að taka fóstur af lífi, og varðaði margra ára fangelsisvist. En það hefir verið túlkað svo, að ef fóstur væri deytt til að bjarga lífi móðurinnar, þá væri hver læknir, sem það gerði, sýkn saka, og hefir aldrei verið litið öðruvísi á.

Ég geri ekki ráð fyrir að taka aftur til máls við þessa umr. Ég ætla, að málið liggi eins ljóst fyrir og það getur orðið. Svo þakka ég fyrir viðskiptin og vona, að við hittumst heilir við næstu umr. þessa máls.

*__Héðinn Valdimarsson__: Það er aðeins örstutt aths. til hv. þm. N.-Ísf. Hann sagði, að ég hefði beitt mér fyrir till. um ótakmarkaða kauphækkun, sem hefði aldrei verið afgr. í verkalýðsfélögunum á neinn hátt. Því er til að svara, að till., sem samþ. var á alþýðusambandsþinginu, var orðuð af mér og skrifuð af mér og ætlazt til, að málið kæmi þar fyrir, svo að ég veit ekki, hvaðan hann hefir þennan fróðleik sinn. Ég man ekki til, að hann væri þá þarna neinsstaðar á gægjum.

Hv. þm. spyr, hvers vegna ég hafi tekið hlutleysisafstöðu gagnvart stj., þar sem ég hafi vitað, að hún mundi koma fram með þetta frv. Ég vissi um frv., en ég vissi ekki, hvernig afgreiðslu það mundi fá, og ég hefi ekkert sagt um áframhaldandi hlutleysi stj. til handa. Ég er ekki, eins og hv. þm. N.-Ísf., fæddur fylgismaður stj. Ég veit ekki heldur, hvar honum mundi vera komið, ef hann væri þar, sem hann gæti engu komið fram. Það er ekki svo mikið, sem hann og hans fylgismenn koma nú fram; það getur verið, að hann geti komið einhverju smávægi fram í fjvn.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði um Dagsbrún og verkalýðsfélögin, vil ég aðeins segja, að hann virðist ganga sem blindandi maður um bæinn, sem hann býr í. Það þarf ekki kunnuga menn til að vita, hverskonar lið það er, sem kemur í alþýðuflokksfélögin, það er samskonar lið og er í skemmtifélaginu Óðni, en þeir, sem hafa staðið í verkalýðsbaráttunni, það eru þeir, sem eru vinstra megin.

Ég hefi svo ekki mikið meira um þetta að segja. Hann getur náttúrlega brugðið mér um, að ég hafi ekki gengið með sér og því, sem hann kallar Alþfl., sem hann kallar sig og þá 6 menn aðra, sem eru með honum í þessari d., en ég get sagt, að hann og þeir hafa brugðizt þeim Alþfl., sem ég vil viðurkenna, sem er fólkið, Alþfl. í landinu.

Með þessum orðum vil ég bjóða góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 330,1 felld með 16:12 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 306,1 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, ÍslH, JGM, JPálm, ÓTh, PO, SEH, SK, TT, ÞBr, EOl, GÞ.
nei: HG, HelgJ, JakM, PHann, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EystJ, FJ, JörB.
GSv, EE greiddu ekki atkv.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 222,1 felld með 18:4 atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 250,1 felld með 20:4 atkv.
— 222,2 tekin aftur.
— 306,2 felld með 18:2 atkv.
— 330,2 felld með 18:12 atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 306,3 felld með 22:2 atkv.
— 222,3 felld með 17:3 atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 222,4 felld með 17:3 atkv.
6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 306,4 felld með 19:2 atkv.
— 222,5 felld með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, HG, HelgJ, HV, ÍslH, VJ, ÁÁ, EOl.
nei: EE, EystJ, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB.
JörB greiddi ekki atkv.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
8. gr. samþ. með 23:3 atkv.
Brtt. 222,6.a felld með 19:3 atkv.
— 330,3.a felld með 16:12 atkv.
— 306,5 felld með 19:3 atkv.
— 318,1 samþ. án atkvgr.
— 306,6 felld með 17:3 atkv.
— 222,6.b felld með 24:3 atkv.
— 330,3.b felld með 18:13 atkv.
— 330,3.c—d teknar aftur.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 318,2 samþ. án atkvgr.
— 222,7 felld með 17:3 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 222,8 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, ÁÁ, EOl, FJ, HG, HV, ÍslH.
nei: ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, ÓTh. PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT.
JörB greiddi ekki atkv.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 306,7 felld með 20:3 atkv.
11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 330,4 tekin aftur.
12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 330,5 tekin aftur.
— 306,8 felld með 18:3 atkv.
14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 306,9 felld með 21:3 atkv.
— 222,9.a felld með 24:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HV, ÍslH.
nei: StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SEH, SK, SkG.
VJ, FJ, HG, JörB greiddu ekki atkv.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 222,9.b felld með 22:3 atkv.
— 222,9.c felld með 22:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HV, ÍslH.
nei: SkG, StSt, StgrSt, TT, Þorb, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, PHann, PO, SEH, SK.
VJ, FJ, HG, JörB greiddu ekki atkv.
4 þm. (SvbH, EmJ, GG, ÓTh) fjarstaddir.
15. gr. samþ. með 21:3 atkv.
Brtt. 306,10 felld með 23:3 atkv.
— 330,6 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PO, SEH, SK, StSt, TT, ÞBr, EE, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm.
nei. PHann, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EOl, EystJ, FJ, HG, HelgJ, HV, ÍslH, JörB.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 222,10 felld með 19:3 atkv.
16. gr. samþ. með 25:3 atkv.
Brtt. 306,11 felld með 19:3 atkv.
— 222,11.a felld með 17:3 atkv.
— 330,7.a felld með 15:12 atkv.
— 222,11.b felld með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, ÍslH, EOl.
nei: GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ.
HG, VJ, ÁÁ, FJ, JörB greiddu ekki atkv.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 330,7.b felld með 15:12 atkv.
17. gr. samþ. með 22:3 atkv.
Brtt. 222,12 felld með 21:5 atkv.
— 306,12 felld með 20:3 atkv.
18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 25:2 atkv.
Brtt. 330,8 felld með 16:12 atkv.
20. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 318,3 samþ. án atkvgr.
21. gr., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 330,9 felld með 16:12 atkv.
22. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 318,4 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 330,10 felld með 15:11 atkv.
24. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 330,11 felld með 15:12 atkv.
27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 330,12 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PO, SEH, SK, StSt, TT, ÞBr, EE, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm.
nei: PHann, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EOl, EystJ, FJ, HG, HelgJ, HV, ÍslH, JörB.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
28.—29. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 222,13.a,c,d, felld með 18:3 atkv.
— 222,13.b felld með 19:3 atkv.
— 222,13.e felld með 17:3 atkv.
— 330,13 felld með 16:10 atkv.
— 306,13 felld með 18:3 atkv.
30. gr. samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 222,14 felld með 15:3 atkv.
31. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 306,14 felld með 22:2 atkv.
— 222,15 felld með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: FJ, HV, ÍslH. EOl.
nei: EE, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr. ÁÁ, BJ, BÁ, BjB.
HG, VJ, JörB greiddu ekki atkv.
2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 330,14 felld með 16:12 atkv.
32. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 250,2 felld með 17:3 atkv.
— 222,16 tekin aftur.
33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 306,15 felld með 23:2 atkv.
34. gr. samþ. með 26:2 atkv.

35.—37. gr. samþ. með 25:2 atkv.
Brtt. 306,16 felld með 28:2 atkv.
38. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 222,17 felld með 24:3 atkv.
— 330,15 felld með 17:13 atkv.
39. gr. samþ. með 19:3 atkv.
40.—41. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 330,16 tekin aftur.
42.—43. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 330,17 felld með 16:11 atkv.
44. gr. samþ. með 19:2 atkv.
45.—50. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 318,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
51. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
52.—54. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 318,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 318,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
57.—61. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 318,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
63. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 318,9 samþ. með 24 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 222,18 tekin aftur.
65.—69. gr. samþ. með 23:3 atkv.
70. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 222,19 felld með 20:5 atkv.
71. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25:3 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 361, 373, 396). (Útvarpsumr.).

Forseti (JörB): Það hafa komið fram óskir um afbrigði við umr., þannig að tíminn verði lengdur upp í eina klst. fyrir hvern flokk og að ræðuumferðirnar verði hafðar þrjár. Ég mun því bera það undir hv. d., hvort hún vill veita afbrigði fyrir þessari tilhögun á umr.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Umr. frestað til kl. 8 síðd.

Frsm. (Bergur Jónsson): Herra forseti! Góðir hlustendur! Í upphafi umr. um það frv., sem hér liggur fyrir, frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, þykir mér rétt að varpa fram þessari spurningu: Er þann veg öðru vísi högum háttað hér á Íslandi en í öðrum siðmenningarlöndum, að eigi sé ástæða til að lögleiða hér, eins og þar, vinnulöggjöf, þ. e. löggjöf, sem hafi að geyma ákveðnar reglur um það, á hvern hátt atvinnurekendur og verkamenn og aðrir launþegar skuli heyja deilur sínar um kaup og kjör, þar á meðal með verkföllum og verkbönnum, í þeim tilgangi, að sem minnst tjón hljótist af fyrir þjóðina og þar með eigi sízt fyrir deiluaðiljana sjálfa?

Ég hika ekki við að svara, að hér á landi sé fullkomlega jafnmikil ástæða til að reyna að koma á skynsamlegum og heillavænlegum leikreglum fyrir vinnudeilurnar, eins og þegar hefir verið gert í öllum helztu siðmenningarlöndum. Að vísu er nokkuð mikill hluti þjóðarinnar í sveitum, þar sem að mestu er rekinn einyrkjabúskapur, en meginþorri landsmanna býr nú í kaupstöðum og sjávarþorpum og skiptist þar í atvinnurekendur og launþega þeirra, við útgerðina, sem rekin er á botnvörpuskipum, línuveiðurum, vélskipum og vélbátum, við iðnaðinn, bæði síldar- og fiskiðnaðinn, sem sífellt er í vexti, og við allskonar annan sívaxandi iðnað, við siglingarnar, sem ávallt eru að aukast, til annarra landa og með ströndum fram, og við margvíslegan annan atvinnurekstur, sem skapast af nauðsyn í sambandi við aðalatvinnuvegina. Vinnuskiptingin er stöðugt að verða fjölþættari og margvíslegri, og þar með fylgir sköpun stærri og minni hagsmunastétta og hagsmunahópa, sem sameinast vegna sameiginlegra hagsmuna eftir samskonar eða líkum starfsgreinum, og dæmin eru deginum ljósari um hagsmunaárekstrana og vinnudeilurnar, bæði nú á líðandi stund og í fortíðinni á síðustu áratugum. Sú kenning, sem stundum hefir komið fram, og nú síðast við 2. umr. þessa máls hjá hv. 3. þm. Reykv., HV, að hér megi ekki lögleiða líkar eða samskonar reglur um vinnudeilur og gert hefir verið hjá stærri þjóðum, þar sem stóriðja sé rekin, hefir enga stoð í veruleikanum og virðist reist á neitun staðreyndanna, því í raun og veru eru langvarandi vinnudeilur og vinnustöðvanir enn hættulegri þessu litla þjóðfélagi en hinum stóru, því okkar litla þjóð á hvarvetna undir högg að sækja í viðskiptum sínum við aðrar þjóðir, hennar boði og banni hlítir engin þjóð. Hún verður yfirleitt að sætta sig við þá kosti, sem henni eru settir um markað og önnur þau viðskipti við aðrar þjóðir á þessum óvenjulegu erfiðleikatímum, sem er grundvöllurinn undir möguleikum hennar til að lifa að hætti menningarþjóða og siðfágaðra þjóða. Stöðvun í atvinnulífi hennar, og þá fyrst og fremst í framleiðslustarfinu og við flutning framleiðslu hennar til markaðslandanna, getur verið þjóð vorri margfalt hættulegri en samskonar stöðvun hjá ríkari og voldugri þjóðum. Auk þess hefir þjóð vor sérstöðu að því leyti, að hún hefir eigi aðeins lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu í ófriði gagnvart öðrum þjóðum, heldur er hún líka óvopnuð lýðræðis- og friðarþjóð, sem á einskis annars úrkosta til að jafna innanlands deilur og ágreining, hvort sem er vinnudeilur eða annar ágreiningur, en að treysta á þegnskap og ábyrgðartilfinningu þjóðfélagsþegnanna til að afstýra voða, og engum stendur nær að hjálpa landsmönnum til að setja þær leikreglur, sem stutt geti að friðsamlegri lausn innanlandsdeilna, en löggjafarvaldinu sjálfu.

Af því, sem ég nú hefi sagt, er það augljóst, að skylda ber til fyrir Alþingi að lögleiða reglur, sem verða mættu til að hjálpa þjóðfélagsþegnunum til þess að jafna með sér hagsmunaágreininga, sem kunna að rísa meðal þeirra, og sérstaklega að reyna að afstýra þjóðhættulegum vinnustöðvunum. Fyrirmyndir að slíkum ráðstöfunum löggjafarvaldsins er að finna hjá

öllum helztu menningarþjóðum hvítra manna, og ber oss þá ekki sízt að leita fyrirmyndanna til þeirra, sem oss eru skyldastir, frændþjóða vorra á Norðurlöndum. Ég skal þá lýsa með nokkrum orðum þeim helztu aðferðum, sem aðrar þjóðir nota til að útkljá vinnudeilur og koma í veg fyrir vinnustöðvanir.

Fyrst vil ég minnast á sáttatilraunir í vinnudeilum. Sú aðferð er í því fólgin, að ríkisvaldið skipar sáttasemjara, og stundum sáttanefndir, til þess að leita sátta með aðiljum vinnudeilna.Sáttasemjari skal kynna sér málavexti sem bezt má verða og reyna að fá aðilja til að sættast, með því að kalla þá saman og fá þá til að tala um ágreining sinn, og reyna þann veg að leiða hann til lykta. Ef ekki er unnt að fá aðilja til að sættast með viðtölum, leggur sáttasemjari miðlunartill. fyrir þá, sem þeir skuli svara játandi eða neitandi. Þessi aðferð er einhver hin venjulegasta í vinnulöggjöf þjóðanna. Er hún notuð allsstaðar á Norðurlöndum. Fyrstu l. Norðmanna um þetta efni voru sett 1915 og breytt 1927. Fyrstu l. Svía um þetta voru sett 1906 og í Danmörku 1921. Árið 1934 var sett um það ákvæði í dönsk l. um sáttatilraunir í vinnudeilum, fyrir forgöngu jafnaðarmannaleiðtogans Steincke félagsmálaráðherra, að til þess að fella miðlunartill. sáttasemjara þurfi tiltekna þátttöku félagsmanna í atkvgr. og tiltekinn hluta greiddra atkv. á móti. Sé þátttaka minni en 25%, er sáttatill. talin samþ.

Hér á landi gilda l. frá 1925 um sáttatilraunir í vinnudeilum, sem borin voru fram af Framsfl. og samþ. af öllum flokkum þingsins. Þótt þau séu allmiklu ófullkomnari en samskonar ákvæði á Norðurlöndum, og ákvæði þess frv., sem hér liggur fyrir um sama efni, séu talsvert fullkomnari, hafa þau l. samt oft gert mikið gagn, og er þess skemmst að minnast, að fyrir fáum dögum hefir vinnudeila við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði fallið niður fyrir samþykkt miðlunartill. frá sáttasemjara ríkisins.

Á Norðurlöndum og víðar gilda ákvæði um vinnusamninga og samningsaðild. Eru það ákvæði um rétt verklýðs- og stéttarfélaga til að gera samninga fyrir meðlimi sína, um það, hvernig þessir samningar skuli gerðir o. s. frv. Í Noregi og Svíþjóð gilda í þessu efni l., en í Danmörku er farið eftir svokallaðri „septembersætt", samþykkt, sem gerð var á milli verkamanna og atvinnurekenda árið 1899. Er þar fyrst og fremst um að ræða viðurkenningu aðilja hvorra á öðrum sem samningsaðilja. Í þessari „septembersætt" er einnig ákvæði, er snertir þá vinnulöggjafaraðferð, sem er fólgin í bráðabirgðafrestun vinnustöðvunar. Ákvæði „sættarinnar" er á þá leið, að fyrirskipuð er tilkynning vinnustöðvunar með 14 daga fyrirvara. Í Svíþjóð var árið 1935 samþ., að tilkynna skuli vinnustöðvun með viku fyrirvara, að viðlagðri sekt, og í Noregi hefir sáttasemjari vald til að banna vinnustöðvun, þar til sáttatilraun er lokið, en aðiljar geta krafizt, að banni skuli aflétt innan 14 daga, frá því er það var út gefið.

Í sambandi við vinnudeilur verður að gera skýran greinarmun réttarágreinings og hagsmunaágreinings. Réttarágreiningur er deila um skilning á samningi og gildi hans og hvort hann hafi verið rofinn eða eigi. Hagsmunaágreiningur er hinsvegar beinlínis deilan sjálf um kaup og kjör. Dómstólar um réttarágreining, eins og félagsdómur sá, sem gert er ráð fyrir að lögleiða hér, eru mjög algengir í öðrum löndum. Á öllum Norðurlöndum eru slíkir dómstólar lögfestir. En auk þess er oft samið um slíka dómstóla, eins og t. d., er aðiljar Sogsdeilunnar 1935 sömdu um, að 5 manna gerðardómur skyldi dæma um ágreining, er verða kynni um skilning á vinnusamningnum. Dómstólar í hagsmunaágreiningi eru hinsvegar fátíðir sem fastir dómstólar, enda illa séðir yfirleitt af aðiljum vinnudeilna. Munu þeir aðeins tíðkaðir í einræðisríkjum, Rússlandi, Ítalíu og Þýzkalandi. Hinsvegar er oft gripið til þeirra í lýðræðislöndum í einstöku tilfellum sem neyðarúrræði, og má nefna mörg dæmi þess, t. d. frá Norðurlöndum. Ríkisþing Dana hefir árin 1933, 1934, 1936 og 1937 ráðið til lykta alvarlegum vinnudeilum með lagafyrirmælum um, að bannað var að hefja eða halda áfram vinnustöðvun og ákveðið kaup með skipun gerðardóms. Hér hefir þetta í öll skiptin verið gert undir stjórn jafnaðarmanna. Samskonar aðferð hefir líka verið beitt í Noregi. Ennfremur ákvað stjórn Leons Blums í Frakklandi, með stuðningi jafnaðarmanna, kommúnista og (frjálslyndra) róttækra 1936 með l. og stjórnarskipun frá forseta, að hætta skyldi öllum vinnustöðvunum og leggja deilumál fyrir sáttanefnd, en gerðardómur skyldi ákveða kaupið, ef ekki næðust sættir.

Bretar og Hollendingar nota mikið þá aðferð, að reyna að vekja almenningsálitið til þess að hafa áhrif á vinnustöðvanir og leiða deilumál til friðsamlegra lykta. Er það gert á þann hátt, að láta rannsaka deilumálin sem bezt og birta um það áreiðanlegar skýrslur, sem ætlazt er til, að myndi sterkt almenningsálit, sem hafi bætandi áhrif á þann deiluaðilja, sem almenningsálitið telur hafa rangt fyrir sér. Er gripið á þessari leið í 34. gr. frv., sem hér er til umr., með því að veita ríkissáttasemjara vald til að birta skýrslu um málavexti í mikilvægri deilu, sem eigi hefir náðst sætt í, og skal hann gera það á þann hátt, sem hann telur heppilegast til þess, að almenningur fái rétta hugmynd um málavexti.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum almennt um frv. það um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hér er til 3. umr.

Frv. er samið og undirbúið af mþn., sem var skipuð 15. des. 1936 af atvmrh. og í áttu sæti 2.framsóknarmenn, og 2 alþýðuflokksmenn, þeir Gísli alþm. Guðmundsson, Ragnar lögfræðingur Ólafsson, Guðmundur lögfræðingur Guðmundsson og Sigurjón alþm. Ólafsson. Að enginn sjálfstæðismaður var í nefndinni, stafaði af því, að sá flokkur hafði lagt fram frv. til vinnulöggjafar, sem skoða varð sem till. hans í málinu. N. hefir undirbúið frv. alveg óvenjuvel og rækilega, aflað sér heimilda um vinnulöggjöf í öllum þeim löndum, sem hún gat náð

til, og hefir samið rækilegt nál., þar sem miklu og merkilegu efni um þetta mál er saman safnað og úr því unnið. Það eru því hin hraklegustu öfugmæli, er andstæðingar frv. hafa talað um flaustursleg undirbúning í málinu. Er það ráðlegt fyrir þá, sem kynnast vilja máli þessu til hlítar, að kynna sér nál. N. hefir við samningu frv. haft fyrst og fremst fyrir augum fordæmi Norðurlandaþjóðanna, því næst annara lýðræðisþjóða. En jafnframt hefir hún reynt að taka sem mest tillit til íslenzkra staðhátta og aðstöðu hérlendis.

Frv. er í 5 köflum.

I. kafli, um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda, hefir að geyma lögfestingu á stéttarfélögum og stéttarfélagasamböndum sem löglegum samningsaðiljum í vinnudeilum fyrir meðlimi sína. Þá er með ákvæðum 4. gr. reynt að hindra það, að atvinnurekendur eða fulltrúar þeirra láti verkamenn gjalda stjórnmálaskoðana sinna, t. d. með hótunum um uppsögn eða brottrekstri, loforðum um fjárgreiðslur eða hagnað eða neitun um réttmætar greiðslur. Þá er félögunum heimilað að hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum til að gæta réttar verkamanna og ákvæði sett um, að einstakir verkamenn geti eigi rofið samtakaheildina með því, að semja út af fyrir sig við atvinnurekanda án leyfis stéttarfélags. Ennfremur eru ákvæði um, að samningar skuli skriflegir vera, og um uppsagnarfrest, um ábyrgð á samningsrofum, sem þó takmarkast við almennar eignir stéttarfélags, en nær ekki til styrktarsjóða og sjúkrasjóða, samkvæmt till., sem ég hefi borið fram ásamt hv. þm. N.-Ísf., VJ. Sett eru ákvæði um það, hvernig trúnaðarmaður stéttarfélags skuli haga sér, og reynt að tryggja, að atvinnurekandi láti eigi trúnaðarmann gjalda starfs síns. Er kaflinn tvímælalaust að mörgu réttarbót fyrir verklýðs- og stéttarfélögin.

Í II. kafla eru verkföll og verkbönn heimiluð að l., en jafnframt sett öryggisákvæði til þess að reyna að draga úr, að til vinnustöðvunar þurfi að koma. Þannig verður eigi löglega hafin vinnustöðvun nema með almennri atkvgr. í félagi, skriflegri og leynilegri, er standi í 24 klukkustundir minnst, eða ef trúnaðarmannaráð hefir vald frá félagi til að hefja vinnustöðvun, þarf ¾ hluta atkv. á fundi ráðsins til samþykktar á löglegri vinnustöðvun. Er það hliðstætt ákvæði við „septembersættina“ dönsku.

Ákvörðun um vinnustöðvun verður að tilkynna sáttasemjara og gagnaðilja með 7 daga fyrirvara, til þess að sáttatilraunir geti hafizt og unnt sé að bjarga verðmætum, sem eru í bráðri hættu.

Þá eru bönnuð þau verkföll og verkbönn, sem eru aðeins um ágreining, er félagsdómur skal dæma um; ennfremur má eigi beita vinnustöðvun til þess að neyða stjórnarvöld til að framkvæma ólöglegar athafnir eða til að þvinga þau til að framfylgja ekki l. Í 18. gr. eru ákvæði, sem banna verkfallsbrjótum úr félagi eða sambandi að aðstoða við að afstýra vinnustöðvun. Gæti slíkt annars í ýmsum tilfellum haft í för með sér óeirðir, barsmíðar og meiðsl.

III. kafli, um sáttatilraunir í vinnudeilum, er allmikil endurbót á l. frá 1925. Þar eru ákvæði um að skipta landinu í 4 sáttaumdæmi, og verður sáttasemjarinn í Reykjavíkurumdæmi jafnframt ríkissáttasemjari. En merkilegust á kvæði þessa kafla eru í 32. gr., um atkvgr. um miðlunartill. frá sáttasemjara, sem sniðin eru eftir dönskum l., sem hafa þótt gefast vel. Ef færri en 35% af félagsmönnum hafa greitt atkv. um till., þarf meira en helming atkv. til að fella hana, og verður sá hluti að stækka, eftir því sem þátttakan minnkar. En taki ekki 20% þátt í atkvgr., telst till. sáttasemjara samþ., hvernig sem atkv. falla. Eru þessi ákvæði sett til þess að tryggja það, að örlítill minni hl. félags geti eigi, þrátt fyrir miðlunarill., haldið áfram vinnudeilu, ef til vill þvert ofan í vilja mikils meiri hl. félagsmanna.

IV. kafli, um félagsdóm, er um sérstakan dómstól til að dæma í réttarágreiningi, þ. e. a. s. um skilning á samningi eða um samnings- eða lagabrot aðilja. Reynt er að ganga svo frá skipun dómstólsins, að sem mest trygging sé fyrir, að hann verði hvorttveggja, vel dómbær að þekkingu, með að hafa í honum einn dómara frá hvorum aðilja, Vinnuveitendafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, og óhlutdrægur, með því að hæstiréttur skipi 2 menn í dóminn og tilnefni 3 menn, sem ráðh. velur úr.

Loks eru sektarákvæði í V. kafla.

Ég hefi nú gert grein fyrir höfuðatriðunum í frv., svo og helztu atriðum úr löggjöf annara þjóða um þessi efni. Ég vil benda mönnum alveg sérstaklega á það, að hér er engan veginn lagt til, að dómstóll verði stofnaður til að dæma um hagsmunaágreining, þ. e. a. s. deiluna sjálfa um kaup og kjör. Yfirleitt eru allar lýðræðisþjóðir horfnar frá því ráði, því að hann hefir eins og ég hefi áður sagt, reynzt mjög óvinsæll hjá báðum aðiljum vinnudeilna. Ég vil einnig benda á það, að Framsfl. hefir frá því fyrsta verið mótfallinn því, að slíkur fastur dómstóll í vinnudeilum sé settur á stofn í landinu, og ávallt talið það mesta óráð. Árin 1923 og 1925 bar Bjarni Jónsson frá Vogi fram frv. um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum, þar sem svo var til ætlazt, að dómurinn ákvæði kaup og kjör verkamanna, ef eigi næðust samningar með þeim og atvinnurekanda. Framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn lögðu algerlega á móti þessu frv., en Framsfl. bar hinsvegar fram frv. að núgildandi l. um sáttasemjara. Á þinginu 1929 kom enn fram frv. um vinnudóm í kaupgjaldsþrætum, en sætti enn mótstöðu vinstri þingflokkanna og komst eigi fram. Ennfremur hefir Framsfl. alltaf staðið öndverður gegn því, að sett verði á stofn ríkislögregla til þess að skakka leikinn í vinnudeilum, en viljað efla hina almennu lögreglu, án þess að hún mætti skipta sér af vinnudeilum.

Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um það, að allur fjöldi fólks í landinu, hvort sem eru atvinnurekendur eða verkamenn, og aðrir launþegar, opinberir starfsmenn eða bændur og búalið, muni við rólega yfirvegun komast að raun um það, að sú tilraun, sem verið er að gera með frv. þessu, til þess að leiða vinnudeilur inn á farsælari brautir og fá friðsamlega

lausn á þeim, sé sjálfsögð og réttmæt. Og alveg sérstaklega vil ég vara verkamenn og sjómenn við því, að taka til greina að óathuguðu máli æsingaskrif og ræður, sem miða að því, að æsa menn gegn frv., því að samkvæmt reynslu annara þjóða af samskonar og líkum ákvæðum, er það fullvíst, að engum eru þau til meira hags en einmitt verkamönnum sjálfum. Þessu til stuðnings má benda á það, sem Sigfrid Hansen, ritari sænska verkamannasambandsins, segir í bréfi til mþn. um vinnulöggjöf, að þrátt fyrir það, þótt sænskir verkamenn hafi 1928 stofnað til allsherjarmótmæla gegn frv. um vinnusamninga og dómstól í réttarágreiningi, óski þeir nú, eftir það að hafa kynnzt l. í framkvæmdum, ekki eftir afnámi þeirra. Það er auðvitað eigi ætlun mín að fullyrða nokkuð um það, að eigi séu smíðagallar í frv. þessu né búast við því, að eigi geti, jafnvel fljótlega, reynzt þörf á að breyta því að meira eða minna leyti, eftir því sem reynslan kennir við framkvæmd l. En hitt er ég sannfærður um, að það er full ástæða fyrir alla þjóðina til að fagna yfir því, að þessi tilraun til réttlátrar vinnulöggjafar skuli vera fram komin, og menn megi treysta því, að hún muni verða til góðs fyrir þjóðina, með þeim endurbótum og breytingum, sem reynslan kann að sýna, að síðar þurfi á henni að gera.

Þótt telja megi víst, að frv. þetta verði að l. á þessu þingi, þar sem 4 þingflokkar virðast ráðnir í að fylgja því, þá er vitanlega mismunandi sjónarmið manna og afstaða til ýmissa ákvæða frv. Sumum mun vafalaust þykja frv. ganga of skammt að sumu leyti í því, að reyna að girða fyrir vinnustöðvanir, öðrum ef til vill að sumu leyti of langt. En um það ættu allir að geta orðið sammála, sem vilja þjóð vorri vel, að verkbönn og verkföll eru þeim verst, sem í þeim standa, atvinnurekendum og verkamönnum eða launþegum. Og yfirleitt er það svo um vinnustöðvanir, eins og annan ófrið, að oftast bíða hvorirtveggju ófriðaraðiljanna í raun og veru ósigur. Það er oft sagt, að betri sé „mögur“ sátt en feitur „process“. Það er reynsla mín af málarekstri manna, sem ég í starfi mínu hefi kynnzt, að yfirleitt er mikill sannleikur fólginn í þessu „óíslenzka“ orðtaki. En sama þykist ég sannfærður um, að þeir menn, sem af eigin reynd hafa kynnzt verkföllum og verkbönnum, muni yfirleitt geta tekið undir, að minnsta kosti í þeim tilfellum, þegar vinnustöðvun hefir staðið langan tíma eða haft mikla eyðileggingu verðmæta í för með sér.

Það hefir verið sagt af einum andmælanda þessa frv. hér á þingi, að rangt sé, að ríkissjóður taki á sig þann kostnað, sem frv. kann að hafa í för með sér. Þótt kostnaðarauki verði vitanlega nokkur, verða menn að athuga það, að þótt löggjöfin ekki yrði til að hindra nema örfáar stöðvanir á nauðsynjastarfi í þjóðfélaginu, myndi kostnaðaraukinn margendurgreiðast með því.

Tjónið, sem hlýzt af vinnustöðvunum, er oft svo gífurlegt, bæði fyrir aðilja sjálfa og þjóðfélagið í heild, að það getur valdið jafnvel hundraðfalt þeirri takmörkuðu upphæð, sem samkvæmt þessu frv. má verja árlega í því skyni, að leitazt verði við að fá með lagi og festu friðsamlega lausn á vinnudeilum og fyrirbyggja vinnustöðvanir. Það er því gott dæmi um rökþrot og lélegan málstað andmælenda frv., að þeir skuli grípa til röksemda eins og þeirra, að telja eftir þennan nauðsynlega, en smávægilega kostnað, sem verja á til að hindra margfalt meira tjón.

Andmælendur frv. ganga á það lagið, að reyna að æsa menn gegn frv., með því að telja þeim trú um, að hér sé um einhver „þrælalög“ eða „kúgunarlög“ að ræða. Þeir vita þó afarvel, þessir menn, og þá ekki síst hv. 3. þm. Reykv., sem hefir alltaf viðurkennt og viðurkenndi síðast við 2. umr. þessa máls, að hann áliti rétt að setja l. um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm um réttarágreining, að með frv. þessu er alls ekki um það að ræða að koma á fót dómstóli, sem dæmi um hagsmunaágreining, þ. e. kaup og kjör, eða yfirleitt að í frv. séu nokkur ákvæði, sem hindri nauðsynlegar vinnustöðvanir. Hér er aðeins gerð tilraun til að setja hóflegar og skynsamlegar leikreglur fyrir aðilja vinnudeilunnar, sem aðeins geta orðið til góðs fyrir alla, sem að þeim standa, og þjóð vora í heild sinni. Ég hika því eigi við að fullyrða, að andstaða Héðins Valdimarssonar og kommúnista gegn frv. á ekki rót sína að rekja til sannfæringar um óréttmæti frv., heldur stafar hún eingöngu af löngun þeirra til að nota þetta mál með rangsnúningi og röngum skýringum til æsinga og agitationar gegn Alþýðuflokknum, sem í fullu samræmi við fyrri afstöðu sína til málsins, og þar á meðal afstöðu Héðins Valdimarssonar, meðan hann var alþýðuflokksmaður, og í samræmi við afstöðu bræðraflokka þeirra á Norðurlöndum, hafa lýst sig fylgjandi málinu.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Af hálfu Sjálfstfl. munum við tveir, hv. 8. landsk. og ég, skipta milli okkar þeim ræðutíma, sem hverjum flokki er afmarkaður við útvarpsumræður þessar.

Ég mun hér drepa nokkuð á það, sem kalla mætti forsendur þeirrar vinnulöggjafar, sem hér er gert ráð fyrir að setja, sem sé með fyrirliggjandi frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fram er borið af Framsfl., en af hálfu Alþfl. var þó einnig unnið að undirbúningi þess, að því er heitir, í stjórnskipaðri nefnd. Um ýms atriði málsins mun hinn fulltrúi Sjálfstfl. tala í seinni tímanum í kvöld.

Alþfl. hér á Alþ., er svo nefnir sig enn, hefir óskað eftir útvarpsumræðum um vinnulöggjöfina. Þeim finnst að vonum, þm. hans, að þeir standi nokkuð höllum fæti í þessu máli gagnvart öllum almenningi, og má því ætla, að þeir hafi nú hugsað sér að þvo hendur sínar frammi fyrir lýðnum. Það mun nú verða bert eftir kvöldið í kvöld, hvernig þeim tekst það.

En ekki sízt hina almennu hlið málsins er nauðsyn að reifa hér að nokkru í allra áheyrn.

„Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða“, segir gamalt orð, sem túlkar þá fyrstu og sjálfsögðustu undirstöðu undir hverju siðuðu þjóðfélagi. Öllum mönnum, sem komnir eru til vits og ára, er orðin ljós nauðsyn þessarar

grundvallarreglu; aðeins glæpamenn og stjórnleysingjar virða hana að vettugi. Og þessi regla er algild, því að hún á við á öllum sviðum málefna þjóðfélaganna. Fyrir öllu samlífi manna á milli, öllum viðskiptum og öllum tiltektum, verða að vera einhverjar reglur, sem skylt er að fylgja ávallt, þegar með þarf, lög sem menn setja sér og framfylgja ber. Ef ekki væri þessu fylgt, væri allt í upplausn, og þá myndi ríkja hin frumstæðasta villimennska, enginn óhultur og engu óhætt, hvorki lífi né limum, eignum eða verkum, engu, heldur myndi með lagaleysi og agaleysi slík ógöld skapast, sem orð fá ekki lýst, en reyndar er þó farið að móta nokkuð fyrir hér hjá oss.

Þessum, sem kalla mætti hin almennu sannindi, mun nú enginn dirfast að neita, þ. e. a. s. svo lengi sem talað er almennt. Enginn, jafnvel ekki hinn hatrammasti bófi, myndi með öllu afneita þessu lögmáli yfirleitt. En á ýmsum sérstökum, alveg opinberum sviðum, virðast þó sumir menn, jafnvel svokallaðir „flokkar", vilja gera þá undantekningu, að þar þurfi ekki að gilda lög, heldur megi jafnvel láta hendur skipta, sem hér hjá oss á síðari öldum er þó tiltölulega nýlegt villimennskufyrirbrigði. Þessir menn vilja ekki láta setja lög um verk og vinnu, heldur eigi menn þar að hafa leyfi til að skapa sér sjálfir „rétt" í hvert skipti eða komast undan „skyldum", eftir því sem henta þykir. „Þjóðfélagið" eða þjóðfélagsvaldið þurfi ekki að skipta sér af því, sem einstaklingar eða félög taki sér þar fyrir hendur.

Þegar rætt hefir verið hér á landi um vinnulöggjöf á undanförnum árum, má segja að Alþfl. íslenzki (sósíalistar) hafi fram að þessu, og þá ekki síður en hinir hreinu kommúnistar, orðið ókvæða við, og tekið öllum till. til þess að ráða bót á því óskaplega ástandi, sem ríkt hefir hér í þessum efnum, með fullkomnu samvizkuleysi. Af hálfu Sjálfstfl. hefir nú þing eftir þing, eins og kunnugt er, verið borið fram á Alþ. frv. til vinnulöggjafar, sem í öllum atriðum, er máli skipta, er í fullkomnu samræmi við það, er gildir í lögum um öll Norðurlönd, og sumpart er samið og sett og sumpart eftir á eða í framkvæmd samþykkt af alþýðuflokknum þar, sjálfum sósíalistum, enda hafa þeir nú um alllanga hríð haft öll völd í þessum efnum til þess að velja og hafna, innan löggjafarþinganna og utan, einir eða með aðstoð annara flokka. En svo langt er í frá, að þeim hafi komið til hugar að afnema verkamálalög sín, að þeir hafa beinlínis aukið þar við og talið sér það hina mestu fremd og ærinn styrk. Og jafnvel hafa þeir engan veginn skirrzt við, síðan þeir tóku að hafa stjórnarábyrgð og er þeim þótti við þurfa vegna alþjóðarheilla, að lögfesta við sérstök tækifæri miðlunartillögur um ákveðið kaupgjald eða beinlínis gerðardóm til þess að útkljá kaupkröfur.

En hvernig hefir þá þessum eða slíkum tillögum verið tekið hér? Það er nú að vísu orðið alkunnugt mál og ýmislegt í því frægt að endemum, hvernig sósíalistar hafa snúizt við þessu, en Framsfl. hefir einnig fram að þessu sýnt sig linan í aðgerðum og of lengi látið rauðasta liðið í samstarfsflokknum tefja sig í því, að sinna í alvöru þessu þjóðnytjamáli. Í staðinn fyrir að taka undir þessar till. frá sjálfstæðismönnum með nokkurum velvilja — því opin var ávallt látin leið að semja sig áfram til þess að gera málið sem aðgengilegast öllum aðiljum — þá gerðu einkum alþýðuflokksmenn hróp að því og svívirtu þá, sem að því stóðu, og affluttu aðgerðir þm. við allan verklýðsfélagsskapinn úti um land allt. Þeir heimtuðu vísvitandi, eins og þeirra er siður og eins og þekkist frá öðrum málum, t. d. tryggingarlöggjöfinni, að félögin hér og þar gerðu vanhugsaðar ályktanir að rakalausum mótmælum gegn löggjafartillögum, sem þau ekkert höfðu kynnzt til hlítar, mótmælum sem síðar voru endurtekin í blöðum þeirra sem sjálfstæður andróður. Og þessum óþurftarskrípaleik er að nokkru leyti haldið áfram enn í dag, með dálitið breyttu viðhorfi.

Hvers vegna gerðu þeir þetta, menn sem áttu að vera ábyrgir fulltrúar þjóðarinnar? Af hræðslu! Þeir vissu vel, að það er samvizkulaust að berjast eins og naut í flagi gegn réttmætri vinnulöggjöf, en þeir voru bæði hræddir við sinn eigin ósvifna áróður í þessum málum, að honum slægi nú til baka á þá aftur, og einkum óttuðust þeir um sjálfa sig, að þeir myndu missa æsingartökin á hinum uppæsta lýð.

Eins og kunnugt er, þá byggist vald sósíalista og kommúnista yfir fólkinu á því, að ekki verði stillt til friðar í verkamálum þjóðfélaganna. Þeirra atvinna er að blása að kolunum, halda við ástu báli verkfalla og vinnudeilna, með ávallt endurteknum og látlausum kröfum um breytt og betri kjör, sem flestum þykir dælt að kjósa sér til handa, allt án tillits til ástæðnanna í þjóðfélaginu að öðru leyti. Og meðulin sem þeir vilja helzt óáreittir nota, eru rógur og hatrammt níð um aðrar stéttir og hóflaust hól um eigin verk og þá, sem fást til að flykkjast undir þeirra merki. Þeir þykjast vera verndarar fólksins og aðrir séu þess kúgarar.

En ef friður, vinnufriður, kæmi? Já, þá vantar ef til vill sundrungina, úlfúðina til þess að ala á, og þá er minni von um gengi þeirra, sem eiga „foringja"- upphefð sína að þakka þessu þarfa handverki. Þeir gætu sem sé orðið „atvinnulausir", sem í þessu tilfelli fáir góðir Íslendingar myndu harma.

Það er nú gefið, að þeir héldu í fyrstu, sósíalistar hér, að þeim myndi takast með offorsi sínu að binda Framsfl. í báða skó. Þeir hugsuðu sér þá framsóknarmenn sér svo nátengda, að ekki gæti eða mætti til útbrota koma. En hvað verður? Það, að Framsfl. fann þrátt fyrir allt, og með forsrh. Hermann Jónasson í fararbroddi, að þeir voru ekki „af sama blóði" og hinir ofstopafullu marxistar. Hann tók sér fyrir, forsrh., að boða hátíðlega, og reyndar ítrekað, að nú myndi hann gera gangskör að því að koma á vinnulöggjöf í landinu, og að því rak, að það varð meira en orðin tóm. Framsfl. varð, vegna kjósenda sinna, eigin hagsmuna og þá líka hinna ríku þjóðfélagshagsmuna, að láta til skarar skríða. Hann varð að fara að vinna að málinu. Og þá varð ekki hjá því komizt, að

Alþfl. varð að dansa með, ella myndu vegir alveg skiljast og þeim fyrr en til stóð varpað fyrir borð af þeim fleytum, sem enn sigla á hinu úfna stjórnarhafi.

Þannig varð til frv. það, sem hér liggur fyrir, að formi til fram borið af framsóknarmönnum, en með svokölluðum atbeina Alþfl. (að vísu með allmiklum straumi og skjálfta),að frádregnum hinum nýja einherja, hv. 3. þm. Reykv., Héðni Valdimarssyni, sem nú skipar sér hlið við hlið hálf- eða al-bræðra sinna, kommúnistanna, þar sem hans mun að leita þangað til, að einnig þar „bræður munu berjask".

En þeir eru einnig þar vitaskuld í vanda staddir.

Alþýðuflokkssósialistarnir, höfuðlaus her, því að þeirra eigin fortíð gengur aftur og hamrar á þeim aumum. Megnar nú lítt móti að standa „útdreginn" ráðherra og örkumla lið. Þeir hafa nú orðið að beygja sig undir löggjafarstefnuna í verkamálum; og þó að þeir þykist nú vilja gera það með hagsmuni hins vinnandi fólks fyrir augum, þá dynja nú á þeim sömu ókvæðisorðin, er þeir höfðu áður notað á andstæðingana til hægri: Svikarar heita þeir nú á Héðins-komma-máli, „svikarar við málstað fólksins", höfundar „þrælalaga til þess að kúga verkalýðinn", „argir þjónar íhalds og auðvalds", og þar fram eftir götunum. Nei, orðbragð þeirra afneitar sér ekki. Og undan því mundu þeir gjarnan vilja „skúlka". Alþýðuflokks-sósialistarnir, og við atkvgr. í málinu við 2. umr. hér í hv. deild hafa þeir gert vanmáttka tilraun til þess að hlaupast undan merkjum, en voru gripnir á flóttanum. Héðan af eru þeir dæmdir menn. Hafa getið sér óorð bæði til hægri og vinstri.

Eins og oftar en einu sinni áður hefir verið gerð grein fyrir á alþjóðarvettvangi, sbr. m. a. útvarpsræður hv. þm. Snæf., TT, er aðalefnið í tillögum þeim til vinnulöggjafar, sem sjálfstæðismenn hafa flutt undanfarið (má segja vinzað úr Norðurlandalöggjöfinni, sem sósíalistar þar hafa staðið að, en þar eru þeir farnir að verða pólitískt siðaðir menn), þetta:

1) Jafnrétti vinnuveitenda og verkamanna er viðurkennt, svo og gildi félagsskapar þeirra.

2) Verkföll og verksvipting, þ. e. öll vinnustöðvun, lúti ákveðnum reglum.

3) Sáttatilraunir í vinnudeilum verði aflmeiri en verið hefir, með auknu valdi sáttasemjara.

4) Stofnaður dómstóll, er skeri úr ágreiningi út af vinnusamningum, án þess að ákvarða nokkuð um kaup verkamanna eða þess háttar.

Frv. Framsfl. (sem hér liggur fyrir — og Alþfl. nú þykist ætla að fallast á, þótt kviðandi sé) inniheldur óneitanlega í nokkurum mæli allt þetta, þótt í sumum atriðum sé þessu ábótavant og hvergi nærri eins greinagott og tryggilega um búið til réttlátrar niðurstöðu og í tillögum sjálfstæðismanna.

Höfuðatriðin eru áþekk, þessi:

1) Frv. framsóknarmanna viðurkennir jafnréttinn og félagsréttindin.

2) Það viðurkennir og setur ákveðnar reglur um verkföll og verkbönn.

3) Það setur gagngerðari reglur um sáttatilraunir og eykur valdsvið þeirra frekar en áður gilti.

4) Það stofnar til vinnudómstóls — með líkum hætti og sjálfstæðismenn vilja gera (kallar hann „félagsdóm", en sjálfstæðismenn „vinnudómstól Íslands").

Þó að það sé greinilegt, að ýmislegt mætti setja út á meðferð framsóknarmanna á málinu og frv. þeirra, þá töldu fulltrúar Sjálfstfl. í hv. allshn. þessarar deildar það falla svo í meginatriðum saman við þeirra tillögur, að þeir lýstu sig því fylgjandi sem vel nothæfri lausn eins og nú standa sakir (þótt þeir til reynslu bæru fram nokkurar brtt. við það). Slíkt hið sama gerir allur Sjálfstfl. á þingi nú; hann telur frv. svo mikilsvert spor í rétta átt, þrátt fyrir ágalla þess, að ekki sé áhorfsmál að fylkja sér um það til úrslita, úr því að þess er kostur að koma því fram. Því að aðalatriðið er vissulega, að þessi mál komist á grundvöll laga og réttar, að ólögum og stjórnleysi verði eytt, svo að sjálft þjóðfélagið ekki tortímist. Að með öðrum orðum óöld sú, sem ríkt hefir í þessum efnum hjá oss, verði landræk ger — og vargarnir í vinnuvéum þjóðarinnar verði óalandi og óferjandi! Það er takmarkið.

Þeir, sem gerast friðspillar og níðhöggvar í atvinnulífi hinnar íslenzku þjóðar, eiga að verða óráðandi öllum bjargráðum!

Það væri ekki ófyrirsynju, ef tími ynnist til, að skjóta hér inn í nokkrum aths. um það, sem kallazt hefir gerðardómur í vinnudeilum. Hvorki sjálfstæðismenn né framsóknarmenn hafa í till. þeim, sem hér um ræðir, farið fram á, að til slíks úrskurðarvalds yrði stofnað, eða gerðardómi, sem ákvæði að jafnaði kaup og kjör, yrði komið á sem fastri stofnun. — Bæði „vinnudómstóll Íslands" í frv. sjálfstæðismanna og „félagsdómur" í frv. framsóknarmanna lúta að öðru, — þeirra verksvið er ekki, undir nokkurum kringumstæðum, að ákveða kaup verkalýðsins, heldur taka á móti kærum og útkljá réttarþrætur, sem upp kunna að koma um brot á gerðum samningum milli aðilja, vinnuveitenda og verkamanna. Þótt „gerðardóms"hugmyndin almennt hafi mikinn byr úti um allan heim í ýmsum samböndum, þá þykir hún þó ekki allskostar henta í þessum efnum.

Gerðardómar, fastir, um kaup og kjör, hafa þó verið reyndir annarsstaðar (t. d. í Noregi), en misjöfn ánægja hefir verið með þá, og þeir einatt unað illa úrskurðum þeirra, sem þótzt hafa orðið undir í skiptunum. En slíkt er þó ekkert einkennilegt; en það mætti segja, að það sé svo viðkvæmt mál, sem um er fjallað,' að bezt sé og eðlilegast, að allt gangi sem frjálslegast með samninga-umleitunum og sáttatilraunum í lengstu lög. — En að því getur rekið í einstökum tilfellum, að þetta reynist með öllu ófullnægjandi, og að þá verði að koma að því, sem þessi vinnulöggjöf ekki tekur til, sem sé kasta ríkisvaldsins, vegna ótvíræðra hagsmuna þjóðarheildarinnar, sem vitanlega mega sín meira en erjufýsn einstaklinga. Þá getur löggjafarvald og ríkisstjórn orðið tilneytt að grípa fram fyrir hendur þeirra, er deila og ekki koma sér saman og ekki skeyta um það, sem í húfi

kann að vera fyrir mikinn hluta þjóðar eða allan almenning, — og til þess getur eins komið, þótt hér um rædd vinnulöggjöf komist á; þá getur það orðið ótvíræð höfuðskylda hlutaðeigandi stjórnarvalda að skakka leikinn, t. d. með lagasetningu um bráðabirgðagerðardóm til þess að útkljá deiluefnið til fullnustu og ákvarða bindandi um lausn þess, eins og oft hefir þurft á að halda í lýðræðislöndum, og á síðustu árum hjá sósialistastjórnum, t. d. á Norðurlöndum — alveg á sama hátt eins og Alþingi gerði á þessu yfirstandandi þingi í hinni alkunnu togaradeilu: Sem sé lögskipuðum gerðardómi.

Það er nú lærdómsríkt að athuga, hvernig Alþfl. hér tók þessum nauðsynlegu gerðardómslögum, sem forsrh. flutti, en á það mál heyrðu á sínum tíma allir þeir, sem hlusta vildu. Þá urðu menn að hlusta á það, að ráðherra, sem átti að vera ábyrgur orða sinna, hv. þm. Seyðf. HG, gaf fyrir sjálfs síns hönd og síns flokks þá yfirlýsingu, að slíkur gerðardómstóll væri óhafandi, af því að hann væri óhlutdrægt skipaður! — Menn höfðu áður að vísu reynt það af þessum þá hæstv. ráðh., að hann lét sér ekki allt fyrir brjósti brenna, en að hann gerði sig að málsvara slíkrar fólsku sem þessarar, mátti undrun sæta! Og þvílík trú á málstað sinn! — Hann kvað sósíalista ekki vilja una slíku úrskurðarvaldi, nema þeir sjálfir gætu ráðið skipun dómsins — nema dómurinn fyrirfram yrði skipaður þeim í vil, með öðrum orðum, og sér hvert mannsbarn, hvernig komið væri réttarfari í landi, þar sem málspartar, hvor eftir því sem tökin hefðu meiri í það og það skiptið, réðu einir því, að þeim yrði dæmt í hag, hvort sem rétt væri eða rangt.

Hitt er atriði út af fyrir sig, að sami maður. HG, fullyrti um leið, að ekki mætti trúa hæstarétti landsins til óvilhallrar tilnefningar á dómendum (það yrði alltaf verkalýðnum í óhag)! Þótt sleppt sé nú því alveg, að nýlega var búið að „endurbæta“ hæstarétt á stjórnarflokkavísu, eftir því sem blöð þeirra töldu með nýútnefndum dómurum, í stað meintra andstæðinga, er víkja urðu, — þótt sleppt sé þessu, þá mun verða leitun á eins rætinni óhlutvendni í þjóðfélagsmálum, svo regindjúpri spillingu, eins og lýsir sér í þessum málflutningi hv. þm. Seyðf., sem nú er að maklegleikum afvaldaður.

Hitt verður væntanlega hvorki þessum flokki (Alþfl.) né öðrum látið haldast uppi, að traðka löglegum dómi, þrátt fyrir heimskulegar „samþykktir“ þar að lútandi.

Úrslitastundin um almenna vinnulöggjöf á þessu þingi stendur nú yfir, og viðburðir ýmsir síðustu tíma og síðustu daga sýna, með ægilegum dráttum hamslausrar ósvífni, að ekki er seinna vænna að skikka nokkuð til í þessum málum, eins og getið var fyrr. Er nú og setið, meðan sætt er. — Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn og bændaflokksmenn standa nú orðið í þessu óbilugir saman (þótt eigi hafi nógu oft verið áður), og þeir eru í raun réttri þeir einu ábyrgu flokkar í landinu um uppihald og afkomu landsfólksins gagnvart hinu æðisgengna niðurrifi. Þegar í nauðir rekur, verður það einnig að vera svo — og það hefir einnig atvikazt svo fyrr (og er skammt að minnast atburða á þessu þingi, er nú situr). Og þessu máli sjá alþýðuflokksmenn sér nú einnig ekki annað fært en að fylgja, svo að allt fari ekki í kaldakol í þeirra eigin herbúðum, — þótt þeir vissulega engist sundur og saman af pólitiskri iðrakveisu, sem fulltrúi þeirra í allshn., hv. þm. N.-Ísf., VJ, gerir óvenjulega óhöndulega tilraun til að lækna (í nál. á þskj. 318), en sú læknisaðgerð hans líkist því, sem hann mun telja sér óhentast að vera bendlaður við, sem sé hreinum skottulækninga-„hókus-pókus“!

Þannig leggjast þá opinberlega á móti málinu þeir einir, sem í þessum efnum eru hreinir fulltrúar stjórnleysisins, útibústjórarnir frá Rússíá — bræðrafélagsskapur Stalins hér á Íslandi. En þegar þeir eru gerðir áhrifalausir, eins og í þessu máli, munu þeir leysast upp og tvístrast. Og það á yfirleitt fyrir þeim að liggja. Því að þetta mál er dæmi um það, hvernig þjóðfylking getur myndazt, þegar örlög lands og lýðs kalla; það getur og verið forboði þess, að illgresið verður upprætt úr hinum íslenzka þjóðarjarðvegi.

Öll landsins börn munu að lokum sannfærast um þau sannindi, — að Ísland á aðeins að byggjast af þjóðhollum, hreinræktuðum Íslendingum!

Vilmundur Jónsson: Það hefir fallið í minn hlut að hafa orð fyrir Alþfl. við þessa útvarpsumræðu, sem Alþfl. hefir óskað eftir, að fram færi um frv. það, sem fyrir liggur, varðandi stéttarfélög og vinnudeilur, ekki fyrir það, að ég sé til þess bezt kjörinn minna flokksmanna, nema miklu síður sé, heldur vegna þess, að svo vill til, að ég einn Alþfl.manna á sæti í þeirri n. þessarar hv. d., sem frv. hefir haft til meðferðar.

Þess er fyrst að geta, að Alþfl. hefir aldrei verið því út af fyrir sig andvígur, að sett yrðu sérstök lög, er ákvörðuðu réttarstöðu verkalýðssamtakanna í þjóðfélaginu, kvæðu á um afstöðu verkamanna og atvinnurekenda hvorra til annara og segðu til um, hvaða reglur skyldu gilda um gagnkvæm viðskipti þessara aðilja. Hitt er að vonum, að Alþfl. og verkalýðssamtökin, sem hann styðst við, hafa borið nokkurn kvíðboga fyrir því, að við setningu slíkrar löggjafar yrði réttar verkalýðsins illa gætt, ef hann yrði ekki alveg fyrir borð borinn, með eðlilegu tilliti til þess, hve afstaða hans til löggjafarvaldsins er veik, svo fáliðaður sem hann hefir verið og er enn á Alþ. Þess ótti hefir ekki orðið minni við það, að Íhaldið í landinu hefir lengi haft á prjónunum og hvað eftir annað sýnt á Alþ. frv. til vinnulöggjafar, sem ekkert hafa verið annað — enda ekki ætlað að vera annað — en kúgunartæki íhaldssamra og purkunarlausra atvinnurekenda á verkalýðinn og samtök hans. Og þó nokkuð hafi á yfirborðinu dregið úr þessari fjandsamlegu sókn Íhaldsins nú upp á síðkastið, eftir því sem af því hefir dregið að öðru leyti, er enn glöggt af þeim tillögum Sjálfstfl. hér að lútandi, sem nú liggja fyrir hv. Alþ., hvað þessir herrar í raun og veru vilja, og hvað þeir myndu gera, ef þeir fengju aðstöðu

til. Má enginn láta blekkjast af hræsnisfullu flaðri þeirra utan í frv. það, sem hér liggur fyrir, og þeirri tæpitungu og gælum, sem þeim þóknast að gera við það. Það eru góðgerðir, bornar á borð fyrir veizlugesti Sjálfstfl., kommúnistana og hv. 3. þm. Reykv., HV, sem ég vænti, að þeir þrífist af í réttu hlutfalli við þau heilindi, sem krásirnar hafa verið hitaðar við. Enn eru till. Sjálfstfl. svo, að í þeim felst stórkostleg árás á félagslegar sjálfsbjargir verkalýðsstéttarinnar í landinu, nema löggjöfin ætti að framkvæmast af framkvæmdarvaldi, sem verkalýðnum væri vinveittara, og hrykki þó ekki til, auk þess sem engu líku er unnt að gera skóna á þessu landi, og er þar líku saman að jafna og því, sem að þessu leyti á sér stað með bræðraþjóðum vorum á Norðurlöndum. Er nauðsynlegt að hafa þetta fast í huga: hina styrku stoð, sem verklýður annara Norðurlanda á í landstjórnum og öðru framkvæmdarvaldi, þegar samanburður er gerður á vinnulöggjöf þeirri, sem gildir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og umborin er af verkalýð þessara landa, og hvað vera mundi viðunandi og vorum verkalýð þolandi vinnulöggjöf, eins og allt er í pottinn búið hér á landi. Við þetta hefir það bætzt, að stundum og of oft hafa heyrzt frá Framsfl. þær raddir varðandi þessa lagasetningu, sem engu góðu hafa lofað. Tortryggni og varygð Alþfl. og verkalýðsstéttarinnar hefir því sannarlega verið næsta eðlileg. Um hitt hefir ekki ráðið nein hjátrú, að þó að vinnulöggjöf sé að vísu viðkvæmara mál verkalýðnum og varasamari en flest önnur löggjöf, þá gildir hið sama um hana sem um hverja aðra löggjöf, að eins og hana má gera þannig úr garði, að hún miði verkalýðnum til skaðsemda einna, getur hún ekki aðeins verið honum skaðlaus, heldur gert honum drjúgt gagn með því bæði að tryggja þau réttindi honum til handa, er þegar hafa náðst og fengið á sig nokkra hefð, og auka við þau réttindi.

Afstaða Alþfl. til vinnulöggjafar er í stuttu máli sú hyggilega og hverju barni skiljanlega afstaða, að hann er andvígur þeirri vinnulöggjöf, sem miðar verkalýðnum til skaða, sviptir hann réttindum eða gerir aðstöðu hans á einn eða annan hátt veikari og erfiðari en áður, lætur sér hinsvegar fátt og ekki óðslega um hina, sem er meinlaus og gagnslaus, en er aftur eindregið fylgjandi þeirri vinnulöggjöf, sem veitir verkalýðnum aukinn rétt og öruggari aðstöðu í baráttunni fyrir tilveru sinni og því þjóðfélagslega hlutverki, sem hann er kallaður til að inna af hendi. Alþfl. hefir og þá afstöðu til þessa máls eins og annara mála, og svo á Alþ. sem annarsstaðar, að það hvarflar ekki að honum að leggja í neina keppni um það, hver hæst getur hrópað og hóflausastar kröfur gert, án tillits til þess, hvort nokkru, engu eða þveröfugu verður til leiðar komið með þeim látum. Við erum hér 7 af 49 þm. og geta okkar að sjálfsögðu takmörkuð til áhrifa, en hún er líka takmörkuð í samkeppninni um hávaðann við vini okkar kommúnistana og bandamenn þeirra, því að við höfum gagnstætt þeim það hlutskipti að berjast hér ábyrgri baráttu fyrir alþýðu þessa lands, hinni þrotlaust, seigu, æfintýralausu baráttu, sem Jón heitinn Baldvinsson vissi og sýndi, hvert gildi hafði, og oft er miklu þýðingarmeiri og farsælli, þó að minna láti yfir sér, í hyggilegri vörn gegn ofurefli, sem að svo stöddu er engin leið að vinna fullan sigur á, en í yfirlætisfullri, fíflalegri og meiningarlausri sókn, sem aðeins getur gert verra úr illu og er, því miður, stundum beinlínis ætlað að gera það. Hefir þetta ekki hvað sízt sannazt á viðskiptum Alþfl. við aðra flokka um vinnulöggjafarmálið frá fyrstu tíð og til þessa dags.

Þessi afstaða Alþfl. til vinnulöggjafar var skýrt mörkuð á 13. þingi Alþýðusambands Íslands, sem háð var haustið 1936. Þá var hinn 9. nóv. samþ. ályktun um það mál eftir till. hv. 3. þm. Reykv., HV, og 9 annara, sem allir munu hafa verið fulltrúar verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Ályktunin var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, og mun hafa verið samþ. í einu hljóði:

„13. þing Alþýðusambands Íslands ályktar að vera mótfallið hverskonar nýrri vinnulöggjöf, nema því aðeins, að með henni fáist full lagaviðurkenning fyrir rétti Alþýðusambands Íslands og sambandsfélaga þess til verkfalla, auðveld og skjót málsókn vegna samningsrofa af hálfu atvinnurekenda og að öðru leyti verulega aukin réttindi fyrir alþýðusamtökin, frá því sem nú er. Telur þingið heppilegast, að Alþ. láti mþn., þar sem Alþýðusambandið hafi fulltrúa, athuga málið, og leitað verði að nýju álits Alþýðusambandsins áður en málið yrði útkljáð, enda yrði engin löggjöf sett um þetta mál, áður en aðalatriði hennar yrðu lögð fyrir sambandsfélögin og hefðu náð samþykki Alþýðusambandsins. Þingið er sérstaklega andvígt lögákveðnum gerðardómum um kaupgjald og önnur vinnukjör, sem settir kynnu að verða án samþykkis alþýðusamtakanna, en telur hinsvegar ákveðna gerðardóma um samningsrof vera heppilegri en hina venjulegu dómstóla, enda yrði þóknun gerðardómsins greidd af því opinbera".

Ég bið hv. þdm. og aðra áheyrendur að athuga vel og minnast þess síðar, að það er hv. 3. þm. Reykv., HV, sem flytur þessa till. ásamt fulltrúum verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Svo sem annaðhvort var, með tilliti til þess, hver var nauturinn að þessari ályktun, hefir undirbúningi vinnulöggjafarinnar af hálfu Alþfl. verið hagað samkvæmt fyrirmælum hennar og þannig, að í engu hefir verið gert minna en um var beðið, og þar sem vikið hefir verið frá beinum fyrirmælum ályktunarinnar, hefir stórum betur verið að unnið en til var ætlazt. Þegar hinn 15. des. sama ár, 1936, skipaði ráðh. Alþfl., hv. þm. Seyðf., HG, 4 manna n. til að gera till. um löggjöf um réttindi verkalýðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála á milli þessara aðilja. Í ályktun hv. 3. þm. Reykv., HV, hafði verið farið fram á mþn., þar sem Alþfl. hefði ráðið aðeins einu sæti af 5 og n. að öðru leyti orðið óvingjarnlegar skipuð í garð verkalýðssamtakanna en hin stjórnskipaða n., sem í voru 2 alþýðuflokksmenn, Guðmundur Í. Guðmundsson lögfr. og Sigurjón Ól-

afsson alþm., ásamt 2 framsóknarflokksmönnum, Gísla Guðmundssyni alþm. og Ragnari Ólafssyni lögfr., en þeir eru báðir einhverjir hinir tillögubeztu menn sinna flokksmanna í garð verkamanna og samtaka þeirra, að ýmsum öðrum ólöstuðum. Gera má og fastlega ráð fyrir því, að þáltill. um mþn. til þessara starfa hefði afmarkað starfsvið n. með minna tilliti til réttinda verkalýðssamtakanna en gert var í ráðh. bréfinu, sem með öðru hefði getað haft miður heppileg áhrif á niðurstöðu n. frá sjónarmiði verkamanna. En um niðurstöðu n., þ. e. lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, er það að segja, að það uppfyllir hverja einustu kröfu, sem hv. 3. þm. Reykv., HV, á sínum tíma þóknaðist að fara fram á, að Alþýðusambandsþingið gerði, og það samþ. að gera, til vinnulöggjafar. Með frv. er Alþýðusambandi Íslands og sambandsfélögum þess, eins og fram á var farið, tryggð full lagaviðurkenning fyrir rétti til verkfalla, auðveld og skjót málsókn vegna samningsrofa af hálfu atvinnurekenda, og að öðru leyti verulega aukin réttindi fyrir alþýðusamtökin, frá því sem nú er. Enga gerðardóma um kaupgjald og önnur vinnukjör á að setja upp, en hinvegar eins og um var beðið, sérstakan dómstól um samningsrof, sem að öllu leyti á að vera á kostnað hins opinbera. Frv. hefir verið borið undir sambandsfélögin, og Alþýðusambandið lagt samþykki sitt á það. Á nú ekkert að vera til fyrirstöðu eftir þeirri línu, sem þing Alþýðusambandsins hefir dregið að frumkvæði hv. 3. þm. Reykv., HV, að alþýðuflokksmenn hér á hv. Alþ. fylgi frv. og hjálpi til að gera það að l., sem þeir og munu gera. Að þessi hv. þm., HV, sjálfur, skerist þar úr leik, þarf engan að undra. Það er talandi tákn þess, sem nú er vitað, að hann er hættur að vera alþýðuflokksmaður.

Undirtektir verkalýðsfélaganna um vinnulöggjafarfrv. munu bera það með sér, að undantekningarlaust séu félögin út af fyrir sig því fylgjandi, að vinnulöggjöf sé sett, eða hafi a. m. k. ekkert á móti því. 30 sambandsfélög tjá sig beinlínis fylgjandi frv. því, sem fyrir liggur, þó að mörg þeirra að sjálfsögðu óski breytinga á því, ef fáanlegar væru, 15 félög hafa tjáð sig andvíg frv. eða setja ófrávíkjanleg skilyrði fyrir fylgd sinni við það. Mjög mörg félög, og ekki færri en 49, hafa enga umsögn sent, og þar á meðal sum hin stærstu félög, og verður að telja þau hlutlaus, þó að raunar sé kunnugt um ýms fjölmenn félög þeirra á meðal, sem með vissu fylgja frv. Mikið er af því látið af þeim, sem telja sig andstæðinga vinnulöggjafarinnar, að meiri hluti hins skipulagsbundna verkalýðs teljist til þeirra félaga, sem tjáð hafa sig andvíg frv. En þó að svo væri, sem mun vera vafasamt, segir það ekki neitt, þar sem ekkert áreiðanlegt liggur fyrir um þátttökuna í atkvgr. né um tölu atkv. með eða móti innan hvers félags. Mestu munar að sjálfsögðu um hið fjölmennasta félag, verkalýðsfélagið Dagsbrún í Reykjavík, sem talið er í andstöðuhópnum. En vitað er, að í því 1700 manna félagi, undir stjórn hv. 3. þm. Reykv., HV, voru ein 200 atkv. greidd gegn frv. Eftirtektarvert er, að þar var málið ekki borið undir fulltrúaráð, sem að sjálfsögðu var miklu bærara að taka afstöðu til jafnþýðingarmikils máls fyrir félagsins hönd en svo lítt sóttur almennur skyndifundur, né heldur var stjórnin fáanleg til að verða við kröfu um almenna atkvgr. meðal allra félagsmanna, og má fara nærri um, hvað valdið hefir.

Sannleikurinn um þetta mál er sá, að það, að því hefir verið komið til leiðar, að nokkur verkalýðsfélög teljast andvíg vinnulöggjafarfrv. því, sem fyrir liggur, á ekki nema að litlu leyti, ef að nokkru leyti, rót sína að rekja til raunverulegrar andstöðu gegn þessari lagasetningu, heldur til þess kommúnistiska fylliriis, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir nú verið á um hríð, ásamt fyrrverandi stórtemplar, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, og nokkrum öðrum annars bindindissömum mönnum. Var þó raunar alltaf við því að búast, að hinir gömlu kommúnistar og aðrir andstæðingar Alþfl., þar á meðal íhaldsmenn og nazistar innan verkalýðsfélaganna, mundu rísa gegn hverri þeirri vinnulöggjöf, er Alþfl. yrði riðinn við, tortryggja hana og afflytja og vinna sína sigra með þeim skyndiáhlaupum og upphlaupum, sem því liði er svo lagið. Þetta sá hv. 3. þm. Reykv., HV., ljóslega fyrir sér, er hann leit á sig í anda berjast fyrir þessu vinnulöggjafarfrv., sem hann nú hefir misst aðstöðu til að geta gert og þykir miklu verra en hann lætur á bera. Því að okkar á milli sagt — og er ekki nærgætið að hafa það hátt —, hefir hv. 3. þm. Reykv., HV, fram að þessum síðustu og verstu tímum verið okkar allra óþolinmóðastur að fá nokkrurn enda bundinn á hina yfirvofandi lagasetningu um vinnudeilur, sjálfsagt fyrir það, að hann hefir þar manna mest í eldinum staðið. Lá við borð á næstsíðasta Alþ., að hann í nokkru fumi, sem honum hættir við, gerðist sjálfur flm. að vinnulöggjafarfrv. því hinu sama, sem hér liggur fyrir, og þó að ýmsu leyti miður úr garði gerðu með tilliti til verkamanna, enda verr undirbúið og hugað. Í samræmi við þetta er það, að hv. 3. þm. Reykv., HV, flutti ekki till. þá til ályktunar um vinnulöggjöf, er ég áðan gat um, upphaflega í því formi, er síðar náði samþykki alþýðusambandsþingsins, heldur lagði hann til og barðist mjög fyrir, að þm. Alþfl. og Alþýðusambandsstjórn yrði gefið fullt og ótakmarkað umboð til að afgreiða vinnulöggjöfina eins og þm. og sambandsstjórn teldu heppilegast — án þess að málið yrði borið undir verkalýðsfélögin. Heimildir að þessu eru óyggjandi. Hefir nú verið gerð leit að upphaflegu till. í skjölum Alþýðusambandsins. Má vel vera, að hún sé þegar fundin, og verður hún þá vafalaust birt mönnum til fróðleiks um hinn pólitiska hráskinnaleik þessa hv. þm.

Til þess að geta dæmt af skynsamlegu viti um gildi þeirrar vinnulöggjafar, sem í ráði er að setja með samþykki þessa frv., verða menn fyrst af öllu að gera sér ljóst, hver sé réttarstaða verkalýðssamtakanna nú, að slíkri löggjöf ósettri. Sumir tala svo og láta sem hér sé um þau réttindi að ræða, að róttækrar löggjafar þurfi við, ef um eigi að bæta, og sé naumast annars að vænta af vinnulöggjöf yfirleitt en að rýrð verði réttindin. Þetta er alls fjarri öllum sanni og skrumlausum veruleika.

Réttaröryggi verkalýðssamtakanna er nú hið valtasta sem hugsazt getur, og má segja, að þau eigi sér engan tryggðan rétt.

Hátt er látið um, að félagsrétturinn sé þó tryggður með ákvæði stjórnarskárinnar, um að stofna megi félög í hverskonar löglegum tilgangi. Satt er það, að verkalýðsfélög eru félög, en hver trygging er fyrir því, að dómurum þóknist alltaf að líta svo á, að tilgangur verkalýðsfélaganna sé löglegur tilgangur? Eru ekki líka í stjórnarskránni ákvæði um hinn heilaga eignarrétt kapitalistanna og enn helgara athafnafrelsi þeirra, að ógleymdu hina allra helgasta, sjálfu þjóðskipulaginu? Og getur ekki dómurum, hvenær sem er, þóknast að líta svo á, að öllu þessu sé hætta búin af starfsemi verkalýðsfélaga? Þrátt fyrir samhljóða ákvæði um félagsréttinn í hinni dönsku stjórnarskrá, dæmdi hæstiréttur Dana verkalýðsfélag ólöglegt árið 1873, og getur slíkt víðar komið fyrir, og ekki sízt í landi þar sem skammt er síðan að hæstaréttardómari lét hafa eftir sér — hæstv. forseti fyrirgefi dómaranum orðbragðið — að skera ætti hausinn af öllum sósialistum, og hefir til þessa verið áður vitnað hér á Alþ. Verkalýðsfélög hafa verið og eru enn unnvörpum uppleyst víða um lönd þrátt fyrir tvímælalausan almennan félagsrétt í stjórnarskrám hlutaðeigandi landa. Kann ég að upplýsa, að nú liggur fyrir íslenzkum dómstólum krafa um að uppleysa eitt verkalýðsfélag landsins sem þjóðhættulegan félagsskap, og á þetta sér stað í mínu eigin annars ágæta kjördæmi. Má marka af því, að ekki þarf að vænta, að kallað sé á aðstoð hinna íslenzku dómstóla í þessum efnum.

Verkalýðsfélögin, meðlimir þeirra, svo og hverjir aðrir verkamenn, standa nú berskjaldaðir gegn árásum atvinnurekenda á félagsréttinn. Atvinnurekendur geta með hótunum og hverskonar þvingunarráðstöfunum kúgað menn til að segja sig úr félögum, sem þeir eru þegar gengnir í. Og þetta er ekki aðeins unnt að gera, heldur er þetta gert. Er þess skammt að minnast, að „stjórnarskrárverndað" verkalýðsfélag varð af þessum sökum að starfa árum saman að nokkru leyti sem leynifélag, og verkamenn þekki ég enn á miðjum aldri, sem ofsóttir hafa verið, sveltir og hundeltir um þvert og endilangt landið fyrir þátttöku sína í verkalýðsfélagskap. Eru þó aðrir þessu vafalaust miklu kunnugri en ég, og kynni ég helzt dæmi að greina úr minni persónulegu reynslu frá þrælatökum atvinnurekenda í sambandi við stjórnmálaafskipti og kosningar. Við þetta bætist, að atvinnurekendur geta skipulagt þvílíkar ofsóknir sínar á félagsréttindi verkamanna með því að stofna við atvinnufyrirtæki sín eigin verkalýðsfélög með sömu réttarstöðu og félög verkamannanna sjálfra, og herleitt fólk sitt í slíkan verkalýðsfjandsamlegan félagskap.

Samningsaðild verkalýðsfélaga nýtur engrar eiginlegrar réttarverndar, ekki einu sinni fyrir hönd sinna eigin meðlima, hvað þá fyrir verkamenn yfirleitt. Ef meðlimur í verkalýðsfélagi semur við atvinnurekanda um önnur kjör en greinir í heildarsamningi verkalýðsfélagsins, gildir samningur hins einstaka verkamanns. Þarf ekki að eyða orðum að því að lýsa, hver hætta er á, í þeirri þröng, sem nú er á atvinnumarkaðinum, að verkamenn séu neyddir til að semja á þennan hátt af sér. Er það og vafalaust mikið iðkað. Af máli, sem nú er fyrir rétti hér í Reykjavík, má kynnast þeim forretningsgangi. Verkalýðsfélögin hafa enga lögsögu yfir meðlimum sínum og mega heita varnarlaus fyrir brotum af þeirra hendi, sem félagsheildinni, verkalýðsstéttinni, og þegar lengra er litið, raunar hverjum einstökum verkamanni kemur í koll.

Verkalýðsfélög hafa nú enga aðstöðu til að fá þess gætt á vinnustöðvunum, að samningar við þau séu haldnir, og eru slíkir samningar vitanlega oft og víða þverbrotnir í skjóli þessa eftirlitsleysis.

Verkfallsrétturinn er á engan hátt lögverndaður. Allur svokallaður „réttur" til verkfalla er fólginn í því, að þau eru liðin af þeim, sem valdið hafa í þjóðfélaginu — á meðan það verður —, en ekki því, að þau séu leyfð. Með verkfallsbrjótum, jafnvel meðlimum þess verklýðsfélags, sem í verkfalli á, má gera þennan „verkfallsrétt" að engu. Fyrir venjulegar aðgerðir verkalýðsfélaga til að hindra verkfallsbrot má samkvæmt hinum íslenzku hegningarl. dæma menn til þungra refsinga og jafnvel til betrunarhúsvinnu.

Þess eru og mýmörg dæmi hér á landi, að verkalýðsfélög hafa verið ofsótt fyrir vinnustöðvanir og elt með kröfum um skaðabætur, enda málssóknum beitt þeim til framdráttar. Hefir sum félög orðið að uppleysa sem gjaldþrota fyrirtæki af þessum sökum. Jafnvel einstakir meðlimir verkalýðsfélaga eru ekki óhultir fyrir kröfum um ábyrgðir og skaðabætur í tilefni af verkföllum, sem félag þeirra hefir staðið að, og er a. m. k. eitt slíkt mál nú fyrir dómstólunum.

Allur ágreiningur milli verkamanna og atvinnurekenda, sem fyrir dómstóla þarf að koma, verður að fara til hinna venjulegu dómstóla, nema samið sé um sérstaka gerðardóma. Allur þessi réttargangur er seinn í vöfum og svo dýr, að fátækir verkamenn og félög þeirra verða oftar en hitt að vera án þess að geta leitað réttar síns. Varla fer fram sá gerðardómur, að hann kosti undir 500—1000 kr., og ef mál á að fara fyrir alla rétti, getur kostnaðurinn numið mörgum þús. kr. Standa verkalýðsfélögin hér í hallri afstöðu gagnvart atvinnurekendum, sem minna eru háðir skildingunum, þegar þeir eiga sinn rétt að sækja.

Eftir þetta stutta yfirlit um réttarstöðu eða öllu heldur réttleysisstöðu verkalýðssamtakanna í þjóðfélaginu liggur fyrir að gera sér grein fyrir því, hver réttarstaðan verður eftir að frv. þetta um stéttarfélög og vinnudeilur er orðið að l. Er horfið frá hinu betra til hins verra, frá hinu öruggara til meira öryggisleysis, eða er þessu öfugt farið?

Það er fyrst að telja, að réttur verkamanna til að stofna verkalýðsfélög og til að vera í verkalýðsfélögum er tvímælalaust viðurkenndur og lögverndaður með 1. gr. frv. Hér á eftir verða verkalýðsfélögin ekki aðeins félög, heldur félög, sem hafa löglegan tilgang. Engar hundakúnstir

lögfræðinga í dómarasæti geta komizt í kring um það, þó að aldrei nema það kunni að vera samkv. þeirra persónulegu réttarvitund, að alla sósialista eigi að gera höfði styttri. Árásir atvinnurekenda á einstaka verkamenn fyrir afskipti þeirra af verkalýðsmálum, og þar á meðal vinnudeilum og verkföllum, svo og stjórnmálum, eru lögbannaðar (4. gr.). Sprengifélög atvinnurekenda eru gerð óvirk og þýðingarlaus með því ákvæði 2. gr., að félagssvæði verkalýðsfélaga megi ekki vera minna en eitt sveitarfélag. Þá eru og verkalýðsfélög vernduð gegn liðhlaupi einstakra meðlima þeirra með því ákvæði 3. gr., að hver einstakur meðlimur í verkalýðsfélagi sé bundinn við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í. Samningsréttur verkalýðsfélaga er viðurkenndur, ekki aðeins fyrir hönd meðlima félagsins, heldur alla verkamenn sömu starfsgreinar (5. gr., sbr. 7. gr.). Þessi réttur er lögverndaður gegn árásum af hálfu verkamanna með ákvæðum 7. gr. um, að ógildir séu samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur, að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við heildarsamning hlutaðeigandi verkalýðsfélags, svo og gegn árásum af hálfu atvinnurekanda með ákvæðum 10.—12 gr., sem tryggja verkalýðsfélögum sérstaka trúnaðarmenn á vinnustöðvum, því til eftirlits, að samningar séu haldnir.

Verkfallsrétturinn er viðurkenndur og lögvarinn með ákvæðum 14.—18. gr. frv., og samkvæmt þeim reglum, sem að vísu er enginn vandi að heimta frjálslegri, ef ekki þyrfti annars við en að krefjast, en verkalýðsfélögunum er tiltölulega auðvelt að fylgja, langoftast beinlínis farsælt fyrir þau sjálf að víkja þar í engu frá, en getur, ef forsjálni er gætt, sjaldan orðið þeim til nokkurs trafala né annars miska. Eitt þýðingarmesta atriði frv. til lögverndar verkföllum eru ákvæði 18. gr. um óhelgi verkfallsbrjóta, þó að víðtækari mætti að sjálfsögðu vera.

Í stað hinna almennu dýru dómstóla verður settur upp sérstakur dómstóll um deilumál, sem upp kunna að koma í sambandi við vinnudeilur, önnur en um kaup og kjör, sem síðar en áður heyra undir dómstóla. Þessi sérstaki dómstóll verður verkalýðsfélögunum algerlega að kostnaðarlausu, þar sem meðal annars engin réttargjöld verða greidd. Með þessari tilhögun er tryggð skjót afgreiðsla mála, sem er mikilsvert atriði. Og þó að endalaust megi deila um skipun slíks dóms, verður ekki um villzt, að því fer fjarri, að skipt sé um til hins verra fyrir verkalýðsfélögin, að ákvæðunum um kostnaðinn slepptum, sem þeim er mjög í vil, að sérstakur dómstóll, sem þau fá þó að skipa einn mann í, fjalli um þessi mál, frá því að láta þau heyra undir hina almennu dómstóla.

Þá má ekki gleyma því, að allar reglur varðandi verkföll, fyrirvarar, aukinn meiri hluti við atkvgr. og annað, gilda jöfnum höndum vinnustöðvanir atvinnurekenda, verkbönn þeirra eða „lockouts", og þó að ekki sé mikið upp úr því leggjandi yfirleitt, vegna þess hve atvinnurekendum er auðvelt að komast í kring um þau ákvæði, getur verkamönnum í einstökum þýðingarmiklum tilfellum orðið að því drjúgur styrkur, en aldrei skaði.

Það verður vissulega aldrei of oft tekið fram, og úr því mun ég manna síst lítið gera, að afstaða verkamanna gagnvart framkvæmd þessarara löggjafar er ólíkt veikari en afstaða atvinnurekenda. Það er einkenni hins kapitalistiska þjóðfélags, að verkalýðurinn, öll alþýða, stendur höllum fæti gagnvart fámennri yfirstétt stóratvinnurekenda, einnig að því er kemur til framkvæmdar laga og alls ríkisvalds. Þess vegna hefir sósialismi orðið til. Verkalýðurinn verður því vissulega að gera fyrir afföllum á öllum lögum honum til réttarbóta — einnig þessum væntanlegu l. En þó að aldrei nema gert sé ríflega fyrir slíkum afföllum, verður ekki komizt framhjá því, að svo höllum fæti sem verkalýðurinn stendur í baráttu sinni fyrir bættum kjörum, eftir að þessi l. verða sett, stóð hann enn hallari áður.

Niðurstaðan af þessum samanburði verður sú, hvernig sem menn velta málinu fyrir sér, að réttarstaða verkalýðssamtakanna í þjóðfélaginu verður í engu verri eftir að þessi löggjöf hefir verið sett, en í mörgum þýðingarmiklum atriðum stórum betri og öruggari en ef engin slík l. yrðu sett. En þó að sumir — og þeir eru til hér nærri okkur— hafi þá afstöðu til laga og réttar í sambandi við verkalýðssamtök, að þau eigi um fram alla muni að berjast sinni baráttu utan við öll lög og allan rétt, og helzt í trássi við hvorttveggja — því meira af því, því betra —, þá liggur málið, sem kunnugt er, ekki þannig fyrir. Vinnulöggjöf hlaut að verða sett á þessu þingi — það varð ekki um flúið —, og ber öllum, sem tala vilja máli verkalýðssamtakanna, hvaða afstöðu sem þeir annars hafa til vinnulöggjafar, að líta á málið frá því sjónarmiði. Vinnulöggjöfinni, sem hér er í ráði, að sett verði, er vafalaust í mörgu ábótavant með tilliti til hagsmuna verkalýðsins í landinu, og er vandalaust að benda á fjölmörg atriði, sem betur mættu fara frá hans sjónarmiði. Furðar mig raunar á, hvað þeir hv. þm., sem eftir því hafa leitað, hafa reynzt lítið hugkvæmir í því sambandi. En er þessi væntanlega óumflýjanlega vinnulöggjöf, eftir atvikum svo sanngjörn í garð verkalýðsins, sem við er hægt að búast, þegar gætt er flokkaskiptingarinnar hér á Alþ., afstöðu hinna stóru flokka til þessa sérstaka máls, og hinnar veiku afstöðu til hins skipulagsbundna verkalýðs til áhrifa á hv. Alþ., svo fámennu liði, sem hann hefir þar á að skipa? Ef þessu er svarað á annan veg en skýrlega játandi er það blygðunarlausara en svo, að það megi aðeins heita ósanngjarnt.

Er þar skemmst af að segja, að hvergi í veröldinni hefir tekizt að fá lögfesta jafnfrjálslega og mannúðlega vinnulöggjöf — og ekki í námunda við það. Þegar þessi löggjöf verður kunn úti um lönd, mun hún bera loflegt vitni — ef til vill allt of loflegt vitni — hinni mannúðlegu, frjálslyndu, alþýðlegu menningu Íslendinga, sem raunar á margt lof skilið, enda alþýðumenning vor eina menningin, sem vér höfum af að státa. Persónulega er ég þó þeirrar skoðunar, að það sé hin raunhæfa pólitík Alþfl.,

sem hér hefir verið puntað upp á hina loflegu menningu þjóðarinnar, og nokkru betur en efni standa enn til.

Til þess að finna orðum minum stað um tiltölulegt frjálslyndi þessarar vinnulöggjafar er fróðlegt að bera aðalatriði hennar saman við sambærilega löggjöf annarsstaðar, og þá sérstaklega við vinnulöggjöf Norðurlandanna þriggja, Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar, en þar er lýðræði nú í mestum heiðri haft og öllum verkalýð tryggð betri kjör og styrkari aðstaða en nokkursstaðar annarsstaðar, enda öllum löndunum stjórnað um langt árabil af alþýðuflokksstjórnum, með öruggu fylgi alls verkalýðs. Jafnvel ekki í þessum löndum — ekki í einu einasta þeirra — hefir tekizt að fá setta vinnulöggjöf, er nálgist þá vinnulöggjöf að frjálslyndi í garð verkalýðsins, er hér verður nú sett, en að vísu hefir verkalýður þessara landa, svo vel skipulagður sem hann er, og svo öflug ítök, sem hann á í stjórnum og framkvæmdarvaldinu, hver í sínu landi, ekki sömu þörf fyrir frjálslynda vinnulöggjöf og verkalýður þessa lands, sem að því leyti hefir margfalt veikari aðstöðuna. Og er hér bersýnilega sjálfhelda. Því veikari faglega og pólitíska aðstöðu sem verkalýðurinn hefir, því meiri þörf er honum á frjálslyndri vinnulöggjöf, en jafnframt á hann þá erfiðara með að koma henni á. Þessa sjálfheldu hefir Alþfl. nú að nokkru leyti tekizt að rjúfa fyrir hinn íslenzka verkalýð með afskiptum sínum af þessari væntanlegu lagasetningu.

I. kafli frv., um réttindi verkalýðsfélaganna, á sér engar fyrirmyndir í löggjöf annara landa, ekki heldur á Norðurlöndum. Hæstiréttur Dana getur þess vegna endurtekið dóm sinn frá 1873 og uppleyst verkalýðsfélög sem hættuleg þjóðskipulaginu, að l. hefir að því leyti ekkert verið breytt á þessu tímabili. Hvergi, og ekki heldur á Norðurlöndum, eru verkamenn verndaðir með lögum gegn árásum atvinnurekenda á samtök þeirra, hvergi lögfest réttindi til handa verkalýðsfélögum til að skipa trúnaðarmenn til eftirlits á vinnustöðvunum, hvergi í l. verndaður samningsréttur verkalýðsfélaga í líkingu við ákvæði 7. gr. þessa frv., hvergi neitt bann við starfsemi neinskonar verkfallsbrjóta. Norsku alþýðusamtökin reyndu samfleytt í 17 eða 18 ár frá 1898—1915, að fá sett í l. ákvæði, að efni til eins og ákvæði 4. gr. þessa frv., þ. e. um að banna atvinnurekendum að ofsækja verkamenn fyrir stjórnmálaskoðanir þeirra og þátttöku í verkalýðsfélagsskap. Sú krafa var jafnharðan kveðin niður með gagnkröfu um það, sem atvinnurekendunum þóknaðist að kalla pólitískt hlutleysi af samtökum verkamanna. Ofsóknum á beztu menn alþýðusamtakanna í Noregi linnti ekki árum saman, og þó varð engri vörn við komið. Þeir voru hver af öðrum flæmdir úr landi og flúðu til Ameríku. Sumum þessara landflóttamanna auðnaðist að heilsa aftur upp á „gamla Noreg" og þakka eftirminnilega fyrir sig síðast. Í þeirra hópi eru núverandi stjórnarforseti Norðmanna, Nygaardsvold, og eftir því, sem ég veit bezt, Madsen verzlunarmálaráðherra, auk annara ágætra forustumanna norska Alþýðuflokksins. Í hinni alkunnu septembersætt, sem verkamenn í Danmörku neyddust til að undirgangast rétt fyrir aldamótin síðustu og enn er í gildi, urðu þeir beinlínis að skuldbinda sig til að vernda rétt atvinnurekendanna til að mega vera einráðir um ráðningar og uppsagnir verkamanna sinna, en danskir félagsmenn segja, að með því sé raunar á þá lagt að aðstoða atvinnurekendur við að hrekja menn frá vinnu vegna skoðana þeirra og hlynna að verkfallsbrjótum. Síðan 1920, eða í 18 ár, hefir verið uppi krafa af hálfu verkalýðsfélaganna í Danmörku um, að félagsbundnir verkamenn mættu neita að aðstoða vinnuveitendur sína við verkfallsbrot, en við það hefir alls ekki verið komandi. Hvergi á Norðurlöndum hefir verkamönnum dottið í hug að hreyfa till. um vernd gegn verkfallsbrjótum í áttina jafnróttækum og þeim, sem eru í 18. gr. þessa frv. Ég hefi átt kost á að sjá umsögn norska atvinnurekendafélagsins um þetta frv., og verulega orðlausir verða þeir herrar ekki fyrr en þeir koma að 18. gr. Þá segja þeir aðeins: „Denne paragraf bör utgå".

Hér verða samkvæmt hinni væntanlegu vinnulöggjöf öll verkföll lögmæt, ef þau eru samþ. af meiri hl. með leynilegri atkvgr., er stendur í 24 klst. Í Danmörku þarf til þess, skv. septembersættinni, ¾ greiddra atkv., þ. e. rúmur ¼ fundarmanna ræður í þessum efnum fyrir allt að ¾ þeirra, og þó að allir félagsmenn séu viðstaddir. Þegar um er að ræða þau verkföll, sem varða kaup og kjör, þ. e. sjálfa upphæðina og þau friðindi, sem eru kaupsigildi — og er þar aðeins átt við verkföll, sem koma fyrir í sambandi við það, að samningur gengur úr gildi að liðnum samningstíma eða fyrir uppsögn eða ef kauptaxtar falla úr gildi eða þeim er breytt — verður fyrirvarinn hér 7 dagar, en verkföll af öðru tilefni, sem verkamenn kunna að gera til þess að rétta hlut sinn að öðru leyti, má gera fyrirvaralaust sem skyndiverkföll. Jafnvel hinn almennt tilskylda 24 tíma frest til atkvgr. má með nokkurri fyrirhyggju gera hér að engu með því að fela hæfilega fjölmennu trúnaðarmannaráði, skv. heimild c-liðs 15. gr., að gera út um þau verkföll. Fyrirvari verkfalla í Danmörku skv. septembersættinni er aldrei minni en 14 sólarhringar, og getur orðið 28 sólarhringar vegna afskipta sáttasemjara. Í Noregi er tilskilinn fyrirvari allt að 16 sólarhringar, og í Svíþjóð 7. En í öllum þessum löndum er hins sama fyrirvara krafizt um öll verkföll. Um þetta atriði verður hin íslenzka vinnulöggjöf stórum frjálslyndari í garð verkamannanna en það, sem bezt gerist á Norðurlöndum. Þess er þó rétt að geta í þessu sambandi, að á Norðurlöndum hafa gengið dómar í vil verkamönnum til réttlætingar skyndiverkföllum undir vissum kringumstæðum. Þrátt fyrir ákvæði septembersættarinnar um hinn langa fyrirvara fyrir öllum verkföllum hafa í Danmörku verið dæmdir hæstaréttardómar, sem réttlæta fyrirvaralaus skyndiverkföll, ef þau hafa miðað til þess að knýja fram greiðslu umsamins kaupgjalds eða til verndar lífi, æru og velferð verkamanna, eins og það er orðað.

Á Norðurlöndum er sáttasemjara í vinnu-

deilum fengið mjög mikið vald til að stöðva verkföll um lengri og skemmri tíma. Hér fær sáttasemjari ekkert slíkt vald. Hér ræður meiri hl. atkv. úrslitum um till. sáttasemjara, ef 35% félagsmanna eru á fundi, og stighækkandi meiri hl. eftir því sem færri mæta, prósenta á móti prósentu. Í Danmörku ræður meiri hl. því aðeins, að 75% félagsmanna séu á fundi, og í Noregi má heita hin sama regla hér að lútandi. Hér á fundur með minna en 20% fundarsókn ekki að geta hafnað till. sáttasemjara. Í Danmörku og Noregi er miðað við 25%. Hefir reynslan hér sýnt, að þetta takmörkunarákvæði mundi aldrei hafa haft þýðingu fyrir niðurstöðu í atkvgr. um till. sáttasemjara, og er því síður en svo líklegt til að geta haft það, eftir að það skilyrði er lögfest og orðið aðilja kunnugt.

Reglan um skipun hins fyrirhugaða gerðardóms hér, og félagsdómsins er tekin eftir því, sem bezt hefir þótt gefast á Norðurlöndum. Í réttarþjóðfélagi er ekki um það að ræða, að annar aðili ráði meiri hl. dómsins. Jafnmargir fulltrúar frá báðum aðiljum og einn oddamaður, skipaður af hinum þriðja, þykir vera veikur dómur. Allt er komið undir afstöðu oddamannsins, og hann er veikari fyrir áhrifum hins sterkara aðilja, sem í langflestum tilfellum eru atvinnurekendur, heldur en ef fleiri eru saman, og fremur ætlandi að líta til beggja átta, sem þá er vinningur fyrir verkamennina.

Nú ætla ég, að ég hafi gert viðunandi ljósa afstöðu Alþfl. til vinnulöggjafarmálsins. Hann hefir í meira en tug ára barizt hér sinni baráttu, fáliðaður á Alþ., og raunar ætíð, að því er virðast mátti, gegn fullkomnu ofurefli. Upphaflega var vinnulöggjöfin borin fram á Alþ. af sjálfstæðismönnum til þess að vera kúgunarlög, er hneppt hefðu allan verkalýð landsins í þrældómsfjötra, og engin leið hefði verið að halda uppi nema með valdi, enda til þess ætlazt, og oft farið fram á slíka hervæðingu jafnframt, þó að hér ætti í hlut stærsti þingfl., með ríkri stoð í næststærsta þingfl., tókst Alþfl. að eyða málinu, og svo jafnan meðan ekki var um annað að ræða en vinnulöggjöf, sem orðið hefði réttarskerðing fyrir verkalýðinn.

Nú á þeim tíma, þegar enginn skortur er á, að báðir stærstu þingfl. brosi hýrlega hvor til annars, og allir vita, að engin leið var að umflýja, að vinnulöggjöf hlaut að verða sett í einu formi eða öðru — nú þegar aðstaðan í þinginu til ákjósanlegustu lausnar þessu máli er allt annað en styrk, og verkalýðurinn í landinu sundraðri og meira reynt um hann að villa en nokkurn tíma áður, tekst Alþfl. að aka svo málinu, að í stað kúgunarlaga verður hér sett vinnulöggjöf, sem að vísu stendur til bóta, en er veruleg réttarbót fyrir verkalýðinn og frjálslegri en dæmi eru til í nokkru landi í veröldinni, og jafnvel verkalýður annara Norðurlanda með sínum voldugu samtökum, ríku ítökum í löggjöf og sínar eigin landstjórnir í öllum löndunum má líta undrandi til.

Ef verkalýðurinn í landinu kann ekki að meta þessa meðferð málsins og bráðabirgðamálalok til að una við, byggja ofan á og hjálpa til að umbæta, þá er það ekki verst fyrir þá fulltrúa hans, sem hér hafa aðallega að unnið — það er verst fyrir verkalýðinn sjálfan.

Mér er sérstakt ánægjuefni, um leið og ég við þetta tækifæri flyt verkalýðssamtökunum í kjördæmi mínu mínar beztu kveðjur, að hafa átt kost á því, að láta þau heyra, að á milli mín og þeirra er enginn ágreiningur í þessu þýðingarmikla máli.

Ísleifur Högnason: Herra forseti! Góðir hlustendur! Ef þetta vinnulöggjafarfrv. verður að lögum, markar það tímamót í sögu íslenzkrar verklýðsbaráttu. Með því er fyrsta sporið stigið í áttina til þess að gera íslenzka verkamenn að þrælum. Eins og nú er högum háttað, er verkamönnum heimilt að leggja niður vinnu, þegar þeim þykir henta, en samkv. þessu lagafrv. eru þeir hnepptir við vinnuna með svipu laganna reidda að höfði sér. Áður fyrr var þrælunum refsað með hnútasvipum, ef þeir ekki unnu að skapi húsbænda sinna. Nú er svipa laga og lögregluvalds reidd að höfði þeirra, ef þeir ekki vinna að geðþótta atvinnurekenda. Enda þótt ekki sé gert ráð fyrir því í frv., að hægt sé að varpa mönnum í fangelsi, þótt þeir ekki vilji sætta sig við að vinna við þau kjör, sem atvinnurekandanum þóknast, er það, ef l. ná fram að ganga, orðið refsivert athæfi, og það þarf ekki mikið ímyndunarafl til þess, að láta sér detta í hug, að svo frekleg ýfing og áreitni neyði verkamenn í sjálfsvarnarskyni til þess að brjóta önnur l., sem harðari refsingu varða en brot á sjálfri vinnulöggjöfinni. Þess eru líka ótal dæmi úr verkfallssögu annara þjóða, sem við slíka vinnulöggjöf eiga að búa, að verkamenn hafi verið fangelsaðir hópum saman, barðir og lemstraðir af lögreglunni, og þarf ekki lengra að leita en til Norðurlanda, en til þeirra er fyrirmynd l. sótt. Það má raunar segja, að það sé orðin hefð hér á Alþ. að vitna til fordæma þeirra frá Norðurlöndum, ef rökstyðja þarf eitthvert það mál, sem til óþurftar má verða íslenzkri alþýðu, og svo er um þetta. Í grg. frv. er ekki gerð minnsta tilraun til þess að rannsaka orsakir verkfalla og vinnuskilyrði hér á landi. Stærðar rit, sem nefnist álit vinnulöggjafarnefndar og fylgir lagafrv. sem grg., fjallar nær eingöngu um erlenda vinnulöggjöf. Í þessum löndum öllum eru atvinnuhættir og öll lífsskilyrði verkafólks mjög ólík, enda vinnulöggjöf landanna breytileg. Nál., svo takmarkað sem það er, fjallar einvörðungu um það, á hvern hátt réttur verkamanna til vinnufrelsis er skertur í öðrum löndum, því að auðvitað var tilgangur frv., sem hér liggur fyrir, aldrei annar en sá, að skerða núverandi réttindi íslenzkra verkamanna.

Að n. hafi lagt sig í líma til þess að rannsaka þá hlið erlendrar vinnulöggjafar, sem veitir verkamönnum meira öryggi og bætta þjóðfélagslega afstöðu, verður hvergi séð í frv. Þó er það einmitt þessi hlið vinnulöggjafarinnar, sem vænta hefði mátt, að stj. hinna vinnandi stétta hefði fyrst og fremst látið rannsaka.

Í löggjöf hvers einasta lands, sem ekki býr við fasistiska villimennsku, eru ákvæði, sem tak-

marka mjög vinnu barna og kvenna, að konur og börn vinni í heilsuspillandi iðngreinum. Ákvæði um húsnæði, loftræstingu, þrifnað og fl., hvað minnst megi vera, er ennfremur ákveðið í löggjöf erlendra menningarríkja. Að vísu munu vera til einhversstaðar í skjalasafni Alþ. l., sem banna að nota húsnæði, sem ekki fullnægja ákveðnum lagafyrirmælum, bæði til atvinnurekstrar og ibúðar, en sjálfsagt hafa þau l. ekki verið neitt alvarlega meint, því að til framkvæmda á þeim hefir aldrei komið, og hinir löghlýðnu borgarar hafa aldrei látið sér detta í hug að efla lögreglu ríkis eða bæja til þess að halda l. í heiðri, því að fyrir barðinu á því lögregluvaldi yrði ekki alþýðan, heldur þeir sjálfir.

Í þessum l. er ekki hægt að benda á einn bókstaf, sem veiti verkamönnum nýjar réttarbætur eða annan rétt en þeir nú hafa samkv. stjskr. landsins.

1. gr., hljóðar um það, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd til þess að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar. Þennan rétt hafa menn haft hér á landi, og engum, jafnvel ekki hatrömustu andstæðingum verklýðssamtakanna, látið sér detta í hug að fá verklýðsfélög dæmd ólögleg fyrir þær sakir, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verklýðsstéttarinnar.

Í 2. gr. segir, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein eftir nánari ákvæðnum reglum og samþykktum félaganna. Þetta hefir svo verið í öllum stéttarfélögum, og er einnig heimilt samkvæmt stjskr.

Í 3. gr. er sagt, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í l. þessum. Fram að þessu hafa stéttarfélögin ráðið sínum málefnum sjálf án nokkurra takmarka. Í lagafrv. er sægur af takmörkunum á sjálfsákvörðunarrétti verklýðsfélaganna, að viðlögðum sektum, allt að 10 þúsundum kr., og innibindur þessi 3. grein samnefnara að öllum þeim réttarskerðingum, sem í frv. felast.

Það væri of langt mál að rekja allar þær réttarskerðingar, sem frv. hefir inni að halda, en ég ætla aðeins að drepa á þær helztu. Tilkynna skal vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara, áður en hún hefst, ef tilgangurinn er að knýja fram breyt. á kaupi eða kjörum. Ennfremur má ekki gera verkföll út af málum, sem heyra undir félagsdóm. Hingað til hefir verkalýðurinn átt eitt vopn til varnar hagsmunum sínum, réttinn til þess að hætta að vinna, þegar honum þætti svo þrengt að kjörum sínum og kaupi, að eigi yrði við unað. Daglaunamenn allir, þeir sem vinna tímavinnu, sem ávallt er mjög stopul, hafa getað varizt nokkuð launalækkun með því, að stöðva vinnu við þau tækifæri, sem atvinnurekendur eru sízt við því búnir, eða með því að gera verkfall með stuttum eða engum fyrirvara. Á þennan hátt hafa t. d. eyrarverkamenn víðast hvar getað komið fram kröfum sínum. Ef rannsakað væri, myndi það koma í ljós, að flest, ef ekki öll verkföll, sem daglaunamenn hafa gert, eru hin svonefndu skyndiverkföll. Daglaunaverkamennirnir eru áreiðanlega sú stétt þjóðfélagsins, sem við þrengstan kost eiga að búa. Um hæð kaupgjaldsins er það að segja, að þó það víðast hvar á landinu sé ekki hátt, væri það þó viðunanlegt, ef vinnan væri stöðug. En því er ekki til að dreifa. Daglaunaverkamenn hafa margir hverjir ekki meiri atvinnu en það, að ef árstekjunum er jafnað niður á allt árið, verður tímakaupið ekki nema fjórðungur þess taxtakaups, sem þeir vinna fyrir. Þetta er ekki að jafnaði tekið með í reikninginn, þegar litið er til kjara daglaunaverkamanna, heldur verður mörgum á að einblína á kauphæðina, sem greitt er fyrir hverja klukkustund.

Með ákvæði því í þessu lagafrv., sem bannar verkamönnum skyndiverkföll, eru hinir verst stæðu þegnar þjóðfélagsins ofurseldir geðþótta atvinnurekenda um kaup sín og kjör enn meira en nú er. Sjö sólarhringa fyrirvarinn þýðir það í flestum tilfellum, að atvinnurekendur þeir, sem annars þurfa menn í tímavinnu, geta komið málum sínum þannig fyrir, að verkamönnum sé verkfallsrétturinn að engu orðinn. Ennfremur þýðir þessi frestur það, að verkamenn mega ekki gera skyndiverkfall til þess að knýja fram bætur á vanrækslu atvinnurekenda í nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við vinnuna, né knýja þá til að standa við lögmætar skuldbindingar um greiðslu kaupgjalds. Formælendur frv. hafa haldið því fram, að í vissum tilfellum væru skyndiverkföll leyfileg, en það yrði þá að lesa einhversstaðar á milli linanna, því að ákvæði, sem heimila verkföll í þessum tilgangi, fyrirfinnast hvergi í l., sem þó væri sjálfsagt að láta koma skýrt fram, ef um það væri að ræða að tryggja á einhvern hátt rétt verkamanna.

Ekki má heldur gera verkfall, ef tilgangurinn er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim l. samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim l. samkvæmt er skylt að framkvæma.

Hefði þetta ákvæði verið í l., þegar bifreiðastjórar í Reykjavík gerðu verkfall gegn benzíntollinum, hefði það verkfall verið lagabrot og refsivert. En með verkfalli þessu vannst það á, að benzínverðið hækkaði ekki því sem tollurinn nam; ríkisstj. neyddist til að veita ívilnanir um rýmkuð innflutningsleyfi fyrir benzíni, og á þann hátt varð árangur verkfallsins sá, að benzíninnflytjendur voru neyddir til að taka á sig tollinn. Að dómi þeirra þm., sem leggja blessun sína yfir frv., hlýtur það að hafa verið hin mesta óhæfa af bílstjórum að taka ekki möglunarlaust við hækkun benzínverðsins, og enn meiri fjarstæða að láta erlenda hringa borga tollinn, sem nemur hundruðum þúsunda á ári í ríkissjóð.

Nokkur verkföll, sem hefðu verið ólögleg, ef l. hefðu verið í gildi:

1. Verkfall Dagsbrúnar hjá h/f Fiskimjöli 1936 vegna ágreinings um tölu verkamanna í verksmiðjunni.

2. Verkfall Dagsbrúnar og samúðarverkfall félags járniðnaðarmanna og Iðnaðarsambands byggingarverkamanna við Sogsvirkjunina í marz 1936 vegna ágreinings milli danska atvinnurekandans Höjgaards og Dagsbrúnar.

3. Verkfall múrarasveinafélagsins í okt. 1936

við Sogsvirkjunina um ágreining út af vinnusamningi, sem atvinnurekendur höfðu brotið.

4. Verkfall Iðju við Álafossverksmiðjuna í nóv. 1936 vegna vinnusamnings og uppsagnar fimm verkamanna.

5. Verkfall húsgagnasveina í marzlok í fyrra, sem gert var í samúðarskyni við verkfall húsgagnasveina.

8. gr. frv. mælir svo um, að stéttarfélög beri ábyrgð á samningsrofum þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Um ábyrgð atvinnurekenda á laga og samningsbrotum er minna talað í frv., enda leggur það engar þær kvaðir eða skyldur á atvinnurekendur, umfram það sem þeir nú hafa, að ábyrgð verði komið á hendur þeim. Þeim er að vísu óheimilt, að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna með hótunum um uppsögn vinnu og mega ekki reka menn úr vinnu fyrir trúnaðarstörf í þágu stéttarfélags, en allir sjá, að í kringum þessi ákvæði eiga atvinnurekendur mjög auðvelt með að fara.

Það er rétt að minnast á það í þessu sambandi, að fyrir hv. Nd. liggur frv. um að breyta útvarpslögunum. Frv. er flutt að tilhlutun forseta Sþ., hv. þm. Seyðf. (HG), sjálfum formanni Alþfl. Samkv. þessu lagafrv. er meiningin að leysa núverandi þingkosna menn í Útvarpsráði frá starfi sínu og kjósa nú á þessu þ. menn í útvarpsráðið að nýju. Nú vill svo einkennilega til, að tveir af þessum mönnum í útvarpsráði eru flokksbræður Haralds Guðmundssonar, en þeir eru komnir á aðra skoðun en hann um það, á hvern hátt alþýðunni sé heilladrýgst að sameinast. Þeir eru báðir í vinstra armi Alþfl., þ. e. með kjósendum Alþfl., en móti þm. Alþfl. Vitanlega nota flm. frv. aðra ástæðu fyrir frv. en þá, að bola þurfi þessum mönnum frá starfi sínu vegna stjórnmálaskoðun þeirra, þótt allir sjái, að það og ekkert annað er tilgangurinn. Samkv. ástæðunum, sem allshn. flytur fyrir frv., var engin þörf að kjósa að nýju í útvarpsráðið á þessu Alþ. Í þessu tilfelli má líta á ríkið, og þá beinlínis Alþ., sem atvinnurekanda og húsbónda þessara manna í útvarpsráði. Ef Alþ. ætlar nú sem atvinnurekandi að fara að reka menn úr starfi sínu vegna stjórnmálaskoðana sinna, samtímis því, sem það samþ. l., sem banna slíkt athæfi, og vitanlega er fordæmt í réttarmeðvitund þjóðarinnar, — hvaða virðingu halda hv. þm. þá, að atvinnurekendur beri fyrir lagaákvæði, sem bannar skoðanakúgun gagnvart verkamönnum?

Í grg. sinni fyrir frv. um vinnulöggjöf telur n., að nauðsyn beri til að löggjöfin þegar í upphafi hafi á bak við sig velviljað almenningsálit. Ég ætla að lesa þessi ummæli upp, með leyfi hæstv. forseta: „Því væri æskilegt", segir n., „að ekki þyrfti að vera um harða andstöðu — allra sízt rökstudda — gegn henni að ræða, hvorki frá verkamönnum né atvinnurekendum. Á þessum síðari atriðum veltur það áreiðanlega að mjög miklu leyti, hvort löggjöfin er framkvæmanleg. En reynist hún ekki framkvæmanleg, nær hún auðvitað ekki tilgangi sínum og er pappírsgagn eitt, eins og sumstaðar hefir orðið um viss ákvæði slíkrar löggjafar í öðrum löndum".

Um afstöðu atvinnurekenda til þessa vinnulöggjafarfrv. er löngu vitað. Hvað eftir annað hafa fulltrúar þeirra hér á Alþ. og utan þess lýst þessari lagasmíði sem spori í rétta átt, og nú síðast hafa sjálfstæðismennirnir í allshn. lýst fögnuði sínum yfir því, að frv. er komið fram, og ljá því óskipt fylgi sitt, þótt þeir óski eftir smávægilegum breyt. á því, eins og þeir sjálfir hafa orðað það. Ekki einn einasti atvinnurekandi hefir lýst sig andvígan meginstefnu frv., sem heldur er ekki við að búast, því að allt gengur það freklega á gildandi réttindi verkamanna og auðveldar atvinnurekendum hina fyrirhuguðu kaupkúgunarherferð gegn verkalýðnum, sem á að verða þeirra aðalbjargráð í yfirstandandi og komandi kreppu. Vegna þess að hv. þm. Snæf. (TT) hefir lýst því yfir, að þetta vinnulöggjafarfrv. sé í öllum aðalatriðum í sama anda og frv. það, sem hann og aðrir sjálfstæðismenn hafa flutt hér á undanförnum þingum, má vænta þess, að hann og hans flokkur muni hafa líkan hug á að stuðla að því, að l. nái framkvæmd, eftir að Alþ. hefir samþ. þau, eins og um hans eigið fóstur væri að ræða, en til þess hefir hann ekki viljað spara af hálfu hins opinbera fé né mannafla, og látið það skýlaust uppi, að ef verkalýðurinn hefði l. að engu, vildi hann auka ríkislögregluna svo mikið, að þau mætti halda í heiðri með lögregluvaldi.

Ég hefi nú lýst afstöðu þeirra manna, stórútgerðarmanna og atvinnurekenda, sem málið skiptir sem annars aðilja, og er afstaðan öll á einn veg, óskipt ánægja með frv., og er engin hætta á, að til þess komi, að þeir líti á það sem pappírsgagn.

En hvaða undirtektir hefir frv. fengið hjá hinum aðiljunum, verkalýðnum? Þrátt fyrir ýtrustu tilraunir hægri foringja Alþfl. hafa þeir ekki getið fengið nema lítinn hluta hins skipulagða verkalýðs til þess að mæla með því, að vinnulöggjöf sem þessi yrði sett, og undantekningarlaust hafa öll verklýðsfélög lagzt á móti því, að frv. yrði samþ. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir. Samt sem áður leyfir formælandi frv. af hálfu Alþfl. sér að leggja blessun sína yfir þessi kúgunarlög. Um Sjómannafélag Reykjavíkur er sannleikurinn sá, að formaður þess, sem er einn af hægri foringjum Alþfl., hefir ekki þorað að bera það undir atkv. þar, því að hann veit, hver afdrif þess myndu verða. Sá óheiðarlegi málflutningur hv. flm. þessa frv., þegar hann er að gylla frv., er svo gott dæmi, að ég get látið hann nægja. Svo opinber fyrirlitning á vilja flokksmanna sinna, svo óskammfeilin uppreisn gegn lýðræði og vilja kjósendanna munu eiga sér fá eða engin dæmi í íslenzkri þingsögu.

Og hver er þá afsökunin, sem þessir menn reyna í vanmætti sínum að bera fram fyrir þjóðina? Hún er í stuttu máli þessi. Hvað svo sem þið verkamenn góðir, kunnið um þetta að segja, þá er það okkar eigin sannfæring, að frv. sé til réttarbóta fyrir ykkur, og þó að við auðvitað, eins og þið, séum óánægðir með hin

einstöku atriði þess, þá er þó sá kosturinn betri, að taka við því eins og það er frá Framsfl. heldur en að annað verra yrði lögleitt með samvinnu Íhalds og Framsóknar, þar sem áhrifa Íhaldsins myndi gæta enn meir en þó er hægt að segja um þetta frv.

Það er ekki úr vegi að athuga dálítið betur, hversu haldgóð þessi málsvörn hægri foringjanna er.

Til þess að létta á útgerðarkostnaði af íslenzka flotanum hafa nokkrir þm. Framsóknar gerzt flm. frv., sem ráðgerir allverulega fækkun siglingafróðra manna og vélamanna á skipunum. Að dómi allra sjómanna, sem látið hafa uppi álit sitt á frv. þessu, er það stórhættulegt öryggi allra sjófarenda, enda ekki nema tvö ár síðan gildandi l. voru sett um þessi efni, og þá vegna aðkallandi nauðsynjar. Krafan um þessa fækkun yfirmanna á skipunum er komin frá Félagi botnvörpueigenda í Reykjavík, en þm. Sjálfstfl. mun hafa klígjað við að flytja frv., enda koma þeir sér saman um, að klofna í afstöðunni til málsins, þegar til atkvgr. kom, tryggðu aðeins, að svo mikið brot af flokknum fylgdi því í Nd., að frv. yrði samþ.

Gerum nú ráð fyrir, að þeim sjálfstæðismönnum, sem æstastir eru að koma máli þessu í gegn um þingið, hefði þótt betur henta að koma því í gegn með stuðningi þm. Alþfl.; hefði þeim átt að vera sú leið innan handar með því að bera sjálfir fram frv. um að afnema með öllu stýrimenn og vélfróða menn af skipunum. Þá hefðu foringjar Alþfl., ef dæma skal eftir afstöðu þeirra til vinnulöggjafarfrv., átt að dásama frv. framsóknarmanna og veita því stuðning sinn til þess að forða sjómönnum og sjófarendum frá því, að Framsókn í samvinnu við Íhaldið samþ. enn verri siglingal., þar sem áhrifa Íhaldsins gætti enn meir en þó væri hægt að segja um frv. Framsóknarþm.

Þessi rök afturhaldsins í Alþfl., að fólk verði í öllum tilfellum að taka skárri kostinn af tvennu illu, til þess að losna við þann verri, hlýtur að leiða til þess, að afturhaldið fær að lokum komið fram öllum sínum málum, eins og raunin var á í Þýzkalandi, en þar notuðu hægri sósíaldemókratarnir einmitt þessi sömu rök og skoðanabræður þeirra hér á Íslandi.

Þessi afstaða Alþfl. endar með því, að allt lýðfrelsi verður afnumið, þjóðin missir alla tiltrú til vinstri flokkanna, og verður afturhaldinu og lýðskrumi þess að bráð fyrr en varir.

Ábyrgðina á því, að vinnulöggjafarfrv. verður að l., bera hægri þm. Alþfl. einir. Ef þeir hefðu gert skyldu sína í því, að fylkja verklýðssamtökunum um kröfu okkar kommúnista og vinstri arms Alþfl. til einhuga mótmælabaráttu gegn þessum l., þá hefðu þm. Framsfl. ekki látið sér detta í hug að bera fram frv., og hefi ég rökstutt það hér að framan. Foringjar Alþfl. hafa sagt, að ef verkalýðurinn sýndi því engan velvilja, væri það fyrirfram dæmt til þess að verða pappírsgagn. Aðeins með því að ginna hægri foringjana til fylgis við það og fá stuðning þeirra, hafa afturhaldsöfl Framsóknar séð sér fært að bera málið fram.

Því hefir verið haldið fram af málsvörum vinnulöggjafarinnar, að með henni væri hagsmunum þriðja aðila, þ. e. þeirra, sem ekki taka beinlínis þátt í kaupdeilum, betur borgið. Að með því að hindra verkamenn í því að gera skyndiverkföll, til þess að verjast launaárásum eða bæta kjör sín, yrði komizt hjá tjóni, sem bitnaði á öllu þjóðfélaginu. Nú er það mála sannast, að með orðinu „þjóðfélag“ eiga stórlaxarnir venjulegast aðeins við sjálfa sig, eða örfáa menn úr yfirstétt þjóðfélagsins. Þeir kalla sig eina Íslendinga, samanber kjörorð þeirra fyrir síðustu kosningar: „Breiðfylking Íslendinga gegn sósíalistum“. Kosningarnar sýndu reyndar, að þessi íslenzka breiðfylking var minni hluti Íslendinga. Nú er ekki svo að skilja, að allt fylgi þessarar breiðfylkingar hafi átt samleið með foringjum hennar, og víst er um það, að í aðstöðunni til þessa máls breiðfylkingarinnar, vinnulöggjafarinnar, eiga ekki yfir 10 af hundraði samleið með henni, og áreiðanlega ekki meira en 1 af hundraði í flokkum Framsóknar og Alþýðu. Eini styrki aðilinn í viðnámi alþjóðar gegn ágengni hinnar fasistisku yfirstéttar eru verklýðsfélögin, og að lama þessa brjóstvörn fólksins eru hin verstu launráð við alla alþýðu, hvaða stjórnmálaskoðanir sem hún annars kann að hafa. Þriðji aðilinn, þjóðfélagið í orðsins réttu merkingu, hefir því áreiðanlega mikinn óhag af framgangi vinnulöggjafar þeirrar, sem nú er verið að koma í gegnum þingið.

Hvað bændum viðkemur, má þeim og vera það ljóst, að kjararýrnun kaupstaðaalþýðunnar er þeim til hins mesta óhagræðis. Þeirra bezti markaður fyrir landbúnaðarafurðir er innlendi markaðurinn, og með versnandi kjörum verkamanna þrengist þessi markaður stöðugt. Verkamenn kaupstaðanna kæra sig sízt af öllu um, að bændur flosni upp af jörðum sínum, og komi í hópinn til þeirra á mölina, sem þýðir enn meira atvinnuleysi og neyð þeirra á meðal. Hjartfólgnustu óskir verklýðsstéttarinnar, hvað málefnum bænda viðkemur, eru þær, að þeim megi vegna sem bezt þar, sem þeir eru, og sízt er það í þeirra þágu, að straumurinn liggur úr sveitunum til sjávarins. En einmitt kaupgeta verkamanna á landbúnaðarafurðum er öruggasta stiflan gegn þessum straum, og þess vegna munu bændur, ef þeir líta ekki á þvingunarlögin gegnum gleraugu Íhalds og framsóknaríhalds, vera þessari vinnulöggjöf andvígir, og það beinlínis af hagsmunalegum ástæðum, ef um mannúðlegri sjónarmið er ekki að ræða, sem ég á engan hátt vil draga í efa.

Beinagrindina að þessari vinnulöggjöf hafa flm. fengið að láni úr hinni svokölluðu dönsku „septembersætt“. Þessi septembersætt er þannig til komin, að árið 1899 stöðvuðu danskir atvinnurekendur allar sínar verksmiðjur um langan tíma og útilokuðu tugi þúsunda verkamanna frá vinnu. Verkamennirnir urðu ásamt fjölskyldum sínum að svelta mánuðum saman, áður en atvinnurekendum tækist að sigra þá og þrýsta niður launum þeirra. Auk þess sem iðjuhöldunum tókst að rýra kjör verkamannanna, þvinguðu þeir félög þeirra til að ganga inn á þessa svokölluðu „septembersætt“, sem líkja mætti við friðarsamninga þá, sem Miðveldin

voru neydd til að undirskrifa í lok heimsstyrjaldarinnar og kenndir eru við Versali. Ávextina af Versalafriðarsamningunum eru lýðræðisþjóðir Evrópu nú að uppskera. Nýtt blóðbað ógnar heiminum af hálfu þeirrar þjóðar, sem þá var kúguð til samninga. Septembersættin danska er að vísu gerð með samþykki danskra verkamanna, eins og Versalasamningarnir voru undirskrifaðir af Þjóðverjum, en að þeim nauðugum og gersigruðum.

Maður freistast til að álíta, að hægri foringjar Alþfl. líti svo á, eftir að þeir eru búnir að láta hafa sig til að kljúfa flokk sinn, að verkalýðssamtökin séu þar með sigruð, og sé því ekki annað fyrir hendi en nota tækifærið til þess að koma á þessari vinnulöggjöf, sem troðið er upp á þjóðina alla og verkamenn í þeirra óþökk. Ég veit, að þetta er ekki réttur útreikningur hjá þeim, frekar en aðrir útreikningar þeirra, t. d. um fylgi sitt meðal þjóðarinnar. Jafnvel þó að í vinnulöggjöfinni séu ákvæði, sem ívilna Alþfl. umfram aðra flokka um tilnefningu manna í hinn svokallaða félagsdóm, mun það hálmstrá ekki geta fleytt þeim lengi, því að fylgislaust foringjalið mun ekki verða tekið alvarlega í þessu efni. Þeir munu innan skamms fá reynslu um þetta og hana dýrkeypta.

Íslenzki verkalýðurinn er ekki sigraður. Þúsundir verkamanna í Alþfl. og Kommfl. vinna um þessar mundir að sameiningu allrar íslenzkrar alþýðu í einn sterkan, sósíalistiskan lýðræðisflokk. Það verða þessir menn, sem á morgun sýna löggjafanum og öðrum, að vinnulöggjöfin á sér fáa formælendur meðal verkafólks og alþýðu. Að lokum vildi ég mælast til þess, úr því að hægri foringjar Alþfl. eiga leið suður í kirkjugarðinn á morgun, að þeir vildu halda á þessu vinnulöggjafarfrv. með sér og skilja það þar eftir.

Þorsteinn Briem: Herra forseti! Þessara útvarpsumræðna hefir verið óskað af hálfu Alþfl. til þess, að því er mér hefir skilizt, að þeir fái nú tækifæri til að talast við í áheyrn alþjóðar, þeir hálfbræðurnir Alþfl., eða flokkur Haralds Guðmundssonar, og Kommúnistarnir og Héðinn Valdimarsson.

Ég hefi enga löngun til þess, að blanda mér inn í einkamál þeirrar fjölskyldu. Mun ég því ekki taka þátt í þessum útvarpsumræðum, heldur aðeins lýsa afstöðu Bændafl. til frv., og ekki taka til máls aftur, nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til.

Bændafl. hefir greitt og mun greiða atkv. með frv. Frv. er að vísu langt frá því að vera fullkomið, að ýmsu leyti ófullkomnara en reglur þær, er um þetta efni gilda annarsstaðar á Norðurlöndum. Þurfti þó til slíks frv. að vanda, þar sem því er ætlað að ráða nokkra bót á einu hinu mesta meini atvinnulífsins, en það eru vinnustöðvanirnar, einkum er þær skella skyndilega á og fyrirvaralaust. Verður ekki í tölum talið það beina og óbeina tjón fyrir þjóðarheildina, er af þeim leiðir, því að venjulega hafa báðir aðiljar miður. Atvinnureksturinn stöðvast, venjulega þegar verst gegnir, og þjóðarheildin missir þann gjaldeyri, sem ella hefði verið aflað. Hver getur t. d. vitað, hve miklu þjóðfélagið tapar á stýrimannaverkfallinu, sem nú stendur yfir, ef það yrði langt? Vér sjáum útlendu fragtskipin vera að snöltra hér við landið, og þau eru auðvitað viðbúin að ná flutningunum af Íslendingum, ef verkfallið helzt. En á meðan eru ríkisskipin stöðvuð og allur siglingafloti landsmanna, til þess eins að knýja fram launahækkun fyrir nokkra menn, sem hafa 6000—9000 kr. árslaun fyrir, að fríðindum meðtöldum.

Þjóðfélagið hefir gert þá nauðsynlegu sjálfsvörn, að banna með l. verkföll embættismanna og opinberra starfsmanna þjóðfélagsins. Þetta verkfall stýrimannanna, sem hafa laun eins og flestir hinir hæstlaunuðu embættismenn, það sýnir, að að því getur rekið, að það verði óumflýjanleg, nauðsynleg sjálfsvörn þjóðfélagsins, að lögbanna verkföll af hendi þeirra manna, sem eru á föstu árskaupi og hafa hærri árslaun en meðal embættismenn. Þeir, sem búa við beztu embættismannakjör að launum til, og jafnvel eftirlaunum, verða og að þessu leyti að sætta sig við embættismannakjör. Þjóðfélagið verður ætíð að ætlast til meira af þeim, sem búa við beri kjör en almenningur. Þjóðfélagið á ekki aðeins sjálft mikið undir, að vinnustöðvunum verði frestað eða afstýrt. Þess eru eigi fá dæmi, að verkamennirnir missi svo mikils í af atvinnu sinni í langvinnum vinnustöðvunum, að það þurfi mörg ár, og jafnvel áratugi, til að vinna það upp, móts við það, ef sáttatillögum hefði verið tekið í tíma. Glöggt dæmi þess er togaraverkfallið árið 1929. Það stóð í tvo mánuði. En eftir tveggja mánaða verkfall komust loks sættir á upp á 50 aura hækkun á fatið í lifrarpremíu, 6 kr. hækkun á mánuði á ísfisksveiðum og 2 kr. mánaðarkaupshækkun á saltfisksveiðum, að mig minnir, frá þeim till., sem sáttasemjari hafði borið fram eftir 1½ mánaðar verkfall, en verið hafnað.

Árið 1929 var ágætis aflaár. Það er því varla vafi á, að hásetarnir eru ekki búnir að vinna enn upp tjónið af því, að til verkfallsins kom, í stað þess ef gengið hefði verið í upphafi að svipuðum kjörum og fólust í till. sáttasemjara. Þannig er um fjölda af verkföllum. Báðir deiluaðiljar tapa, en þjóðfélagið þó mest. Þess hefir því þótt brýn nauðsyn með öllum menningarþjóðum, að setja lög og reglur til þess að girða eftir því sem auðið er, fyrir vinnustöðvanir og það tjón, sem af þeim hlýzt. Og í sumum löndum hafa aðiljarnir fyrir alllöngu náð þeim þroska, að þeir hafa sjálfir komið sér saman um reglur, sem fylgja skuli, til þess að draga úr vinnustöðvunarhættunni. Sá þjóðarþroski er ekki enn fyrir hendi hér á Íslandi. Þess vegna verður ekki hjá því komizt, að löggjafarvaldið láti sjálft þetta mál til sín taka og setji löggjöf um vinnudeilur.

Fyrsti vísir þeirrar löggjafar hér á landi eru l. um sáttasemjara, er hafa gert stórmikið gagn. Reynslan hefir þó sýnt, að þau l. eru ekki einhlít, og því hafa komið fram hér á þingi frv. til ýtarlegri l. um þessi mál. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um félagsdóm, er að mestu

samhljóða frv., sem Framsfl. lagði fram á þinginu í fyrra og Alþýðublaðið kallaði þá þrælalög. Nú eru þm. Alþfl. samþykkir þessu frv. Þetta sýnir hraðan skilningsþroska á þessu máli. Þetta frv. er til stór bóta, ef að l. verður, en þó vantar í það ýms ákvæði, sem gilda hjá öðrum þjóðum, eins og t. d. um verksvið sáttasemjara og rétt hans til að fresta vinnustöðvun, meðan sáttatilraunir standa yfir. Skyndiverkföllin eru skaðlegust og mest um deild. Oft er það, að verkamenn eru ekki á eitt sáttir um þau, og oft er, að almenningur, sem utan við þau stendur, getur ekki litið á slík skyndiverkföll öðruvísi en sem uppreisn gegn þjóðfélaginu. Þess vegna er það mikið atriði að tryggja sem lengstan frest til sáttatilrauna, áður en til vinnustöðvunar kemur. Í Danmörku er það skylt að tilkynna till. um vinnustöðvun 14 dögum áður en vinnustöðvun á að hefjast. Á sama hátt skal tilkynna sáttasemjara vinnustöðvun með 7 daga fyrirvara. Í Danmörku er því hægt að fresta vinnustöðvun í 3 vikur, eftir að till. er komin fram um hana, en hér er það aðeins hægt í 7 daga. Og þegar á það er litið, hvað sá tími er stuttur, sem við Íslendingar höfum til að stunda aðalatvinnuveg okkar, fiskveiðarnar, þá er þetta allt of stuttur frestur. Ég tel af þessum ástæðum nauðsynlegt, að fresturinn sé a. m. k. ekki styttri hjá okkur en hann er í Danmörku. Það má segja um ýms fleiri atriði í þessu frv., að það hefði þurft að sníðast meira eftir íslenzkum landsháttum.

Það er vitað, að þetta frv. á að ganga fram og að allar brtt. við það eru gagnslausar. Það er því ekki nema um tvennt að velja, að fylgja frv. óbreyttu eða að vera á móti því. Ég tek hiklaust fyrri kostinn. Ég hefði að vísu óskað ýmissa breyt. á því, einkum í þá átt, að styrkja áhrifarétt sáttasemjara til að fresta vinnustöðvun, meðan hann telur möguleika á að jafna deiluna á friðsamlegan hátt. Með öðrum þjóðum hafa slík ákvæði þótt svo nauðsynleg, að fyllsta samkomulag hefir náðst um þau. En samt sem áður tel ég frv. mikla framför, og munum við bændaflokksmennirnir því greiða því atkv. út úr þessari hv. d.

Með því að ég mun ekki taka aftur til máls í þessum umr., vil ég ljúka máli mínu með því að óska hlustendum árs og friðar.

Héðinn Valdimarsson: Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin hafa frá því fyrsta barizt á móti hverskonar þvingunarlöggjöf gegn hinum frjálsu samtökum verkalýðsins til að bæta kaup hans og kjör eða sameina hann til pólitískra eða stéttarlegra átaka. Allar tilraunir af hálfu borgaraflokkanna til þess að koma á ríkislögreglu, lögþvinguðum gerðardómi eða annarskonar löggjöf, er gæfi öðrum en verkalýðnum sjálfum úrskurðaratkvæði um þau mál, hefir strandað á órofinni andstöðu íslenzkrar alþýðu. Eftir að samstarf hófst að nýju með Alþfl. og Framsfl. í ríkisstj. á árinu 1936, kom Hermann Jónasson hvað eftir annað fram með þá kröfu af hálfu Framsfl., að vinnulöggjöf yrði sett. Þar sem búast mátti við, að þetta gæti orðið stórfellt deiluatriði milli flokkanna, var málið tekið fyrir á þingi Alþýðusambandsins 1936. Var þar allmikill ágreiningur, en þó sættust flestir á sameiginlega ályktun, sem ég flutti, ásamt 9 öðrum fulltrúum. Ýmsir fulltrúar, þar á meðal Hannibal Valdimarsson, Kristinus Arndal o. fl., héldu fast fram þeirri afstöðu, að mótmæla vinnulöggjöf, hvernig svo sem hún yrði. Aðrir, þar á meðal ég, héldu því fram, að ástæðulaust væri fyrir Alþfl. að neita því með öllu, að löggjöf yrði sett um málið. Hitt væri aðalatriðið, að sú löggjöf yrði ekki sett án samþykkis Alþýðusambandsins, á sama hátt sem S. Í. S. hafði haft úrslitaatkvæði um samvinnulöggjöfina og bændur landsins um jarðræktarlögin og framkvæmd þeirra, og í öðru lagi, að hún skerti á engan hátt réttindi verkalýðsfélaganna, heldur yrði þau verulega aukin. Var í því sambandi rætt um, að ef vinnulöggjöfin yrði samþ., þá ætti hún að ná sem mest til aukinna réttinda fyrir verkalýðsfélögin, styttingu vinnutímans, tryggingu fyrir greiðslu kaupgjalds, varnir gegn slysahættu og ofþjökun verkalýðsins o. s. frv. Þessi skoðun varð ofan á á þinginu, og var með henni opin leið til samninga við Framsfl. um þessi efni. En sá skilningur lá á bak við, eins og fyrr er greint, að þingflokkurinn og sambandsstjórn gerðu ekkert endanlegt í þessu án samþykkis Alþýðusambandsins.

Á þingtímanum 1937 var svo skipuð mþn. í málið, en í henni áttu sæti af hálfu Alþfl. Sigurjón Ólafsson, ásamt lögfræðingi, sem ekkert þekkti til þessara mála af reynslu, Guðmundi Í. Guðmundssyni, sem er félagi í málaflutningsskrifstofu Stefáns Jóh. Stefánssonar. Um svipað leyti og þingrofið bar að, báru framsóknarmennirnir í n. fram frv. á þinginu, sem leit út fyrir, að keyrt yrði gegnum þingið gegn andstöðu okkar alþýðuflokksmanna. Kom ég þá með till. um það, að við kæmum með og sýndum frv. frá sjónarmiði verkalýðsins, en Sigurjón Á. Ólafsson og Guðmundur Í. Guðmundsson sögðust hafa það tilbúið, og höfðu þó ekki sýnt okkur það. Gerði ég ráð fyrir, að það mundi vera á grundvelli skoðana verkalýðsfélaganna. Úr þessu varð þó ekkert, þar eð frv. Framsóknar var svæft. N. hélt svo áfram störfum, og einstök atriði voru stundum rædd við þm. og sambandsstjórnarmenn. En enda þótt frv. væri fullbúið seint í janúar síðastl., var það aldrei sent til sambandsstjórnarmanna eins og það lá endanlega fyrir og aldrei borið undir sambandsstjórn. En rétt áður en meiri hl. sambandsstjórnar hóf klofningsstarfsemi sína, þá sendu Jón Baldvinsson og Stefán Jóh. Stefánsson út umburðarbréf í leyni út til verkalýðsfélaganna utan Reykjavikur. Skora þeir þar í nafni Alþýðusambandsins, án nokkurrar heimildar frá stjórnarfundi, á félögin að samþ. frv. óbreytt, aðallega til þess að geta haldið óbreyttum ríkisstjórnartengslum við Framsfl. Jafnframt var hinn sameiginlegi erindreki verkalýðsfélaganna sendur út um allt land til að reyna að smala ályktunum frá félögunum um fylgi við frv. óbreytt. Er þetta óneitanlega einkennileg aðferð af hálfu þeirra, sem að þessu stóðu, og varla gert af öðrum ástæðum en þeim, að þeir

hafi umfram allt viljað fá vinnulöggjöf, en óttast mótstöðu verkalýðsfélaganna, ef málið yrði upplýst frá öllum hliðum. Árangurinn varð þó annar en til var ætlazt. Undir eins og félögin fengu frv. í hendur, reis mögnuð mótstaða gegn því eins og það lá fyrir, þrátt fyrir allan áróður hægri manna, sem virtust meta meira samstarfið við Framsókn, hvernig sem það yrði, heldur en sameiningu verkalýðsins um þessi mál og önnur. Hér í Reykjavík og nágrenni var Guðmundur Í. Guðmundsson sendur á hvern fundinn eftir annan til að gylla frv., og Haraldur Guðmundsson, þá ráðherra, gekk fram fyrir skjöldu í þessu máli og ýmsir aðrir þekktustu hægrimennirnir, nema Sigurjón Á. Ólafsson. Honum var boðið á hvern fundinn á fætur öðrum, en mætti aldrei. Og í Sjómannafélagi Reykjavíkur, þar sem hann er formaður, voru haldnir fjölmennir fundir eftir nýárið, en þar fekkst hann ekki til að taka vinnulöggjöfina fyrir, þrátt fyrir áskoranir. En þrátt fyrir þetta hafa ekki nema fá félög á landinu mælt með því að samþ. frv. óbreytt. Langflest félög hafa viljað samþ. það aðeins með verulegum breytingum eða þá fella það. Yfirleitt hafa öll stærstu verkalýðsfélögin verið á móti því að samþ. frv. Þessi félög eru t. d. Dagsbrún í Reykjavík, Hlíf í Hafnarfirði, Verkamannafélag Siglufjarðar, Verkamannafélag Norðfjarðar, Drífandi í Vestmannaeyjum og Iðja í Reykjavík, auk margra fleiri. Atkvæðatalan í þessum félögum hefir verið yfirgnæfandi á móti frv. En t. d. í Baldri á Ísafirði, sem var með frv., var fámennt við atkvæðagreiðslu, og þó veruleg andstaða, enda þótt Hannibal Valdimarsson berðist nú af alefli með þessari vinnulöggjöf, sem áður hafði verið á móti allri vinnulöggjöf.

Ekki bætti það fyrir forvígismönnum frv., hvernig sjómannadeilan var til lykta leidd, með lögþvinguðum gerðardómi, og að þm. Alþfl. sjálfir höfðu komið með frv. um að lögfesta kaupið. Og loks fór Haraldur Guðmundsson úr stj. á þessum málum. En þrátt fyrir það hélt hann og aðrir hægri foringjar áfram að berjast fyrir framgangi þessa frv. óbreyttu, og það svo, að þeir hafa lýst því yfir, að þeir leggi ekkert kapp á að fá neinar umbætur á því.

Ég lít svo á, eftir allt sem á undan er gengið í sambandi við þetta mál, að samþykkt þessa frv. sé í fullri andstöðu við vilja verkalýðsfélaganna og Alþýðusambandsins, nema að á því fengjust mikilsverðar breyt. Þær brtt. bar ég fram við 2. umr., eins og þær voru samþ. í verkamannafélaginu Dagsbrún með yfirgnæfandi meiri hl., eða með 382:64 atkv., en þessar brtt. voru allar felldar með sameiginlegu fylgi Sjálfstfl. og Framsóknarfl. og sumra hægri manna í Alþfl. Er þessi afstaða þm. Alþfl. alveg óskiljanleg.

Ég vil þá, eftir því sem tími minn leyfir mér, snúa mér að sjálfu frv. Það er í 4 köflum. I. kaflinn er um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda. II. kaflinn er um verkföll og verkbönn, III. kaflinn er um sáttatilraunir í vinnudeilum og IV. um félagsdóm. — Um III. kaflann hefir áður verið löggjöf, og er hún hér aðeins aukin og bætt, nema í einu mikilsvarðandi atriði, um miðlunartillögur sáttasemjara. Þar er tekin upp sú regla, að sáttasemjari hafi meira vald um samþykkt sinnar eigin till. heldur en allmikill hluti félagsins. Ef ekki minnst 35% félagsmanna greiða atkv., þarf meira en einfaldan meiri hl. til að fella till. hans og vaxandi meiri hl., eftir því sem færri greiða atkv., þannig að ef ekki a. m. k. 20% gr. atkv. um till., telst hún samþ., þótt allir verkamenn, sem atkv. greiða, séu á móti henni. Við skulum taka t. d., að í 2000 manna félagi, eins og Dagsbrún, þá vega 399 verkamenn með mótatkvæði sínu ekki á móti sáttasemjara einum. Þetta ákvæði er svo skýrt brot á öllum lýðræðisreglum verkalýðsfélaganna, að ekki verður við unað, enda frá sjónarmiði verkamanna óverjandi, að sáttasemjari fái lögfest ráð í málum félaganna og um kaupgjald þeirra, jafnvel þótt ekki fáist mjög mikil þátttaka í atkvgr. Mundi bændum þykja slík yfirráð hörð af hendi óviðkomandi manna yfir þeirra félagsskap. En í stórum verkalýðsfélögum er oft vont að fá mikla þátttöku í atkvgr.

Hugmyndin um félagsdóm um réttarágreininga er að mínu áliti rétt og á ýmsan hátt hagkvæmari en að láta slík mál fara til almennra dómstóla. En skipun félagsdómsins sjálfs er óhæf. Eftir frv. hafa aðiljar hvor einn mann, en 3 tilnefnir hæstiréttur, þó að atvmrh. velji einn þeirra eftir tilnefningu á milli 3. Með þessu er einum aðilja, hæstarétti, gefinn meiri hl. dómsins, en eins og kunnugt er, hefir ráðandi ríkisstjórn mest áhrif á skipun hans. Er ekki hægt að bera traust til dómstóls, sem þannig er einhliða skipaður.

Þó að meira mætti finna að þessum 2 köflum frv., þá eru þessi 2 ákvæði nægileg til þess, að verkalýðsfélögin geta ekki sætt sig við þau. Því er haldið fram af meðmælendum frv., að réttindi verkalýðsfélaganna séu aukin með I. kafla frv., en flest af þeim ákvæðum, sem þar eru nefnd, eru þegar í stjórnarskránni, öðrum lögum eða bundin af hefð í gegn um 20—30 ára afmæli. Samkvæmt stjórnarskránni er félagsfrelsi í landinu í hverjum löglegum tilgangi, og þarf því með sérstökum l. að leyfa verkalýðsfélög, sem hafa starfað hér í 40 ár. Þá er það og hefð, að stéttarfélögin séu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgreinum, eftir samþykktum félaganna. Og þó að einn atvinnurekandi á landinu hafi gert tilraun til að stofna lokað verklýðsfélag, þá hefir það ekki tekizt, og eru félögin og Alþýðusambandið einfær um að hindra slíka útilokunarstefnu. Þá er stéttarfélögunum með frv. gefið vald til að ráða málefnum sínum sjálf, en það hafa þau, og hafa ávallt haft. En hér segir: „með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum“, m. ö. o., hér er verið að takmarka réttindi þeirra, en ekki auka þau, eins og síðar kemur betur í ljós. Meðlimir félaganna eiga eftir frv. að vera bundnir við samþykktir þeirra, en það eru þeir eftir gildandi lögum, og væri hægt nú að sækja þá til dómstólanna fyrir lagabrot. Hinsvegar er krafa verklýðsfélaganna um, að verklýðsfélögin geti gert bindandi samþykktir fyrir utan félagsmenn í starfsgrein félagsins, ekki tekin

til greina á þann hátt, að í vinnudeilum geta þeir verið verkfallsbrjótar og brotið allar samþykktir félaganna, eins og áður, nema félagið sjálft hindri það, eins og gert hefir verið áður. Atvinnurekendum er bannað að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna með uppsögn úr vinnu og fjárgreiðslum, en engar tryggingar gefnar gegn því, og mundi það varla reynast haldbetra heldur en um kosningar, þar sem vandlega er þó um búið. Stéttarfélögin eiga að vera lögformlegur samningsaðili, en engin ákvæði þvinga atvinnurekendur yfirleitt að taka upp samninga né semja við þau, og er þetta sami orðaleikurinn. Hinsvegar er nú heimtað, að allir samningar um kaup og kjör skuli vera skriflegir, og þannig afnumin hefðbundin réttindi verklýðsfélaganna um að ákveða kauptaxta sem sé talinn sem samningur, þegar atvinnurekendur greiða kaup eða haga kjörum samkvæmt honum. Hafa verklýðsfélögin þó víða um landið fylgt þeirri reglu. En sá sjálfsákvörðunarréttur verkamanna fæst ekki viðurkenndur, heldur er afnuminn með frv. Vænti ég, að verkamenn út um land festi sér það í minni.

Frv. tiltekur svo ábyrgð fyrir samningsrof, sektir, sem hægt er að gera aðför fyrir í öllum eignum félaganna, félagssjóðum, atvinnuleysis-, verkfalls- og menningarsjóðum, samkomuhúsum, barnahælum og öðru, sem félögin eiga. Er þetta stórkostleg hlutdrægni, að undanskilja ekki aðrar eignir en félagssjóðina, þar sem atvinnurekendur hafa enga hliðstæða menningarstarfsemi, né eignir, sem hægt er að gera aðför í. En þetta, að till. til breyt. á þessu eru kolfelldar, sýnir, hvernig andi frv. og aðstandenda þess er gagnvart verkalýðsamtökunum. Trúnaðarmenn mega félögin skipa eftir frv., en það mega þau líka nú, og t. d. Dagsbrún gerir það. En frv. veitir þessum trúnaðarmönnum engin tryggð sérréttindi gegn uppsögn. Því að það er ekki hægt að kalla svo, að ekki megi reka menn fyrir starf þeirra sem trúnaðarmenn. Atvinnurekendur mundu kunna að nefna til aðra ástæðu.

Réttindi frv. verkalýðnum til handa eru því flest fánýt eða illa tryggð, en skyldurnar og takmarkanirnar á réttindunum eru því ákveðnari. Og þá er fyrst og fremst verkfallsréttinum rammar skorður reistar. Í stað þess, að félögin eru eins og annar félagsskapur í landinu, nú sjálfráð um þessi sín mál, og ákvörðun um verkfall er venjulega tekin af lögmætum félagsfundum eða félagsstjórnum, þá er nú samkv. frv. félagsfundum ekki leyft að taka ákvörðun um verkfall, einmitt þeim fundum, þegar verkamennirnir eru óháðastir utan að komandi áhrifum atvinnurekenda og fá málin bezt upplýst. Félagsstjórnir þurfa oft að grípa til skyndiverkfalla, ef eitthvað ber að höndum, sem ekki er tími til að láta félagsfund ákveða um. Það eru oft minni háttar atriði, sem þó heimta verkfall, t. d. að vinna ekki með utanfélagsmönnum. Eftir frv. eru félagsstjórnir sviptar þessum verkfallsrétti, nema í þeim sérstöku tilfellum, sem almenn atkvgr. í félaginu hefir leyft þeim að gera verkfall, og standi hún minnst 24 stundir. Verkfallsrétturinn er yfirleitt bundinn við slíka langvarandi atkvgr., hvernig sem á stendur, nema félagið setji upp trúnaðarmannaráð. En þá er líka horfið frá lýðræðisreglunni um einfaldan meiri hluta, og í þess stað krafizt ¾ hluta atkvæða. Með öllu þessu er verkfallsréttur verkalýðsfélaganna, þeirra sterkasta og eina vopn í deilum um kaup og kjör, takmarkaður svo, að erfitt er að beita honum, hvað sem á liggur, nema með löngum aðdraganda. Og á móti þessari réttindasviptingu og árás á aðalstarfsemi félaganna á félagsfundum og í félagsstjórnum kemur ekkert, en til viðbótar nýjar réttindasviptingar.

Í 16. gr. frv. útheimtist 7 daga fyrirvari, ekki einungis vegna kaups og kjara, heldur einnig um skjótar ákvarðanir, t. d. skyndivinnu, sem getur verið lokið, áður en þessi tími er liðinn. Skyndiverkföll eru með þessari grein og með takmörkunum á því, hvernig sé hægt að gera verkfall, yfirleitt útilokuð. En með þeirri óstöðugu vinnu, sem er í bæjunum í landinu, er útilokun þeirra mjög alvarleg takmörkun á því, að verklýðsfélögin geti unnið samkvæmt tilgangi sínum.

Þá eru sett ákvæði gegn pólitískum verkföllum, er verkalýðssamtökin kynnu að vilja ákvarða, ef tilgangur vinnustöðvunar er sá, að fá stjórnarvöldin til að framkvæma eða framkvæma ekki athafnir, sem lögin skylda þau til framkvæmdar á eða hið gagnstæða. Þessi verkfallsréttur, sem ber að skoða sem neyðarrétt og neyðarvörn verklýðssamtakanna og alþýðunnar gagnvart íhaldi og ofbeldi æðri stéttanna og er talinn einn dýrmætasti réttur samtakanna, er að vísu örsjaldan notaður, en hefir, þegar hann hefir verið notaður, eins og t. d. í deilu dönsku sósíaldemókratanna við konungsvaldið um þingræði og lýðræði og í sjálfstæðisdeilu finnsku þjóðarinnar við rússnesku keisarastjórnina 1905, verið það vopnið, sem úrslitunum réð, þegar kúgunin gegn alþýðunni gekk of langt.

Ég get að vísu skilið Sjálfstfl., að hann vilji sem mesta takmörkun á öllum réttindum verkalýðsins, en síður Framsfl., sem telur þó þúsundir alþýðumanna innan sinna vébanda. Og sízt get ég skilið þá þm., sem vilja telja sig fulltrúa alþýðunnar, að þeir óski að svipta hana vopnlausa þessum ómetanlega neyðarrétti. En ef verklýðsfélögin brjóta svo þessi ákvæði öll, sem svipta þau fornum réttindum, þá kemur félagsdómur til með sinn meiri hluta og ákveður sektir og tæmir sjóði, gerir aðför á eignum og menningartækjum félaga hinnar fátæku alþýðu við sjávarsíðuna.

Nei, þessi vinnulöggjöf er þannig, að ekki er hægt að skoða hana nema sem beina árás á alþýðusamtökin og steyttan hnefa gegn þeim. Það blómskrúð, sem er sett í réttindakaflann, fölnar fljótt, þegar á að fara að nota það. En tilgangur takmarkananna á réttindum félaganna er lömun þeirra í baráttunni fyrir bættum kjörum alþýðunnar.

Verklýðssamtökin hafa getað þróazt á 40 árum hér á landi í skjóli núverandi löggjafar og stjórnarfars úr fámennum og veikum félagsskap í að verða aðalstoð og athvarf verkalýðsins, — í voldug landssamtök alþýðunnar. Þau hafa ekki verið byltingasöm. Og lausn

mála þeirra hefir oftast, og sérstaklega eftir að þau fóru að eflast, orðið friðsamleg, ef atvinnurekendur hafa ekki beitt ofbeldi og ójöfnuði. Af hálfu verkalýðssamtakanna hafa ekki komið fram kröfur um þessa löggjöf, heldur frá andstæðingum þeirra í Sjálfstfl. og Framsfl. En við því hefði mátt búast, að þeir, sem hefðu átt hér á þingi að teljast fulltrúar verklýðsins, hefðu allir skipað sér í sameinaða sveit gegn þeim, en ekki eins og orðið er, að hægri menn Alþfl. gangi með Sjálfstfl. og Framsfl. að því, að samþ. frv. sem þetta. Það er til þess eins að veikja mótstöðu alþýðusamtakanna gegn árásum þeim, sem þessi löggjöf getur í sér falið og mun gera.

En ég hefi þá trú, að alþýðan í verklýðssamtökunum muni skipa sér í eina þétta fylkingu um réttindi þeirra og starfsemi, hvernig svo sem löggjöfin verður á þessu þingi, eins og norski verkamannaflokkurinn gerði á sínum tíma gegn löggjöf, sem sett var til að stöðva framrás alþýðunnar þar í landi.

1. maí er á morgun, hátíðisdagur verkalýðsins og sósíalista um allan heim. Í Reykjavík verður að þessu sinni stofnað til stórfelldra hátíðahalda og kröfugöngu flestallra verklýðs félaga innan Alþfl. og Kommfl. í bænum. Alþýðumenn og konur í Reykjavík! Mætið öll í sameiningargöngunni. Sinnið ekki klofningsmönnunum. Minnizt atvinnuleysisins og vinnulöggjafarinnar, árásarinnar á sjómennina og iðnaðarmennina. Standið saman og skapið einn sósíalistiskan lýðræðisflokk íslenzkrar alþýðu þegar á þessu hausti.

Einar Olgeirsson: Þið hafið heyrt á fyrri ræðum hér í hv. deild, að það vantar ekkert á, að þau sameinist hjúin, Íhaldið og Framsókn og Bændaflokkurinn og hægri menn í Alþfl., í einingu andans og bandi friðarins. Það boðar vafalaust ekkert gott fyrir alþýðuna, þegar öll þessi hersing skríður saman, og ekki sízt þegar húsbóndinn á þessu kærleiksheimili er auðsjáanlega Eggert Claessen, sem er upphafsmaðurinn að þessari vinnulöggjöf og mest hefir fyrir henni barizt. Og um hvað haldið þið, að öll þessi hersing sameinist svo hjartanlega? Um það, að skerða þau dýrmætustu réttindi, sem verkalýðurinn á. Og af hverju sameinast menn um þetta sérstaklega á þessum tíma? Það er af því, að nú er kreppa í aðsigi. Nú er baráttan að harðna, baráttan um það, hvort byrðar kreppunnar eigi að lenda á atvinnurekendum og auðmönnum eða bændum og verkamönnum. Atvinnurekendastéttin býr sig undir að ráðast á lífskjör verkalýðsins og rýra ennþá meira hið lága kaup verkamanna og gera atvinnuleysi þeirra enn tilfinnanlegra. Afturhaldið býr sig nú út í það á öllum sviðum að svipta verkalýðinn réttindum sínum og rýra hans lélegu lífskjör. Bæði á þessu þingi og því síðasta hefir verið flutt hvert frv. á fætur öðru í þessa átt. Það voru síldarbræðslulögin, frv. um iðnaðarnám, sem liggur nú fyrir, frv. um breytingu á l. um atvinnu við siglingar. Bæði þessi síðastnefndu frv. ganga beinlínis í þá átt, að rýra stórkostlega þau réttindi, sem verkalýðurinn hefir á unnið sér. En aðalatriðið í þessari samfelldu árás afturhaldsaflanna á Íslandi er þessi vinnulöggjöf, sem liggur fyrir. Og það er auðséð, að sérstaklega alþýðusambandsstjórnarþingflokknum þykir nú mikils við þurfa að reyna að verja þessa vinnulöggjöf, þessa harðvítugu árás á verkalýðinn. Það er nú sendur í „pontuna“ sá maðurinn af hálfu hægri mannanna í Alþfl., sem aðeins er notaður eins og nokkurskonar lausnari í sárustu neyð sambandsstjórnarinnar, hv. þm. N.-Ísf., VJ. Hann kemur nú fram á vígvöllinn. Í haust vann hann það frægðarverk að sundra verkalýðshreyfingunni, einmitt þegar möguleikinn var á að sameina hana. Þessi hv. þm. er nú sendur út af örkinni til að reyna að sannfæra verkalýðinn um, að honum sé betra að láta sjálfviljugum leggja sér fjötur um háls heldur en að berjast sem dreng fyrir frelsi sínu. Hann er svo sem ekki í vandræðum, hvað hann á að segja við verkalýðinn, ef verkalýðurinn kynni að leyfa sér að vera á annari skoðun. Hann segir einfaldlega: Verkalýðurinn kann ekki að meta þetta dýrmæti, sem ég er að bjóða honum hér, og það er verst fyrir hann sjálfan. Það er ekki óvanalegt, að vilji verkalýðssamtakanna sé að engu hafður af þessum herrum. Þeir hafa alltaf skoðað sig sem herra verkalýðsins, en ekki erindreka hans og þjóna. Þess vegna er í rauninni meginhugsun þeirra í afstöðunni til verkalýðsins álíka eins og einræðiskonungs í fyrri daga: „Vér einir vitum“, og liggur stundum við, að hv. þm. N.-Ísf. taki sér þau orð í munn. En verkalýðurinn á Íslandi lítur öðruvísi á málið. Verkalýðssamtökin eru ekki verk einstakra manna, heldur eru þau byggð upp af elju, fórnfýsi og dugnaði fjöldans. Þau hafa tekizt með því, að hundruð og þúsundir manna í landinu vinna í sameining að því að byggja þau upp, vinna að því að efla tölu félagsmanna, safna aurum fátæklinganna í þeirra eigin sjóði, til að reisa hús og heimili fyrir alþýðuna, eins og á Siglufirði, Akureyri, Vestmannaeyjum, Sauðárkróki, Reykjavík og víðar. Það er barátta hinna fátæku, sem ekkert eiga nema vinnuafl sitt — engan auð, engin embætti, engin völd —, en skapa með vinnu sinni allan auð, sem til er, og halda uppi með starfi sínu þjóðfélagsbákninu með öllum þess embættum, völdum og gæðum. Verkalýðurinn heyir sína frelsisbaráttu, og þar sem hann hvorki hefir auð né völd, þá er það eina vald, sem hann hefir, það að neita að selja vinnuafl sitt, gera verkfall. Hann veit, að það er eitthvert sterkasta vopnið jafnt í hagsmunasem réttindabaráttunni. Það er þetta vopn, sem nú á að deyfa, — þennan rétt á að skerða. Það duga engar lagaskýringar til að skýra það verk, sem nú er verið að gera. Með því frv., sem fyrir liggur, er verið að eyðileggja að miklu leyti möguleika verkalýðsins til skyndiverkfalla. Þó að í vinnusamningum eigi að vera ákvæði um aðbúnað á vinnustöðvum og ákvæði um kaupgreiðslu í peningum og hversu oft hún fari fram, og að ekki séu utanfélagsmenn í vinnu, þá þýða þau ekkert, ef ekki er hægt að gera skyndiverkfall. Þessu þýðir ekkert að mótmæla, og meira að segja varð hv. þm. N.-Ísf.,

VJ, að viðurkenna þetta í umræðum um þetta mál, að nauðsynlegt væri undir sérstökum kringumstæðum að brjóta þessi lög, með því að lífi verkalýðsins gæti orðið stefnt í voða, ef ekkert yrði gripið inn í með skyndiverkfalli, og yrði þá dómstóllinn að viðurkenna réttmæti slíks á eftir.

Þessir hægri menn, sem ganga hér fram eins og berserkir, afsaka sig með því, að ef þeir stæðu ekki með þessu frv. um vinnulöggjöf, þá myndi Framsfl. samþ. jafnvel verra frv. með Íhaldinu. Þetta er tvöföld rökvilla. Annarsvegar hefðu borgaraflokkarnir ekki þorað að setja svona lög gegn einróma mótspyrnu verkalýðsins á Íslandi. Og hinsvegar er sannleikurinn sá, að þó að það séu bara hægri mennirnir, sem samþ. nú þetta frv. með Framsókn, þá skapast þar með einmitt sá langþráði möguleiki fyrir Íhaldið, að geta komið á ennþá verri vinnulöggjöf með Framsókn, þegar búið væri að brjóta ísinn með samþykkt þessa frv. Einmitt nú á þessu þingi sjáum við, hvernig Framsókn og Íhaldið taka höndum saman um hvert frv. á fætur öðru, sem öll skerða rétt verkalýðsins. Við sjáum, hvernig fór með gerðardóminn. Við sjáum nú frv. um atvinnu við siglingar, sem fækkar stórum stýrimönnum og vélstjórum, stofnar lífi sjómanna og sjófarenda í hættu og er svo fram úr hófi skeytingarlaust um öryggið á sjónum, að efamál er, hvort hægt er yfirleitt að reka allan flotann, ef það verður samþ. Við sjáum frv. um iðnaðarnám, sem á að rýra rétt iðnfélaganna og skapa aukið atvinnuleysi í iðnaðinum. Og öll þessi frv. setur Framsókn í gegnum þingið með hjálp Íhaldsins, þó að ríkisstjórn Framsóknar sitji með stuðningi hægri mannanna.

Hvað hefði nú legið nær en að svara þessum auknu árásum afturhaldsins á lífskjör og réttindi alþýðunnar einmitt með fullkominni einingu verkalýðssamtakanna og verkalýðsflokkanna, svo sterkri og voldugri einingu, að hún hefði hvorki hikað við að leggja út í nýjar kosningar, til að sýna vaxandi fylgi einhuga alþýðu, né út í nægilega skörp mótmæli utan þingsins, — eins og þau, sem hnekktu ríkislögreglufrv. forðum daga, og var þá Íhaldið þó í meiri hl. á Alþingi. Samt þorði það ekki að setja frv. í gegn. En hægri mennirnir klufu þessa einingu og eyðilögðu. Þeir hopa á hæl fyrir afturhaldinu, en berjast gegn verkalýðnum, kljúfa nú hvert jafnaðarmannafélagið á fætur öðru og fótum troða vilja verkalýðsfélaganna.

Hvað uppsker alþýðan fyrir klofning þeirra? Hún uppsker þrælalögin, sem hér er verið að ræða. Hún uppsker vaxandi atvinnuleysi. Hún uppsker húsnæðisskort, því að það fást ekki byggðir neinir verkamannabústaðir í sumar. Hún uppsker minnkandi öryggi á sjónum og vaxandi atvinnuleysi í iðnaðinum. Þetta er byrjunin á uppskeru alþýðunnar af svika- og klofningsstarfsemi hægri mannanna. En hvað uppskera þeir sjálfir? Þeir uppskera bankaráðsembætti handa Jónasi Guðmundssyni, forstjórastöðu handa Haraldi Guðmundssyni, smærri bitlinga handa smærri spámönnunum; og þar sem þeim þykir þetta ekki nóg, þá er nú komið fram frv. á Alþingi, sem hefir þann einn tilgang að koma þeim Pétri Guðmundssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni út úr útvarpsráði, svo að klofningsmenn geti komið einhverju verkfæri sínu þar að með hjálp Framsóknar. Svona hugsa þeir sér nú uppskeruna handa sér. Og þetta kalla þeir að vinna fyrir alþýðuna.

Svo kemur þessi hv. þm. N.-Ísf., VJ, og fer að prédika fyrir verkalýðnum, að vinnulöggjöfin eigi nú að frelsa hann og vera skjöldur hans í stéttabaráttunni. Já, það væri nú helzt líklegt, að Framsfl. gengi inn á þessa löggjöf þá! Ef Framsókn vill allt í einu fara að samþ. löggjöf, sem væri skjöldur verkalýðsins, því semja þeir þá ekki um t. d. að lögbjóða 8 st. vinnudag eða að koma hér á almennilegum atvinnuleysistryggingum? Slík löggjöf hefir fengizt í gegn á Norðurlöndum og víða, og þótt skjöldur verkalýðsins. En hér er þetta öðruvísi. Hér er sannleikurinn sá, að Framsfl. heimtar þrælalöggjöf, sem Íhaldið gengur inn á og hægri alþýðuflokksbroddarnir eru með. Þeir eiga að verja löggjöfina frammi fyrir alþýðunni ef hægt væri að blekkja einhverja til að vera með henni. Og þess vegna er hv. þm. N.-Ísf. valinn til þessa óvinsæla verks, að reyna með gyllingum sínum að snúa kúgun, ófrelsi og fjötrum í lausn og frelsi. Hann segir, að verkamenn standi nú berskjaldaðir. Hann kemur nú fram fyrir verkalýðinn í útvarpinu og segir: „Vinnulöggjöf þessi á að vera ykkur skjöldur; nú eruð þið berskjaldaðir". Verkamenn, ég spyr ykkur: Hafa lögin verndað ykkur, þegar auðvaldið hefir ofsótt ykkur, og jafnvel hægri foringjarnir hundelta ykkur fyrir það, að þið höfðuð kommúnistiskar skoðanir? Hafa lögin um kjallaraíbúðir tryggt ykkur að komast úr kjallaraíbúðunum? Hafa þau ekki einmitt verið brotin miskunnarlaust? Hafa lögin um kaupgreiðslu í peningum ekki verið þverbrotin, nema þar sem samtök ykkar voru nógu sterk til að sjá um, að þeim yrði framfylgt? Nei, gyllingar hv. þm. N.-Ísf. eru það frekasta, sem hér hefir heyrzt. Það eru einmitt samtök verkamannanna, sem verða þeirra sverð og skjöldur í baráttu þeirra fyrir lífinu. Og þessi samtök þurfa einmitt að verða nógu sterk og harðvítug til þess að geta séð um það, að þessi litla réttindalöggjöf, sem til er, geti komið að notum.

Það sýnir sig því, að það, sem mest ríður á, er, að samtök verkalýðsins séu sem öflugust; en um leið er hv. þm. N.-Ísf. að gylla hér vinnulöggjöfina, en þeir hægri menn að reyna að sundra þessum samtökum og smeygja á þau fjötri vinnulöggjafarinnar. Það er sérstaklega eftirtektarvert, að með þessu frv. er verið að banna verkföll verkamanna gegn löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Það á því einmitt sérstaklega að lama áhrif verkalýðshreyfingarinnar á þessu sviði, og það þýðir meðal annars að hindra, að verkalýðurinn geti beitt verkfalli gegn nýjum þrælalögum, t. d. gegn þeim frv. um nýja gerðardóma og enn verri vinnulöggjöf, sem Íhaldið og Framsókn undirbúa nú fyrir næsta þing. Þegar kemur til átaka um þessi nýju þrælalög, þá er verkalýðnum, að viðlögð-

um sektum og skaðabótum, bannað að beita verkföllum gegn ríkisvaldinu. Þannig hafa þá hægri mennirnir séð til þess að gera afturhaldinu mögulegt að fjötra verkalýðinn, meðan þeir væru að koma á enn verri þrælalögum. Þess vegna reynir hv. þm. N.-Ísf. að gylla þennan fjötur fyrir verkalýðnum; því að það ríður einmitt á því fyrir auðvaldið að koma þessu ákvæði í lög. Því að auðvaldið þekkir vald verkalýðsins, m. a. frá benzínverkfallinu. Þess vegna keppir auðvaldið eftir því að binda fyrst hendur verkalýðsins, svo að hann geti ekki beitt verkfalli. Með þessum l. væri þannig rudd braut fyrir hverskonar gerðardóma og þrælkunarlög, nema verkalýðurinn hafi þessi l. að engu og láti þau ekki hindra sig í frelsisbaráttu sinni, — og það mun hann vissulega gera.

Hv. þm. N.-Ísf. á erfitt í öllum gyllingum sínum að skýra fögnuð Íhaldsins yfir þessu frv., því að alþýðan á því sannarlega ekki að venjast, að Íhaldið fylki sér sem einn maður um mál, sem líkleg væru til að vera skjöldur fyrir verkalýðinn. Það er þá eitthvað aldeilis nýtt að gerast.

Svo talaði hv. þm. N.-Ísf. um það, að það sé hægt að vera með góðri vinnulöggjöf. Ef hann ætti við löggjöf um 8 tíma vinnudag og þess háttar, eða þá nýtilegar atvinnuleysistryggingar, þá mun ekki vanta fylgi okkar né verkalýðsins með slíkri löggjöf, sem þessir háu herrar eru að berjast fyrir. Hinsvegar sagðist hv. þm. vera á móti slæmri vinnulöggjöf. Hvað er slæm vinnulöggjöf? Það er löggjöf, sem skerðir réttindi og frelsi verkalýðssamtakanna. Hvað gerir þetta frv.? Það veitir verkalýðnum engin veruleg réttindi, en skerðir stórkostlega þann rétt og það vald, sem verkalýðurinn nú þegar hefir aflað sér. Við kommúnistar bárum fram brtt. við 2. umr. málsins, sem miðuðu að því, að gera nokkuð af þeim „réttindum" í I. kafla, sem hægri mennirnir eru að hjala um, að raunverulegum réttindum. Hver einasta af þessum tillögum var kolfelld. Frv. hefir því aðeins að geyma skaðleg ákvæði, sem takmarka og skerða verkfallsrétt verkalýðsins. Frv. er því einmitt dæmið um slæma vinnulöggjöf, eftir skýrgreiningu hv. þm. N.—Ísf.

Allra hlálegast verður þó, þegar farið er að athuga röksemdaleiðslu þessa hv. þm., af hverju íslenzkur verkalýður fái svona fyrirmyndar vinnulöggjöf, — já, svona líka fyrirmynd! Hann talar ekki um það, af hverju sé verið nú á Alþingi að rýra öll réttindi, sem verkalýðurinn hefir áunnið sér. Hann talar ekki um, af hverju ekki fáist hér fram slík réttindi sem 8 stunda vinnudagur og nýtar atvinnuleysistryggingar, eins og gilda á Norðurlöndum. Nei, hann talar bara um það, af hverju vinnulöggjafarfrv. þetta sé skárra frv. en þau, sem gilda á Norðurlöndum. Af hverju þorir auðvaldið ekki að bjóða verkalýðnum á Íslandi það sama og á sér stað annarsstaðar á Norðurlöndum? Það stendur þannig á, að ríkisvaldið hér er veikara en á Norðurlöndum og verkalýðshreyfingin í hlutfalli við það tiltölulega sterk. Og svo er hv. þm. N.-Ísf. að reyna að þakka þeim hægri mönnum það, sem stafar af þessum styrkleika, sem hægri menn eru að reyna að veikja með því að reyna að sprengja verkalýðshreyfinguna á allan hátt.

Þá ætla ég að gera nokkrar aths. viðvíkjandi atriði, sem lítt hefir verið rætt nú. En það er mikið talað um af hálfu Íhaldsins að vernda persónufrelsið. Þá er ekki nema eftir öðru, sem það gerir, að ráðast sem skarpast á persónufrelsi verkamanna til að rýra það. Það er ekki nóg, að verkalýðurinn selji daglega sitt vinnuafl og næstum lífi þannig eins og þrælar, heldur vill Íhaldið veikja samtök hans sem allra mest og fjötra hann í verkfallsbaráttunni. Það er eftirtektarvert, að mennirnir, sem tala mest um lýðræði og skýra það m. a. sem rétt meiri hl. til að ráða málum heildarinnar, þeir ætla að þverbrjóta allt lýðræði í verkalýðsfélögunum. Með 32. gr. frv. er lýðræði í verkalýðsfélögunum takmarkað svo, að þótt t. d. 300 manns í verkalýðsfélagi, sem hefir 1500 meðlimi, samþ. einum rómi að hafna till. sáttasemjara, og enginn greiði till. atkv., þá skoðast hún samt samþykkt! Þetta einræði sáttasemjara er það, sem lýðræðispostularnir nú bjóða verkalýðnum upp á.

Og þá skulum við renna augunum yfir hin pólitísku verkföll. Þessir sömu menn, sem nú berjast fyrir því, að fá inn 17. gr., segjast vera með lýðræði, en á móti einræði. En hvað er sterkasta stoð lýðræðisins? Eru það ekki verkalýðssamtökin? Stafar ekki hættan fyrir lýðræðið frá auðvaldinu, þeim stéttum, sem boða fasisma og nazisma? Og hvað dugar betur á móti þessum stefnum heldur en frjáls og sterk verkalýðssamtök? Danski verkalýðurinn þekkir þetta af reynslunni. Árið 1921, þegar kónguríinn ætlaði að gera nokkurskonar byltingu ofan frá og koma svo að segja á einræði, þá var það danski verkalýðurinn, sem mótmælti þessu með allsherjarverkalli. En það er einmitt það, sem reyna á að girða fyrir með þessum lögum. — Ég hefi í sambandi við þessar umr. hvað eftir annað spurt hv. þm. Alþfl. og Sjálfstfl. að því, hvernig þeir hefðu litið á 17. gr., ef hún hefði verið komin í gildi 1931, þegar Framsókn kom á einræðisstjórn hér, eftir því sem Morgunblaðið sagði þá. Þeim hefir orðið svarafátt og er það enn.

Þá er það eitt atriði, sem mikið hefir verið um rætt í sambandi við þessi lög, og það er svipting verkalýðsfélaganna á yfirráðum sinna sjóða, þar sem hægt er að ræna allar eignir verkalýðsfélaganna með aðför út af skaðabótum. Þetta atriði hefir sætt einna skörpustu mótmælum frá hendi verkalýðshreyfingarinnar, og þessi mótmæli hafa þegar áorkað nokkru. Stjfl. hafa ekki þorað annað en að taka nokkurt tillit til þeirra, og flytja nú 2 þm. stjfl. till. um að undanskilja að nokkru húseignir og sjúkra- og menningarsjóði verkalýðsfélaganna frá aðför út af skaðabótum. Þetta er árangurinn af baráttu verkalýðsins utan þings og sýnir, hver áhrif hún getur haft.

Það kom fram hjá framsóknarþm. BJ, alveg eins og hjá hv. þm. V.-Ísf., VJ, að það væri engum meir til hagnaðar en verkalýðnum sjálfum, að þessi lög væru samþ. Það er eftirtektar-

vert, ef hægri mennirnir í Framsókn líka fara að samþ. vinnulöggjöf einungis fyrir verkalýðinn. — Þetta er eins og þegar Jónas Jónsson vildi fara að gera bandalag við Magnús Guðmundsson um það að byggja fangelsi, en það átti aðallega að vera fyrir verkalýðinn. Þessir menn ætlast til þess, að verkamenn séu auðsveipnir og hlýðnir, og óska sérstaklega, að þeir beiti ekki verkfallsvopninu, vegna þess að það er þeirra sterkasta, og svo að segja einasta vopn. —

Þá kom Íhaldið inn á það, að það væru ekki nema launaðir æsingamenn, sem sköpuðu baráttu verkalýðsins. Þetta er hin vanalega skoðun Íhaldsins. Það hefir ekki hugmynd um það, hvernig verkalýðshreyfingin er sköpuð, og skilur ekki, að hver einstaklingur finnur til sinnar kúgunar og þráir frelsi af klafanum, sem hann er bundinn á. Þess vegna rís hann upp, og þar með skapast hin sterka barátta.

Það fer ekki dult, hvað Íhaldið ætlar sér með þessum lögum. Það ætlar að sníða úr þeim æ sterkari fjötra á verkalýðinn. Og það stóð heldur ekki á hv. þm. Barð. að viðurkenna, að vafalaust þyrfti á næstu þingum að breyta þessum lögum.

Hv. þm. V.-Sk. var að tala um einhverja sérstaka friðarspilla og níðhöggva í þjóðfélaginu. Ef hann hefði skilið, hvað átt er við með þessu, þá hefði hann ekki mælt þetta, því að það eru fáir, sem hafa sýnt sig í því eins og atvinnurekendur, að nota vald sitt til þess að svelta verkamenn til undanlátssemi, og stöðva togaraflotann til þess að hafa pólitísk áhrif á ríkisvaldið. Og þetta vald atvinnurekenda er að engu leyti rýrt með þessari löggjöf. Þeir hafa ótakmarkað vald til hverskonar vinnustöðvunar sem þeim þóknast. En fulltrúa Íhaldsins finnst þetta ekki nóg, það þyrfti gerðardóm í viðbót, og við sjáum þegar, að ekki stendur á Framsfl. að samþ. þá, en þegar þessi þrælalöggjöf er komin í gegn, verður erfiðara fyrir verkalýðinn að svara slíku á viðeigandi hátt með mótmælaverkföllum.

Með þessu frv. er því verið að vinna tvennt. Í fyrsta lagi að fjötra verkalýðshreyfinguna. Það er meiningin að brjóta skarð í þann múr, sem verkalýðshreyfingin hefir skapað kringum sig, eins og þegar Grikkir sátu um Troju, og það hlutverk, sem Trojuhesturinn lék, eiga hægri mennirnir að leika nú, þegar þeir samþ. þessa löggjöf. Þeir ráða því ekki, hvaða breyt. verða gerðar á henni, þegar einu sinni er búið að samþ. hana, jafnvel þótt góður vilji þeirra sé fyrir hendi. Íhaldið og Framsókn fara sínu fram, þegar búið er að koma þeim fjötrum á verkalýðinn, sem í þessu frv. felast.

Í öðru lagi er með þessu frv. verið að stofna til ófriðar í landinu. Verkalýðurinn mun verja frelsi sitt. Hann mun ekki virða þræla- og þvingunarlög; hann mun vernda rétt sinn og samtök, fjör sitt og frelsi. Og þeim, sem nú ætla að knýja þessi lög gegnum þingið á móti vilja verkalýðssamtakanna, er bezt að athuga áður, hvort þeir ætla sér að vera með því, að útbúa þann ríkisher, sem Ólafur Thors var að heimta hér á dögunum og tvímælalaust mun þurfa til þess að framkvæma þessa löggjöf.

Vilmundur Jónsson: Í fyrri ræðu minni ætla ég mig hafa gert svo ljósa grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessa máls, sem fyrir liggur, að ég þurfi ekki um að bæta, þrátt fyrir þær ræður, sem síðan hafa verið haldnar, og mun ég láta við það sitja. Aftur mun ég nú leitast við, eftir því sem mér vinnst tími til, að skýra nokkru nánar afstöðu Sjálfstfl., Kommfl. og hv. 3. þm. Reykv., HV, til þessa máls.

Saga Sjálfstfl. er í stuttu máli þessi: Meðan hann litur á sig sem einhvers megnugan og líklegan til að ná völdum í landinu, flytur hann till. um hina grimmustu vinnulöggjöf, sem hugsazt getur, fastan lögþvingaðan gerðardóm í öllum kaupdeilum, skipaðan án minnsta tillits til verkalýðsins og samtaka hans, og skyldi dómstóll þessi dæma verkalýðnum kaup og kjör. Jafnframt þessu hefir svo flokkurinn uppi kröfur sínar um öflugan ríkisher, sem átti „ekki aðeins að nota í kaupdeilum“, eins og það var orðað, heldur sennilega líka eftir að þessi herréttur Íhaldsins var búinn að úrskurða kaupdeilurnar og skapa í landinu þann vinnufrið, sem sjálfstæðismenn gera sér svo tíðrætt um. Þegar ég við 2. umr. þessa máls hér í hv. deild las upp óbrjáluð ummæli úr þingræðu flm. eins slíks frv. Sjálfstfl. um skipun og tilhögun hins þá fyrirhugaða gerðardóms, þm., sem nú er dáinn, og aðspurður af hv. þm. Snæf., TT, nefndi nafn flm., sagði hv. þm., að ég hefði með þessu svívirt nafn og æru látins þm., og átaldi harðlega. Svo görótt — svo krumfengin voru þessi vinnulöggjafarfrv. Sjálfstfl. Það er afstaða Alþfl. til slíkrar vinnulöggjafar - slíkra kúgunar- og þrælalaga — sem fulltrúar Sjálfstfl. vilja nú telja mönnum trú um, að Alþfl. hafi áður haft til allrar vinnulöggjafar yfirleitt.

Þegar Sjálfstfl. komst ekki lönd eða strönd með þessi þrælalög sín, neyðist hnn til að draga inn klærnar og dylja tennurnar. Hann tekur að láta friðsamlegar, gerir sig ísmeygilegan, brosir til Framsfl. og lætur semja nýtt frv. til vinnulöggjafar, sem fulltrúum bændanna var ætlað að geta fallizt á. Þetta frv. leggur hann fyrir Alþingi aftur og aftur, nú í fjórða sinn, og skyldi vera fullreynt. Hefir því mjög verið hampað, að frv. þetta væri sniðið eftir vinnulöggjöf Norðurlanda, og má það til sanns vegar færa, þannig, að leitað hefir verið með logandi ljósi í vinnulöggjöf þessara landa, tínd saman óaðgengilegustu ákvæði fyrir verkalýðinn úr löggjöf hvers lands, og stundum seilzt til að taka sitt óaðgengilegt úr hverjum stað, viðvíkjandi ákveðnum atriðum, og leggja saman, ekki skágengnar neyðarsættir, sem verkalýður þessara landa hefir orðið að undirgangast á þrengingartímum, og auðvitað ekkert tillit tekið til, að því aðeins eru mörg ákvæði þessarar Norðurlandalöggjafar umborin og enn í gildi, að verkalýður þeirra landa hefir þá faglegu og pólitísku aðstöðu, að þau þurfa ekki að koma hart niður á honum, m. ö. o. þolandi þar, þó að þau myndu vera algerlega óþolandi hér. Um sérstaka viðurkenningu á verkalýðssamtökunum og réttindum þeirra, í líkingu við það, sem felst í I. kafla þessa frv., sem hér er til meðferðar, er vitanlega alls ekki að ræða. Og þessi vinnulöggjöf er því aðeins boðin af

Sjálfstfl., að engin von þykir að kom því fram nú í bili, sem verra er. En að sinnan sé söm um fyrirhugaða tilhögun framkvæmdar á vinnulöggjöfinni, verður fullljóst af ummælum formanns Sjálfstfl., er hann í vetur flutti vantraust sitt á núverandi ríkisstjórn, sem hann hafði vikum saman mænt eftir að mega eiga hlutdeild í — vítaskuld með sínum skilyrðum. Hann ræddi um yfirvofandi kaupdeilur. „Það þarf að gera öflugar ráðstafanir til að tryggja vinnufriðinn í landinu", sagði hann rétt einu sinni. Hann gerði ráð fyrir, að út af þeim málum mundi „koma til átaka", eins og hann orðaði það, og bætti við: „Sjálfstæðismenn álita ... viðhorfið þannig, að ríkisvaldið verði að vera við því búið, að beita því valdi, sem það ræður yfir. Þar sem forsrh. hefir ekki tryggt sér neinn *stuðning til slíkra ráðstafana, tilkynni ég hér* með, að Sjálfstfl. muni bera fram vantraust á ríkisstjórnina". Þegar á þennan hátt er rökstutt vantraust á ríkisstjórn, sem flm. vantraustsins vildi ná að eiga sæti í, má fara nærri um, með hvaða skilyrðum hann hefði tekið við sætinu.

Þegar Sjálfstfl. hafði misst af sætinu í ríkisstjórninni, með þeim tildrögum, sem kunn eru orðin, snýr hann skyndilega við blaðinu. Hann hættir að minnast á frv. sitt um vinnulöggjöf, bíður rólegur eftir því frv., sem hv. ríkisstjórn hafði boðað og kunnugt er orðið af nál. undirbúningsnefndarinnar, og lætur vingjarnlega og jafnvel fleðulega. Engu tækifæri er sleppt til að lýsa því yfir, að raunar sé Sjálfstfl. í höfuðatriðum samþykkur því frv. — það sé í öllu verulegu eins og hans frv. Þegar Vinnuveitendafélag Íslands sendir aths. sínar á 24 þéttrituðum foliosíðum og a. m. k. hálfu fleiri þrælslegar brtt. við frv., þá eru sjálfstæðismennirnir í hv. allshn., hv. þm. Snæf., TT, og hv. 8. landsk. þm., GÞ, allt í einu hættir að taka mark á Vinnuveitendafélagi Íslands, höfundinum að þeirra eigin frv. Það er ekki þeirra fólk. Það eru „mennirnir, sem í gær" — og „ekki vænti ég, að þeir hafi heitið Eggert Claessen og Kjartan Thors" — þeim óviðkomandi persónur. Aftur á móti eru menn eins og Gísli Timaritstjóri og Vilmundur landlæknir orðnir þeirra menn, sérstaklega hinn síðarnefndi. Þeir skrifa undir sameiginlegt álit *með okkur meiri hluta n., nudda sér utan í* okkur, svo að við fáum óverð af, og flytja með hangandi hendi aðeins nokkrar af brtt. Vinnuveitendafélagsins. Við atkvæðagreiðsluna brosa sjálfstæðimenn sætt og út undir bæði eyru, þegar till. þeirra eru felldar. „Gerir svo sem ekkert", segja þeir, „eins og frv. sé ekki fullgott fyrir því, kannske betra". Ef til vill halda menn, að þetta sé meinlaus ertni eða nokkurskonar hálfkæringur Sjálfstfl., þegar hann sér, að mál hans er gertapað, hvort sem er. En þar fara menn áreiðanlega villir vegar. Sjálfstfl. hefir aldrei lagzt dýpra í útspekúleruðum fjandskap gegn verkamönnum og samtökum þeirra en er hann slær á þessa strengi sem sérstaklega kompónerað undirspil undir samsöng þeirra kommúnistanna og hv. 3. þm. Reykv., HV. Kem ég síðar nánar að þeirri músik.

Það mega kommúnistarnir eiga, að afstaða þeirra til vinnulöggjafarinnar er skýr og ótvíræð, þegar allt drukknar ekki í málæði og mótsögnum. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild lýsti hv. 5. þm. Reykv., EOl, því yfir, að flokkur hans væri á móti hverskonar vinnulöggjöf. Verkalýðurinn gæti ekkert gagn haft af vinnulöggjöf, og skipti ekki máli, hversu góð hún væri. Ef verkalýðssamtökin væru sterk, þyrftu þau ekki á neinum stuðningi löggjafarinnar að halda, þau sköpuðu sér sjálf sinn rétt, en ef þau væru veik, yrðu þau svikin um framkvæmd löggjafarinnar, að því leyti sem þau gætu haft gagn af henni. *Ekki er auðgert að sjá, að vinnulöggjöf hljóti* að vera alger undantekning að þessu leyti. Enda lét hv. þm., EOl, ekki staðar numið við hana, og setti allar réttarbætur í lögum til handa verkalýðnum í sama flokk. Hann tók lögin um verkamannabústaði sérstaklega til dæmis, lög sem vissulega hafa verið af vanefnum framkvæmd hin síðustu ár. En hvað segja þeir mörgu tugir fjölskyldna, sem hafa þó þegar náð þeim hlunnindum, að eignast íbúðir í verkamannabústöðunum hér í Reykjavík, um þá speki, að þeim hefði verið jafnauðgert að taka sér þau hlunnindi utan við lög og rétt? Og hvað segir öll alþýða þessa lands um algert gagnsleysi laga um almennan kosningarrétt, afnám fátækraflutnings og aðrar réttarbætur í framfærslulögum, togaravökulög, alþýðutryggingalög, sjúkraframfærslulög og mýmörg önnur lög og ákvæði í lögum, fyrst og fremst til verndar smælingjunum í þjóðfélaginu, þó að aldrei nema oft og tíðum séu vanhöld á fullri framkvæmd þessara laga, og þau stundum smánarleg? Í tilefni af þessum ummælum hv. 5. þm. Reykv., EOl, varð mér að spyrja, hvaða erindi hann og félagar hans teldu sig eiginlega eiga inn á þessa löggjafarsamkomu. Ég endurtek þessa spurningu. Er það ef til vill til þess að vaka yfir því, að ekki verði lögleiddar neinar hagsbætur fyrir alþýðuna í landinu?

Verkalýður og öll alþýða þessa lands hefir sannarlega gott af að íhuga vandlega þessa afstöðu *kommúnistanna til laga og réttar*, því að hún markar ekki aðeins afstöðu þeirra til vinnulöggjafarinnar, heldur er hún grundvallandi fyrir alla pólitík þeirra. Það var ekki tilviljun, að sameining Alþfl. og þess fólks, sem fylgt hefir kommúnistunum, strandaði fyrst og fremst á því, að forsprakkar kommúnistanna voru ófáanlegir til að gangast undir, að hinn sameinaði flokkur lýsti yfir því, að hann vildi ná völdunum í þjóðfélaginu á grundvelli laga og þingræðis. Það var ekki farið fram á, að þeir lýstu yfir þeirri skoðun, að slíkt mætti undir öllum kringumstæðum takast. Um það getur verið eðlilegur meiningamunur. Það er því ekki eingöngu, að kommúnistarnir trúi því ekki, að alþýðan megni nokkurn tíma að ná völdunum í þjóðfélaginu á grundvelli laga og þingræðis, hún má ekki einu sinni vilja það. Það er rétt að taka það fram, að þeir alþýðuflokksmenn, sem ganga með kommúnistum í einn flokk undir slíku merki, hafa, hvort sem þeir eru margir eða fáir, klofið sig út úr Alþfl. með því að svíkja grundvallarstefnu hans sem sósialistisks lýðræðisflokks. Þeir eru ekki sósialistiskir lýðræðissinnar, ekki í sósialistiskan

lýðræðisflokk tækir, hversu mikið sem þeir hampa því nafni, heldur kommúnistar og er sæmst að ganga hreinlega í Kommfl.

Hv. 3. þm. Reykv., HV, og afstöðu hans til vinnulöggjafarinnar hefi ég þegar gert nokkur skil. Hann markar sjálfur afstöðu Alþýðusambandsþingsins haustið 1936. Samkvæmt því er málið undirbúið, og svo giftusamlega hefir til tekizt, að frv. gerir miklu meira en að uppfylla þau skilyrði, sem sett voru, en að vísu engum meira að þakkarlausu en hv. 3. þm. Reykv., HV, sem þrátt fyrir stöðu sína sem varaformaður Alþýðusambands Íslands hafði ekkert af mörkum að leggja, engar hugmyndir, engar uppástungur, engar kröfur að gera um efni frv., þó að eftir því væri leitað. Hann vill sjálfur flytja það lítt athugað á fyrra þinginu 1937, að því er hann upplýsir, jafnvel án þess að sjá það og án þess að sýna það nokkru félagi, ekki einu sinni sínu eigin félagi. Seint á síðastl. sumri sat hann við sama borð og ég, ásamt mörgum öðrum, þar sem farið var yfir frv., grein fyrir grein og orði til orðs. Ég fann ástæðu til að gera við það nokkrar aths., en hann hafði engar aths. að gera nema eina: „Haldið þið virkilega", sagði hann, „að Framsfl. gangi að þessu frv.?" Hv. 3. þm. Reykv., HV, reynir að lýsa mig ósannindamann að þessu, sem ég vorkenni honum að gera, ef hann horfir framan í mig um leið. Mér er af of mörgum samtölum við hann þaulkunnugt um álit hans á slíkri vinnulöggjöf sem þessari, og þó síðri væri, með tilliti til hagsmuna verkamanna. Afstaða verkamanna til vinnulöggjafar hefir ekkert breytzt síðan á síðastl. hausti, nema í þá átt væri, að þeir ættu fremur að óska eftir henni, eftir að sá siður hefir verið upp tekinn hér, að skera úr einstökum deilum, sem seint gengur að leysa, með aðgerðum Alþingis. Það er annað, sem hefir breytzt. Það er hin pólitíska afstaða hv. 3. þm. Reykv., HV sjálfs. Slík afstöðubreyting haggar mörgu, þó að annað ekki haggist. Hv. 3. þm. Reykv., HV, er t. d. í augum kommúnistanna, að óbreyttri afstöðu sinni til olíuhringa og Englendinga, allt í einu hættur að vera „höfuðumboðsmaður brezka auðvaldsins á Íslandi", „flugumaður í verkalýðssamtökunum" og „sósialfasisti", en er nú uppdubbaður sem „vinstri" maður í Alþfl., sem hann raunar hefir verið rekinn úr, og stendur sem slíkur undir sérstakri vernd kommúnista og III. Internationale.

Hv. 3. þm. Reykv., HV, þykist báðum fótum í jötu standa í verkamannafélaginu Dagsbrún hér í Reykjavík. Ýmsum kann að vaxa það í augum, en ekki okkur, gömlum samherjum hans. Okkur er of vel kunnugt um, að í því fjölmenna félagi, sem í hefir verið safnað öllum verkamönnum þessa bæjar, er fjölmennur hópur andstæðinga Alþfl. og fullra hatursmanna hans, kommúnista, íhaldsmanna og nazista, sem haldið hafa þar uppi ærslum og látum árum saman, svo að friðsamir verkamenn, sem eru meginþorri félagsins, hafa gefizt upp á fundarsóknum og talið sig ekki eiga þangað neitt erindi. Ekki sjaldan á undanförnum árum hefir hv. 3. þm. Reykv., HV, komið til móts við mig, móður og af sér genginn eftir viðureignina við þetta lið, stundum algerlega ofurliði borinn og með miklar ráðagerðir um, hvað upp skyldi taka. Hver einn og einasti forustumaður Alþfl. hér í Reykjavík, sem hefði viljað lána sig til þess að stökkva yfir til þessa safnaðar og taka hann með í ráðagerðir um undirtektir undir mál Alþfl., eins og t. d. afstöðu hans til vinnulöggjafarmálsins, í uppreisn gegn löglegri stjórn hans, hefði fengið ekki óstyrkari aðstöðu en hv. 3. þm. Reykv., HV. Meðal annars hefði engan verið auðveldara að fá rekinn úr félaginu með þessu móti en hv. 3. þm. Reykv., HV sjálfan, áður manna mest hataðan af sínum núverandi samherjum. Foringjatign sína fyrir þessu liði á hann sem sé því einu að þakka, að hann er uppreisnarmaður gegn Alþfl., en víst mundi það fremur hafa kosið sér annan foringja en þennan „höfuðumboðsmann hins brezka auðvalds", svo að þeirra eigin orð séu viðhöfð, og mun síðar sjást. Þessu líkt er um afstöðu einstakra fámennra fagfélaga hér í Reykjavík, sem styrkja hv. 3. þm. Reykv., HV, í baráttu hans með því að sjá honum fyrir fulltrúum. Þau þjóna þar fyrirfram gerðu plani, mörg upphaflega beinlínis stofnuð af fjandmönnum Alþfl. til að vekja óeiningu og glundroða í röðum hans.

Þegar alls þessa er gætt, verður andúðin innan verkalýðsfélaganna gegn þessu frv. ekki að miklu hafandi, að því slepptu, að hv. 3. þm. Reykv., HV, hefir engar þær brtt. við það flutt, sem séu þær grundvallarbreytingar, að þær réttlæti þá afstöðu, að vilja vera með frv. að þeim samþ., en fordæma það óbreytt. Allar brtt. hans að þremur undanteknum, sem til bóta væru, ef fram mættu koma, og við alþýðuflokksmenn greiddum atkvæði með við 2. umr., eru ýmist alger aukaatriði eða umorðun á viðunandi skýrum, að vísu þýðingarmiklum ákvæðum frv., og hefir hv. frsm. allshn. tekið af öll tvímæli um þetta atriði. Var ljóslega sýnt fram á þetta við 2. umr. málsins. Það skýrir afstöðu hv. 3. þm. Reykv., HV, til þessa máls sem vinnulöggjafar — betri eða verri vinnulöggjafar fyrir verkalýð þessa lands —, að hann reynist ófáanlegur til að taka aftur til 3. umr. þær brtt. sínar, sem þýðingu gat haft að fá samþ. og ekki var algerlega vonlaust um að koma fram, ef reynt væri til þrautar að ná samkomulagi um þær við Framsfl. Hann vildi heldur láta fella þær. Enda hefir hann sagt við mig, þvert ofan í samþykktir allra verkalýðsfélaganna fyrr og síðar, og þar á meðal hans eigin félags, Dagsbrúnar í Reykjavík, að frv. Sjálfstfl. væri ekkert verra, og að sumu leyti betra en þetta frv. Það er því honum að þakkalausu, að náðst hefir samkomulag við Framsfl. um þær breytingar á frv., sem veita verkamönnum enn aukinn rétt: Trúnaðarmenn verkalýðsfélaga fá aukna vernd gegn því að vera í ofsóknarskyni sviptir vinnu, og trygging fæst gegn því, að húseignir og menningar- og líknarsjóðir verkalýðsfélaga verði nokkurntíma af þeim teknir, þó að til skaðabóta komi út af kaupdeilu.

Nú ætla ég, að skilja megi samspil kommúnistanna, Sjálfstfl. og hins þjónustusama anda hinna fyrrnefndu, hv. 3. þm. Reykv., HV, í þessu máli. Sjálfstfl. telur sig hafa beðið mikinn ósigur í baráttunni um vinnulöggjöfina, leggst djúpt

og hyggur að rétta sinn hlut. Hans mikla von er, að egna megi verkalýðinn til uppreisnar gegn þessari tiltölulega sanngjörnu vinnulöggjöf. Það er líka draumur Kommfl., og í samræmi við það er sú kenning hv. 5. landsk., ÍslH, að Alþfl. hefði átt að aðstoða við slíka uppreisn til að hindra framgang hennar. Hér skyggnist Sjálfstfl. dýpra en kommúnistarnir, eins og oft áður. Fyrir því kyndir hann undir mótþróann gegn hinni væntanlegu vinnulöggjöf með því að gera gælur við hana, hyggur sig hjálpa á þann hátt kommúnistum og hv. 3. þm. Reykv., HV, til að gera hana tortryggilega í augum verkamanna, er fyrir það láti fremur telja sig á að rísa gegn henni. Sjálfstfl. veit sem er, að afleiðingin af slíkri uppreisn yrði ekki afnám vinnulöggjafarinnar, og því síður bætt vinnulöggjöf, heldur strangari vinnulöggjöf, og umfram allt miskunnarlausari framkvæmd hennar á þann hátt, „að ríkisvaldið verði ... við því búið að beita því valdi, sem það ræður yfir", sbr. ummæli formanns Sjálfstfl. í vantraustsumræðunum, en til þess þarf, eins og kunnugt er, íhaldsstjórn eða ríka hlutdeild íhaldsins í stjórninni og öflugan ríkisher undir þess stjórn. Þá væri spilið gangandi eftir beztu erlendum fyrirmyndum. Blóðugt ofbeldi gegn blóðugu ofbeldi. Nú get ég nærri óþolinmæði alþýðu manna yfir seinaganginum til hins fyrirheitna lands, og víst er vorkunnarmál, að efi sæki að um það, hvort nokkurntíma náist eftir friðsamlegum leiðum. En í þessu landi a. m. k. er það bara eins og til háttar eina hugsanlega leiðin. Með ofbeldisbaráttu utan laga og réttar, hafinni af verkalýðnum gegn íhaldsöflunum í þessu landi, er verkalýðnum fyrirfram dæmdur ósigur. Hin fyrri barátta er seinvirk og kann stundum að virðast vonlítil, en hin síðari er vonlaus og leiðir til þeirra hermdarverka, sem verkalýðurinn á a. m. k. ekki að kalla yfir sig sjálfur. Er skammt að leita þeirra fyrirmynda.

Nú er mér að lokum skylt að taka það fram, að þó að ég, og að því er virðist af ríku tilefni, hafi verið þungorður í garð hv. 3. þm. Reykv., HV, er það fjarri mér að áfellast hann persónulega. Það er, þó að ég segi sjálfur frá, fjarri skapferli mínu að telja, að pólitískir andstæðingar mínir þurfi að vera ódrengir, til þess hefi ég kynnzt allt of mörgum ágætum mönnum úr hinum ólíkustu stjórnmálaflokkum. Og það verkar nánast hlægilega á mig, sem hver annar fíflaskapur, að því ógleymdu, hversu fyrirlitlegt það er, þegar margra ára samherjar og kærir vinir, sem blettur eða hrukka hefir ekki mátt sjást á, breytast fyrir pólitíska ágreining hver í annars augum, ef til vill á dagstundu, í ómenni og níðinga. Mér er því skyldara að játa þetta sem ég hefi haft mikla persónulega samúð með hv. 3. þm. Reykv., HV. Marga óvenjulega kosti hans kann ég manna bezt að meta. Ég álít aðeins, að stórkostlega og nærri óskiljanlega hafi verið um hann villt, svo að stappi nærri ósjálfræði. Og því meiri persónulega samúð hefi ég með honum sem mér virðist hlutskipti hans vera svo óvenjulega, óumræðilega raunalegt. Hann — þessi mikli áhugamaður um pólitík — hefir þegar brotið allar brýr að baki sér til síns fyrra flokks. Og hans nýju samherjar, kommúnistarnir, draga ekki dul á það í sínum hópi, að þeir hafi aðeins tímabundið brúk fyrir hann. Þeir hugsa honum það hlutskipti, að sundra Alþfl. og afhenda þeim umráðin yfir verkalýðsfélagsskapnum í landinu — hlutverk sem hann vinnur nú svo ósleitilega að, að hann samfylkir sér við kommúnistana og Sjálfstfl. á Alþingi um brtt. við vinnulöggjafarfrv., flutta af hinum fyrrnefndu við 2. umr. og hinum síðarnefndu við þessa umr., þess efnis, að lögfesta klofning verkalýðssamtakanna í landinu eftir margra ára kokkabók kommúnistanna, er enginn hefir til þessa barizt meira á móti en hv. 3. þm. Reykv., HV. Eftir þessa þjónustu ætla kommúnistarnir að afhenda hann „olíuhringunum og hinu brezka auðvaldi", eins og þeir munu orða það, — með þakklæti fyrir lánið. Færi betur, að þetta yrði ekki að sannmælum þannig, að fyrir hv. 3. þm. Reykv., HV, eigi að liggja að renna skeið hinna forsmáðu foringja, sem einmitt hafa verið gæddir líku skapferli og hann — skapferli sem svo mikil hætta er á, að þeyti mönnum með ómótstæðilegu afli öfganna á milli. Það eru meira og minna forsmáðir verkalýðsforingjar með slíku skapferli, sem grimmilegast hafa snúizt á móti verkamönnum og samtökum þeirra, ofsækjandi þá með því ofbeldi, sem þeir áður hugðust að verja þá með. Það skiptir ekki máli, þó að hin pólitíska ráðagerð komúnistanna kunni að mistakast, og muni vissulega mistakast. Meðferðin á hv. 3. þm. Reykv., HV, getur ekki mistekizt honum til ófarnaðar. Er ekki von, að honum sé vorkennt!

Nú vil ég allra síðast, með leyfi hæstv. forseta, mega nota þetta fágæta tækifæri, um leið og ég þakka öllum, sem hlýtt hafa, til að bera fram kærar kveðjur mínar til flokksmanna minna og annara stuðningsmanna, allra kjósenda, svo og allra íbúa, manna, kvenna og barna, í mínu fjarlæga kjördæmi, með beztu óskum um gleðilegt sumar.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti! Góðir hlustendur! Ég get ekki að svo stöddu tekið til athugunar það, sem hv. þm. N.-Ísf. kom með hér áðan í ræðu sinni. Það verður að bíða þangað til síðar að ræða um það.

Sjálfstfl. hefir undanfarin ár barizt fyrir því, að sett yrði vinnulöggjöf. Má segja, að með samþykkt þessa frv. sé fenginn raunverulegur árangur þeirrar baráttu.

Að við Íslendingar erum svo mjög á eftir frændþjóðum okkar á Norðurlöndum með að setja slíka löggjöf, stafar að miklu leyti af því, hversu atvinnulíf vort hefir verið frábrugðið atvinnulífi þar. Fyrst eftir aldamótin eignuðust landsmenn hin stórvirku atvinnutæki til sjávarins, sem veittu stórfelldari og arðsamari atvinnu en áður, og fólkið flýr meir sveitirnar, og verkaskiptingin verður gleggri milli þess, sem veitir atvinnuna, og þess, sem hana þiggur. Hagsmunaágreiningur rís um skiptingu arðsins, og upp úr því myndast deilur, hinar svokölluðu vinnudeilur. Fyrsta stóra deilan hér reis upp 1916, þegar hásetar á togurum gerðu verkfall. Síðar hafa vinnudeilur orðið alltíðar, og oft risið margar deilur á hverju ári. Allar slíkar vinnu-

stöðvanir hljóta óumflýjanlega að leiða af sér tjón fyrir báða aðilja, og þá um leið tjón fyrir þjóðina sem heild. Því þjóðarböli, sem vinnustöðvun ætið hlýtur að hafa í för með sér, hafa aðrar þjóðir löngu reynt að afstýra með því að setja hjá sér löggjöf um sáttatilraunir í vinnudeilum, og með því að setja ákvæði um það, hvenær og undir hvaða kringumstæðum vinnustöðvun væri gerð, og jafnframt að setja á stofn sérstakan dómstól, sem dæmdi um það, hvort gerðir samningar væru brotnir eða ekki.

Enginn vafi er á því, að ákvæði laga um sáttatilraunir, frá 1925, hafa í mörgum tilfellum ýmist afstýrt vinnudeilum eða leyst þær skjótar en ella hefði orðið, ef þau l. hefðu ekki verið til.

Á landsfundi sjálfstæðismanna 1929 var fyrst rætt um nauðsyn þess að setja vinnulöggjöf, og var þá gerð ályktun þar þess efnis. Síðar, 1933, gerði landsfundurinn á ný ályktun í sömu átt, að skora á þm. flokksins að beita sér fyrir þessu. Eftir kosningar 1934 hafði þingfl. Sjálfstfl. þetta mál sérstaklega í undirbúningi, en Vinnuveitendafélag Íslands hafði einnig hafizt handa um undirbúning slíkrar löggjafar. Munu hafa farið fram bréfaskriftir milli þess félags og Alþýðusambandsins um að setja slík ákvæði sem giltu í Danmörku í svokallaðri „septembersætt" frá 1899, og að löggjöf væri síðan sett í samræmi við það. Alþýðusambandið færðist undan þessu, sem kunnugt er. Sjálfstfl. bar síðan fram á þinginu 1936 frv. til l. um vinnudeilur, og hefir það frv. síðan verið borið fram á hverju þingi.

Af þessu stutta yfirliti er það ljóst, að Sjálfstfl. hefir barizt fyrir því fyrstur allra flokka, að löggjöf væri sett um þetta efni.

Frv. okkar um vinnudeilur er í öllum atriðum samið eftir gildandi Norðurlandalöggjöf, þó að það sé að nokkru leyti lagað eftir íslenzkum staðháttum.

Í sambandi við ummæli hv. þm. N.-Ísf. VJ, sem ég skal síðar taka til athugunar, vil ég geta þess út af afstöðu Alþfl. 1923 og 1925 til frv. til l. um gerðardóm og vinnudóm, að nú er það svo, eins og sá hv. þm., sem fyrstur talaði hér í kvöld, tók fram, að ýmsar þjóðir, og það jafnvel á Norðurlöndum, vilja nú koma í veg fyrir vinnudeilur m. a. einmitt með löggjöf um vinnudeilur. Auk þess má benda á það, að það stóðu fleiri en ihaldsmenn að þeim frv. þá. Loks má benda á það, að hér á þessu þingi í vetur hefir einmitt verið lögfest ákvæði um þetta sama efni, gerðardómsl.; munurinn aðeins sá, að í frv. 1923 og 1925 var farið fram á, að sett yrðu ákvæði um þetta almennt, en í vetur voru samþ. slík l. aðeins viðkomandi einstöku tilfelli. Auk þess hafa flokksbræður hv. þm. N.-Ísf. á Norðurlöndum iðulega sett löggjöf um þetta efni. Sú forsenda rýrir á engan hátt þá réttmætu baráttu Sjálfstfl. fyrir þessu máli.

Afstöðu hinna annara flokka til þess máls hefir hv. þm. V.-Skaft., GSv, að nokkru lýst. Skal ég því vera fáorður um það atriði.

Á Alþ. 1936 hafði hæstv. forsrh., HermJ, þau ummæli, að sér væri ánægjuefni, að þetta frv. væri fram komið, því að sér virtist þannig gengið frá því, að það væri mjög líklegt að því yrði vel tekið af báðum aðiljum. En það var ekki langt að bíða, þangað til þessi hæstv. ráðh. gleymdi þessum ummælum sínum, því að við útvarpsumr. í vor finnur hann þessu frv. það til foráttu, að það sé aðeins till. annars aðiljans. Hygg ég hin fyrri ummæli hans sögð af meiri einlægni en þau síðari, enda var hann í kosningaundirbúningi, þegar síðari ummæli hans féllu um þetta, sem ég tilfærði.

Í stað þess að láta ekki hér lenda við orðin tóm og samþ. okkar frv., tafði Frmsfl. málið með því að samþ., að skipuð væri 1936 fjögra manna nefnd til þess að semja frv. um þessi mál, nefnd sem fyrrv. atvmrh., HG, skipaði, án þess þó að atvinnurekendur hefðu þar nokkurn fulltrúa! HG gleymdi því, að það eru a. m. k. tveir aðiljar, sem koma til greina, þegar dæmt er.

Fyrir kosningarnar 1937 bar hv. þm. N.-Þ., GG, fram tvö frv., um sáttatilraunir í vinnudeilum og um félagsdóm, sem voru soðin upp úr frv. okkar sjálfstæðismanna, og væntanlega fram borin í þeim tilgangi einum, að látast gagnvart kjósendum fyrir kosningar. Á þessu þingi hefir Framsfl. enn borið fram frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., og er það í öllum atriðum að efni til sama frv. og við sjálfstæðismenn höfum borið fram, enda er það, eins og okkar frv., samið upp úr gildandi Norðurlandalöggjöf.

Það er eftirtektarvert, að hv. þm. N.-Ísf. hefir ekki minnzt á eitt einasta atriði í frv. til þess að reyna að sýna fram á, að okkar frv. sjálfstæðismanna væri að efni til öðruvísi en þetta frv., sem hér er um að ræða.

Framsfl. hefir þannig fallizt á till. okkar, þó að hann hefði ekki manndóm til að samþ. þær strax og þær voru bornar fram.

Þó að þessi afstaða Framsfl. hafi ekki verið stórmannleg, þá hefir þó afstaða sósíalista orðið sýnu aumlegri, því að þeir hafa frá öndverðu barizt gegn þessu máli, eins og þeir hafa getað, og byrjuðu á því að fá hin ýmsu verkalýðsfélög til að gera samþykkt gegn vinnulöggjöf, sem þeir nefndu „þrælalöggjöf". Þegar sá flokkur hinsvegar komst að raun um það, að Framsfl. mundi samþ. vinnulöggjöf, hvað sem sósíalistar segðu, var snúið við blaðinu, og það var fyrst á þessu þingi, og kváðust þeir nú vilja fylgja slíkri löggjöf, ef hún veitti verkalýðsfélögunum réttindi. Eins og þeir áður létu verkalýðsfélögin samþ. andmæli gegn vinnulöggjöf, eins börðust þeir nú fyrir því í öllum verkalýðsfélögum landsins, að fá þau til að fallast á vinnulöggjöf. Það verða því harla hlægileg þau ummæli hv. þm. N.-Ísf., að afstaða Sósíalista í þessum efnum sé óbreytt. Sósíalistar hafa algerlega skipt um skoðun í þessu máli, og má segja, að það sé vel farið.

Það er þá hinsvegar athugandi, hvort nokkuð það sé í frv. þessu, sem nú liggur fyrir og Sósíalistar samþykkja, sem veiti verkalýðsfélögunum þau auknu réttindi, að það geti réttlætt hina breyttu afstöðu þeirra til málsins, sem frv. er um. Eftir því sem fram hefir komið í umr., er það tvennt, sem ætti að vera þess valdandi. Í fyrsta lagi það, að í 1. gr. frv. stendur, að menn

eigi rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt, og í öðru lagi, að stéttarfélög hafi rétt til að hafa trúnaðarmann á vinnustöð.

Um fyrra atriðið er það að segja, að það er óþarft ákvæði, af því að í sjálfri stjórnarskránni er mönnum heimilað að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Að setja þennan rétt í l. er þess vegna óþarfi. En sósialistar reyna hinsvegar að skreyta sig með þessu. Þetta var auk þess óþarft sem breyt. frá okkar frv., því að í því er fullkomlega viðurkenndur réttur verklýðsfélaga sem samningsaðilja, og það kemur fram í I. kafla þess frv. Hv. þm. N.-Ísf. sagði í sinni fyrri ræðu, að ástæðan fyrir því, að þetta ákvæði væri sett inn í fyrstu gr. um þennan rétt til að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd, væri sú, að verkamenn hefðu áður verið kúgaðir svo fjárhagslega og pólitískt, að þeir hefðu ekki haft rétt til þess að stofna með sér slík félög; þau hefðu verið ofsótt með málaferlum og jafnvel orðið að leysast upp sem gjaldþrota. Mér er nú ekki kunnugt um, að nokkurt verklýðsfélag hafi orðið gjaldþrota. Hafi svo samt sem áður verið, gæti hv. þm. N.-Ísf. nefnt dæmi um það. — Þessi hv. þm. sagði líka, að svo hefði ofsókn verið mikil gegn sósialistum, að jafnvel dómari í hæstarétti hefir átt að segja, að það væri skaði, að ekki hefðu allir sósialistar einn háls, svo að hægt væri að taka af þeim öllum hausinn í einu.

Ef það væri satt, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði viðvíkjandi því, að stéttarfélag eða stéttarfélagasambönd hefðu orðið að hætta starfsemi vegna gjaldþrots, þá er ákaflega undarlegt, að þessi hv. þm. er búinn að sitja á Alþ. í mörg ár, án þess að hann eða hans líkar á þingi né heldur flokksblað þeirra hafi í eitt einasta sinn komið fram með nokkra till. í þá átt, að tryggja þennan rétt, sem þeir nú vilja tryggja þessum félögum. Nei, þetta er aðeins veik tilraun sósialista til þess að réttlæta þann snúning, sem átt hefir sér stað hjá þeim gagnvart þessari löggjöf, að þeir telja þetta ákvæði 1. gr. réttarbætur.

Að því er snertir hitt atriðið, að stéttarfélög megi hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum, þá er það atriði, sem er ekki óalgengt og enginn atvinnuveitandi hefir sett sig á móti né mundi setja sig á móti. Hitt sýnir hinsvegar þröngsýni Sósialista, þegar þeir vilja ekki fallast á það, að verkamenn sjálfir velji sér slíka trúnaðarmenn, en þeir hafa fellt till. frá okkur sjálfstæðismönnum þess efnis.

Í frv. Framsfl., sem hér liggur fyrir, er vald sáttasemjara rýrt, frá því sem var í frv. okkar sjálfstæðismanna, þannig, að sáttasemjari getur eftir þessu frv. ekki bannað vinnustöðvun ákveðinn tíma, og sá frestur, sem á að líða frá ákvörðun um vinnustöðvun til þess er hún hefst, er styttur í frv. Framsfl., frá því sem er í okkar frv. Bæði þessi ákvæði eru til spillis málinu, og mun það sýna sig, að þessum ákvæðum verður síðar breytt. Í stýrimannadeilunni, sem nú stendur yfir, var það svo, að þegar eitt skip Eimskipafélags Íslands, Brúarfoss, átti að fara héðan á ákveðnum tíma, farþegar voru komnir um borð og allt slíkt fullbúið undir burtför skipsins, þá fréttist, að stýrimennirnir ætluðu ekki að vinna áfram, og vinnustöðvunin hófst samstundis, án nokkurs fyrirvara gagnvart farþegum né öðrum, sem ætluðu að nota ferð skipsins, og án þess að nokkur fyrirvari væri gefinn útgerðarfélaginu eða vissa um, að stýrimennirnir hefðu þetta í hyggju. Jón Axel Pétursson, sem vitað er, að hefir staðið fyrir því, að þessi deila yrði hafin, hefir sjálfsagt ekki verið búinn að átta sig á þessum rökum, sem hv. þm. N.-Ísf. hafði fram að færa, eða búinn að fá fullan skilning á þeim, því að hv. þm. N.-Ísf. var að tala um hina hægfara, áhlaupalausu baráttu fyrir bættum kjörum. Þetta stýrimannaverkfall var hafið þannig alveg fyrirvaralaust, enda þótt l. mæli svo fyrir, að stýrimenn skuli segja upp vinnusamningum sínum með fyrirvara gagnvart útgerðinni. Og ég hygg nú, að það geti enginn mælt þessu framferði bót, og að menn séu ekki svo blindir, að þeir sjái ekki, að slíkt framferði er til tjóns fyrir þjóðina og þá, sem að þessu standa alla, að enginn fyrirvari er gefinn. Það mun því sýna sig, að Framsfl. hefir ekki bætt þetta frv., heldur hefir frv. skemmzt við það, að þetta ákvæði um frestunina var ekki haft eins og í okkar frv., heldur tekið út úr því.

Það er svo, að það er engu síður til hagsbóta fyrir verkalýðinn heldur en fyrir atvinnuveitendurna, að gerðar séu ýtrustu tilraunir til sátta og að sáttasemjari geti stöðvað vinnustöðvun í örfáa daga, ef hann sjálfur álítur, að slíkur frestur geti varnað endanlegri vinnustöðvun. Það er vitað, að þeir menn, sem eiga sitt pólitíska vald undir því, að auka vandræðin í þjóðfélaginu og æsa verkalýðinn upp, þeir vilja ekki fallast á nein ákvæði, sem hefðu þetta. Þeirra pólitíska vald vex við það, að efnaleg afkoma almennings minnkar.

Þessi breyt. til hins verra á frv. er því síður en svo til þess að réttlæta snúning sósialista í þessu máli, a. m. k. ekki, ef að þeir í raun og veru bæru hag almennings fyrir brjósti, en ekki fyrst og fremst sinn eigin hag. Byltingaflokkur kommúnista er sjálfum sér trúr, þegar hann berst gegn öllum slíkum umbótum, sem í þessu frv. felast.

Bæði þetta frv. og frv. okkar sjálfstæðismanna eru samin eftir gildandi Norðurlandalöggjöf, og það er víst, að ef okkar frv. um vinnudeilur er frv. til „þrælalaga“, þá er þetta frv. engu síður „þrælalöggjöf“, og afstaða sósialista hefði því átt að vera óbreytt gagnvart þessu máli frá upphafi til enda.

Frv. hv. þm. N.-Þ., GG, frá þinginu 1937, um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm, eru svo að segja orðrétt tekin upp í það frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hér liggur fyrir til umr., en við það er bætt kafla um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda, og um verkföll og verkbönn, en um þau frv. sögðu sósialistar 7. apríl 1937, að þessi frv. væru samin upp úr þrælalagafrv. Eggerts Claessens, og Stefán Jóhann Stefánsson sagði þá í útvarpsumr., að það frv. væru uppsuða úr frv. Sjálfstfl., óköruð og lítið athuguð.

Mér er nú spurn: Hafi þessi frv. verið upp-

suða úr „þrælalagafrv.“ Sjálfstfl., — hvernig mega þá sósialistar una við þessi sömu ákvæði, þegar þau enn á ný eru prentuð upp og þeim útbýtt hér? Óttinn við Framsfl. til hægri og við það, að fá ekki lengur né geta ekki hangið saman við Framsfl. um að standa að ríkisstj., ef ekki er látið að vilja Framsfl. í þessu efni, og svo kannske snefill af sannfæringu um, að hér sé um gott mál að ræða í raun og veru, mun vera að nokkru rök fyrir þessum snúningi sósíalista.

Sjálfstæðismenn mega vel við una þessa lausn málsins, þar eð frv. — eins og það mun verða samþ. — í öllum aðalatriðum er að efni til samhljóða okkar frv. og því, sem við höfum barizt fyrir. Sjálfstfl. fagnar því einnig, að sósíalistar snúast í þessu máli. Hér skiptir minna máli, og við því verður ekki gert, að kommúnistaforsprakkarnir reyna að beita sér gegn málinu, en það er víst, að þeir eru í þessu máli mjög fylgislausir. Ummæli hv. 5. landsk., ÍslH, um, að alþýðan í landinu sé þessu frv. mótfallin og á móti Sjálfstfl. í þessu máli, eru á engum rökum byggð. Hinsvegar má færa fram sannanir fyrir því, að þetta er rangt, því að afstaða Sjálfstfl. til þessa máls hefir alltaf verið ótvíræð. Hann hefir enga dul dregið á það, að hann hefir ætlað að bera þetta mál fram til sigurs. Afstaða hans í þessu máli var því öllum ljós, þegar gengið var til kosninga til Alþ. síðast. Og það er talandi tákn um afstöðu verkalýðsins og sjómanna til þessa máls sérstaklega, að aldrei hefir fylgi Sjálfstfl. verið meira en við síðustu alþingiskosningar, og það má því segja, að að vissu leyti hafi verið kosið um þetta mál, því að það segir sig sjálft, að verkalýðurinn og sjómennirnir hefðu ekki fylkt sér undir merki Sjálfstfl., vitandi það, að þeir mundu fylgja fram þessu máli eftir kosningar, ef alþýðan hefði ekki getað fellt sig við slíka lagasetningu.

Mér dettur alls ekki í hug að ætla það, að vinnulöggjöf varni í öllum tilfellum vinnustöðvunum. Frv. eykur hinsvegar aðeins möguleikann til sátta og samkomulags með því að gefa sáttasemjara nokkru frekari íhlutunarrétt um fyrirhugaðar vinnustöðvanir, og með því að ákveða, að þær séu ekki gerðar fyrirvaralaust.

Ekkert ákvæði er hinsvegar í þessari löggjöf um það, að gerðardómur, og því síður félagsdómur, geti kveðið upp úr um kaupkjör fólks. Félagsdómur dæmir aldrei um vinnukjörin, heldur aðeins um það, hvort vinnusamningar séu brotnir eða ekki. Bæði vinnuveitendur og verkalýðurinn hefir, þrátt fyrir þessa lagasetningu fullan rétt til að gera verkfall eða verkbann. Hinar tíðu vinnustöðvanir og hatrömu vinnudeilur hafa hinsvegar komið af stað efasemdum margra um það, hvort ekki væri rétt að setja ákvæði um gerðardóm í vinnudeilum í l. Sjálfstfl. vill ekki ganga þá leið. Hann vill til hins ýtrasta leita leiðar sættarinnar og samkomulagsins; og það er víst, að það er aldrei nema örþrifaráð, ef löggjafarvaldið þarf að kippa í taumana með slíkum gerðardómi. Í þessu lagafrv. er verið að gera hvorttveggja í senn, að auka rétt vinnuveitenda og verkalýðs til þess að mega og eiga að vinna í friði og samkomulagi, og jafnframt er verið að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar með því að ákveða, að ríkisvaldið, með íhlutun sáttasemjara, geri ýtrustu tilraunir til samkomulags aðiljanna, en þess er þó jafnframt gætt, að báðir aðiljar hafi eftir sem áður fullt vald yfir sínum málum og geti hafið vinnustöðvanir, ef annað þrýtur.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti! Góðir hlustendur! Frv. það um stéttarfélög og vinnudeilur, sem nú er hér til 3. umr., á sér talsvert langa sögu, eins og eðlilegt er um svo stórt mál. Það mun hafa verið Framsfl., sem fyrst vakti athygli á nauðsyn þess að koma hér á löggjöf um vinnudeilur. Var þessu hreyft af einstökum flokksmönnum hér á Alþingi með því að bera fram frv. um þessi mál, og jafnframt hefir nauðsyn þessa máls verið rædd mjög ýtarlega á flokksþingum Framsfl. Ég hefi jafnframt nokkrum sinnum vakið athygli á því síðan ég tók við störfum sem forsrh., hvílík nauðsyn það væri, að hér yrði sett vinnulöggjöf hliðstæð þeirri, sem í öðrum löndum gildir. Árið 1936 var skipuð fjögra manna nefnd af atvmrh. til þess að undirbúa það frv., sem nú liggur hér fyrir.

Þetta mál allt, vinnulöggjöfin og undirbúningur hennar, hefir fengið einkennilegar móttökur hér á Íslandi. Stafa þessar móttökur af því, eins og oft endranær, að nokkur hluti foringja verkalýðsfélaganna rekur ekki raunsæispólitik, tekur ekki á málunum eins og hann veit, að verkalýðnum er fyrir beztu, heldur eftir því, hvaða hlið málsins er vænlegust til fylgisöflunar í augnablikinu. Þannig hefir verið tekið á vinnulöggjafarmálinu hér á landi af kommúnistum fyrst og fremst. — Það hefir verið skrifað um vinnulöggjöf og hún kölluð þrælalög. Verkalýðnum hefir verið sagt, að með þessum lögum ætti að svipta hann miklu af sínum réttindum. Verkalýðnum hefir verið fyrirskipað, að gegn þessari löggjöf yrði hann að rísa. Árangurinn af þessum fortölum virðist víða hafa orðið eins og til var ætlazt. Verkalýðsfélög víðsvegar um land samþykkja harðorð mótmæli gegn vinnulöggjöf, mörg þeirra án þess að hafa hugmynd um, um hvað verið er að gera samþykktir og án þess að fólkið hafi lesið nokkurn staf í þessu frv., heldur er hlaupið eftir því, sem viss hluti foringjanna segir. Það er ekki hægt að neita því, að sá áróður viðvíkjandi vinnulöggjöfinni, sem rekinn hefir verið af ástasta hluta verkalýðsins undanfarin ár, skilur ennþá eftir sín spor, — og það er eðlilegt. Þessi áróður markar ennþá að ýmsu leyti afstöðu nokkurs hluta verkalýðshreyfingarinnar til vinnulöggjafar.

En hvert er þá innihald þessarar löggjafar, sem kommúnistar og aðrir hinir óheiðarlegri stjórnmálamenn beita sér gegn og kalla þrælalög?

Fyrsti kafli þessarar löggjafar er um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda, og eru þar viðurkennd ýms réttindi verkalýðsfélögunum til handa, sem skiptir þau mjög miklu máli að fá viðurkennd og víða hefir tekið áratugi að fá atvinnurekendur til að viðurkenna.

Annar kafli laganna er um verkföll og verkbönn. Þar eru sett ákvæði um það, að þegar stéttarfélög og atvinnurekendur hefja vinnustöðvun,

skuli fara fram um það almenn atkvgr. í félögunum, í stað þess að einstöku menn, sem langar til að láta bera á sér, hafa getað lýst yfir og hafa oft lýst yfir vinnustöðvun. Ennfremur er svo fyrir mælt í þessum kafla, að sjö dögum áður en vinnustöðvun á að hefjast skuli sáttasemjara tilkynnt, að vinnustöðvun sé yfirvofandi, til þess að sáttaumleitanir geti hafizt. Enn er það ákvæði í kafla þessum, að vinnustöðvun megi ekki hefja ef ágreiningurinn er um atriði, sem heyra undir félagsdóm, — og bannað er að gera vinnustöðvun til þess að þvinga stjórnarvöldin til framkvæmda á því, sem þau ekki telja rétt. Ennfremur er bannað að gera vinnustöðvun í samúðarskyni við félög, sem hafa byrjað ólöglega vinnustöðvun.

Þriðji kafli laganna er um sáttatilraunir í vinnudeilum, og er reynt að búa svo um, að sættir séu reyndar til hins ýtrasta þegar vinnustöðvanir standa fyrir dyrum. Þar eru m. a. ákvæði um það, hvernig atkvgr. um miðlunartillögur sáttasemjara skuli hagað. Í kaflanum eru ákvæði um, hve margir félagsmenn í hlutaðeigandi félagi skuli vera á fundi þegar atkvgr. um miðlunartillögur fer fram.

Fjórði kafli laganna er um félagsdóm. Dómstóll þessi er skipaður fimm mönnum, og skipar hæstiréttur þá, sem hafa þar oddaaðstöðu. Verkefni þessa dómstóls er að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnulöggjöfinni og tjóni, sem orðið hefir vegna ólögmætrar vinnustöðvunar. Einnig að dæma í málum, sem rísa út af kærum yfir broti á vinnusamningum, og loks skal hann dæma um þau mál, sem atvinnurekendur og verkamenn koma sér saman um að leggja undir félagsdóm. Eins og menn sjá af þessu, á dómstóllinn ekki, eins og reynt hefir verið að blekkja menn til að trúa, að dæma um kaup og kjör, heldur aðeins í þeim atriðum, sem ég taldi upp hér að framan, atriðum, sem á seinustu árum hafa mjög oft verið lögð í gerðardóm, vegna þess að á þann hátt fæst miklu fljótar úr atriðunum skorið heldur en sækja þau fyrir hinum almennu dómstólum landsins. Það er því verkamönnum sjálfum og reyndar báðum aðiljum til hægðarauka að skipa þessum málum þannig. Stærsta atriðið er, að með félagsdómi ætti að vera hægt að fyrirbyggja vinnustöðvanir; í stað þess að útkljá mál með átökum, leggja nú aðiljar vissan hluta málanna í dóm og bíða úrslita hans.

Þetta eru aðalatriði vinnulöggjafarinnar, og ég verð að segja það, að þeir menn eru líklegir til að geta haldið fram flestum fjarstæðum í stjórnmálum, sem undanfarið hafa hamrað á því, að þessi löggjöf væri íslenzkum verkalýð einskonar þrælalög. Það þarf sérkennilega tegund af mannfólki til þess að geta mætt á fundum og hér á Alþingi og haldið slíku fram. Sannleikurinn er sá, að þessi löggjöf, sem nú verður sett, er hliðstæð lögum, sem gilt hafa um þetta efni á öllum Norðurlöndum í mörg ár, og sum þeirra — eða jafnvel flest — hafa einmitt verið samþ. af jafnaðarmannafl. þar. Meginreglurnar, sem nú á að lögleiða hér, hafa gilt í Danmörku nærfellt 40 ár, ekki sem lög, heldur sem reglur, sem atvinnurekendur og verkamenn komu sér saman um í septembersættinni svonefndu, sem gengið var frá 1899. En þessi septembersætt var gerð eftir að báðir deiluaðiljar höfðu þjakað svo hvorn annan með stórkostlegum verkföllum, að þeir sáu það sjálfir, án þess að til löggjafar kæmi, að þeim var það lífsnauðsyn að semja sín á milli einskonar bardaga- eða leikreglur til þess að baka ekki hvor öðrum meira tjón en nauðsynlegt væri, og fyrirbyggja deilur svo sem föng voru á. Það eru þessar reglur, sem Norðurlandaþingin, þar sem jafnaðarmenn hafa haft meirihluta-aðstöðu um mörg ár, hafa síðan samþykkt. Og það kemur greinilega fram í nefndarálitinu, sem hér liggur fyrir, að sumstaðar, þar sem verkamannasamböndin hafa verið andstæð slíkri löggjöf áður, telja þau sig, að fenginni reynslu um mörg ár, ekki vilja missa hana. Dettur nú nokkrum manni í hug, sem hlustar á mál mitt, að verkamannastjórnirnar á Norðurlöndum, í Svíþjóð, í Danmörku, í Noregi, og verkamannasamböndin, sem standa á bak við þær, mundu ekki sjá um, að slík löggjöf væri afnumin, ef þær teldu ekki, eins og líka kemur fram í bréfi sænska verkamannasambandsins, að lögin ættu að gilda áfram frekar en hverfa aftur til þess ástands, sem var þegar lögin voru sett? Þó mun það vera viðurkennt, að á Norðurlöndum eru verkamannasamtökin og aðstaða þeirra til ríkisstjórna sterkari en víðast annarsstaðar, menntun fólksins, frelsi og kjör verkalýðsins betra en nokkursstaðar annarsstaðar, þar sem við til þekkjum. Sannleikurinn er sá, að verkalýðssamtökin eru víða svo þroskuð, að þau skilja, og láta enga æsingamenn hagga þeim skilningi, að það er verkamönnum lífsnauðsyn, engu síður en þjóðfélaginu, að vinnufriður geti ríkt sem almennast. Verkföllin og vinnustöðvanirnar ganga næstum undantekningarlaust út yfir verkamennina sjálfa. Verkföllin hafa lamandi áhrif á atvinnulífið og allan þjóðarhaginn, og því verri sem afkoma atvinnulífsins verður, því ófærara verður það til að greiða verkamönnum viðunandi kaup. Það hefir t. d. verið reiknað út, að í togaraverkfallinu 1930 hafi tap sjómannanna vegna vinnustöðvunarinnar verið svo mikið, að þeir þyrftu 16 ár með þeirri kauphækkun, sem þeir fengu, til þess að vinna upp það tjón, sem verkfallið bakaði þeim. Og tjón útgerðarinnar hefir áreiðanlega numið milljónum.

En það má enginn gera sér þær vonir, að þótt vinnulöggjöfin verði samþ., þá séu vinnustöðvanir þar með afnumdar. Það, sem gert er með þessari vinnulöggjöf, er aðeins að koma í veg fyrir, að framvegis verði vinnudeilur háðar eins og smáskæruhernaður í þjóðfélaginu, utan við lög og rétt. Það ástand, sem ríkt hefir í vinnudeilum undanfarið, er raunverulega það, að vissir hópar manna hafa brotið lög landsins, reynt að skapa sér sín eigin lög og reglur og háð stöðugan smáskæruhernað, sem hefir orðið verri og viðtækari með hverju ári. Aðferðin í vinnudeilunum hefir aðallega verið sú, að þegar einhver stórkostleg verðmæti hafa verið í húfi, t. d. eins og útflutningur verðmætra afurða, sem legið hafa undir skemmdum, eða aðra vinnu hefir þurft að leysa af hendi án tafar, þá hefir vinnustöðvun verið lýst yfir fyrirvaralaust. Það hefir verið

ákaflega skyld bardagaaðferð og sumstaðar tíðkast annarsstaðar, nefnilega að setja skammbyssuna við ennið á andstæðingnum og heimta peningana eða lífið. Það þarf ekki að lýsa því, að þessi aðferð hefir oft valdið stórkostlegu tjóni á verðmætum. Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er svo fyrir mælt, að þessir bardagar skuli háðir eftir nokkrum reglum, sbr. 7 daga frestinn.

En spurningin er sú, þegar allt þetta er athugað, hvers vegna til eru menn hér í þinginu og utan þess, sem beita sér gegn því, að löggjöf eða reglur, sem gilt hafa í nágrannalöndunum um tugi ára, sé einnig sett hér. Tæpast getur það verið vegna þess, að við séum svo miklu ríkari þjóð og eigum svo miklu blómlegra atvinnulíf en nágrannaþjóðirnar, að við höfum þess vegna efni á að halda uppi þessum „guerilla"-hernaði í atvinnulífinu. Flestir þessara manna sjá það áreiðanlega mjög vel, að atvinnulíf okkar má sannarlega ekki við þeim vinnuófriði, sem geisað hefir. En ástæðan fyrir andmælum gegn þessu frumvarpi er klofningurinn, sem nú er í verkalýðssamtökunum. Ekkert sannar þetta e. t. vill greinilegar en afstaða Héðins Valdimarssonar til þessa máls. Það hefir upplýstst í þessum umr., að Héðinn Valdimarsson vill ólmur bera þetta frv. fram á síðasta þingi án þess að spyrja nokkurt verklýðsfélag um afstöðu þess til málsins. Virðist hann þá hafa álitið, að slík stefna kæmi bezt heim við hans hagsmuni. Nú beitir hann sér eins og óður maður gegn því sama frumv., sem hann var svo ákafur í að láta samþ. í fyrra. Afstaða kommúnistanna er af sömu rótum runnin. Þessir skrumauglýsendur vita það, að vegna þeirrar andstöðu, sem vinnulöggjöfin hefir sætt, situr það ennþá í nokkrum hluta verkalýðsins, að vinnulöggjöf sé skaðleg verkalýðssamtökunum. Og þá er útreikningurinn ákaflega auðveldur með tilliti til eiginhagsmunanna. Vegna þess, að jafnaðarmenn fylgja frumvarpinu, hugsar Héðinn Valdimarsson og kommúnistar sér að fá inn í sínar raðir hina óánægðu, sem enn ganga með þær grillur í höfðinu, gegn reynslu stéttarbræðranna á Norðurlöndum, að vinnulöggjöf sé verkamönnunum skaðleg, einskonar þrælalög. Það er sannast að segja ömurlegt fyrir þá, sem trúa á menntun fólksins og lýðræði í landinu, að sjá annan eins skripaleik, og að útreikningar Héðins Valdimarssonar og kommúnista virðast því miður hafa við veruleg rök að styðjast og að talsverður hluti verkalýðsins hafi látið blekkjast í þessu máli. Þannig eru þá bardagaaðferðirnar og ástand stjórnmálanna hér á Alþingi árið 1938.

Sumir kunna að vilja afsaka framferði andstæðinga málsins, kommúnistanna, með því, að þeir noti þarna einungis vissa tegund af sínum eigin bardagaaðferðum til þess að ná sínu endanlega takmarki. Með því að halda uppi stöðugum vinnuófriði og smáskæruhernaði í atvinnulífinu búist þeir við að geta smátt og smátt tamið verkalýðinn, eins og þeir orða það, til hinnar virku bardagaaðferðar: hnefaréttarins, og búa hann þannig, eins og þeir orða það, undir úrslitabaráttuna. Jafnframt nær þessi bardagaaðferð þeim tilgangi, að hún lamar smátt og smátt allt atvinnulíf í landinu, gerir framleiðsluna óstarfhæfa og þegar svo er komið, er hægt um vik að benda á, að atvinnuvegirnir geti ekki séð verkamönnunum fyrir atvinnu og lífsnauðsynjum. Að áliti kommúnista er með þessu tvennt unnið; verkalýðurinn styrktur og æfður í hnefaréttinum og atvinnurekendur, sem þarf að ryðja úr vegi áður en þúsundáraríkið hefst, gerðir nægilega veikir til þess að hægt sé að berja þá niður. Ég hygg, að hið sanna sé, að það sé einmitt þetta, jafnhliða hinu, sem vakir fyrir kommúnistum, og þá ættu þeir líka að kannast við það. En þeir ættu þá um leið að segja hinum íslenzka verkalýð frá því, hvernig þessi bardagaaðferð þeirra hefir lánazt t. d. á Ítalíu, þar sem verkalýðurinn hafði eitt sinn undir forustu kommúnista dregið rauða fánann að húni á mörgum verksmiðjubyggingum, á Spáni og í Þýzkalandi. Íslenzkir kommúnistar mega vita það með vissu, og það er bezt að segja þeim það strax í áheyrn alþjóðar, að þessi bardagaaðferð þeirra lánast aldrei hér. Ef henni verður beitt í íslenzkri verkalýðsstétt, þá á áreiðanlega eftir að rætast það, sem Jón heitinn Baldvinsson sagði, að undir því merki mundi íslenzkur verkalýður falla. Það er hægt að nota þær bardagaaðferðir, sem beitt hefir verið á stundum í vinnudeilum, um nokkurt skeið, en það er ekki til lengdar hægt að ganga framan að mönnum með steyttan hnefann, beita ofbeldi eða hóta því, án þess að hinn aðilinn grípi til samskonar meðala. Og það er sú saga, sem hefir verið að gerast í hverju landinu eftir annað hin síðustu ár, saga, sem kommúnisminn hefir skapað. Það má rekja þennan sama ógæfuferil kommúnismans í gegnum alla álfuna og heilindi þeirra nú síðast til þess lands, þar sem þeir hafa stutt ríkisstjórn, en svikið hvenær sem þeir hafa komizt í færi. Þeir eru hinir sönnu höfundar nazismans og gera meira en nokkur annar flokkur til að styðja hægriöflin í hverju landi. Þær vinnuaðferðir, sem kommúnistar vilja beita hér á Íslandi í vinnudeilum, myndu þess vegna aldrei geta leitt til annars en stórslysa fyrir verkalýðshreyfinguna, og til styrktar þeirri pólitísku hreyfingu, sem kommúnisminn hefir alstaðar vakið. Verkalýður, sem ekki veit þetta og ekki hefir það hugfast, þegar hann tekur sínar ákvarðanir, hann skilur ekki sína köllun.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Herra forseti! Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði viljað skipa þann gerðardóm, sem um var að ræða í togaradeilunni, þannig, að tryggt væri, að sjómenn ættu vísan dóm sér í vil. Þetta er alveg rangt, eins og allir muna, sem umr. heyrðu.

Hv. 3. þm. Reykv. fannst það einkennilegt, að hv. þm. N.-Ísf. hefði orðið í þessu máli. Aðrir stæðu því nær, t. d. hv. 3. landsk. þm. o. fl. Hv. 3. þm. Reykv. veit það þó, að hv. 3. landsk. á ekki sæti hér í d., en hann hefir einmitt unnið að samningu þessa frv. Hv. þm. sagði, að hv. þm. N.-Ísf. þekkti lítið til verklýðsmála. Jæja, svo er nú það. Hann sagði, að hann hefði komið á flokksþing 1937 og flutt klofningstill. En hann gleymdi að geta þess, að hann sveikst aftan að sínum samtökum, með því að láta kommúnistana vita, að menn meintu ekkert með þessu og

væru til með að ganga í áttina til þeirra, og óþarfi væri að taka samningstilboði Alþfl.

Hv. þm. vítti okkur alþýðuflokksmenn fyrir, að við fluttum till. um að lögbjóða till. sáttasemjara sem kaup sjómanna til þess að forðast gerðardóminn. Hann veit það eins vel og kommúnistarnir, að samskonar till. greiddu kommúnistarnir í danska þinginu atkv., en sú till. var um að lögfesta kaup í stað gerðardóms. Hve marga sjómenn fekk svo þessi hv. þm., HV, með sér, þegar hann fór sjálfur á stúfana með allt sitt Dagsbrúnarveldi og bauð sjómannafélaginu sína aðstoð? Hann fékk 11, og sýnir það fylgið, sem hv. þm. hafði í þessu máli í sjómannafélaginu. Þessu gleymdi hv. þm. líka að segja frá. — Annars er það um brtt. þm. að segja, að þrjár af þeim skipta máli í sambandi við frv. Ein af þeim er um að vernda eignir og sjóði félaganna, og önnur er um meira öryggi fyrir trúnaðarmenn félaganna. Hv. 3. þm. Reykv. neitaði að láta tvær af þessum till. bíða til 3. umr., þó að hann vissi, að verið væri að semja við Framsfl. um að fá endurbætur á þessum ákvæðum. Þriðja brtt. er um, að ekki verði aðeins bannaðir „strækubrjótar" innan samtakanna, því að það er aðeins önnur hlið málsins, en bannað og látið varða vítum, að atvinnurekendur reyni að fá menn til þess að vinna, þegar vinnustöðvun stendur yfir. Það hefði ég kosið, að næði til allra manna í starfsgreininni. Þetta er eina till., fyrir utan hinar tvær, sem hefir þýðingu til bóta. Hinar till. eru tilraun til þess að hrófla við efni frv. Hv. þm. segir, að bannað sé að setja taxta eftir frv. Hann veit, að þetta er ósatt. Það er heimilt eftir sem áður. Hann segir, að skyndiverkföll séu bönnuð. Hann veit, að það er ekki satt. Með skipun trúnaðarmannaráðs, sem ákvæði er um í l., er félögunum í sjálfsvald sett, hvernig þau haga vinnustöðvunum, en það er áskilinn 7 daga frestur, þegar um er að ræða ákvarðanir um vinnustöðvun út af taxta. Hv. þm. segir ennfremur, að pólitísk verkföll séu bönnuð. Það er ekki rétt. Pólitísk verkföll eru í fyrsta skipti leyfð á Íslandi, ekki öll að vísu, en mestur hluti þeirra. Að vísu eru í þessu frv. bannaðar aðgerðir, sem geta þvingað stjórnarvöldin til þess að gera það, sem þau mega ekki gera, eða að láta ógert það, sem þeim er skylt að gera. En þetta er engin breyt. frá því, sem er nú í l. Þess vegna krafðist hv. þm. aðgerða í benzinverkfallinu. En mótmæli gegn lagasetningu þingsins eru leyfð, ef frv. er gert að l. Hv. þm. sagði, að Rússar hefðu gert pólitískt verkfall 1905. Ég man ekki betur en að það hafi verið skotið á þá fyrir framan Vetrarhöllina. Hv. þm. sagði ennfremur, að alþýðusamtökin dönsku hefðu gert pólitískt verkfall 1922. Það er ekki rétt. Það var gert gegn aðgerðum, sem ekki voru bundnar af l., sem þá var um að ræða.

Hæstv. forseti gefur mér merki um, að tíminn sé á þrotum, og verð ég að hlíta því, en eitt atriði langar mig þó til að minnast á að lokum. Hv. þm. sagði eitt í lok ræðu sinnar, sem ekki má ómótmælt standa. Hann sagði, að 1. maí mundu Alþfl. og Kommfl. sameiginlega minnast þess dags. Þetta er rangt og ósatt. Alþfl. mun í dag, því að 1. maí er byrjaður, eins og hann hefir gert, síðan hann var stofnaður, minnast þessa dags innan samtaka sinna og vébanda. Í dag minnist hann sérstaklega tvenns. Hann minnist í fyrsta lagi síns fallna foringja, Jóns heitins Baldvinssonar, sem nú í fyrsta skipti getur ekki tekið þátt í hátíðahöldunum með okkur. Hitt er eining alþýðunnar innan alþýðusamtakanna íslenzku, sem nú er verið að reyna að kljúfa af mönnum, sem eru út sendir af kommúnistum og sjálfstæðismönnum. Alþfl. tekur upp kröfuna um einingu alþýðunnar og heldur sinn dag 1. maí. Það sýnum við öll, alþýðuflokksmenn og konur, við hátíðahöldin í dag. Gleðilega hátíð!

***Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti! Það voru 3—4 atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf., VJ, sem ég vil svara. Hann var að tala um, að Sjálfstfl. væri að gera sig ísmeygilegan og brosti til Framsfl. Ég vil segja: Maður líttu þér nær. Þessi hv. þm. ætti að líta í spegil og sjá sjálfan sig og ímynd síns flokks, sem hann er í þessu máli, því að hann er með þessum orðum sínum að gefa nákvæma lýsingu á sér og sínum flokki. Sósialistar áttu eftir afstöðu sína í þessu máli og viðskilnaðinn við Framsfl. um tvennt að velja, annaðhvort að halda við sína fyrri afstöðu í þessu máli, sem sé þá að berjast með hnúum og hnefum á móti vinnulöggjöf og missa þannig vonina um að geta verið eitthvað lengur í stjórnarsamvinnu, og þar með alla þá bitlinga og þægindi, sem það kann að veita, eða að kasta sinni fyrri trú og sitja áfram við kjötkatlana. Það var ekki af því, að málefnið væri breytt. Þetta mál liggur alveg eins fyrir 1938 eins og það lá fyrir 1937 og 1936. Það eru í rauninni allt sömu frv. Þess vegna er hlægilegt, þegar hv. þm. N.-Ísf., VJ, er að tala um, að Sjálfstfl. sé að snúast í þessu máli. Það eru því sósíalistar, sem hafa snúizt í þessu máli, og það eru einmitt þeir, sem tala nú fleðulega í þessu máli, eins og hv. þm. komst að orði um okkur sjálfstæðismenn. Sósialistarnir eru sannarlega í vanda staddir, því að vönduinn skellur á þá úr tveim áttum. Ef þeir snúa sér til kommúnistanna, eiga þeir í vændum að missa samvinnumöguleikana og þar með bitlingana, en ef þeir nálgast Framsfl. um of, eiga þeir á hættu, að kommúnistarnir og HV taki frá þeim kjörfylgi. Hv. þm. sósíalista hafa sannarlega verið sannfæringarlausir í þessu máli, og það er aðeins eitt, sem heldur þeim nú við þá ákvörðun, að fylgja þessu frv., og það er, að þeir vita, að eini möguleikinn til þess að geta verið áfram í stjórnarsamvinnu er, að þeir gangi inn á afgreiðslu þessa máls á þann hátt sem hér er ætlazt til.

Hv. þm. N.-Ísf., VJ, var að tala um afstöðu sjálfstæðismanna til málsins í allshn. Í því sambandi vil ég upplýsa það, að hv. þm. gerði allt, sem hann gat, til þess að fá sjálfstæðismenn til þess að kljúfa sig út úr í þessu máli, en þeir höfðu enga ástæðu til þess, af því að þeir fengu fram öll þau meginatriði málsins, sem þeir höfðu barizt fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svara fleiri atriðum í ræðu þessa hv. þm., enda hefi ég ekki tíma til þess.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv., EOl, sagði

um „Íhaldið" og afstöðu þess til verkalýðsins, vil ég minna hann á, hvernig aðstaða verkalýðsins í Rússlandi er í þessum efnum. Eru verkföll leyfð þar? Alls ekki. Ef vinnuþiggjendur þar eru ekki ánægðir með sín kjör, þá sker gerðardómur úr, og ef þessir sömu menn láta sér það ekki vel líka, þá eru þeir skotnir eða sendir til Síberíu. Þetta er fyrirmyndin í því landi. Og ekki mundi alþýðan hér á landi telja þau kjör, sem rússneskir verkamenn eiga við að búa, nein sældarkjör. Það er a. m. k. víst. Íslenzkir verkamenn mundu ekki láta sér nægja 150 rúblur á mánuði, sem er um 30—40 íslenzkar krónur. Þessir menn, sem tala um þetta frv. sem einhver þrælalög, ættu að muna, að sömu ákvæði og sömu lög hafa gilt árum saman á Norðurlöndum, þar sem sósíalistar hafa farið með völd og haft fulla möguleika til að fá þessu breytt, ef þeir hefðu viljað.

Hæstv. forseti tilkynnir mér, að tími minn sé á enda, en að síðustu vil ég ítreka það fyrir hv. hlustendum, að ef í meginatriðum væri meginmunur á milli þess frv., sem við sjálfstæðismenn höfum flutt á Alþ. undanfarið, og þess frv., sem hér liggur fyrir og sósíalistar fylgja, þá myndu þeir áreiðanlega benda á þennan mun, en hv. þm. N.-Ísf., VJ, hefir ekki og heldur ekki hv. þm. Seyðf., HG, bent á eitt einasta atriði, sem þeirra frv. væri frábrugðið okkar frv. að efni til. Það er dálítið hlægilegt, að þessir sömu hv. þm., eins og hv. þm. N.-Ísf., VJ, og sósíalistarnir hér í þinginu, sem hafa lýst yfir því í Alþbl., að allar till. hv. 3. þm. Reykv., HV, í þessu máli væru þannig, að ekki væri hægt að taka þær alvarlega, skuli í dag bera fram samhljóða till. Þetta sýnir, að þeim stendur stuggur af því, að viðurkenna, að þær breyt., sem hv. 3. þm. Reykv. hefir borið fram, séu ekki eins vitlausar eins og þeir þó hafa viljað halda fram.

Ég skal að síðustu segja það, að það er trú mín, að þessi l. verði til gagns — til þess að auka vinnufriðinn í landinu eins og l. frá 1925. Mótstaða þeirra, sem hafa barizt gegn þessu máli, er óðum að þverra, því að sósíalistar eru nú horfnir úr hópnum.

Sjálfstfl. hefir sigrað í þessu máli og hann fagnar því; ekki af því, að hann sem flokkur út af fyrir sig hefir sigrað, heldur af því, að hér hefir gott málefni sigrað, — af því að þjóðfélagið hefir sigrað í þessu máli.

Einar Olgeirsson: Það er eins og hv. síðasta ræðumanni sé ekki ljóst, hvernig verkamenn gera verkföll. Þeir gera það á móti auðvaldinu. Þess vegna gera verkamenn í Rússlandi ekki verkföll. Þar eiga þeir framleiðslutækin.

Hæstv. forsrh. var að tala um það áðan, að verkalýðsfélögin hefðu ekki kynnt sér nægilega vinnulöggjafarfrv., áður en þau mótmæltu því. Þetta er rangt hjá honum. Þau félög, sem kynntu sér þetta bezt, mótmæltu hvað skarpast. Ég hefi hér tvö tölublöð af Þjóðviljanum, þar sem prentuð eru mótmæli frá verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði og Bílstjórafélagi Akureyrar, og höfðu bæði félögin undirbúið nefndir, sem skipaðar voru til þess að athuga þetta mál. Var sú athugun mjög ýtarleg, og hver einasta grein tekin fyrir. Hæstv. forsrh. dugir ekki að skjóta sér bak við þetta, einmitt af því að verkalýðurinn skilur, að þetta frv. er byrjun á þrælalögum. Þess vegna mótmælir hann því. — Þá talaði hæstv. forsrh. um, að Septembersættin svo kallaða væri fyrirmyndin að þessari vinnulöggjöf, og fannst það hart, að við dirfðumst að kalla hana þrælalög, en í sömu andránni viðurkenndi hæstv. ráðh., að danski verkalýðurinn hefði gengið að þessari sætt, af því að hann hefði verið píndur til þess af hungri. Hvílík sætt! Það eru laglegir samningar, þegar afstaðan er þannig. Það er von, að hæstv. ráðh. finnist það fyrirmynd.

Íslenzkur verkalýður vill ekki frekar en danski verkalýðurinn ganga inn á svona sætt, nema hann sé beygður til þess af hungri. En það er ekki fyrir hendi nú, og þess vegna er hann á móti þessari vinnulöggjöf í anda septembersættarinnar, sem er tákn hungursins.

Þá talaði hæstv. forsrh. um vinnulöggjöfina á Norðurlöndum. Veit hann ekki, að verkalýðurinn þar hefir barizt á móti vinnulöggjöf, en það hefir ekki enn tekizt að afnema hana, því að þó að sósíalistar fari að vísu með völd á Norðurlöndum, þá er það samt auðvaldið, sem ræður í raun og veru.

Þá hélt hæstv. forsrh. því fram, að kommúnisminn skapaði nazismann. Þetta er vitanlega alrangt. Í þessu sambandi vil ég benda á, að nazisminn hefir ekki komið upp, þar sem kommúnisminn hefir komizt til valda. Í Rússlandi er nazismi t. d. ekki til. En aftur á móti, þar sem lýðræðið ríkir á þann hátt sem hæstv. ráðh. virðist álíta heppilegast, þar hefir nazisminn því miður náð tökunum, eins og t. d. í Þýzkalandi og Austurríki. Gerðardómurinn, sem búið er að samþ. hér, og vinnulöggjöfin, sem verið er að samþ., eru áfangar á brautinni til fasismans, og á þeirri braut viljum við kommúnistar láta snúa við og vonum, að Framsfl. átti sig og geri það, áður en það er of seint.

Hv. þm. N.-Ísf. var að tala um hlutfallið milli löggjafar og valds. Hann reyndi að halda því fram, að við kommúnistar værum á móti endurbótum með löggjöf. Þetta er firra, sem hv. þm. S.-Þ., JJ, hefir útbúið, og er það sláandi dæmi um, hvað djúpt sokkinn hv. þm. N.-Ísf. er, að hann skuli taka þetta upp.

Annars er það svo, að vald alþýðusamtakanna hefir meiri og minni áhrif á löggjöfina, og því sterkari sem samtök verkalýðsins eru, því meiri verða þau áhrif. Vald hans endurspeglast í lögunum. Aukið vald verkalýðsins knýr fram meiri endurbætur, þó að hann sé ekki í stjórnaraðstöðu, vegna þess að þjóðfélagið tekur þá meira tillit til hans. Þannig hefir verkalýðurinn með valdi sínu knúð fram almennan kosningarétt og auknингu á þeim kosningarétti. Það hefir einnig farið þannig í þeim löndum, sem fasisminn hefir lagt undir sig, að verkalýðurinn hefir misst kosningaréttinn, vegna þess að hann var ekki nógu sterkur utan þings til þess að vernda réttindi sín. Þar hjálpa engin lög. Þar hrynur lýðræðisbyggingin eins og spilaborg, ef vald verkalýðsins er ekki nógu sterkt. Og hvað sannar reynslan frá Þýzkalandi og Austurríki í þessum efnum? Þar trúðu sósíalistar á almætti lagabókstafsins og fyrirlitu aðvaranir okkar kommúnista. 1921

gerðu hervaldssinnar í Þýzkalandi uppreist og tókst að ná völdunum. Verkalýðurinn mótmælti þá með allsherjarverkfalli og knúði þannig hervaldssinna til þess að leggja niður völd á þriðja degi. Árið 1933, þegar Hitler varð kanslari, var sami möguleikinn fyrir hendi fyrir því, að hrinda honum úr veldisstóli. Kommúnistar buðu sósialistum upp á, að gert yrði sameiginlegt allsherjarverkfall, en sósialistar neituðu að nota þetta eina vald, sem gat verndað frelsi þeirra og lýðræðið. Þess vegna fór sem fór. Hv. þm. N.-Ísf., VJ, fer með hreinar blekkingar, þegar hann er að tala um þessa afstöðu, og þær blekkingar eru hættulegar. Ástæðan til þess, að hann og flokksmenn hans fara með þessar blekkingar, er sú, að þeir trúa ekki á baráttuvilja, fórnfýsi og kraft verkalýðsins. Hv. þm. N.-Ísf., VJ, trúir á almætti þingvaldsins og blessun hrossakaupanna og hefir ekkert á móti því, að takmarka frelsi verkalýðsins fyrir tilverknað þessara afla. En verkalýðurinn hefir lært af reynslunni og beitir öllum áhrifum sínum til þess að varðveita frelsi sitt og knýja fram kjarabætur fyrir sig. Þess vegna sendi hann okkur kommúnistana á þing til þess að bera fram frv. um hagsmunabætur. Verkalýðurinn veit, að öll hans réttindi og frelsi byggist fyrst og fremst á valdi hans sjálfs og vilja til þess að verja þessi réttindi með öllum þeim ráðum, sem duga. Og þetta vald mundi verkalýðurinn vernda, og verja með því lýðræðið og þingræðið, sem að miklu leyti skapast af þessu valdi.

Hv. þm. lauk ræðu sinni með því, að aumka hv. 3. þm. Reykv., HV. Ég held, að hv. þm. N.-Ísf. ætti að gráta sínum krókódílatárum yfir sjálfum sér og flokksbræðrum sínum hér í þinginu, sem standa uppi fylgislausir og verða að grípa til þeirra vandræðaráða sem raun ber vitni um. Hv. þm. sagði, að sum verkalýðsfélögin hér í Reykjavík, sem hefðu mótmælt vinnulöggjöfinni, hefðu verið stofnuð af fjandmönnum Alþýðufl. til þess að mótmæla nú(!).

Svo eru þessir menn að tala um, að Héðinn og kommúnistar séu sérstaklega einangraðir í Dagsbrún, — þessir vesalingar, sem stóðu uppi með 27 atkv., þó að þeir tefldu fram sínum beztu ræðumönnum, eins og hv. þm. Seyðf., HG. Einnig halda þeir því fram, að í sjómannafélaginu hafi ekki skort vilja sjómannanna til þess að samþ. vinnulöggjöfina, en það hafi bara ekki unnizt tími til þess. Það var margsinnis skorað á Sigurjón Á. Ólafsson að ræða málið í félaginu. Hann kom sér hjá því að ræða við sjómennina um þetta. Það eina, sem hægri mennirnir hafa með sér, er pappírinn í Alþbl., og hans þolinmæði er ekki hægt að ofbjóða, en þolinmæði fólksins er hægt að ofbjóða, og þess vegna yfirgefur fólkið hægri mennina í alþýðusamtökunum, enda mun sá dagur koma, að þessir menn verða fyrir miklum vonbrigðum, þrátt fyrir það þótt þeir reyni að blekkja sjálfa sig. Ég er hræddur um, að það verði ekki langt þangað til, að hv. þm. N.-Ísf., VJ, og hans fylgifiskar komi til með að sjá, að vonbrigði þeirra verði einhver þau hörmulegustu, sem foringjar nokkurs stjórnmálaflokks hafa lent í, og ég hygg, að þeir muni sjá hilla undir þau vonbrigði í dag, 1. maí, þegar verkalýðssamtökin munu sýna vald sitt og vilja.

Það var rangt, sem hv. þm. Seyðf., HG, lauk ræðu sinni með áðan, að alþýðuflokksmenn og kommúnistar héldu þennan hátíðisdag ekki sameiginlega. Víða á landinu halda þeir sameiginlegar skemmtanir og fundi, t. d. á Siglufirði, Norðfirði, hér í Reykjavík og víðar á landinu. Hér hefir Jafnaðarmannafélag Reykjavíkur, sem er hið löglega stjórnmálafélag Alþýðufl. hér í Rvík, 15 verklýðsfélög og Kommfl. tekið saman höndum um að halda sameiginlega hátíð 1. maí og fara sameiginlega kröfugöngu. Það er ekki reiknað með því af fjöldanum, þó að nokkrir hálaunaðir embættismenn skeri sig út úr og fari sérstaka grafargöngu með það flokksbrot, sem er á leiðinni til grafar. Verkalýðurinn á Íslandi ætlar að sameinast. Þess vegna „marsérar" hann fjölmennur út á göturnar 1. maí, ekki sízt í Reykjavík. Hann gerir það til þess að mótmæla vinnulöggjöf, hann vill verja sitt frelsi — til þess að mótmæla atvinnuleysinu, sem alltaf er að færast í aukana, til þess að mótmæla afturhaldinu, sem er að færa sig upp á skaftið hér í þinginu og annarsstaðar. Þess vegna skora ég í nafni Kommfl. á verkalýðinn hér í Reykjavík að fjölmenna þúsundum saman á Lækjargötu kl. 2 og síðar á Austurvelli. Takið þátt í kröfugöngu Alþfl. og Kommfl. Það er nauðsynlegt á þessum tímum, að verkalýðurinn sýni, hvað fjölmennur hann er, því að í fjöldanum liggur hans kraftur.

1. maí er byrjaður. Til baráttu öll þið, sem viljið vernda frelsi verkalýðsins fyrir þeirri skerðingu, sem ætlazt er til, að á því verði gerð með því frv., sem hér er til umræðu. Öll eitt, 1. maí!

Frsm. (Bergur Jónsson): Úr því að hv. síðasti ræðumaður „marséraði" loksins burt úr ræðustólnum og komið var fram yfir tímann hjá honum, kemst ég að með nokkur orð.

Ég vil benda hv. þm. á það, að „septembersættin" var sett eftir verkfall með samkomulagi aðilja af nefnd, sem var sett af báðum aðiljum, og þess vegna var ekkert ósamræmi í orðum hæstv. forsrh. hér áðan.

Viðvíkjandi ræðu hv. 8. landsk. vil ég geta þess út af brtt., sem hann nú minntist á og flutt er af mér og hv. þm. N.-Ísf., að hann ætti að vera það vel að sér í þingsköpum að vita, að það er ekki hægt að bera fram sömu brtt. við tvær umr., og þess vegna er það firra, að brtt., sem við berum fram, sé sama brtt. og felld var við 2. umr.

Til þess að sýna sanngirni eða fum hv. 3. þm. Reykv., HV, í þessu máli, vil ég benda á eina brtt.,sem hann bar fram við 2. umr. málsins, þar sem hann vill ákveða svo, að við allar atkvgr. skuli samkv. lögunum gilda sú regla, að einn maður fari með eitt atkv. Þetta á auðvitað við um atkvgr. í stéttarfélögum, en ef það ætti að gilda um atvinnurekendur, gæti það t. d. leitt til þess, ef um þrjá atvinnurekendur væri að ræða á einum og sama stað og tveir ættu sitt hvort skipið, en einn ætti 15—20 skip, að þessir tveir, sem eiga tvær fleytur, gætu sagt þeim atvinnurekanda fyrir verkum, sem hefir yfirgnæfandi

meiri hl. verkafólksins í þjónustu sinni. Þetta sýnir vel flaustur og hugsunarleysi þessa hv. þm. Annars vil ég segja það um afstöðu þessa hv. þm. til þessa máls, að hún er mótuð eingöngu af hinum pólitíska einstæðingsskap hans og löngun til þess að kveða niður sína fyrri samherja og ná fylgi frá þeim alþýðuflokksmönnum, sem þoldu ekki lengur ofríki hans og yfirgang og dekur hans við hina gömlu fjandmenn hans, kommúnistana, sem hann hafði áður verið allra manna harðskeyttastur gegn, sbr. breyt., sem hann lét gera á lögum Dagsbrúnar til þess að bola kommúnistunum frá öllum trúnaðarstörfum í félaginu. Hv. 3. þm. Reykv., HV, verður að afneita allri fyrri framkomu sinni til þess að afsaka afstöðu sína nú, því að hv. þm. N.-Ísf., VJ, hefir sýnt fram á, að einmitt hv. 3. þm. Reykv. var óðfúsastur og óþolinmóðastur allra sinna flokksbræðra eftir þessari löggjöf, meðan hann var í Alþfl., og af umr., sem áður hafa fram farið á þingi um vinnulöggjöf, t. d. um frv. GG um félagsdóm í fyrra, sést, að Héðinn vildi ákveðið fá vinnulöggjöf á þeim grundvelli, sem hér er ætlazt til að lögleiða, og lét hann því þá ómótmælt, að þáverandi flokksbróðir hans, Stefán Jóh. Stefánsson, lýsti beinlínis aðalatriðunum í því frv., sem nú liggur fyrir, sem þeirri vinnulöggjöf, sem Alþfl. óskaði eftir. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Það væri æskilegt að skapa vinnandi fólki skýlausan lagarétt til að stofna félög og sambönd til þess að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sínum. Það væri þörf á að banna með lögum afskipti atvinnurekenda með ástæðulausum uppsögnum, hótunum eða fortölum til þess að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna eða afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum. Það væri þörf á að tryggja verkalýðsfélögunum trúnaðarmenn á vinnustöðvum, sem atvinnurekendum væri óheimilt að segja upp vinnu.“

Þetta er einmitt það, sem gert er með frv. því, sem hér liggur fyrir, og þessum orðum mótmælti HV engu í fyrra, enda mun hann hafa verið þeim algerlega samþykkur. Ég leyfi mér því að fullyrða, að ef HV er alvara með andstöðu sinni gegn þessu máli nú, þrátt fyrir gagnstæða skoðun áður, hlýtur það að leiða af þeirri ógæfu hans, að þrátt fyrir sæmilega greind og þekkingu er hann svo ráðrikur, valdagjarn og vanstilltur í skapi, að þessir gallar hafa nú borið vit hans ofurliði, svo sem ekki er ótítt með þennan hv. þm.

Andstaða kommúnista er auðvitað, eins og endranær, af þeim rótum runnin, að þeir vilja Alþfl. feigan og ætla sér að reyna að draga fylgi frá honum með villandi upplýsingum um vinnulöggjafarfrv. þetta, auk þess sem þeir samkvæmt stefnu sinni óska eftir upplausn og ófriði í þjóðfélaginu til þess að ryðja byltingarstefnu sinni braut, án þess að gæta að því, að slík framkoma getur fyrst og fremst komið þeim sjálfum í koll, með því að ýta undir öfgarnar frá hægri, nazismann.

Það, sem ég vil sérstaklega brýna fyrir almenningi hér á landi að gjalda varhuga við, eru þau ósannindi, að hér sé á ferðinni löggjöf um vinnudóm, sem eigi að dæma um ágreining um kaup og kjör. Félagsdómurinn í þessu frv. á ekkert sammerkt við gerðardóm eða vinnudóm í hagsmunaágreiningi, heldur er hann eingöngu settur á stofn til þess að dæma um réttarágreining, þ. e. skilning á samningum, samningsrof og brot á samningum og þess háttar.

Að lokum vil ég skora á allan almenning í landinu, sem aðstöðu hefir til þess, að kynna sér eftir föngum löggjöf þessa og nál. mþn., sem hefir samþ. frv., og ber ég þá engan kvíðboga fyrir því, að hin athugula íslenzka þjóð sjái eigi, að hér er um réttarbót fyrir alþýðu manna, en eigi þrælalög eða kúgunar að ræða.

Ég vona, að umr. þessar hafi orðið til þess að skýra mál þetta fyrir þjóðinni og greiða úr þokunni, sem andmælendur þess vilja hjúpa það í. Þakka ég svo þeim, er hlýtt hafa á mál mitt. Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 373,1 felld með 15:13 atkv.
--- 373,2 felld með 16:12 atkv.
— 409 felld með 15:3 atkv.
— 396,1 samþ. með 17:1 atkv.
— 396,2 samþ. með 18:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HG, HelgJ, JakM, JPálm, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, TT, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, JörB.

nei: EO, HV, ÍslH.

SK greiddi ekki atkv.

3 þm. (SvbH, ÞBr, GG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 417).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Það er raunar að bera í bakkafullan lækinn að fara að ræða mikið um þetta frv. hér, þar sem svo miklar umr. hafa þegar farið fram um það, og það í áheyrn alþjóðar í útvarpinu. Auðvitað hafa hv. þdm. hér fylgzt með þeim umr. eins og aðrir. Þó vildi ég ekki láta þetta tækifæri hjá líða án þess að draga saman í mjög stutt mál helztu árásirnar á verkalýðssamtökin, sem í þessu frv. felast.

Þá er þar fyrst til að taka, að öll skyndiverkföll eru, praktiskt talað, bönnuð. Samkv. l. á að tilkynna öll verkföll um kaup og kjör með sjö daga fyrirvara. Nú er það á valdi dómstólanna að skilgreina hugtakið „kaup og kjör“, og má gera það þannig, að næstum því öll verkföll heyri undir það. Við þetta bætist svo, að það er óheimilt að gera verkfall um atriði, sem heyra undir félagsdóm, og það eru mál til leiðréttingar brotum á samningum á milli verkamanna og atvinnurekenda, og loks getur félagsstjórn ekki stöðvað vinnu nema að láta fyrst fara fram almenna atkvgr. í félaginu. Það er jú hægt að

setja trúnaðarmannaráð, og getur þá félagsstjórn í samráði við það stöðvað vinnu, en þá getur meiri hl. ekki ráðið, hvort kemur til vinnustöðvunar eða ekki. Þegar á allt þetta er litið, þýðir ekki að mæla á móti því, að öll skyndiverkföll eru, praktiskt talað, bönnuð. Hvað er þá eftir, þegar þetta er upp talið? Nú vita allir, sem fylgzt hafa með verklýðsmálum, hvílíkt lífsskilyrði það er fyrir verkalýðinn að geta gripið til skyndiverkfalla. Að banna þau er undir mörgum kringumstæðum alveg það sama og að banna verkalýðnum að beita samtökum sínum til að leiðrétta málsstað stéttarinnar. Í ýmsum iðngreinum, t. d. byggingariðnaðinum, er það þannig, að skyndiverkföll til þess að leiðrétta misfellur og samningsrof eru oft meðal daglegra starfa félagsstjórnarinnar. Er það sérstaklega tilfinnanlegt, að þau skuli ekki vera leyfð til að leiðrétta samningsrof. Ef að á að bíða eftir úrskurði félagsdóms, þegar um samningsrof er að ræða, þá er vinnan í mörgum tilfellum búin, áður en sá úrskurður kemur, og ómögulegt að fá neina leiðréttingu. Það getur verið um atriði að ræða, sem félögin hafa fengið inn í samninga eftir langa baráttu, eins og t. d. hlutfallið milli nema og sveina, um öryggi á vinnustöðvum o. fl., sem er bókstaflega ómögulegt að leiðrétta, ef þessi l. verða samþ., þegar um er að ræða þær atvinnugreinar, sem vinnan stendur stuttan tíma og yrði búin, þegar dómur fengizt í málinu. Hér á að opna allar gáttir fyrir samningsrofum, því að það er gefið mál, að þau verða framin, þegar hægt er að koma þeim við, án þess að félögin, sem að vinnunni standa, hafi leyfi til að leiðrétta samningsrofin.

Önnur aðalárásin á verkalýðinn, sem felst í þessu frv., er það, að öll pólitísk verkföll eru bönnuð, þ. e. a. s. öll verkföll, sem eiga að hafa áhrif á stjórnarvöldin til þess að framkvæma eða framkvæma ekki það, sem þeim ber að gera l. samkvæmt. Alstaðar um allan heim lítur verkalýðurinn á rétt sinn til pólitískra verkfalla sem heilagan rétt, enda er oft svo, að pólitísk verkföll eru oft ekki annað en hagsmunabarátta, og nærtækt dæmi höfum við þar, sem benzínverkfallið var, sem allir kannast við. Ef samþ. á l. til að fjandskapast við eina stétt og kúga hana, og það stéttina, sem þjóðfélagið byggist allt á, þá er það heilagur réttur hennar að fá að verja sig, og ef einræðis- og ofbeldisflokkar fá aðstöðu til að beita löggjafarvaldinu, þá er allsherjarverkfall bitrasta vopn verkalýðsins og lýðræðisins. En að samþ. l., sem búa í haginn fyrir fasismann, það er blátt áfram glæpsamlegt af lýðræðisflokkum. Með þessa frv. ákvæðum er einnig opnuð leið til að samþ. lögþvingaðan gerðardóm í hvaða deilu sem er, sem verkalýðssamtökunum er nauðugur einn kostur að hlýða. Ef þau hlýða honum ekki, mundi það eftir þessum l. verða talið pólitískt verkfall og varða sektum og skaðabótakröfum. Þetta ákvæði, um að banna pólitísk verkföll, er fyrsta skrefið til þess að afnema verkfallsréttinn með öllu.

Þá ætla ég að nefna það, sem ég tel þriðju aðalárásina á verkalýðinn í þessum l. Það er, að lýðræðið í verkalýðsfélögunum er afnumið um meðferð veigamestu málanna. Þegar um till. sáttasemjara er að ræða, þá getur minni hl. ráðið yfir meiri hl. Það er meira að segja gert ráð fyrir þeim tilfellum, þar sem slíkar till. frá sáttasemjara geti verið samþ., þó að allir sem atkv. greiða, séu á móti þeim, þ. e. a. s. ef það nær ekki 20% af félagsmönnum, sem greiða atkv. Að samþ. slík l. í lýðræðislandi er hreinasta hneyksli, jafnvel þótt hægt sé að vitna til hliðstæðrar löggjafar í Danmörku. Að vísu er ekkert við það að athuga, að settar séu reglur um það, hvað margir verða að taka þátt í atkvgr. um veigamikil mál, til þess að atkvgr. sé tekin gild, en að minni hl. eigi að ráða fyrir meiri hl. getur aldrei orðið annað en hneyksli.

Þá er það fjórða aðalárásin á verkalýðinn í þessum l., sem er sú, að það er hægt að ræna sjóðum verkalýðsfélaganna. Frv. var upphaflega þannig, að hægt var að ræna öllum eignum verkalýðsfélaganna með dómi, en nú hefir verið gerð sú bragarbót á því, að ekki er hægt út af samningsrofum að gera aðför að sjúkrasjóðum eða menningarsjóðum verkalýðsfélaganna.

Þá er fimmta árásin, sem er það, að félagsdómurinn er að ½ skipaður andstæðingum verkalýðsins. — Þetta er stiklað á stóru og geri ég það af ásettu ráði, því eftir allar þær umr., sem fram hafa farið, tel ég óþarft að fara ýtarlega út í hin smærri atriði.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um skyldur og svokölluð réttindi verkalýðsfélaganna, sem eiga að felast í þessu frv. Því er haldið fram, að í þessum kafla sé um að ræða ný réttindi fyrir verkalýðsfélögin. Við skulum athuga þau dálitið nánar. Í 5. gr. segir, að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör. Þennan rétt hafa flest verkalýðsfélög í landinu þegar aflað sér með sinni baráttu, en þau félög, sem ekki hafa áunnið sér hann, — hverju eru þau bættari, þótt annað eins og þetta standi í l.? Engu. Þótt þetta standi í l., þurfa atvinnurekendur alls ekki að semja við félögin. Þeir geta sagt: „Jú, þið eruð lögformlegur samningsaðili, en ég sem bara ekki við ykkur". Það skipar enginn atvinnurekendunum að semja við félögin. Það getur kostað jafnmikla og langa baráttu fyrir þessi félög, sem ekki hafa áður verið viðurkennd sem samningsaðili, þrátt fyrir þetta ákvæði. Það er ekki annað en orðaglamur.

Þá er sagt, að atvinnurekendur megi ekki láta verkamenn gjalda pólitískra skoðana sinna. Ég vil spyrja: Hvenær kemur það fyrir, að atvinnurekandi segi mönnum opinberlega upp vinnu vegna stjórnmálaskoðana? Það er aldrei gert. Pólitískar ofsóknir og vinnusviptingar eru algengar, en hitt skeður aldrei, að atvinnurekendur segi opinberlega, að þeir segi mönnum upp vegna afskipta þeirra af verkalýðsmálum og störfum fyrir þau. Það eru alltaf fundnar aðrar ástæður. Sama gildir um trúnaðarmennina. Þeir mega ekki gjalda sinna starfa fyrir verkalýðsfélögin. En atvinnurekandi getur sagt trúnaðarmönnunum upp, þegar honum sýnist, svo að það er lítill vinningur fyrir verkalýðsfélögin að mega kjósa sér trúnaðarmenn, þar sem engin trygging er fyrir því, að þeir haldi starfi sínu. Tökum nú togaraflotann t. d. Hvaða trúnaðarmann mundi vera hægt að fá til að starfa þar

eins og trúnaðarmaður á að gera, án þess að hann sé verndaður með l.? Hann ætti t. d. að sjá um, að vökulögin væri haldin. Þrátt fyrir þetta ákvæði er þannig í pottinn búið, að enginn maður mundi fást til að gegna þessu starfi, án þess að honum væri tryggð vinna á flotanum. Það er eins og sé verið að gera gys að verkalýðssamtökunum með svona ákvæðum í l., sem er beinlínis stefnt á móti verkalýðssamtökunum. Það er ósvífni að ætla að telja verkamönnum trú um, að með þessu sé þeim veittur nýr réttur. Verkalýðurinn sættir sig ekki við svona l. Hann á hér fjöregg sitt að verja, enda hafa a. m. k. 27 félög mótmælt þessum l., þar á meðal langstærsta og þýðingarmesta verkalýðsfélagið í landinu, sem er Dagsbrún, svo og stærstu félögin utan Reykjavíkur, svo sem verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði, og verkamannafélögin á Norðfirði og á Siglufirði. Auk þess hefir þing byggingariðnaðarmanna mótmælt þessum l., og þessi mótmæli hafa alstaðar verið samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. og sumsstaðar í einu hljóði. Fáein félög hafa talið sig geta sætt sig við frv., en þau hafa næstum því öll tekið fram, að þau sætti sig aðeins við þau með veigamiklum breyt. Þau félög, sem hafa mælt með frv. eins og það liggur fyrir, hygg ég, að séu ekki fleiri en 3 eða 4, og í sumum félögunum hafa meðmælin verið samþ. með örlitlum meiri hl. á fámennum fundum. Önnur félög, sem hafa samþ., að þau muni sætta sig við l., eru yfirleitt minni og veikari félög úti um land, og félög, sem hefir verið ógnað til að gera þessa samþykkt. Ég hefi hlustað á málflutninginn, þegar verið var að reyna að vinna menn til fylgis við frv. Það hefir verið sagt við verkamennina, að ef þeir ekki samþ. þetta frv., þá kæmi bara annað verra í staðinn. Með öðrum orðum, ef þið ekki samþ. þetta, þá kemur hún grýla og tekur ykkur. Þetta er ekkert annað en að félögunum hefir verið ógnað til að samþ. þetta, og svo er sagt, að félögin mæli með frv., þó að vitað sé, að þau gera það tilneydd. Nei, sannleikurinn er sá, að verkalýðsfélögin hafa talað, og vilji þeirra er ótvíræður. Hv. þm. verða að gera sér það ljóst, að ef þeir ætla að samþ. l., sem þýðingarmesta stétt þjóðfélagsins er staðráðin í að beygja sig ekki undir, þá verða þeir að gera sér ljóst, til hvers slíkt leiðir. Það er alvörumál á ferðinni, þegar Alþ. er að stiga slíkt spor sem þetta. Framsfl og Alþfl. hafa áður lýst því yfir, að það sé þýðingarlaust að setja svona l. á móti vilja verkalýðsins, og þetta er vissulega rétt. En nú er einmitt verið að setja slík l. á móti vilja verkalýðssamtakanna. Hjá því fer ekki, að slík l. verða ekkert annað en ónýtt pappírsgagn eða þá, að það verður gerð tilraun til að beita ofbeldi. Í hvorugu tilfellinu verður hér um að ræða l., sem tryggi vinnufrið í landinu. Í báðum tilfellunum verða þau til að spilla fyrir vinnufriðnum, og í báðum tilfellum til að hnekkja áliti löggjafans. Það er nærtækt dæmi um l., sem voru sett í Noregi 1927, sem varð að afnema aftur. Þar var yfirstéttin staðráðin í að beita ofbeldi, en þau voru samt brotin á bak aftur. Þegar um er að ræða heila stétt sem eina lögbrjótaheild, þýðir ekki að ætla sér að beita refsingum gegn þeirri stétt. Slíkt er ekki nokkur leið í landi, sem ríkir í einhverjar leifar af lýðræði. Þó að einhverjir af upprunalegum upphafsmönnum þessa frv. hafi ef til vill haft í huga að leggja út í stríð við verkalýðssamtökin, þá veit ég, að meiri hl. hv. þm., sem að því stendur að samþ. þetta frv., óskar ekki eftir slíku. Eigi veldur sá er varir, og þess vegna vil ég nú enn einu sinni skora á hv. þm., að þeir sjái sóma sinn í því að fella þetta frv. eða láta það daga uppi.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Úr því að umr. hafa nú hafizt við þessa umr. um þetta mál, þá tel ég ekki rétt, að hér hafi einn orðið. Hv. 1. landsk. hefir náttúrlega, eins og við mátti búast, gert sína tilraun til þess að gagnrýna frv., og þykir mér rétt að svara honum nokkuð, og ekki síður tek ég hér til máls fyrir það, að ég hefi ekki áður haft tækifæri til að tala opinberlega í þessu máli. En eins og kunnugt er, hefi ég ekki farið varhluta af því, að ég sé við málið kenndur, þar sem ég var einn af 4 nm. við undirbúning og samning þessa frv., enda hefir í blaði hv. 1. landsk. óspart verið að því sveigt, að kenna þetta frv. við mitt nafn, og hefir það sennilega átt að vera mér til hnekkis, að svo miklu leyti sem þeim hefir tekizt að gera málið tortryggilegt í augum almennings. En það mun engan undra, þó að kommúnistarnir reyni að að nota þetta mál til þess að reyna að knésetja mig eða aðra alþýðuflokksmenn. Það hefir ætið verið þeirra stefna frá byrjun, að þeir hafa lýst sig mótfallna öllu, sem kallað er regla um vinnudeilur og hvernig þeim skuli haga hér á landi. Þetta er náttúrlega ekkert undarlegt út frá þeirra sjónarmiði. Þetta eru menn, sem alltaf rísa upp á móti öllum l. og reglum í borgarlegu þjóðfélagi, ef þær brjóta í bága við þeirra skoðanir. Þetta er hin sannkallaða byltingastefna. Ég verð að taka undir orð, sem ég heyrði einhvern hv. þm. segja, að ég veit ekki, hvað slíkir menn eiga að gera hér á Alþ., — menn sem vitandi vits telja alla löggjöf vitleysu og berjast á móti l., sem þjóðfélagið setur. Ég gæti talað hér langt mál, ef ég hefði búið mig undir það, um það, sem heitir reglur um vinnudeilur, en ég skal aðeins áður, en ég fer inn á að svara þeim tylliástæðum, sem hér hafa verið fluttar gegn frv., benda hv. 1. landsk. á það, að reglur um vinnustöðvanir eru nú til í hverju einasta menningarlandi í heiminum, og jafnvel í þeim löndum, sem standa ennþá lægra en við í menningarstiganum. Jafnvel í Rússlandi er vinnulöggjöf. Ég hefi að vísu ekki hér í höndunum, hvernig sú vinnulöggjöf er, en ég veit það af ritum, sem ég hefi um þetta lesið, að þar eru til reglur um það, hvernig menn skuli bera sig til í vinnudeilum. Hinsvegar veit ég, að í Rússlandi er það yfirleitt svo, að allar vinnudeilur eru kveðnar niður, af þeim skiljanlegu ástæðum, að það er ríkið, sem á öll atvinnufyrirtækin. En mér er vel kunnugt um, að í ýmsum iðngreinum Rússlands hafa risið vinnudeilur, og hafa þær verið kveðnar niður með hinu pólitíska valdi, sem ríkir í Rússlandi, svo að Rússar eru ekki undanskildir í því, að hafa vinnulöggjöf.

Þau lönd, sem eru talin vera komin lengst á vegi lýðræðis og frelsis, eins og Norðurlönd, eiga við miklu þrengri vinnulöggjöf að búa en það frv. gerir ráð fyrir, sem hér liggur fyrir. Ég skal játa það, að þær reglur, sem gilda þar, eru settar af borgaraflokkunum, meðan þeir höfðu yfirgnæfandi meiri hl., en þó í öllum aðalatriðum í nokkru samkomulagi við verkalýðsflokkana. Það var eitt land, sem gekk einna lengst í áttina á móti verkalýðnum í þessu efni. Það var Noregur. En af hverju var það? Það var vegna þess, að norski verkalýðurinn var svo veikur um þessar mundir af völdum kommúnistanna. En nú eru kommúnistarnir þar að mestu úr sögunni, og hafa síðan fengizt á þessari löggjöf nokkar umbætur þar í landi. Hvernig er svo afstaða kommúnistanna í þessum löndum til vinnulöggjafarinnar? Mér hefir gefizt kostur mánaðarlega að fá rit fagfélaga, sem kommúnistar ráða, og ég hefi ekki orðið var við, að þeir á nokkurn hátt rísi upp á móti þessari löggjöf, sem yfirleitt gildir í þessu efni á Norðurlöndum. Það má ef til vill segja, að þeir séu orðnir svo vanir að búa undir henni. En það er annað, sem gerir þetta að verkum. Hún hefir skapað öryggi fyrir báða aðilja. Ég ætla mér ekki að fara mikið nánar út í samanburð á löggjöf Norðurlanda, en snúa mér að því, sem hann var að reyna að gagnrýna í þessu frv.

Ég ætla þá að snúa mér að fyrsta atriðinu, skyndiverkföllunum. Ég verð að nota sömu orðin og hv. 1. landsk., þó að þau séu ekki þingleg. Ég verð að telja það hringavitleysu, að skyndiverkföll séu bönnuð eftir frv. Þessu er hann sí og æ að tönglast á. Og það er alveg eins og lygin verði gómsætari í munni þeirra, sem oftast endurtaka hana. Það stendur sem sé skýrt í frv., að hinn almenni 7 daga frestur eigi aðeins við um þær deilur, sem rísa út af ágreiningi um kaup og kjör. Þessi frestur er bundinn við þær deilur og aðrar ekki. Ef skyndiverkfall þarf að gera, t. d. ef útbúnaður á vinnustað er ekki í lagi, þá er slíkt verkfall fullkomlega leyfilegt eftir því frv., sem hér liggur fyrir. Hitt er rétt, að það er bannað að gera verkfall út úr því, sem samkvæmt samningi beint heyrir undir félagsdóm að úrskurða um. Ég get nú upplýst hv. 1. landsk. um það eftir langa reynslu af verkalýðsmálum, að það mun í mörgum tilfellum verða handhægt og heppilegt að fá úr skorið fyrir verkamenn um ýms atriði þeim að kostnaðarlausu. Það hafa komið fyrir tilfelli, þar sem menn hafa fallið frá minniháttar kröfum á hendur atvinnurekenda bara af því, að það hefir verið svo dýrt að reka slík mál fyrir almennum dómstólum. Nú er hægt að leggja slíkar deilur undir félagsdóm, verkamönnum að kostnaðarlausu. Er þetta ekki réttarbót? Ég er ekki í vafa um, að dómurinn verður til bóta, hvað þetta snertir.

Þá er það annað atriði, sem hv. 1. landsk. gerir að miklum ásteytingarsteini. Hann segir, að minni hl. eigi að ráða yfir meiri hl. um úrslit mála, sérstaklega um till. sáttasemjara. Það má um þetta segja, að venjulega er það hending ein, hvað margir það eru, sem binda enda á úrslit mála, jafnvel þó um launadeilu sé að ræða. Og oft er það svo, að það hefir verið örlitill hluti félagsmanna, sem hefir komið þar til skjalanna, og ég skal játa, að sú regla hefir gilt, að einfaldur meiri hl. hefir ráðið úrslitum. Um þetta hafa á Norðurlöndum skapazt miklu þrengri reglur. Ég verð að segja, að gagnrýnin á ákvæðum frv. um þetta er hreint og beint bara til að finna sér eitthvað til. Ég hefi nú nokkra reynslu í þessum efnum og ætla að segja hv. 1. landsk. það, að Sjómannafélag Reykjavíkur hefir háð langharðvítugustu og tíðustu launadeilurnar, sem hér á landi þekkjast, og sú regla, sem hér er sköpuð, hefir aldrei komið í bág við það, sem framkvæmt hefir verið á hverjum tíma, og höfðum við þó enga vinnulöggjöf. Þetta er nú öll hættan, sem hér er á ferðinni fyrir verkalýðinn, hvað þetta atriði snertir, og sjá allir, að hér er einungis um blekkingu að ræða.

Í sambandi við skyndiverkföllin sagði hv. 1. landsk., að það væri daglegt starf að stöðva vinnu út af samningsrofum. Ég hefi nú lifað í þessum bæ, eins og hv. 1. landsk., síðan samtökin mynduðust í byggingariðnaðinum, og ég hefi satt að segja ekki orðið var við, að þar færu fram vinnustöðvanir daglega. En hitt kann vel að vera, að oft hafi gengið treglega um greiðslu af hálfu þeirra manna, sem fyrir byggingunum standa, og má náttúrlega kalla það samningsrof. En nú er það vitanlegt, að verkamenn hafa lög um greiðslu vinnulauna, sem náttúrlega eru mikil trygging. Og ef um samningsrof væri að ræða, þá myndi dómstóllinn tvímælalaust skylda viðkomandi atvinnurekanda til þess að borga hið lögmæta kaup, og verkalýðurinn myndi einskis í missa, þótt hann legði ekki niður vinnu út af slíku, en það er einmitt af því, að ekki hefir verið til löggjöf um þetta, að verkalýðurinn hefir oft og einatt gripið til vinnustöðvana. En félagsdómur myndi að sjálfsögðu dæma slíkt sem lögbrot og atvinnurekendur til þess að greiða hið lögmælta kaup. Og í því er einmitt öryggið fólgið fyrir verkalýðinn, því að hvernig sem maður annars lítur á samansetningu dómsins, þá er engin ástæða til að ætla, að hann ekki dæmi rétt og óhlutdrægt í þeim efnum.

Þá kom hv. 1. landsk. að pólitísku verkföllunum. Það er afarskiljanlegt, frá hans sjónarmiði, að hann vilji hafa leyfi til þess að ýta mönnum út í deilur gegn ríkisvaldinu, vegna þess að hann samkv. sinni stefnu vill ekki lúta neinum lögum, sem sett eru af hinum svo nefndu borgaralegu flokkum. Nú er það reynsla nágrannaþjóða vorra, sem komið hafa á hjá sér löggjöf, sem verkalýðurinn hefir verið á móti, að hann hefir ekki gengið gegn henni með gauragangi og verkföllum, heldur hefir hann styrkt sín samtök og reynt að afla sér sem flestra fulltrúa inn á löggjafarþing þjóðanna. Enda er það reynsla þeirra þjóða, sem við höfum kynni af, að verkalýðurinn hefir ekki getað komið fram slíkum verkföllum sér til hagsbóta. Hann hefir alltaf legið í þeim, ef svo mætti að orði komast. Hinsvegar er hér ekki bannað að gera mótmælaverkföll, sem venjulega standa stutt, hálfan eða heilan dag, sem einungis eru til þess að mótmæla einhverjum hlut, en ekki til þess að hafa áhrif á eða

koma í veg fyrir löggjöf, sem kann að hafa verið sett.

Hv. 1. landsk. vitnaði í þessu sambandi í benzínverkfallið, sem allir vita, að var verkfall gegn löggjöf, sem Alþ. hafði sett á sínum tíma, og var blásið mjög verklega undir það af þessum hv. þm., sem þá gerði sálufélag við annan flokk hér í bænum, sem svona undir niðri hafði augnabliksinteressu af því, að vera á móti settri löggjöf. En ég sá nú ekki, hvað spratt upp úr því verkfalli, því að búið var að veita viðkomandi mönnum, áður en verkfallið hófst, frjálsan innflutning á benzíni. — Í þessu sambandi má einnig minnast á annað verkfall, sem var pólitísks eðlis, þ. e. a. s. hið svo kallað mjólkurverkfall. Ég sé nú heldur ekki, að neitt hafi unnizt á því. Og til hvers er þá að vera að leyfa slík verkföll, þegar reynslan er sú, að ekkert er á þeim að græða, og þau eru þar að auki hrein og bein uppreisn gegn lögum þjóðfélagsins? — Það eru heldur ekki aðrir en kommúnistar, sem aðhyllast þessa stefnu. Verkamenn á Norðurlöndum, sem búnir eru að hrista af sér lúsina, kommúnismann, tala ekki lengur um svona verkföll.

Þá kom það kynduglega fram hjá hv. 1. landsk., að með því að leyfa ekki pólitísk verkföll, væri verið að innleiða fasisma. Ég hefði nú gaman af að heyra hv. þm. rökstyðja þetta betur. Ég hélt nú satt að segja, að það væri til þess að innleiða fasisma, að rísa upp á móti lögum og landsrétti, því að þegar menn finna, að risið er upp gegn þeirri löggjöf, sem þeir á annað borð hafa komið í gegn, þá er ekkert, sem kemur frekar upp í huga þeirra heldur en einmitt einræði, — fasismi. En það, að framkalla fasisma, er einmitt það æskilegasta í augum kommúnista, því að þess fyrr kemur byltingin, segja þeir. —

Hv. 1. landsk. sagði, að hér væri um afnám verkfallsréttarins að ræða. Ég hefi nú verið starfandi um 23 ára skeið meðal verkalýðshreyfingarinnar, og ég hefi aldrei orðið var við það, að menn vildu hafa verkfallsréttinn til þess að rísa upp á móti landslögum, heldur til þess að knýja fram sínar hagsmunakröfur um kaup og kjör. —

Þá var það eitt atriði, sem hv. 1. landsk. vitnaði í og sagði, að væri einn af stærstu ágöllum frv., sem sé það, að hægt væri að ræna sjóði verkalýðsfélaganna, enda þótt gerð hafi verið nokkur bragarbót þar á í hv. Nd. En ég vil bara spyrja þennan hv. þm. Hvar er vernd fyrir sjóði verkalýðsfélaganna nú? Ég veit ekki betur en að hægt sé að ganga að öllum þeirra eignum. En sem betur fer, hefir það ekki komið fyrir nema í mjög litlum mæli, því að það virðist svo sem að reynt hafi verið að forðast að ganga inn á hagsmunasvið þeirra. — En þrátt fyrir það, er það nú svo, að hægt er að ganga að öllum eignum félaganna. — Nú skal ég játa, að ég fyrir mitt leyti hefði viljað, að hægt hefði verið að undanskilja allt, en þá eru sektarákvæðin alveg óþörf. Og frá sjónarmiði margra er það einmitt hyggilegt, að eitthvað sé til varnaðar, þannig að ekki sé hætta á, að verkalýðsfélögin leiki sér að lögbrotunum. En ég vil benda hv. þm. á það, að á Norðurlöndum er ekki eitt einasta orð um það í vinnulöggjöfinni, að ekki sé hægt að ganga að öllum þeirra eignum. Við erum þetta fremri, að við undanskiljum sjúkrasjóði, menningarsjóði, fundarhús og annað slíkt. En nú er það svo, að enda þótt heimilt sé á Norðurlöndum að ganga að öllum eignum verkalýðsfélaganna, þá mun það sjaldnast gert. Atvinnurekendur í Noregi t. d. segja, að þýðingarlaust sé að dæma verkalýðsfélögin í sektir og gera aðför hjá þeim, því að það sé yfirleitt ekkert, sem náist. En þar sem atvinnurekendur í Noregi eru yfirleitt miklu herskáari heldur en í hinum löndunum, þá hefði nú mátt ætla, að þessu hefði verið beitt, en það er svo merkilega lítið, sem slíkt hefir komið fyrir, enda hefir verkalýðurinn þar staðið nokkuð kaldrifjaður fyrir því, þótt sjóðir félaganna væri ekki verndaðir með lögum. — Við göngum því, hvað þetta snertir, mikið lengra heldur en frændþjóðir vorar.

Þá kem ég að skipun dómsins, sem vitanlega má alltaf um deila. Ég skal játa það, að í Danmörku er dómurinn í raun og veru skipaður sem gerðardómur, þar sem aðiljar skipa sinn helminginn hvor, og síðan valinn einhver hlutlaus og hæfur oddamaður. Nú er það í raun og veru svo um slíkan dóm, að dómsniðurstaðan veltur á einum manni, og er það af réttarfræðingum talið vafasamt að rétt sé að leggja svona mikið vald í eins manns hendur. — Í Noregi er þetta nokkuð á annan veg, þar sem dómurinn er meir skipaður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og var hér að sjálfsögðu farin millileið í þessum efnum. Okkur blandast ekki hugur um, að dómur eins og sá í Danmörku myndi ekki njóta trausts, og við gátum heldur ekki fengið hann þannig skipaðan, að verkalýðurinn ætti þar meiri hluta, enda skil ég ekki, hvernig hv. 1. landsk. getur látið sér detta slíkt í hug, á meðan verkalýðurinn ekki á fleiri fulltrúa hér á Alþ. Þess vegna fórum við inn á þá leið að láta þá stofnun, sem á að vera sú hlutlausasta stofnun hér á landi, skipa tvo menn í dóminn, og síðan tilnefna þrjá menn, en af þeim á atvinnumrh. að ryðja tveimur. Er þá fenginn meiri hl. í dóminn. Atvinnurekendur og Alþýðusamband Íslands eiga svo að skipa sinn manninn hvort. — Þetta er nú skipun dómsins, og ég hefi ekki heyrt hv. 1. landsk. koma með neina tillögu, sem á nokkurn hátt væri frambærilegri. Og ég er heldur ekki í neinum vafa um, að þetta fyrirkomulag gefur meira öryggi heldur en t. d. gerðardómurinn í Danmörku, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, hvað dómurinn á að dæma um. Hann á sem sé aldrei að dæma í hagsmunaágreiningi, heldur einungis í réttarágreiningi.

Þá fór hv. 1. landsk. út í I. kafla frv. og reyndi að gera hann sem tortryggilegastan, og sagði, að hann hefði í raun og veru ekkert það í sér fólgið, sem til ágætis mætti telja. — Það vill nú svo til, að í Norðurlandalöggjöfinni er ekkert til, sem er hliðstætt þessum kafla. Og svo segir hv. þm.: „Hvers virði eru þessi ákvæði? Við höfum haft samningsréttinn“, o. s. frv. Já, það er nú svo. Við höfum í gegnum 20 ára baráttu fengið atvinnurekendur til þess að semja við okkur í mörgum tilfellum, en hitt vitum við, að það hefir kostað átök fyrir ung félög að fá sig viður-

kennd af hálfu atvinnurekenda. Og sama sagan hefir gerzt á Norðurlöndum. Það eru ekki nema 2 ár síðan að fiskimannastéttin í Noregi lagði alla áherzlu á að fá sig viðurkennda sem samningsaðilja hjá atvinnurekendum upp á það að semja um það, sem áður hafði gilt! Svo mikið lögðu þeir upp úr því, að fá atvinnurekendur til þess að viðurkenna sig sem réttan aðilja til þess að semja. Og þetta átti sér stað í landi, þar sem verkalýðshreyfingin er í mjög hröðum og örum vexti og mjög þróttmikil eins og stendur. — Hér er það svo, að ekki er hægt að taka þennan rétt af mönnum. Þeir hafa rétt til þess að stofna sín félög. Það er vitanlega hægt fyrir löggjafarvaldið á hverjum tíma að túlka ákvæði stjskr. um það, að menn eigi rétt á að stofna *með sér félög, á þann hátt*, að það gildi ekki um hagsmunafélög. En með samþykkt þessa frv. er búið að binda þetta með lögum, að hver einasti verkamaður hefir löglegan rétt til þess að mynda samtök, og um leið og búið er að mynda slík samtök, hljóta atvinnurekendur að vera knúðir til þess að viðurkenna þau sem réttan aðilja til að *semja við*. Það er því hrein og bein fjarstæða að halda því fram, að hér sé um hégóma að ræða. — Ég þykist vita, að hv. 1. landsk. hafi lesið verkalýðssöguna, en þar má sjá, að það hefir kostað hina harðvítugustu baráttu fyrir verkalýðinn að fá sig viðurkenndan sem löglegan samningsaðilja, og það veit hv. þm., að í þeim löndum, sem eru hálffasistísk, hefir verið reynt að taka þennan rétt af þeim. Og svo kemur hann og segir, að þetta ákvæði sé einskis nýtt. Ég hafði nú satt að segja haldið, að þessi hv. þm. hefði sæmilega dómgreind, enda er þetta sprottið af öðrum hvötum. Þetta er tilraun hjá honum til þess að færa hlutina til verri vegar, af því að hann álítur, að það sé pólitískur hagnaður að því. —

Þá kom hv. 1. landsk. næst að trúnaðarmönnunum og vildi gera lítið úr ákvæðinu um þá. Ég verð nú að segja það, að ég hefi ekki séð í blaðsnepli þessa hv. þm., sem allt reynir að rífa og tæta niður, sem gert er af hinum svo kölluðu „krötum", skammazt út af því, þegar Dagsbrún kom því ákvæði inn í samninga við atvinnurekendur, að mega setja trúnaðarmenn á vinnustöðvarnar. Þessu var fyrst komið inn í samningana um hið mikla verk við Sogsvirkjunina. Og ef þar hefði valizt annar maður en kommúnistafífl — sem nú er orðinn nazisti —, þá hefði hann getað unnið þar mjög mikið þarfaverk. Ákvæðin um trúnaðarmennina eru komin inn hjá Norðurlandaþjóðunum, og var lengi barizt um það í Danmörku að fá slíkan trúnaðarmann. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum, þegar talað var um að fá slíkan mann á siglingaflotann danska, ætluðu atvinnurekendur hreint að rifna. En hvernig er þetta nú? Nú þykir hann sjálfsagður. En mér skildist á hv. 1. landsk., að honum þætti þetta lítils virði. Ég hefi nú samt þá trú, að ef góður maður velst til þess starfa, þá fæst fljótt leiðrétting. Ég hefi bent á, að Dagsbrún hefði lagt mikið upp úr þessu atriði, en þegar við fórum þess á leit við félag ísl. botnvörpuskipaeigenda að fá slíkan trúnaðarmann, fengum við þvert nei. Heldur hv. 1. landsk., að það hafi verið af umhyggju fyrir verkalýðnum? Nú er þetta ákvæði í frv., að trúnaðarmaðurinn á að koma, og ég skal bæta því við, að í Danmörku er trúnaðarmaðurinn valinn á vinnustöðinni. Þetta var líka gert við Sogið, og því var kommúnistafiflið valið þar. Nei, þó að hv. þm. vilji láta líta svo út sem örðugt verði að fá trúnaðarmann í togara, af því að enginn mundi vera öruggur í sínu plássi, þá er það hinn mesti misskilningur. Ef honum er sagt upp starfinu, verða atvinnurekendur að gera grein fyrir því, af hverju hann er látinn fara. Mér er auðvitað kunnugt um, að menn hafa verið látnir fara úr starfi sínu vegna pólitískra skoðana. En með þessu ákvæði, sem hér er um að ræða, er tryggt, að þó að maður hafi jafnvel kommúnistaskoðanir, er ekki hægt að reka hann fyrir það eitt. Það má vel vera, að verkalýðsfélögin noti sér þetta ekki strax, en þau munu gera það.

Það mundi taka mig langan tíma að fara út í það, hverjir hafa mælt með og móti frv., en ég veit, að meiri hluti verkalýðsfélaganna hefir mælt með því. Það skyldi engan undra, þó að *félögin óskuðu eftir breyt*. Ég þekki enga löggjöf, sem fram hefir verið borin á Alþ., að ekki hafi komið óskir um breyt. frá þeim, sem við löggjöfina áttu að búa. En í samþykktum verkalýðsfélaganna er tónninn sá, að þau vilja, að löggjöfin komist á, og telja mikinn ávinning, ef það gæti orðið.

Hv. þm. talaði eins og einu *félögin* væru Dagsbrún, Hlíf og Þróttur á Siglufirði. Með allri virðingu fyrir þessum félögum verð ég að segja það, að sem betur fer er verkalýðshreyfingin víðtækari. En hvað skeður þarna? Það hefir ekki verið leitað eftir því hjá 75% af mönnum í Dagsbrún, hvað þeir segðu um vinnulöggjöf. Það er nú eini kostur kommúnistanna, að þeir eru duglegir að smala mönnum á fundi, enda fór þarna hjördin eftir hirðunum og allir mótmæltu. En hvað segja 75% af Dagsbrúnarmönnum? Og svo fengu kommúnistarnir HV í lið með sér, mann sem allir vita, að var með þessari löggjöf. Á sömu leið fór í Hlíf. Það var boðað til fundar á laun í Hafnarfirði. Þar mættu örfáir menn, og þeir mótmæltu allir. Slíkar samþykktir eins og þetta í víðtæku máli er ekki hægt að byggja *neinar höfuðskoðanir á*. Félag það, *sem ég veiti* forstöðu, telur 1200 meðlimi, og mér er kunnugt um, að mikill meiri hluti þeirra telur þessa löggjöf stóran ávinning. En að málið hefir ekki verið tekið fyrir, stafar af því, að meðan deilur voru upp í félaginu í vetur, vildi ég ekki taka fyrir annað eins mál og þetta. Allir vissu, að þegar sú deila var leyst, fór allur þorri *félagsmanna* á sjó, og því var ekki ástæða til að taka málið fyrir í félaginu. Þetta er sú sanna ástæða. Ég vildi ekki kljúfa hugi manna, á meðan á togaradeilunni stóð, því að ég vissi, að útsendarar hv. 1. landsk. voru þarna tilbúnir til að spilla friðnum.

Ég hefi þá í aðaldráttunum hrakið það, sem hv. 1. landsk. fann að frv. Okkur gefst kostur á við 2. og 3. umr. að ræða málið nánar, og mun ég þá enn halda fram minni sannfæringu í þessu máli, að hér sé um mikil réttindi að ræða handa verkalýðnum, og reglur frv. sniðnar eftir okkar

staðháttum. Það er sannarlega ekki tekinn af mönnum verkfallsrétturinn, því að 7 daga frestur er gefinn. Ég hygg því, að allur þessi hávaði og gauragangur í kommúnistum sé ekki af umhyggju fyrir verkalýðsfélögunum, heldur einungis pólitískir hagsmunir flokksins. Þeirra eina von til að lifa er að nærast á byltingarbrölti og fordæma allar reglur hjá siðmenningarþjóðum, vegna þess að þá telja þeir, að fóðrið sé horfið, sem snakkurinn lifir á.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég þarf ekki að svara þessari löngu ræðu hv. 3. landsk. miklu, vegna þess að í henni var ekki eitt atkvæði, sem hrakti einn staf eða eitt orð í ræðu minni áðan. (**SÁÓ:** Hv. þm. getur gert það næst). Það þarf ekki frekar að gera það næst. Ræða hv. þm. hefir ekki meira gildi, þó að hún fyrnist.

Hv. 3. landsk. tók það fram í upphafi ræðu sinnar, að ég hefði verið að bera blak af honum, þar sem ég sagði, að hann væri ekki upphafsmaður málsins. Það er rétt, að fyrsti hvatamaður þess er hann ekki, en hann hefir látið hafa sig sem verkfæri til þess að semja l., og það eru ærnar sakir. (**SÁÓ:** Í Rússlandi mundi maður missa kollinn fyrir það). Ég býst ekki við, að hv. þm. mundi missa kollinn, þó að það sé auðvitað svo í Rússlandi, að ef menn taka höndum saman við fasistana til uppreisnar gegn verkalýðnum, geti þeir misst kollinn. Það er rétt, að ég minnist á það atriði, sem hv. 3. landsk. var að tala um: reglur um vinnudeilur í Rússlandi. Hann hélt því fram, að kommúnistar væru á móti öllum reglum í vinnudeilum. Það fer sannarlega eftir því, hvernig þær reglur eru. Við kommúnistar erum með þeim reglum í Rússlandi, sem gefa verkalýðnum yfirráð. Hv. 3. landsk. hefir ekki glögga hugmynd um það, sem hann er að tala um. Í Rússlandi ræður verkalýðurinn sjálfur kaupi sínu og ræður sjálfur forstjóra fyrirtækjanna. En við kommúnistar erum á móti því, að í kapitalistisku þjóðskipulagi séu settar reglur um vinnudeilur, vegna þess að við vitum, að þessar reglur hafa alltaf þann tilgang að hefta athafnafrelsi verkalýðsfélaganna. Það veit hv. 3. landsk., og hann var að segja það í öðru orðinu.

Hv. þm. spurði, hvernig okkur dytti í hug, að verkalýðurinn hefði meiri hluta í dómnum. Og hann sagði, að það væri eðlilegt, að við kommúnistar værum á móti þessari löggjöf, því að það væri einkenni byltingarstefnu, að kenna mönnum að hlýða ekki l. Það er einkennilegt, hvað hv. 3. landsk. er mikið á móti byltingarstefnum. Ég hélt, að sósialistar gætu ekki verið á móti byltingarstefnum, því að sósialisminn er byltingarstefna. Ef menn hætta að fylgja byltingarstefnu, eru menn ekki lengur sósíalistar. Hv. þm. hélt því fram, að við vildum engin lög hafa, og spurði, hvað við værum þá að gera hér á Alþ., úr því að við kærðum okkur ekki um lög eins og vinnulöggjöfina. Ég hélt, að hv. þm. vissi, að við höfum borið hér fram mörg lagafrv. Sum þeirra liggja í n. hjá hv. þm., og ég var einmitt fyrir skemmstu utan dagskrár að spyrja hann hvað þeim liði. Hv. þm. hefir annað að hugsa en að taka til meðferðar framfærslulöggjöf, lög um framfærslu sjúkra og örkumla og önnur lítilfjörleg mál! Það er þessi löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur, sem glepur hv. þm. svo mjög. Það mátti skilja það á hv. 3. landsk., að hann liti svo á, að við ættum ekkert erindi inn á Alþ., úr því að við vildum ekki samþ. slík l.

Þá sagði hv. þm., að vinnulöggjöf eins og þessi, og verri en þessi, gilti um öll Norðurlönd, en þau væru mjög til fyrirmyndar í þjóðfélagsmálum. En ég vil spyrja hv. þm.: Úr því að hann vill fara svo mjög að dæmi Norðurlanda, því vill hann þá byrja á þessari löggjöf, sem er komin þar á fyrir áhrif atvinnurekenda til höfuðs verkalýðnum? Því ekki byrja á löggjöf um 8 stunda vinnudag, um vinnu kvenna og barna og ótal margt annað, sem þar er komið á fyrir löngu, en vantar alveg hjá okkur? Nei, við eigum að taka upp það í löggjöf Norðurlanda, sem er á móti verkalýðnum!

Það kom ýmislegt skrítið fram hjá hv. þm., m. a. það, að verkalýðurinn í Noregi hefði verið svo veikur, og því hefði farið sem fór 1927. En sannleikurinn er sá, að þau lög **voru brotin á bak aftur.** Ber það sérstaklega vott um, að verkalýðurinn hafi verið veikur? Það var ekki hægt að framkvæma lögin, af því að verkalýðurinn var svo sterkur. Það er ekki auðvelt í lýðræðislandi að setja l. og framfylgja þeim, sem eru á móti hagsmunum heillar stéttar.

Þá fór hv. þm. að reyna að hrekja ýmislegt af orðum mínum. Hann heldur því fram, að skyndiverkföll séu leyfð með þessum l. Ég skil ekki, að menn skuli geta stangazt svona við staðreyndirnar, og það m. a. s. menn, sem hafa samið frv. Hv. þm. talaði um, að ég væri mikill trúmaður. Það getur vel verið, að ég sé trúmaður, en hv. 3. landsk. slær mig margfaldlega út í þeim efnum, því að hann trúir því enn, að skyndiverkföll séu ekki bönnuð, þó að það standi margsinnis í frv. sjálfu, að þau **séu bönnuð,** og hv. þm. hafi sjálfur samið frv. Það stendur, að verði að tilkynna innan 7 sólarhringa um verkfall snertandi kaup og kjör. Hvað er kaup og kjör? Það er algerlega á valdi dómstólanna að skilgreina þetta. En þegar verið er að bera fram l. á móti verkalýðnum, þá er alltaf sagt, að þetta eða hitt sé alveg meinlaust. Svo koma dómstólarnir og leggja það út eins fjandsamlega verklýðnum og þeir mögulega geta. Ég býst við, að hv. þm. þekki það vel til dóma hæstaréttar, að þeir geti gert sér í hugarlund, hvernig dæmt mundi verða af þeim dómi, sem hæstiréttur ræður mestu í.

Og það er enn betur gengið frá ákvæðunum um skyndiverkföll. Eins og hv. þm. viðurkenndi, er óheimilt að hefja nokkurn tíma verkfall um atriði, sem félagsdómur á úrskurðarvald um, m. a. til leiðréttingar á samningsrofum. Þar að auki er gengið þannig frá, að félagsstjórnirnar geta ekki, án þess að láta fara fram almenna atkvgr., stöðvað vinnu, hvað sem á liggur. Ég tel ekki, þó að gert sé ráð fyrir, að trúnaðarmannaráðið geti hafið vinnustöðvun, því að svo er um hnútana búið, að til þess þarf ¾ hluta greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi eða þar yfir, þannig að ef klofningsmennirnir í Alþfl. hefðu ¼ hluta atkv., gætu

þeir hindrað vinnustöðvun. Þetta mál er ákaflega augljóst. Sem sagt, þó að maður geti sagt, að hægt væri að gera skyndiverkfall þrátt fyrir l., þá sjá það allir, sem hafa lesið þetta frv., að skyndiverkföll eru praktiskt talað bönnuð.

Hv. þm. lagði þetta ákvæði, um bann gegn því, að gera verkföll til þess að leiðrétta samningsrof, þannig út, að það væri hagur fyrir verkalýðssamtökin og réttarbót. Hann rökstuddi þetta með því, að það væri svo dýrt að reka mál fyrir dómstólum. Hvernig er hægt að skilja þetta? Ég treysti mér ekki til þess og ég hygg, að svo muni vera með flesta. Vitaskuld er dýrt fyrir verkalýðsfélögin að reka mál fyrir dómstólum, og það er ágætt fyrir þau að geta flutt mál ókeypis fyrir dómi. En að af því þurfi að draga þá ályktun, að það sé hagur fyrir verkalýðsfélögin, að þeim sé bannað að gera verkföll til að leiðrétta samningsrof, það er annað mál.

Við skulum nú taka þetta ofurlitið praktiskt og líta á, hvernig þetta mundi vera í atvinnugrein, þar sem um er að ræða dreifða vinnu, sem ekki stendur nema stuttan tíma hjá hverjum atvinnurekanda. Þegar um slíkt er að ræða, getur farið svo, að það verði harla lítils virði að bíða eftir úrskurði félagsdóms, t. d. hvað snertir öryggi á vinnustað. Það getur vel verið búið að kosta mannslíf, áður en dómur félagsdóms fellur. Getur félagsdómur leiðrétt það, ef öryggisráðstafanir eru ekki haldnar og það kostar mannslíf? Ef um það er að ræða, að atvinnurekandi notar ekki nema sem ódýrastan vinnukraft, þvert á móti öllum samningum, hvernig getur þá félagsdómur gefið leiðréttingu á því, kannske löngu eftir að vinnan er hætt? Sama er að segja um kaupgreiðslu. Ef tregða er á því, að kaup sé greitt, og málið er lagt fyrir félagsdóm, getur farið svo, að ekkert sé af atvinnurekanda að hafa, þegar vinnunni er lokið. Það má geta nærri, hvort hv. þm. þekkir ekki mörg slík dæmi, því að honum varð tíðrætt um sína reynslu á sviði verkalýðsmálanna. Ég þekki mörg slík dæmi, þótt ég hafi kannske ekki eins mikla reynslu í þessu og hv. þm. Eina ráðið til þess að fá þá umsömdu kaupgreiðslu er að hóta vinnustöðvun. (SÁÓ: Þetta er hvergi bannað). Það er bannað, ef það stendur í samningum, og ég var einmitt að tala um þau atriði, sem þar standa.

Þá vék hv. þm. að lýðræðinu í verkalýðsfélögunum og vitnaði, eins og fyrr, í önnur lönd til þess að sanna sitt mál. Hv. þm. telur eðlilegt, að undir þeim kringumstæðum, þegar um er að ræða till., sem eiga að ákveða kaup og kjör hlutaðeigandi verkamanna, geti minni hl. ráðið meiru en meiri hl.; hann telur það eðlilegt, af því að dæmi séu um slíkar reglur í öðrum löndum. Hann telur það eðlilegt, að í félagi eins og Dagsbrún geti farið svo, að atkv. sáttasemjara hafi meira að segja en atkv. 399 Dagsbrúnarmanna. Ég reikna með 2000 atkvæðisbærum mönnum í félaginu, því að ég geri ráð fyrir, að þeir muni verða það á næstunni. Hv. þm. heldur því fram, að í sjómannafélaginu hafi slíkir hlutir sem þetta aldrei komið til greina; þær atkvgr., sem þar hafa farið fram hingað til, hafi verið þannig, að þessi ákvæði myndu engin áhrif hafa. Er það ekki rétt? (SÁÓ: Jú). Ég fullyrði, að þetta sé rangt. Ég fullyrði, að það hafi komið fyrir mörg tilfelli í sjómannafélaginu, þar sem þetta myndi koma til greina. Mér er kunnugt um, að það hefir verið gerð ákvörðun um kaup og kjör á fundi í því félagi, þar sem ekki hafa verið 20% félagsmanna mættir. Aftur á móti er ekkert við það að athuga, þó að það þurfi að vera viss þátttaka í atkvgr. á fundi um veigamikil mál, til þess að hún sé gild. En hitt er athugavert, að minni hl. ráði yfir meiri hl. og að sáttasemjari hafi meiri rétt en 20% félagsmanna. Menn þekkja þess dæmi í félögum, að það þurfi stækkaðan meiri hl. til þess að samþykkja mikilsvarðandi mál, það sé ekki hægt að samþykkja lagabreyt., nema meiri hl. sé svo og svo stór. Hinsvegar þekkjast þess engin dæmi í félögum, að till. séu samþ., þrátt fyrir það þótt meiri hl. felli þær, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta lætur sem ófugmæli í eyrum allra manna, sem eru vanir því að starfa undir lýðræðisfyrirkomulagi.

Þá kom þessi hv. þm. að pólitísku verkföllunum og banninu á þeim. Þótt undarlegt megi virðast, taldi þessi hv. þm., sem telur sig fulltrúa verkalýðsins, sjálfsagt að banna pólitísk verkföll. Ég hugsa, að það sé leit á sósíalista, sem lýsir því yfir, að bann á pólitískum verkföllum sé rétt, þannig að þessi afstaða hv. þm. er furðuleg. Hann sagði, að hér væri um að ræða lög og rétt, og að það ætti ekki að gera verkföll á móti lögum og rétti, slíku ætti að breyta á Alþingi. Ég skal nefna gerðardómsl. á þessu þingi sem dæmi. Sjómannafélagið samþ. að hafa þessi l. að engu og að það teldi sig óbundið af l., hvað kjör á síldveiðunum snerti. Væru nú samþ. l. um bann gegn pólitískum verkföllum, hvaða þýðingu hefði þá fyrir sjómannafélagið að gera slíka samþykkt og þessa? Alls enga. Séu sett l. um gerðardóm eða kaup og kjör yfirleitt ákveðin með sérstökum l., þá er vitaskuld bannað að gera verfall gegn slíkum l., svo framarlega sem þetta frv. nær fram að ganga. M. ö. o., hv. þm. hefir alveg gengið fram hjá því þýðingarmesta í þessu máli, að með þessum ákvæðum er hægt að taka verkfallsréttinn af verkalýðssamtökunum í öllum mikilsvarðandi deilum. Það er alltaf hægt að setja sérstök l. um gerðardóma, og þá koma þessi ákvæði til að gilda. Þá er það pólitískt verkfall að hefja vinnustöðvun í trássi við slíkan dóm og varðar sektum og ótakmörkuðum skaðabótum.

Hv. þm. kom inn á benzínverkfallið og sagði, að með því hefði ekkert unnizt. Með því unnust 400 þús. kr. á ári fyrir bílstjórana. Og svo segir hv. þm., að það hafi ekki verið verkfallinu að þakka, þótt hver einasti maður viti, sem hefir lesið blöðin frá þessum tíma, að meðan verkfallið stóð yfir, komu fram ný og ný tilboð um að verkfallinu skyldi verða létt af, jafnskjótt og Nafta fengi innflutningsleyfi. Það var trássast við þetta, þar til stjórnarvöldin urðu að láta undan. Það er því ákaflega hallur málstaður hjá hv. þm. að koma með svona rök, sem allir vita, að eru röng.

Hv. þm. talaði um, að í nágrannalöndunum færu verkalýðsflokkarnir öðruvísi að, til þess að koma sínum málum fram, en að beita póli-

tískum verkföllum. Þar kysu þeir bara fleiri fulltrúa á þing. Ef t. d. sjómennirnir hefðu farið þessa leið, þegar gerðardómslögin voru sett, og sagt sem svo: „Við skulum hlíta þessum l. nú, en kjósa fleiri fulltrúa á Alþingi næst“, getur verið að biðin hefði orðið nokkuð löng eftir því, að þeir fengju nógu marga þm., sérstaklega þó ef þeir væru eins innrættir og þessi hv. þm. og samþykktu l., sem taka réttinn af verkalýðsfélögunum til frjálsra verkfalla.

Hv. þm. átti ákaflega erfitt með að skilja, að þetta ákvæði móti pólitiskum verkföllum væri til að ryðja fasismanum braut. Þetta sýnir, að hv. þm. hefir ekki fylgzt vel með atburðunum, sem hafa verið að gerast í heiminum undanfarin ár. Það má nefna mörg dæmi um þetta, og pólitískum allsherjarverkföllum hefir oft verið beitt til þess að hefta yfirgang fasista. Ef þetta hefði verið gert í tæka tíð í Þýzkalandi, hefði verið hægt að stöðva fasista þar. Það er sök skoðanabræðra hv. þm., að fasistar náðu fótfestu í Þýzkalandi. Þegar Kapp-upphlaupið varð, voru kommúnistar ekki tiltölulega sterkir, en þeim tókst þá að fá sósialista í lið með sér í allsherjarverkfalli og héldu velli. Við höfum líka dæmi frá öðrum löndum, t. d. Danmörku, um pólitísk mótmælaverkföll móti afturhaldinu, og með þeim hafa unnizt þeir sigrar, sem annars hefði ekki verið unnt að vinna. Má t. d. nefna páskadagana 1921.

Hv. þm. vildi halda því fram, að tímabundin mótmælaverkföll væru leyfð þrátt fyrir ákvæði frv. Ég veit ekki, hvernig hann fer að fá það út úr frv. Eftir því að dæma eru öll verkföll bönnuð, sem gerð eru í þeim tilgangi að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim l. samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim l. samkvæmt er skylt að framkvæma. Nú er vitað mál, til hvers mótmælaverkföll eru hafin, og það er því augljóst, að öll slík verkföll verða dæmd ólögleg. — Það er einkennileg þessi tröllatrú, sem hv. þm. hefir á borgaralegum dómstólum, þvert ofan í betri vitund og alla reynslu bæði hans og annara.

Í sambandi við gagnrýni mína á því, að samkvæmt frv. er hægt að ganga í sjóði verkalýðsfélaganna og tæma þá, spurði hv. þm., hvort það væri nokkuð verndarákvæði í núgildandi lögum fyrir slíka sjóði. Ég vil spyrja hann: Hvar eru í l. slík ákvæði um þann gegn hagsmunabaráttu verklýðsfélaganna sem þau, er hér á að setja? Og ef félögin brjóta í bága við þessi l., er hægt að dæma þau í sektir, allt að 10 þús. kr. og ótakmarkaðar skaðabætur. Það skiptir að vísu minnstu máli, þótt hægt sé að dæma félögin í sektir og skaðabætur, ef þau hafa það frjálsræði, sem þeim er nauðsynlegt til sinnar hagsmunabaráttu, en það á að taka af þeim samkvæmt frv. Þetta er mergurinn málsins; hitt er ekkert annað en útúrdúrar, að ætla að afsaka þetta á þann hátt sem hv. 3. landsk. þm. var að reyna að gera.

Þá talaði hv. þm. um skipun félagsdómsins og taldi þar fengið fram það bezt mögulega. Hv. þm. kallar þá skipun það bezt mögulega, að hafa einn fulltrúa frá verkalýðssamtökunum og fjóra frá andstæðingum verkalýðssamtakanna. Og svo spyr hv. þm. mig, hvernig ég geti hugsað mér, að verkalýðurinn geti orðið í meiri hl. í slíkum dómi. Ég get ekki hugsað mér, að slíkur dómur yrði settur, þar sem verkalýðurinn væri í meiri hl. Ég gæti hugsað mér dóminn skár skipaðan en þennan, en ég tel, að slíkur dómur sem þessi geti aldrei orðið nein réttarbót fyrir verkalýðinn.

Loks var hv. þm. að reyna að gylla I. kafla frv. og sýna fram á, að hér væri um einhvern stórkostlegan nýjan rétt fyrir verkalýðinn að ræða, sagði, að ekkert væri til í löggjöf Norðurlanda, sem væri hliðstætt við þennan kafla. Ég get vel trúað þessu, því að ef slíkt væri sett í l. þar, myndi verða hlegið að því, enda er það ekki til annars. Ég færði svo ýtarleg rök fyrir þessu í fyrstu ræðu minni, að ég þarf þar engu við að bæta.

Hv. þm. sagði, að við hefðum lengi þurft að berjast fyrir því, að verkalýðsfélögin væru viðurkennd sem lögformlegur samningsaðili, og að við þyrftum enn að berjast fyrir því. Vitaskuld. Og við þurfum eins að berjast fyrir því, þótt þessi l. verði samþ. Atvinnurekendur geta auðvitað sagt: „Herra minn trúr, þið eruð lögformlegur samningsaðili, en við bara semjum ekki við ykkur“.

Þá hélt hv. þm. því fram, að 1. gr. frv., þar sem tekið er fram, að menn hafi rétt til að stofna stéttarfélög og sambönd, sé einhver sérstök réttarbót, þessi réttur hafi aldrei verið viðurkenndur. Ég veit ekki betur en að mönnum sé heimilt eftir stjórnarskránni að stofna félög í öllum löglegum tilgangi. Hv. þm. sagði, að komið gæti til mála, að því yrði haldið fram, að verkalýðsfélögin væru ekki stofnuð í löglegum tilgangi. Þetta hefir aldrei verið vefengt. Og þegar litið er nánar á þetta, sjá allir, að hér liggja fyrir l., sem eru þannig úr garði gerð, að nauðsynlegar athafnir verkalýðsfélaganna í þeirra hagsmunabaráttu, sem hingað til hafa verið löglegar, eru gerðar ólöglegar, m. ö. o., starfsemi verkalýðsfélaganna, sem allt til þessa hefir verið óvefengd og lögleg, er gerð ólögleg. Þess vegna er það furðulegt, að nokkur skuli halda því fram, að hér sé um nýjan rétt að ræða.

Nokkurn veginn hið sama er hægt að segja um það, sem hv. þm. sagði um trúnaðarmennina. Hann eyddi mörgum orðum til þess að sýna fram á, hversu rangt það væri hjá mér, að þeir væru til einskis gagns. Ég hélt því fram í ræðu minni, og hefi alltaf haldið því fram, að það væri mikils virði fyrir verkalýðsfélögin að hafa trúnaðarmenn. Vitaskuld. Og það væri mikilsvert, ef verkalýðsfélögin fengju viðurkennt með l., að þeir væru friðhelgir. En það er gersamlega þýðingarlaust að setja í l. ákvæði um trúnaðarmenn, nema réttur þeirra sé tryggður. Verkalýðsfélögin geta hvar sem er sett trúnaðarmenn, en þeir hafa engan lagalegan rétt. Það er hægt að reka þá af vinnustaðnum, þó að það standi í l., að það megi ekki gera það vegna pólitiskra skoðana. Og þrátt fyrir þessi l. myndi ekki vera hægt að fá á togara trúnaðarmann, sem rækti sitt eftirlitsstarf, án þess að eiga það á hættu, að hann fengi hvergi vinnu á flotanum.

Það yrði að tryggja þeim vinnu á annan hátt en með þessum l.

Í vinnulöggjöf Norðurlanda er þessu betur fyrir komið. Í Danmörku eru ákvæði í l., sem tryggja trúnaðarmenn fyrir ofsóknum. En slíkt vantar með öllu í þessi l.

Hv. þm. sagði, að það væri betur vandað til þessarar löggjafar en hliðstæðrar löggjafar á Norðurlöndum, hvað snerti kosningu trúnaðarmanna, þar sem gert væri ráð fyrir, að félagsstj. tilnefndu þá, en ekki verkamenn á vinnustaðnum. Hv. þm. áleit það hættulegt. Hverskonar trúnaðarmenn myndu verkamenn kjósa? Þeir myndu kjósa þá, sem þeir treystu bezt. En hv. þm. er hræddur um, að þeir myndu ekki treysta bezt þeim sömu mönnum og hann. Hann vill hafa fulltrúa, sem verkamenn e. t. v. treysta ekki. Ég skal í þessu sambandi minnast á trúnaðarmanninn við Sogið. Trúnaðarmaðurinn, sem verkamenn kusu sér, var mjög gallaður á ýmsan hátt, en samt sem áður treystu þeir honum betur en þeim, sem nánustu samstarfsmenn hv. 3. landsk. þm. voru að reyna að troða upp á þá, svo að þarna er höggvið nokkuð nærri hv. 3. landsk., þegar hann er að tala um þetta. Ég held, að það sé bezt fyrir hann að tala sem minnst um slíka hluti.

Að síðustu kom hv. þm. inn á mótmæli verklýðsfélaganna og hélt því fram, að aðeins lítill hluti verklýðsfélaganna hefði tekið þátt í þessum atkvgr. Það var nú séð svo um, eins og kunnugt er, að verklýðsfélögin hefðu svo lítinn tíma til þess að taka afstöðu til málsins, að þau áttu yfirleitt ekki kost á því, að láta málið fara til allsherjaratkvæðagreiðslu. En hitt er víst, að í þeim félögum, þar sem samþ. voru mótmæli gegn vinnulöggjöfinni, en það er yfirleitt í stærstu og þýðingarmestu félögum landsins, var þetta samþ. á mjög fjölmennum fundum með yfirgnæfandi meiri hl. eða í einu hljóði. Þetta veit hv. 3. landsk. Aftur á móti er öðru máli að gegna með þau félög, sem slysuðust til að mæla með frv. Ég nefndi tvö félög, sem kannske eru þau þýðingarmestu af þeim, sem fengizt hafa til þess að mæla með frv. Í öðru félaginu var till. þeirra skoðanabræðra hv. 3. landsk. samþ. með 34:18 atkv., en í hinu félaginu, Prentarafélaginu, var hún samþ. með 22:17 eða 18 atkv. Þannig var nú atkvgr. þar, og með þessum félögum er flaggað alveg sérstaklega. Ekki í einu einasta félagi, sem mælti með frv., var allsherjaratkvgr., heldur var hóað saman fundum af nokkrum mönnum, og tókst að keyra þetta í gegn með örlitlum atkvæðamun á mjög fámennum fundum. Ég lýsti því í framsöguræðu minni, hvernig lítil félög voru fengin til að mæla með þessu.

Hv. þm. vildi ekki fallast á það, að mikill meiri hl. verkalýðshreyfingarinnar hefði mótmælt þessu frv. Ég get, ef hann vill, talið upp þau félög, sem hafa mótmælt frv. — en svo eru önnur, sem hafa mælt með því, að l. yrðu sett, en bara önnur l. en þessi —: verkamannafélagið Dagsbrún, Þvottakvennafélagið Freyja, A. S. B., Múrarasveinafélag Reykjavíkur, Málarasveinafélag Reykjavíkur, Félag járniðnaðarmanna, starfsstúlknafélagið Sókn, Iðja, félag verksmiðjufólks í Rvík, Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, verkalýðsfélagið Þróttur á Sigluf., Verkamannafélag Akureyrar, verkakvennafélagið Einingin á Ak., Bílstjórafélag Akureyrar, Verkalýðsfélag Húsavíkur, verkalýðsfélagið Hvöt á Hvammstanga, Verkalýðsfélag Norðfjarðar, verkalýðsfélagið á Eskifirði, verkalýðsfélagið Drífandi í Vestmannaeyjum, verkakvennafélagið Snót í Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélag Borgarness, verkalýðsfélagið Bjarmi á Stokkseyri, verkalýðsfélagið Báran á Eyrarbakka, Vélstjórafélag Akureyrar, verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði og Bakarasveinafélag Íslands, með því að fella till., sem mælti með frv.

Öll þessi félög hafa harðlega mótmælt, og það er alveg fullvíst, að svo framarlega, sem tími hefði unnizt til að láta allsherjaratkvæðagreiðslu fara fram í félögunum, hefðu úrslitin orðið ákaflega svipuð. Maður sér það á því, að því fjölmennari sem fundirnir hafa verið, því tiltölulega fleiri hafa greitt atkv. með mótmælunum.

Það má t. d. nokkuð marka málflutning þessa hv. þm. á því, sem hann var að fræða hv. þdm. um meðferð þessa máls í verkamannafélaginu Hlíf. Þar var málið rætt á tveimur fundum, sem báðir voru boðaðir opinberlega, og yfirleitt var ekkert til þess sparað, að þetta mál yrði tekið til rækilegrar meðferðar í félaginu. Á öðrum þessum fundi voru mættir þeir menn, sem skoðanabræður hv. 3. landsk. telja sína sterkustu menn í þessu máli, lögfræðingur, sem fenginn var til að semja álit n., og hv. þm. Seyðf., sem þá var atvmrh. En svona fór nú samt þar. Svo komum við að Sjómannafélaginu, og það merkilega skeður, að um leið og hv. þm. er að finna að því, að ekki hafi farið fram allsherjaratkvæðagreiðsla í þeim félögum, sem hafi samþ. mótmæli með e. t. v. 3—4 atkv. atkvæðamun, þá boðar hann alls ekki til fundar í Sjómannafélaginu til þess að taka málið fyrir. Það hefði verið meira en nógur tími til þess, eftir að gerðardómurinn féll, svo að hann hefði getað látið þetta mál fara til allsherjaratkvæðagreiðslu; ef honum hefði verið það áhugamál, hefði hann getað það. En ástæðan fyrir því, að hv. þm. hefir ekki leitað álits félagsins, er allt önnur; hún er sú, að hv. þm. veit, að meiri hl. félagsins er andvígur þessum lögum.

Ég get svo látið þetta nægja að sinni. Við höfum, eins og hv. þm. tók fram, tíma til þess að ræða frekar um þetta síðar, ef okkur sýnist svo.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi gjarnan, að þessari umr. yrði lokið, áður en þessum fundi er slitið, og verð því að takmarka mitt mál.

Það eru ýms atriði í ræðu hv. 1. landsk., sem ég þarf að gera nokkuð betri skil. Í sumum atriðum hefir hann dregið allverulega í land, eins og gerist og gengur, og hefir gengið hálfilla að hrekja mín mótmæli hér gegn hans ræðu. Ég verð að sleppa allmörgu af því, sem ég annars hefði viljað svara, en ég ætla að byrja á því, þar sem hann var að vitna í Noreg, löggjöfina frá 1927. Hann er búinn að gleyma, hvað það var, sem þar var aðalásteytingarsteinninn. Það var

nefnilega ákvæði í þeirri löggjöf um það, að heimilt væri að dæma í hinum svonefnda hagsmunaágreiningi, m. ö. o., um kaup og kjör. Það var einmitt þetta ákvæði, sem atvinnurekendur voru líka mótfallnir, og það var ekki sízt fyrir þeirra atbeina, að norska Stórþingið féllst á, að nema þetta ákvæði úr l. Það einkennilega fyrirbrigði skeði, að báðir aðiljar, bæði atvinnurekendur og verkamenn, voru sammála um að nema þetta ákvæði í burtu. Það var þetta atriði, sem olli því, að það tókst að fá þá breyt. á löggjöfinni, sem þar var gerð.

Ég verð að gera því skil, þar sem hv. þm. var að tala um hin óleyfilegu verkföll, pólitísku verkföllin, og vitnaði hann þar mjög í hinn síðasta gerðardóm, sem Alþ. samþ. og Sjómannafélagið mótmælti. Ég verð að skýra þetta dálítið fyrir hv. þm. Í frv., eins og það liggur fyrir, er bannað, eins og í 2. tölulið 17. gr. segir, að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin séu aðili sem atvinnurekandi. Hér er átt við það m. a., að þegar t. d. ríkið sé atvinnurekandi, þá sé sjálfsagt leyfilegt að gera verkfall á móti þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. kann að gera í þeim efnum. En um gerðardóminn er það að segja, að af hálfu Alþ. er hvergi lagt bann við því, að hlýða ekki gerðardóminum, svo að þó að sjómenn gerðu verkfall út af dóminum myndi það ekki vera talið ólöglegt, vegna þess að það er upplýst af hæstv. forsrh., að það sé ekkert í l. um gerðardóminn, sem banni sjómannastéttinni að gera hverskonar ráðstafanir, sem hún vildi, gegn slíkri löggjöf, aðeins ákveðið, að gerðardómurinn ákveði kaupið, en ekkert sagt, hvernig skuli fara að, ef honum sé ekki hlýtt. Samkvæmt þessu frv. nær það ekki til þessa atviks, sem hér er um að ræða. Það er því alveg út í loftið hjá hv. þm. að taka þetta dæmi. — Það eru hin svokölluðu „hvítu verkföll", sem hér er tekin skýr afstaða til. Það er yfirlýst af hæstv. ráðh., að hann áliti, að það stríði ekki á móti l., þó að sjómenn hlýði þeim ekki (**BrB**: Það er á móti l., þegar búið er að samþ. þetta). — Hv. þm. getur farið til hvaða lögfræðings sem er, og hann fær engan til að ganga inn á sitt mál, að þetta dæmi geti heyrt undir þetta ákvæði 17. gr., svo að þetta er hreint vindhögg, sem hann slær í þessu efni. Hann sagði ennfremur, að atkvgr. um till. sáttasemjara, eins og hún er hér lögð fram, myndi stangast á við það, sem skeð hafi í Sjómannafélaginu. Ég vil benda honum á, að í nál. vinnulöggjafarnefndarinnar er skýrsla um, hvernig atkvgr. hafi farið fram í því félagi, sem sýnir og sannar, að með þeim atkvgr. öllum hefðu löglegar ákvarðanir verið teknar. Ég vil benda hv. þm. á, að einmitt í kaflanum um sáttasemjara er svo til ætlazt, að ef um félög sé að ræða, sem hafi ýmsar starfsgreinar innan sinna vébanda, eins og t. d. Sjómannafélagið, þá sé hægt að draga frá við atkvgr. alla fjarverandi menn, sjúka menn og þá, sem ekki heyra undir þá starfsgrein, sem deilan er um í hvert skipti. Ef deila væri út af kjörum á togurunum, þá myndi atkvgr. aðeins ná til þeirra, sem myndu teljast togaramenn, og ef deilan væri við farmenn, þá myndi atkvæðagreiðslan aðeins miðuð við fjölda þeirra manna, sem vinna á siglingaskipunum. Hv. þm. hlýtur að sjá, að þetta lækkar tölurnar í atkvgr., og að það þýðir ekki að miða við heildartölu félagsmanna í hvert skipti, svo að einnig þetta er byggt á misskilningi hjá hv. þm.

Ég ætla ekki að ræða frekar við hv. þm. um skyndiverkföllin. Ég álít, að hann sé þar hreint og beint á villigötum, annaðhvort á móti betri vitund eða af því, að hann sé í villu. Ef menn þurfa að knýja atvinnurekanda til að greiða kaup, þá er hægt að setja stöðvun á hann þangað til hann greiðir. En ég skal upplýsa hv. þm. um það, að þetta eru ekki kölluð verkföll. Þetta er á útlendu máli nefnt Blokade, enda veit hv. þm., ef hann hefir kynnt sér starfsemi verkamanna erlendis, að það er mjög tíður viðburður, að vinnustöðvun eigi sér stað á vinnustöðum erlendis, sem ekki er skoðuð sem verkfall, og þetta er álitið fullkomlega leyfilegt þar eftir þeirri löggjöf, sem þar er búið við. Ég þekki mörg dæmi þess í Danmörku, að til vinnustöðvana hafi komið í verksmiðjunum, ef verkamenn hafa álitið, að einhverjum manni hafi verið misboðið. Í sumum tilfellum getur þetta verið þess eðlis, að rétt sé að láta dæma um, hvort aðili hafi haft rétt fyrir sér.

Ég verð að segja, að það sé algert skilningsleysi hjá hv. þm., ef hann heldur, að það sé ekki ávinningur fyrir verklýðsfélögin og hina einstöku verkamenn að fá úr því skorið með dómi, hvort réttur hafi verið brotinn á þeim eða ekki, sem í mörgum tilfellum er ekki hægt að fá leiðréttingu mála sinna, eins og nú er högum háttað, því að vita má hann það, að sifelldar vinnustöðvanir út af ýmsum atriðum þreyta alla menn og verða til þess, að menn þreytast á því að leggja út í verkföll, þó að í raun og veru sé fullkomið tilefni til að gera verkfall.

Hv. þm. vildi gera lítið úr ákvæðinu um trúnaðarmannaráðin. Það hefir aðeins eitt félag tekið upp það fyrirkomulag, að hafa trúnaðarmannaráð. Nú er hverju einasta félagi heimilað að hafa þetta fyrirkomulag, og í l. eru engin takmörk sett fyrir því, hvað þessi trúnaðarmannaráð eigi að vera fjölmenn. Er þetta ekki ávinningur? Upp úr þess leggur hv. þm. ekki neitt.

Ég verð að hlaupa yfir margt af því, sem hv. þm. var að þylja hér upp. Hann orðaði það eitthvað á þá leið, að I. kafli frv. væri ekki til annars en að hlæja að. Ég get ekki að því gert, en ég verð að álykta, að hv. þm. tali hér, ég vil segja, á móti betri vitund. Ég tel ekki rétt að gera grein fyrir hverri einstakri gr. við þessa umr., en mun geyma mér rétt til þess að gera það við síðari meðferð málsins til þess að sýna fram á, hversu mikil fjarstæða það er, að tala um, að þessi kafli sé ekki til annars en að hlæja að.

Þá var hv. þm. að reyna að rökstyðja það, sem honum tókst nú illa, að það væri verið

að gera starfsemi verklýðsfélaganna ólöglega. Þetta er algerlega órökstutt, því að hér er ekkert í frv., sem skeður, annað en það, að það þarf í vissum tilfellum að gefa tilkynningu um það, hvenær vinnustöðvun á að fara fram, og ég leyfi mér að halda því fram, að sú vinnustöðvun, sem þarna er átt við, sé, þegar almennt er deilt um kaup og kjör, — þegar um almenna vinnusamninga er að ræða. Þetta er skilningur n., sem í þessum orðum er fólginn, og hvernig, sem dómstólarnir litu síðar á þetta, þá legg ég þessa skýringu fram fyrir n. hönd. Ef hv. þm. reynir eftir sem áður að rengja þetta, þá verður hann að hafa sín skoðun á því eins og hann vill, en þetta er meining n. með þessu orðalagi um kaup og kjör.

Þegar þetta er fallið niður, get ég ekki séð, hvað hér sé gengið á hagsmunarétt verklýðsfélaganna. Það er nú þegar komin á sú regla, að það er farið að hafa frest á því, hvenær deila eigi að hefjast, og það er ekki lengra síðan en í sumar, að Dagsbrún taldi sig hafa gefið meiri frest en 7 daga; ennfremur er það innan vébanda þess samnings, sem er að renna út, sem fresturinn er gefinn.

Þá fjargviðraðist hv. þm. yfir því, að það þyrfti ákveðinn fjölda til að ákveða vinnustöðvun. Hv. þm. hefir ekki reynt að hrekja það, að það sé meira lýðræði í því fólgið, að meiri hl. eigi að segja til um það, hvort vinnustöðvun eigi að hefja eða ekki. Þegar Sjómannafélagið hóf sína vinnudeilu í vetur, datt okkur ekki annað í hug en að láta atkvgr. fara fram á meðal sjómanna um það, hvort þeir vildu segja upp samningunum eða ekki, og eins og kunnugt er, var yfirgnæfandi meiri hl. með því að segja samningunum upp. Ég held, að enginn hafi á móti því, að slík regla yrði tekin upp, því að það er nauðsynlegt, að félagsviljinn komi skýrt í ljós, og eins getur það verið nauðsynlegt, ef till. liggur fyrir í kaupdeilu, að sem allra flestir geti komið til greina með að segja álit sitt um, hvort að skuli ganga eða hafna.

Eins og ég vitnaði hér áðan í Sjómannafélagið, þá hefir yfirleitt verið reynt að hafa svo almennar atkvgr. um slíkar till., til að félagsviljinn kæmi skýrt í ljós, og ég get ekki séð, að það sé til óþurftar félögunum, að slík regla yrði upp tekin, nema ef hv. þm. vill, að örfáir menn eigi að segja um, hvað gera eigi í þessum málum. Ég segi, að það sé meira lýðræði í því fólgið, að láta þetta ná til sem flestra félagsmanna, og það er ekkert annað í þessu frv., sem farið er fram á.

Þegar þetta er upptalið og pólitísku verkföllin, sem hann telur vera til skemmda í þessu máli, þá er nú ekki annað eftir, og ennþá hefi ég ekki heyrt nein rök, sem byggð eru á reynslu og skynsemi, sem sýni það, að þessi ákvæði, sem hér hafa verið sett fram, séu til ófarnaðar verklýðshreyfingunni og verklýðsfélögunum.

Að síðustu eru það trúnaðarmennirnir. Hv. þm. sagði, að það væri svo illa um trúnaðarmennina búið. Ég vil benda honum á, að hafi illa verið frá þessu gengið frá n. hálfu, þá hefir þetta verið endurbætt með þeirri brtt., sem hann í upphafi sinnar ræðu sagði, að hefði verið til mikilla bóta. 11. gr. sýnir og sannar, að það er svo gengið frá trúnaðarmönnunum, að með félagskap, sem nokkur dugur er í, er það merkilegt fyrirbrigði, ef það þarf að vera trúnaðarmönnunum til óhagræðis að gegna þessum störfum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 9. mai, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 473).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum og lesið frv. rækilega, ásamt grg. þeim, er því fylgja. Brtt. við frv. hefir n. ekki gert. Þó kom það fram hjá hv. sjálfstæðismönnum í n., að þeir vildu hafa óbundnar hendur í því efni, og geri ég ráð fyrir, að þeir flytji einhverjar brtt. við þessa eða 3. umr. Hinsvegar töldu þeir sig mundu geta fylgt málinu, þó að það yrði að ganga fram breytingalaust. Aftur telja hinir þrír nm. ekki rétt að vera að leggja fram brtt., þar sem vitanlegt er, að málinu er ætlað að ganga fram á þessu þingi, en brtt. myndu hinsvegar verða því til tafar. Enda er svo frá málinu gengið af hálfu þeirra flokka, er að því standa, að ekki eru líkur til, að samkomulag gæti orðið um brtt., er fram kynnu að koma. Því hefir n. fyrir sitt leyti lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég hygg, að ég hafi ekki fleira að segja fyrir n. hönd. En eins og kunnugt er, hefir þetta mál vakið mikið umtal og að vissu marki nokkurn andróður. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr., á hverjum rökum sá andróður væri byggður. En ég vil þó hér stikla á efni frv. í aðalatriðum.

I. kafli er um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til vinnuveitenda. Í 13. gr. er fjallað um þau atriði, er snerta réttindi félaganna. Hér eru ýms nýmæli á ferðinni, sem ekki hafa áður verið til í íslenzkum l., og veita þau þessum félögum fyllri réttindi en þau hafa áður búið við. Það má reyndar segja, að sú hefð sé komin á, að menn eigi rétt á því að mynda stéttarfélög til hagsmunabaráttu, en hins ber að gæta, að ávallt er hægt að koma í veg fyrir það, t. d. með því að setja löggjöf á móti því, eða með því, að atvinnurekendur beiti öllu bolmagni sínu til þess á annan hátt að koma í veg fyrir þetta. Eru dæmi þessa til meðal erlendra þjóða, og jafnvel hér á landi, að atvinnurekendur hafi reynt slíkt.

Það liggur í hlutarins eðli, að slík stéttarfélög eigi að hafa rúm fyrir alla menn, sem tilheyra hlutaðeigandi starfsgrein. Hefir það alltaf þótt mikill ávinningur, að allir vinnandi menn ákveðinnar starfsgreinar væru í einu verklýðsfélagi. Er því gert ráð fyrir, að sú venja gildi, að félögin verði opin öllum vinnandi mönnum á sama félagssvæði.

Þá er 4. gr. þannig, að ég hygg hana ekki hvað minnsta réttarbót fyrir verklýðsfélögin, eins og til háttar hjá okkur. Ég rek ekki dæmi

þess, við hvað ég á með þessu. En reynsla mín er sú, sérstaklega hin síðari árin, eftir að atvinnuleysi tók að aukast, að vald atvinnurekenda hefir verið þannig, að þeir hafa getað drottnað yfir hverju handtaki verkamanna og hafa þeir þá ekki hvað síst beitt þessu valdi til að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir manna.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að stéttarfélagið sé hinn eini rétti aðili til að semja um kaup og kjör, og er gr. bein afleiðing af því, sem á undan er gengið.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að allir samningar milli atvinnurekenda og verkamanna skuli vera skriflegir. Er það að miklu leyti í samræmi við þá venju, er skapazt hefir í þessu hin síðari ár, og er þetta ófrávíkjanleg regla meðal nágrannaþjóðanna. Hér er ekkert til tekið um það, hve langur samningstíminn skuli vera, nema það, að hann skuli vera 3 mánuðir, ef ekki er öðruvísi ákveðið.

Samkvæmt 7. gr. eru slíkir samningar, sem verklýðsfélög gera við atvinnurekendur, löghelgaðir, svo að ekki mega einstakir verkamenn gera sérstaka samninga. Eru til mörg dæmi þess, að slíkir baksamningar hafi verið gerðir, t. d. gerði eitt iðnfyrirtæki hér í bæ nýlega þannig lagaða samninga, þvert ofan í samning, sem gerður hafði verið við hlutaðeigandi verkalýðsfélag. Er mér sagt, að út af því muni rísa málaferli.

Síðar í þessum kafla koma gr., sem að sjálfsögðu leggja nokkrar skyldur á herðar verkalýðsfélögunum, eins og t. d. 8. gr., en svo er ætíð um gagnkvæm réttindi, að menn verða líka að taka á sig nokkrar skyldur. Eins og 8. gr. ber með sér, er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin beri ábyrgð á þeim samningsrofum, sem gerð eru, hvort heldur sem þeim valda félögin sjálf eða trúnaðarmenn þeirra, en undanteknir eru einstaka meðlimir félaganna, nema félagið valdi samningsrofunum. Að öðru leyti verður hver einstaklingur að bera sjálfur ábyrgð á gerðum sínum.

9. gr. fjallar um hina margumræddu trúnaðarmenn, sem gert er ráð fyrir á vinnustöðvunum, og eiga þeir að gæta þess, að fylgt sé í öllum atriðum samningum þeim, sem gerðir hafa verið milli verkamanna og atvinnurekenda, svo og framfylgt öllum samþykktum, sem félögin hafa gert, því að félögin þurfa oft að gera samþykktir um ýmislegt, þótt það sé ekki í samningum. Öllu þessu er trúnaðarmönnunum ætlað að fylgjast með á hverjum vinnustað. Eins og ég drap á við 1. umr., hafa verkalýðsfélög hér á landi þegar byrjað að koma trúnaðarmönnum inn í samninga sína við atvinnurekendur, og var fyrsti trúnaðarmaður hér á landi við Sogsvirkjunina. Þessi regla er komin til okkar frá öðrum þjóðum. Í Danmörku t. d. hefir það tekið mjög langan tíma fyrir verkamenn að fá þessa trúnaðarmenn viðurkennda. Var það talin af atvinnurekendum hin mestu goðgá, að fara fram á slíkt. Töldu þeir það í fyrsta lagi rýra vald verkstjóranna og á skipunum vald skipstjóranna, o. s. frv. Eftir að verkalýðsfélögunum tókst að koma þessu á á Norðurlöndum, þykir þetta einhver mesta réttarbót, sem þau hafa fengið. Með aðstoð trúnaðarmannanna er oft hægt að komast hjá deilum og árekstrum, sem annars hefðu orðið, ef trúnaðarmaðurinn er fær í sínu starfi og rækir það eins og félögunum bezt gegnir. Hann er verkamönnunum öryggi fyrir, að ekki verði gengið á rétt þeirra, og hjálpar til að koma í veg fyrir deilur. Þetta ákvæði er ekki í vinnulöggjöfum Norðurlanda, en sjálfsagt þótti að setja það hér, þar sem atvinnurekendur hér á landi virðast ekki vera eins hagstæðir verkalýðnum og annarsstaðar á Norðurlöndum. Ég veit t. d. að sjómannastéttinni hér í bænum hefir ekki þýtt að nefna það að fá trúnaðarmenn á skipunum. Álít ég þetta mikla réttarbót, og framtíðin mun sýna, að hér hefir það eitt verið lagt til, sem verkamönnunum má að gagni verða.

10. gr. er viðbót við 9. gr. Þar eru settar reglur um, hvernig trúnaðarmaður á að vinna, og eins um, hvernig fara skal með ágreining milli hans og stéttarfélaganna eða milli stéttarfélaga, atvinnurekenda og trúnaðarmanns. Þessu var breytt nokkuð í hv. Nd., og er nú tryggilegar frá gengið, að ekki megi hegna trúnaðarmanni fyrir störf hans í þágu félagsins. Reynslan verður að sýna, hvort hér er ekki nógu tryggilega frá gengið.

11. gr. er í samræmi við og í áframhaldi af hinum gr., og sama má segja um 12. gr.

Í 13. gr. er heimild fyrir stéttarfélög eða stéttarsambönd til að gera á milli sín gagnkvæma vináttusamninga, ef svo mætti kalla það. Til að skýra hvað við er átt, skal ég taka nærtækt dæmi. Hér í bæ er verkstjórafélag, sem ekki er, að því ég veit bezt, í neinu stéttarsambandi. Verkstjórar eru venjulega skoðaðir sem nánir trúnaðarmenn atvinnurekenda, en þeir hafa sínar kröfur og óskir um, hvernig að þeim er búið. Þeir hafa myndað sinn félagsskap, sem hefir átt örðugt uppdráttar með að fá óskum sínum framgengt við atvinnurekendur. Var myndaður gagnkvæmur samningur milli Alþýðusambands Íslands og verkstjórafélagsins um, að hvert styðji annað að vissu marki, t. d. að verkstjórar séu í verkstjórafélaginu, og að verkstjórar geti svo aftur neitað að taka menn í vinnu, ef þeir eru ekki í verkalýðsfélagi. Er mér kunnugt um, að atvinnurekendum hér var þessi samningur mikill þyrnir í augum, og var um tíma útlit fyrir, að verkstjórarnir yrðu hræddir með hótunum til að nema þessa samþykkt úr gildi. Því var óskað eftir að þetta yrði sett í frv., því að fleiri félög, sem geta verið verkamannastéttinni vinsamleg, þótt þau standi fyrir utan hana, geta þá gert slíka samninga um gagnkvæman stuðning að vissu marki, og er með þessu verkalýðnum tryggt meira lýðræði en áður.

Ég hefi stiklað á stóru um I. kafla frv. Þau andmæli, sem fram hafa komið eru flest lítils virði. Hefir t. d. verið sagt, að ýms þessara réttinda væru áður lögfest eða stjórnarskrárvernduð, en það fer eftir viðhorfi þjóðfélagsins á hverjum tíma, hve mikið af því er skoðað réttur hins vinnandi manns. Þótt löngu sé búið að lögfesta vinnulög á Norðurlöndum, þá er ekkert til svipað þessu í þeim löggjöfum, og ég hefi fengið tækifæri til að sjá, að verkamenn þeirra landa telja þessa löggjöf svo mikla réttarbót, að þeir myndu telja það mikinn vinning fyrir þá sjálfa

að fá slík l., sem I. kafla þessa frv. Þótt ekki sé þar fleira fram tekið, þá stendur þessi löggjöf sem aðrar til bóta á næstu árum. Hér er búið að byggja þá réttu undirstöðu, og ég mun gleðjast yfir hverri nýrri réttarbót, sem fæst á næstu árum.

Um II. kafla hefir verið rætt nokkuð mikið. Hann felur það í sér, sem e. t. v. er aðaltilefni þessara l. Hann er um verkföll og verkbönn. Um þau höfum við þá reynslu, að í ýmsum tilfellum hafa verið hafnar deilur, sem þeir, sem eiga að vera forsjón verkalýðsfélaganna, hefðu e. t. v. átt að gæta betur að, hvort rétt væri að hefja á þeirri stundu eða annari. Meðal annars eru þess vegna settar reglur um, hvernig deilur skuli hafnar og hvaða undirbúning verði að hafa milli atvinnurekenda og verkamanna. Hefir sú krafa komið frá atvinnurekendum, að nauðsynlegt væri að setja reglur þar að lútandi. Er efni þessa kafla sótt í vinnulöggjöf Norðurlanda að mestu leyti. Eins og ég tók fram við 1. umr., hygg ég, að ekki séu þau tilfelli í deilum milli atvinnurekenda og verkamanna, sem ekki eru hér settar reglugerðir eða l. um, hvort sem það er kallað verkfall eða verkbann. Nú er það auðvitað, að þetta frv. setur strangari reglur þar að lútandi en þeir menn vilja, sem helzt vilja engin lög eða reglur hafa. Hér hefir verið flutt frv. af sjálfstæðismönnum, þar sem vitanlegt var, að tekin voru upp ákvæði þau, sem ströngust eru í l. Norðurlanda. II. kafli er svo vægur, að ákvæði hans eru ekki nema svipur hjá sjón, samanborið við frv. sjálfstæðismanna. Í þessu frv. hefir n. sett reglur um þær deilur, sem fjalla um kaup og kjör. Ég undirstrika hér með sérstaklega, að það er skilningur mþn., sem samdi frv., að hér sé átt við allt það, sem felst í venjulegum kaupsamningum, um kaup, vinnuskilyrði o. s. frv. Þá hefir því verið haldið fram, að skyndiverkföll, sem komið geta fram undir vissum skilyrðum, væru bönnuð með þessu frv. Það er rangt. Samkvæmt skilningi n. er ekki hægt að heimfæra það, sem hér er talið upp, undir skyndiverkföll. Ég verð að mótmæla því, sem andmælendur þessa frv. hafa sagt, að þegar talað sé um vinnustöðvanir hér, þá séu það vinnustöðvanir, sem eingöngu séu um kaup og kjör, og að þá þurfi 24 klst. frest um atkvgr. Einmitt í sambandi við 7 daga frestinn vil ég taka það fram, að hans þarf ekki með, þegar samningar eru útrunnir, og ég vil upplýsa, að verkamenn hér í bænum hafa sjálfir tekið upp að hafa þennan frest. T. d. kaupdeila sú, sem átti sér stað síðasta vor, hún var ekki gerð án fyrirvara. Þetta er regla, sem verkalýðurinn er að skapa sér af frjálsum vilja.

Þá vil ég benda á í sambandi við þetta, að félagsstj. geta komið á vinnustöðvun, ef félagið fær þeim umboð til þess. Venjulega er það svo með þessar deilur, að þær koma ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti. Venjulega er að þeim langur aðdragandi, og félagsstj. getur aflað sér þessa umboðs frá félagsmönnum. Einnig þarf ekki annað en að hafa fulltrúaráð, sem ég hygg, að verkamannafélagið Dagsbrún hafi fyrst komið upp. Þar er fáeinum félagsmönnum fengið vald til þess að fara með mál félagsins á milli funda. Hér er gert ráð fyrir, að hvert félag geti myndað slíkt trúnaðarmannaráð, og engar hömlur settar á, hve margir þurfi að vera í því. Er gert ráð fyrir, að ¾ trúnaðarmannaráðs þurfi að vera fylgjandi þeim ráðstöfunum, sem það gerir, og má það ekki minna vera, þegar svo litlum hl. félagsmanna er fengið slíkt vald. Þá verður að tryggja, að aðeins mikill meiri hl. geti ráðstafað hagsmunamálum allra hinna félagsmannanna. Hér er opnuð leið fyrir félög, þar sem óhægt er um fundasókn og atkvgr., til að láta litinn hóp manna ráða fram úr vissri tegund mála, jafnvel vinnudeilum. Ég tel það kost fyrir verkalýðinn að eiga slíka löggjöf.

Ég hefi þegar minnzt lauslega á 16. gr. og 7 daga fyrirvarann og við hvað hann á. Þeir, sem vilja andmæla löggjöfinni, geta sagt, að það megi skilja hana á annan veg en hún er hugsuð, og þeir geta haldið þessum skýringum sínum fram við fólkið.

Um 17. gr. erum við hv. 1. landsk. og ég búnir að ræða allmikið við 1. umr. Sú gr. fjallar um, að ekki er hægt að ganga út í verkföll undir vissum kringumstæðum, ef meiri hl. verkalýðsfélaganna telur það mjög varhugavert.

Um III. kafla frv., sem er aðallega um sáttaumleitanir, er sú veigamikla breyting gerð, að í stað þess að hafa allt landið eitt umdæmi, sem einn maður gæti alls ekki komizt yfir, eru sáttaumdæmin gerð 4, og landinu skipt eins og 19. gr. hermir. Þrír af sáttasemjurunum eru einskonar undirsáttasemjarar, og eiga þeir að hafa sem yfirmann aðalsáttasemjarann, sem ætlazt er til, að hafi sæti og heimili í Reykjavík, en það er sá hluti landsins, þar sem verkalýðsfélögin eru stærst og deilur tíðari en annarsstaðar. Skil ég ekki í, að nokkur hafi á móti þeirri till., að fjölga sáttasemjurunum. Það er borgaraleg skylda að taka við þessu starfi sáttasemjara. Verður hver og einn að rækja það, eftir því sem efni standa til, en sáttasemjari verður að vera þeim kostum búinn, að hann geti mælt milli deilandi manna. Frá núgildandi l. eru ekki miklar efnisbreytingar, að þessu undanteknu, nema hvað gert er ráð fyrir, að allt skuli fara fram í fastara formi og að allt, sem fram fer á sáttafundum, skuli bókað. Er sú regla sjálfsögð og nauðsynleg, svo að sjá megi, hvað hver hefir lagt til á hverjum tíma, og svo að menn geti ekki komið seinna og sagt, að þeir hafi aldrei sagt þetta eða hitt. Hér er gert ráð fyrir, að fundirnir séu fyrir luktum dyrum. Þótt svo væri tekið fram í l. áður, þá voru aldrei aðrir viðstaddir á þessum fundum en þeir, sem þangað voru kallaðir. Einnig er ýtarlegar kveðið á en áður um, að sáttasemjari skuli fyrr grípa til að reyna að sætta, ef stéttir þær, sem deila, geta ekki komið sér saman. Skal ég nefna sem dæmi, að í deilunni, sem Sjómannafélag Reykjavíkur átti í í vetur, hefði sáttasemjari verið skyldur til að leita um sættir um miðjan nóvember, í stað þess að hann kom ekki til greina fyrr en um áramót.

Þá er hér nokkru nánar búið um hnútana við atkvgr. Í flestum tilfellum er það aðeins samkomulagsatriði milli deiluaðilja og sáttasemjara, hvernig þeim skuli hagað. Ég skal skýra þetta

með dæmum. Í ýmsum félögum hér, þar á meðal Sjómannafélaginu, eru ýmsar starfsgreinar, sem eiga sumt sameiginlegt og sumt ekki. Við höfum t. d. innan okkar félags farmenn, sem eingöngu sigla á flutningaskipunum. Þeir hafa sérstakt kaup og kjör. Þeirra samningar hljóða öðruvísi en samningar fiskimanna. Ef um deilu væri að ræða við þessa menn, þá þarf ekki að láta atkvgr. um till. sáttasemjara fara yfir á félagsheildina alla, heldur næði hún aðeins til farmanna. Þetta minnkar þann mannfjölda, sem greiðir atkv., og þá er meiri trygging fyrir því, að hinn lögmælti meiri hl. sé fyrir hendi, þegar um slíkar atkvgr. er að ræða. — Þetta getur einnig komið fyrir meðal verkamannafélaga. Deila kann að standa um eina deild félagsins, t. d. vörubílstjóradeild, og þá er hægt að láta atkgr. fara fram aðeins innan deildarinnar. Ég tel, að þetta sé kostur, að þurfa ekki að bera undir atkv., kannske 12—18 hundruð félagsmanna, atriði, sem aðeins snertir ákveðna deild félagsins. Þetta er ekki til í núgildandi löggjöf, en er sett til þess, að félög geti látið slíkar atkvgr. fara fram eins og hér er gert ráð fyrir.

Ennfremur er gert ráð fyrir því, að félög, sem eigi saman í deilu, geti látið málið ganga til atkvgr. í félagi, þannig að ekki komi neitt það fram, sem *sýni sérstöðu hvers einstaks félags* í deilunni. Dæmi: Sjómannafélagið í Reykjavík, Hafnarfirði og vestur á Patreksfirði, sem öll eiga menn á togurum, eiga sameiginlega í kaupdeilu, og þá geta öll þessi þrjú félög, ef þau óska þess, greitt sameiginlega atkv. án þess að sérstaða félaganna komi fram. Þetta er ein af breyt. í kaflanum um sáttasemjara, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að þetta verður talinn kostur á fyrirkomulaginu, þegar deilur yfirleitt eiga sér stað.

Þá er eitt í kaflanum um sáttasemjara, sem er nýmæli, og það er, að þegar á að reikna fjölda í einu félagi, þá er hægt að draga frá sjúka menn, sem ekki geta greitt atkv. á fundarstað, og fjarstadda menn, sem ekki myndu geta komið til greina. Við þetta aukast líkurnar fyrir því, að löglegar ákvarðanir verði teknar.

Nú hefir það verið fundið þessu frv. til foráttu, að það þyrfti að skapa einhvern vissan meiri hl. fyrir till. sáttasemjara. Ef minna en 20% taka þátt í atkvgr., þá er till. samþ. Þetta hefir verið gagnrýnt og vítt, en nú er því til að svara, að á Norðurlöndum er gengið miklu lengra um kröfu til þátttöku í atkvgr. en hér er ætlazt til. Við erum hér svo langt fjarri þeim reglum, sem gilda yfirleitt á Norðurlöndum, og ég minnist þess, að í frv. sjálfstæðismanna var þessi regla tekin upp óbreytt eins og hún er ströngust bæði í löggjöf Dana og Norðmanna. Hvað þýðir þetta? Ef deila er orðin það hörð, að sáttasemjari er yfirleitt kominn inn í málið og farinn að skipta sér af því til sátta, þá liggur það í hlutarins eðli, að það hlýtur að vera vöknuð almenn hreyfing meðal meðlimanna um að samþ. eða hafna því, sem fram kann að koma, — og eru þá miklar líkur til þess, að minna en 20% félaganna séu svo áhugalausir, að þeir taki ekki þátt í atkvgr.? Við skulum segja, að það væri 21%, og hvað þarf þá marga menn til að fella till.? Það eru 14 af 20 í 100 manna félagi, og að hér sé nokkur hætta á ferðinni fyrir verklýðsfélögin, það get ég ekki skilið. Öðru nær. Ég get ekki skilið, hvers vegna menn eru að búa til úlfalda úr mýflugunni, þó að svona lágmark sé sett, eins og hér er farið fram á.

Ég hirði ekki um að fara frekar út í kaflann um sáttasemjara, því að hann er að mörgu leyti mjög líkur því, sem nú gildir, að því undanskildu, sem ég nú hefi lýst. Ég hygg, að enginn neiti því, að l. frá 1925, um sáttasemjara, hafi gert sitt mikla gagn í okkar verklýðsbaráttu í landinu. Ég þykist tala hér af fullkominni reynslu, því að þó að menn séu í ýmsum tilfellum óánægðir yfir þeim till., sem sáttasemjari hefir borið fram, þá hefir hann þó með þátttöku sinni komið aðiljum til þess að tala saman og þannig komið í veg fyrir, að deilurnar rynnu út í sandinn, enda hefi ég ekki heyrt, að ákvæðin um sáttasemjara væru verulegur þyrnir í augum manna. En ég bendi á þetta. Ég minnist þess, að fyrst í stað voru raddir, sem töldu óþarft og óheppilegt að blanda því opinbera inn í þessar deilur, en nú hygg ég, að það séu fáir, sem segi, að sáttasemjari sé gagnslaus í þessum málum, og eins spái ég, að dómur verkalýðsins *í landinu* verði sá *einmitt um* þessa löggjöf, sem nú er í frumvarpsformi, að hún sé til gagns, en ekki til ógagns.

Um IV. kafla þessa frv. get ég verið frekar stuttorður, *því að hann fjallar um það, sem* kallað er félagsdómur og á, eins og stendur í 44. gr. að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á l. þessum og tjóni, sem orðið hefir *vegna ólögmætra vinnustöðvana*, svo og í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans, svo og í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu a. m. k. 3 af dómendunum því meðmæltir. Þetta er höfuðverkefni dómsins. Við komumst lítilsháttar inn á það við 1. umr. málsins, ég og hv. 1. landsk., hvaða þýðingu það hefði fyrir verkalýðinn að geta lagt í ýmsum tilfellum minni ágreining undir dóm, og ég tel það eitt af réttarbótunum, að slíkur dómur skuli vera settur á stofn til þess að skera úr slíkum ágreiningi, bæði fyrir einstaka verkamenn og verklýðsfélögin í heild. Þessi mál eru réttargjaldafrí. Það þarf ekki að kosta neinu til til þess að fá skorið úr þessum málum. Ég þykist hafa þar nokkra reynslu um, að því miður leggi menn niður kröfur, af því að það kostar stundum miklu meira að fara í mál út af þeim en það, sem hugsanlegt væri, að fengist með því að vinna málið, og þess vegna gefa menn oft þessar litlu kröfur eftir af ótta við, að það sé kannske í mörgum tilfellum svo dýrt að ná þessum kröfum, í öðrum tilfellum vafasamt, hvort þær náist. Nú er búið að tryggja það, að félagsdómur á tvímælalaust að skera úr um þessi efni.

Því hefir verið blandað saman við þennan félagsdóm, sem sumir hafa nefnt vinnudóm, og það hefir verið reynt að blása það út, að fé-

lagsdómur ætti að ákveða fólkinu kaup og kjör. Um þetta atriði er fyrst og fremst sú n., sem samdi þetta, og ég hygg þeir flokkar, sem að frv. standa, svo hjartanlega sammála, að það sé ekki hyggilegt eða heppilegt að láta dómstól eins og þennan dæma í hagsmunaágreiningi, um kaup og kjör. Og það merkilega í þessu er, að á Norðurlöndum hefir þetta verið reynt. Í Noregi hafði vinnudómstóll það hlutverk, að dæma kaup og kjör, og það skal játað, eins og hv. 1. landsk. minntist á, að verkamennirnir neituðu 1927 að beygja sig undir þennan dóm. En það merkilega fyrirbrigði skeði, að bæði atvinnurekendur og verkamenn í Noregi voru sammála um að fella það ákvæði niður úr l., að þessi dómstóll dæmdi í hagsmunaágreiningi. Á Norðurlöndum og þar, sem lýðræði ríkir, er yfirleitt sá skilningur, að þessir dómstólar eigi ekki að dæma í slíkum ágreiningi. Þær undantekningar, sem gerðar eru í þessu efni, eru sérstaks eðlis, því að eins og vitað er, hefir það komið fyrir bæði í Danmörku og í Noregi, og í okkar landi líka, að í vissum undantekningartilfellum hafi þótt heppilegt að leysa deilu með gerðardómi. — Ég geri þetta að umtalsefni af því, að það hefir verið reynt að læða því út til verkalýðsins, að þetta frv. til vinnulöggjafar hafi í sér fólgið það ákvæði, að það eigi að dæma fólkinu kaup og kjör, en það er það, sem verkamenn hér sem annarsstaðar eru andvígir. Ég skal geta þess, að jafnvel áður en þessir vinnudómstólar voru komnir á Norðurlöndum, var það farið að tíðkast, að félög og stéttarfélagasambönd hefðu það að samningsatriði, að gerðardómur skæri úr um það, hvað væri rétt eða rangt samkv. samningi. Þó hefir það verið talið til hagsbótaákvæða í samningi, að það þyrfti ekki að vera að slást um hvert smádeiluatriði, sem upp kæmi. Nú heyrir þetta allt undir gerðardóminn í Danmörku og undir félagsdóm hjá okkur.

Þá er annað, sem hér hefir verið gagnrýnt, og það er skipun dómsins. Og ég verð að lýsa því yfir fyrir mig persónulega, að þegar fleiri en einn eru um eitt mál, þá verða menn oft að bíjóta sig til samkomulags, og það samkomulag, sem fekkst, er eins og sjá má í frv. Það skal játað, að það er hæstiréttur, sem hefir oddaaðstöðuna, þar sem hann skipar tvo og tilnefnir þrjá, en ráðh. ryður tveimur af þeim. Það má segja, að hinir tveir, fulltrúi verkalýðsins og fulltrúi atvinnurekenda, verði nokkurskonar málflytjendur í dómnum. En þetta er ekki ólík skipun eins og er í Noregi, þar sem það er ríkisstj., sem skipar þrjá í dóminn, og býst ég við, að menn deili ekki svo mjög um, að það sé réttara, að það sé hæstiréttur, heldur en ríkisstj., sem tilnefni þrjá í dóminn. — Aðrar reglur, sem í þessum kafla felast, eru svo sérfræðilegs eðlis, að ég get ekki farið út í það sérstaklega, en hinsvegar má sjá það í grg. fyrir frv., hvað meint er með hverju einstöku atriði.

Ég tel, að ég hafi gert, eftir því sem efni standa til, grein fyrir aðalefni þessa frv., eins og það nú liggur fyrir. Og eins og ég marg oft hefi sagt, þá er ég með þá sannfæringu í hjarta mínu, að þar sem það er óumflýjanlegt ,að settar verði reglur hér á þessu landi um viðskipti atvinnurekenda og verkamanna, þá sé þetta frv. til vinnulöggjafar, sem hér er á ferðinni, svo gott og hagkvæmt fyrir verkalýðinn, að á tímum eins og þessum sé þess ekki að vænta, að hægt sé að fá betri löggjöf en þessa. Eins er mér það ljóst, að ef frv. eins og þetta væri felllt, þá yrði sett með fylgi meiri hl. þingsins miklu óhentugri löggjöf fyrir verkalýðinn, því að það er hægt að skapa þær reglur í þessum málum, sem eru til ófarnaðar og trafala fyrir þróun verkalýðsfélaganna, en þessi löggjöf gerir það ekki.

Ég skal að síðustu benda á það, að á Norðurlöndum, þar sem slík löggjöf hefir gilt um margra ára skeið og þar sem ákvörðunarréttur félaganna er að mörgu leyti þröngur, miðað við þessa löggjöf, hefir það sýnt sig, að þróun verkalýðshreyfingarinnar hefir verið hvað mest síðan þessi löggjöf kom. Við vitum, að verkalýðurinn er hvergi betur skipaður og þroskaðri í meðferð sinna mála en einmitt á Norðurlöndum, og ef verkalýðurinn þar hefir getað þroskazt þrátt fyrir þessa löggjöf, hversu miklar líkur eru þá til, að verkalýðurinn á Íslandi muni ekki geta unnið áfram í sama anda og hann hefir unnið og þroskazt á sama hátt og hann hefir gert á Norðurlöndum? Ég hygg, að þessi löggjöf verði einmitt nýtt vopn í höndum verkalýðsins til þess að skipuleggja sig betur en hann hefir nokkru sinni áður verið til þeirrar baráttu, sem hann verður að heyja í nútíð og framtíð.

*__Magnús Jónsson:__ Ég skal nú ekki fara að gera mig að neinum siðameistara um ræðuhöld manna hér í þinginu, en ég verð að segja, að mér finnst það ekki lýsa miklum klókindum, að meðhaldsmenn þessa frv., eins og hv. 3. landsk., skuli vera að halda hér langa og espandi ræðu um þetta mál. Málið er hér til 2. umr. á síðustu dögum þingsins, og væri því ekki nema eðlilegt, að það væri heldur, a. m. k. af meðhaldsmönnum þess, stuðlað að því, að málið fengi greiða afgreiðslu. Það er búið að ræða þetta mál í útvarpsumræðum, í blöðum og á fundum, og það hefir fengið langa og ýtarlega meðferð í hv. Nd., og virðist því ekki vera mikill greiði gerður með löngum umr. um það hér.

Ég skal geta þess, að ég er einnig fylgjandi löggjöf í þessa átt, en mun ekki fara að dæmi hv. 3. landsk. um að fara að halda langa ræðu um frv. Tilefni þess, að ég stend hér upp, er aðeins það, að í þessu stutta nál. frá allshn. er svo að orði komizt, að við, hv. samflokksmæðum minn í n. og ég, myndum flytja brtt. við þetta frv. Þetta hefir því miður orðazt fullákveðið. Við áskildum okkur rétt til þess að bera fram brtt. Við höfum ekki gert það við þessa umr., en munum að sjálfsögðu milli umr. taka ákvörðun um það, hvort við berum fram brtt. eða ekki.

Ég get sagt fyrir hönd okkar beggja, að við erum yfirleitt fylgjandi þeim brtt., sem bornar voru fram í hv. Nd., á þskj. 330, af þeim hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., hvort sem við tökum þær upp eða eitthvað af þeim eða ekki.

Ég skal ekki fara neitt út í ræðu hv. 3. landsk., þó að ég sé honum ekki sammála um allt, sem hann sagði um frv. Sjálfstæðismenn hafa, eins og kunnugt er, haft forgöngu um þessa löggjöf hér á Alþ., og þegar hann segir, að í frv. því, sem sjálfstæðismenn hafi borið fram, sé það strangasta í löggjöf Norðurlanda, þá eru það meðmæli með þeirra till., þar sem þeir hafa sniðið till. sínar eftir þeirri löggjöf, sem hefir reynzt vel á Norðurlöndum, eins og hann sjálfur hefir viðurkennt. Ég hygg, að fáum blandist hugur um, að löggjöf eins og þessi kemur að nokkru leyti smátt og smátt, en þegar við setjum okkar löggjöf, væri ekkert óeðlilegt, þó að við gætum hlaupið yfir einhver millistig og haft löggjöfina svona nokkurnveginn eins og hún er fullkomnust í okkar nágrannalöndum. En ég get sagt það, að mín einkaskoðun er sú, að einmitt löggjöf eins og þessi eigi að fara mjög hægt af stað. Ég get því fylgt þessu frv. óbreyttu, enda þótt ég teldi, að löggjöfin ætti að ýmsu leyti að vera öðruvísi. Hér er um nýmæli að ræða, og hugsunarhátturinn þarf að samlagast slíkri löggjöf. En það er enginn vafi á því, að þróunin verður í þá átt, að réttarþjóðfélag reyni að setja niður deilur eins og þessar með löggjafarfyrirkomulagi. Eftir þann áróður, sem beitt hefir verið í þessu máli, er mjög hyggilegt að fara hægt af stað, að stíga smáspor til að byrja með. Það er vitanlegt, að löggjöf eins og þessi verður að komast á með gagnkvæmu samkomulagi milli beztu og skynsömustu manna frá báðum aðiljum, til þess að hún verði til jafnmikils gagns fyrir báða og þjóðfélagið í heild sinni.

Ég skal ekki fara mikið út í ræðu hv. 3. landsk. Hann var með ýmsar dylgjur um það, að atvinnurekendur gengju með einhverja dulda kúgunarlöngun í garð verkamanna. Þetta eru nú bara leifar af gömlum áróðursanda. Það má náttúrlega alltaf gera mönnum upp hinar lökustu hvatir, en úr því að menn hafa nú komið sér saman um að reyna að beina þessum málum inn á sómasamlegri og heilbrigðari brautir, þá held ég, að það væri rétt, að menn byðu niður allar dylgjur í þessum efnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, því að við höfum sem sagt skrifað undir nál. án fyrirvara, en ég vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna við ekki bárum fram brtt. nú, og munum við taka það til athugunar fyrir 3. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkuð ýtarlega grein fyrir skoðun minni í þessu máli, og það, sem hv. 3. landsk. hefir nú sagt í sinni löngu ræðu til þess að skýra frv. út frá sínu sjónarmiði, og ennfremur til þess að andmæla minum skoðunum, var þannig vaxið, að í því kom í raun og veru ekkert nýtt fram.

Hv. 3. landsk. hefir nú í hinni þriðju löngu ræðu, sem hann hefir flutt hér í þessari hv. d., eingöngu talað um þá miklu kosti, sem hann telur, að í þessu frv. felist, og þær miklu og stóru réttarbætur, sem verkalýðnum séu tryggðar með því — að hans dómi. Það er svo að sjá sem þessum hv. þm. þyki mikið við þurfa, til þess að sannfæra hv. þdm. um það, hvað þetta frv. sé mikils virði fyrir verkalýðinn. En ég held nú satt að segja, að hann hefði getað sparað sér þessar löngu ræður, því að allir hv. þdm. hér — að undanteknum einum, sem er ég — eru algerlega sammála um, að þetta frv. sé ákaflega gott fyrir verkalýðinn, eða a. m. k. láta þeir svo. En ef hv. þm. hefir ætlað að sannfæra mig, þá skjátlast honum alveg, ef hann heldur, að þessar ræður hans hafi nokkur áhrif á mig.

Hv. 3. landsk. var enn að ræða mjög ýtarlega kaflann um réttindi og skyldur verkalýðsfélaganna, sem hann segir, að séu algert nýmæli og einhverjar stórkostlegustu réttarbætur, sem verkalýðurinn hafi fengið hér á þessu landi um langt skeið. Ég fór við 1. umr. ýtarlega út í þennan kafla og gagnrýndi þær óskaplegu „réttarbætur“, sem í honum felast. Og ég komst að þeirri niðurstöðu, að allur þessi kafli, eins og hann leggur sig, væri ekkert annað en „húmbúkk“, og ég færði fyrir því gild rök, sem standa ennþá óhögguð. — Hv. 3. landsk. sagði meðal annars, að í þessum kafla væri sú mikilvæga réttarbót, að atvinnurekendur mættu ekki gera sérsamninga við einstaka verkamenn, sem kæmu í bág við samninga stéttarfélags við atvinnurekendann og væru lakari en þeir. Ég hélt nú, að það lægi í hlutarins eðli, að slíkt væri samningsrof. Og svo er hv. þm. að tala um það, hve geysilegar réttarbætur það séu fyrir verkalýðinn, að það skuli standa í lögunum, að atvinnurekendur skuli ekki mega rjúfa samninga. Þetta sýnir nú fyrst og fremst það, hvernig þessi hv. þm. grípur eftir loftbólum, til þess að reyna að finna orðum sínum stað um þessar miklu réttarbætur, sem eiga að felast í þessu frv.

Nákvæmlega sama gildir um það, sem hv. 3. landsk. var að segja um trúnaðarmennina. Það er út af fyrir sig lítið með því fengið, þó að í lögunum standi, að verkalýðsfélög megi útnefna trúnaðarmenn, því að það geta þau án laganna. Það, sem fyrst og fremst skiptir máli, er, hvaða réttindi þeir fá, — og hvar eru þau í þessum lögum? Þau eru ekki til, nema þá ef nefna mætti þá brtt., sem samþ. var í hv. Nd., þar sem svo var ákveðið, að ef atvinnurekendur fækkuðu við sig verkamönnum, þá skyldu trúnaðarmenn að öðru jöfnu sitja fyrir með að halda vinnu. En þegar nánar er að gáð, er þetta engin fullnægjandi trygging fyrir trúnaðarmennina, síður en svo, vegna þess að þótt hér standi „að öðru jöfnu“, þá geta atvinnurekendur alltaf haldið því fram, á sama hátt og þeir eru vanir að gera, þegar þeir segja mönnum upp atvinnu, að það sé af öðrum „góðum og gildum ástæðum“. — Þetta læt ég nægja um þennan kafla laganna, því að ég get að öðru leyti vísað til þess, sem ég sagði við 1. umr. —

Þá ætla ég að nefna eitt atriði, sem hv. 3. landsk. taldi vera mikla réttarbót í frv., sem sé það, að sáttasemjari geti látið atkvgr. fara fram um till. sína á þann hátt, að aðeins nokkur hluti félagsins, þ. e. a. s. aðeins sá hluti félagsins, sem tilheyrir þeirri starfsgrein, sem till. fjallar um, greiði atkv. um till. Sáttasemjari getur líka samkvæmt þessum lögum ákveðið,

að það skuli fara fram atkvgr. samtímis í fleiri en einu félagi, ef þau eiga samtímis í deilum. M. ö. o., sáttasemjari getur ákveðið, hvernig atkvgr. skuli fara fram, hvað margir taki þátt í henni, og þannig hagað henni eins og hann telur mestar líkur til, að till. verði samþ. Og þetta telur hv. 3. landsk. réttarbætur! — Mér er kunnugt um, að einmitt þetta ákvæði hefir verið rætt í mörgum verkalýðsfélögum, og þau hafa öll verið þeirrar skoðunar, að hér sé ekki um réttarbót að ræða, heldur beinlínis réttarskerðingu og stórkostlega hættulegt ákvæði, þannig að hér er ekki einasta verið að telja til réttarbóta það, sem ekki eru annað en loftbólur, heldur er verið að búa til réttarbætur úr því, sem í raun og veru er réttarskerðing.

Mér þótti nú gaman að því, þegar hv. 3. landsk. sagði, að þetta frv. stæði til bóta. Það er nákvæmlega það sama og *sjálfstæðismenn segja* um þetta mál. Og hv. 1. þm. Reykv. endurtók þetta hér áðan og sagði, að frv. stæði til bóta, og hann sagðist vera hv. 3. landsk. sammála um það, að óheppilegt væri að fara harðara í sakirnar til að byrja með heldur en hér væri gert. Hann meinar, að það þurfi að gera ákvæði þessa frv. harðari eða verri heldur en þau eru gagnvart verkalýðnum, og þess vegna segir hann, að þetta sé gott út af fyrir sig og ekki beri að fara lengra í bili, og að þetta standi allt til bóta. Hér hefir hv. 1. þm. Reykv. áreiðanlega rétt að mæla frá sjónarmiði síns flokks. En hvaða líkur eru til þess, að „umbætur" verði gerðar á frv. og hvernig er líklegt, að þær verði? Við vitum nú það, að sjálfstæðismenn og hægri framsóknarmennirnir er alltaf að nálgast, og það virðist aðeins tímaspursmál, hvenær samvinna verður milli þeirra á Alþ. meiri en nú er, og jafnvel stjórnarsamvinna, og þá verður náttúrlega hægurinn hjá fyrir þessa tvo flokka, að gera „umbætur" á svona lögum, og hvernig haldið þið, að þær verði? Haldið þið, að þær verði til þess að auka réttindi verkalýðsfélaganna? Eða í þá átt, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um áðan? Það er svo sem vitanlegt, að það muni verða. En það, sem þessa flokka hefir vantað, til þess að koma slíkri vinnulöggjöf á, sem þeir óska eftir, er að geta fengið verkalýðsfélögin og þeirra samband til þess að sætta sig við svona löggjöf. Og hv. 3. landsk. er einmitt að hjálpa þeim til þess. Hann er að reyna að fá verkalýðshreyfinguna til þess að sætta sig við svona löggjöf, og þess vegna veit hv. 1. þm. Reykv., hvað hann er að segja, þegar hann talar um, að ekki sé heppilegt að ganga lengra heldur en gert er með þessu frv. En þegar verkalýðsfélögin svo eru búin að sætta sig við þessa löggjöf, þá er hægurinn hjá að herða á henni smátt og smátt, og eini möguleikinn til þess, að það verði ekki gert, er, að verkalýðsfélögin sýni það í reyndinni, að ekki sé hægt að framkvæma slíka löggjöf. Það er því nauðsynlegt, að verkalýðsfélögin geri hana að ónýtu pappírsgagni í framkvæmdinni, eins og við höfum dæmi frá annarsstaðar. —

Þegar hv. 3. landsk. var að reyna að verja þetta frv. sitt og félaga sinna, bæði við 1. umr. og eins nú, lét hann sem hefði hann hvorki heyrt né skilið neitt af því, sem ég hafði sagt. Hann hélt áfram að bera fram sín svo kölluðu mótrök, enda þótt ég hefði hrakið þau öll. Ein af fjarstæðum hv. þm. var m. a. sú, að „tugthúslögin" norsku frá 1927 hefðu verið afnumin vegna þess, að atvinnurekendur hefðu ekki viljað þau. En hvernig liggur nú í þessu máli? Atvinnurekendur í Noregi og fulltrúar þeirra á þingi komu sér saman um að setja þessi lög. Verkalýðsfélögin aftur á móti ákváðu að brjóta þau á bak aftur og hafa þau að engu. Og strax árið eftir hófu tugir þúsunda norskra verkamanna baráttu gegn lögunum undir kjörorðinu: „Tværs gennem Loven". Foringjar þessarar hreyfingar voru dæmdir til langvinnrar fangelsisvistar, jafnvel í hundraðatali, en verkamenn sigruðu í þessari deilu, eins og kunnugt er. Það voru lögbrjótarnir, sem í þessari deilu báru sigur úr býtum. Atvinnurekendur urðu að gera samninga við verkalýðsfélögin um betri kjör heldur en ákveðin voru í vinnudómnum. Og þar með voru lögin orðin að ónýtu pappírsgagni, og þá var ekkert annað eftir en að afnema þau.

Þessa reynslu höfum við ekki aðeins frá Noregi, heldur og frá fleiri löndum. Í Danmörku eru ólögleg verkföll stundum svo að segja daglegt brauð. Þegar ég var í Danmörku, voru t. d. hin ólöglegu verkföll oft aðalumræðuefni blaðanna. Og það er ekki nóg með það, að þau séu tíð þar, heldur hefir líka hvert á fætur öðru verið leitt til sigurs, og það er þetta, sem er ákaflega þýðingarmikið — ekki einungis fyrir verkalýðinn, heldur og þá þm., sem ætla sér að samþ. þessa löggjöf — að athuga vel. Það er skemmst að minnast sjómanna- og kyndaraverkfallsins 1934, sem var ólöglegt, þar sem það gekk á móti vinnulöggjöfinni dönsku. Hafnarverkamenn gerðu samúðarverkfall, og í Esbjerg var gert allsherjarverkfall, einnig í samúðarskyni. Árangurinn varð sá, að árið eftir fengu kyndarar með samningum ýmsar réttarbætur, sem sumpart ekki tíðkast annarsstaðar í Evrópu. Þeir fengu launahækkun, fæðispeninga, launuð sumarfrí og ókeypis vinnuföt.

En nú vil ég spyrja: Langar hv. þm. til þess, að ólögleg verkföll verði tíð, svo að segja daglegt brauð, hér á landi? Er rétt að sækja slíka fyrirmynd til nágrannalandanna? Og langar hv. þm. til þess, að heilar stéttir telji það siðferðislega skyldu sína að brjóta þau lög, sem Alþ. setur?

Nú var hv. 3. landsk. í síðustu ræðu sinni, og eins við 1. umr., að reyna að verja skyndiverkfallabannið, sem í þessum lögum felst. Þar sem hann talaði um 7 daga verkfallsfrestinn aðeins í sambandi við uppsögn samninga, þá kemur það ekki málinu við, vegna þess að um það var ekki verið að ræða, heldur hitt, að í lögunum er svo um hnútana búið, að skyndiverkföll eru í raun og veru bönnuð. Um hitt var alls ekki verið að ræða. Þess vegna gat hv. 3. landsk. sparað sér ómakið við að ræða um það, hvort rétt væri að hafa 7 daga fyrirvara, þegar aðeins er um að ræða uppsögn samninga. Það er nefnilega ekki hv. 3. landsk. né heldur sú mþn., sem hann átti sæti í, sem á að dæma um það, hvað eru t. d. kaup og kjör, heldur er það dómur, sem er þannig

skipaður, að trygging er fyrir því, að hann sé fjandsamlegur verðalýðnum. Hv. 3. landsk. fór þarna undan í flæmingi. Hann sagði m. a., að skyndiverkföll hjá einstökum atvinnurekendum um atriði, sem jafnvel væru samningsbundin, t. d. um greiðslu kaupgjalds, væru leyfð, vegna þess að það væri ekki vinnustöðvun, heldur það, sem kallað er á dönsku „Blokkade". Nú get ég upplýst hv. 3. landsk. um það, að atvinnustöðvun hjá einstökum atvinnurekendum heitir á íslenzku vinnustöðvun. Hvort þetta heitir Blokkade eða annað á dönsku, kemur ekki málinu við. Og ef hv. þm. heldur, að dómstóllinn verði verkamönnum svo vingjarnlegur, að hann dæmi þeim í vil þvert ofan í lögin, þá skjátlast honum alveg. Og þó að hv. þm. komi til þeirra í dómstólnum og segi: „Þetta er ekki vinnustöðvun, heldur heitir þetta Blokkade á dönsku", — þá skal ég segja honum það, að þeir taka ekkert mark á því. Þeir hafa slíka þýðingu hv. 3. landsk. að engu. Og það, hvað fyrir mþn. vakti, varðar dómstólinn ekkert um, heldur einungis þau lög, sem hún samdi, og eftir þeim verður dæmt.

Ekki fórst hv. 3. landsk. höndulegar, þegar hann var að reyna að verja bannið gegn pólitísku verkföllunum. Hann sagði m. a. í þessari ræðu sinni, að það væri löglegt að gera verkfall gegn gerðardómum, og hann bar þar fyrir sig hæstv. forsrh. En það, sem hæstv. forsrh. hefir sagt, er, að eins og íslenzk löggjöf er nú, séu engin viðurlög gegn vinnustöðvun þrátt fyrir þá gerðardóma, sem nú hafa verið settir af Alþ. En hv. þm. gleymdi því, að það er bara ekki búið að samþ. lögin um stéttarfélög og vinnudeilur ennþá, og samkvæmt þeim liggja allt að 10 þús. kr. sektir og ótakmarkaðar skaðabætur gegn því, að gera slík verkföll. Það er sem sé á tvennan hátt óleyfilegt að gera verkfall gegn gerðardómum samkvæmt þessum lögum. Í fyrsta lagi er það óleyfilegt á þann hátt, að það er verkfall gegn samningi, sem ekki er leyfilegt að gera samkvæmt þessum lögum. Úrskurður gerðardóms, sem skipaður er af Alþ., jafngildir löglega gerðum samningi. Þess vegna er það undir öllum kringumstæðum óleyfilegt og lögbrot að gera verkfall gegn slíkum gerðardómi. Í öðru lagi er verkfall gegn slíkum gerðardómi pólitískt verkfall, sem hefir þann tilgang að hindra framkvæmd l., sem sett hafa verið af Alþ., og varðar því refsiaðgerðum. Hinar barnalegu lagaflækjur hv. 3. landsk. yrðu að engu hafðar fyrir hvaða dómstóli sem væri. Það er einmitt þetta ákvæði um bann gegn pólitískum verkföllum og fyrirmæli l. þar um, sem eru á allt annan hátt en nú gildir, sem er það hættulegasta í frv., því að þar er opnuð leið ekki einungis til að takmarka verkfallsréttinn, heldur afnema hann með öllu.

Á þessu þingi hafa verið samþ. tvenn l. um gerðardóma í vinnudeilum, svo að það eru sýnilega farin að tíðkast hin breiðu spjótin. Eftir framkomu þm. Alþfl. að dæma, verður þess ekki langt að bíða, að þeir fari líka að vera með lögþvinguðum gerðardómum, enda hafa þeir byrjað á að greiða atkv. með slíkum. Þegar það verður meira og meira gert að reglu að samþ. l. um gerðardóma í einstökum tilfellum, og í hvert sinn er borin fyrir sig „þjóðarnauðsyn", liggur næst fyrir að gera vinnudóm að fastri stofnun í ríkinu. Gildandi vinnulöggjöf yrði þá rammi utan um aðra verri.

Að lokum vil ég drepa á tilraunir hv. 3. landsk. til að afsaka það hneyksli, að minni hl. skuli undir vissum kringumstæðum ráða yfir meiri hl., þ. e. a. s. þegar um till. frá sáttasemjara er að ræða. Hv. 3. landsk. reyndi að afsaka það með því m. a., að þetta gerði ekkert til fyrir hans félag. Mér skildist hann treysta á ákvæðið um, að þeir, sem ekki geta neytt atkvæðisréttar síns, teljist ekki atkvæðisbærir. Ég vil benda honum á, að sönnunarskyldan hvílir á honum um það, hverjir séu atkvæðisbærir og hverjir ekki og hversu margir geti ekki neytt réttar síns af þessum ástæðum. Ætli það stæði ekki í honum að leggja fram sönnunargögn um forföll fleiri hundruð félagsmanna?

Hv. þm. skildi ekki, af hverju ég væri að „gera úlfalda úr mýflugu" út af ákvæðinu í sambandi við till. sáttasemjara. Ég benti á, að undir vissum kringumstæðum gæti farið svo, að atkvæði sáttasemjara gilti meira en atkv. 300—400 félagsmanna í Dagsbrún t. d. Þetta finnst hv. 3. landsk. svo sjálfsagt, að hann kallar það að gera úlfalda úr mýflugu að minnast á það. Hann var líka að reyna að afsaka þetta með því, að það kæmi aldrei til greina. Þátttakendur væru svo margir. Þá vil ég spyrja: Af hverju er þá verið að setja slíkt ákvæði í l., ef það hefir engan tilgang? Nei, það sjá allir menn, að þetta er gert af því, að gert er ráð fyrir tilfellum eins og ég hefi nefnt. Þetta veit hv. þm. Ég get nefnt t. d. ákveðið ástand. Ég skal viðurkenna, að það er ekki sérlega oft, sem þátttakan er svona lítil. Það getur t. d. verið, að sé ónýt stj. í félagi, sem sé búin að draga svo mjög kjarkinn úr verkamönnum, að allur þorri þeirra álíti baráttuna vonlitla. Slík tilfelli eru til, og ég get nefnt hv. 3. landsk. mörg dæmi þess. Og þaraf leiðandi mundi vera fjöldi félagsmanna, sem ekki mundi skipta sér af atkvgr., þó að þeir væru ákveðnir **á móti** till. sáttasemjara.

Ég hefi með þessum fáu orðum gert alveg full skil öllu því, sem fram hefir komið í málinu, síðan ég talaði síðast, og get því látið þetta nægja í bili.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 14:1 atkv.
19.—37. gr. samþ. með 14:1 atkv.
38.—69. gr. samþ. með 11:1 atkv.
70.—71. gr. samþ. með 12:1 atkv.

Fyrirsagnir frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

43. Tollalækkun á nokkrum vörum.

Á 58. *fundi í Nd., 30. apríl*, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörum (þmfrv., A. 392).

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ólafur Thors): Þetta frv. er flutt af fjhn. Nd. samkv. beiðni frá stj. Það fer fram á heimild fjmrh. til handa um að mega lækka nokkuð innflutningsgjald af þeim vörum, sem nefndar eru í 1. gr. frv. Öllum hv. þm. eru kunnar ástæðurnar að þessu, og sé ég því ekki, að nein ástæða sé til að ræða málið frekar að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki taka að sér að biðja hv. þm. N.-Ísf. um að láta fara fram málhreinsun á þessu frv., áður en það kemur til 3. umr.

Forseti (JörB): Ég hefi ekkert á móti því að bera slíka ósk fram til hv. þm. um að vanda sem bezt málið, en þess er þá líka vænzt af hv. þm. Mýr., fyrst hann kom auga á, að málfarið á frv. þessu sé ekki eins gott og það mætti vera, að hann leggi sitt til að lagfæra það.

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 392).

Á 62. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 392, n. 499).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og getið er um í nál. fjhn. á þskj. 499, þá hefir n. kynnt sér þær ástæður, sem gera nauðsynlegt að samþ. þetta frv., en ekki þykir rétt að fara nánar út í það opinberlega. En þar sem þetta frv. er eingöngu um það, að lækka toll á nokkrum tilteknum vörutegundum, má gera ráð fyrir, að enginn hafi neitt á móti því, að það verði samþ. Það er einróma till. n., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 543).

44. Ellistyrktarsjóðir sveitar- og bæjarfélaga.

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild Söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans (þmfrv., A. 381).

Á 59. fundi í Nd., 2. maí. var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Frv. þetta er að nokkru leyti flutt að tilhlutun Söfnunarsjóðs Íslands.
Svo er mál með vexti, að ellistyrktarsjóðirnir hafa verið lagðir inn í aðaldeild sjóðsins. Samkv. l. sjálfum má ekki greiða úr aðaldeild sjóðsins nema helming vaxta. Nú var á síðasta þingi gerð sú breyt. á um ellistyrktarsjóðina, að skylt var

að greiða til sveintarsjóðanna alla vexti. En með því að það kemur í bága við l. Söfnunarsjóðs, þá álítur stjórn hans, að rétt sé að gefa þeim heimild til að fylgjast með l. í útborgunardeild sjóðsins og telur þá hentugast, að Tryggingarstofnun ríkisins taki við þeim. En með því að sjóðurinn hefir bundið allt þetta fé í lánum og skuldbindingum, getur hann ekki greitt þetta út, nema hann fái heimild til að greiða það í verðbréfum. Þetta hefir verið borið undir forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins, og hefir hann fyrir sitt leyti samþ. þetta, enda er hann meðflm. minn að þessu frv.

Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. sé að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 381, n. 440).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. (Bergur Jónsson)**: Eins og sjá má á grg., er hér um að ræða breyt. á l. til samræmis við tryggingarl. Þau, sem gengu í gildi í vetur. Þar er ákveðið, að fé ellistyrktarsjóðanna skuli flytjast til lífeyrissjóðs Íslands og ávaxtast þar. Nú er féð í söfnunarsjóði Íslands, og kemur það því í bága við 18. gr. söfnunarsjóðsl., ef féð er nú tekið út úr aðaldeildinni og flutt í útborgunardeildina, eins og frv. gerir ráð fyrir, en þetta er þó nauðsynlegt að gera, vegna ákvæða tryggingarl., og er í samræmi við þau l. Söfnunarsjóði er heimilt að greiða féð með tryggum skuldabréfum, svo sem í frv. getur. — Allshn. hefir lagt til, að frv. verði samþ. með einni þýðingarlítilli breyt. og lítils háttar niðurfellingu úr 1. gr.

ATKVGR.
Brtt. 440,1 (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 440,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 471, n. 506).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Eftir breyt., sem gerð var á l. um alþýðutryggingar, var svo ákveðið, að borga skuli út alla vexti af innstæðu ellistyrktarsjóða, en nú eru þeir geymdir í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, en eftir l. hans má aldrei borga út alla vexti af því, sem geymt er í aðaldeild. Þetta frv. er því lagaleiðrétting, til þess að hægt sé að framkvæma l. samkv. útborgun vaxta af ellistyrktarsjóðunum. Þetta frv. hefir verið samþ. í Nd. og hefir nú verið athugað í allshn. þessarar d. Leggur hún einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 545).

---

45. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (þmfrv., A. 272).

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Ég þykist vita, að allir hv. þdm. hafi þegar kynnt sér, eftir að frv. það, sem nú er til umr., á þskj. 272, kom fram, að það sé á fullum rökum byggt, að breyta a. m. k. í þessu eina tilliti ákvæðum hinna nýju l. um sveitarstjórnarkosningar. Þess er getið í grg., að það sé að vísu ekki fullljóst, hvort ætlazt hafi verið til þess, að reglan úr alþingiskosningalögunum gilti undir öllum kringumstæðum við sveitarstjórnarkosningar, en eins og hv. þm. vita, er á fleiri stöðum vitnað til alþingiskosningalaganna, svo að það myndi verða

talið líklegt, að það yrði að fylgja þeim í þessu tilfelli líka.

Ég og fleiri þm. vilja taka af öll tvímæli um þetta, og tilmæli um að taka þetta til athugunar hafa komið frá fleiri stöðum á landinu frá þeim aðiljum, sem eiga að hafa umsjón með þessum málum.

Ég á ekki von á því, að hv. þm. fari að andmæla þessu máli, ekki út frá neinum þeim forsendum, sem hafi við rök að styðjast, því að hver sem tilætlunin hefir verið með hinni nýju löggjöf um sveitarstjórnarkosningar, þá er það víst, að ekki gætir ennþá mikils flokkadráttar í þeim kosningum víða í héraði, og ég vona, að það haldi sér sem lengst, að til þess þyrfti ekki að koma. Þó að ekki hefði staðið svo á sem hér, hefði ég talið óþarft, að þeir, sem væru í kjörstjórn og fólkið vildi kjósa í sveitarstjórn, yrðu neyddir til að víkja sæti, en það er greinilegt, að það verður óhjákvæmilega að gera ráð fyrir því, að þeir þurfi ekki að víkja sæti, því að nú er svo komið, að með væntanlegum listakosningum verða mjög margir í kjöri, og gæti þá auðveldlega að því rekið, að eigi yrði ráð á nægilega mörgum hæfum mönnum til þess að annast kjörstjórnarstörf.

Ég þykist ekki þurfa að mæla frekar með þessari lagabreyt., en vænti þess, að henni verði það vel tekið, að hv. þm. og hæstv. forseti vildi annast um það, að málinu yrði flýtt hið mesta, svo að það næði fram að ganga á þessu þingi. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr., og ef vildi til hv. allshn., um leið og ég get þess, að ég tel enga þörf á, að það fari í n. Málið er það ljóst og sjálfsagt, að ég tel þess ekki þurfa, en mun þó ekki hafa á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 272, n. 441).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir athugað frv. og orðið ásátt um, að ástæða sé til að breyta sveitarstjórnarl. svo, að undantekning sé gerð frá ákvæðum alþingiskosningal. um, að þeir, sem eru í kjöri, megi ekki sitja í kjörstjórn. Hinsvegar vill n. ekki gefa mönnum of mikið undir fótinn með þetta, þannig að orðið geti að almennri reglu, að frambjóðendur sitji í kjörstjórnum. Vill n., að ekki sé gripið til slíks, nema sérstök þörf knýi til. Í samræmi við það leggur n. til, að gr. sé breytt þannig, að frambjóðendur megi aðeins eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsn.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Enda þótt ég geti ekki viðurkennt, að þörf sé á að ákveða í l. um sveitarstjórnarkosningar, að þeir, sem eru í framboði, megi ekki sitja í kjörstjórn, og teldi því óþarft það ákvæði, sem sett var um þetta í l., og enda þótt ég sé ekki viss um, að úr sé bætt að fullu með þessari brtt. hv. n. þeim vandkvæðum, sem hér koma til greina, vil ég þó sem 1. flm. málsins sætta mig við brtt., í von um, að þetta komi ekki að sök í framtíðinni. Þó er hér ekki enn þannig frá gengið, að útilokað sé, að menn geti komizt í nokkurn bobba með framboð og kjörstjórn í fólksfáum sveitum, þar sem þó er þörf á að halda uppi fullum lögskilum, að því er kosningar snertir, eins og í öðrum hreppum.

ATKVGR.
Brtt. 441 (ný 1. gr.) samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 472).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 472).

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 472, n. 507).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Árni Jónsson): Eins og kunnugt er, eiga sveitarstjórnarkosningar að fara fram í sveitum um land allt nú í vor, og má búast við, að víðast hvar noti sveitarfélögin þá heimild, sem nú er í l. um hlutfallskosningar í sveitarstjórnir. Af því leiðir, að búast má við, að fram komi allmargir listar og á hverjum lista verði a. m. k. 10 menn að meðaltali. Nú telja fróðir menn, að afleiðing þessa geti orðið sú, að hörgull verði á mönnum til að sitja í kjörstjórnum í hreppum. Þess vegna er þetta frv. fram komið, og er efni þess það, að undanskilja sveitarstjórnarkosningar frá þeim ákvæðum l. um alþingiskosningar, að frambjóðendur megi ekki sitja í kjörstjórn. Nd. gerði þá breyt. á frv., að nú er það þannig, að við kosningar í hreppum megi frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd. N. mælir með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

ATKVGR.
Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 546).

---

46. Hreppstjóralaun og aukatekjur m. fl.

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (þmfrv., 169).

Á 40. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Thor Thors):** Þetta frv. er samhljóða till. milliþn., sem starfaði í launamálum fyrir nokkrum árum. Þær till. voru lagðar fyrir Alþingi 1935, og launamálan., sem þá starfaði á þingi, mælti með því, að þær yrðu samþ. Málið náði þá ekki fram að ganga og var flutt af nýju 1936, og fór á sömu leið. Síðan hafa hreppstjórar víðsvegar af landinu skrifað þinginu og sótt um hækkun á launum sínum, enda eru þeirra launakjör langlélegust allra opinberra starfsmanna.

Hér er um smámál að ræða. Alls myndu þessar hækkanir, sem gert er ráð fyrir í frv., nema um 14000 kr. Þetta er ekki pólitískt mál, eins og sést á því, að það er flutt af mönnum úr öllum flokkum þingsins nema einum. Ég vænti þess, að málið fái góðar undirtektir, og að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Flm. (Thor Thors): Mér finnst að athuguðu máli, að frv. ætti frekar að fara til allshn. en fjhn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil þá taka upp till. hv. flm. um, að málinu verði vísað til fjhn.

Frv. vísað til fjhn. með 15:4 atkv.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 286, 299).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 299. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Fjhn., eða þeir þrír nm., sem mættir voru á fundi fjhn., þegar málið var tekið fyrir, mælir einróma með því, að frv. verði samþ. Þetta er í þriðja sinn, sem frv. kemur fyrir þingið. Það hefir dagað uppi tvö síðustu skiptin, og vonandi, að það verði ekki nú.

Launakjör hreppstjóra eru samkv. lögum frá 1917 og má nærri geta, að þessi tuttugu ára lög eru orðin úrelt. Hér er gengið eins skammt og frekast er unnt um launauppbætur. Má gera ráð fyrir, að heildarupphæð launanna hækki um einar 14 þús. kr. á ári, og skipt milli tvö hundruð hreppstjóra verða það ekki nema 70 kr. að meðaltali á hvern. Ég skil ekki hug þm. til þessara starfsmanna ríkisins þannig, að þeir sjái sér fært að ganga móti þessu. Ég hygg, að nokkrir séu hér, sem hafa allt að því 70 kr. fyrir hvern dag, sem þeir vinna, og þeir ættu ekki að sjá ofsjónum yfir þeirri viðbótarupphæð um árið til hreppstjóranna.

Þá er vitanlegt, að á ferðakostnaði verður að gera breytingu. Það er heldur hjáleitt, að hreppstjórar fái 25 aura kaup um tímann, meðan flestir aðrir hafa 1—2 kr. um tímann fyrir vinnu sína. Þetta er hækkað hér upp í 50 aura um tímann, og getur þó auðvitað eyðzt heill dagur í starf, sem gefur í hæsta lagi 3,50—5 kr. í aðra hönd.

Þá eru hér brtt. á þskj. 299, frá hv. þm. V.-Sk., og vil ég sem einn nm. mæla með þeim, enda virðast þær sjálfsagðar. Vottagjald hækkar samkv. till. hans úr 75 au. í 1 kr. til hvers votts fyrir klst. eða brot úr klst., sem réttarhald stendur yfir. Í öðru lagi leggur hann til, að lögin gangi í gildi 1. júní n. k., og ennfremur, að laun hreppstjóra greiðist samkvæmt þeim fyrir fardagaárið 1937—38. Þessu er ég fyrir mitt leyti alveg sammála.

Ég hirði svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vonast til þess, að hv. þdm. sjái sóma sinn í því að samþ. frv. Hér hafa legið frammi á lestrarsal áskoranir, m. a. af Fljótsdalshéraði og úr Dalasýslu, þar sem kveðið er sterkt að orði um nauðsyn málsins, og geta hv. þm. af þeim ráðið, hvort fært sé að greiða atkv. móti því.

Gísli Sveinsson: Ég á hér brtt. á þskj. 299. En þar sem hv. frsm. hefir tekið þeim svo vel og þær eru sjálfsagt mál — leiðrétting laganna og dýrtíðaruppbót hreppstjóranna verður ekki of mikil fyrir því —, þá fell ég frá frekari umr. um þessar brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 299,1 samþ. með 17:2 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 299,2 (ný 12. gr.) samþ. með 14:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 321).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv., og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, n. 501).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Með þessu frv. er gerð nokkur umbót á kjörum hreppstjóra og annara innheimtumanna þess opinbera. Það hefir verið gert nokkrum sinnum áður, að bæta með l. kjör hreppstjóra, og virðist alltaf hafa verið vinsælt mál. Í Nd. var frv. samþ. með miklu fylgi.

Það má að vísu segja, að hreppstjórastaðan er víðast þannig, að það er alls ekki neitt aðalstarf eða atvinna, heldur stunda þeir aðra atvinnu, sem er þá þeirra aðalatvinnuvegur, en hreppstjórastarfið er aukastarf, og þykir yfirleitt heiðursstarf í hverri sveit, sem ekki eru nein vandræði að fá menn í. Ég skal því játa, að þetta mál getur orkað nokkuð tvímælis, en þar sem verður að játa, að þau störf, sem frv. fjallar um, eru fremur illa borguð, samanborið við ýmisleg önnur opinber störf, sem greitt er fyrir, þótti fjhn. rétt að mæla með þessu frv. Hún hefir ekki borið fram brtt. við frv., heldur leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 547).

---

47. Lífeyrissjóður ljósmæðra.

Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um lífeyrissjóð ljósmæðra (þmfrv., A. 34).

Á 11. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta frv. er flutt fyrir tilmæli Ljósmæðrafélags Íslands og hefir áður verið flutt á þinginu 1933. Síðan hefir að vísu verið stofnaður almennur Lífeyrissjóður Íslands. En ljósmæðurnar kjósa nú engu síður að eiga sérstakan sjóð, sem veiti þeim nokkur réttindi fram yfir það, sem hinn almenni lífeyrissjóður gerir. Sérstaklega er þeim í mun að geta tryggt sér styrkinn fyrr. Þær eru margar búnar að láta af störfum löngu fyrr en þær fá rétt til almenns lífeyris. Og það er í rauninni líka í þágu þjóðfélagsins, að þær gegni ekki sínum störfum lengur en þær hafa þrek og hæfni til.

Sjóðurinn verður, samkv. frv., byggður upp af 10 þús. kr. árlegu framlagi úr ríkissjóði og iðgjöldum ljósmæðra, 4%, sem á að halda eftir af launum þeirra. Með þessu á að mega gera hvorttveggja, að greiða þeim ljósmæðrum, sem nú þegar njóta eftirlauna á fjárlögum, og að byggja upp lífeyrissjóð til að rísa undir þeim byrðum, sem frv. ætlar honum í framtíðinni.

Við flm. frv. berum ekki ábyrgð á útreikningum þess, en góður er að þeim nauturinn, þar sem er Brynjólfur Stefánsson tryggingafræðingur. Ég tel sjálfsagt, að nefnd láti athuga útreikningana. Og ef það kemur í ljós, að áætlanir frv. muni standast, hljóta menn að sjá, að hér er ekki kostnaðaraukinn til fyrirstöðu, því að eins og segir í niðurlagi grg. frv., greiðir ríkið nú fullar 10 þús. króna á fjárlögum til eftirlauna ljósmæðra. En það fé kemur miklu ójafnlegar niður en verða mundi, ef frv. verður að lögum.

Ég óska eftir, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 34, n. 186).

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Fjhn. hefir haft þetta mál til meðferðar og hefir lagt til, að á því verði gerðar lítilsháttar breytingar. Hafa þær brtt. verið orðaðar í samráði við flm. frv. og eru að öðru leyti gerðar í samráði við forstjóra tryggingarstofnunar ríkisins. Ég leyfi mér f. h. n. að mæla með því, að þær nái fram að ganga.

Vilmundur Jónsson: Ég vil þakka n. fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. og get lýst yfir því, að ég sem flm. felli mig eftir atvikum við breyt., sem stungið er upp á að gera. Ég get og lýst yfir f. h. stjórnar Ljósmæðrafélagsins, að ljósmæður fella sig einnig við þessar brtt. Þó verð ég að segja, að 4. brtt., við 12. gr., kann að orka tvímælis, sérstaklega með tilliti til þess, að það er ekki gerandi ráð fyrir því, að hún hafi mikla þýðingu til að tryggja afkomu sjóðsins; en það mun vera tilgangurinn. Hún er í

því fólgin að lengja biðtíma tryggingarinnar úr 10 árum í 15 ár, til þess að létta kvöðum á sjóðnum frá ljósmæðrum, sem hafa starfað stuttan tíma. En aðaltryggingin er fólgin í því, að hinar lögmætu ástæður séu fyrir hendi um að hætta starfi og komast á eftirlaun, en það eru sjúkdómur eða elli. Elli kemur naumast til greina fyrir ljósmæður, sem svo stuttan tíma hafa verið að starfi, og sjúkdómar, sem örorku valda, eru sem betur fer næsta fátíðir. En ég get hugsað, að nokkuð ósanngjarnt kunni að þykja, að ljósmæður, sem starfað hafa upp undir 15 ár, eigi enga kröfu á lífeyri úr þessum sjóði, þar sem aðeins yrði um það að ræða, að hætt væri starfi vegna sjúkdóms, og er þó bót í máli, að þá fá þær iðgjöld sín endurgreidd.

Ég geri ráð fyrir því, að þótt þetta verði nú samþ. svona í þetta sinn, þá komi fram kröfur um breyt. á þessu atriði síðar. En við því er ekkert að segja, og sætti ég mig við breyt. n. Hið sama gerir ljósmæðrastéttin. Mæli ég með því að frv. verði samþ. samkv. till. n.

Pétur Ottesen: Ég býst við, að það eigi að skilja þetta frv. þannig, að þegar til þess kemur að greiða eftirlaun úr sjóði þessum, sem mér skilst vera fyrst 1940, þá sé eftirlaunahæðin miðuð við starfsárafjölda og ekki annað. Ég hafði og skilið það svo, að með samþykkt þessa frv. féllu niður í fjárl. fjárveitingar til einstakra ljósmæðra og heyrðu þær þá algerlega undir ákvæði þessara l., og starfsárafjöldi lagður til grundvallar. En samkv. 9. gr. virðast þær ljósmæður, sem eftirlaun hafa á fjárl., eiga að fá áfram sömu upphæð úr ríkissjóði, sem þær hafa nú. Þetta virðist mér í fljótu bragði rekast á. Ef ég misskil þetta, veit ég, að hv. flm. leiðréttir mig. En þetta þarf að vera skýrt og ótvírætt. Mér er kunnugt, að fyrir fjhn. liggja umsóknir frá ljósmæðrum, sem þegar hafa látið af embætti og eru búnar að starfa mjög langt árabil. Mér skilst, að samkv. þessu frv. eigi þær einskis að vænta fyrr en á árinu 1940. Og til þess, að þær njóti þeirrar viðurkenningar og stuðnings, sem ljósmæður hafa notið undanfarið, virðist réttmætt að taka upp í fjárl. fyrir 1939 einhverja fjárveitingu til þeirra. Þær ljósmæður, sem samkv. 9. gr. geta ekki komizt undir ákvæði þessara l., en eru nú á fjárlögum, býst ég við, að beri nokkru minna úr býtum en ef þær kæmu undir þessi l., t. d. þær, sem lengst hafa starfað.

Vilmundur Jónsson: Ég held, að það sé alveg tvímælalaust, að allar ljósmæður, sem nú njóta persónulegs styrks á fjárl., komi undir ákvæði þessara væntanlegu laga, þannig að þær fái sömu eftirlaun greidd úr sjóðnum sem til þessa hafa fengizt greidd úr ríkissjóði. Sjóðurinn tekur því næst að sér að greiða þeim ljósmæðrum eftirlaun, sem, eftir að þessi l. ganga í gildi, hætta störfum af gildum ástæðum og hafa starfað nægilega lengi eftir ákvæðum l. Loks í 3. lagi geri ég ráð fyrir, að sjóðurinn verði að taka að sér að greiða þeim ljósmæðrum eftirlaun, sem til þessa hafa fengið greidd eftirlaun samkv. ákvæðum ljósmæðralaganna. En hinsvegar koma ekki til greina eftirlaunagreiðslur úr sjóðnum til þeirra ljósmæðra, sem þegar hafa látið af störfum eða láta af störfum, eftir að þessi l. ganga í gildi, og hafa engin eftirlaun fengið sér ákveðin, hvorki af sýslunefndum samkv. ljósmæðral. né á fjárlögum sem persónulegan styrk. Það má vera, að fyrir liggi umsóknir um eftirlaun frá ljósmæðrum, sem þannig stendur á fyrir, og að fleiri slíkar umsóknir munu berast á næstu árum. Ef þeim á að sinna, yrði að gera það sérstaklega með ákvæðum í fjárl., því að sjóðurinn er ekki miðaður við, að hann taki að sér slíkar kvaðir. Og það hygg ég, að hafi alls ekki verið athugað, hvað þær ljósmæður kunna að vera margar, sem þannig er ástatt um

Ég vil taka það fram, jafnvel þótt ég muni hafa getið þess við 1. umr., að þótt ég sé flm. að frv., ber ég ekki ábyrgð á útreikningum þeim, sem frv. byggist á. Ég hefi raunar nokkuð tortryggt þá, því að mér virðist ríkissjóður sleppa ótrúlega vel, ef hægt er að komast af með þessi útgjöld. Brynjólfur Stefánsson tryggingafræðingur hefir fyrir nokkrum árum reiknað þetta úr. Ég skaut því að fjhn., að nauðsyn bæri til að endurskoða þessa útreikninga, vegna þess að nokkuð er um liðið, og ráðlagði n. að snúa sér til tryggingarstofnunarinnar. Geri ég ráð fyrir, að þetta hafi verið gert, og séu útreikningarnir þar með staðfestir. En ef þetta er rétt, þá er samþykkt þessa frv. reglulegur búhnykkur fyrir ríkissjóð, þar sem gert er ráð fyrir, að hann borgi ekki meira en nú er borgað ljósmæðrum til eftirlauna þeirra samkv. fjárl., og um leið tryggi hann sig gegn þeim kröfum í framtíðinni, þótt nokkrar undantekningar kunni að verða vegna þeirra ljósmæðra, sem þegar hafa látið af starfi, eða láta af starfi áður en l. ganga í gildi, en engin eftirlaun hafa fengið sér ákveðin.

Bjarni Ásgeirsson: Það er ofurlítil skýring, sem ég vil biðja hv. þm. N.-Ísf. um. Mér skildist á honum, að nú ætti að tryggja með l. þessum, að ljósmæður, sem nú þegar hafa eftirlaun samkv. ákvæðum fjárl. eða samkv. ljósmæðralögunum, ættu að njóta eftirleiðis þess sama og þær hafa haft. Án þess að ég hafi þó farið nákvæmlega út í frv., virðist mér, að til þess að tryggja þetta þurfi að bæta í 9. gr. á eftir ákvæðinu „úr ríkissjóði“ þessum orðum: „eða samkvæmt ákvæðum ljósmæðralaga“. Ég vildi aðeins óska upplýsinga frá hv. þm. N.-Ísf. um þetta atriði.

Vilmundur Jónsson: Það má vera, að skilmerkilegra hefði verið að geta um það í þessum væntanlegu lögum, að með þeim væri ætlazt til, að lífeyrissjóður greiddi eftirlaun þeim ljósmæðrum, sem nú hafa eftirlaun samkv. ljósmæðralögum. En ljósmæðralögin sjálf taka þó, ef ég man rétt, öll tvímæli af um þetta, því að það stendur þar, að greiða skuli þar um rædd eftirlaun, þangað til sett hafa verið sérstök l. um lífeyrissjóð ljósmæðra. Verður það varla skilið á annan veg en þann, að þá taki lífeyrissjóður ljósmæðra við þeim greiðslum. En ef skilmerkilegra þykir að setja þetta í lögin, þá geri ég ráð fyrir, að fjhn. taki það til athugunar.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Út af útreikningum tryggingarstofnunar ríkisins vil ég geta þess, að frv. var sent henni til umsagnar 1933, og taldi forstöðumaður hennar þá vera mjög gætilega. Síðan frv. var endurskoðað, hefir tryggingarstofnunin enn haft það til athugunar. Það eina, sem ástæða gæti verið til að óttast, er, að ekki verði handbært fé fyrir hendi í sjóðnum fyrstu árin. En þess er að geta, að tekjur hans fyrstu árin eru 10000 kr. úr ríkissjóði og þar til iðgjöld lögskipaðra ljósmæðra, um 3850 kr., eða alls um 13850 kr. á ári. — Þar sem gert er ráð fyrir, að lífeyrissjóður ljósmæðra taki að sér að greiða eftirlaun ljósmæðra eftir núgildandi fjárlögum (persónufjárveitingar), sem munu nema 8300 kr., og auk þess hluta ríkissjóðs af eftirlaunum ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum, rúml. 2000 kr., eða samtals rúml. 10300 kr., ætti að verða afgangs handa ljósmæðrum, sem bætast við á eftirlaun, nálægt 3550 kr. Og hvort það nægir til að greiða þau eftirlaun, sem við bætast, fer eftir því, hvað margar ljósmæður láta af störfum á fyrstu árum sjóðsins. Þó er þess að gæta, að ekki er ætlazt til, að sjóðurinn taki til starfa fyrr en í fyrsta lagi 1. jan. 1940, og þá eiga að vera greidd inntökugjöld til sjóðsins fyrir 1938 og 1939. — Eftir því áliti tryggingarstofnunarinnar, sem hér liggur fyrir, að dæma, ætti ekki að vera þörf á að taka fram, að lífeyrissjóðurinn eigi að taka að sér þennan hluta af tryggingarsjóði ljósmæðra, sem áður hefir verið greiddur úr ríkissjóði.

Vilmundur Jónsson: Ég held það hafi ekki verið alveg rétt skilið hjá hv. þm. Ísaf., að lífeyrissjóðurinn taki að sér hl. ríkissjóðs af þeim eftirlaunum, sem nú hafa verið ákveðin með ljósmæðralögunum. Sjóðurinn verður að taka að sér allar eftirlaunagreiðslurnar samkv. reglum þessara laga. Hvað mikið það er, veit ég ekki, en ég geri ráð fyrir, að þeir, sem hafa reiknað þetta allt saman út, hafi athugað það.

***Frsm. (Finnur Jónson):** Hv. þm. N.-Ísf. segir, að sjóðurinn taki að sér eftirlaunagreiðslurnar sem heild, en þar sem ráða má annað af orðalagi tryggingarstofnunarinnar, þyrfti að taka þetta nánar fram í frv.

Pétur Ottesen: Ég býst við, að það sé full ástæða til að athuga ákvæði 9. greinar fyrir 3. umr. með tilliti til þeirra ljósmæðra, sem nú þegar hafa látið af störfum eða gera það fyrir 1. jan. 1940, og ekki hafa verið teknar upp á fjárlög með einhvern sérstakan styrk þar. Ég vænti þess að mega eiga samvinnu við hv. 1. flm. um að athuga þetta fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 186,1 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 186,2 (8. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 186,3 samþ. með 14:6 atkv.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—11. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 186,4 samþ. með 17:2 atkv.
12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
13.—19. gr. (verða 12.—18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 230).

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég minntist á það við 2. umr. þessa máls hér í d., að eftir því sem 8. gr. frv. var þá túlkuð af hv. þm. N.-Ísf., þá myndi réttara að bæta nýjum málslið við hana. Enn hefir engin brtt. komið fram um þetta, og því hefi ég leyft mér að koma hér fram með skrifl. brtt. um, að á eftir orðunum „ákvæðum í fjárlögum“ í síðasta málslið gr. komi: „eða samkv. ákvörðun ljósmæðralaga“.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 243) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 243 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 244).
Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 244, n. 498).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Fjhn. hefir haft þetta mál til athugunar á nokkrum fundum og einnig fengið umsögn um það frá tryggingarstofnun ríkisins. N. hefir farið allýtarlega yfir frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem bornar eru fram á þskj. 498.

Þar er fyrst brtt. við 2. gr. — Hún hefir misprentazt og stendur „við 1. gr.“, og má lagfæra það með skrifl. brtt., ef hæstv. forseti telur það rétt. — Þessi brtt. er hækkun á framlagi til sjóðsins, úr 10 þús. kr. í 15 þús. Í frv. er tekið fram, að ljósmæður, sem nú fá sérstakan styrk á fjárlögum, eigi að fá hann framvegis úr sjóðnum. Nú hefir hv. fjvn. tekið nokkru fleiri ljósmæður upp í fjárlög, og vegna þess verður sjóðurinn að fá auknar tekjur, svo að hann biði ekki halla af.

Þá er brtt. við 8. gr., um breytt orðalag, til þess að slá því alveg föstu, hvernig þessi eftirlaun skulu veitt, og einnig því, að ljósmæður, sem fá eftirlaun samkv. fjárlögum úr sjóðnum,

fái þó ekki hærri upphæð en þeim bæri samkv. 10.—13. gr. frv., „miðað við núverandi launakjör ljósmæðra". Síðustu orðin eru til að tryggja rétt þeirra, sem nú eru kallaðar „júbil-ljósmæður".

Loks er bætt við 18. gr. því nauðsynlega ákvæði, að 5. gr. ljósmæðralaga frá 1933 falli niður, því að annars mundu lögin rekast á, þegar þetta frv. hefir verið samþ.

Um þetta þarf ekki fleiri orð. N. mælir með því, að frv. fái hér skjóta afgreiðslu, þar sem það á eftir að koma aftur fyrir hv. Nd. og stuttur tími til þess, að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 527) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 527 samþ. án atkvgr.

— 498,1, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 498,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

9.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 498,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 528).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 554).

---

48. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 37. fundi í Nd. 31. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins (þmfrv., A. 158).

Á 39. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 292).

*Frsm. (**Finnur Jónsson**): Ég get ekki orðið algerlega sammála hv. 6. þm. Reykv. og öðrum hv. samnm. mínum. Ég er samþykkur því, að bæði þessi ákvæði, sem hér ræðir um í frv., séu sett inn í lögin. En auk þess vildi bæði ég og hann setja inn ýmis önnur ákvæði, sem samkomulags varð ekki auðið um með okkur. Á hinn bóginn leggur meiri hl. til, að 2. gr. frv. falli niður. Ég get ekki fallizt á það, því að ég tel það mjög mikils virði fyrir verksmiðjurnar, að ríkið standi í ábyrgð fyrir skuldbindingum þeirra, og engu síður fyrir sjómenn og útgerðarmenn. Síldveiðin byggist að mjög miklu leyti á verksmiðjunum. Ef rekstur þeirra stöðvast fyrir óhöpp eitthvert árið og fyrir það, að missir ríkisábyrgðarinnar rýrir lánstraust þeirra, er ekki aðeins hagur sjálfra verksmiðjanna í hættu, heldur útgerðin öll í voða.

Nú hefir verið rætt talsvert um það opinberlega að taka ætti upp þann sið, að greiða aðeins 85% af síldarverði við móttöku, en afganginn, ef nokkur yrði, einhvern tíma seinna. Ríkisábyrgðin er afnumin um leið, og má gera ráð fyrir, að útvegun rekstrarfjár verði þá þeim mun erfiðari, að verksmiðjurnar geti ekki greitt síldina að fullu við afhendingu. Af því geta hlotizt mikil vandræði fyrir útgerðarmenn og sjómenn og verksmiðjurnar, eins og flestum er nú orðið ljóst. Með því móti er hætta á, að þær nái ekki tilgangi sínum. Verksmiðjustjórnin talaði á sínum tíma við stjórn Landsbankans um þessi mál. Landsbankastjórnin lét í ljós, að vitanlega breytti það mjög miklu um möguleika verksmiðjanna til að fá rekstrarfé, að ríkið ábyrgðist það ekki.

Um það atriði að kjósa varamenn í verksmiðjustjórnina, jafnmarga og aðalmenn, er sjútvn. öll sammála og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 292 (2. gr. falli niður) samþ. með 14:7 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 328).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55 fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., var frv. tekið til 2. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á. 67. fundi í Ed., 7. maí., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 328, n. 445).

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál hefir legið fyrir sjútvn., eins og sjá má á þskj. 445, og meiri hl. n., ég og hv. 2. þm. S-M, gerum það að till. okkar, að frv. verði samþ. Afstaða þriðja mannsins í n., hv. þm. Vestm., er að miklu leyti enn ekki ljós. Hann hefir ekki skilað minni hluta áliti, en mun sennilega, eins og fram mun koma í ræðu hans um málið, vera á móti því. Hinsvegar lítum við meiri hl. svo á, að það geti verið nauðsynlegt, að verksmiðjustjórnin, sem eins og kunnugt er hefir stjórn yfir allvíðtækum og stórum atvinnurekstri, sé skipuð varamönnum. Rökin fyrir því eru þau í fyrsta lagi, að það er ávallt hugsanlegt, að einn eða fleiri menn úr stj. geti forfallazt frá störfum um lengri eða skemmri tíma, og einnig getur það komið fyrir, að einhver maður úr stj. deyi á tímabilinu á milli þinga, og í l. er þá ekki gert ráð fyrir því, að stj. sé fullskipuð. Hinsvegar getur það verið sérstaklega þýðingarmikið á ýmsum tímum, að stj. sé ávallt skipuð 5 mönnum, ekki síst fyrir það, þegar sú skipun er nú á orðin, að stj. er skipuð eftir pólitiskum flokkum, og þess vegna myndi hver flokkur að sjálfsögðu óska þess, að eiga ávallt sinn fulltrúa í stj. eins og þessari.

Það mun mega leita allvíða dæma um það, að stjórnir, sem minna veltur á en þessari stj., séu skipaðar varamönnum. En þetta hefir ekki verið gert. Hygg ég, að það sé meira af því, að menn hafa ekki athugað nauðsynina á þessu, heldur en hinu, að menn séu í raun og veru andvígir þeirri stefnu, að varamenn séu til staðar, þegar þörf krefur.

Ég læt bíða að svara þeim rökum, sem fram kunna að koma gegn þessu, þar til ég heyri þau, en ég hygg, að það sé erfitt að færa sönnur á, að slík skipun eins og hér er farið fram á sé ekki nauðsynleg. Hv. Nd. hefir litið svo á, að hér væri fullkomin nauðsyn fyrir hendi, og vænti ég, að hv. Ed. geti litið svipað á það mál.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa þessi orð mín fleiri, en vænti, að till. okkar meiri hl. geti náð samþykki í d.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Ég hefi ekki getað orðið samferða samnm. mínum í þessu máli. Ég skal að vísu kannast við það, að ef það hefði verið regla, að varamenn væru í stjórnum, þá væri þessi regla sjálfsögð. Á hinn bóginn lít ég þannig á, að það geti haft bæði kosti og ókosti í för með sér við stjórn fyrirtækja eins og síldarbræðslna ríkisins, að eiga það á hættu, að menn sem eru lítt kunnugir venjulegum gangi mála, hafi þar sem varamenn e. t. v. úrslita atkvæði um þýðingarmikil atriði viðvíkjandi rekstrinum eða öðru, sem stofnununum við kemur, en sú hætta er ávallt fyrir hendi, þegar varamenn í stj. fyrirtækja verð skyndilega að grípa inn í störf hinna svokölluðu aðalmanna.

Í l. um síldarbræðslur ríkisins hefir frá öndverðu verið fylgt þeirri reglu, að hafa ekki varamenn. Ég hefi átt tal við þá, sem eru í stj., um þetta fyrirkomulagsatriði, og mér hefir verið sagt, sem ég reyndar vissi áður, að þó að stjórnarnefndarmenn væru ekki staddir á Siglufirði eða öðrum þeim stað, þar sem ákvarðanir stj. væru gerðar, þá væri jafnan leitað álits þeirra, jafnvel þó að þeir væru erlendis.

Hér til kemur og, að með þeirri breyt., sem gerð var á yfirstjórn verksmiðjanna á síðasta þingi, var, ef ég man rétt, lagt meira vald í hendur framkvæmdarstjórans en áður hafði verið, og tel ég það vera heppilegt fyrirkomulag, svo fremi að framkvæmdarstjórinn sé heppilega valinn. Verksmiðjurnar eru eins og hver önnur viðskiptastofnun, og þar er í raun og veru ekki heppilegt, að atkv. mjög margra og jafnvel mismunandi kunnugra manna komi til um ákvarðanir, ef hæf forstaða er að öðru leyti. Hinsvegar skal ég ekki gera þetta að deilumáli. Ég vildi aðeins færa fram þær ástæður fyrir því, að ég hefði ekki álitið þörf á að breyta nú l. enn á ný og gera ráð fyrir, að varamenn væru hafðir við þessa yfirstjórn, sem þeir ekki hafa verið við áður.

Ég er sjálfur í stj. eins fyrirtækis, sem er ekki ósvipað þessu, nema langtum minna að öllu leyti, og þar eru allir stjórnarnefndarmenn á staðnum og varamenn líka. Þar er gert ráð fyrir því, að hafa varamenn. Ég hefi frá öndverðu séð þann galla, sem á því getur verið, að varamenn komi í stað aðalmanna, þann galla sem þeir eiga hægt með að gera sér grein fyrir, sem setið hafa í bæjarstjórn. Okkur, sem eru þarna í stjórn, var það ljóst frá öndverðu, að það gæti verið slæmt, að varamenn gripu inn í störf okkar, og því höfum við haft það fyrir reglu, að varamenn sætu alla stjórnarfundi. En þetta er aðeins hægt þar, sem varamenn og aðalmenn búa á sama stað. Ég segi aðeins frá þessu, en ég segi þetta til þess að sýna fram á, að það geti verið óheppilegt, að varamenn komi í stað aðalmanna, sem fjarstaddir eru.

En svo eru aðrar hliðar á þessu máli, sem hv. frsm. benti á, og það eru hin pólitísku yfirráð yfir síldarverksmiðjunum, en ég vil þar til segja einasta það, að það væri óskandi, að verksmiðjurnar yrðu reknar sem mest án tillits til pólitískra yfirráða, reknar eins og hver önnur heilbrigð stofnun, sem er rekin frá viðskiptalegu sjónarmiði.

***Jónas Jónsson:** Ég vildi segja fáein orð um þetta mál, þó að það sé að miklu leyti í sömu átt eins og hv. þm. Vestm. hefir tekið fram.

Ég hygg, að það sé ekki erfitt að færa rök fyrir því, að þessi till., sem hér er komin fram, sé ekki aðeins óþörf, heldur skaðleg, og hún sé komin fram, af því, að flm. hafi ekki áttað sig fyllilega á eðli málsins. Það, sem í mínum augum gerir þessa till. algera fjarstæðu, er, að hér er um framkvæmdastjórn að ræða. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins er að lögum öðruvísi en stjórnir eru venjulega í hlutafélögum og samvinnufélögum. Það má segja, að eins og nú standa sakir, séu 6 framkvæmdastjórar í síldarbræðslum ríkisins. Ég gæti vel sætt mig við það,

að stj. í síldarverksmiðjunum hefði minna að segja, og hefi reynt að halda því fram, að það væri betra fyrir fyrirtækið að hafa þetta eins og gerist í öðrum kaupsýslufyrirtækjum, að það sé ekki stöðugt verið að blanda sér í starf framkvæmdastjórans af hálfu stj.

Ég hefði gaman af að sjá, hvernig þeim, sem kunnugir eru í Eyjafirði, litist á, ef svona ástand væri í stjórn eins mikils fyrirtækis og Kaupfélag Eyfirðinga er. Fyrst væri framkvæmdarstjóri, sem hefði lítið vald, en öll sala og kaup væru afgerð með atkvgr. 5 stjórnarnefndarmanna, og svo ekki nóg með það, heldur væri á bak við þá aðrir 5 menn, sem alltaf væri hægt að kalla inn til þess að afgera t. d., hvort skipið Snæland ætti að fara til Englands eða Þýzkalands þennan og þennan túr. Ég efast ekki um, að hv. þm. Ísaf., sem hefir verið í þessari stj., en ekki mörgum öðrum stj., hafi ekki áttað sig á þessu, að síldarbræðslur ríkisins eru með allt öðru fyrirkomulagi en gerist í öðrum slíkum fyrirtækjum, að það er stjórnarnefndin, sem ræður þar svo að segja hverri einustu sölu og ræður öllum framkvæmdum. Það er ekki hægt að hringla með hana, og eftir frv., eins og það liggur fyrir, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnarnefndarmenn óski eftir því einhvern daginn að taka sér sumarfrí og setji varamenn í staðinn fyrir sig. Ef þetta er ekki léttúð, þá veit ég ekki, hvað léttúð er. Ég vil segja, að það er búið að sýna nógu mikla léttúð í sambandi við síldarverksm. ríkisins, sem er byggð á vanþekkingu á því, hvernig þessu fyrirtæki er fyrir komið.

Ég vil taka annað dæmi, sem sýnir, hvernig menn, sem hafa ábyrgðartilfinningu, líta á svona fyrirtæki. Ég vil taka Lndsbankann. Þar eru 3 bankastjórar, sem hafa miklu meira vald en þessi eina framkvæmdarstjórn, sem er fyrir síldarbræðslurnar. Þar að auki eru þar 5 manna bankaráð, og hafa þeir varamenn. Það er misskilningur, ef hv. þdm. halda, að þar sé verið að hringla svo að segja annan hvern dag með varamenn. Þeir eru aldrei kallaðir þar inn, af því að þótt vald þessara manna sé miklu minna tiltölulega en síldarverksmiðjustjórnarinnar á Siglufirði, þá þykir samt sem áður svo háskalegt að koma þar glundroða inn, að það er aldrei gert. T. d. er formaður bankaráðsins Jón Árnason, oftast erlendis heilan mánuð á hverju ári, og samt er alls ekki kallaður maður inn í hans stað. Ég er búinn að vera þarna svo árum skiptir og veit varla, hvað minn varamaður heitir. Ég fullyrði, að í þessari stofnun mundi það þykja fullkomin goðgá að fara fram á það, sem gert er í þessu frv.

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta. Ég hefi komið með rök, sem ég hefi gaman af að heyra, hvort meðmælendur þessa frv. geta hnekkt. Ef þeir geta það ekki, en koma samt fram frv., hafa þeir aðeins ánægjuna af að hafa komið fram röngu máli með röngum rökum, og ég ann þeim þeirrar gleði.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. þm. Vestm. gerði frá sínu sjónarmiði nokkra tilraun til þess að sýna fram á galla þessa frv., þó að það hinsvegar skini í gegnum orð hans, að hann yrði að játa, að rökin fyrir málinu væru kannske ekki jafnótraust og hann vildi vera láta. Hann komst ekki svo mjög mikið inn á það, að rökstyðja, að frv. hefði galla í för með sér, en benti m. a. á, að þar sem framkvæmdarstjórnin hefði nú meira vald en áður, þá væri það ekki eins aðkallandi og áður, að stjórnin væri fullskipuð. Hann benti einnig á, að hliðstæð stofnun eins og síldarútvegsnefnd hefði nú haft varamenn, og mér skildist á hans ræðu, að það hefði ekki komið í bága við framkvæmdir í þeirri stofnun, þá sjaldan varamenn hefðu verið kallaðir þar inn.

Hann vildi telja galla á varamannafyrirkomulaginu. Ég hygg, að erfitt sé að koma í veg fyrir, að það fyrirkomulag verði notað. Hér á Alþingi hefir meira að segja verið tekin upp sú regla, að viss hluti þm. hafi varamenn, ef þeir af lögmætum ástæðum geta ekki mætt til sinna starfa hér, og hefi ég ekki orðið var við, að það kæmi neitt í bága við þingstörfin. En burtséð frá þessu, vildi hv. þm. ekki hrekja það, að þau atvik gætu komið fyrir, að einn nm. forfallaðist, svo að verksmiðjustjórnin væri skipuð þeim mun færri mönnum, sem slík forföll væru viðtækari. Hann gat ekki neitað því, og kom í raun og veru inn á það, að l. væru ekki fullnægjandi um það, að þeir flokkar, sem ættu fulltrúa í verksmiðjustjórninni og misstu þá af einhverjum ástæðum, gætu alls ekki sett menn í staðinn. Hv. þm. verður að játa, að fyrir þessu er illa séð í l., og þess vegna verður hann í öðru orðinu að viðurkenna, að nauðsynlegt sé að hafa varamenn.

Þá eru það örfá orð til hv. þm. S.-Þ., sem ég átti sízt von á, að risi hér upp gegn þessu frv., en hann var miklu berari og ákveðnari í ræðu sinni en hv. þm. Vestm., og að því er mér skildist með enn þá minni skilningi á því, hvað hér er um að ræða. Hann sagði, að till. væri óþörf og skaðleg. Ég hefi reynt að sýna fram á, að hún er ekki óþörf, því að, eins og ég lauslega drap á, þá eru allir menn dauðlegir. Það geta dáið 1—2 menn úr stjórnarnefnd verksmiðjanna og kannske fleiri. Samkvæmt l. er ekki heimilt að skipa menn í þeirra stað, og þá verður allt þetta fyrirtæki að hvíla á herðum þeirra, sem eftir eru í verksmiðjustjórninni, og svo framkvæmdarstjóranum. Það þarf ekki einu sinni dauða til. Við skulum hugsa okkur, að einn nm. verði að liggja á sjúkrahúsi, t. d. annar sjálfstæðismaðurinn. Nú á Framsfl. þarna 2 menn, Sjálfstfl. 2 og Alþfl. einn. Gerum ráð fyrir, að verksmiðjustjórnin ætti að gera ýmsar meiri háttar ákvarðanir. Þá gæti mikið oltið á því, að ekki mætti kom varamaður til að greiða atkv. í staðinn fyrir þennan mann, sem kannske lægi dauðvona á sjúkrahúsi, en væri flokkslega séð mjög þýðingarmikill.

Það var helzt að heyra á hv. þm., að hann gerði ráð fyrir, að varamenn ættu að geta komið inn undir öllum hugsanlegum kringumstæðum, jafnvel ef aðalmenn færu í sumarfrí. Okkur, sem meðmæltir eru frv., dettur ekki slíkt í hug, að varamaður eigi að koma inn, þótt aðalmaður fari til útlanda svo sem mánaðartíma eða jafnvel í sumarfrí, svo að þessi fjarstæða er ekki

þess verð að ræða hana. Ég hefi hugsað mér, að varamaður komi því aðeins inn, að aðalmaður sé það forfallaður, að hann geti ekki mætt um ófyrirsjáanlegan tíma.

Þá vitnaði hv. þm. í bankaráð Landsbankans. Hann sagðist ekki hafa vitað neinn af varamönnunum þar kvaddan til starfa og sagðist jafnvel ekki þekkja sinn varamann. Það vill svo til, að síðan bankaráðið varð til, hafa meðlimir þess yfirleitt lifað þann tíma, sem þeir hafa átt að gegna þar störfum. En ég vil beina þeirri spurningu til þessa hv. þm., sem á sæti í bankaráðinu, hvað yrði, ef hann dæi, — mundi þá ekki hans varamaður koma í hans stað í bankaráðið? Ég býst við, að hann svari því játandi, sem eðlilegt er. Framsfl. mundi ekki vilja missa sitt atkv. úr bankaráðinu við það, að hv. þm. S.-Þ. dæi, og þar kemur greinilega í ljós, að það er kostur að eiga varamann.

Hv. þm. sagði, að ekki væri sambærilegt bankaráð Landsbankans og stjórn verksmiðjanna.Þó að ég hafi ekki kynnt mér starf bankaráðsins, þá hygg ég þó, að það sé svo þýðingarmikið, að á bankaráðinu hvíli kannske ekki miklu minna en á verksmiðjustjórninni, nema síður sé. Þar eru ef til vill teknar hinar meiri og stærri ákvarðanir um það, hvort lána skuli til stærri fyrirtækja það, sem þau krefjast eða biðja um. Það kemur kannske til bankaráðsins að ákveða, hversu mikið fé verksmiðjurnar skuli fá á hverjum tíma. Það er því engin ástæða fyrir hv. þm. að gera lítið úr því, hvað undir bankaráðið heyrir. Hann hefir sjálfur lagt mikið kapp á að komast þar inn til þess að geta ráðið þar því, sem hann vill ráða.

Hér er ekki um neina léttúð að ræða, heldur að skapa öryggi fyrir, að stj. verksmiðjanna geti á öllum tíma verið fullskipuð. Ég geri ráð fyrir, að hver flokkur hafi þá ábyrgðartilfinningu, að hann reyni einnig að vanda til varamanna sinna. Það er misskilningur, að hér sé verið að búa til einhverja „statista“, sem eigi að koma til, hvenær sem aðalmanni passar ekki að greiða atkv. Slík hugsun liggur alls ekki á bak við þetta frv. Ég skal játa, að síldarverksmiðjurnar eru svo þýðingarmikið fyrirtæki, að nauðsynlegt er að vanda þar til stjórnarnefndarmanna, bæði aðalmanna og eins varamanna, ef þeir eru. En sé nauðsynlegt að vanda þar til allra manna, þá er nauðsynlegt, að stjórnin sé á hverjum tíma fullmönnuð. Hér er því alls ekki um léttúð að ræða. En um þá léttúð, sem hv. þm. var að dylgja um, að hefði verið sýnd í þessu fyrirtæki undanfarin ár, skal ég ekki ræða; ég vil ekki hleypa þeirri ólgu í þetta mál, sem slík ummæli gefa tilefni til, en það mætti kannske sýna fram á það, að hv. þm. S.-Þ. hefði ekki sýnt minnstu léttúðina í þessu máli.

Ég heyrði, þrátt fyrir ræðu þessa hv. þm., ekki koma fram nein frambærileg rök gegn þessu máli. Það er aðeins tilhneiging hans til að vera á móti þessari skipun á stjórn verksmiðjanna, sem gerir það að verkum, að hann berst svo mjög á móti þessu frv.

*__Jónas Jónsson:__ Ég ætla að bæta við einni röksemd enn til þess að gleðja þennan hv. þm. og til þess að sýna honum enn betur fánýti þessara svokölluðu röksemda hans. Það dæmi er frá hans eigin flokki, frá þeim manni, sem hann hefir stutt sem ráðh. nú til skamms tíma. Hjá honum hefir nú í vetur komið fram sú skoðun, að varamenn væru ekki jafngildir og aðalmenn. Þetta er ekki aðeins skoðun hans, heldur hefir það einnig komið fram í verki. Ef þessi skoðun hv. þm. Seyðf. er rétt, að fá þurfi dómsúrskurð um það, hvort sú atkvgr., sem varamaður tekur þátt í, sé fullgild, þá er það nokkuð óþægilegt. Það eru varamenn í tryggingarráði landsins samkvæmt l. frá í vetur, og var ég þar varamaður fyrir flokksbróður minn, hv. 2. þm. Rang. Í forföllum hans mætti ég í tryggingarráði og tók þar þátt í störfum með 2 mönnum öðrum, sjálfstæðisflokksmanni og alþýðuflokksmanni. Við gerðum þar nokkrar ákvarðanir, sem voru eftir l. alveg eins bindandi og nokkuð getur verið. En þegar kemur til ráðh., heldur hann því fram, að ekki sé löglegur sá meiri hl., sem ég hafi skapað með öðrum nm., af því að ég sé varamaður. Og hann lét ekki sitja við þetta, heldur breytti hann í bága við samþykktir tryggingarráðs, byggt á því, að atkvgr. hafi verið ólögleg, þar sem varamaður hafi greitt atkv. Og þegar rætt er um þetta í þinginu, segir hann, að þetta sé svo vafasamt, að það yrði að leggja það undir dómstól, og nú hygg ég, að eftirmaður hans, núverandi hæstv. atvmrh., sé í þann veginn að vísa til dómstólanna þessari framkvæmd fyrirrennara síns til þess að fá skorið úr því á þann eina hátt, sem hv. þm. Seyðf. gat sætt sig við, hvort varamannsatkv. væri gilt eða ekki. Ég vona, að þetta hafi áhrif á hv. síðasta ræðumann og flokksbræður hans, því að það mundi áreiðanlega ekki styrkja það mál, sem þeir berjast fyrir, ef það þyrfti hæstaréttardóm um ákvörðun viðvíkjandi hverri einustu sölu, sem er gerð með atkv. þeirra varamanna, sem hv. þm. er að berjast fyrir. En ef það er þannig að varamenn hafi gildi eins og aðrir menn, þá verður það kannske til þess, að þessi hv. ræðumaður skilur, að hans flokksbræðrum séu mislagðar hendur, þegar þeir eru að braska við þetta varamannaskipulag, því að ef það er rétt, að varamenn séu fullgildir, þegar þeir koma inn, þá hefir hans fyrrv. húsbóndi haft á meira en lítið skökku að standa, og hver segir, að Alþfl. hafi á réttara að standa nú en þegar hann verður að leita til dómstólanna í öðru tilfelli um það, hvort varamenn séu gildir eða ekki.

En svo að ég komi að hinu, þá tókst hv. þm. ekki, sem varla var heldur von, að hrekja það, sem var aðalatriðið í minni ræðu, en það er eðli þessarar verksmiðjustjórnar. Hún er framkvæmdarstjórn, en hefir ekki þau vinnubrögð, sem stjórnarnefndir annars hafa. Ég tók sem dæmi það fyrirtæki, sem hæstv. forseti þessarar d. er formaður fyrir, sem er Kaupfélag Eyfirðinga. Hann er búsettur ekki langt frá Akureyri, og meðstjórnendur hans fjórir eru ekki heldur búsettir langt frá. Þar er fyrirkomulagið eins og gerist og venja er í fyrirtækjum, að stjórnin kemur saman og tekur ákvarðanir um almenna hluti, en blandar sér aldrei inn í einstakar sölur, eins og gert er í síldarverksmiðjunum. Það

getur verið, að framkvæmdastjórinn spyrji formanninn eða stjórnina í vissum tilfellum, hvort eigi að gera þetta eða hitt, en allar þær daglegu fjárhagsframkvæmdir sér framkvæmdarstjórinn um. Við síldarbræðslurnar á Siglufirði eru aftur á móti 6 menn, sjálfur framkvæmdarstjórinn og svo 5 manna stjórnarnefnd, svo að það væri enginn lífsháski, þó að einn þeirra yrði veikur af kvefi vikutíma eða því um líkt.

Í þessu, sem ég hefi nú sýnt fram á, er einmitt fólgin sú eyðileggjandi röksemd fyrir þennan hv. þm. Það, sem hér er um að ræða, er jafnmikil fjarstæða eins og að hafa varabankastjóra í bönkunum eða vararáðherra. Það gæti fljótt á litið verið þægilegt, ef ráðh. þyrfti að sigla, að hafa vararáðh., sem gegndi störfunum í forföllum hans, en það er aldrei gert hjá neinni þjóð. Það gæti líka sýnzt þægilegt að hafa varabankastjóra, en það er aldrei gert, því að það er of vitlaust til þess, að mönnum hafi hugkvæmzt það, nema kannske þeim hv. þm., sem standa að þessu frv.

Við getum tekið stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem heldur fund tvisvar til þrisvar á ári. Heldur hv. þm., að SÍS færi á höfuðið fyrir það, þó að stjórnarnefndarmennirnir séu þar ekki daglega. Þeir eru þar alls ekki; það er framkvæmdarstjórinn, sem gerir hlutina, allt það sem daglega þarf að ákveða. Stjórnin tekur aðeins þær almennu ákvarðanir, en sér ekki um sölu á vörunum, eins og verksmiðjustjórnin á Siglufirði.

Í stuttu máli, það sem eðlilegast væri að gera, væri að vísa þessu frv. frá með dagskrá, sem væri byggð á því, að á meðan þjóðfélagið sæi ekki ástæðu til að hafa vararáðh. eða varabankastjóra, væri ekki heldur ástæða til að hafa varaframkvæmdarstjórn við svona fyrirtæki, og væri því tekið fyrir næsta mál á dagskrá. En ég álít, að þetta mál eigi að lifa og deyja á því, hvort menn vilja gera þarna vitleysu eða ekki. Ég hefi ekki hirt um að „agítera“ í þessu máli, og það getur vel verið, að hv. þm. sé búinn að afla sér liðskosts til að koma þessu máli fram, en rökin eru öll á móti honum, meðan hann getur ekki sýnt fram á, að rétt væri að hafa varabankastjóra, þegar bankastjórarnir færi í sumarfrí, eða vararáðh., þegar ráðh. væri í burtu, getur hann ekki komið með nein frambærileg rök fyrir þessu frv., vegna þess að síldarverksmiðjustjórnin er framkvæmdarstjórn og hefir allt öðruvísi starf en stjórnir annara fyrirtækja. Það má segja, að hægt sé að rökstyðja það málfræðilega, því að í báðum tilfellunum heitir það stjórn, en alls ekki raunverulega, af því að þessari stjórn er með l. ákveðið allt annað hlutverk en öðrum stjórnum.

Hv. þm. var að gefa þá skýringu, að ekki væri meiningin, að varamaður kæmi til, nema aðalmaður væri forfallaður svo mánuðum skipti. Ef málinu hefði verið sýnd sú alvara, að taka það fram í frv., þá hefði þó mátt segja, að það hefði þó verið tilraun til að fá botn undir málið, en það er ekkert gert, og það sýnir, hvað gersamlega vanhugsað frv. er. Eftir frv. þarf ekki annað en að aðalmaður fari úr bænum einn dag, þá getur varamaður gengið inn í hans stað.

Ég vil einnig taka það fram, að því síður er ástæða til að fara að hringla í þessum l., þar sem lítur út fyrir, að nú sé loks skapaður friður um þessi fyrirtæki eftir margra ára ósamkomulag og ólag, deilur og hneykslismál, sem náði hámarki sínu, þegar óþroskaður maður, sem þá var framkvæmdarstjóri og þessi hv. þm. er ábyrgur fyrir, fór að gera tilraun með kælingu á síld, undir þeim kringumstæðum, sem aldrei höfðu áður þekkzt, setti fastar í það 200 þús. kr. af fé verksmiðjanna og varð svo að flýja til annars lands, því að honum varð ekki vært á Siglufirði, af því að menn hlógu svo mikið að honum. Þegar menn voru lausir við þennan mann og þetta ósamkomulag, og loks var komin stjórn, þar sem gamlir andstæðingar vinna saman og líta ekki á gamlar erjur, heldur það, hvað fyrirtækinu kemur vel, þá kemur sá flokkur með þetta, sem borið hefir aðalábyrgðina á ástandinu á Siglufirði, a. m. k. í tvö ár, og hefir þar svo herfilega sögu að segja, að það er ekki nema hálfsögð sagan enn, og ríkið er ekki búið að bíta úr nálinni með þau axarsköft, sem leitt hefir af framkomu Alþfl. þar síðustu missiri. Það er hart, að þessir sömu menn skuli þykjast vera þess umkomnir, að koma fram með svokallaðar umbætur á löggjöfinni um þessar verksmiðjur, þegar kominn er framkvæmdarstjóri, sem vinnur að öðru en að auglýsa sig sjálfan í útvarpinu tvisvar í viku, þegar hann er að ofbjóða vélunum. Þegar komin er starfhæf stjórn og starfhæfur framkvæmdarstjóri, þá koma hinir sömu menn, sem hafa þessa fortíð og ætla að breyta þessu af athugaleysi, því að ég þykist vita, að hv. síðasta ræðumanni og hv. flm. sé það ekki ljóst, að þeir eru að reyna að koma þarna á upplausnarskipulagi, sem ekki er hægt að réttlæta í skjóli neinnar þekkingar um fyrirtæki með sambærilegu sniði. Meðan hv. þm. sýnir ekki fram á, að fjármálaheimurinn hafi tekið upp á því að hafa varabankastjóra, eða hafðir séu vararáðh., þegar hinir eiginlegu ráðh. eru ekki við, þá stendur það fast, að það, sem hann ætlast til hér, er undantekning, er hugsunarvilla, því að eftir hans kokkabók er ekkert því til fyrirstöðu, að milljónasala á landsins kostnað sé framkvæmd af augnabliksmeirihluta, sem myndast af því, að nýr maður kemur inn í stjórnina, sem ekki er kunnugur málavöxtum.

Þótt ég meti Alþfl. á margan hátt, þá met ég hans forstöðu í síldarmálunum eins lítið og forstöðu flokksins í vinnudeilum undanfarna daga og mánuði, þar sem hann hefir hjálpað kommúnistum, eftir því sem hann hefir getað, til þess að halda við vinnuófriði, svo að atvinnan í landinu geti ekki borgað sig. Hv. þm. veit, að það hafa hvergi komið fréttir um batnandi verð, en það hafa komið fréttir um það, að síldin væri í helmingi minna verði en í fyrra. Flokksblöð hv. þm. standa samt fullt og fast með því, að það eigi að hækka kaupið á Siglufirði hjá þeim, sem eru þar bezt settir, þótt það verði, til þess að gera slíkt, að taka af sjómönnunum, sem ekki voru of vel settir áður. Ég vil segja hv. þm. það, að stjórn Alþfl. á síldarbræðslunum á Norðfirði og Seyðisfirði gerir mig ekki fúsari til að ganga inn á nýjungar í skipulagi,

sem er á móti allri reynslu, sem maður veit um. Hv. þm. á eftir að gera grein fyrir þrónni á Siglufirði, sem Gísli Halldórsson lét byggja á ábyrgð Alþfl. Hann á líka eftir að gera grein fyrir 113 þús. kr. tapi á síldarverksmiðjunni á Seyðisfirði. Þegar ríkið var búið að leggja stórfé til þessa bæjar af fátækt sinni, þá var hafið þar verkfall af Alþfl., svo að útkoman var sú, að skilið var við þetta fyrirtæki með 113 þús. kr. tapi og algerðu gjaldþroti á fyrirtækinu.

Hv. þm. má skilja, að það er fullkomin alvara í þessu, að það verður að gera það upp, hvort forstaða Alþfl., eins og hún hefir verið undanfarin ár á síldarbræðslunum, eigi að halda áfram eða það eigi að verða stefnubreyting í þeim efnum.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég ætlaði ekki að blanda mér í þetta mál, en ég get ekki komizt hjá því út af ummælum hjá hv. síðasta ræðumanni.

Um eðli málsins er það að segja, að það er vitanlega sjálfsagt að samþ. þessa gr. frv. Það er viðurkennd regla, að í svipuðum fyrirtækjum og þessum eru hafðir varamenn, sem gripa má til, þegar um löng forföll er að ræða. Ég vil benda á l. um síldarútvegsnefnd, sem hv. þm. mun hafa verið með í að samþ., en þar er ákveðið, að það skuli vera jafnmargir varamenn og aðalmenn n. Síldarútvegsnefnd hefir sömu störf og verksmiðjustjórnin, en þar er aðeins um minna fjármagn að ræða. En það er nákvæmlega sama starfssvið, sem hún hefir. Hún sér um sölu og innkaup, eins og verksmiðjustjórnin. Ef það er ekki rétt að hafa varamenn í verksmiðjustjórninni, þá er það ekki heldur rétt í síldarútvegsnefnd. Hv. þm. er kominn í mótsögn við sjálfan sig, að samþ. þau l., en vera svo á móti þessu sjálfsagða atriði hér. Annars er ég viss um, að ef hv. þm. byggist við því, að formaður stjórnar síldarverksmiðja ríkisins forfallaðist, þá myndi hann ekki vilja una við, að þann mann vantaði, ef hann trúir eins mikið á þann mann og hann vill vera láta.

Hv. þm. var að tala um léttúð í þessu máli og hina miklu léttúð, sem hefði verið kringum síldarverksmiðjur ríkisins. Stærri léttúð og meira ábyrgðarleysi var breytingin á síldarverksmiðjulögunum á síðastl. hausti, þegar hv. þm. með aðstoð sjálfstæðimanna gerði ráðstafanir til þess að draga þetta fyrirtæki út úr starfsfriðnum og inn í eilífar pólitískar erjur, þar sem sá maður er kominn inn í stjórnina, sem nú er orðinn formaður hennar í krafti þess sambands, sem hv. þm. gerði við sjálfstæðismenn.

Mér finnst mjög óviðeigandi, sérstaklega af þessum hv. þm., að vera hér á hinu háa Alþ. að draga inn í þessar umr. mann, sem starfað hefir hjá þessu fyrirtæki, en hefir ekki tækifæri til þess að svara fyrir sig hér, og er ekki heldur hér á landi, svo að hann getur ekki svarað fyrir sig á öðrum vettvangi.Það sýnir innræti þessa hv. þm., að hann skuli ekki geta setið á sér að sletta þessum manni inn í umr. um þetta mál. Hann var að tala um tilraunir, sem Gísli Halldórsson hefði gert með að frysta síld. Hann fór um þær háðulegum orðum. Veit ekki þessi hv. þm., að þær tilraunir, sem gerðar voru með að frysta síld, gáfu svo góðan árangur, að ef verksmiðjustjórnin hefði skilið sitt hlutverk og sá framkvæmdarstjóri, sem þar er nú, þá hefði verið sjálfsagt að halda þeim áfram. Hv. þm. var að tala um, að sú óstjórn, sem hefði verið á þessu tvö síðustu árin, væri að kenna Alþfl. og ætti að skrifa á hans ábyrgð. Ég skal vera hv. þm. þakklátur fyrir það traust, sem hann ber til Alþfl., því að það er sannanlegt, að rekstur verksmiðjanna hefir aldrei farið eins vel úr hendi og síðastl. tvö ár. Þá var borgað hærra síldarverð til sjómanna en nokkru sinni áður. Það má geta þess, að þetta er oftraust á Alþfl., vegna þess að hinn ágæti pólitíski samherji hv. þm., Þorsteinn M. Jónsson, var í verksmiðjustjórninni, og var hann sammála fulltrúum Alþfl. um allt, sem gert var, enda sýndi hann fram á í málgagni þessa hv. þm., hvaða firrur það voru, sem framkvæmdarstjóri þessa hv. þm. var með, þegar hann var að deila við fyrrv. verksmiðjustjórn um þessi mál.

Ég skal svo láta útrætt um þetta. Hv. þm. sagði, að allir á Siglufirði væru að hlægja að Gísla Halldórssyni og því, sem hann hefði þar gert. En það er annar maður, sem ekki er hlegið að, heldur kennt í brjósti um. Það er maður, sem einu sinni var hugsjónamaður, en hefir nú hlaupizt frá þeim og yfir til Íhaldsins. Það er ekki hlegið að honum, heldur er kennt í brjósti um hann. Ég býst við, að hv. þdm. og hv. þm. S.-Þ. viti, hvaða maður það er, ef þeir líta yfir hina pólitísku sögu síðustu ára.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég þarf ekki miklu að svara þeim aths., sem komu fram hjá hv. 3. landsk. gagnvart minni afstöðu til þessa máls. Samt sem áður virðist mér rétt að benda á það, að því fleiri menn, sem eru í stjórn sem varamenn eða aðalmenn við svona fyrirtæki eins og síldarverksmiðjurnar eru, þá dreifist alltaf ábyrgðartilfinningin. En þar geta komið fyrir hlutir, sem þurfa að vera þannig gerðir, að sem fæstir standi undir ábyrgðinni af þeim, bæði sölur og annað. Ég vil á engan hátt veikja stjórn síldarverksmiðjanna, hv. þm. má ekki skilja mig þannig. Ég vil líka benda á, að við sjálfstæðismenn höfum ekki á neinn hátt beitt okkur fyrir því. Þessi dæmi, sem ég nefndi voru úr Vestmannaeyjum, en ég átti ekki við síldarútvegsnefndina, eins og hv. þm. hélt, enda eru nm. í þeirri nefnd alls ekki búsettir allir á sama stað.

Það er náttúrlega hverju orði sannara, að það geta allir dáið, orðið veikir eða forfallazt á einhvern hátt, og þá einnig þeir stjórnarnefndarmenn, sem hér um ræðir. En samkvæmt l. er þinginu ætlað að kjósa nm., og þess vegna koma þau forföll, sem ég nefndi, ekki að neinni sök þann tíma, sem þing situr. Ég vil í því sambandi benda hv. þm. á, að dæmi eru þess, að ráðh., honum allskyldur í skoðunum, hefir sýnt það, að honum hefir ekki orðið skotaskuld úr því að búa til stjórn við síldarverksmiðjur ríkisins utan við setu Alþ. Ég vil ekki taka við neinum ásökunum um það, að ég vilji veikja þessa stofnun eða sýna ábyrgðarleysi gagnvart henni,

sízt af öllu frá þeim flokki, sem staðið hefir að stjórn síldarverksmiðja ríkisins, þegar tveir flokksbræður hv. 3. landsk. voru látnir dagana eftir þingslitin segja sig úr verksmiðjustjórninni, og það var svo notað til að senda heim aðra menn úr stjórninni, sem ekki voru alþýðuflokksmenn, og skipa aðra í þeirra stað. Þetta dæmi er þess eðlis, að það er vont fyrir þá, sem standa að því verki, að saka mig eða aðra menn, sem voru þessu óviðkomandi, um ábyrgðarleysi í garð ríkisverksmiðjanna.

Það dæmi, sem hv. þm. S.-Þ. nefndi um skoðun fyrrv. atvmrh. á löglegum afskiptum varamanna, sýnir það, að ef slík skoðun væri fyrir hendi hjá ráðh., sem hefði yfirstjórn síldarverksmiðjanna, þá gæti úr því orðið ákaflega kyndugur viðskiptamórall. Nú er það vitað, að þessar verksmiðjur fást ekki við að útnefna menn í stjórnir sjúkrasamlaga, heldur að framleiða vöru og selja hana. Við skulum hugsa okkur, að verksmiðjustjórnarfundur, þar sem mættir væru einn eða tveir varamenn, ákvæði, að selja stórt magn af síldarolíu eða fiskimjöli, en svo kæmi það í ljós, að salan væri óheppileg, þá væri eftir þeim hugsanagangi, sem ríkti hjá fyrrv. atvmrh. um gildi varamanna ef til vill hægt að segja, að þessi sala væri ólögleg. Hvaða afleiðingar slíkur mórall hjá ráðh. gæti haft á aðstöðu verksmiðjanna, þarf ekki að lýsa. Það yrði ákaflega leið aðstaða.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Ég hafði ekki hugsað mér að gera úr þessu neitt kappsmál eða hitamál, eins og sýnir sig á því, að ég hefi ekki sett fram neitt sérstakt nál., heldur talið nægilegt að segja, að ég væri málinu ekki fylgjandi. Þetta er ekki stórt mál í sjálfu sér, þótt það geti verið mjög mikið stórmál í „prinsippinu", hvort þingið stefnir að því að dreifa ábyrgðinni á því, sem fram fer í ríkisverksmiðjunum eða ekki.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég skal reyna að lengja ekki mál mitt meira en nauðsyn krefur. Mér skildist, að hv. þm. S.-Þ. væri dálítið úrillur í dag, og það er því kannske ekki rétt að fara út í gamlar væringar nema það allra nauðsynlegasta í þessu viðkvæma máli hans. Hann vildi sannfæra mig um skaðsemi varamanna með því dæmi, sem hann tilfærði hér um varamannssæti hans í tryggingarráði. Hann sagði, að fyrrv. atvmrh., flokksbróðir minn, hefði gert það ónýtt, sem hann sem varamaður hefði komið til leiðar. (JJ: Hann ætlaði að gera það ónýtt). Það má vel vera, að þar hafi komið fram einhverjir ókostir á varamanninum. Ég efast ekki um, að hv. þm. S.-Þ. hefir verið að vinna þar einhver skaðsemdarverk, fyrst fyrrv. atvmrh. sá ástæðu til að reyna að koma í veg fyrir þau verk. Var ekki farið svo að í því tilfelli, að gengið var fram hjá aðalmanninum og hann ekki boðaður til fundarins? Það hefir því varla verið um það að ræða, að aðalmaðurinn gæti ekki mætt, heldur hefir varamaðurinn hér troðið sér inn. Mér hefir aldrei dottið það í hug, að varamaður noti aðstöðu sína til þess að bola út aðalmanni til þess að koma fram ákveðnum skaðsemdarverkum í ákveðnu máli. Hann var að vitna í kaupfélögin og sagði, að stjórnirnar þar þyrftu ekki að vinna svipuð verk og hann áleit, að ríkisverksmiðjustjórnin þyrfti að gera. Ég hefi nú ekki lög og reglur kaupfélaganna fyrir framan mig, en ég hygg, að flestar stjórnirnar þar hafi varamenn. En ég man ekki, hvernig það er í S. Í. S., en það er líka nokkuð annars eðlis. Það er hliðstæða við Alþ. og ríkisstj., því að fulltrúarnir koma þar fram sem þingmenn. Stjórnin er þar eins og ráðh. milli þinga.

Ég hefi aldrei látið mér detta í hug að blanda þessu saman við bankastjóra og ráðh. Það er framkvæmdarstjóri við verksmiðjurnar, sem er hliðstæður við bankastjóra og ráðh. Ég hefi ekki gert till. hér um varaframkvæmdarstjóra. Þessi rökstuðningur hjá hv. þm. er því ekki réttur. Það vita allir, að verksmiðjustjórnin ræður miklu um starfrækslu verksmiðjanna, svo sem fyrir hvað hún selur afurðirnar og hvað hún gefur fyrir síldina og ýmislegt fleira. Það er ekki þar með sagt, að stjórnin vinni að öllum framkvæmdaratriðum, eins og bankastjórar gera og ráðh., sem starfa í stjórnarráði Íslands fyrir landsins hönd. Ég vísa þessari tilraun til rökfærslu af hálfu hv. þm. í þessu máli alveg heim aftur til föðurhúsanna.

Öðrum atriðum, sem hann reyndi að blanda saman við þetta mál, snertandi fyrri framkvæmdir í rekstri verksmiðjanna, ætla ég að ganga fram hjá, af því hv. 11. landsk. gerði því máli nokkur skil, enda eru það gamlar lummur, því að svo oft er búið að deila um þetta í þinginu, og ég hefi ekki séð hv. þm. S.-Þ. ríða feitum hesti út úr þeim umr., enda hefir hann ekki haft rökin á sína hlið.

Hann vitnaði í Seyðisfjarðarverksmiðjuna og vildi skella sökinni á Alþfl. og sérstaklega atvmrh. á því, hvernig rekstur þeirrar verksmiðju hefði gengið. Það er vitanlegt um þessar minni verksmiðjur, að þær eru ekki sambærilegar við hinar stærri. En ég vil minna hv. þm. á annað. Hv. þm. S.-Þ. hefir hjálpað kjósendum sínum og þeim, sem ekki eru kjósendur hans, til að koma upp verksmiðju á Húsavík. Nú dettur hv. þm. ekki í hug, að hún sé rekin sjálfstætt. Nei, hann ætlar ríkinu að reka hana til þess að komast hjá rekstrartapi. Hann er þess fullviss, að litlar verksmiðjur, eins og Seyðisfjarðarverksmiðjan og Húsavíkurverksmiðjan, geti ekki staðið einar sér. Ég hygg því, að það, sem hann sagði um tap á rekstri Seyðisfjarðarverksmiðjunnar, sé á rökum byggt, því að verðið á síldinni er svo hátt, að svona litlar verksmiðjur geta ekki staðið undir þeim kaupum. Hann ætlar að forðast það, að þetta endurtaki sig með þá verksmiðju, sem er í hans kjördæmi, og því ætlar hann að láta ríkið taka hana að sér. Og þykist ég þá hafa svarað honum, hvað það atriði snertir.

Ég vil að síðustu minnast á eitt atriði, sem hann blandaði í þetta mál, en hv. 11. landsk. minntist ekki á, sem sé vinnudeiluna á Siglufirði. Ég ætla engan dóm á það að leggja, hvort þar er farið ósanngjarnlega í sakirnar eða ekki. En í samræmi við það, sem ég áður hefi sagt, þá er það bein afleiðing af vaxandi dýrtíð í landinu, að verkamenn biðja um hærra kaup. Ég vil benda hv. þm. á, að atvinnurekendur, sem eru í miklum meiri hluta um atvinnurekstur á Siglufirði og eru sennilega flestir ekki í flokki hv. þm. S.-

Þ., þótt þeir séu honum kannske vinveittir á annan hátt, hafa gengið hér á undan með virðingarverðu eftirdæmi um að mæta verkamönnunum nokkuð í þessu efni. Þar hefir því verið sköpuð regla um það á Siglufirði, hvaða kaupgjald væri talið sanngjarnt að búa við. Þegar þeir eru búnir að koma kaupgjaldinu í það horf, sem raun ber vitni um, þá er eðlilegt, að ríkið sem atvinnurekandi verði að fara í kjölfarið þar á eftir. Ég býst við, að framsóknarverkamenn, ef þeir eru til á Siglufirði, séu sammála öðrum verkamönnum um þetta. (**BSt:** Þeir eru þar til). Hv. 1. þm. Eyf. segir, að framsóknarmenn séu þar til.

Ég skal forðast að lengja þessar umr. frekar en nauðsyn ber til. Ég hefi ekki getað sannfærzt af ræðu hv. þm. S.-Þ. um það, að verkamenn séu ónauðsynlegir, og því síður hefi ég getað sannfærzt um það, að þeir væru skaðlegir. Öll dæmin, sem hann reyndi að færa fram um það, að þeir væru skaðlegir eða ónauðsynlegir, voru svo lítils virði, að ég hefi ekki getað sannfærzt.

Að síðustu vil ég segja örfá orð við hv. þm. Vestm. Hann vildi gefa í skyn, að þótt svo vildi til, að einhver félli í valinn af þeim, sem væru í verksmiðjustjórn, þá yrði ekki skotaskuld úr því að búa til mann í staðinn, og vitnaði í því sambandi í það, að fyrrv. atvmrh. hefði ekki búið til einn mann í stjórn, heldur alla stjórnina. Það var mál, sem á sínum tíma var ákveðið með samþykki meiri hl. þings. Það hefir verið upplýst í þessari hv. d. og í þinginu yfirleitt, að ráðh. setti þá bráðabirgðastjórn með samþykki meiri hl. þings.

En nú mætti búast við, þó að svo vel hefði tekizt til í eitt skipti, að þá sé ekki alltaf hægt að setja einn mann eða tvo inn í verksmiðjustjórnina, ef einhver fellur frá. Verksmiðjustjórnin er skipuð til þriggja ára í senn, og ef einhver deyr, getur Alþ. kosið í skarðið. En nú er alls ekki víst, að Alþ. sé starfandi á þeim tíma, sem maðurinn deyr, og það geta hæglega liðið 9 mánuðir, þar til það kemur saman, en það þarf að skipa annan mann í stað hins látna yfir þessa 9 mánuði. Ég býst við, að Framsfl. eða hv. þm. S.-Þ. teldi sig illa haldinn, ef formaður verksmiðjustjórnarinnar dæi milli þinga og ekki kæmi maður í manns stað. Við nánari athugun mun hv. þm. S.-Þ. fallast á það, að ef átrúnaðargoð hans skyldi falla frá, þarf að búa til annað.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jónas Jónsson: Ég er að hugsa um að geyma að tala þar til við 3. umr. Ég býst við, að ég eða aðrir komi þá fram með brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, BrB, ErlÞ, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, GL, JJós, JJ.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 328, 520).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 520. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv. um fyrra atriðið og með 11 shlj. atkv. um hið síðara.

***Ingvar Pálmason:** Við fyrri umr. hér í hv. d. um þetta litla frv. virtist koma fram nokkur andstaða gegn því. Mér virtist, að aðalrökin fyrir þeirri andstöðu væru þau, að andstæðingar frv. óttuðust, að ef það væri samþ., mundu tylliástæður verða notaðar til þess að láta varamenn mæta á stjórnarfundum í verksmiðjustjórninni. Og ég skal játa, að ef svo færi í reyndinni, þá væri það mjög óheppilegt. Ég skal viðurkenna það, að hvergi minnist ég þess samt sem áður, að það sé í l., þar sem venja er að hafa varamenn, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess, að varamenn mæti ekki á fundum nema í löglegum forföllum aðalmanna. En þar sem hér þykir nokkuð mikið í húfi, vil ég ganga inn á, að nokkrar skorður verði settar til tryggingar því, að þetta verði ekki misnotað, og hefi þess vegna flutt brtt. á þskj. 520. Ég sé ekki betur en að með henni sé fyrir það byggt, að aðalmaður geti látið varamann mæta fyrir sig, nema því aðeins, að gildar ástæður séu fyrir hendi. Eftir brtt. er ekki hægt að taka varamann gildan, nema atvmrh. hafi samþ. það. Mér skilst því, ef þessi brtt. er samþ., að þá séu tekin til greina þau rök, sem andstæðingar þessa frv. færðu fram við fyrri umr. Ég geri því ráð fyrir, að þeir, sem hingað til hafa veitt þessu máli andstöðu, geti sætt sig við málið, ef brtt. þessi verður samþ.

Bernharð Stefánsson: Ég fyrir mitt leyti lít svo á, eins og hér hefir komið fram í d., að það sé mjög óheppilegt, ef farið væri að kveðja varamenn til starfa í stjórn síldarverksmiðja ríkisins út af smámunum eða í stundarforföllum aðalmanna, og skal ég ekki orðlengja meira um það.

Nú hefir komið hér fram brtt. um það að takmarka þetta nokkuð. En þó þykir mér það á skorta, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins mundi eftir þessum till. geta kallað varamanninn, án þess að hlutaðeigandi aðalmaður óskaði þess. Þætti mér því réttara, að það væri skýrt ákveðið, að þetta kæmi ekki til greina, þannig að ákveðið væri, að varamaður væri ekki kallaður, nema hlutaðeigandi aðalmaður hefði sérstaklega um það beðið. Það mætti t. d. hugsa sér, að aðalmaður í stjórninni væri fjarverandi af einhverjum ástæðum og gæti ekki mætt á fundi, en hinir stjórnarnefndarmennirnir vildu gjarnan nota tækifærið og halda fund og gera ráðstafanir, að aðalmanni fjarstöddum, með hans varamanni. — Auk þess er í þessari brtt., sem fram er komin frá hv. 2. þm. S.-M., ekkert minnzt á það, sem þó virtist eiginlega liggja næst, að varamaður ætti að koma inn við fráfall aðalmanns. Ég teldi því, að þessi brtt., sem fram er komin við frv., væri e. t. v. heppilegar orðuð á annan hátt, þannig að

eigi skildi kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óskaði þess eða hefði fallið frá. Þetta er náttúrlega ekki mikil breyt., en ég hugsa þó, að með því móti að breyta þessu svona, væri náð þeim tilgangi, sem hv. 2. þm. S.-M. hefir nú viljað ná og hér hefir verið hreyft, að ekki sé að ástæðulausu verið að kveðja varamenn til starfa í stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Vil ég því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við frv., sem ég vænti, að hæstv. forseti vilja leita afbrigða fyrir. Vil ég vona, að hv. 2. þm. S.-M. geti fallizt á, að hún geti komið í staðinn fyrir hans brtt. Skrifl. brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 1. grein bætist: Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 538) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Ingvar Pálmason:** Ég get sagt það fyrir mína parta, að ég geri það ekki að neinu kappsmáli, hverjir varnaglar hér verði slegnir fyrir misnotkun á því, að varamaður taki sæti aðalmanns í þessari stjórn. En ég vil benda á það, að þessar brtt. ganga dálítið út á sitt hvor. Mín brtt. gengur út á það, að aðalmaður geti ekki notað tylliástæður til þess að láta varamann koma í staðinn fyrir sig. Hin brtt. gengur út á það, að meiri hl. stjórnar síldarverksmiðjanna geti ekki kvatt varamann til fundar á móti vilja aðalmanns. Ég legg ekki mikið upp úr þessum mun, því að ég hefi þá trú, að allir þessir varnaglar séu óþarfir. Ég get náttúrlega gengið með brtt. hv. 1. þm. Eyf. af þessari ástæðu. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að draga mína brtt. til baka. Ég álít rétt, að d. velji um, hvora brtt. hún vill samþ. En ef þeim, sem hafa verið andstæðir frv. frá upphafi, fellur eitthvað betur í geð brtt. hv. 1. þm. Eyf., þá geri ég engan ágreining út af því.

***Jónas Jónsson:** Ég er ánægður yfir því, að það kemur fram hér í hv. d. nú, eins og það kom fram við 2. umr. þessa máls, að d. var óánægð með það öryggisleysi, sem fólst í frv. eins og það var og er enn. Að því leyti hefir gagnrýni sú, sem kom þá fram hér í hv. d., haft áhrif. Enda var því ekki mótmælt af neinum, að það væri alveg óviðurkvæmilegt og háskalegt, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins gæti svo að segja verið eins og skopparakringla, fyrir það að aðrir fimm menn gætu hlaupið inn í hana, þegar þeim þóknaðist, og þessi stjórn gæti svo ráðið stjórn á stærsta atvinnufyrirtæki landsins. Þessi kritik mín við 2. umr. var réttmæt, því að það er fullkomin léttúð í frv. eins og það var og er. Og því óeðlilegri var þessi málflutningur hv. þm. Ísaf., sem er flm. þessa frv. í Nd. um að fá þessa varamenn skipaða á þennan hátt, þar sem hann kallaði aldrei varamann á fund, þegar hann var í tvö ár formaður síldarverksmiðjustjórnarinnar. Þá var það oft, að aðalmaðurinn, Þorsteinn M. Jónsson, gat ekki mætt, af því að hann var inni á Akureyri, þegar fundur var í stjórn síldarverksmiðjanna á Siglufirði. En varamaður hans, *Hannes Jónasson, var búsettur á Siglufirði. En* hv. þm. Ísaf. datt aldrei í hug að kalla þennan varamann á fund. Það hafa því orðið meiri háttar stefnuskipti hjá þessum hv. þm. frá því, er hann hafði þennan rétt og notaði hann ekki, og þangað til nú, að hann berst fyrir því, út frá *sínum eigin kringumstæðum, að mér er sagt,* að þetta ákvæði sé sett inn í l. Mér er sagt, að þessi hv. þm. búist við því að vera langdvölum, vikum eða jafnvel mánuðum saman í burtu frá Siglufirði í sumar. Og þá er eðlilegt, að varamaður *komi inn í hans stað. Ég hefði álitið,* að það hefði mátt koma með brtt. um það, og ég hefði gert það, ef ég hefði ekki viljað komast hjá því að tefja þingið með því, að varamaður komi ekki inn, nema um lengri tíma væri að ræða, þannig að full alvara sé á því, að varamaður kynnist þessu verki svo, að það megi búast við, að hann geti gert alvarlegar ráðstafanir, ef um það væri að ræða, að þess þyrfti, á meðan hann tæki sæti í stjórninni. Ef brtt. hv. 1. þm. Eyf. verður samþ., þá er a. m. k. ekki hægt að nota þessa undarlegu löggjöf, sem hér er verið með á ferð, til þess að láta menn hlaupa í skarðið í þessari stjórn gegn vilja þeirra manna, sem bera ábyrgð á stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Hv. 3. landsk. reyndi ekki að verja það, sem flokksbróðir hans, hv. þm. Seyðf., hefir gert ráðstafanir til, sem eru þess eðlis, að það getur vel verið, að það verði dómstólamál, ef hann hefir á réttu að standa um það, að varamenn hafi ekki sama ákvörðunarrétt og aðalmenn, svo að bindandi séu gerðir þeirra á fundum, þar sem þeir eru til kvaddir til að mæta fyrir aðalmenn. Það væri því, út frá því máli skoðað, lán fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að hafa þó ekki allt of marga varamenn. A. m. k. er gott fyrir hv. 3. landsk. að athuga það, að hans eigin flokksbróðir hefir a. m. k. verið í vafa um það, hvort heppilegt væri að hafa varamenn. Það var a. m. k. svo loðið í hans huga, að hann hefir í sameinuðu þingi beinlínis beðizt eftir því, að dómstólarnir væru látnir athuga nánar gerðir hans í þessu efni, því að hann sá ekki málið í meiri skímu en það, að hann þarf að láta ljós dómstólanna skína um það.

Hv. 11. landsk. sagði hér dæmisögu um einhvern vondan mann, skildist mér, sem væri á vondum vegi, en hafði verið á betri vegi áður. Ætla ég mér ekki að reyna að þýða þær duldu rúnir. En ég ætla að benda honum á annan mann, sem heldur fer versnandi, sem er hann sjálfur, sem hér fyrr á árum, er hann var yngri, var í betri flokki en hann er í nú. Svo komu einhverjir hugarórar í hann, og hann fór að líta í rauðu áttina, til kommúnista eða slíkra manna, og hefir nú um stund fylgt þeim að málum. Ég vonast eftir því, að hann taki þetta *til athugunar,* hvort honum sé ekki þörf á einhverjum endurbótum — kannske að komast aftur á þá fyrri skoðun, sem hann var á áður.

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Um þessar brtt., sem fyrir liggja, get ég verið fáorður. Þær eru algerlega í samræmi við þann skilning, sem ég lagði í þá nauðsyn að hafa varamenn, og það, hvernig varamaður ætti að vera kallaður til starfa, eins og ég útlistaði það við 2.

umr. Hinsvegar er mér gleðiefni sú stefnubreyting, sem hefir orðið hjá hv. þm. S.-Þ., þar sem hann í raun og veru komst inn á þá skoðun, að varamaður gæti verið nauðsynlegur eftir þeim varúðarráðstöfunum, sem hér er ætlazt til að gera með þeim brtt., sem fyrir liggja. Því að við 2. umr. hnigu umr. hans nær eingöngu að því, að telja þetta ónauðsynlegt og skaðlegt. Ég gleðst yfir þessari stefnubreyt. og fjölyrði ekki frekar um það, þar sem mér skildist hann vera fylgjandi annari hvorri þeirri brtt., sem fyrir liggja.

Brtt. hv. 2. þm. S.-M. er í mínum augum alveg nægilegt öryggi, þar sem gert er ráð fyrir, að atvmrh. dæmi um í hvert skipti, hvort nauðsynlegt sé, að varamaður komi til starfa í stjórninni. Hin brtt. stefnir að vísu að sama marki, en þar er það bundið við óskir aðalmanns, hvenær varamaður komi inn, og engin takmörk sett fyrir því, hvenær hann megi óska þess. Ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. S.-M. En hin brtt. mun koma á undan til atkvgr., og mun ég láta hana afskiptalausa.

Hv. þm. S.-Þ. blandaði því hér inn í umr., sem gerðist síðastl. vetur, þegar hann gerðist nokkurs konar boðflenna í tryggingarstjórninni. Það er vitanlegt, að það hafði ekki verið tilkynnt aðalmanninum, að fundurinn skyldi haldinn til þess að útkljá ákveðið mál. Honum var ókunnugt um fundinn, og varamaður kom þar inn í. Úrskurður fyrrv. atvmrh. taldi mjög hæpið, hvort þetta væri löglegt, þar sem aðalmaður hefði ekki verið kallaður til að mæta á fundinum. Og þó að dómstólarnir eigi að fjalla um það, getur maður vænzt þess, að þeir líti á málið á sama veg og fyrrv. atvmrh., að hér hafi gripið inn í maður, sem ekki hafði átt að fjalla um málið.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Ég þarf ekki miklu að svara nú, því að hv. þm. S.-Þ. var tiltölulega hógvær í sinni ræðu.

Um þær brtt., sem fram hafa komið, get ég lýst yfir því sem minni skoðun, að ég get fallizt á þær, hvora þeirra sem væri, og tel brtt. hv. 1. þm. Eyf. ekkert verri. Eins og ég hefi áður tekið fram, er það ekki meining okkar Alþflmanna, og hefir aldrei verið, að þessi heimild yrði misnotuð, og mundi það ekki hafa verið gert, þó að þessi varnagli hefði ekki verið settur, því að það er ekki og hefir ekki verið venja að hlaupa með varamenn inn í mál, þó að aðalmenn hafi verið fjarverandi um stundarsakir.

Þá var af tveimur hv. þm. verið að tala um, að það mætti ekki dreifa ábyrgðinni, af þeim hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Vestm. Það kemur nú úr hörðustu átt, þegar þessir menn tala um slíkt, þegar þeir eru búnir að fjölga stjórnarnefndarmönnunum í stjórn síldarverksm. úr 3 og uppi í 5, og þeir eru að gera sínar ráðstafanir til þess með því, að dreifa ábyrgðinni, ef svo mætti segja.

Hv. þm. S.-Þ. var að tala um, að ég hefði áður verið í betri flokki en ég er nú. Mér er ekki ljóst, við hvað hann á, því að ég hefi aldrei verið í öðrum stjórnmálaflokki, og það á vitanlega ekkert skylt við þá hugarfarsbreytingu, sem orðið hefir hjá hv. þm. í seinni tíð og hv. 10. landsk. vildi kannske vitna um, ef á lægi.

*__Jónas Jónsson:__ Út af ræðu hv. 3. landsk. vil ég gefa honum nokkra leiðréttingu. Ég þykist vita, að hann sé ókunnugur málinu, en það er þannig vaxið, að ég er varamaður fyrir Helga lækni Jónasson í tryggingarráði, beinlínis af því að það var vitað, að hann mundi ekki geta mætt mikinn hluta ársins vegna sinna embættiserinda. Ég skal ekki segja, hvað fyrrv. atvmrh., hv. þm. Seyðf., hefir gert í því að boða hann á þennan fund, en við töluðum um þetta daginn áður, og honum var algerlega ómögulegt að mæta. Það leit meira að segja svo út um tíma, að hann gæti ekki komizt til þings, vegna þess að hann gat varla fengið lækni í staðinn fyrir sig. Þess vegna eru þetta vægast sagt ósannindi hjá hv. 3. landsk., og ég hefi satt að segja grun um, að hv. þm. fari hér með vísvitandi ósannindi. Ég býst við, að hans flokkur sé búinn að reyna það æðioft, og eigi ef til vill eftir að reyna hér eftir, að það er sama, hvort ég er kosinn aðalmaður eða varamaður eftir lögum landsins, það verður engum í Alþfl. látið haldast það uppi að gera mína atkvæðagreiðslu ónýta, þó að reynt sé að vefja málin með ósannindum, eins og hv. 3. landsk. gerði, sem hefir að öllum líkindum verið stungið í eyra hans af einhverjum honum verri manni.

ATKVGR.
Brtt. 538 samþ. með 11:1 atkv.
— 520 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
__já:__ IngP, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, BrB, EÞ, HermJ, EÁrna.
__nei:__ GL.
JJós, JJ, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn greiddu ekki atkv.
Frv. endursent Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 539).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

---

49. Laun embættismanna.

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

__Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna__ (þmfrv., A. 54).

Á 17. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

__Flm. (Vilmundur Jónsson):__ Ég flutti þetta frv. á þinginu fyrir nýárið og var því vísað til fjhn., en n. afgreiddi það ekki aftur til d.

Ég vil aðeins mælast til þess, að frv. fái aftur

að ganga til hinnar sömu n., að lokinni þessari umr., og vonast til, að n. fái nú tíma til að athuga málið og gera ljósa afstöðu sína til þess. Jafnframt vil ég láta þess getið, að svo mikil ástæða, sem var til þess að sinna þessu að einhverju leyti á seinasta þingi, þá er ástæðan enn meiri nú, vegna þess, að 4 læknishéruð, þau sem afskekktust og fámennust eru, eru nú læknislaus. E. t. v. eru einhverjar líkur til, að umsækjendur fáist í 1—2 þeirra, en engar líkur til þess, að sótt verði um hin tvö. Ég ætla því, að það sé ljóst, að hér þurfi eitthvað að gera, ef menn meta það einhvers, að þeir, sem afskekktastir eru, eigi þess kost að geta leitað sér læknishjálpar svo nærri sér, að það sé þeim framkvæmanlegt.

*Gísli Sveinsson: Á þskj. 56 hefi ég borið fram brtt. ásamt hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Rang., þess efnis, að að því er prestana snertir verði alveg hliðstæðu atriði bætt við það, sem frvgr. á þskj. 54 fer fram á. Það er kunnugt, að ekki síður en lækna vantar í ýms héruð, þá vantar líka presta í prestaköllin, og þau ekki fá. Ýmsir þeir menn, sem hafa stundað guðfræðinám, vilja ekki ganga þann veg, að fara í þjónustu kirkjunnar. Það er löngu kunnugt um prestana, að það er ekki nein leið fyrir þá að draga fram lífið með sómasamlegum hætti með þeim launum, sem þeim eru greidd, þegar þeir eru komnir í þjónustu kirkjunnar. Sérstaklega á þetta við hina ungu presta, sem hafa komið skuldugir frá námi og sumir stofnað til fjölskyldulífs snemma, sem ekki er að lasta. Þeir hafa setið við sultarkost alveg ósæmilegan.

Það er af nauðsyn, að þau hvortveggja ákvæði koma fram, sem hér um ræðir. Það má benda á, að það er í rauninni dálítið óviðkunnanleg nauðsyn að þurfa að breyta þeirri reglu, sem annars er sanngjörn, að þeir, sem hafi þjónað um árabil, fái sína uppbót eins og l. ætlast til, en nú er svo komið, að byrjunarlaunin eru enganveginn fullnægjandi til þess að þeir, sem annars eiga úrkosta, vilji við þeim líta.

Ég skal svo ekki fara frekar inn á þetta mál. Brtt. er fram komin til þess að hún fljóti með til 2. umr. og að n., sem fær málið til meðferðar, taki hana upp með sama velvilja sem ég býst við, að frv. sjálft fái að njóta hjá hv. n. og síðar hjá hv. Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 57., 59. og 60. fundi í Nd., 29. apríl, 2. og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 5. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 54, 56, n. 366, 367, 371).

*Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þetta mál, svo kunnugt er það. Það var borið fram á síðasta þingi og nú aftur, og hefir legið frá byrjun þings, svo að segja, í n. Að lokum hefir fjhn. orðið sammála um afgreiðsluna, og er vonandi, að það geti gengið greiðlega í gegn.

Frv. gengur út á það, að þar, sem læknar eru svo lágt launaðir í sveitum, að ekki hefir fengizt læknir í héraðið fyrir það, hversu þar er fámennt og því lítið að gera, þ. e. þar, sem íbúar eru færri en 1000, sé ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar greiðast frá upphafi með fullri aldursuppbót. Það munu nú vera tvö læknishéruð, sem alls ekki fæst læknir í af þessari ástæðu. Þar á læknir að byrja með 1000 kr. lægri laun en þau verða síðar með fullri aldursuppbót.

Nú eru 15 prestaköll laus, og eru þessum embættismönnum ætlaðar 2 þús. kr. árstekjur eftir sitt 10—12 ára nám. N. flytur brtt. um það, að þeir, sem fara í þessi prestaköll, fái strax fulla aldursuppbót, eða 3 þús. kr. Er ekki hægt að segja, að það séu glæsileg kjör, a. m. k. ekki miðað við stýrimennina, sem fá allt upp í 9 þús. kr. laun eftir 2 ára nám. Og það er vafasamt, að það fáist embættismenn til að ganga að þessum embættum í sveit. En til þess að þetta verði ekki baggi á ríkinu, hefir fjhn. lagt til, að athugaðir séu möguleikar fyrir því að steypa saman prestaköllum, sem svarar þeirri upphæð, sem till. hefir í för með sér fyrir ríkissjóðinn. Það er nú kominn tími til að athuga eitthvað þessi launakjör áður en svo er komið, að ekki fæst nokkur maður til að fara út í sveitir landsins til að vera prestur eða læknir. Ég hygg, að það sé alls ekki stefna, sem Alþingi vill styðja til lengdar. Það er bersýnilegt, að allt er á hraðri leið í þá átt. Ég tel ekki líklegt, að þetta nægi til að bæta úr því ástandi, sem nú er í þessum efnum, þó að ég telji líklegt, að það hjálpi eitthvað frá því, sem er. —

Þá hafa hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. Dal. borið fram brtt. um það, að samsteypa prestakalla verði athuguð í samráði við hlutaðeigandi söfnuði. Vitanlega er slíkt sjálfsagt. Þannig á athugunin að fara fram, að athugaðir verði möguleikar fyrir því, að samsteypa komist á. En ég geri ráð fyrir, að fólk sjái, að það er miklu alvarlegra, ef enginn embættismaður fæst til að gegna embættunum, vegna þess að þeir geti ekki lifað, og leggist því embættin niður, eins og þau eru nú á hraðri leið að gera.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 6. maí, var frv. haldið 2. umr. um frv.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka laun þeirra lækna, sem nú hafa byrjunarlaun, svo þeir fái fulla aldursuppbót þegar í upphafi. Ennfremur er sérstök brtt. frá hv. þm. V.-Sk. og fleiri hv. þm. um að þeir prestar skuli einnig fá hækkun á launum sínum, sem nú hafa byrjunarlaun. Það kann vel að vera, að ekki sé ósanngjarnt, ef hægt væri, að verða við þessum óskum um launahækkun, en ég vil spyrjast fyrir um, vegna þess að ég hefi gleymt því, hafi ég heyrt eitthvað um það frá hv. þm., hversu mikla fjárhagslega þýðingu þetta hvorttveggja muni hafa fyrir ríkissjóð. Ég veit, að hv. þdm. hafa kynnt sér, hvernig fjárl. standa, og ég verð að segja, að ég sé ekki, að kostur sé á að bæta neinum útgjöldum á fjárl. Ég hefði nánast álitið réttast, að þessu máli væri frestað

til næsta þings og þá hefði farið fram athugun á, hvort ekki væri hægt að færa til annarsstaðar á launum til að mæta þessu. Ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli út af fyrir sig, en óska eftir að fá það upplýst, sem ég hefi spurt um, því ég veit, að hv. frsm. n. muni hafa þær upplýsingar á reiðum höndum.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Út af fyrirspurn hæstv. fjmrh. um, hve mikil aukin útgjöld mundu stafa af frv. og brtt., má geta þess, að eftir því, sem landlæknir hefir gefið upp, vantar lækna í tvö læknishéruð, sem engir hafa fengizt í nú og mundu því koma undir þetta ákvæði. Mundi það nema 2 þús. kr. Um hækkun til prestanna, ef frv. yrði þegar framkvæmt, mundi það nema 20 þús. kr. En ég veit, að hæstv. fjmrh. hefir tekið eftir því, að gert er ráð fyrir í till. fjhn., að þessum 20 þús. kr. sé mætt með því að steypa saman prestaköllum, sem þessu svarar, eða að möguleikar fyrir því verði athugaðir, svo ekki yrðu af þessu meiri útgjöld fyrir það opinbera en sem svarar því, sem læknarnir þyrftu hærri laun, og það myndi verða 2 til 3 þús. kr. Ég hygg, að oft hafi verið samþ. frv. hér á Alþ., sem haft hafa í för með sér meiri fjárhagslegar byrðar fyrir ríkissjóð, án þess að fram færi rannsókn milli þinga um, hve miklu upphæðin næmi. Þar sem það er álit mitt og fleiri hér, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða fyrir sveitirnar, þar sem menn fást ekki til að gegna þessum störfum fyrir svo lágt kaup, tel ég ekki, að löng bið megi verða á þessum framkvæmdum. En draga má saman prestaköll, svo að engin aukaútgjöld verði að þessu fyrir ríkissjóð, og því er þessi till. borin fram af n., að við álítum, að þetta mál mætti alls ekki bíða.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** 1. gr. frv. er orðuð á þá leið, að við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar, aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðh. heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót, og brtt. á þskj. 56 er orðuð í samræmi við þetta, svo mér sýnist, að samkv. orðanna hljóðan eigi þetta einungis við þá presta og lækna, sem fá embætti eftir að þetta verður að l., en gildi ekki viðvíkjandi þeim, sem fengið hafa veitingu áður. Ég vildi spyrja, hvort þetta er réttur skilningur og hvort upplýsingar hv. 1. þm. Rang. eru miðaðar við þennan skilning, eða að þeir, sem þegar sitja í embættum, fái einnig full laun eftir að l. öðlast gildi.

Vilmundur Jónsson: Ég skal gefa þá skýringu fyrir mitt leyti, að sem flm. hafði ég hugsað mér, að skilja ætti l. eins og hæstv. ráðh. talaði um, að þau kæmu til framkvæmda jafnóðum og héruðin yrðu veitt, en ekki hækkuð laun þeirra, sem þegar sitja í embættum, enda margir þeirra þegar komnir í hæsta launaflokk. Hve mörg þessi héruð verða veitt á þessu ári, veit ég ekki. Svo getur farið að ekkert verði veitt, en ég hefi þó vonir um tvö.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég vil gefa þá skýringu, að þessi brtt. mín viðvíkjandi prestunum er ekki miðuð við þann skilning, sem hæstv. ráðh. lét í ljós, en að þeir, sem fengið hafa embætti, fengju uppbótina strax, enda er það eðlilegt, en ekki að menn, sem byrja í embættum, fengju full laun, meðan þeir, sem þegar eru byrjaðir, hefðu ekki nema ca. ¾ fullra launa. Þá myndu þeir auðvitað sækja úr embættunum í þau, sem veita á að nýju. Ég miðaði minar upplýsingar við það, að allir fengju strax fulla aldursuppbót og l. gengju í gildi.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það kemur fram dálítið ósamræmi í því, að hv. flm. skuli líta öðruvísi á málið en hv. frsm. fjhn.

Ég lít svo á, að samþ. ætti þetta með því fororði, að réttur skilningur sé, að þetta skuli eiga við þau embætti, sem þegar eru veitt. Held ég því, að það sé rétt, að það komi fram frá mér þegar frv. verður samþ., að ég líti svo á, að með því sé gefin heimild til að greiða þessa uppbót til þeirra, sem sitja í embættum. Eins og ég sagði áðan, skal ég svo ekki tefja framgang frv.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég skal ekki lengja umr. mikið. Ég hefi með öðrum hv. þm. flutt brtt., sem ætlað er að koma inn í frv. sem annað meginatriði þess, ákvæðið um prestana. Ég leit svo á, að skilja mætti það á hvorn veginn, sem vera skal, að það ætti aðeins við þá presta, sem fá veitingu fyrir brauði eftir að l. ganga í gildi, en hitt liggur líka eins beint fyrir, eftir því, hvernig brtt. er orðuð, að allir prestar, sem þegar eru komnir í embætti, komi undir ákvæði l. og fái fulla aldursuppbót þegar í stað þegar l. koma til framkvæmda. Er að heyra á hæstv. ráðh., að hann telji stj. heimilt að láta þeim prestum, sem ekki eru þegar komnir á þann aldur, að þeir hafi fengið uppbótina, hana í té að fullu. Með þessum skilningi ráðh. tel ég málinu vel borgið, og vil vona, að ekki þurfi að gera upp milli presta og lækna.

Hv. fjhn. hefir skotið inn brtt. á þskj. 367, viðauka við brtt. á þskj. 56, um að láta fara fram athugun á samsteypu prestakalla, sem spari ríkissjóði svipaða upphæð og ætlazt er til, að hann greiði samkv. ákvæðum þessa frv. Skal ég ekki fara nánar út í það mál. Mun ég fylgja till., svo framarlega sem samþ. verði brtt. mín á þskj. 371, og vona ég, að hv. frsm. n. geti tekið við þeirri brtt. eins og hún hefði komið frá n. sjálfri, og vildi ég óska, að hann léti það í ljós.

Vilmundur Jónsson: Ég er þakklátur fyrir þennan frjálslynda skilning hæstv. fjmrh. á frv., og mun ég ekki mótmæla honum, þótt ég flytti frv. með nokkuð öðrum skilningi, og hefði ekki hugsað mér, að bætt yrðu laun þeirra lækna, sem þegar sitja í þessum embættum. Ég flutti frv. sem neyðarráðstöfun, í því skyni, að hin fámennustu læknishéruð þyrftu síður að standa óveitt árum saman. Mun ég þá feginn taka aftur minn skilning á frv., eftir að hafa heyrt hina frjálslyndu túlkun hæstv. ráðh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 371 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 367, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 56 (ný gr., verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 461, 462).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 462. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Emil Jónsson: Hv. 1. þm. Rang. og ég höfum borið fram brtt. á þskj. 462, sem fer í þá átt, að orðin „utan kaupstaðanna“ í 2. gr. falli niður.

Í frv. er gert ráð fyrir, að við veitingu prestakalla sé heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót. En þarna hafa verið undanskildir þrír prestar, sem eru mjög nálægt sínu lágmarki. Okkur finnst þetta óréttlátt og leggjum því til, að þessu verði breytt. Það eru aðeins þrír prestar, sem hér er um að ræða, presturinn í Hafnarfirði, presturinn á Norðfirði og annar af þeim prestum, sem kallaðir hafa verið hingað til Reykjavíkur. Það hefir verið á það bent, að aukatekjur þessara manna væru þeim mun meiri en sveitaprestanna, en þessu er tæplega til að dreifa, þar sem þær munu ekki nema á annað þús. kr. En það er dýrara að lifa í kaupstöðum en í sveit, og auk þess er ýmislegt annað, sem réttlætir þetta, eins og það, að þeir eru húsnæðislausir af hálfu þess opinbera og verða því að greiða háa húsaleigu.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta, en vænti þess, að hv. þm. taki brtt. vel og að hún verði samþ.

*Jörundur Brynjólfsson: Ég ætla aðeins að segja örfá orð, og þar sem fundartíminn er senn úti, ætla ég að hafa þau mjög fá og vænti, að það verði ekki til þess, að málið fái ekki afgreiðslu á þessum fundi.

Ég er satt að segja hálfhissa á gerðum þessarar hv. d. í þessu máli. Hér hefir áður verið haft á orði að fækka prestum allverulega, í því skyni ekki sízt að bæta launakjör þeirra, sem eru bágborin, svo að þeir menn, sem þessi störf vinna, gætu gefið sig að þeim óskiptir og aflað sér þess bókakosts og annars, sem þarf til þess að þeir geti rækt þessi störf eins og þjóðin hefir þörf fyrir, því aðalatriðið er vitanlega það, að við höfum góða kennimenn, en ekki, að þeir séu sem flestir að tölu, en skorti margt til þeirra hluta, sem þeim fyrst og fremst er ætlað að vinna.

Það hefir legið við borð undanfarið, að d. hafi fallizt á að bæta kjör presta og fækka þeim að verulegu leyti, en nú lítur út fyrir, að Alþ. ætli að binda hendur sínar í þessu máli, ef þetta frv. verður að l., og það þykir mér furðuleg meðferð. Það er ekkert, þó að Alþ. vilji bæta kjör presta. Ég hefi borið fram till. um það og sýnt með till., að ég vilji bæta þeirra hag, en þetta hefir verið virt að vettugi.

Í 2. gr þessa frv. er gert ráð fyrir því, að það megi einhverntíma síðar meir athuga, hvort ekki mætti fækka prestum, sem svaraði þeim auknu gjöldum, sem af frv. leiðir, sem mun svara til 4 prestsembætta yfir landið allt. En svo þótti þetta ekki nóg, því tveimur hv. þm. — ég ætla að það hafi verið kirkjuráðsmennirnir í þessari hv. d. — þótti ekki nógu vel um hnútana búið og fluttu brtt. um, að það skyldi þó aðeins gert í samráði við hlutaðeigandi söfnuði, og þó þarf ekki að efast um, hvernig það mál yrði túlkað í söfnuðinum, þegar til fækkunarinnar kæmi. Maður hefir séð dálítinn spegil af því, hvernig hefir verið hagað sér á meðal safnaðanna. Það hefir farið fram smalamennska til þess að fá fólkið til að mótmæla fækkuninni, og fólkið hefir verið að skrifa upp á blöð til þess að þægjast þeim mönnum, sem að smalamennskunni hafa staðið.

Við höfum á annað hundrað presta, og það er á fimmta hundrað þús. kr., sem fer beinlínis til launagreiðslu til þeirra; auk þess er ekki talið það opinbera fé, sem lagt er til þessara mála, eins og til prestsetra, sem hvergi nærri eru greiddir vextir af. En látum þetta nú vera. Þetta væri fyrir sig, ef þjóðin hefði ráð á að greiða svona mikið til embættismannahalds. — Nú hefir verið talað fagurlega um það meðal kjósenda, að það þyrfti að fækka embættismönnum, en nú virðist Alþ. ætla að binda svo hendur sínar, að þetta kemur ekki til mála, eins og þetta er sett fram í 2. gr. frv.

Fyrir alllöngu var afgr. frá þessari hv. d. frv. um hækkun á launum hreppstjóra. Þessi launahækkun nam alls 14 þús. kr. En þetta þótti hreinasta goðgá. Þó eru þetta gagnleg störf, sem þessir menn verða að inna af hendi. Þeir hafa t. d. mikla fjárhagslega ábyrgð, verða að innheimta stórar fjárhæðir og margir verða að greiða úr eigin vasa þessi gjöld til þess að standa skil á þeim til hlutaðeigandi yfirvalds. Þetta mál mun nú eiga að drepa í hv. Ed., allt til þess að spara ríkissjóði þau útgjöld, sem þarna er gert ráð fyrir. Hreppstjórarnir eru þó á þriðja hundrað, og það eru aðeins 14 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að falli í þeirra hlut, en prestarnir líðlega hundrað; en þetta er samkvæmni í þessum gerðum, sem sýnir, hvers þeir mega vænta, sem verst eru settir, en vinna þó mikil nytjastörf í þágu landsins.

Ég hirði svo ekki um að hafa þessi orð fleiri, en ég vildi benda á þetta, svo að þeir hv. dm., sem greiða atkv. með frv., viti vel, um hvað þeir greiða atkv., ef þeir hafa ekki veitt því athygli, því ef þeir hafa athugað, um hvað 2. gr. frv. hljóðar, sýna þeir, að þeir hafa sér það ekki til afsökunar, hvernig þeir ætla að binda hendur þingsins. Ég býst nú við, að þetta mál komist í höfn, en vænti þó, að hv. þdm. telji sinni andlegu velferð eins vel borgið hinumegin, þó að þeir samþ. ekki frv. með þessum halaklepp aftan í.

Forseti (GSv): Það mun hafa verið meiningin að ljúka umr. nú og ganga til atkv. áður en fundartími er liðinn. Nú hefir þó einn hv. þdm. kvatt sér hljóðs, hv. 5. þm. Reykv., og tekur hann til máls.

Einar Olgeirsson: Ég skal vera mjög stuttorður. Ég vildi bara bera fram smábrtt. í sambandi

við frv., sem ég vildi biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir. Ég fyrir mitt leyti var á móti þeirri afgreiðslu á þessu máli, sem varð hér við 2. umr., og til þess að lengja ekki neitt umr., vildi ég aðeins leggja til, að 2. gr. frv. yrði felld burt, og legg fram brtt. um það.

Forseti (GSv): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. og hv. 5. landsk., sem nú hefir verið lýst, og þarf afbrigði til þess að till. megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 492) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Vegna þess að svo kunn er afstaðan til kirkjumála hjá forsetanum okkar, hv. 1. þm. Árn., og svo flokki hv. 5. þm. Reykv. og þetta mál hefir margoft verið rætt, þá kæri ég mig ekki um á þessu stigi málsins að fara út í sérstakar deilur.

ATKVGR.

Brtt. 492 felld með 13:4 atkv.

— 462 samþ. með 16:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BjB, EmJ, GSv, HG, HelgJ, JakM, PHann, SEH, SK, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, BJ.

nei: EOl[1]), ÍslH[2]), JPálm, PO, JörB.

EE, SkG greiddu ekki atkv.

9 þm. (EystJ, FJ, GÞ, GG, HV, ÓTh, PHalld, ÞorbÞ, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 530).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. hefir athugað þetta mál að svo miklu leyti, sem hún gat á þeim stutta tíma, sem hún hafði til meðferðar og afgreiðslu málsins á fyrri fundinum í dag, og samþ. nál., sem sjálfsagt verður útbýtt hér síðar á fundinum, þótt ég hafi ekki séð það enn.

Eins og menn sjálfsagt hafa athugað, þá er stungið upp á því í þessu frv., í fyrsta lagi að heimila, að læknum, sem taka minnstu læknishéruðin, sem í eru færri en eitt þús. íbúar, verði frá upphafi greidd laun með fullri aldursuppbót. Á því hefir borið undanfarið, að illa gengi að fá lækna í þessi rýrustu læknishéruð, sem þykja lítið eftirsóknarverð. Á hinn bóginn hefir fólkið, sem þar býr, vitanlega eins mikla þörf fyrir að geta náð í lækni og aðrir landsmenn. Hv. flm. frv. hefir þótt þörf að bæta kjör þeirra manna, svo að menn fáist frekar til að gegna þessum embættum.

Í öðru lagi hafa flm. farið fram á, að svipað ákvæði væri sett fyrir prestana, að við veitingu prestakalla sé ráðh. heimilt að ákveða, að laun skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

Þá er einnig stungið upp á, að athugaðir séu í samráði við hlutaðeigandi söfnuði möguleikar fyrir samsteypu prestakalla, til að spara ríkissjóði álíka upphæð, sem um er að ræða í ákvæðum þessa frv. Er þannig ætlað að sjá fyrir, að útgjöld ríkissjóðs aukist ekkert í framtíðinni, hvort sem það tekst eða ekki. Ekki er þó hægt að neita því, að frv. þetta mun auka útgjöld ríkissjóðs dálítið, þótt gert sé ráð fyrir, að mest þessi gjöld fáist inn aftur með samsteypu prestakalla.

N. hefir reynt að leita sér sem ábyggilegastra upplýsinga um það, hvað ákvæði frv. mundu kosta mikla greiðslu úr ríkissjóði árlega. Og eftir þeim upplýsingum að dæma ætti það að vera um 4—5 þús. kr. að því er læknishéruðin snertir, en 20 þús. kr. að því er prestaköllin snertir. Og ef það næðist, sem ákveðið er í 2. gr., að athuga einnig samsteypu prestakalla og slík samsteypa svo eitthvað framkvæmd, þannig að ekki yrði útgjaldaauki á þessu sviði, þá ætti raunverulegur útgjaldaauki af þessu að verða um 4—5 þús. kr.

Nú er þess ennfremur að gæta, að á fyrri fundinum í dag var samþ. frv. hér í hv. d., sem bætir kjör hreppstjóra að allverulegum mun, og mundi það, ef að lögum yrði, baka ríkissjóði um það bil 14 þús. kr. útgjöld. Í þessum tveimur frv. er því að ræða um nálægt 40 þús. kr. aukin útgjöld, þótt gert sé ráð fyrir, að í framtíðinni geti unnizt helmingur af því. Það má náttúrlega segja, að á tímum eins og þessum sé það tæplega fært að auka þannig gjöld ríkissjóðs. Að hinu leytinu er svo á það að líta, hver nauðsyn á þessu er. Og þessi nauðsyn er þá fyrir hendi, eftir því sem n. hefir kynnt sér, þar eð menn fást beinlínis ekki í rýrustu læknishéruðin; og það gengur líka mjög illa að fá menn til að gegna ýmsum prestaköllum, t. d. þeim afskekktustu. Og þar sem þjóðfélagið hefir nú tekið það að sér að sjá landsfólkinu bæði fyrir læknishjálp og prestsþjónustu, þá lítur n. svo á, þrátt fyrir það, þótt hún hafi opin augu fyrir því, hvað þetta kostar, að ekki sé annað fært en að samþ. þetta frv. Fyrir utan það, að auðvitað er það sanngirnismál einnig að launa þessa menn, sem vitanlega hafa einna verst kjör allra opinberra starfsmanna í landinu, sérstaklega prestarnir, nokkru betur en gert er. Það er náttúrlega ekki hægt að neita því, að laun presta eru nú tæplega til að lifa á þeim, og er auðsjáanlega við það miðað, að prestar geti stundað ýmis-

1) **EOl:** Þó að ég væri upphaflega með þessu frv., þá greiði ég nú atkv. á móti því, eins og það er orðið skemmt, og segi nei.

2) **ÍslH:** Ég greiði atkv. gegn þessu frv. með sömu forsendum og hv. 5. þm. Reykv. og segi nei.

legt annað og veitt sér þannig nokkrar tekjur. Og sízt er hægt að halda fram, að laun presta verði há, þó að þetta verði nú samþ. Enda er ekki um að ræða að hækka laun presta almennt, heldur að ungir prestar fái þegar full prestslaun. Ég orðlengi svo ekki frekar um þetta, en eins og menn sjá á nál. 530, sem áðan var útbýtt, er n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil gjarnan, áður en frv. fer til atkv., gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls; og hún er sú, að ég er á móti því. Það stafar af þremur meginástæðum. Fyrst og fremst af því, að ég tel, eftir þeim fjárhagshorfum, sem nú eru hjá ríkinu og möguleikum okkar hér á Alþingi til að veita úr ríkissjóði til ýmissa hluta, þá sé mjög margt, sem frekar hefði átt að láta þessar ca. 30 þús. kr. í, sem þetta frv. kostar. Þetta er fyrsta ástæðan; þó ekki sú veigamesta.

Önnur ástæðan er, að ég er algerlega á móti því að ganga inn á þá stefnu, sem slegið er fastri í frv., að hver, sem fer í embætti hér á landi, skuli þegar fá fulla launahæð. Ég tel alveg rétta stefnu eins og verið hefir, að launin hækki upp í hámark eftir visst árabil í þjónustu. Frá þessari stefnu er horfið í frv., bæði að því er lækna í fámennari héruðum snertir og svo um prestana almennt.

Í þriðja lagi lít ég og hefi litið svo á, að sjálfsagt sé að stefna að því að fækka prestum — og fækka þeim verulega. Samgöngurnar alstaðar í landinu hafa breytzt þannig, að það eru orðin allt önnur skilyrði, sem prestar hafa til þess að geta veitt sína prestþjónustu, heldur en áður var. Og þar að auki hafa kröfur manna í landinu í heild breytzt hvað þetta snertir. Nú er að vísu svo mælt fyrir í 2. gr. þessa frv., að það eigi um leið að athuga möguleika fyrir samsteypu prestakalla, jafnframt því að ákveðið er að láta presta fara í hæstu laun í embætti beint frá prófborðinu, — en gera það í samráði við hlutaðeigandi söfnuði. Nú vita það allir menn, að þegar rætt er við einstaka söfnuði um það, hvort þeir vilji missa embættismann úr sókninni, sem borgar helmingi hærra útsvar en fjöldinn, og ýmislegt fleira í því sambandi, þá segir viðkomandi söfnuður alltaf nei. Ekki að honum sé ekki sama um prestþjónustuna, sem viðkomandi prestur veitir, heldur er þar ýmislegt annað, sem blandast inn í. Og þess vegna er þessi fyrirhugaði sparnaður með samsteypu prestakalla, sem frv. fjallar um, = 0, og kemur ekki til greina. Við horfumst í augu við veruleikann, og hann er sá, að um leið og þessi gr. er samþ., er gengið út frá því, að prestaköllin verði yfirleitt eins og þau eru nú, en fækkun presta engin, að prestarnir komist í byrjun á full laun, bæði þeir, sem eru nú, og þeir, sem bætast við. Svo að þetta kostar alltaf full 20 þús. kr. aukalaun fyrir presta, í stað þess, að við með hægu móti getum sparað svo mikla presta, að þetta hefði getað náðst upp og laun prestanna orðið sæmileg, hefði verið horfið að því ráði að fækka þeim. En nú er því þvert á móti slegið föstu, að prestarnir skuli vera jafnmargir hér eftir og hingað til.

Af þessum þremur ástæðum er ég á móti frv. Ég vil ekki ganga inn á þá braut, að láta mann frá prófborðinu ganga í embætti með hæstu launum. Ég vil láta hann áður geta þroskazt og vaxið í starfinu. Og í öðru lagi vil ég láta það liggja opið fyrir, að Alþingi geti fækkað prestum í landinu og steypt saman prestaköllum, án þess að þurfa að bera það undir hvern einstakan söfnuð; því að með því móti fæst það aldrei.

Máli þessu er sýnilega ætlað að ganga fram, með því að því er hraðað svo mjög á síðustu dögum þingsins, — en var saltað allan fyrri hl. þings. Ég mun ekki kæra mig um að tefja fyrir málinu með umræðum, en greiði atkv. á móti því.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég er með 1. gr. og tel hana geta verið nauðsynlega. En aftur á móti er ég algerlega á móti 2. gr., og mun við 3. umr. bera fram brtt. um, að hún falli burt. Ég mun þess vegna láta afskiptalaust, þótt málinu verði vísað til 3. umr. En ef mín brtt. verður ekki samþ., þá mun ég verða á móti frv. í heild sinni.

Guðrún Lárusdóttir: Þá er búið að undirbúa þetta mál. Hv. Nd. hefir haft það til meðferðar, og það er komið frá þeirri deild hingað, og á auðsjáanlega að ganga fram, sem betur fer.

Annars er alleinkennilegt að heyra prófasts- og prestssoninn hér í deildinni beita sér svo eindregið móti svona frv. Ég hugsa til þess, er ég sat í Hólakirkju og hlustaði á ágætismanninn sira Zóphónías Halldórsson í Viðvík, þar sem hann talaði af sinni hreinu trú og sálargöfgi, og mundi mig þá ekki hafa dreymt fyrir því, að sonur hans ætti eftir að standa upp hér á Alþingi til að ráðast á jafnsjálfsagt mál og það að láta þá embættismenn þjóðarinnar, sem þjóðin getur sízt án verið, fá þau laun, sem þeim ber, því að sannarlega er ekki farið fram á neitt annað í frv. Það er farið fram á, að í prestaköllum, sem eru afskekkt og hafa erfiða staðhætti, megi borga prestinum full laun strax, en hann sé ekki dreginn á launahækkun lengi, þangað til einhver sérstakur tími er kominn. Hv. þm. sagði, að þjóðin væri allt of fátæk til að takast slíka útgjaldaaukningu á hendur, sem frv. mundi leiða af sér, og að margt annað væri þarfara. Það verður nú sjálfsagt alltaf álitamál, hver þarfasta verkið vinnur í einu þjóðfélagi. Og því er stundum þannig háttað, að störf verða hvorki með tölum metin né á vogar vegin. En ekki veit ég, hvort í fljótu bragði er hægt að benda á þarfari starfsmenn en læknana og prestana. Og ég hygg, að þessar tvær tegundir embættismanna séu þær stéttir, sem frá öndverðu hafa mest og bezt þolað súrt og sætt með íslenzku þjóðinni. Eða vill hv. þm. mótmæla því, að það sé prestastéttin íslenzka, sem lengst og bezt hefir staðið með alþýðufólkinu í sveit og bezt stutt að menningu þess og menntun? Stefnu hans um það að vilja láta menn vinna sig upp í fulla launahæð, skal ég ekki hreyfa við; það er aukaatriði fyrir mér. En stefna hans að verulegri prestafækkun gegnir öðru máli. Ég held, að hv. þm. mundi yfirleitt ekki gera íslenzku þjóðinni neinn sér-

stakan greiða með því að beita sér fyrir því sem fulltrúi hennar að fækka þessum embættismönnum til muna, eins og hann segist helzt vilja. Ennfremur segir hann, að kröfur fólksins hafi breytzt í þessu efni, og skildist mér hann eiga við, að kröfur fólksins um að fá að hafa presta yfirleitt færu minnkandi. Fólkið kærði sig ekki lengur um þessa embættismenn. Það er nú ekki afskaplega langt síðan fyrir þinginu lá frv. um verulega prestafækkun. Það var ekki samþ., en sent til umsagnar safnaðanna úti um landið. Það komu svör viðsvegar að. Og þau svör bentu yfirleitt ekki á, að fólkið hér í landinu óskaði eftir, að prestum fækkaði. Að vísu sagði hv. þm., að það væri ýmislegt annað en prestsþjónustan, sem fólkið seildist eftir, þegar það vildi hafa prest, — prestsþjónustuna stæði því á sama um, skildist mér. En er hann nú svo öldungis viss um það, þessi hv. þm., að það séu ekki æðimargir í byggðum landsins, sem einmitt meta prestsþjónustuna, starf prestsins sem prests, slíks, að þeir vilja alls ekki missa hann? Prestarnir hafa lengst af verið í raun og veru einu menntuðu mennirnir í hverri sveit, og þess vegna hafa þeir oft og einatt með ráðum og dáð staðið bezt að því, sem krafizt hefir þekkingar. Ég játa, að þetta er nú töluvert breytt, því að menntun manna hefir aukizt almennt, og við eigum meiri kost á þekkingarmönnum til ýmissa starfa heldur en fyrir hálfum mannsaldri. En þetta út af fyrir sig sannar ekki það hjá þm., að það sé prestsþjónustan, sem fólkið hirðir ekki um. Ég vil leyfa mér að kalla það sleggjudóm, þegar hann segir, að fólkinu sé sama um þetta. Við skyldum koma norður í Hjaltadal og kynna okkur það fólk, sem var ungt á þeim dögum, þegar það naut prestsþjónustu hins ágæta föður þessa þm. Við skyldum spyrja þetta fólk, það sem enn er ernt og hefir ósljóvgaða hugsun, hvort það hefði kosið það á þeim tíma, að séra Zóphónías hefði farið burt. Hv. þm. getur sagt, að þetta sé liðin tíð, þetta hafi verið sérstakur maður og sérstakt fólk. En þannig er það bara á öllum tímum. Ég er alveg viss um, að það er ekki einn einasti söfnuður á Íslandi, þar sem það fólkið er ekki fleira, sem óskar eftir prestsþjónustu, heldur en hitt, sem ekki óskar þess. — Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, en ég vildi láta þessa skoðun mína koma hér fram.

Þá sagði hv. þm. eitt, sem mér fannst ekki bera vott um mikla lýðræðisstefnu, sem sí og æ er þó verið að klifa á nú á dögum. Hann vill sameina prestaköll án þess að ráðfæra sig nokkuð við söfnuðina. M. ö. o., hann vill svipta söfnuðina því að geta sagt álit sitt um málið.

Páll Zóphóníasson: Hv. 2. landsk. talaði eiginlega ósköp lítið um frv., sem liggur fyrir, og hvað það snertir þarf ég litlu að svara. Hún féllst þó á, eða vildi láta liggja milli hluta, að rétt væri, að allir, sem í embætti færu, kæmust strax á hæstu laun. En í því sambandi hefir hv. þm. ekki séð greinaskilin milli 1. og 2. gr., því að hún talaði um, að l. gerðu einungis ráð fyrir því að veita prestum í fámennum prestaköllum strax þessi hæstu laun, og virðist þá hafa lesið 1. gr., en ekki athugað, hvað stendur í 2. gr. Ég vildi, að hún hefði lesið áður en hún talaði í málinu, þá hefði hún ekki lent í þessum ógöngum með prestana.

Hv. þm. minntist mjög lofsamlega á föður minn, og skal ég ekkert úr því draga. En í því sambandi talaði hún um, að mjög fjarri lagi væri hjá mér, að kröfur til presta hjá fólki væru breyttar. Hvernig er þetta í gömlu sókninni, þar sem ég er fæddur? Var það ekki svo, að faðir minn væri sóttur svona einu sinni eða tvisvar í mánuði til að þjónusta menn? Þetta varð hann að fara ríðandi. Hvernig er þetta nú? Presturinn, sem nú situr, hefir líklega þjónustað tvisvar, og það heima hjá sér, síðan 1908. Eru þetta sömu kröfur og gerðar voru áður? Svona má fara hringinn í kringum landið. Það eru allt aðrar kröfur heimtaðar og þar af leiðandi miklu færri presta þörf. Mér er þetta ákaflega vel kunnugt. Ég hefi komið í allar sóknir landsins, og þetta hefir ákaflega víða borizt í tal. Og ég get flokkað prestana í þrjár tegundir hér á landi, og fólkið í kringum þá. Ég vil lofa hv. 2. landsk. að heyra það, því að það er sannleikur. Það eru nokkrir prestar, ég held þeir nái ekki tíu, — líklega eru þeir kannske 11—12, sem söfnuðirnir hafa ekki minna dálæti á en var í þá góðu og gömlu daga, sem hv. 2. landsk. talaði um í Víðvíkursókn. Þetta eru menn, sem söfnuðurinn lítur mjög upp til (**MJ:** Hverjir eru þessir menn?) og hefir ákaflega gaman af að hlusta á. Vera kann, að hv. 1. þm. Reykv. lifi það að fá að sjá skýrslu um þetta. Það er ekki búið að prenta hana, en hefir verið barizt fyrir því á undanförnum þingum og lítur út fyrir, að það fáist nú.

Ég ætla, að það séu svo þrír prestar, sem af hv. 1. þm. Reykv. og mér og ýmsum öðrum eru taldir rétt meðalmenn eða varla það í sinni stöðu, en eru samt í mjög miklu afhaldi í sínum söknum, og sem gera þar ýmislegt fleira en prestsverk. Þeir t. d. skrifa bréf fyrir ýmsa í sókninni og ýmislegt annað. Þeir eru ósköp líkt fyrir þessar söknir og prestarnir voru fyrir 40—50 árum, og eins og þeir enn lifa í endurminningu hv. 2. landsk. Síðan kemur hinn stóri hópur, sem mönnum er nokkurn veginn sama, hvort þeir hafa eða ekki. Þegar talað er um þetta við þá, — já, jú, — ójú, þeir láta þetta hlutlaust; það er ekki meira. Hv. 2. landsk. lagði mikið upp úr áskorunum, þegar málið lá fyrir þinginu 1934 og 1935. Sem sýnishorn af því, hvað mikið má upp úr þeim leggja, skal ég segja þetta um eina áskorun: Það flytur prestur úr prestakalli, þar sem ekki er nema ein kirkja. Honum var veitt annað prestakall. En í fyrra prestakallið kom enginn prestur, og er ekki kominn. Árið eftir að presturinn fór var útlit fyrir, að það yrði erfiðleikum háð að byggja prestssetrið. Það fékkst á það enginn maður, sem menn voru ánægðir með. Þeir skrifuðu mér og báðu mig að sjá um það, að ákveðinn maður, sem þeir nefndu, fengi lífstíðarábúð á prestsetrinu; þeim var ekki nein þægð í presti. Þeim nægði þjónusta nágrannaprestsins, sem gat vel annazt starfið, en þó átti hann heila dagleið að sækja. Ég talaði um þetta við ráðherra og biskup. Þeir sögðu, að ekki kæmi til mála, að á prestssetrinu yrði veitt þannig lífstíðarábúð. Svo fékk ég því til leiðar komið, að bóndinn,

sem var á jörðinni, fékk hana til ábúðar, með því að standa upp þegar presturinn kæmi. En hann taldi þá nokkurn veginn öruggt, að ekki kæmi prestur. Árið eftir sendi nefnd, kosin af Prestafélagi Íslands, mann með undirskriftaskjal um það að óska eftir presti. Undir það skrifuðu allir sömu mennirnir og áður höfðu skrifað undir hina óskina. Þegar maður hefir þessi gögn bæði í höndum, þá verður hv. 2. landsk. að fyrirgefa, þó að maður leggi ekki afar mikið upp úr þeim og viti ekki almennilega, hvað menn meina með þessum undirskriftum. Þegar einhver maður segir já í dag og nei á morgun, þá veit ég ekki, hvort hann meinar frekar já eða nei.

Annars þarf ég ekki að lýsa minni afstöðu til prestanna. Það liggur ekki fyrir almennt. En það liggur fyrir á öðrum stöðum í Alþingi, að ég tel, að kirkjumálum þjóðarinnar og prestunum sé gerður óhemju greiði með því að fækka prestum og síðan gera prestunum mögulegt að lifa sæmilega í sinni stöðu, jafnframt því að skapa möguleika til að hafa sæmilegt verkefni að vinna. Því að það er ekkert verkefni fyrir mann að sitja í söfnuði, þar sem er ein lítil kirkja og kannske á annað hundrað manns í sókninni, eins og sumstaðar er. Þeir, sem eru svo ólánssamir að fara ungir á slíka staði, þeir hafa forpokazt og ekki orðið neinir prestar. En svo hefði ekki þurft að fara, ef þeir hefðu haft almennileg verkefni að vinna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 493, 535).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Einnig var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 535. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 535 felld með 9:2 atkv.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

50. Lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Á 62. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (þmfrv., A. 439).

Á 66. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Frv. þetta er flutt af allshn., en lögreglustjórinn í Reykjavík hefir samið frv. og skrifað með því bréf, þar sem hann óskar sérstaklega eftir, að frv. gæti orðið að l. á þessu þingi. Það er raunverulega þrennt, sem óskað er eftir í frv., að setja megi í lögreglusamþykktir með bæjarstjórnarsamþykkt. Fyrsta atriðið er, að setja megi reglur í lögreglusamþykkt um sölu og dreifingu hverskonar varnings utan sölubúða og að einstakar vörutegundir megi aðeins selja í búðum, sem fullnægja vissum skilyrðum. Þetta atriði er til komið vegna þess, að allmikið hefir þótt bera á því nú sem stendur, að allskonar varningur sé borinn um og boðinn til sölu hér í bænum, auk þess sem allskonar vörur eru seldar á götunum, og margt af því eru vörur, sem heilbrigðisyfirvöld bæjarins hafa sett reglur um, að hafa ætti sérstakt hreinlæti við sölu þeirra. Ef farið er almennt að selja á götunum vörur, sem búið er að setja sérstakar reglur um, þá verður að setja enn strangari reglur þar að lútandi. Um heimild til að setja þetta í lögreglusamþykkt er aðeins beðið til þess að útiloka, að seldar verði slíkar vörur á götum bæjarins. Hefir sérstaklega verið óskað eftir, að þetta atriði yrði lögfest, bæði af félagi matvörukaupmanna, Alþýðubrauðgerðinni, félagi íslenzkra iðnrekenda, bakarasveinafélaginu, bakarameistarafélaginu og félagi stórkaupmanna. Allir þessir aðiljar, sem hafa sérstaklega með þetta að gera, hafa óskað eftir því með bréfum sínum til lögreglustjórans, og því hefir lögreglustjóri óskað eftir þessum lögum.

Í öðru lagi er óskað eftir heimild til að setja í lögreglusamþ. ákvæði um, að leyfi bæjarstjórnar þurfi um, hvort hafa megi fasta afgreiðslu bifreiða og annara flutningatækja á tilteknum stað eða í tilteknu húsnæði. Það er svo, að þótt mikið af Íslandi virðist vera óbyggt, þá eru erfiðleikar á að koma fyrir bifreiðastæðum í miðbæ Reykjavíkur. Virðist sjálfsagt að reyna að fá þetta ákvæði í lögreglusamþykkt, svo hægt sé að hlutast til um, að stöðvarnar séu ekki settar á óheppilega staði.

Í þriðja lagi er óskað eftir heimild til að setja í lögreglusamþ. ákvæði um, að hafa megi eftirlit með, hvar ljósaauglýsingar og skreytingar megi setja upp á almannafæri. Virðist mér sjálfsagt að setja um það reglur, því að það er ekki lítið atriði, að ekki séu leyfðar aðrar auglýsingar en þær, sem eru sæmilega smekklegar, svo ekki sé lýti að þeim. Vil ég því leyfa mér að flytja þau skilaboð frá lögreglustjóra til hæstv. forseta, að hann reyni að koma þessu máli sem fyrst í gegnum hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþykkt með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 564).

---

51. Vatnalög.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 (þmfrv., A. 405).

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Frv. um þessa viðbót við 46. gr. vatnalaga frá 1923 er flutt eftir beiðni landþurrkunarfélags Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu, sem var veitt fé til þess að koma upp samáveitu á Safamýri, en þarf ábyrgð sýslunefndar til þess að geta fengið nauðsynlegt fé til þessara framkvæmda. Er því í þessu frv. svo ákveðið, að ef sýslunefnd tekur að sér að ábyrgjast slíkt lán, þá hafi sýslusjóður tryggingu í þeim jörðum, sem á áveitusvæðinu eru og áveitunnar njóta, þó þannig, að laust sé til frjálsra afnota fyrir jarðeigendur sem svarar ⅗ virðingarverðs hverrar jarðeignar, samkv. mati áður en áveitufyrirtækið var hafið. Það má geta þess, að alveg hliðstætt ákvæði var í l. um Flóaáveituna frá 1917.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr., þegar þessari er lokið, og til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 455).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefir orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. N. telur sjálfsagt að heimila sýslunum í svona tilfellum að ganga í ábyrgð fyrir lánum, sem nota á til að standa straum af kostnaði við samáveitu. Sá n. enga áhættu því samfara. Frv. er sérstaklega fram borið vegna framkvæmda á þessu sviði, sem verið er að gera í Rangárvallasýslu af landþurrkunarfélagi Safamýrar. Mér er kunnugt um, að þetta er eitt hið mesta þarfafyrirtæki fyrir það byggðarlag, sem að því stendur, og verður að telja sjálfsagt að styðja það. Vænti ég, að hv. d. verði sammála hv. landbn. um, að frv. beri að samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 524).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mál þetta var til 2. umr. í gærkvöldi hér í hv. d., og þá var það, að ég vék mér fram á gang í miðjum umr. um næsta mál á undan, og leit þá ekki út fyrir, að þeirri umr. yrði bráðlega slitið. En þegar ég kom aftur inn eftir 1—2 mín., þá var byrjað á atkvgr. um þetta mál. Ég átti að hafa framsögu í málinu, en umr. hafði þá verið slitið í miðju kafi í næsta máli á undan, og engin tilraun hafði verið gerð til að gera mér aðvart um, að þetta mál yrði tekið fyrir þá strax á eftir. En það hefir verið venja hér, og forseti Nd. hefir líka þá venju jafnan, að gera frsm. viðvart, þegar mál eru tekin fyrir, sem þeir hafa framsögu í. Hæstv. forseta er kunnugt um, að ég fer ekki út úr Alþ. á meðan á fundi stendur í d., nema með leyfi hans. Þó þetta kæmi ekki að baga, þá er það samt búið að svipta mig því öryggi, sem ég áður þóttist hafa um það, að forseti gerði mér sem frsm. aðvart um þau mál, sem ég á að hafa framsögu í, áður en þau eru tekin fyrir. Það má kannske segja, að ég hefði átt að sitja í d. meðan á fundi stæði. En það eru margir, sem syndga í þeim efnum og víkja í burtu.
En svo ég víki mér að frv. sjálfu, þá er um það að segja, að landbn. er sammála um að mæla með því, að það verði samþ. Í raun og veru er þessu máli þannig varið, að sýslunefndum er ekki gert nauðsynlegt að fá sérstakt leyfi stjórnarvalda til þess að ganga í ábyrgð fyrir lánum, sem fengin eru fyrir samáveitur í sýslunni. Ég veit, að þetta er nokkur hjálp og liðlegheit við þessar samáveitur, en það er yfirleitt engin hætta fyrir héraðsstjórnina, því ég geri ráð fyrir, að flestar héraðsstjórnir gæti sín jafnan um þessar ábyrgðir sem aðrar, enda er það í flestum atvikum og ef það er sæmilega undirbúið, að þessar áveitur lifga upp héraðið og hjálpa því. Það er sízt ástæða fyrir löggjafann að hindra það, að þetta sé gert sem liðlegast, og þess vegna teljum við rétt að samþ. þetta frv. óbreytt.

Forseti (EÁrna): Ég bjóst ekki við því, að hv. 6. lands. myndi fara að veita mér ákúrur fyrir, að ég lét þetta mál, sem hér um ræðir, ganga í gegnum 2. umr., þegar enginn úr hlutaðeigandi n., sem hafði haft málið til meðferðar, kvaddi sér hljóðs. Þetta mál er lítið og einfalt og hefir gengið í gegnum Nd. og gengið hér í gegn alveg ágreiningslaust. Það er svo á þessum síðustu dögum þingsins, að mál ganga venjulega með meiri hraða en á öðrum tímum þingsins, en þess vegna virðist í raun og veru engin ástæða til þess að draga mál, sem er jafneinfalt eins og þetta mál er og enginn ágreiningur er um. Ég hefi það fyrir venju að gefa frsm. orðið, eða einhverjum öðrum úr n., ef frsm. er ekki við. Hvorugur hinna nm. hafði óskað eftir því að taka til máls, enda var enginn ágreiningur um málið.
Annars sé ég ekki ástæðu til, út af jafnlitilfjörlegu atviki, að taka þetta neitt frekar til meðferðar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 573).

---

52. Stimpilgjald.

Á 62. fundi í Ed., 5. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (þmfrv., A. 437).

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ástæðurnar til þess, að þetta frv. er borið fram, eru teknar fram í grg., sem fylgir því, og verð ég að láta nægja að vísa til þess, sem þar stendur, og ljúka máli mínu, til þess að þetta frv. geti gengið áfram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 437, 537).
Of skammt var liðið frá 2. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 537. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Brtt. sú, sem hér er flutt, fer aðeins fram á það, að í stað þess, að ríkisstofnanir hafa verið skyldaðar til að nota stimpilmerki á ávísanir, þá sé þeim nægilegt að setja á ávísanirnar stimpil, sem er auðkennandi fyrir þær ávísanir, sem frá þeim koma.
Ég vona, að hv. þm. geti fallizt á þessa brtt., þar sem hún er aðeins til sparnaðar.

ATKVGR.
Brtt. 537,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 537,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 537,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og l. nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við þau.

Á 29. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 552).
Á 73. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 574).

---

53. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán (þmfrv., A. 344).

Á 56. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt var liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og fyrir liggur í opinberum heimildum, hefir á síðustu áratugum verið flutt inn æðimikið lánsfé, og eins og getið er um í grg. þessa frv., námu erlendar skuldir á árinu 1925 tæpum 40 millj. kr. samkvæmt skýrslum hagstofunnar, en í árslok 1934 voru þær taldar 83½ millj. Með öðrum orðum: það hefir á þessum árum verið flutt inn lánsfé umfram afborganir um 40 millj. kr. Nú hefir á þessu tímabili verzlunarjöfnuðurinn verið hagstæður um 2½ millj. kr. að meðaltali á ári. Eins og sjá má hafa skuldirnar aukizt um rúmar 4 millj. kr. á ári nú síðustu árin. Í árslok 1936 eru skuldirnar, samkvæmt upplýsingum hagstofunnar, um 90 millj. kr., og svarar það til þess, að þær hafi aukizt síðan í árslok 1934 um 6½ millj., og er það nálega sama upphæð og tekin hefir verið til láns vegna Sogsvirkjunarinnar. Á þessu má sjá það, að sú mikla breyting hefir hér gerzt, að innflutningur erlends lánsfjár hefir stöðvazt mjög svo, miðað við það, sem áður var. Verzlunarjöfnuðurinn hefir á þessum árum breytzt frá því að vera óhagstæður um 4 millj. 1934 í það að vera hagstæður um 7 millj. á síðasta ári. Þrátt fyrir þessa breytingu hafa gjaldeyriserfiðleikarnir verið miklir, eins og mönnum er kunnugt, og þarf ekki að tala langt mál um það. En þetta stafar fyrst og fremst af því, hversu geysileg stefnubreyting hefir orðið um innflutning lánsfjár, miðað við það sem áður var. Auk þess hefir meðalútflutningur okkar lækkað verulega á sama tíma. Ef við nú athugum þessi mál nánar, þá kemur það í ljós, að ef ekkert lánsfé væri flutt inn, þá mundum við þurfa að flytja út árlega um 4,5 millj. kr. í afborganir erlendra lána. En ef þannig væri að farið, þá mundi það svara til þess, að við mundum geta greitt skuldir okkar upp á 20 árum. Nú liggur það beinlínis fyrir að gera sér það ljóst, hvort það mundi vera kleift fyrir okkur að vera án þess að flytja inn erlent fjármagn og hvort þjóðin muni nú geta gerzt útflytjandi fjármagns í allstórum stíl, þar sem hún fram að þessu hefir í hinum mestu góðærum verið innflytjandi fjármagns. Ef menn athuga þetta, þá held ég, að engum geti blandazt hugur um, að það muni verða ofraun fyrir þjóðina, að fara nú að gerast útflytjandi fjármagns í verulegum mæli. Af þessum ástæðum hefir stj. ekki þótt annað fært en að fara fram á að fá lántökuheimild frá Alþingi. Það er ætlazt til samkvæmt frv., að lántakan fari fram á 3 árum, ef gjaldeyrisástæður gera slíkt nauðsynlegt, en nú þegar yrði leitazt fyrir um 5 mill. kr. lán. Þar af á ein millj. að ganga til verksmiðjubyggingar á Raufarhöfn. Það er

þannig gert ráð fyrir því, að mikill hluti af afborgunum hinna föstu lána yrði á þessu ári — og e. t. v. tveim næstu — greiddur af hinni erlendu lántöku. Þetta er, eins og menn sjá, byggt á því, að ekki þykir líklegt, að þjóðin geti verið án þess gjaldeyris, sem þyrfti til þess að greiða niður eldri lán.

Allir þekkja erfiðleika þá, sem verið hafa undanfarin ár, og þó að síldveiðin hafi gengið vel, þá hefir það ekki vegið upp nema nokkurn hluta af því útflutningsverðmæti, sem tapazt hefir, vegna þess, hve þorskveiðarnar hafa gengið illa. Þar að auki hefir kostnaðurinn við síldveiðarnar verið gífurlegri heldur en ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi yfirleitt gert sér ljóst.

Ég lít þannig á, að sjálfsagt sé fyrir okkur Íslendinga að leita nú fyrir um lántöku í því skyni að geta staðið fyllilega í skilum við alla okkar lánardrottna. Sú skoðun byggist á því, að það verða að teljast alveg óvenjulegir erfiðleikar, sem við undanfarið höfum átt við að stríða, og því beri ekki að líta svo á, að þetta ástand gefi til kynna, að við í framtíðinni ekki getum staðið við okkar skuldbindingar. Þvert á á móti er full ástæða til að líta svo á, eftir því, hvernig okkur hefir gengið að mæta vandræðum síðustu ára, að við getum vel staðið í skilum með allar okkar skuldbindingar, án þess að gengið sé of nærri þjóðinni í venjulegu árferði.

Nú má kannske segja, að óþarfi hefði verið fyrir ríkisstj. að fara fram á hærri lánsheimild heldur en hún ætlar sér að nota mest á þessu ári, þ. e. a. s. 5 millj. kr., og ég þykist vita — enda hefir það þegar komið fram —, að ekki muni standa á andstæðingum ríkisstj. að halda því á lofti, að ætlunin sé að taka 12 millj. kr. lán. En þetta skiptir ekki máli fyrir mig, heldur hitt, að það er eðlilegt, að gert sé ráð fyrir því, og að menn búi sig undir það, að þessir erfiðleikar geta haldizt nokkuð enn, og þess vegna tel ég rétt, að heimild sé til fyrir ríkisstj. — hver sem hún verður — á árunum 1939—40, til þess að taka lán upp í afborganir eldri skulda, ef gjaldeyrisástandið gefur tilefni til þess. Ég lít einnig þannig á, að réttast sé, þegar farið er að gera þessi mál upp, að um leið og gengið er frá því láni, sem tekið yrði á þessu ári, sé unnið að því að undirbúa jarðveginn fyrir lánsútveganir 1939—40, ef gjaldeyrisástandsins vegna verður óumflýjanlegt að grípa til þess þá. Hitt er svo annað mál, að það geta komið þær ástæður fyrir, sem gerðu það að verkum, að slíkt yrði ekki alveg óumflýjanlegt. T. d. gæti það komið fyrir, að innflutt væri lánsfé til einhverra nýrra framkvæmda í svo stórum stíl, að það létti gjaldeyrisástandið. Einnig gæti það mjög auðveldlega komið fyrir, að aflabrögð glæddust mjög verulega, og þá væri hægt að gera sér hinar beztu vonir um, að sæmilega væri hægt að sjá þessum málum borgið án lántaka. Ég vil t. d. bara kasta því fram, mönnum til athugunar, hver geysilegur munur væri á aðstöðu okkar nú, ef verðlðin gæfi þó ekki væri nema 40—45 þús. smál. af fiski, með öðrum afurðum, sem þá kæmu í land um leið, svo sem lifur o. fl. Ef við athugum, hver útflutningur þessara vara hefir verið síðustu tvö árin, þá hlýtur það að gefa okkur hinar beztu vonir um, að þótt erfiðlega hafi gengið um skeið, þá sé þar með engu slegið föstu um, að það þurfi að verða svo í framtíðinni.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að notkun lánsins, þó að það sé raunar gert mjög ýtarlega í grg. frv.

Ríkissjóður sjálfur á ekki að greiða af sínu fé nema rúma millj. af þeim afborgunum, sem gert er ráð fyrir að greiða af lánsfénu. Hitt er gert ráð fyrir, að gangi til þess að greiða afborganir af lánum banka, bæjar- og sveitarfélaga og þeirra, sem ríkisábyrgð hafa. En enda þótt þessu sé svona farið, þá þykir það einfaldast og eðlilegast, þar sem svo stendur á, að þessi lántaka fer fram vegna erfiðleika þjóðarinnar í heild, að það sé ríkissjóður, sem aðili verði í málinu og selji hinum aðiljunum gjaldeyrinn. En þá kemur sú spurning, hvað ríkissjóður eigi að gera við andvirði gjaldeyrisins, þ. e. a. s. þann hluta, sem til hans rennur. Þá er það mín skoðun, að þetta eigi ekki að vera eyðslueyrir fyrir ríkissjóð, heldur sé réttast að leggja þetta í sjóð til ávöxtunar og nota síðan til þess að greiða aukaafborganir af skuldum ríkissjóðs, þegar gjaldeyrisástandið kynni að leyfa.

Nú býst ég við, að menn hafi tekið eftir því, að í frv. sjálfu er ekkert ákvæði um það, hvernig fé skuli nota, og er það venjan að hafa það svo í frv. um lánsheimildir, til að málið liggi sem einfaldast fyrir erlendum lánardrottnum. En hinsvegar er það föst venja orðin, að í grg. frv. sé þetta nákvæmlega tiltekið og jafnframt yfirlýst af hlutaðeigandi ráðh., að hann skoði það jafnbindandi eins og það væri í lögunum sjálfum. Og mér vitanlega hefir engin stj. brugðið út af því að nota fé eins og grg. sagði fyrir um. Nú stendur að vísu sérstaklega á, þar sem ríkisstj. á að fá inn verulega upphæð fyrir sölu gjaldeyris. Átti ég þess vegna sérstaklega tal um það atriði við formenn Alþfl. og Sjálfstfl., hvort þeir teldu ástæðu til, að um það væru sérákvæði lögfest, en ekki látið nægja það, sem í grg. stendur. En þeir töldu það ekkert höfuðatriði og kváðust ekki mundu gera neinar aths. við þetta. Ég skal þó strax lýsa því yfir, að samið yrði sérstakt frv. um það, hvernig með þetta fé skuli farið, eftir þeim línum, sem lagðar eru í grg., ef óskir skyldu koma fram um það frá hv. þm.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta mál, en vil þó aðeins taka það fram að lokum, eins og reyndar er gert í grg. frv., að við þurfum að sjálfsögðu á öllum möguleikum að halda til þess að færa niður innflutninginn, þótt þetta frv. verði samþ., bæði vegna þess, að okkur ríður á að losna við þær ógreiddu kröfur, sem hér liggja, af því að gjaldeyri vantar fyrir þeim, og eins vegna þess, hversu mjög óskyggilega lítur út fyrir með aflabrögð og þar af leiðandi útflutning sjávarafurða á þessu ári. Af þessum tveim ástæðum ríður okkur ekki minna en áður á því að færa niður innflutninginn, enda mun það verða gert, eins og fyrirhugað hefir verið, þrátt fyrir það, þótt lán þetta, sem hér er gert ráð fyrir, yrði tekið að einhverju eða öllu leyti.

Ólafur Thors: Sjálfstfl. hefir ekki haft tækifæri til þess að taka endanlega afstöðu til þessa máls, og ég mun þess vegna ekki við þessa umr. fara ýtarlega út í neitt annað en höfuðefni frv.

Ég vil þá fyrst geta þess, að það er nokkuð langt um liðið frá því, að hæstv. fjmrh. skýrði mér frá, að hann hefði í hyggju að bera fram frv. sem þetta, og léði hann mér til athugunar grg. þá, sem nú er, að litlu eða engu breytt, prentuð með þessu frv. Og það mun hafa verið á föstudaginn var, sem hæstv. ráðh. óskaði eftir því við mig, að ég tilkynnti Sjálfstfl. þessa fyrirætlan hans, og það hefi ég gert. En flokknum hefir hinsvegar ekki unnizt tími til þess að taka endanlega ákvörðun um málið.

Ég get ekki leynt því, og sé heldur ekki ástæðu til þess að fara dult með, að það er mín skoðun og annara sjálfstæðismanna, að ef sú stefna hefði ríkt í stjórn landsins, sem við sjálfstæðismenn teljum farsælasta, þá mundi ekki hafa orðið þörf fyrir þetta lán, sem nú er rætt um að taka. Ég býst við, að Sjálfstfl. hefði freistað þess að halda áfram þeirri stefnu í fjármálum, sem sú stjórn Sjálfstfl., er með völdin fór 1924—1927, fylgdi. Af því mundi hafa leitt, að ríkið hefði gert miklu minni kröfur til skattborgaranna, en það hefði hinsvegar haft þá öllum skiljanlegu afleiðingu, að gjaldeyrisþörfin hefði orðið minni.

Það er einnig skoðun mín og annara sjálfstæðismanna, að ef við hefðum farið með völdin í landinu, þá mundi meira framtak hafa verið í atvinnulífinu. M. ö. o., við lítum þannig á, að hinar margvíslegu hömlur og höft, sum nauðsynleg og önnur ónauðsynleg, hafi orðið til þess að lama framtakið í ríkara mæli heldur en vera mundi, ef stefna okkar hefði ráðið hér á landi. Við teljum þess vegna, að ef við hefðum farið með völd, hefði annarsvegar verið minni gjaldeyrisþörf, vegna minnkandi eyðslu hins opinbera, en hinsvegar meiri gjaldeyrisframleiðsla, ef svo mætti að orði komast, og að þess vegna hefði ekki þurft að grípa til þessa láns, sem nú er verið að ræða um. — En þetta er náttúrlega hlutur, sem menn geta deilt um, og má vel vera, að andstæðingar okkar hafi um það aðrar hugmyndir en við, en það raskar náttúrlega ekki því, að þetta er okkar skoðun, og við teljum hana byggða á fullum rökum.

En það þýðir ekki um þetta að tala; það er komið, sem komið er. Og það er engum vafa undirorpið, að hver einasti maður, sem fylgist með fjárhagsástandi landsins, viðurkennir, að við eigum nú í hinum mestu þrengingum, sem að vísu sumpart má rekja til atburða, sem engin ríkisstj. fær við ráðið, eins og t. d. aflabrests á vertíðinni, sem hæstv. ráðh. gerði að sérstöku umræðuefni. En í því sambandi má þó athuga tvennt. Annarsvegar það, að úr því að við misstum sölumarkaðinn í jafnríkum mæli og raun er á, þá hefði það heldur ekki reynzt eingöngu til gæfu, ef þorskaflinn hefði verið svipaður eins og hann var á árunum 1930—1934. Það hefði að minni hyggju leitt beinlínis til mikilla erfiðleika, þótt þeir hefðu verið allt annars eðlis heldur en þeir, sem við nú eigum við að stríða. Og ég veit, að hv. þm. skilja, að það hefði verið lítill fengur fyrir okkur Íslendinga að afla mikils þorsks, ef hann hefði reynzt óseljanlegur. En sérstaklega hefði slíkt verið erfitt viðfangs og örlagaríkt ef í stað aflabrests á sviði þorskveiðanna hefði komið aflabrestur á sviði síldveiðanna, en það er svo fjarri því, að síldin hafi brugðizt, að hún hefir þvert á móti fullkomlega bætt upp aflabrestinn á þorskveiðunum. Sá munur hefði þar á verið, að þorskurinn hefði verið framt að því óseljanlegur, en síldin hefir verið seljanleg. En þótt þetta sé svona, þá raskar það ekki hinu, að við erum nú í mjög erfiðum kringumstæðum með að fullnægja gjaldeyrisþörf þjóðarinnar, og skal ég, án þess að fara að ræða nokkuð verulega, aðeins taka tvö mjög nærtæk dæmi.

Svo sem vitað er, þá er hér fremur tregur þorskafli í bugtinni fyrir aðra báta en þá, sem geta veitt með netum. En þess er enginn kostur að fá keypt þorskanet hér á landi, og stafar það ekki af neinni fávizku hjá þeim mönnum, sem um þau mál fjalla. En afsökun sína hafa þeir í því, að gjaldeyrisþörfin er svo mikil, að menn reyna að hlíðra sér hjá að kaupa annað en það, sem er augljós þörf fyrir, en þörfin í þessu efni er hinsvegar nokkuð á huldu, þar til fram á vertíð er komið, og því hefir það mætt afgangi.

Annað dæmi er enn skýrara, og ég nota það í aðfinnsluskyni við hæstv. fjmrh. Mér er sagt, að það skorti mikið á, að grænmetisverzlun ríkisins hafi haft nægilega mikla aðdrætti á útsæði, svo að menn geti sáð eftir því, sem þeir óska. Það eru náttúrlega vandræði, að slíkt skuli henda. Ríkið hefir sjálft áskilið sér einkarétt til þessarar verzlunar. Og ef það er í raun og veru svo, að það standi undir þeirri skyldu, sem af slíkum einkarétti leiðir, á þann hátt, að ekki einu sinni þeir, sem fyrirfram hafa pantað útsæði, geti fengið það — hvað þá hinir —, þá er engin afsökun til fyrir þessu önnur en sú, að gjaldeyririnn sé af svo skornum skammti, að jafnvel ríkustu nauðsynjar þjóðarinnar verði að vera útundan. Ég hygg nú samt, að þótt ástandið sé mjög erfitt, þá sé það ekki svo slæmt, að þetta megi henda. Ég geri ráð fyrir því, að þessi skýrsla, sem mér hefir borizt um þetta efni, sé rétt, enda er mér persónulega kunnugt um það, að forstjóri einkasölunnar hefir skýrt frá því, að hann hafi ekki fengið gjaldeyri til þess að flytja inn það, sem hann teldi nauðsynlegt í þessum efnum.

Að svo miklu leyti sem segja má, að þetta sé í beinu sambandi við það mál, sem hér er um að ræða, þá hnígur þetta í þá átt, að gera mönnum sem ljósast, að hér er í raun og veru um mikla erfiðleika að ræða, enda skal ég síðastur manna þræta fyrir, að svo sé.

Þá er það ýmislegt í grg. frv., sem ég tel hæpið og jafnvel ekki rétt, en það er aukaatriði, og ég mun ekki á þessu stigi málsins fara út í það. En svona sem dæmi um það, hvað ég tel aðfinnsluvert í þeim málflutningi, vil ég taka það fram, að auk þess, sem á það er minnzt í grg., þá gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því, að hann teldi erfiðleikana stafa af því, að við hefðum svo að segja hætt að flytja inn erlent lánsfé á árunum 1935—1937. En ég hygg, að þetta

sé ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. Hann gerði sjálfur grein fyrir því, að við hefðum flutt inn Sogslánið og auk þess nokkurn hluta þess láns, sem tekið var á öndverðu árinu 1936. En mér skilst, að höfuðmisskilningurinn hjá hæstv. ráðh. liggi í því, að hann tekur ekki tillit til þess, hversu mikið skuldir Íslendinga hafa hækkað við útlönd á þessum árum. Sjálfur telur hann í grg., að þessar skuldir séu í árslok 1934 83,5 millj. kr., og ég hygg, að það skakki ekki miklu, að þær séu nú 105—110 millj. kr. En ef það er rétt hjá mér annarsvegar, þá hefir skuldaaukningin á þessum árum orðið 22—27 millj. kr., en það er auðvitað innflutningur erlends fjár.

En að því nú er sjálft þetta frv. snertir, þá tel ég um þrennt að ræða í þessu sambandi. Í fyrsta lagi það, að hæstv. ráðh. með sínu valdi hlutast til um, að bankarnir láti þær þarfir fyrir erlendum gjaldeyri, sem hér er um að ræða, sæta forgangi, þannig að áður en allir aðrir aðiljar koma til greina, verða greiddar afborganir af ríkisskuldum, bankaskuldum og þeim skuldum, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Þetta er auðvitað leið, sem getur komið til mála, en þá verðum við að *vera reiðubúnir til þess að horfast í augu* við að skera innflutninginn þeim mun meir niður sem þessari upphæð svarar. Og hvað glæsilegt það er, má nokkuð marka af því, að það er engum vafa undirorpið, að talsvert skorti á, að það hafi orðið raunverulegur greiðslujöfnuður 1937. Það er líka bezt að hafa hliðsjón af því, að um áramót 1936—1937 voru í landinu um 10 þús. smál. af fiski, en um síðustu áramót ekki nema 2 þús. smál. Fari nú svo, að aflabrögð þessa árs fari fram úr aflabrögðum síðasta árs, sem ég ekki tel rétt að reikna með, þá skortir þarna 3—4 millj. kr. á sömu gjaldeyrisframleiðslu eins og við þó höfðum á síðasta ári. — Og enn er þess að gæta, að enda þótt síldveiðin reynist söm og á síðasta ári, þá veldur verðfall síldarinnar því, að fyrir þá framleiðslu mundum við fá a. m. k. 3—4 millj. kr. minna heldur en á síðasta ári.

Af öllu þessu er auðséð, að hafi erfiðleikarnir verið miklir í fyrra, þá benda líkur til, að þeir verði mikið meiri í ár. Þetta verðum við að hafa hugfast, þegar við gerum það upp við okkur, hvort við treystum okkur til þess að standa undir þeim afborgunum af erlendum skuldum, sem við þó reyndum að standa undir á síðasta ári. En ef við treystum okkur ekki til þess, þá má athuga utan þessa frv. tvær aðrar leiðir. Þá leið fyrst, að taka okkur sjálfsvald um greiðslufrest (moratorium) á afborgunum okkar skulda. *Nú hefi ég ekki leyfi til þess, eins og ég sagði* áðan, að kveða neitt upp um það, hvaða afstöðu Sjálfstfl. ætlar að taka til þessa máls, en ég hefi áreiðanlega leyfi til þess að lýsa því sem skoðun hans, að hann mun seinastur af öllum stuðla að því, að sú leið verði farin, að ríkið neiti að greiða afborganir af sínum skuldum, meðan nokkur önnur leið er opin. Ég er sammála þeirri skoðun, sem ég hefi orðið var við hjá hæstv. fjmrh. og öðrum, að það sé slíkt neyðarúrræði, að inn þá braut megi aldrei leggja, meðan nokkurs annars er úrkosta. Smáþjóð eins og Íslendingar verða að hafa það hugfast, að í fjármálum er dýrmætast að vera skilvís og eignast með því tiltrú. Það er engum öðrum fjársjóði fyrir að fara hjá okkur Íslendingum heldur en tiltrúnni. Við höfum til þessa reynt að standa í skilum, og okkur hefir út á við lánazt það sæmilega, þótt okkar fjárhagur sé nú mjög bágur. En ég er sannfærður um það, að við eigum allir að *leggjast á sveif* um það að *reyna* að halda uppteknum hætti og gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana.

Svo má náttúrlega taka það til athugunar, að hinir einstöku aðiljar, sem hér eiga hlut að máli, leituðu hófanna hver hjá sínum lánardrottni og reyndu að fá hans samþykki til greiðslufrests á þessum afborgunum. Það er náttúrlega á engan hátt óheiðarlegt að greiða ekki umsamdar afborganir, ef til þess kemur samþykki lánardrottins. En ég geri nú fyrst og fremst ekki ráð fyrir, að þeir mundu yfirleitt ganga inn á þetta, og í öðru lagi, þá yrði það auðvitað í miklu ríkari mæli til þess að útbreiða orðróminn um fátækt okkar heldur en ný lántaka.

Þetta er þó leið, sem mér finnst geta komið til athugunar alveg eins og að láta þessar þarfir *ganga á undan öðrum gjaldeyrisþörfum.*

Fjórða leiðin, sem hér liggur fyrir, er sú, sem frv. fjallar um. Um leið og ég hefi haldið fram, að þessi þörf væri ekki fyrir hendi, ef sjálfstæðismenn hefðu stjórnað málefnum þjóðarinnar, þá viðurkenni ég, að þörfin sé fyrir hendi.

Ég benti á, að af þeim leiðum, sem um er að ræða, sé ein útilokuð, en aðrar geti komið til greina. Ég treysti mér ekki fyrir hönd Sjálfstfl. til að taka afstöðu nú um þessar leiðir. En ég mun við 2. umr. málsins skýra frá því, hver verður endanleg afstaða okkar sjálfstæðimanna til þessa máls.

Hæstv. fjmrh. spurði, hvort rétt væri að lögfesta í sérstöku frv., hvernig fara skyldi með fé það, sem hér kemur til ráðstöfunar. Tel ég það ekki vera rétt. En hinsvegar sagði ég, að ég hefði heyrt raddir um það. Og hæstv. fjmrh. sagði, að hann væri fús til að semja um það, ef þess væri óskað. Um það getur verið að ræða við 2. umr. En min skoðun er óbreytt um það, að ég tel, að lagasetning um það hafi enga þýðingu.

Einar Olgeirsson: Í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, hygg ég, að það komi nokkuð fram, hvaða afstöðu þingflokkarnir hafa gagnvart okkar erlendu skuldum og þeirri pólitík, sem eigi að reka í því sambandi. Því að það er í raun og veru eitthvert alvarlegasta sjálfstæðismál okkar, *hvernig viðhorfið er um skuldirnar* við útlönd. Þessar miklu skuldir, sem við erum í nú, álít ég sérstaklega tilkomnar fyrir tvennt. Í fyrsta lagi á tímabilinu frá 1917 til 1922, eins og skipulagsn. atvinnumála hefir skýrt vel, söfnuðust skuldir vegna þess, að 1917 var togaraflotinn seldur, útflutningur minnkaði stórum, en innflutningur óx að krónutali, og skapast „undirballansinn“ þá af því. Sumpart stafar hann þá líka af stríðinu og sumpart af yfirgangi Bandamanna í sambandi við togarasöluna. Í öðru lagi skapast á árunum milli 1920 og 1930 mikið af okkar skuldum, vegna þeirra tapa, sem stórút-

gerðin verður fyrir, og sumpart vegna þeirrar óstjórnar, sem frá hendi bankanna á þeim tíma á sér stað, Landsbankans og Íslandsbanka. Í þriðja lagi ber því ekki að neita, að allmiklar skuldir, sem Ísland er í, hafa skapazt fyrir þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið hér á síðasta mannsaldri, þar sem landið hefir verið byggt upp frá því fyrir 20 til 30 árum, er á Íslandi var tiltölulega lítið til af mörgu því, sem nú er til hér og lyft hefir atvinnuvegunum og aukið atvinnu í landinu.

En okkur stafar mikil hætta af skuldunum við útlönd. Ekki mest fyrir það, hvað þær eru miklar. Ég er ekkert hræddur við það út af fyrir sig, því að ég býst við, að Ísland, ef möguleikar þess eru notaðir vel, stæði vel undir þessum skuldum. En sérstaklega er það hitt, sem ástæða væri fremur að óttast að skuldir þessar eru að mestu leyti, eða um ¾ hlutar þeirra, á einum stað, þ. e. við England. Af því stafar tiltölulega mikil hætta, atvinnulega og fjárhagslega. Sérstaklega álít ég þessa hættu alvarlega, þegar tekið er tillit til þess, að í áhrifamiklum stöðum, eins og stjórn Landsbankans, eru menn, sem taka mikið tillit til þeirra skoðana, sem ríkjandi eru hjá stjórnendum hinna ensku banka. Ég tel aðalhættuna liggja í því viðvíkjandi okkar skuldum, hvað þeir menn, sem valdamestir eru í okkar fjármálum (ég á þar með ekki við hæstv. fjmrh.), virðast standa í nánu sambandi við þá, sem fara með enska fjármálavaldið, eins og nokkurskonar undirtyllur þeirra.

Þegar athugað er frv. það, sem hæstv. fjmrh. leggur hér fram um 12 millj. kr. lántöku á yfirstandandi ári og næstu árum, þá er nauðsynlegt, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, á hvern hátt við getum tekið þetta lán án þess að auka þá hættu, sem nú liggur fyrir viðvíkjandi sjálfstæði landsins út á við, og verði sammála um þau skilyrði, sem þyrfti að setja fyrir því, að þetta lán verði tekið á þann hátt, að sjálfstæði landsins stafaði ekki sérstök hætta af. Ég býst við, að það sé almenn skoðun hjá þm., og við kommúnistar erum líka þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé fyrir landið að fá lán, og að ekki verði komizt út úr þeim örðugleikum, sem fyrir hendi eru, hvorki afborgunum skulda né að afla fjár til nauðsynlegra framkvæmda á næstunni, án þess að fá lánsfé inn í landið. Spurningin er þá: Með hvaða skilyrðum megum við taka lánið? Hvernig eigum við að taka lán, án þess að aukast þurfi hættan fyrir okkar sjálfstæði með vaxandi skuldum við útlönd? Fyrst og fremst þarf að leita fyrir sér um að fá þetta lán til annara landa en Englands. Ég álít, að það væri líka mjög heppilegt, að sú skoðun kæmi fram í þinginu, að það hefði mikla þýðingu fyrir okkur í sambandi við okkar lán erlendis, að þeim væri meira dreift, en þau ekki látin vera við eitt land að mestu leyti. Það er ekki vafi á því, að það er hættulegt fyrir áhrifin á fjármálapólitík landsins, að eitt stórveldi — því að við vitum, hversu náið samband er á milli ensku bankanna og ensku ríkisstjórnarinnar — hafi svo að segja úrslitaáhrifin í sambandi við okkar skuldir. Og nú er það vitanlegt, að í einu landi ætti að vera mun þægilegra fyrir okkur að skulda en í Englandi, það er í Sviþjóð. Það mundi vera tiltölulega lítil hætta á, að reynt yrði að nota sér það beinlínis pólitískt, þó að við værum þar í miklum skuldum, og hinsvegar er þar líka afarmikið framboð á lánsfé. Þar að auki höfum við tekið lán í Sviþjóð á sama tíma sem það hefir ekki reynzt mögulegt fyrir okkur að fá lán frá Englandi. Fleiri lönd geta einnig komið til greina, sérstaklega Bandaríkin. En ég held, að það væri sérstaklega nauðsynlegt fyrir okkur í þessu sambandi að leitast við að fá lán annarsstaðar en í Englandi. Og ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., ef hann hefir ekki á móti því að gefa upplýsingar um það, eins og málið liggur fyrir nú, hvort það sé ekki haft fyrir augum að leitast við að fá lán annarsstaðar en í Englandi. Ég held, að það þurfi að breyta til frá þeirri fjármálaeinangrun, sem við höfum verið í, og leita fjármálasambanda annarsstaðar.

Þá held ég í öðru lagi, að í sambandi við þetta þurfi að athuga það mjög vel, hverjir það verða, sem fengin er stjórnin á þessu lánsfé, þegar það kemur inn í landið. Nú sé ég það á grg. frv., að það er tilætlun hæstv. fjmrh., að það sé ríkisstjórnin sem slík, sem hafi sem mest með þetta lánsfé að gera sjálf, en ekki bankarnir, og ríkisstjórnin láni svo beinlínis út til bankanna, svo framarlega sem þeir standa í skilum með sínar afborganir. Ég álít þetta heppilegt, en hitt óheppilegt, að sérstaklega sá aðili, sem mest hefir haft að gera með lánveitingar undanfarið, Landsbankinn, hafi yfirstjórn þessa lánsfjár. Ég álít, að þau tiltölulega miklu völd, sem Landsbankinn hefir haft um stjórn lánsfjár, eigi að minnka, þeim eigi að hnekkja, en að það eigi að vera ríkisstjórnin sjálf, þ. e. t. s. Alþingi, sem eigi að hafa þessi völd. Ég álít mjög gott, að það kæmi skýrt fram hér á Alþ., að þetta væri vilji þess. Reynslan er ekki svo glæsileg af því, hvernig fjármálastjórn Landsbankastjórnarinnar hafi verið að undanförnu, að óskandi sé, að sú stjórn fari með þetta lánsfé.

Ég held, að það sé ekki úr vegi, þó að það heyri ekki beint undir þessar umr., að það sé athugað, hvernig farið sé með þann gjaldeyri, sem við nú ráðum yfir, og hvernig tilætlunin sé, að við förum með þann gjaldeyri, sem við munum hafa yfir að ráða. Eftirlitið með okkar gjaldeyri nú er afarslæmt. Ég kom með fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sem hann hefir ekki haft tíma til að svara. Ég vil nú beina því til hans, hvort hann vilji ekki upplýsa okkur um það, hve mikill gjaldeyrir hefir komið til bankanna á síðasta ári. Það er í raun og veru engin stofnun í landinu, sem hefir eftirlit með því, að gjaldeyrir sá, sem kemur inn til bankanna eða á að koma það eftir lögunum, komi allur þangað, né heldur, sem gefur út nokkuð um það, hvernig gjaldeyririnn, sem inn kemur, er notaður, svo nokkuð nákvæmlega sé. Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh.: Hve mikið hefir komið inn til bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, af þeim millj., sem flutt var út fyrir á síðasta ári? Og hvað stendur inni á hinum lokuðu „contóum“ Íslands í Ítalíu og í Þýzkalandi? Og hve mikið hefir verið afhent til þeirra, sem nota meira sinn

erlenda gjaldeyri sjálf, til S. Í. S. og annara slíkra félaga? Ef ekki fæst svar við þessu, mun ég koma með fyrirspurn um tölur viðvíkjandi þessum atriðum.

Hv. þm. Sjálfstfl. halda því fram, að það sé mjög mikið núverandi hæstv. ríkisstj. að kenna, hvað skuldirnar hafa vaxið. Þetta mun vera aðeins einn liður í þeirri viðleitni Íhaldsins um að bera sífellt blak af bankavaldinu hér á landi og reyna að skjóta því undan þeirri réttlátu gagnrýni, sem eðlilegt er, að það verði fyrir fyrir sína stjórn og afskipti öll af fjármálum landsins. Ég býst við, að aðalsök ríkisstjórnarinnar, hvað snertir afskipti fjármálanna út á við, sé sú, að hún hafi látið bankastjórn Landsbankans verða allt of einráða um fjármál landsins. En vegna þess að hv. þm. G.-K. sagði, að afstaða Sjálfstfl. mundi koma fram við 2. umr. gagnvart þessu máli, ætla ég að geyma mér frekari umr. um þetta.

Viðkomandi því að taka 12 millj. kr. lán á 3 árum fremur en á einu ári vil ég segja það, að margt mælir með því, að það sé búið að taka lánið áður en kreppa skellur á, sem búast má við, áður en langt líður, eða styrjöld, sem einnig er veruleg hætta á. Ef viðtækt stríð brýzt út, er áreiðanlega betra, að búið sé að taka lánið áður. Nú höfum við kommúnistar komið með till. um það, að kosin verði n., sem skipuð sé mönnum úr öllum fl. þingsins, til þess í samráði við ríkisstjórnina að gera undirbúning í sambandi við að mæta slíkri kreppu eða styrjöld. Ég álít alveg sérstaklega heppilegt, að ríkisstjórnin hefði um þetta mál meiri samvinnu við þingflokkana alla eða n., sem þeir ættu allir fulltrúa í, heldur en annars hefir tíðkazt. Ég held, ef úr því yrði, að farið væri að taka 12 millj. kr. lán, að sérstaklega heppilegt væri, að allir þingfl. fengju að leggja orð í belg um það, hvar lánið yrði tekið og hvernig því yrði varið. Hæstv. fjmrh. kom fram með þá aths., að e. t. v. væri það ekki praktiskt að láta það af þessu fé allt liggja í sjóði, sem ekki yrði notað strax. Ég álít einnig, að ef við tækjum 12 millj. kr. lán, þá væri ekki heppilegt að láta það liggja þar með lágum vöxtum, en borga svo af því hærri vexti til lánardrottna eða lánardrottins. Það yrði því þýðingarmikið þjóðhagslegt spursmál, hvernig því fé yrði strax varið. Þá kemur til greina, hvort ekki ætti að verja því í allstórar framkvæmdir innanlands, sem ætla mætti, að gæfu nokkuð öruggar tekjur í erlendum gjaldeyri, þannig að hægt væri að hjálpa til með gjaldeyris-„ballansinn“ og um leið að auka atvinnu innanlands og tryggja afkomu þjóðarinnar.

Ég hygg, að í sambandi við þessa væntanlegu lántöku ætti að athuga það sérstaklega vel, hvort ekki sé hægt að komast að góðum lánsskilyrðum annarsstaðar en í Englandi til þess að borga upp sem mest af lánum, sem tekin hafa verið í Englandi. Ég hygg, að það sé ekki nægilega athugað, hvort við getum ekki í þessu efni farið að dæmi annara þjóða, sem taka ný lán til að borga upp erlend lán, sem greiða þarf háa vexti af, og bæta þannig lánakjör sín. Ef um sérstaklega mikið lán væri að ræða, væri ekki fjarri að fá það í Svíþjóð. En gera má ráð fyrir e. t. v., að það komi kannske til greina af hálfu erlendra lánardrottna, að þeim muni þykja erfitt að lána hingað til landsins, þegar við höfum að skipta við jafn hlutfallslega stóran lánardrottin eins og England er fyrir okkur. Það mundi t. d. vera miklu þægilegra fyrir sænska banka gagnvart sænsku ríkisstjórninni að lána okkur, ef Svíþjóð hefði þar með hlutfallslega stóran hluta af skuldum Íslands hjá sér, en væri ekki eins og bara smávægilegur aðili í því sambandi, samanborið við Bretland. Þessi möguleiki á að færa til skuldir okkar ætti að vera mikill, eins og nú standa sakir. Fjöldi landa í Evrópu hafa ekki staðið í skilum með greiðslu sinna skulda. Ísland er eitt af þeim fáu löndum, sem hafa gert það. Það ættu því að vera tiltölulega miklir möguleikar á að afla slíku landi lánsfjár. Ég hefi ekki reiknað það út, en býst við, að hæstv. fjmrh. hafi gert það, hve miklu það munar okkur, ef hugsanlegt væri að fá lán með lægri vöxtum en við þurfum nú að borga af okkar lánum. Sjálfsagt gæti það munað okkur miklu. Ég álít nauðsynlegt í sambandi við þetta mál að athuga, hvernig því láni skuli varið, ekki sízt á þeim tíma, meðan ekki er búið að nota það allt til þess að greiða þær afborganir, sem fyrir liggur að greiða, og ég álít, að þá sé sérstaklega þýðingarmikið, að athugað verði nú þegar, hvernig það skuli sett fast, í hverskonar uppbyggingu eða hverskonar fyrirtækjum, og annað slíkt. Nú hefir hæstv. fjmrh. minnzt á það, að komið geti til mála að setja hér fram annað frv. um það, hvernig þessu láni skuli varið. Verði það gert, mun ég við komandi umr. þess máls koma fram með till. um það, að annaðhvort nefnd frá þingflokkunum eða þingflokkarnir á annan hátt gæti haft eitthvað um það að segja, hvar þetta lán yrði tekið og hvenær og hvernig það sérstaklega yrði notað. Með tilliti til framtíðarinnar álít ég heppilegast að hafa samkomulag milli þingflokkanna um þetta. Og þar sem þetta mál skiptir miklu út á við, álít ég æskilegt, að hægt væri að skapa sem mesta einingu um það á hæstv. Alþ.

Ég mun greiða atkv. með þessu frv. til 2. umr., en leggja fram við þá umr. till. okkar kommúnista um það, hvernig varið skuli þessu láni o. fl. því viðkomandi.

*Þorsteinn Briem: Það leiðir af sjálfu sér, að menn eru ekki við því búnir að taka endanlega afstöðu til þessa máls, sem hér liggur fyrir, þessari lántöku, þar sem ekki er hægt að líta svo á, að sú grg., sem frv. fylgir, sé fullnægjandi. Grg., sem ég skal annars ekki fara inn á einstök atriði í, er meira samin í algengum blaðamannastíl, í stað þess sem hún hefði þurft að vera vel undirbyggð; og a. m. k. hefði þurft að fylgja henni rækilegar skýrslur um hið raunverulega fjármálaástand. En þar sem svo er nú ekki gengið frá grg., nema að því er snertir afborganir af samningsbundnum föstum lánum með ríkisábyrgð, þá verð ég að beina þeirri ósk til hæstv. fjmrh., að hann gefi í þessu máli nánari skýrslu. Ég verð að fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann m. a. láti þinginu í té sundurliðaða skýrslu um allar lausaskuldir ríkissjóðs fyrst og fremst, og það því fremur sem

ríkisreikningurinn fyrir árið 1936 er ekki kominn enn þá. Var honum þó lofað í upphafi síðasta þings. Þar næst vildi ég fara þess á leit við hæstv. fjmrh., að hann léti þinginu í té nákvæma skýrslu um skuldir allra ríkisstofnana, heildarskuldir þeirra eldri og nýrri, og upplýsingar um, hvað af þeim skuldum eru samningsbundnar skuldir og hverjar ósamningsbundnar, hverjar gamlar og hverjar nýjar. Jafnframt hefði ég viljað óska eftir nákvæmum skýrslum um lán, sem ríkið er í ábyrgðum fyrir. Fyrst og fremst, með hvaða kjörum þau eru tekin, hvað þau nema miklu í erlendri mynt og hvað miklu í innlendri mynt. Hvort staðið hefir verið í skilum með þau, eða hvort nokkuð er í vanskilum. Ég legg áherzlu á að fá skýrslur um þetta, og einnig um þau erlend lán, sem tekin eru í innlendri mynt.; því að þó að það heiti svo, að þau séu í innlendri mynt tekin, er vitað, að mikill hluti þeirra er í raun og veru erlendar skuldir, þ. e. a. s. skuldir við tryggingarstofnanir, við olíufélög og önnur stórfyrirtæki. Einmitt vegna þess, hvernig slíkum lánum er hagað, skiptir það miklu að fá skýrslur um þau. Einnig verð ég að óska eftir frekari upplýsingum og sundurliðaðri skýrslu um heildarskuldir þjóðarinnar út á við, því að tölum, sem fram hafa komið um það efni, ber ekki saman. Skipulagsnefnd atvinnumála taldi, að erlendu skuldirnar 1935 væru um 100 millj. Þar á eftir var tekið Sogslánið 6½ millj., og það er ætlun margra, að síðan hafi frosið inni mikið fé í bönkunum. Hinsvegar ræð ég það af grg. þessa frv. — þó að það sé hvergi nærri skýrt fram tekið —, að hæstv. ráðh. telur skuldirnar ekki nema 90 millj. Vegna þessa ósamræmis í opinberum skýrslum verð ég að óska eftir, að hér komi fram nánari skýrslugerð, ekki aðeins um ríkisskuldirnar og bankanna, heldur og skuldir annara stofnana, firma og einstaklinga, og þá jafnframt grg. um, frá hvaða tíma þessar skuldir eru.

Ég bið um allt þetta, því að ég verð að álíta, að þar sem ekki er nýtilkomið um erfiðleika þjóðarinnar, hafi ríkisstj. séð svo um, að bankarnir, hagstofan og aðrir aðiljar hafi unnið undirbúningsvinnu að því að afla þeirra skýrslna, sem ég nú hefi nefnt. En í sambandi við þessar skýrslur vil ég jafnframt spyrjast fyrir um það, hvort kannaðir hafa verið möguleikar einstakra fyrirtækja til þess að komast að greiðslusamningum á annan hátt en þann, að ríkið hlaupi undir bagga og taki sjálft lán. Ég heyri sagt, að stofnun ein, sem heyrir undir ríkið, hafi gert greiðslusamning um sínar erlendu skuldir. Ég veit ekki, hvort svo er um fleiri, en það væri æskilegt að vita það.

Þá kemst ég ekki hjá því að fara þess á leit í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, að fá upplýsingar um, hvað opinberir aðiljar, sem hafa kynnt sér það efni, telji um hinar svonefndu „duldu greiðslur". Þetta atriði er nátengt lausn málsins, sem fyrir liggur, en ég hygg, að opinberar skoðanir séu þar nokkuð á reiki. Því var lýst yfir af fjmrh. 1933, að duldu greiðslurnar væru 8—9 millj., en síðar hefir verið lýst yfir hærri tölu. Þessi ruglingur í opinberum yfirlýsingum gefur mér tilefni til að óska eftir fullkomnari grg. en fyrir liggur. Í því sambandi óska ég sérstaklega eftir, að ríkisstj. láti þinginu í té álit Landsbankans um duldu greiðslurnar.

Þá vil ég einnig í sambandi við þetta mál óska eftir fullkominni skýrslu um, hvað hið svonefnda „innifrosna" fé er mikið. Ég hefi nefnt einn liðinn, lán hjá tryggingarstofnunum og slíkt, en það er vitað mál, að innifrosið fé er meira en því nemur. Þess vegna verður ekki hjá því komizt að óska eftir svo fullkominni skýrslu um þetta sem unnt er að gefa. Verður að telja, að hið opinbera hljóti að hafa haft svo glögga gát á þessu, að það ætti að vera unnt að gefa slíka skýrslu. Ég geri ráð fyrir, að að því hafi verið unnið sem undanfara að flutningi þessa frv. — Jafnframt verð ég að telja nauðsynlegt, til glöggvunar á því raunverulega ástandi, og einnig til glöggvunar á möguleikunum til að standa undir skuldbindingum okkar, að látin verði í té nákvæm skýrsla um vörubirgðirnar í landinu, einkum vörubirgðirnar um síðustu áramót, birgðir af útflutningsvörum og af erlendum innflutningsvörum. Menn fá ekki gert sér nógu glögga grein fyrir hinu raunverulega fjármálaástandi, nema þetta liggi fyrir. Þessar skýrslur geri ég ráð fyrir, að séu fyrir hendi, en þær hafa ekki verið aðgengilegar fyrir einstaka þm.

Ég hefi óskað eftir þessum skýrslum m. a. vegna þess, að það er vitað, að skýrslur hagstofunnar um erlendar skuldir hafa ekki verið tæmandi. Það hefir vantað flestar erl. skuldir, sem eru taldar veittar í innl. mynt. Ef ekki eru fyrir hendi nægileg gögn til þess að gera að öllu leyti skýrslur um skuldir einstakra fyrirtækja, er hægt að setja þau viðurlög, sem duga, til þess að fá þau fljótlega. Ef látið er skína í, að óvíst sé um gjaldeyrisleyfi, nema skýrslurnar séu sendar, munu menn hraða sér með þær. Það er óhjákvæmileg nauðsyn, til þess að geta gert sér glögga hugmynd um, hvað gera á, að vita nákvæmlega, hvernig fjármálaástandið er í raun og veru.

Út í það, sem ýmsir aðrir þm. hafa talað um í þessu sambandi, hversu gæta skuli þess fjár, sem hér er um að ræða, og fjár, sem safnast kann fyrir hér, vegna þess, að hér verði greidd inn lán á ísl. reikning, sé ég ekki ástæðu til að fara, þó að það skipti mjög miklu í þessu sambandi, og ekki sízt það, hvort hætta getur verið á, að sú sjóðmyndun í ísl. gjaldeyri, sem ekki er hægt að færa út nema með góðærisskilyrðum, geti orðið til þess að skapa hættulega ólgu hér innanlands. Það er mál, sem þarf að ræða alveg sérstaklega, en ekki er ástæða til að fara nánar út í nú við 1. umr. En það þarf að gæta þess, að við sköpum ekki svo að segja ný skilyrði, sem herða á eða auka kröfur um innflutning og geri gjaldeyrisráðstafanirnar enn örðugri. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi tekið það atriði sérstaklega til umhugsunar og hafi sérstakar till. fram að bera í því efni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. Dal. sagðist ekki vera ánægður með það, að grg. frv. væri í blaðamannastíl. Ég er ekki sammála hv. þm. um það, því að mér finnst, að í grg. sé einmitt á mjög málefnalegan hátt skýrt frá ástæðunum,

sem liggja að frv. Þá er orðið vandlifað, ef ekki er þinglegur frágangur á grg.

Hv. þm. óskaði eftir ýmsum upplýsingum, sem þyrftu að liggja fyrir, og er ekki nema gott um það að segja, að þm. óski eftir slíkum skýrslum. Í fyrsta lagi bað hann um upplýsingar um lausaskuldir ríkissjóðs. Ég vil benda á, að í fjárl. ræðu minni, sem ég flutti í upphafi þings, gerði ég fulla grein fyrir því atriði, hverjar skuldirnar væru og hverjar breyt. hefðu orðið á árinu. Það er alltaf svo, að yfir mitt ár hækka skuldirnar mikið, því að það lætur nærri, að ef ríkissjóður þyrfti aldrei að taka yfirdráttarlán, ætti hann að eiga 2—3 millj. í sjóði um áramót. *En það er langt síðan svo hefir staðið á.* Það er ekkert við því að segja, þó að sjóðsaðstaðan sé á þessa leið. Ég vil t. d. í sambandi við það benda á, að fjmrn. danska skuldaði 92 millj. í bönkum í Khöfn í árslok 1937, og er þó þeirra aðstaða talin prýðileg. Upplýsingar um skuldirnar er að finna í ræðu minni, sem ég nefndi áðan, en ef hv. þm. vildi vita nánar um einstaka liði, er það auðvitað sjálfsagt.

Í sambandi við frv. um innanlandslántöku voru líka gefnar nákvæmar upplýsingar. Skýrslur um ábyrgðir, sem ríkið er í, er að finna í Lr. á hverjum tíma, en endurskoðun Lr. 1936 hefir staðið lengi, en er nú lokið. Er í honum að finna tæmandi skýrslur.

Um heildarskuldir þjóðarinnar út á við er það rétt hjá hv. þm., að það er dálítið á reiki, því að hagstofan hefir ekki fengið nógu fullkomnar upplýsingar um þær. Í þessu sambandi vil ég leiðrétta það, sem þráfaldlega hefir komið hér fram, eins og t. d. hjá hv. þm. G.-K. áðan, að á síðustu 3 árum hefði orðið 27 millj. kr. skuldaaukning. Nú skulduðum við 110 millj., en í árslok 1934 hefðum við skuldað 83 millj. Hagstofan segir, að skuldirnar hafi verið 90 millj. í árslok 1936, en síðan liggur ekkert fyrir um þær. Gjaldeyrisástandið getur verið mjög erfitt, þó að skuldirnar í heild hækki ekki. Þó að það kunni að vera svo, að þarna séu ekki allar skuldir taldar, ætti þetta að geta gefið fullnægjandi upplýsingar. Skipulagsnefnd atvinnumála hefir sjálfsagt gengið fastar eftir og því fengið aðra útkomu, en hagstofan mun svo leiðrétta eftir því. En það má ekki bera saman eldri tölur hagstofunnar og útkomu skipulagsnefndar. Hvað sem menn langar til að gera sem minnst úr því, hvernig núv. ríkisstj. hafi tekizt fjármálastjórnin, er ekki ástæða til að vera að ljúga skuldum upp á landsmenn. Ég álít varhugavert að vera að fleipra um slíkt, þegar allir eru sammála um, að við verðum að halda lánstrausti þjóðarinnar.

Ég hefi ekki við höndina tölur, sem á er byggjandi, aðrar en tölur hagstofunnar. Hún hefir þetta með höndum fyrir fjmrn., og ég efast ekki um, að hagstofustjóri vandar sem bezt til verksins.

Þá spurði hv. þm., hvort hægt væri að fá skýrslu um, hvað mikið fé það væri, sem ekki væri hægt að yfirfæra, en menn hefðu ísl. gjaldeyri fyrir. Það hafa farið fram athuganir af hálfu bankanna á þessu atriði, og undanfarin 2 ár hefi ég fengið um þetta upplýsingar frá bönkunum mánaðarlega. Þrátt fyrir það er erfitt að fá nákvæma niðurstöðu í þessu efni, og til þess liggja margar ástæður, sem ég ætla ekki að fara út í hér. 13. apríl var gerð sérstök athugun á þessu og þá lágu fyrir hjá bönkunum, þar með taldar skuldir ríkisstofnana, kringum 3 millj. kr. af kröfum, sem féllu í gjalddaga fyrir 1. jan. 1937, en þá var búið að greiða eitthvað upp í kröfur frá fyrra ári, svo að við síðustu áramót á undan hefir þessi tala verið hærri, og margt bendir til þess, að þessar kröfur í bönkunum hafi verið milli 4 og 5 millj. kr. um áramótin. Hv. þm. minntist á, hvort kannaðir hafi verið möguleikarnir fyrir greiðslusamningum hjá einstökum fyrirtækjum. Einstök fyrirtæki hafa að *vísu fengið framlengda gjaldfresti sína*, en okkur hefir sýnzt, að sú leið, að ætla einstökum fyrirtækjum að semja við þá, sem eiga skuldakröfur á þau, muni ekki vera fær.

Það er rétt, að einstaka ríkisstofnanir hafa samið að nokkru leyti um sínar skuldir, en það er ekki hægt að gera almennt. Til þess eru kröfurnar of margar og smáar.

Þá spurði hv. þm., hvað ég teldi hinar „duldu greiðslur“ miklar, og kvartaði yfir því, að um það hefðu komið fram mismunandi skoðanir. Það er í sjálfu sér mjög eðlilegt, eins og hv. þm. kannast við, að það komi fram dálítið mismunandi skoðanir um þetta, af þeirri einföldu ástæðu, að þær eru mjög misjafnar frá ári til árs. Það fer eftir því, hvað miklu er eytt í utanlandsferðalög, það fer eftir því, hvernig farmgjöldunum er háttað, hve mikið okkar skip flytja og enn fleiri atriði koma til greina. En það er álitið, eins og oft hefir verið minnzt á hér í þinginu, og því hefir verið haldið fram af skipulagsnefnd, að fyrir utan afborganir af föstum lánum væru þessar greiðslur rúmlega 5—6 millj. kr., og ég hefi venjulega gert ráð fyrir 6 millj. kr. í þessu skyni, þegar ég hefi rætt um þessi mál.

Viðvíkjandi vörubirgðunum vil ég upplýsa það, að áður en ég gerði yfirlit um verzlunina í útvarpið, eins og venja er á hverju ári, lét ég athuga gaumgæfilega, hvað til væri af íslenzkum vörum í landinu, og er í þeirri ræðu að finna nokkrar upplýsingar um þetta. Ég komst að þeirri niðurstöðu, samkvæmt því sem einstök firmu og aðrir gáfu mér upp, að vörubirgðirnar væru nokkru meiri en í ársbyrjun aðallega vegna síldaroliunnar, sem þá var fyrir í landinu.En þrátt fyrir það ber allt að sama brunni í því, að eins og útlitið er og eins og vertíðin virðist ætla að ganga, er ekki hægt að búast við, að unnt verði að flytja út 4½ millj. kr. af gjaldeyri í afborganir án þess að fá lán. Hv. þm. hljóta því að vera sammála um, að það verði að gera einhverjar ráðstafanir í þessu skyni, eins og viðurkennt var af hv. þm. G.-K. í hans ræðu. Ég mun að sjálfsögðu veita hv. þm. Dal. frekari upplýsingar um þau atriði, sem hann telur ekki nægilega upplýst, ef hann óskar þess. Hv. þm. minntist líka á notkun þessa fjár. Það eru gefnar upplýsingar um það í grg. frv.

Hv. 5. þm. Reykv. fór nokkrum orðum um þetta mál og sagði í því sambandi, að hann væri hræddur um, að ekki kæmi allur sá gjaldeyrir, sem til ætti að falla, til afnota fyrir þjóðina, og að það væri engin stofnun, sem hefir með höndum að

lita eftir þessu. Út af þessu skal ég upplýsa, að það er sérstök deild af skrifstofu gjaldeyrisnefndar, sem ekki starfar annað en að heimta inn upplýsingar um útflutningsverðmæti þeirra vara, sem sendar eru til útlanda, fá upplýsingar hjá bönkum landsins um, hvað þeir fái inn af gjaldeyrinum. Er þetta gert svo nákvæmlega, að það er færður reikningur fyrir hvern útflytjanda, og er öðru megin fært það, sem hann tilkynnir til útflutnings, eftir að verðið hefir verið gagnrýnt af hlutaðeigendum, en hinsvegar það, sem kemur inn frá honum til bankanna. Í febrúarmánuði var mér gefin skýrsla um, hvaða aðiljar hefðu ekki skilað gjaldeyri á árinu 1937 samkvæmt því, sem þeir áttu að gera, og það kom í ljós, að það voru mjög fáir og tiltölulega mjög smáar upphæðir, sem um var að ræða. Verður gengið hart eftir því, að menn geri skil. Það má segja, að til séu leiðir til þess að sleppa með gjaldeyri úr landinu, fyrst og fremst með því að gefa upp lægra verð á útfluttum vörum en rétt er og ráðstafa mismuninum, og í öðru lagi með því að gefa upp hærra verð á innfluttum vörum en þær kosta og ráðstafa því þannig, að hlutaðeigandi firmu skili mismuninum aftur þeim, sem greiða hann. Það er haft mikið eftirlit með því, bæði í samráði við síldarútvegsnefnd og aðra, sem eru kunnugir útflutningsverði, að rétt sé gefið upp útflutningsverð, þannig að þó að það kunni að vera eitthvað, sem þannig fellur undan, þá getur það aldrei verið neitt, sem verulegu máli skiptir. Einnig er haft auga með innflutningsverðinu, þó að það sé miklu erfiðara, en menn eiga á hættu að þurfa að greiða of háa tolla, ef menn gefa upp of hátt verð.

Ég sé ekki ástæðu til að lýsa neinu yfir um, hvar leitað verði fyrir um þessa lántöku að svo stöddu, og fer því ekki að breyta kappræðu um það við hv. 5. þm. Reykv. Mér þykir óviðkunnanlegt, að þessi hv. þm. skuli sí og æ vera að tala um Landsbankann eins og umboðsmann erlendra aðilja hér á landi, sem sé meira og minna fjandsamlegur alþýðu landsins. Ég kann hálf illa við þetta og held, að hv. þm. væri sæmra að leggja þetta tal niður.

Hv. þm. G.-K. ræddi nokkuð um frv., án þess að hann lýsti afstöðu til þess fyrir hönd Sjálfstfl. Hann minntist á það, að samkvæmt áliti hans og þeirra sjálfstæðismanna mundi ekki hafa þurft að grípa til þessa úrræðis, ef þeir hefðu haft aðstöðu til þess að stjórna eftir sínum geðþótta undanfarið. Hann fór ekki langt út í þetta mál, og mun ég ekki heldur fara langt út í að ræða þetta almennt. Ég vil þó benda hv. þm. á það, sem mér fannst hann ekki mundi hafa gert sér ljóst, að það hefir verið annað að fást við þessi mál undanfarin ár heldur en árin 1924—1927, þegar Sjálfstfl. hafði hér meiri hl. aðstöðu, og að það er vitanlega ekki rétt að vitna til þess, sem þá var gert, og nota það sem röksemd fyrir því, hvernig farið hefði hjá sjálfstæðismönnum, ef þeir hefðu verið í stjórnaraðstöðu undanfarin 3 ár. Árin 1924—1927 eru einhver mestu góðæri, sem hér hafa komið. Þá var verðið á saltfiski þannig, að 1924 fengust 190—200 kr. fyrir skp., 1925 160—190 kr. og 1926 100—120 kr. 1935 voru hinsvegar greiddar 70—85 kr. fyrir skp. og 1937 73—85 kr. Þetta er samkv. upplýsingum Fiskifélagsins. M. ö. o. er verð fiskjarins nú um helmingur af því, sem það var á árunum 1924—1927. Ennfremur get ég upplýst það, að útflutningsverðmæti saltfiskjarins hefir verið 24 millj. kr. minna að meðaltali á ári undanfarin 3 ár heldur en á þessu tímabili. Þó að dregnar væru frá þessum mismun þær 10 millj. kr., sem verðmæti síldarinnar hefir síðustu árin farið fram úr því, sem áður var, þá er mismunurinn samt 14 millj. kr. á ári. Ég er hræddur um, að það hefði litið öðruvísi út eftir árin 1924—1927 og ekki verið hægt að hafa sömu aðferð og þá var viðhöfð, ef svipað hefði verið ástatt þá og síðustu árin. Ég skal ennfremur geta þess, að innflutningurinn öll þessi ár 1924—1926 var svo mikill, að það hefði orðið stórkostlegur greiðsluhalli öll árin með núverandi útflutningsverðmæti. Árin 1924—1926 stóðu skuldirnar við útlönd ekki einu sinni í stað, þrátt fyrir þessi eindæma góðæri, þær hækkuðu um 10 millj. á þessum árum. Beri menn þær niðurstöður og ástæður, sem fyrir hendi voru 1924—1927, saman við niðurstöðu 3 síðustu ára, þá hljóta menn að verða sammála um, að í þeim samanburði er engar röksemdir að finna fyrir fullyrðingu hv. þm. G.-K. um afkomuna undir stjórn stjórnarandstæðinga.

Það hafa ýmsir talað um, að síldin hafi reynzt vel, og það er rétt, að hún gerði það á síðasta ári, en það vita allir hv. þm., að síldin hefir alls ekki megnað að vega upp á móti tjóninu af saltfisksölunni nema, eins og ég hefi þegar sýnt fram á, að litlu leyti. Það hefi verið minnzt á það áður, hve gífurlegan aukakostnað það hefir leitt af sér undanfarin ár að breyta útveginum frá því, að vera nær eingöngu þorskútgerð, í það að verða að öðrum þræði síldarútgerð. Ef einhver skyldi efast um muninn á afkomumöguleikum síðustu árin og árin 1924—1927, þá nægir að vísa til útgerðarfyrirtækjanna sjálfra. Ég vænti, að öllum sé það ljóst, að þrátt fyrir það, hvernig síldveiðin hefir gengið, er afkoma útgerðarfyrirtækjanna nú ekki að neinu leyti sambærileg við það, sem hún var 1924—1927. Ég veit, að hv. þm. G.-K. er manna bezt kunnugt um, að síldveiðin hefir ekki megnað fyrir hans fyrirtæki og önnur hliðstæð að vega upp nema lítið brot af þeim skaða, sem þau hafa orðið fyrir vegna hruns þorskveiðanna. Afkoma útgerðarfyrirtækjanna er í rauninni einskonar spegilmynd af því, hvað ástandið hefir verið ólíkt á þessum tveimur tímabilum, þó að það skuli játað, að þessi mismunur hefir verið enn meiri hjá útgerðarfyrirtækjunum sjálfum en hjá þjóðinni í heild.

Hv. þm. minntist á það, að þótt afli hefði verið tregur við Faxaflóa á aðra báta en þá, sem notuðu net, mundu menn hafa hliðrað sér hjá að kaupa net vegna gjaldeyrisvandræðanna. Ég er þessu ekki persónulega kunnugur, en ef svo hefir verið, þá hefir það verið á móti mínum vilja. Það hafa engar kvartanir borizt til mín út af þessu, enda býst ég ekki við, að það hafi átt að skilja þetta svo hjá hv. þm., að það hafi verið neitað um innflutning á netum.

Viðvíkjandi dæminu um grænmetiseinkasöluna skal ég taka það fram, að mig skortir kunnug-

leika á því, en ef það kynni að hafa komið fyrir, að neitað hafi verið um innflutning á útsæðiskartöflum, þá álít ég það ekki rétt og vil vona, að þetta hafi ekki átt sér stað. Mér hefir a. m. k. ekki verið skýrt frá því af forstöðumanni verzlunarinnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég hefi minnzt á nokkuð af því, sem fram hefir komið hjá hv. þm. Mér virðist þeir yfirleitt taka málinu með allgóðum skilningi, og nánari upplýsingar skal ég láta þeim í té, sem þess óska, eftir því sem kostur er.

Ólafur Thors: Það er í sjálfu sér ekkert í þessum umr., sem gefur mér sérstakt tilefni til þess að taka aftur til máls, en þó var eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem mér þykir rétt að minnast aðeins á, og það voru upplýsingar hans um það, hversu mikið auðveldara það hefði verið að fara með stjórn landsins, og þá sérstaklega fjármálastjórnina, á árunum 1924—27 heldur en nú undanfarin ár. Rökin, sem hæstv. ráðh. færði fyrir því, voru fyrst og fremst þau, að á þeim árum hefði verðlag á framleiðsluvörunum, sérstaklega saltfiskinum, verið miklu hærra heldur en á síðustu þremur árum. Hann nefndi í því sambandi það dæmi, að 1924 hefði verðið á skp. af saltfiski verið upp undir 200 kr., en 1925 og 1926 160—190 kr., og sagði hann, að þessi ár hefðu verið mikil góðæri. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þessi ár hafi öll verið góðæri. Árið 1924 var einstakt aflaár og gott verðlagsár, og ég held, að ég fari rétt með, þegar ég segi, að árið 1925 hafi verið mjög sæmilegt ár, en 1926 var mjög örðugt ár, og stafaði það af þrennu, sem ég hygg, að ég muni rétt. Í fyrsta lagi var aflinn tregur, í öðru lagi var verðlagið á aflanum óhagstætt, og í þriðja lagi kom það til greina, sem skipti mjög miklu máli, að vegna langvarandi verkfalls á sviði kolaframleiðslunnar í Englandi hækkuðu kolin gífurlega í verði og komust upp í 100 kr., úr 50—60 kr., og það var þungur baggi á þá útgerð landsmanna, sem rekin var með gufuafli. En þetta er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að atvinnuárferðið var betra á þessum árum heldur en á síðari árum, og ég er ekki í neinum vafa um, að þau verkefni, sem ríkisstj., og ekki sízt fjármálastjórnin, hefir þurft að glíma við á þessum seinni árum, hafa verið örðugri heldur en þá, sumpart vegna þess, að rás viðburðanna hefir fært ríkisstj. í hendur ný og áður óþekkt vandamál, en að nokkru leyti vegna þess, að ríkisstj. hefir að nauðsynjalausu tekizt á hendur að leysa verkefni, sem ég hygg að hún hefði átt að láta afskiptalaus. En við skulum halda okkur að þeim kjarna málsins, að atvinnuárferðið var betra þá en nú. Einmitt með þeim rökum höfum við sjálfstæðismenn veitzt að núverandi hæstv. fjmrh. og ríkisstj. fyrir það, að hún hafi hvergi nærri sýnt tilhlýðilega varfærni í meðferð fjárlaga, sem þó að mínu viti var alveg óhjákvæmileg vegna hins örðuga árferðis. Ég hygg, að það nægi að nefna nokkrar tölur í þessu sambandi. Ég man ekki betur en að á hinu einstaka tekjuári ríkissjóðs 1925 hafi tekjurnar verið yfir 16 millj. kr., og þá hafi eigi verið notaðar yfir 8 millj. kr. til venjulegra ríkisþarfa án afborgana af ríkisskuldunum. Og þau ár, sem Sjálfstfl. fór með fjármálastjórnina, nam meðalárseyðsla ríkissjóðs rúmum 10 millj. króna, en næstu fjögur árin þar á eftir varð sú eyðsla yfir 19 millj. á ári að meðaltali. En undir stjórn núv. hæstv. fjmrh. er sambærileg fjáreyðsla ríkisins um eða yfir 20 millj. kr. á ári. Ég hefi að vísu ekki borið nákvæmlega saman, hvernig fjárlögin litu út nú, ef þau væru í sama formi og þá, en eftir síðasta landsreikningi að dæma mun þessi upphæð vera allt að tvöfalt hærri en á þessu valdatímabili Sjálfstfl., þrátt fyrir það þótt árferðið hafi verið svona örðugt síðustu ár.

Það er þetta, sem við sjálfstæðismenn höfum undanfarið verið að berjast á móti, þ. e. a. s. að þegar saltfisksverðið er ekki nema 70—80 kr. fyrir skp. og aflabrögðin 30 þús. tonn, þá skuli ríkið taka upp undir 20 millj. kr., sama ríkið, sem ekki tók fyrir áratug nema 10—11 millj. kr., þegar aflabrögðin voru 60 þús. tonn og verðlagið upp undir 200 kr., og saltfiskurinn gaf 20—25 millj. kr. meira að meðaltali heldur en síðari ár. Þessar tölur erum við sammála um, en við drögum nokkuð mismunandi ályktanir af þeim, en ég hygg mínar vera réttar.

Að öðru leyti var ekkert sérstakt í ræðu hæstv. ráðh., sem ástæða er til að gera að umræðuefni. Ég tek það fullkomlega trúanlegt, að honum hafi ekki verið kunnugt um, og hann sé ekki persónulega að saka fyrir það, að net handa fiskimönnum við Faxaflóa voru ófáanleg, en hitt tel ég, að hann hafi átt að fá vitneskju um, ef það er rétt, að útsæðiskartöflur hafi verið ófáanlegar, þrátt fyrir það, að eins og nú horfir með atvinnulíf þjóðarinnar, hefði verið sérstök ástæða fyrir ríkisstj. til að ýta undir það, að nægilegt útsæði fengist til þess að gera mönnum sem auðveldast að rækta jarðepli til eigin þarfa.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég býst ekki við því, að við hv. þm. G.-K. getum orðið sammála um þessi mál. Og ef ætti að ræða þau til þrautar, tæki það langan tíma. En ég vil aðeins benda hv. þm. á, að það er vitanlega ekki alveg afgerandi um þessi mál, þótt fjárlögin hafi hækkað, og má segja, að það sé afleiðing af erfiðleikum atvinnuveganna. Það hefir verið varið stórum fjárupphæðum til skuldaskila og til beinnar aðstoðar við atvinnuvegina.

Þá vil ég álíta, að það þurfi ekki alltaf að skapa erfiðleika í gjaldeyrismálum, þótt fjárlögin hækki, ef í raun og veru er aflað tekna á móti þeim gjöldum. En þetta geri ég ráð fyrir, að við munum hafa tækifæri til að ræða síðar.

Ef hv. þm. telur, að árið 1926 hafi verið óhagstætt, — hvað má þá segja um undanfarin ár? Þó að verðlag á fiski hafi ekki verið nema 100—120 kr. skp. 1926, þá hefir það nú undanfarið verið aðeins 70—80 kr. og afli þar að auki minni.

Annars ætla ég ekki að orðlengja frekar um þetta að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 9. mai, var frv. tekið til 2. umr. (A. 344, n. 481 og 488).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti! Fjhn. hefir athugað þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán og ekki náðst samkomulag í n. um afgreiðslu þess. Meiri hl. fjhn. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en hinsvegar hafa 2 nm., hv. þm. G.-K. og hv. 4. landsk., ekki getað fallizt á frv. Nú er komið nál. frá hv. þm. G.-K. á þskj. 481. Ég tel rétt að segja nokkur orð um leið og meiri hl. fjhn. leggur til, að ríkisstj. verði veitt þessi heimild til að taka allt að 12 millj. kr. lán erlendis. Það er meiri ástæða til þess að ræða þetta mál nú vegna þess, að ekki náðist samkomulag í fjhn. um þetta frv. Ég hygg, að þetta sé í fyrsta skipti, þegar íslenzka ríkið tekur erlent lán, að ekki hefir náðst samkomulag um það milli helztu flokka þingsins. Af þeim ástæðum er eðlilegt, þótt dálítið sé um þetta rætt, jafnvel þó að tími þingsins sé nú orðinn naumur.

Það er þegar tekið skýrt fram í þeirri grg., sem fjmrh. lét fylgja frv., að hér er um lántöku að ræða til þess að mæta gjaldeyrisvandræðunum, til þess að greiða að nokkru leyti afborganir af erlendum lánum. Undanskilin er þó sú millj., sem á að nota til þess að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn. Það er öllum kunnugt, að gjaldeyrisvandræðin eru mikil nú, og það hafa verið uppi raddir hjá öllum flokkum, að þau yrði að leysa. Þetta hefir verið skýrt áður af hæstv. fjmrh., og skal ég láta þær skýringar að mestu nægja um það, hvaða orsakir til þess liggja. Ég skal aðeins drepa á það, sem þó hefir verið nefnt hér áður, að á síðustu árum hefir innflutningur lánsfjár verið því nær enginn til landsins. Hinsvegar hefir áður, allt frá árinu 1920, verið flutt inn fjármagn í stórum stíl. Eftir skýrslum hagstofunnar ættu ríkisskuldirnar að hafa vaxið á árunum 1925—34 úr 39,5 millj. upp í 83,5 millj. Í árslok 1934 voru ríkisskuldirnar 83,5 millj., í árslok 1935 91,3 millj. og í árslok 1936 90,3 millj. Hækkun ríkisskuldanna síðustu árin stafar eingöngu af því, er varið var til Sogslánsins. Þetta eru mjög eftirtektarverðar staðreyndir, einkum þegar þess er gætt, hversu mikla erfiðleika atvinnuvegir þjóðarinnar hafa átt við að stríða þessi sömu ár og innflutningur lánsfjár hefir verið stöðvaður. Nú er það svo, að upphæð sú, sem fer til afborgana á skuldum erlendis, mun árlega nema um 4½ millj., samkvæmt þeim skýrslum, er fyrir liggja. Getur íslenzka ríkið hækkað skuldir sínar um þessa upphæð árlega eins og atvinnurekstri vorum er háttað? Þetta er aðalatriði þessa máls og það sem hið háa Alþingi verður að taka afstöðu til.

Það er að mínum dómi aðalatriðið, hvort mögulegt er að lækka erlendar skuldir svona mikið árlega, eins og ástandið hefir verið. Væri það unnt, þá myndum við greiða allar okkar erlendu skuldir á rúmlega 20 árum. Það væri æskilegt, að þetta væri hægt, en ég hygg, að þegar hv. þm. fara að athuga þessi mál, muni þeir hljóta að viðurkenna með sjálfum sér, að þetta sé alveg óhugsandi, að við getum tíl lengdar greitt svona mikið af skuldum okkar erlendis. Þetta verður vitanlega því ljósara, ef við athugum, hvernig ástatt er með aðalatvinnuvegi okkar einmitt þessi árin. Fiskveiðarnar eru sá atvinnuvegur, sem færir okkur mest af erlendum gjaldeyri, en megin hluti af landbúnaðarvörum er notaður til fæðis og klæðis í landinu sjálfu. Saltfisksútflutningurinn hefir minnkað stórkostlega á síðustu árunum. Hann færði okkur 41 millj. kr. árlega á árunum 1924—1927, rúmlega 39 millj. kr. árlega á árunum 1928—1931, 27,4 millj. kr. að meðaltali á árunum 1932—1934, en eftir það hrapaði verðmæti hans svo mjög, að á árunum 1934—1937 verð það aðeins 17 millj. kr. að meðaltali, eða innan við helming þess, sem það var 10 árum áður. Þetta út af fyrir sig sýnir, hvílíka óhemjuerfiðleika hér hefir verið við að stríða. Því er oft svarað, að hér hafi aðrir atvinnuvegir komið í staðinn, síldariðnaðurinn veitt mörgum atvinnu og flutt mikinn gjaldeyri inn í landið. Þetta er rétt, það sem það nær, en aukning síldarframleiðslunnar svarar ekki til rýrnunar saltfisksmarkaðarins. Auk þess hefir gífurlegur tilkostnaður orðið við eflingu síldariðnaðarins, og í hinum nýju verksmiðjum hefir verið bundinn höfuðstóll svo millj. kr. skiptir, auk annars kostnaðar, sem vissulega getur ekki nema með löngum tíma fært okkur það fé, sem í það hefir verið lagt. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það, þótt nú í tvö síðastliðin ár hafi landbúnaðurinn líka orðið að berjast við þá ægilegu drepsótt, sem heimsótt hefir kvikfénað þessa lands nú um langan tíma, og ástandið sé þannig, að bæði saltfisksmarkaðurinn og fiskveiðarnar hafa algerlega brugðizt á síðari árum, hefir tekizt að ná betri verzlunarjöfnuði nú síðustu árin heldur en á ýmsum árum áður, þegar um meiri gjaldeyri virðist vera að ræða. Þetta hefir vitanlega náðst öðrum þræði með því að beita innflutningshöftum, en hinum þræðinum með því að veita fé til atvinnuveganna í stærri stíl en gert hefir verið áður. Stjórnarandstæðingar temja sér að tala um, hve stórkostlega fjárl. hafi hækkað? Það er af því einu, að aldrei hefir verið veitt meira fé til atvinnuveganna heldur en hin síðari ár. Þetta hefir orðið að gera vegna þess, hve atvinnuvegir landsmanna hafa verið aðþrengdir, og það stafar að mestu leyti af óviðráðanlegum orsökum, svo sem markaðsbresti, aflaleysi, drepsótt, sem gengið hefir í kvikfénaði landsmanna, svo að ég nefni aðeins einstök dæmi, án þess að rökræða það frekar. Nú er það vitað, að einmitt þrátt fyrir það, þótt náðst hafi bættur verzlunarjöfnuður, hafa þó gjaldeyrisvandræðin aukizt. Þetta veldur að nokkru leyti, að verzlunarhalla fyrir árin 1934—1935, hefir ekki lánazt að vega upp, og á síðastl. ári bættist við þann halla vegna þess, að innstæður erlendis hafa ekki komið okkur að gagni eins og nú stendur.

Meiri hl. fjhn. virðist vera full ástæða til þess að veita þessa umbeðnu lánsheimild. Það er tekið skýrt fram í grg. frv., til hvers eigi að verja þessu láni. Þetta lán er, að frátekinni 1 millj. til síldarverksmiðju á Raufarhöfn, eingöngu tek-

ið til afborgana á erlendum lánum. Meiri hl. fjhn. telur, að það sé einmitt þessi notkun lánsfjár, sem réttlæti það, að þessi heimild verði veitt. Meiri hl. fjhn. lítur á grg. frv. og þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gefur þar, að hún jafngildi beinu lagaákvæði, enda er það venja, þegar um erlendar lántökur er að ræða, að þar standi ekki annað en að lánið skuli tekið, en ekki til hvers eigi að nota það. Meiri hl. fjhn. treystir ríkisstj. til þess að nota lánið aðeins á þann hátt, sem þar er fyrir mælt. Ég skal í sambandi við þetta geta þess, að eins og grg. ber með sér, er það ekki eingöngu ríkið, sem á að fá þetta lán til afnota til þess að greiða afborganir af sínum skuldum, heldur líka ýms bæjar- og sveitarfélög og bankarnir, sem skulda stórfé og miklu meira hlutfallslega heldur en það, sem ríkið sjálft skuldar. Vitanlega er engu síður ástæða fyrir þessa aðilja þjóðfélagsins að fá lántökuheimild heldur en ríkið sjálft.

Ég vil ekki halda hér langa ræðu um þessi efni, en get þó ekki látið vera að segja örfá orð í sambandi við nál. minni hl. fjhn., jafnvel þó að hv. þm. G.-K. sé ekki búinn að tala fyrir sínu máli. Það má vel vera, að þetta verði til þess að flýta umr. Ég mun minnast á einstök atriði í grg. frv. og afstöðu hv. þm. G.-K. til þessa máls. Þá er það hið fyrsta, sem er eftirtektarvert, hvernig hv. þm. G.-K. byrjar sína grg. Þar segir svo: „Hér er því um lántöku að ræða, sem er að því leyti sérstaks eðlis og frábrugðin fyrri lántökum, að lánsfénu á einvörðungu að verja til afborgana á erlendum skuldum, ef og að svo miklu leyti sem þjóðin ekki með öðrum hætti aflar gjaldeyris til þeirra þarfa". Hér viðurkennir þessi hv. þm., að þetta lán eigi að nota eins og fjmrh. hefir lagt til. En mér kemur það dálítið einkennilega fyrir sjónir, þegar Sjálfstfl. ætlar að beita sér gegn því, að greitt verði úr gjaldeyrisvandræðunum, en hér viðurkennir formaður þess flokks, að lánið sé eingöngu tekið í því skyni. En þessi flokkur hefir langmest kvartað um gjaldeyrishömlur. Það mætti því gera ráð fyrir, að Sjálfstfl. væri þessu frv. fylgjandi, en væri það tilætlun hans, að rýmkað yrði á þeim, yrði það mögulegt, þegar lántökuheimildin er notuð, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þessi tvískinnungur kemur mjög ákveðið fram, þegar Sjálfstfl. vill ekki ljá fylgi sitt til þess að greiða úr þessum hlutum.

Þá segir í grg. minni hl., að gjaldeyrisskorturinn stafi sumpart af þeim sjálfskaparvítum, að núverandi stuðningsflokkur ríkisstj. hafi stofnað fjármála- og atvinnumálum þjóðarinnar í beint óefni. En hvar eru þær till., sem komið hafa frá Sjálfstfl. um aðra stefnu í fjármálum? Hér er aðeins bent á, að fjárl. hafi hækkað, en þeir finna ekkert annað árásarefni. Ég hefi ekki orðið þess var, að Sjálfstfl. sem aðalandstöðuflokkur stj. hafi borið fram rökstuddar till. um aðra stefnu í fjármálum þjóðarinnar. Það hafa aðeins komið órökstuddar áðeilur um að fjárlögin væru of há, en það hafa ekki komið fram till. frá þessum flokki um leiðir til þess að lækka þau, heldur hefir Sjálfstfl. borið fram till. til hækkunar til jafns við aðra flokka, og stundum miklu meira en aðrir, a. m. k. áður fyrr. Ég get því ekki skilið það, að hægt sé fyrir Sjálfstfl. að vera móti þessari lántöku á þessum grundvelli, enda kemur það fram í sjálfri grg. minni hl. n., að í raun og veru er Sjálfstfl. með lántökunni. Það má heita, að það sé sagt þar skýrum orðum, en hinsvegar vill hann ekki taka þá ábyrgð á sig. Ég verð því að segja það, að mér virðist þetta álit hv. þm. G.-K. og afstaða Sjálfstfl. til þessa máls vera sú, að hann, sem er annar stærsti flokkur þingsins, þorir ekki að taka afstöðu til málsins. Hún er a. m. k. ekki neitt stórmannleg. Hún minnir mig á afstöðu Víga-Styrs, þegar hann barðist móti Snorra goða og drap fyrst menn úr hópi Snorra, en hljóp síðan í flokk hans og drap annan mann úr liði Steinþórs á Eyri. Ég ber það að vísu ekki á Sjálfstfl., að hann ætli að stofna til mannvíga í eiginlegri merkingu, en þeir berja hart í skjöldu. Þeir þora ekki frekar en Styr að taka afstöðu. Þeir játa að vísu, að það þurfi að greiða fram úr gjaldeyrisvandræðunum, leiðin til þess er að taka lán, en þeir þora ekki að taka afstöðu til þessa máls, heldur haltra áfram og aftur mitt á milli.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en það sem ég hefi hér sagt, er samkvæmt því nál., sem meiri hl. fjhn. hefir hér flutt á þskj. 488. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það er nú.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Thors): Ræða hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt) vekur undrun mína, og tel ég hann tala furðu óhyggilega um málið, ekki sízt fyrir það, að hann gæti átt á hættu, að einhver gerði hæstv. fjmrh. ábyrgan orða hans. Myndi margur ætla, að ráðh. kysi heldur annan dag og annað mál til þess að gera upp misklíðina við andstæðingana, enda væri slíkt að vonum.

Við sjálfstæðismenn höfum ákveðið að beita okkur ekki gegn lántöku þessari, heldur sitja hjá við atkvgr. En ég sé nú það, að sú afstaða hefir orðið hv. frsm. nokkuð torskilin, og það er sjálfsagt af því, að hefði hann verið í mínum sporum, mundi hann hafa hagað sér öðruvísi heldur en ég hefi gert, — og þá greitt atkv. á móti frv.

Ég hefi hinsvegar talið, að ef treysta má fyrirheitunum í grg. frv., þá sé það rétt, að hér standi nokkuð öðruvísi á um þessa lántöku heldur en verið hefir um aðrar lántökur síðari ára. Það er, eftir grg. að dæma, tilgangur valdhafanna að verja þessu láni eingöngu til afborgana af lánum ríkisins, bæjarfélaga, stofnana og annara, sem ríkisábyrgð hafa. Ég hefi getið um það í minu nál., að vitanlega er engin trygging fyrir því, þó þessi sé tilgangurinn í dag, að frá því verði ekki brugðið, þegar nýjar þrengingar kunna að steðja að. En ég hefi talið, að öryggið í þessum efnum sé alveg það sama, hvort heldur sem byggt er á fyrirheitum hæstv. fjmrh. í grg. eða sett væri um þetta sérstök löggjöf. Og það er af þeim ástæðum, að sérhver ríkisstj., sem út af þessu vildi bregða, getur að sjálfsögðu alltaf látið breyta slíkum lögum, ef hún teldi, að nauðir ræki til þess, og mundi engu síður gera það heldur en

að taka á sig þá ábyrgð að rifta bæði fyrirheit þau, sem gefin eru í grg. frv. og við umr. um málið á Alþ.

Mér dettur heldur ekki í hug að fara dult með það, að ég tel, að þjóðin eigi við hin mestu gjaldeyrisvandræði að búa. Annars kæmi vitanlega ekki annað til mála en að Sjálfstfl. risi alveg öndverður gegn þessari lántöku. En ég fullyrði, að það hafi ekkert komið fram, hvorki í nál. hv. meiri hl. né ræðu hv. frsm., sem raski þeirri skoðun okkar sjálfstæðismanna, að ef stefna okkar hefði ráðið hér á landi, þá hefði þessi þörf ekki verið fyrir hendi nú, því að einstaklingsframtakið hefði þá verið miklu táp meira og því skapað meiri gjaldeyrir, alveg eins og hitt er líka víst, að við hefðum reynt að draga úr útgjöldum ríkisins, og þá hefði gjaldeyrisþörfin orðið minni.

Hv. frsm. meiri hl. dró í efa þessa fullyrðingu mína og vildi fyrir því færa þau rök, að Sjálfstfl. hefði aldrei látið orð um það falla, að hann óskaði eftir annari stefnu í fjármálum. En þessum hv. þm. hlýtur að vera það kunnugt, að á hverju einasta þingi síðan þessi stj. tók við völdum, hefir Sjálfstfl. viljað hafa samkomulag við hana um stórvægilegan niðurskurð á fjárl. Það er rétt, að hæstv. fjmrh. hefir krafizt þess af Sjálfstfl., að hann tæki sérstaklega til, hvar ætti að skera niður, en Sjálfstfl. hefir svarað því, að það sé skylda fjmrh. að taka á sig þá erfiðleika að benda á, hvar niðurskurðurinn ætti að koma niður, en eigi hinsvegar að taka feginsamlega yfirlýsingum frá hendi andstöðuflokks um það, að hann vilji afgreiða tekjuhallalaus fjárl., enda þótt verulegur niðurskurður sé á gerður. Sjálfstfl. hefir líka sýnt þetta í verkinu. Mig minnir, að það hafi verið á þinginu 1934, sem hann gerði till. um 700 þús. kr. niðurskurð, og gaf þá yfirlýsingu, að hér væri aðeins um tilraunir að ræða, sem hann ætlaði að halda áfram, ef sæmilegar undirtektir fengjust. En þessar till. voru allar drepnar, og svo var meira að segja sú ósanngirni og óskammfeilni höfð í frammi, að eftir að búið var að drepa þær till. til niðurskurðar, tóku stjórnarliðin sig til og töldu allar þær brtt. við fjárl., sem sjálfstæðismenn höfðu flutt, lögðu þær saman og töldu svo, að sjálfstæðismenn hefðu viljað afgreiða fjárl. með þeim halla, sem á þeim hefði orðið, ef till. ríkisstj. hefðu fyrst verið samþ. og svo till. sjálfstæðismanna. En það liggur í augum uppi, að þegar sjálfstæðismenn gátu ekki fengið neitt samkomulag um niðurskurð, bar þeim að benda á þarfir sínna héraða með því að leggja fyrir þingið uppástungur þeim héruðum til framdráttar, en auðvitað var það ætlunin, að stjórnarliðið gæti valið og hafnað, hverjum af þeim till. Sjálfstfl. þeir gætu fylgt og hverjum ekki. — Það er ennfremur á allra vitorði, að á þinginu 1936, þegar núverandi formaður Framsfl. átti sæti í fjvn., var gert samkomulag milli framsóknarmanna og sjálfstæðimanna um niðurskurð á fjárl., sem nam heilli millj., en á meðan gerðu framsóknarmenn jafnframt samkomulag við jafnaðarmenn um að hækka útgjöld fjárl. — Það hefir því ekki farið leynt, að Sjálfstfl. hefir verið reiðubúinn til þess að semja við ríkisstj. um verulegan niðurskurð, en um það hefir aldrei getað náðst samkomulag.

Hitt er svo öllum vitanlegt, sem um þessi mál fjalla, að þess er enginn kostur, að tryggja gjaldeyrisþörf þjóðarinnar eingöngu með því annarsvegar að beita þungum skattaálögum, þannig að ríkissjóður hafi handbært fé til sinna þarfa, og svo hinsvegar með því að beita innflutningshöftum með hörku. Þetta vita framsóknarmenn nú, að ekki er hægt. Enda kom það greinilega fram hjá hv. frsm. meiri hl., því að hann var að lýsa því yfir, að þrátt fyrir röggsamlega beitingu innflutningshaftanna og þrátt fyrir „ágætan greiðslujöfnuð", þá væri nú svo komið, að gjaldeyrisskorturinn væri sífellt vaxandi. Það er hægt fyrir þá, sem trúa á ágæti innflutningshaftanna, að segja, að hið bága atvinnuárferði gæti valdið því, þrátt fyrir innflutningshöftin, að greiðslujöfnuður hefði ekki náðst. En þeir, sem tala sérstaklega um það, eins og hv. frsm. meiri hl. gerði, að þrátt fyrir þennan góða greiðslujöfnuð fari gjaldeyrisskorturinn vaxandi, eru að benda á það, að innflutningshöftin séu ekki einhlít. Og það er rétt. Það er ekki hægt að tryggja gjaldeyrisþörf þjóðarinnar, allra sízt í erfiðu árferði, þegar ekki er fyrst og fremst lögð áherzla á það að skera niður útgjöld ríkis og bæjarfélaga og yfirleitt opinber útgjöld, og svo hinsvegar að reyna að koma fótum undir atvinnulíf landsmanna, þannig að framleiðslan sé rekin tekjuhallalaus og helzt með sæmilegum afrakstri. Við hliðina á þessum ráðstöfunum kemur svo náttúrlega til athugunar beiting innflutningshaftanna, sem undir vissum kringumstæðum geta verið hagkvæm, þó að það sé í langtum minni mæli heldur en almennt er talið af flokki hv. frsm. meiri hl. Og að við sjálfstæðismenn þó ekki höfum risið harðar gegn innflutningshöftunum heldur en við höfum gert, stafar sumpart af því, að vegna verzlunarsamninga okkar við önnur ríki hefir a. m. k. verið erfitt að komast hjá því að innflutningshöftum væri að meira eða minna leyti beitt.

Ég hefi í nál. mínu gert alveg eðlilega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég hefi sagt, að ég viðurkenni, að lánsþörf sé fyrir hendi. En hinsvegar er það vitað, að við sjálfstæðismenn lítum svo á, að ef stefna núverandi ríkisstj. í fjármálum og atvinnumálum verður óbreytt frá því, sem hún hefir verið undanfarin ár, þá verði slík lántaka aðeins til þess að tjalda til einnar nætur, en komi ekki að haldi. Það er þess vegna eðlilegt, að við sjálfstæðismenn eigum í nokkru stríði milli holds og anda, þar sem við annarsvegar sjáum, að það orkar a. m. k. tvímælis, hvort þjóðin kemst af án lánsins, en treystum því hinsvegar ekki, að lánið komi að haldi, nema ríkisstj. breyti um stefnu. Af þessum ástæðum viljum við að vísu ekki greiða atkv. með þessu frv., en hinsvegar ekki beinlínis setja okkur á móti því. En ég ætla að leyfa mér að draga í efa, eftir því sem hv. frsm. meiri hl. talaði um þetta mál, að hann hefði í stj.andstöðu neitað sér um að taka þá afstöðu, að vera alveg á móti þessari lántöku. Ég hefi aldrei heyrt frsm. meiri hl., sem talar í umboði fjmrh., telja sér hag í því eða sinni skynsemi samboðið að

ögra minni hl. eða eiginlega skora á hann að kasta fyrir borð sinni ábyrgðartilfinningu og reyna að reisa öldurnar sem hæst til djöfulskapar.

Ég veit að meðal margra stj.andstæðinga, sérstaklega þeirra, sem minni þekkingu hafa á landsmálunum, eru uppi óskir um það, að þingflokkur Sjálfstfl. rísi alveg öndverður gegn þessari lántöku. Og þessum mönnum er vorkunn, svo lengi sem þeir eru búnir að horfa upp á fjármálastefnu núverandi valdhafa, og ég er ekki í vafa um, að þingflokkur sjálfstæðismanna leggst undir ámæli hjá mörgum þessara manna fyrir að taka þá afstöðu til þessa máls, að láta atkvgr. afskiptalausa. En að þingflokkurinn samt sem áður tekur afstöðu, stafar af því, að hann hefir meiri kunnugleika um það, hvernig komið er hag ríkis og þjóðar, heldur en almennt má ætla, að kjósendur landsins hafi í hvaða flokki sem er. Og við höfum talið það ábyrga afstöðu frá okkar hendi til slíks máls, að reyna að forðast að þetta mál verði til þess að vekja stórar deilur í þjóðfélaginu. Er það af minni hendi ekki af neinni linkind í garð ríkisstj., heldur af því, að ég viðurkenni, að eins og komið er hag þjóðarinnar, er ég ekki ugglaus um það, að hún sigli ómeidd út úr erfiðleikunum, ef Alþ. neitar ríkisstj. um þessa lántökuheimild. Og það er ekki samboðið talsmanni hæstv. fjmrh. í þessu máli að vera að ögra mér og mínum flokki út af slíkri afstöðu. En ég get vel lýst því yfir, til þess að létta raunir hv. frsm., því að ég þykist vita, að hann hafi haft þetta að lítt yfirveguðu máli, að ég læt þetta ekki hafa mikil áhrif á mig, en þetta er óheppileg framkoma, og gæti verið að þeir, sem eru meiri skapmenn en ég, létu þetta hafa einhver áhrif á sig.

Ég vil svo að öðru leyti, út af ræðu hv. frsm., drepa á örfá minni atriði, en skal ekki verða langorður.

Ég held, að það sé ekki rétt hjá hv. frsm., að þetta sé í fyrsta skipti, sem ekki hafi náðst fullt samkomulag um lántöku milli stærri flokka þingsins. Ég man ekki betur en að Sjálfstfl. greiddi ekki atkv. með lántökunni 1935.

Og út af því, hvort það verði þjóðinni ofraun að greiða skuldir sínar á næstu 20 árum, vil ég segja það, að ég dreg það í efa. En það snertir ekki þetta mál, sem hér liggur fyrir, því að ég er þeirrar skoðunar, að okkur verði það eins og sakir standa í ár, vegna þeirra erfiðleika, sem við eigum við að stríða, ekki mögulegt að greiða af skuldum, nema betur úr rætist en á horfir. En ég er samt ekki úrkula vonar um, að við megum ætla okkur þetta á næstu 20 árum. Hitt er svo annað mál, að við tökum á þeim tíma að sjálfsögðu ný lán, væntanlega til nýrra framkvæmda í landinu.

Út af hugleiðingum hv. frsm. meiri hl. um það, hve mikill missir það sé fyrir þjóðarbúið, hvað saltfiskveiðarnar hafa brugðizt, annarsvegar, og svo hinsvegar, hver kostnaður hafi orðið af síldveiðiaukningunni, þá vil ég aðeins leyfa mér að leiða athygli að því, að eins og það er að vísu rétt, að við höfum orðið að leggja út í kostnað vegna aukinna síldveiða, þá er hitt líka rétt, að þorskurinn hleypur heldur ekki kostnaðarlaust niður í lest skipanna, og náttúrlega því meiri sem þorskveiðarnar eru, því meira þarf alla jafna af kolum, olíu, veiðarfærum o. s. frv. Og saltfisksaflinn er nú, eins og réttilega hefir verið tekið fram, minni, ekki eingöngu vegna þess, hvað afli hefir verið tregur, heldur líka, að vegna tregs afla hefir útgerðartíminn verið styttri.

Ég ætla ekki að tefja tímann með miklum umr. um það, hvers vegna fjárl. hafi hækkað. En það er sá stóri stefnumunur milli stj.andstæðinga og stjórnarliða, sem þar liggur til grundvallar. Ríkisstj. hefir talið sér skylt, þegar eitthvað hefir bjátað á um framtak einstaklingsins, að taka þar við, sem einstaklingnum lauk, en hefir svo rekið sig á, að þetta kostaði peninga, og til þess að standast þann kostnað, hefir hún lagt á nýja skatta, en ekki gætt þess, að sumpart hefir niður fallið framtak einstaklingsins vegna hinna þungu klyfja þess opinbera. Þannig hefir ein syndin boðið annari heim. Þessi stefna er frá sjónarmiði Sjálfstfl. óheppileg og hefir leitt út í ógöngur. Hér er um málefnalegan ágreining að ræða milli Sjálfstfl. og stjórnarliða, sem ég að öðru leyti skal ekki fara út í að þessu sinni.

Skal ég svo láta þessum málflutningi mínum lokið að þessu sinni, en að sjálfsögðu verður ekki hjá því komizt að taka eitthvað frekar til máls áður en umr. lýkur.

*__Finnur Jónsson__: Mér þykir rétt að lýsa afstöðu Alþfl. til þessa máls, þótt hún að vísu komi fram með undirskrift minni í nál. meiri hl. n. — Alþfl. greiðir þessu frv. að sjálfsögðu atkv., þar sem hann lítur svo á, að gjaldeyrisvandræðin séu að engu núverandi ríkisstj. að kenna, heldur stafi af þeirri miklu rýrnun, sem orðið hefir í saltfisksmarkaðinum. Það er einnig við þessa lántöku að athuga, að með henni er ætlað að greiða niður afborganir og vexti af skuldum ríkissjóðs, bæjar- og sveitarfélaga o. fl., sem nú munu vera látin sitja fyrir með yfirfærslur. Þessi lántaka mun þannig beinlínis, ef gert er ráð fyrir innflutningi á nauðsynjavörum, sem útgerðarmenn og kaupsýslumenn annars ekki gætu fengið yfirfærslur fyrir. Það er því furðulegt, að einmitt þeir, sem hér á Alþ. tala mest um þarfir útgerðarmanna og kaupsýslumanna, skuli beita sér gegn þessu frv. eða hafa slíka afstöðu sem hv. þm. G.-K., að tala í öðru orðinu með frv., en í hinu á móti því, þora sem sagt í hvorugan fótinn að stíga. Það er enginn vafi á því, að ef þetta lán fæst, mundi það létta mikið fyrir um yfirfærslur, ekki einasta fyrir þessi fyrirtæki, heldur einnig fyrir allan almenning.

Hv. frsm. minni hl., þm. G.-K., kvað svo að orði um annað mál, sem hér var á dagskránni rétt á undan (hitaveitulánið), að við ættum allir að sameinast um það, og að öðru leyti hafði hann það yfirlæti í frammi, að hann lýsti því yfir f. h. bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, að hún mundi þiggja ríkisábyrgð fyrir því láni. Þegar um er að ræða að bjarga bæjarstjórnarmeirihlutanum í Rvík út úr öðrum eins ógöngum og hann hefir komizt í gegnum þær kosningablekkingar, sem hann hafði í frammi við bæjar-

stjórnarkosningarnar í vetur, þá vill hv. þm. G.-K endilega hafa sameiningu og samvinnu við aðra flokka og „þiggja“ til þess ríkisábyrgð. Mikið var! En þegar um er að ræða að létta undir með útgerðinni og kaupsýslumönnum að fá gjaldeyri, þá hefir þessi hv. þm. þá einkennilegu aðstöðu, sennilega f. h. síns flokks, að hann þorir í hvorugan fótinn að stíga, og þá líklega vegna þess, sem hann hefir lýst yfir, að allmargir innan Sjálfstfl. eru þannig gerðir, að þeir mundu vilja stinga úr sér bæði augun, til þess að geta stungið annað augað úr stj.fl.

Hv. þm. G.-K. segir í nál. sínu, að „minni hl. hafi ekki verið til kvaddur, þegar teknar voru þær óheillaákvarðanir, er leitt hafi til gjaldeyrisskortsins“. Nú er það vitanlegt, að þær „óheillaákvarðanir“, sem að mestu leyti hafa leitt til gjaldeyrisskortsins, eru auk aflaleysisins borgarastyrjöldin á Spáni, og það er náttúrlega gott að heyra það, að Sjálfstæðisfl. hefir ekki verið til kvaddur, þegar þær ákvarðanir voru teknar á Spáni, að fara út í borgarastyrjöld.

Annars er það svo með þetta nál. hv. þm. G.-K., að það mun vera í rauninni nokkuð einstakt í sinni röð. Hann segir þar m. a., að hér sé um að ræða vanskil ríkisins eða lántöku, og viðurkennir þörf þjóðarinnar fyrir nýtt erlent lánsfé, en þrátt fyrir þessar viðurkenningar kemst hann að þeirri niðurstöðu, að rétt sé af Sjálfstfl. að halda að sér höndum og greiða ekki atkv. M. ö. o., ef ekki einhverjir aðrir vilja taka ábyrgð á því, að þjóðin lendi ekki í vanskilum, þá vill hv. þm. G.-K., hvað sem því líður, halda að sér höndum og leiða yfir þjóðina vanskil og skort á erlendum gjaldeyri. —

Þá er öllum þingheimi vitanlegt, að því fer svo fjarri, að það sé stefna ríkisstj. í gjaldeyrismálum, sem leitt hefir gjaldeyrisvandræðin yfir þjóðina, og hv. þm. G.-K. veit þetta alveg eins vel og hver annar, þótt hann neiti því í þessu dæmalausa nál. sínu. Hann hefir margoft hér á Alþ. gefið yfirlit yfir þá miklu rýrnun, sem orðið hefir á útflutningi saltfiskjar, og er sú rýrnun ein nægjanleg til þess að gefa skýringu á hinum miklu gjaldeyrisvandræðum.

Það er því meira en lítið ábyrgðarleysi af Sjálfstfl. að skerast úr leik með að greiða atkv. með þessu frv., ekki síst þegar hann þá um leið kemur hér dillandi framan í hv. þm. og biður um 7 millj. kr. ríkisábyrgð, til þess að reyna að hylja ofurlítið yfir þau kosningsvik og blekkingar, sem Sjálfstfl. viðhafði við síðustu bæjarstjórnarkosningar.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Þetta verða aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. minni hl. — Hann hafði mörg orð um það, að mín framkoma hefði verið mjög ógætileg í minni framsöguræðu. Ég þarf ekki að taka neinum fyrirsögnum frá hv. þm. G.-K. um það, hvernig ég eigi að haga mér. Ég býst við, að við séum báðir nokkurn veginn jafnfærir eða ófærir í þeim efnum.

Það virðist hafa farið nokkuð í taugarnar á hv. þm. G.-K., að ég talaði um það, að mér þætti ekki stórmannlegt af Sjálfstfl. að ætla sér að sitja hjá við atkvgr. þessa máls, og hv. þm. gaf það í skyn, að svo kynni að fara, að flokkurinn skipti um skoðun vegna þessara ummæla minna og greiddi atkv. móti málinu. Ég verð nú að játa, að mér finnst þetta kynleg yfirlýsing af formanni Sjálfstfl., þegar verið er að ræða eitt af stærstu málum þingsins, að flokkurinn muni kannske vippa við, eftir því bara, sem einn þm. — og það ekki neinn af stærri spámönnunum hér á Alþ. — segir. Það má því vel vera, að ég hefði getað hagað orðum mínum þannig, að Sjálfstfl. greiddi atkv. með málinu. En ég vil endurtaka það, að þessi afstaða er ekki stórmannleg, þótt ekki sé nema frá þessu sjónarmiði séð, og ætla ég ekki að taka neitt aftur af því, sem ég sagði um þetta áðan.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ég hefði sagt í ræðu minni hér áðan, að Sjálfstfl. hefði aldrei látið orð um það falla, að stefna ríkisstj. í fjármálum væri röng. Þetta voru ekki mín orð, enda er mér það vitanlega kunnugt, að Sjálfstfl. hefir einmitt oft látið falla stór og mikil orð um það, að stefnan væri röng. En ég hélt því hinsvegar fram, að frá Sjálfstfl. hefðu aldrei komið fram rökstuddar till. hvorki um niðurskurð á fjárl. né heldur aðra stefnu í fjármálum almennt, og ég vitna bara í nál. minni hl. þessu máli mínu til sönnunar. Þar hefði það sannarlega átt við að ræða slíkt í stórum dráttum, þegar verið er að ganga gegn því, að tekið sé stórlán, sem eingöngu á að fara til þess að greiða afborganir af erlendum lánum, en ekki á að nota í innanlandsframkvæmdir. Mér finnst ekki til of mikils mælzt af Sjálfstfl., þegar hann gengur gegn þessari lántöku, sem hann þó viðurkennir, að þörf sé fyrir, að hann bendi á höfuðlínurnar í þeirri fjármálastefnu, sem hann hafi barizt fyrir, en sem hundsaðar hafi verið af stj.fl. — Hv. þm. G.-K. gat í þessu sambandi um það, að einhverntíma hefðu af Sjálfstfl. verið bornar fram till. um 700 þús. kr. niðurskurð, og í annað skipti hefði verið samið við Framsfl. um 1 millj. kr. niðurskurð á fjárl., og þetta hefði allt verið svikið. Þetta er alls ekki rétt. Að vísu sat ég ekki á þingi um þetta leyti, en mér er samt kunnugt um það, að framinn var allmyndarlegur niðurskurður á fjárl., og hann var framkvæmdur eftir því sem hægt var, en hinsvegar samþ. svo Alþ. ýms nýmæli, sem vitanlega þurfti fjárveitingar til, og stóð Sjálfstfl. að samþykkt þeirra till. Hér var því alls ekki um svik að ræða, þar sem einmitt Sjálfstfl. var með í því að samþ. ýmsar nýjar till., sem fjárveitingar þurftu úr ríkissjóði. — Svo vil ég geta þess, að einn flokksbróðir hv. þm. G.-K. bar einu sinni fram till. um að auka atvinnubótafé upp í 1 millj. kr. — Þetta sýnir, hver festa er í fjármálastefnu Sjálfstfl.!

Hv. þm. G.-K. var að tala um það, að Sjálfstfl. hefði ekki risið harðara gegn innflutningshöftunum heldur en raun væri á, vegna þess að það hefði sýnt sig, að þau væru nauðsynleg vegna samninga okkar við önnur ríki. Já, það er nú svo, að Sjálfstæðismenn hafa alltaf orðið að viðurkenna, að innflutningshöftin væru nauðsynleg, þrátt fyrir það þótt þeir alltaf í blöðum sínum séu að hamra gegn þeim. Og ekki einu sinni Sjálfstæðismönnum — hvað þá öðrum — dettur

í hug að halda því fram, að innflutningshöftin hafi ekki komið að miklum notum, þótt þau ekki hafi getað leyst allt, sem þurfti.

Mér virtist sem hv. þm. G.-K. væri mér sammála um, að ekki væri líklegt, að við gætum greitt upp skuldir okkar á 20 árum. En má ég þá spyrja hv. þm.: Hvernig ætlar hann sér þá að leysa þetta? Við munum nú eiga að greiða 4½ millj. kr. á ári af erlendum skuldum. Hv. þm. segir, að við munum ekki geta það, en samt vill hann ekki, að tekið sé gjaldeyrislán. Ég skil ekki þessa afstöðu! En það má vel vera af því, að ég sé eitthvað sérstaklega treggáfaður, eins og mér virtist hv. þm. G.-K. vera að gefa í skyn.

Hv. frsm. minni hl., þm. G.-K., segir í nál. sínu: „Minni hl. telur því vel fara á því, að þeir séu hér einir að verki um úrræðin, sem vandræðunum valda, og að bezt sómi sér, að þeir, sem samfylkt hafa á ógæfubrautinni, hefji nú á eigin ábyrgð gönguna á fund lánardrottnanna". Þetta er slagorð og ekkert annað, því að eins og ég tók fram áðan, þá bendir minni hl. hvergi á, hverskonar röng stefna það er, sem stjfl. hafa fylgt á undanförnum árum í þessum efnum. Það er öllum þingheimi kunnugt, að það, sem vandræðunum veldur, byggist fyrst og fremst á þrem atriðum. Og skal þá fyrst telja markaðstapið. Ég hygg nú einmitt, að flokkur hv. þm. G.-K. hafi verið þar til kvaddur. Ég veit ekki betur en að menn, nákomnir honum, hafi verið kvaddir út um lönd, einmitt til okkar helztu markaðsþjóða, til þess að reyna að semja um bættan markað. — Annað má nefna í þessu sambandi, og það er aflaleysið. Ég veit nú ekki, hvernig hægt hefði verið að kveðja saman Sjálfstfl. til þess að afstýra því. Kannske hefði mátt halda þing með þorskunum í sjónum og kveðja þá saman og láta hv. þm. G.-K mælast til við þá, að þeir fylktu sér tugum þúsunda saman í botnvörpurnar. Ég veit ekki, hvort það er slík tilkvaðning, sem hv. þm. óskar eftir. Stæði mér þá líklega næst að smala saman pestarrollunum og fyrirskipa þeim að mótmæla mæðiveikinni. — Það er einmitt þetta þrennt, markaðstapið, aflaleysið og mæðiveikin, sem hefir gert það að verkum framar öðru, að gjaldeyrisvandræðin hafa skapazt. Og ég skil ekki, á hvern hátt hefði átt að kveðja Sjálfstfl. til þess að reyna að afstýra aflaleysinu, fjárpest og öðru líku, en hinu held ég fram, að til þess, sem í okkar valdi var að gera tilraunir um, hefir Sjálfstfl. verið til kvaddur á sama hátt og aðrir flokkar. —

Hv. þm. G.-K. var að lýsa því yfir, að margir Sjálfstæðismenn, a. m. k. utan þingheims, mundu vera andvígir þessu frv., og mundu jafnvel krefjast þess, að þingflokkurinn greiddi atkv. á móti því. Ég ætla ekki að blanda mér í þá hluti. Það er þeirra fjölskyldumál. — En ég verð bara að segja það, að mér finnst hv. frsm. ekki hafa verið svo varkár í orðalagi í sínu nál., að hann þurfi að stökkva upp á nef sér, þótt ég hafi bent á það, að framkoma Sjálfstfl. í þessu máli gæti frá mínu sjónarmiði ekki talizt stórmannleg. —

Ég get svo látið þessum orðum mínum lokið, því að gott væri, ef umr. lengdust ekki mjög mikið.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Thors): Ég ætla að byrja þar, sem hv. frsm. meiri hl. endaði, að hann telji framkomu okkar Sjálfstæðismanna í þessu máli ekki stórmannlega. En hún er a. m. k. það stórmannleg, að ég dreg í efa, að hv. frsm. hefði sýnt samskonar framkomu í okkar sporum.

En um það, hvort Sjálfstfl. sé samboðið að breyta um afstöðu til þessa frv., vegna ögrana hv. frsm., er það að segja, að ég hefi ekki — og það er nú kannske ekki rétt af mér — tekið það mikið tillit til þessara ummæla hv. frsm., að ég hafi í hyggju að fara eftir þeim. En hv. frsm. hlýtur að skilja það, að það væri engin goðgá, þótt Sjálfstfl. tæki til athugunar að fara eftir þessu, þó án hliðsjónar af, hver það er, sem talar, þá er þó a. m. k. þess að gæta, að hann virðist tala í umboði sjálfs fjmrh.

Ég nenni nú ekki að fara út í að karpa um það, hvort Sjálfstfl. hafi nokkurn tíma komið með till. um almennan niðurskurð á fjárl. Ég vék nokkuð að því í minni fyrri ræðu og sýndi fram á, að við hefðum ekki einasta margboðið fram um það samkomulag, sem hver ábyrgur stjórnmálaflokkur hefði tekið fegins hendi, heldur einnig, þrátt fyrir það, að Framsfl. hefir ekki tekið tilboðum okkar, gert tilraunir til þess upp á eigin umdæmi, og nefndi ég þau tvö dæmi, að við hefðum borið fram till. um 700 þús. kr. niðurskurð og annarsvegar gert samninga við formann Framsfl. um 1 millj. kr. niðurskurð, en það verk hefði að engu orðið, með því að samtímis voru samþ. hækkanir á fjárl. á öðrum sviðum.

Ég hefi aldrei sagt, að innflutningshöftin geti ekki komið að neinum notum. Ég hygg einmitt, að þau undir vissum kringumstæðum geti komið að talsverðum notum, en ég dreg í efa, að okkur hafi verið til nokkurra bóta — og er þar í raun inni of lint að orði kveðið — að hafa nokkur innflutningshöft á þessum árum, eins og þau hafa verið framkvæmd, úr því að látið hefir verið undir höfuð leggjast að gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. En hitt er svo staðreynd við hliðina á þessu, að það hefir verið ill nauðsyn að hafa a. m. k. einhverjar hömlur, vegna þess að við út af samningum við aðrar þjóðir höfum með innflutningshöftunum orðið að beina innkaupum á nauðsynjavörum okkar í vissar ákveðnar áttir.

Þá var það rangmæli hjá hv. frsm. meiri hl., að ég hefði fallið á sveif með honum um það, að þess væri enginn kostur fyrir íslenzku þjóðina að greiða niður skuldir sínar á 20 árum. Ég sagði einmitt, að ég hefði um það miklar vonir. En það er ekki þessu máli viðkomandi, og ég játa og hefi ekkert farið dult með það, að ég tel ekki, að á þessu ári munum við geta það. —

Ég vísa algerlega heim til föðurhúsanna þeim ummælum, að ég hafi verið með slagorð. Ég hefi við umr. þessa máls gert fyllilega grein fyrir því, að frá sjónarmiði okkar Sjálfstæðismanna er ekki einungis um utanaðkomandi erfiðleika að ræða, sem þeim gjaldeyrisvandræðum valda, sem fyrir hendi eru, og hv. frsm. getur ekki ætlazt til þess, að ég fremur en hann í nál. sínu dragi fram í dagsbirtuna sérhvert það atriði, sem mætti verða þessari skoðun minni til rök-

stuðnings, og það af þeim ástæðum, að slíkt er fremur efni í ritgerð eða langa bók heldur en eitt nál.

Það er náttúrlega öllum vitanlegt, að aflaleysið hefir verið okkur óhagstætt. En hinsvegar er ekki hægt að telja þessar tvær raunir saman sem höfuðraunir þjóðarinnar, aflaleysið annarsvegar og markaðsleysið hinsvegar, vegna þess að við höfum getað selt allt, sem við höfum aflað. Hefði hinsvegar aflinn verið eins og venja hefir verið til, þá hefði markaðsbresturinn orðið okkur mjög mikið böl. (**Fjmrh:** Hefir Spánarlokunin ekki haft nein áhrif á verðið?). Ég held ekki, að við höfum haft neitt verra verð síðan Spánn lokaðist. Árið 1931 var verðið t. d. í 50 kr., og ég man satt að segja ekki, hvort við nokkurn tíma síðan 1932 höfum komizt nokkuð verulega upp yfir þetta, sem við búum við nú. Að vísu mætti ef til vill gera sér vonir um, að ef Spánarmarkaðurinn hefði þá ekki eins og aðrir markaðir farið að þrengjast, þá hefði eftirspurnin aukizt og það hefði hækkað verðlagið. — Nei, það tvennt, sem ég tel, að valdi meininu, og sem við sjálfir eigum sök á, er, að við ekki höfum gætt hófs í útgjöldum fjárl. annarsvegar, og svo hinsvegar, að við höfum ekki gert eðlilegar og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að reyna að koma í veg fyrir, að atvinnuvegir landsmanna væru reknir með tapi.

Ég sé ekki ástæðu til að rífast við hv. þm. Ísaf. Það er það óþrifalegasta verk, sem nokkur þingmaður lendir í. Innrætið er alltaf það sama, og það er ómögulegt fyrir nokkurn mann að tala við hann án þess að lenda í skömmum, og ég hefi satt að segja alltaf dregið úr viðræðunum við þennan hv. þm., eftir því sem ég hefi setið á fleiri þingum með honum. Kannske er það af því, að hann er svo mikill kappi, að veifiskata eins og mér er ekki þorandi í hendurnar á honum. En án þess að fara að ræða neitt sérstaklega við hann, vil ég bara segja þetta: Öðrum fórst, en þér ekki! Að þessi maður, sem hefir verið nær dauða en lífi í marga mánuði af hræðslu við hv. 3. þm. Reykv. og Kommúnista, skuli vera að tala um það, að Sjálfstæðismenn þori hvorki að stíga í aðra löppina né hina, er næstum því hjákátlegt. Nei, sannleikurinn er sá, að í þessu máli hefir Sjálfstfl., ef hann fylgir þeirri afstöðu er fram kemur í nál. mínu, sýnt bæði meira þor og þinglegri framkomu heldur en líkur benda til, að stjfl. hefðu sýnt, ef þeir hefðu verið í einhverri svipaðri aðstöðu. Ég veit ekki betur en að það komi daglega fyrir hér á Alþ., að bæði heilir flokkar og einstakir þm., jafnt við nafnakall og handauppréttingu, greiði ekki atkv. Og ef það væri nú ekkert annað, sem væri til vitnis um kjarkleysi hv. þm. Ísaf., heldur en það að greiða ekki atkv. í einstökum málum, þá væri ekki allur þingheimur skellihlæjandi, þegar hann minnist á kjarkleysi eða þor. Hitt er annað mál, að það þarf minna þor fyrir Sjálfstfl. til þess að greiða atkv. gegn þessu máli heldur en að taka þá afstöðu, sem hann hefir tekið og fram kemur í nál. mínu.

***Finnur Jónsson:** Hv. þm. G.-K. var að tala um, að rétt væri að láta ríkisstj. og stjórnarflokkana hefja eina gönguna í þessu máli til að biðja um lán. Bæjarstjórnarmeirihl. eða öllu heldur borgarstjórinn í Reykjavík hafa haft í því reynsluna, að mega hefja einir göngu til þess að leita eftir láni. Og þó að ég á engan hátt vilji draga úr hæfileikum borgarstjórans, efast ég ekki um, að það er miklu léttara fyrir fjmrh. að hefja einn göngu í þessu máli en var fyrir borgarstjórann að hefja einn gönguna í hitaveitumálinu. En svo erfið sem ganga borgarstjóra hefir verið utanlands, ætla ég, að hún hafi verið erfiðari innanlands nú eftir að hann kom heim.

Hv. þm. G.-K. vildi draga mikið í efa, að saltfisksútflutningurinn væri valdandi gjaldeyrisvandræðunum og verðið á saltfiski myndi í engu hafa verið hærra, þótt Spánn hefði verið opinn öll árin, og tók hann árið 1931 sem dæmi. En við þetta er það að athuga, að árið 1931 var óvenjulega mikið aflaár, og var þá ómögulegt að selja þennan mikla afla, nema með því að setja verðið niður fyrir framleiðsluverð. Ég veit, að hv. þm. er kunnugt um þetta eins og mér og öðrum, þótt hann látist ekki vita það.

Ég skal ekki deila á neinn hátt við hv. þm. G.-K. um minn kjark eða mitt kjarkleysi, né fara í neinn samanburð við hann um slíkt. Hitt er það, að ég taldi kjarkleysi af Sjálfstfl. að geta ekki tekið afstöðu í máli, sem hann viðurkenndi í öðru orðinu að væri nauðsynjamál fyrir alla þjóðina, og ég hefi fulla ástæðu til að halda, að einmitt kjarkleysi þessa hv. þm. hafi komið þarna sérstaklega í ljós, þótt hann hafi sennilega látið undan ýmsum hinum æstari flokksmönnum sínum í því að sitja hjá við afgreiðslu málsins, jafnvel þótt hann hafi eins og nál. ber með sér, haft mikla tilhneigingu til þess að greiða atkv. með því. Hitt hefi ég aldrei sagt, að sjálfstæðismenn væru yfirleitt kjarklausir. Ég tel það þvert á móti bera vott um mikinn kjark, að borgarstjóri kemur nú með beiðni til þingsins um lán fyrir hitaveituna, því að ganga þessa hv. þm. úti í löndum hefir sennilega ekki verið til þess að auka á hans hróður. Og þó að hann að vísu hafi borið lægra hlut þar, þá er þó hans ganga hér heima ennþá síður fallin til þess að auka honum kjark, því að þessi ágæti maður, sem er þannig í öllum sínum einkaviðskiptum, að engum dettur í hug annað en trúa hverju orði, sem hann segir, og er svo grandvar í öllu sínu líferni, að ef sagt er: „Hann Pétur segir það" — er það álitið standa eins og stafur á bók, hefir í þessu máli verið notaður af sínum flokki mjög mikið á þann hátt, að það hlýtur að draga úr hans kjarki til þess að sýna sig í opinberum málum. Því að það vita allir, að þegar borgarstjóri kom heim í desember, vissi hann um erfiðleikana á því að fá lán í Englandi. En samt sem áður sagði blað Sjálfstfl., að lánið væri víst og það fengist án ríkisábyrgðar, þetta væri áreiðanlegt, því að hann Pétur hefði sagt það. Ég held, að enginn flokkur hafi nokkurntíma notað heiðarleik jafnstrangheiðarlegs manns og hv. 4. þm. Reykv. á sama hátt og bæjarstjórnarmeirihl. í Reykjavík nú. Og þess vegna get ég sagt — ég vona að það sé einhver hugarhægð í því fyrir hv. þm. G.-K. —, að ég skoða það mik-

inn kjark af Sjálfstfl., að koma fram með þetta mál hér á Alþingi, eftir það sem á undan er gengið.

Forseti (JörB): Ég vil aðeins benda á, að hitaveitumálið er hér ekki til umr.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Thors): Úr því að menn eru hér farnir að hæla hver öðrum, vil ég ekki láta undir höfuð leggjast að taka að svo miklu leyti þátt í því kapphlaupi, að um leið og ég lýsi því yfir, að ég hefi ekki álit á hv. þm. Ísaf., hvorki fyrir kjark né neina aðra mannkosti, tel ég það þó vott um kjark, að þegar hér er til umr. lántaka, sem á sína þörf sumpart í sjálfskaparvítum, sem þeir Kolur og Kroppinskeggi — sósíalista-bitlinga-auðmennirnir — valda, þá skuli þessi maður, sem slitið hefir nagtönnunum á ríkisbeinum og æru náungans, standa upp og breiða sig út yfir þetta mál. — Ég get látið þetta nægja til andsvara, um leið og ég fel réttdæmi hæstv. forseta, hvort heldur á að kalla þetta kjark eða blygðunarleysi.

***Finnur Jónsson:** Ég skal ekki lengja umr. mikið. — Það er ákaflega gott hjá hv. þm. G.-K., ofan á allar þær upplýsingar, sem hann hefir gefið um vandræði sjávarútvegsins, að standa hér upp og segja, að þau vandræði séu öll stjórnarflokkunum að kenna. En það, sem hv. þm. hefir áður sagt um þessi mál, sýnir, að hann segir þetta gegn betri vitund.

Ég ætla ekki að ræða um tennur þessa hv. þm.; ég geri ráð fyrir, að þær verði farnar að eyðast nokkuð mikið, þegar hann verður búinn að skyrpa frá sér öllum Kveldúlfsbeinunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EOl, EystJ, FJ, HG, HelgJ, ÍslH, PHann, JörB.

TT, ÞBr, GSv, JPálm, ÓTh, PHalld, SEH greiddu ekki atkv.

10 þm. (StSt, ÞorbÞ, EE, EmJ, GÞ, GG, HV, JakM, PO, SK) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EOl, EystJ, FJ, HG, HelgJ, ÍslH, PHann, JörB.

TT, ÞBr, GSv, JPálm, ÓTh, PHalld, SEH greiddu ekki atkv.

10 þm. (SK, StSt, ÞorbÞ, EE, EmJ, GÞ, GG, HV, JakM, PO) fjarstaddir.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 344, n. 519, 523).

Of skammt var liðið frá 2. umr. svo og frá útbýtingu þskj. 519 og 523. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. 2. minni hl. (Stefán Stefánsson):** Herra forseti! Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það nál., sem ég hefi lagt fram sem 2. minni hl. fjhn. Í n. kom ég fram með uppástungu um það, að lántökuheimild hæstv. fjmrh. á þskj. 344 yrði send bönkunum til umsagnar. Ég taldi sjálfsagt að fá yfirlýsingar lánsstofnananna um það, hvort rétt sé að sinna þessari beiðni stj. um lántökuheimild eða ekki. Ég taldi einnig, að með því mætti fá nokkrar upplýsingar um, hve miklu duldar greiðslur nema og hve mikið erlent fé er innifrosið í bönkum landsins. — Meiri hl. fjhn. taldi þessa ekki þörf; fjmrh. mundi vera búinn að kynna sér svo afstöðu bankanna, að ekki þyddi meir. Þetta get ég ekki viðurkennt, meðan ekkert liggur fyrir um það nema óljós ummæli.

Ég mundi geta gengið inn á að samþ. þetta frv., ef felldur væri niður síðari hluti 1. gr. um lántöku á árunum 1939—1940, allt að 7 millj. kr. Meiri hl. taldi þetta ófæra leið og vildi láta málið ganga fram óbreytt. Og sömu afstöðu mundu stjórnarflokkarnir hafa tekið. — En ég tel nægilegt, að ríkisstjórnin fái þá heimild, sem þörf er fyrir á þessu ári. Því að þing kemur eftir þetta þing, og má þá leita lánsheimilda fyrir 1939—1940, ef þess gerist þörf.

En margt getur breytzt á þeim árum, og gjaldeyrisástand þjóðarinnar er allt í óvissu. Bændafl. teldi það enga fjarstæðu að krefjast þess, að rannsókn færi fram á öllu fjármálaástandi ríkisins, áður en nýtt stórlán er tekið. Það er óverjandi ástand, að þegar skuldir landsins eru á sama tíma áætlaðar um 90 millj. af gjaldeyrisnefnd, en virðast vera nær 105 millj. kr. samkv. upplýsingum skipulagsnefndar atvinnumála, þá skuli engin gögn liggja fyrir til að komast að hinu rétta, engin leið fyrir fjhn. og alþingismenn að komast í botn og finna þann grundvöll, sem þeim er óhætt að treysta.

Það hefir komið fram í umr. um lán til hitaveitu Reykjavíkur, að ekki er ómögulegt, að eitthvað fáist þar af gjaldeyri, sem bætt geti greiðsluhag þjóðar og ríkis næstu tvö árin. Og eins og ég hefi tekið fram, get ég því aðeins gengið með frv., að felld verði niður lántökuheimild fyrir ríkisstjórnina tvö næstu ár, en látnar nægja 5 millj. á þessu ári, unz vitað er síðar meir, hvers þörfin krefur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af orðum hv. frsm. 2. minni hl. fjhn. vildi ég segja, að ekki var tími til að senda málið bönkunum til umsagnar, eins og hann leggur til, og var frá því horfið. Enda hefði það verið óþarfi, því að ríkisstj. hefir oft haft umræður við alla þá bankastjóra, sem vegna daglegra starfa við gjaldeyrismálin eru þeim kunnugastir. Rannsókn, áður en þetta lán er tekið, er líka óþörf, því að bæði gegnum bankana og hagstofuna hefir rannsókn farið fram, svo að ekki verður lengra komizt í þeim efnum að sinni. Enda hygg ég, að þær upplýsingar, sem þegar hafa verið gefnar um málið, sýni fullkomlega þörfina.

Hv. frsm. 2. minni hl. segist vera á þeirri skoðun, að nóg sé að veita heimild fyrir 5 millj. lántöku fyrir árið 1938. Fljótt á litið gæti mönnum sýnzt þetta svo. Það væri miklu einfaldara fyrir ríkisstjórnina eða sérstaklega fyrir mig að

fara fram á 5 millj. heimild; það er minna í munni andstæðinga en 12 millj. En eins og þeir vita, sem þessum málum eru kunnugir, er ekki varlegt að gera ráð fyrir því á næstu árum, að hægt sé að greiða niður skuldir, án þess að lánsfé flytjist inn í staðinn. Og þá er miklu hollara fyrir alla aðilja, að það sé heimilað strax. Það er betra, þegar farið er að tala við erlenda lánveitendur um þessi mál í heild, að geta sýnt þeim, hvað muni verða reynt að gera 1939—1940, ef brýn nauðsyn rekur til, heldur en ef það er látið hanga í óvissu. Þó að það væri einfaldara fyrir ríkisstjórnina að láta þarna hverjum degi nægja sína þjáningu, hefir þörf landsins verið látin sitja í fyrirrúmi fyrir því, sem var pólitískt léttara.

Hv. frsm. 2. minni hl. minntist á, að ef hitaveitan fengi framgang, mundi mega hugsa sér mikinn gjaldeyri þaðan. Nú er ekki ætlazt til að taka nema rúmar 4 millj. að láni til þess fyrst um sinn, og verkinu verður ekki lokið fyrr en eftir nokkur ár. Talið er, að 55% af láninu fari fyrir efni og kostnað erlendis. En af þeim 45%, sem ganga til að auka atvinnu innanlands, má ætla, að nokkur hluti, eða 20%, verði innanlandslán, með því að ríkisábyrgðin verði miðuð við 80%. Þá eru eftir 25% af fjórum millj., eða ein millj. kr., sem frjáls gjaldeyrir. Það er engin afgerandi upphæð í þessu sambandi, þótt hægt væri kannske að hafa gjaldeyrislánið eitthvað lengra, ef af hitaveitu- og Akureyrarlántökunni yrði.

Hér liggur fyrir brtt. á þskj. 523 frá hv. 5. þm. Reykv. ásamt öðrum hv. þm. og segir svo: „Leitazt skal við að taka lán þessi annarsstaðar en þar, sem skuldir landsins eru mestar nú". — Ég ætla ekki að fara út í það við umræður hér, hvar lánið muni verða tekið. Jafnvel þó að allir væru kannske sammála um það, að efni till. væri rétt, þá hljóta hv. þdm. að vera sammála um hitt, að það er gersamlega ótækt að hafa slík takmörkunarákvæði í frv. um heimild fyrir lántöku. Ég vildi mælast til þess við hv. flm. till., að þeir tækju hana aftur og létu sér nægja að láta þetta koma fram við umræðurnar. — Ég þarf væntanlega ekki að rökstyðja það, hvers vegna þessi fyrirmæli væru gersamlega óhæf í lántökuheimildinni.

Einar Olgeirsson: Út af því nál., sem útbýtt er frá 1. minni hl. fjhn. og hv. þm. G.-K. hefir rætt hér dálítið, og gerði grein sérstaklega fyrir afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls, þá er það alveg auðséð, að Sjálfstfl. leggur sérstaklega upp úr því að skella allri skuldinni á ríkisstj. fyrir þau gjaldeyrisvandræði, sem séu, og fyrir þær ógöngur, sem að ýmsu leyti er nú komið í með skuldamál okkar Íslendinga út á við. Ég álít, að hér sé rangt að farið, og það sé alls ekki fyrst og fremst ríkisstj., sem eigi sökina, að svo miklu leyti sem sakir eru fyrir hendi um það, hvernig komið er skuldum okkar utanlands og þeirri hættu, sem af þeim stafar, og gjaldeyrisvandræðum, sem nú eru. Það má fyrst og fremst rekja slík vandræði til valdhafanna yfir bönkum landsins, og þá fyrst og fremst Landsbankans. Við höfum svo oft haldið þeirri skoðun fram og rökstutt hana, að óþarft er að lengja umr. um málið nú. En það, sem má saka hæstv. ríkisstjórn um, er, að hún beiti ekki nógu mikið sínu valdi og rísi ekki nægilega á móti yfirráðum bankavaldsins. Hinsvegar verður þess mjög vart í hvert einasta skipti, sem þm. Sjálfstfl. gera grein fyrir sínu atkv., að þeir bera alltaf blak af bankastjórninni og koma þeirri sök, sem réttilega er þeirra eigin, yfir á ríkisstj. Ég vil þess vegna að það komi greinilega fram í sambandi við þessar umr., hver okkar skoðun er, því að þetta skiptir vitanlega mjög miklu máli um alla fjármálapólitík landsins og afstöðu þeirra aðilja, sem völdin hafa, ríkisstjórnin annarsvegar og stjórn bankamálanna hinsvegar. Það kemur greinilega fram, að sjálfstæðismenn reyna sem allra mest að komast hjá því að ræða nokkuð ábyrgð Landsbankans gagnvart gjaldeyrismálum og skuldamálum og hættu þá, sem af okkar erlendu skuldum stafar. Viðvíkjandi svo þessu frv. og þessari nýju, stóru lántöku, þá vil ég endurtaka það, að við álítum þetta lán nauðsynlegt og viljum gjarnan taka dýpra í árinni, að við álítum það í raun og veru óhjákvæmilegt. Og út af því, að heppilegra sé að taka 12 millj. kr. lán en ekki 5 millj., þá álít ég nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi leyfi til að taka 12 millj. kr. lán strax í ár, og meira að segja líklega heppilegra, að hv. ríkisstj. væri frekar en hitt gefið undir fótinn frá Alþingi, að hún hefði meira frjálsræði með nokkuð af þessum gjaldeyri, ef unnt hefði verið að setja eitthvað af honum, sem ekki þyrfti að nota á þessu eða næsta ári í fyrirtæki, sem öruggt er, að gæfu atvinnu og sköpuðu erlendan gjaldeyri eða spöruðu hann. Jafnframt álítum við tilfærslu skulda erlendis mjög heppilega, og það er mál, sem við hvað eftir annað höfum vakið eftirtekt á, þótt það fengist lítið athugað. Ég vil rétt skjóta því inn í, að Norðmenn hafa tekið lán í Sviss til að borga með eitthvað af sínum gömlu skuldum, þar sem þeir fá lán fyrir 3% til að borga upp lán, sem 5% hvíldu á. Þetta er nokkuð, sem við þurfum alvarlega að athuga. Sama gildir um það, hvað snertir þá hugsanlegu möguleika, sem líka hefir verið bent á, sérstaklega af okkur, ef að einhverju leyti þyrfti að grípa til að birgja landið upp af vörum, bæði vegna styrjaldarhættu, og líka ef til vill ef hafísinn færi að gera óskunda hér. Þess vegna vil ég segja það strax viðvíkjandi afstöðu okkar kommúnistanna, að það kemur ekki til mála að vera á móti frv. En í raun og veru eru það tvö skilyrði, sem frá okkar sjónarmiði þyrfti að fullnægja til þess, að við gætum verið með lántöku sem þessari. Annað skilyrðið er viðvíkjandi bankavaldinu. Hitt snertir aðstöðuna út á við. Hvað snertir fyrra atriðið, þá höfum við svo oft haldið fram, að það sé í raun og veru bankavaldið, sem hefir ráðið á undanförnum árum, hvernig lánum hefir verið ráðstafað og hvernig fé hefir verið notað, og fyrir óstjórn, sem á bankamálum hefir verið og lánastarfsemi yfirleitt, hafi tugir millj. tapazt á þessum árum og skuldir þjóðarinnar orðið eins miklar og þær eru. Við álítum þess vegna, að þar sem reynslan sé svona slæm á því, hvernig lánin eru notuð, þegar Landsbankavaldið hefir ráðið, þá sé það ófært, að slíku haldi áfram.

Og nú höfum við heyrt það í framsöguræðu hæstv. fjmrh., og sjáum líka á grg., að gert er ráð fyrir því, að ríkisstj. ein ráði, hvernig þessu láni verður ráðstafað. Það er gert ráð fyrir því, að hún láni til bankanna, og hún ennfremur ráðstafi, hvort þetta fé sé lagt á sjóð. Hún gengur víst út frá því yfirleitt. Þannig að við teljum, að í grg. hæstv. ráðh. komi fram vilji til þess hjá ríkisstj. að ráðstafa þessu láni, án þess að Landsbankavaldið ráði þar um, a. m. k. hafi þar nein afgerandi ráð. Að vísu verð ég nú að segja, að eftir reynslunni verður maður varlega að treysta því, að ríkisstj. láti ekki Landsbankavaldið hafa fullmikil áhrif á sig. Hinsvegar myndum við samt, eftir því sem fram hefir komið viðvíkjandi þessu máli, láta þó þennan vilja hæstv. ráðh., sem okkur virtist koma fram í grg. og framsöguræðunni, nægja til þess að álíta, að þessum skilyrðum sé sæmilega fullnægt. Og í von um það, að hæstv. ríkisstj., ef þar kemur til einhverra átaka, verði sjálfstæðari gagnvart Landsbankavaldinu heldur en hún því miður oft hefir verið áður. Við munum þess vegna ekki bera fram neina brtt., sem snertir þetta mál, heldur álítum það þolanlegt eins og viðhorfið er. Þá er viðvíkjandi því, sem snýr að erlenda bankavaldinu, og þó fyrst og fremst Englendingum. Við höfum hvað eftir annað vakið eftirtekt á, hve ósjálfstætt Ísland í rauninni er orðið gagvart erlendum fjármálum, sérstaklega auðvaldsins á Englandi. Við álítum, að þetta sé hættulegt, ekki aðeins okkar fjárhagslega sjálfstæði, heldur beinlínis okkar almenna þjóðernislega og stjórnmálalega sjálfstæði. Eins og nú öllum þm. er kunnugt, hafa ensku bankarnir komið fram með skilyrði og skilmála, sem við höfum orðið að ganga inn á fyrir 4 árum. Við álítum, að með þessari nýju lántöku eigi a. m. k. að gera tilraun til þess að reyna að bæta úr þeirri einangrun, sem við erum í, og reyna að komast úr þessu vandræðaástandi, sem við erum nú í gagnvart enskum bönkum. Það er nauðsynlegt, að kæmi fram í sambandi við þessa lántöku sá vilji þingsins eða vilji stjórnarinnar, að þetta væri reynt, þannig að það fengist viðurkenning á þeirri hættu, sem felst í því, hvað sterk áhrif ensku bankanna eru orðin, og væri sýnd viðleitni til þess að varast þessa hættu eða draga úr henni. Þess vegna höfum við flutt brtt. um að bæta við eftir 2. málsgr. 1. gr., að leitast verði við að taka lánið annarsstaðar en þar, sem skuldirnar eru mestar. Formið á þessari brtt. var haft eins milt og hægt var. Og svo framarlega sem þessi brtt. verður samþ., munum við greiða atkv. með láninu. Nú segir hæstv. fjmrh. í sínu stutta andsvari áðan, að jafnvel þótt menn væru með efni þessara brtt., þá væri í raun og veru ekki fært að samþ. hana og setja þannig ákvæði í lögin. Ég hafði einmitt búizt við þess háttar andmælum og var einmitt við því búinn, að það myndi koma fram ósk um það, að brtt. væri ekki samþ. Vil ég í því sambandi segja, og beina því sérstaklega til fjmrh., ef hann er nálægur, að ef fram kæmi frá fjmrh. í ræðu yfirlýsing um það, að þetta lán yrði tekið annarsstaðar en þar, sem skuldirnar eru mestar, þá myndum við skoða það jafngilt. Myndum við þá taka okkar brtt. til baka og greiða atkv. með lántökunni. Ég get ósköp vel skilið, að formlega séð er óþægilegt að hafa þessháttar ákvæði beinlínis í lögunum sjálfum. Hinsvegar liggja engar yfirlýsingar fyrir um þetta hvorki í fyrstu ræðunni eða svarræðu hæstv. ráðh. Við munum, eins og ég sagði áðan, sitja hjá við atkvgr. frv., ef okkar brtt. verður felld.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sagði áðan í sambandi við þetta mál, að ég teldi hvorki rétt né ástæðu til að gefa neinar yfirlýsingar um, hvar stjórnin myndi leita fyrir sér um gjaldeyrislánið, sem fyrirhugað er. En við höfum náttúrlega heyrt þá skoðun, sem hv. 5. þm. Reykv. hefir á því, en að líkindum breytir það engu, þó að hann taki sína brtt. aftur. En ég álít mjög slæmt, ef slíkt ákvæði sem felst í brtt. yrði sett í lögin. Ég veit ekki, hvort hv. þm. treystir sér til að taka brtt. sína aftur eftir þessi ummæli. Ég álít, ef hann ekki vill taka hana aftur, sé skynsamlegast að fella hana.

Einar Olgeirsson: Ég vil segja út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að náttúrlega eftir þessar yfirlýsingar get ég ekki tekið brtt. aftur, en geng hinsvegar út frá því, að hún verði felld. Og munum við að sjálfsögðu sitja hjá við atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 523 feld með 17:3 atkv.

Frv. samþ. með 16:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, VJ, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, HG, HelgJ, HV, PHann, SkG, StgrSt, JörB.

nei: ÞBr, StSt.

EOl, GSv, ÍslH, JakM, JPálm, ÓTh, PHalld, PO, SEH greiddu ekki atkv.

6 þm. (TT, ÁÁ, EE, GÞ, GG, SK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Það hefir ekki verið mikill tími til þess að athuga þetta mál síðan það var til 1. umr. í morgun. Þó hafa nm. fjhn. átt tal um það, án þess að hægt sé að segja, að það hafi verið tekið fyrir á formlegum fundi, enda liggur ekki fyrir neitt nál. frá n. Það kom í

ljós á þessum viðræðum nm., að hvorugur meðnm. minna eru nú á þessu stigi málsins við því búnir að fylgja þessu frv. Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. Reykv. hafi sömu afstöðu til málsins eins og flokksmenn hans í hv. Nd. og að hann sitji hjá við atkvgr., en hv. 11. landsk. hefir ekki tekið endanlega afstöðu til málsins. Ég fyrir mitt leyti mæli vitanlega með því, að þetta frv. verði samþ.

Um ástæðurnar fyrir því, að frv. er fram komið, tel ég nægja að vísa til grg. þess. Þar er það m. a. upplýst, að það, sem þjóðin mun þurfa að greiða af erlendum skuldum á þessu ári, fyrir utan vexti af þeim, er á 5. millj. kr., og þar sem það er öllum vitað, að undanfarin ár hefir oft verið flutt inn allmikið lánsfé til landsins, þó að vel hafi árað, þá er það sjálfsagt öllum skiljanlegt, að varla mun þykja fært að taka á sig svona háa greiðslu af þeim útflutningi, sem til fellur á landinu, fyrir utan það sem þjóðin þarf til þess að lifa af. Það er mikið talað um, hvað skuldirnar séu orðnar miklar, en eins og gefnar eru upplýsingar um í grg. frv., svara þessar afborganir, sem stendur til að greiða á þessu ári, til þess, að allar skuldir ríkisins og annara yrðu greiddar upp á 20 árum.

Ég held, að það þurfi ekki orðum að því að eyða, að þegar árferðið er eins og raun ber vitni, þegar fiskaflinn bregzt að miklu leyti, fiskmarkaðirnir, sem við áður höfðum hafa að mestu lokazt og fjárpestin virðist ætla að eyðileggja mikinn hluta okkar sauðfjárstofns, þá sé þess ekki að vænta, og ekkert undarlegt við það, þótt ekki sé hægt að lækka skuldirnar eins stórkostlega og í raun og veru þyrfti að gera, og ég er viss um, að það mundi oft og tíðum hafa verið talið vel sloppið að auka ekki skuldirnar í slíku árferði sem nú er.

Það kann að vera, að það megi nota þetta mál pólitiskt á einhvern hátt til ófrægingar hæstv. ríkisstj. og þeim flokkum, sem hana styðja, en ég er þó ekki hræddur um, að hinn skynsamari hluti þjóðarinnar a. m. k. átti sig ekki vel á því, hvað hér er um að ræða, þegar tími gefst til að skýra þetta mál og menn geta rólega um það hugsað.

Ég vil vænta þess, að þeir menn, sem kynnu að verða nokkuð óráðnir um afstöðu sína til frv., greiði atkv. með því til 3. umr., til þess að málið þurfi ekki að tefjast, ef það á annað borð á að ná fram að ganga, því að vitanlega má taka þá endanlegu afstöðu til málsins, milli 2. og 3. umr., eins og að fara að tefja 2. umr. nú og koma því til leiðar, að málið verði tekið af dagskrá.

*__Magnús Jónsson:__ Ég geri ráð fyrir, að út af þessu frv. hefðu spunnizt nokkrar umræður, ef meiri tími hefði verið til, og ég fyrir mitt leyti hefði gjarnan viljað ræða ofurlítið við hæstv. fjmrh. um þetta mál í sambandi við ýms orðaskipti okkar í milli um fjármálastjórn ríkisins undanfarin ár.

Lántaka eins og þessi er náttúrlega ekkert annað en alveg fyrirsjáanlegur hlutur, eins og haldið hefir verið á fjármálum okkar undanfarin ár, en okkur hefir greint allmikið á um það, þar sem ég hefi ekki trú á þeirri einkennilegu og víst alveg einstæðu fjármálapólitík, að ætla sér að auka kaupgetuna í landinu með því að auka á gjaldeyrisörðugleikana og bjargast yfir örðugleikana með því að loka hana inni, eins og kallað er. Það er reynt að loka hana inni, eins og ef reynt væri að sjóða hrafnsegg, án þess að nokkur gufa kæmist út.

Það er ýmislegt fleira í þessu máli, sem gerir það að verkum, að það er nokkuð erfitt fyrir Sjálfstfl. að taka afstöðu til þess, ekki sízt þar sem hann hefir þá sannfæringu, að í raun og veru sé til þessa máls komið af því, að hans ráði hefir ekki verið fylgt í þessu máli á neinn hátt og hann yfirleitt ekki til kvaddur á neinn hátt um fjármálastjórnina undanfarin ár.

Það má einnig nefna það í þessu sambandi, að hér er um að ræða lántöku, sem ekki er ætlazt til, að verði að eyðslufé, heldur aðeins sem gjaldeyrislán, þannig að í raun og veru sé allt það fé, sem greiða á, innt af hendi af þeim aðiljum, sem eiga að greiða það, ríkissjóði, bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, og er svo meiningin, að þessir aðiljar leggi fram fullvirði í íslenzkum gjaldeyri, og á sá gjaldeyrir að safnast upp hér innanlands, þangað til hann yrði smátt og smátt notaður eftir getu og þörf til þess að losa sig við hinar erlendu skuldir, en því fylgir náttúrlega töluvert traust á þeirri stj., sem hefir meðgjöf með það mikla fé, sem þannig safnast, að vera viss um, að því verði ekki varið til annars en að greiða fyrir þessari framtíðarnotkun. Og það er ómögulegt að neita því, að við sjálfstæðimenn höfum ekki góða reynslu af andstæðingum okkar í þessu efni. Ég er orðinn svo gamall í hettunni hér á þingi, að ég man til þeirra hluta, að jafnvel sjóðir, sem ákveðið hefir verið í lögum, hvernig geyma skyldi, hafa verið teknir að láni af ríkinu eins og ekkert hafi í skorizt, og það hefir viljað brenna við fram til síðari tíma, að fé, sem beinlínis var ákveðið, að skyldi fara til ákveðinnar notkunar, hefir svo ekki verið fyrir hendi, þegar til átti að taka. Það er þess vegna eðlilegt, að mönnum, sem ekki bera almennt traust til núverandi hæstv. ríkisstj., sé lítið um að fá henni þetta fé í hendur sem nokkurskonar „tabú“, ósnertanlegan hlut, þessar 11—12 millj. kr., og ég er hræddur um, að þegar hörgull er á fé til framkvæmda innanlands, en kröfurnar hinsvegar miklar, þá verði krafturinn kannske ekki nógu mikill til þess að standa á móti því, að þetta fé verði í raun og veru gert að eyðslueyri.

Það þarf því í vissu falli meira traust á stj., til þess að greiða þessu frv. atkv. heldur en Sjálfstfl. hefir ástæðu til að bera til hæstv. núverandi stj.

Það er líka eitt atriði enn, sem ég vil minnast, sem ég tel töluvert varhugavert, og það er, hvernig eigi að geyma þetta fé. Mér er það ekki ljóst, og ég heyrði ekkert á þetta minnzt í umræðunum um málið í Nd. Ég get ekki betur séð en að allt þetta mikla fé verði að geyma vaxtalaust skilst mér helzt, og að vextirnir af hinu erlenda láni verði þess vegna hreinn og beinn skattur, því að ef á að fá bönkunum til ávöxtunar svona geypilegt fá í hlutfalli við það fjár-

magn, sem þeir annars ráða yfir, þá er augljóst, að við það mundi hlaupa svo mikil þensla í atvinnulífið, að það hlyti að draga stórkostlega úr möguleikunum til þess að komast úr þeirri kreppu, sem við erum að reyna að komast úr með þeirri ráðstöfun, sem hér er verið að gera. Og eftir reynslunni að dæma er ég mjög hræddur um, að það verði kannske nokkuð erfitt fyrir bankana að hafa alltaf handbært fé, hvenær sem þeir vilja, því að reynslan sýnir, að það fé, sem bankarnir setja í atvinnuvegina, er alltaf meira eða minna fast. Þarna er um að ræða verulegan skatt, því að þótt segja megi, að þetta lán verði ekki gert að eyðslueyri, þá kemur það út á eitt, það er eyðslueyrir að því leyti, að við verðum að bera vextina af því að langmestu leyti. Verði það sett á lokaðan reikning, þá er það jafnhandbært, ef ekki ætti að festa það.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að hverjar sem orsakirnar eru til þess, að svo er komið sem raun ber vitni, þá eru í raun og veru ekki sjáanlegar margar leiðir til út úr því ástandi, sem er. Það er erfitt að sjá, hvernig hægt er, nema þá með tilbúnum hætti, ef svo mætti segja, að komast yfir örðugleikana og greiða þessar miklu afborganir af gjaldeyri, sem til fellur á hverju ári. Ég verð næstum að segja, að það sé ógerningur, eins og nú er komið. Til þess þyrfti að kreppa svo mikið að innflutningnum, að ég get naumast séð, að það væri gerlegt, a. m. k. sennilega ekki með öðru en mjög flóknum og viðtækum ráðstöfunum, vöruskömmtun og öðru, sem ég tel mjög mikið böl, ef þyrfti að beita, þó að að því geti komið. Það er böl, sem ástæða er til að forðast í lengstu lög.

Önnur leiðin er að taka þann kostinn, að stöðva greiðslur, með öllu því, sem því fylgir, og loka þannig í raun og veru um ófyrirsjáanlega framtíð möguleikunum fyrir landið til þess að taka lán til hinna nauðsynlegustu og mest arðberandi hluta.

Þriðja leiðin er sú, að vonast til þess enn, að í ári batni og að hægt verði að fleyta sér yfir tímann, sem á milli líður, með því að hliðra sér hjá afborgunum og taka lán til þeirra. Vitanlega er það ekki nema bráðabirgðaráðstöfun, sem ekki getur gert neitt gagn, nema eitthvað batni í ári eða tekin sé upp gerbreytt stefna, frá því sem nú er í fjármálastjórn þjóðarinnar, sem miði að því, að úr greiðist með gjaldeyrisörðugleikana.

Þessar ástæður, sem eru með og móti þessu máli fyrir sjálfstæðismönnum, hafa vafalaust valdið því, að Sjálfstfl. tók í Nd. þá afstöðu til þessa máls, að láta það afskiptalaust. Sjálfstæðismenn hafa ekki verið til ráða kvaddir um það, sem valdið hefir þeim örðugleikum, sem gerir nú þessa lántöku nauðsynlega. Ég sagði það í byrjun, þegar við komum saman í fjhn. í dag, að mér þætti líklegt, að við sjálfstæðismenn tækjum þessa afstöðu til málsins einnig hér í Ed. Eftir það hefir svo komið fram ný hlið á málinu. Þegar ég lýsti þessu yfir í n., hafði ég í huga afstöðu stjórnarflokkanna í Nd., þar sem þeir fylgdust að í afstöðu til málsins og ekki var annað sýnt en að það væri afstaða þeirra beggja í heild. En eftir það hefir komið yfirlýsing frá hv. 11. landsk. um, að hann taki ekki afstöðu til málsins. Ég segi þá fyrir mig, að ég tek ekki afstöðu til málsins, þangað til ég veit, hvaða afstöðu hv. 11. landsk. tekur til þess, eða hvað undir því býr, að hann ekki tekur afstöðu til þess. Ég geri ráð fyrir, að hér séu einhverjir samningar á bak við. Getur verið, að það séu kaup, sem mér er sama um, og líka getur vel verið, að það séu kaup, sem mér er ekki sama um og ég óska alls ekki, að séu gerð, og óska ekki að sitja hlutlaus hjá gagnvart ríkisstjórninni gegn andstöðu annars stjórnarflokksins, sem hingað til hefir verið. Ég vil, að gefnu þessu tilefni, að hv. frsm. lýsti því réttilega yfir, að ég tók þetta fram í n., lýsa nú yfir, að ég geymi fullkomlega að taka afstöðu til þessa máls, þangað til ég sé, hvaða afstöðu stuðningsflokkur ríkisstjórnarinnar tekur til þess. Hér fyrir Alþ. liggja mál, sem ég fyrir mitt leyti hefi svo mikinn áhuga á að fá afgr., að ef líf einhvers slíks máls er í veði, vil ég ekki á neinn hátt sleppa þeim tökum, sem ég get haft á þessu máli til þess að koma þeim fram. En ég óska eindregið eftir, að það verði látið í ljós, hver er afstaða Alþfl. í þessu máli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég bið hv. þd. að afsaka, að ég gat ekki verið hér á fundi í morgun. Ég átti ekki kost á að mæta á þeim fundi.

Ég held, að þetta mál hafi verið svo þrautrætt í hv. Nd. nýlega og einnig í eldhúsumr. í Sþ., að það sé ekki mikil ástæða til þess að fara um það sérstaklega mörgum orðum við þessa umr. Ástæðurnar fyrir flutningi frv. eru settar fram í grg. þess, og hún ber það glöggt með sér, að það er ekki gert ráð fyrir, að þessi lántaka verði til þess að auka skuldir þjóðarinnar við útlönd, þó að hún fari fram, heldur eingöngu til þess að mæta nokkrum hluta af þeim skuldagreiðslum, sem þurfa að fara fram á næstu árum, og það munu ekki vera skiptar skoðanir um þetta frv. Enda virðist mér allir hv. þm., sem um það hafa rætt, hafa viðurkennt það sem staðreynd, að ekki sé við því að búast, að hægt verði að lækka skuldirnar við útlönd um 4½ millj. kr. eða þar um bil. Við höfum nú þriðja aflaleysisárið í röð. Ennfremur eigum við við að búa geysilegt verðfall á saltfiskinum. Þar að auki eigum við við að etja mikla samkeppni um saltfisksmarkaðinn, þar sem Norðmenn styrkja sína saltfisksframleiðendur í samkeppninni um markaðinn með því að greiða framleiðendum saltfisksins þar úr ríkissjóði 10 kr. á hvern saltfiskspakka, sem þeir selja til Portúgals, eða 30 kr. á hvert skippund. Það sjá allir, hvaða áhrif þetta hefir á okkar saltfisksframleiðslu ofan á aflaleysið.

Það er að vísu nokkuð rætt um orsakirnar fyrir því, hvers vegna komið sé eins og komið er í fjármálum okkar, eins og það sé eitthvað óvænt. Ég ætla nú ekki að fara langt út í þær umr. að þessu sinni, enda fór hv. 1. þm. Reykv. heldur ekki langt út í það. Það hefir líka verið þaulrætt. Ég hefi haldið því fram, og held því fram enn, að undanfarið hafi tekizt að bæta mjög verulega viðskipti okkar við önnur lönd. Hitt er líka staðreynd, að af því að við höfum

hætt að flytja inn erlent lánsfé, hafa gjaldeyrisörðugleikarnir orðið tilfinnanlegri, og eru nú enn tilfinnanlegri en þeir hafa áður verið.

Ég skal játa, að það er kannske rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það sé ekki mikil trygging fyrir því til frambúðar, að þetta fé, sem gert er hér ráð fyrir, að fengið verði að láni og selt þeim, sem þurfa að greiða skuldir, verði alls ekki notað til neinna nýrra framkvæmda eða nýrrar eyðslu, heldur látið aðeins liggja í sjóði til ávöxtunar. Það mundi vera sama, þó að ákvæði væru um það sett í l. nú, þá er þó ekki þar með fengin meiri trygging fyrir því. Tryggingin hlýtur að liggja í því, hvað Alþ. ákveður um þetta á hverjum tíma, og líka í því, hvernig menn treysta ríkisstjórninni, sem tekur við þessu máli, til þess að halda orð sín. Ég held því fram, að meðferð þessarar ríkisstj. á því lánsfé, sem hún hingað til hefir í hendur fengið, hafi verið í nákvæmu samræmi við það, sem hún hefir lýst yfir á Alþ. um það, þó að ekki hafi verið beint sett l. um það, hvernig því yrði varið. Það er heldur ekki víst, að það verði sú ríkisstjórn, sem nú er, sem fer með völd þann tíma allan, sem þetta fé á að verða til ávöxtunar, og því kannske ekki nægileg trygging í því fólgin, þó að þessi stjórn gefi yfirlýsingar um það, hvernig farið verði með þetta fé. Það er ekki tekið fram í einstökum atriðum í grg. frv., hvernig ávaxta eigi þetta fé. En ég hefi hugsað mér, að samið yrði við bankana, annanhvorn eða báða, um að setja féð á vöxtu, og að þá um leið yrði samið um það milli aðilja, hvernig útlánastarfseminni á þessu fé yrði hagað. Það má hugsa sér, að það þyrfti ekki að verða til neinnar sérstakrar útþenslu í útlánastarfseminni, þó að banki tæki þetta fé til ávöxtunar, m. a. vegna þess, að nú skuldar ríkissjóður allmikla upphæð í Landsbankanum, og ef þeim banka yrði falið þetta fé til ávöxtunar, mundi það verka óbeint eins og og að þessi skuld yrði greidd, þó að féð yrði lagt inn á sérstakan reikning, en þessi skuld stæði hinsvegar. Ég held, að það þurfi heldur ekki að óttast það, ef vel er að gætt að hafa samráð um þetta, að af þessu þurfi að leiða neina óeðlilega bólgu í viðskiptalífinu. Ég hefi ekki orðið var við, að slíkt hafi komið fyrir, þótt ríkissjóður greiddi árið 1935 upp lausaskuldir sínar í Landsbankanum. En það er ekki mikill eðlismunur á því fyrir bankann, hvort upphæðin er lögð inn á sérstakan reikning með sérstökum samningum um það, hvernig hún skuli látin laus á sínum tíma, eða hinu, hvort lausaskuldir eru greiddar upp tilsvarandi. Þess ber líka að gæta, að það verða aldrei nema 6 millj., sem komið geta til ráðstöfunar til útlána, því að fyrst ber að draga frá þessum 12 millj. kr. það, sem er áfallið af greiðslum, svo og kostnað við lántökuna; ennfremur 1 millj., sem fer til þess að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn, og tæpar 4 millj., sem eru afborganir ríkissjóðs sjálfs. Það er gert ráð fyrir sjóðmyndun með því fé einu, sem ríkissjóður þarf ekki á að halda til greiðslu skulda. Það er einnig gert ráð fyrir því, að þeir, sem eiga að fá til kaups hluta af lánsfénu, gefi skuldbindingu um það, að þeir taki þátt í því vaxtatapi, sem kann að verða á þessum reikning. Er það sjálfsagt, að þeir, sem þarna fá forgang um gjaldeyri til greiðslu á sínum lánum, taki þátt í því á sama hátt og ríkissjóður sjálfur hlutfallslega. Það er ekki ástæða til þess að þetta vaxtatap lendi á ríkissjóði einum. Þó að þetta yrði erfitt í framkvæmd, þegar til lengdar léti, þá geri ég ráð fyrir, að það þyrfti ekki að verða verulegt vaxtatap á þessu fyrir ríkissjóð.Það er gert ráð fyrir, að þetta fé yrði svo síðar notað til aukaafborgana á útlendum skuldum. Og þó að vitaskuld sé hægt að hugsa sér, að á einhverju ákveðnu ári yrði hægt að greiða upp mikið af skuldum, vegna þess að góðæri kæmi, sem gæfi mikinn gjaldeyri, þá finnst mér ekkert athugavert við það, þótt samið væri við þá, sem ávöxtuðu þetta fé, að það þyrfti ekki að vera allt til reiðu til útborgunar á einu ári, því að það yrði ekki þörf á því að losa þetta allt á einu ári til aukaafborgunar af skuldum. Það eru 6 millj. kr., ef lánsheimildin er notuð að fullu, sem kæmu inn í landið á þremur árum, sem hér geta komið til greina sem lánsfé í sambandi við viðskipti innanlands. Og það eru ekki líkur til þess, að það fjármagn skapi neina óeðlilega bólgu í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar.

Ég hefi ekki rætt við bankana um þetta atriði sérstaklega. En málið var flutt í samráði við þá. Og frá þeirra hálfu varð ég ekki var við neinn sérstakan ótta um þessa útþenslu í viðskipta- og atvinnulífinu, þó að þetta lán væri fengið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa hér fleiri orð um þetta, því að almennt hefi ég gert grein fyrir málinu áður hér á þingi, og allir hv. þm. hafa átt kost á að kynna sér það, sem þar hefir komið fram.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég vil ekki tefja þessar umr., en stend aðeins upp til þess að lýsa yfir því, að þar sem hæstv. fjmrh. ekki hefir fengizt til að gefa þær yfirlýsingar í sambandi við þessar lántökur, sem Kommfl. álítur fullnægjandi, þá mun ég sitja hjá við atkvgr. um málið.

***Magnús Jónsson**: Ég kvaddi mér svo seint hljóðs af því, að ég var að bíða eftir því að fá eitthvað að vita meira í þessu máli, sem ég var að minnast á hér í minni fyrri ræðu. En ég sé nú, að það munu ekki neinar fregnir eiga að koma af því heimili. Ég hlýt því bara að geyma mér að segja til um afstöðu mína í málinu sömuleiðis.

Ég skal ekki tefja umr. með því að svara hæstv. fjmrh. miklu. Verð þó að segja, að ég hefi kannske ekki skilið eitt atriðið rétt í grg. frv., en hann sagði nú, að sjóðmyndun sú, sem hér á að vera um að ræða, eigi aðeins að vera af því fé, sem aðrir fá til kaups til greiðslu sinna skulda. Ég játa, að það stendur ekkert í grg. um aðra í því sambandi. En ég hélt, að það væri af því, að það væri talinn svo sjálfsagður hlutur, að ríkið svaraði sínum væntanlegu afborgunum og geymdi gjaldeyrinn því til útborgunar á sínum tíma, þess vegna væri ekkert tekið fram í grg. um það. Mér er ekki ljóst, hvernig ríkið ætlar að greiða sínar afborganir niður. Það mun þó

varla vera meiningin, að ríkið ætli að láta undir höfuð leggjast að greiða þær á hverju ári. Mér hefir skilizt, að ríkissjóður ætli að kaupa erlendan gjaldeyri af þessu sama láni og leggja til hliðar á einhvern hátt. Ef svo er, þá er hér gert ráð fyrir, að tapist íslenzkur gjaldeyrir út úr viðskiptalífinu á þennan hátt, sem nemur um 12 millj. kr. Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það hefði ekki mikil áhrif á viðskipta- og atvinnulíf þjóðarinnar, þó að þessar 12 millj. kr. væru tapaðar í bili á þennan sérkennilega hátt, með því að þær væru í tiltölulega stuttan tíma dregnar út úr atvinnulífinu, þangað til úr greiðist með gjaldeyri.

Hvernig hefir það nú gengið að yfirfæra seðla frá einum banka til annars? Það hefa verið settar um það ýmsar reglur. En það hefir reynzt ómögulegt fyrir bankana, sem hafa fengið seðlaútgáfu, og fengið hana aukna, að ná þessu fé úr umferð aftur. Ætli það gæti nú ekki farið eins fyrir banka að ná þessu fé, sem hér er um að ræða, út úr atvinnurekstrinum aftur, án þess að það yrði alltilfinnanlegt? Ég veit a. m. k. ekki, hvernig það á að ske. Ég veit, að þessar lántökur ríkissjóðs hjá bankanum, sem hæstv. fjmrh. nefndi, hafa ekki náð neitt svipaðri upphæð eins og þessi lán er gert ráð fyrir að nái. Enda hefir aldrei verið gert ráð fyrir að fela bönkum hér önnur eins ósköp af fé til ávöxtunar eins og nú er gert ráð fyrir, eða 12 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Ég spái því líka, að framkvæmdin liti töluvert mikið öðruvísi út eftir nokkur ár fyrir þeim, sem eiga að ná þessu fé úr umferð aftur, heldur en hæstv. fjmrh. gerir nú ráð fyrir um framkvæmd þess.

Ætla ég svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri, úr því að ég fæ ekki svar við því, sem ég óskaði að fá svar um, viðvíkjandi afstöðu Alþfl. til þessa máls. Geymi ég því mína afstöðu til málsins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er ekki gert ráð fyrir beinni sjóðsmyndun af öðru af þessu fé en andvirði þess gjaldeyris, sem seldur er öðrum en ríkissjóði. Nú er von, að hv. þm. spyrji, hvað eigi að gera við þetta fé, sem ekki verður þannig selt öðrum, þar sem fjárl. eru afgreidd eins og afborganir lána ríkissjóðs eigi að greiðast af tekjum ríkisins, sem er vitanlega meiningin. Þá gæti maður hugsað sér, að þarna kæmu af tekjum ríkissjóðs um 3—4 millj. kr. umfram. Nú er það vitanlegt, að ríkissjóður hefir skuldað á síðustu árum á 4. millj. kr. í Landsbankanum. Ríkissjóður þarf að skulda á hverju ári vegna þess, að tekjur hans koma inn seinna á árinu en gjöldin, og það nemur um 2½ millj. kr. Mér virðist skynsamlegt fyrir ríkið að losa sig við þessar lausaskuldir í Landsbankanum með þessu fjármagni og ennfremur að losa sig við að nota eins mikið lán þannig lagað, þó að það sé greitt upp að haustinu, eins og gert hefir verið. Það væri miklu hentugra að nota hluta þessa lánsfjár til að greiða þetta heldur en að leggja það í sjóð, af því að við verðum að borga miklu meiri vexti til Landsbankans heldur en af þessu fé. Og það kemur í sama stað niður fyrir bankann líka. Ég játa, að það þarf að gæta varúðar um svona mál, og það verður að vera góð samvinna um þau á milli ríkisstjórnarinnar og bankanna, til þess að ekki komi til greina sú útþensla, sem hv. 1. þm. Reykv. benti á.

Hv. 1. þm. Reykv. beindi máli sínu að því, hvernig það mundi ganga að ná inn þessu fé aftur, ef bankinn lánaði það út í stuttum lánum (því að þær inn kallanir hafa alltaf tilhneigingu til að verða lengi í framkvæmd). Það er nú ekki hægt að gera ráð fyrir, að svo batni í ári í ár, að gjaldeyrisástandið leyfi yfirfærslur þess vegna til afborgana á erlendum skuldum í ár. En maður getur hugsað sér, að ef batnar í ári, fái bankarnir sitt fé aftur, sem þeir hafa lánað út af þessu fé, þannig að það fari saman, að þegar gjaldeyrisástandið leyfir yfirfærslur, eigi bankarnir skást með að láta af hendi þetta fé, sem þeir hafa fengið til ávöxtunar.

Mér skilst, að það sé ekki ætlun hv. 1. þm. Reykv., að á þessari leið séu svo miklir agnúar, að hún sé ótiltækileg eins og ástandið er, heldur skilst mér þetta vera varúðarorð hjá honum í þessu efni. Og það er rétt, að það þarf að gæta þess, að ekki verði óeðlileg útþensla í viðskiptalífi þjóðarinnar í sambandi við þetta.

***Magnús Jónsson:** Hæstv. fjmrh. sagði, að það mundi sennilega fara saman, að það batnaði í ári og að ríkið færi að geta yfirfært. Það má vel vera. En ég álít mestu hættuna liggja í þessu, að það mundi batna í ári, svo að mönnum virtist, bara við það, að þessir peningar kæmu inn í bankana. **(Fjmrh.:** Þá skapast ekki gjaldeyrir). Nei, en það skapast viss kraftur í atvinnurekstrinum í landinu, en ekki verðmæti, sem ætti að vera undirstaða hans. **(Fjrmh.:** Þá er ekki hægt að yfirfæra). En fé festist í atvinnuvegunum, og þeir geta við það haldið, að þeir séu í blóma, ef þeir þenjast út, án þess að verðmæti standi á bak við þá útþenslu.

Ég álít, að við verðum að ganga opnum augum því viðvíkjandi, að þetta lán kostar það, að við verðum að greiða meginið af vöxtum þess, án þess að geta tekið aftur vexti af þessu fé, þ. e. a. s. þeim hluta þessa láns, sem við hæstv. fjmrh. höfum nú verið að ræða sérstaklega um síðast.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Þegar málið var til 2. umr., hafði fjhn. að vísu komið saman og lítillega athugað mál þetta, en eins og hv. formaður skýrði frá, tók ég ekki afstöðu til málsins, og eftir því sem hv. 1. þm. Reykv. upplýsti síðar í ræðu sinni, þá hefir hann ekki gert það heldur, þ. e. a. s. að hann tæki þá afstöðu að sitja hjá við atkvgr., en þegar hann

vissi, hvaða afstöðu ég hafði, lýsti hann því yfir, að hann væri óbundinn líka.

Hér er um stórmál að ræða, og voru ýmis atriði í sambandi við það, sem ég óskaði eftir að fá upplýsingar um hjá hæstv. fjmrh. Þær hefi ég fengið, og mun ég og við alþflmenn hér í d. taka sömu afstöðu og þm. flokksins í Nd. og greiða atkv. með frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 590).

54. Skattgreiðsla útgerðarfyrirtækja botnvörpuskipa.

Á 48. fundi í Ed., 13. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa (þmfrv., A. 251).

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. okkar hv. þm. Hafnf. lýtur að einu alvarlegasta vandamáli, sem nú er uppi í þjóðfélagi okkar, sem er það, að botnvörpuskipaútgerðin er nú svo komin, að hún er yfirleitt rekin með tapi, og eru ekki líkur til annars en að hún lognist út af, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til, að hún geti haldið áfram. Þessi fyrirtæki, sem voru áður þau öflugustu hér á landi og höfðu safnað allmiklum auði á okkar mælikvarða, eru nú komin í mjög miklar skuldir, svo að afkoma þeirra er nú orðin með erfiðasta móti. Eitt af því, sem hægt er að gera þessum atvinnuvegi til bjargar, er, að ríki og bær, sem fengið hafa miklar tekjur af þessum fyrirtækjum, hlaupi undir bagga með þeim, á meðan þessir erfiðleikatímar standa yfir, og slaki á þeim gjöldum, er þau hafa áður þurft að greiða. Alþingi hefir að nokkru orðið við þessum óskum, með því að á haustþinginu voru sett ákvæði í l. um bráðabirgðatekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga og um jöfnunarsjóð, þar sem ríkisstj. var heimilað að gefa eftir toll af salti og kolum. Var þetta góðra gjalda vert. En þetta var því skilyrði bundið, að bæirnir kæmu með ívilnanir á móti, og var ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður byndi þetta því skilyrði. Lægi þá ekki fjarri fyrir bæjarfélögin að létta af þeim sköttum, sem þau hafa lagt á gegnum hafnarsjóðina. Þetta hefir verið gert í Reykjavík og Hafnarfirði. Þessir bæir hafa samþ. verulega lækkun á gjöldum þeim, sem tekin hafa verið af þessum skipum. Þá hefir verið slakað á nokkrum öðrum gjöldum, sem ef til vill hafa ekki að öllu leyti runnið í hafnarsjóði, svo sem borgun fyrir vatn o. fl.

Með þessu hafa þó þessir bæir viljað koma til móts við ríkið um stuðning við togaraútgerðina. En þetta er ekki nóg. Eina von þessara fyrirtækja um að komast aftur á réttan kjöl er fólgin í því, að verulega batni í ári, svo að þau geti aftur fengið verulegan gróða. Ef vel aflast og aflinn verkast og selst vel, eru togarafélög, eins og kunnugt er, mikil gróðafyrirtæki, sem geta svo að segja rótað inn peningum. Og það er engin von um, að togaraútgerðin komist yfir þessa örðugleika, nema slík góðæri komi á ný.

Nú er það ekki á valdi ríkis eða bæja eða yfirleitt nokkurra manna að gefa góðæri, nema að mjög litlu leyti. Því ræður afli og markaðsástæður, sem eru ekki nema að litlu leyti á valdi íslenzkra stjórnarvalda. Á slíka hluti er ekki hægt að hafa áhrif með stjórnarráðstöfunum, og er hér því í rauninni ekki um annað að ræða en frómar óskir um, að úr kunni að rakna. En þetta er þá líka eina vonin. Komi ekki slík góðæri, eru engin líkindi til, að þessi atvinnuvegur rétti við, og er þá ekki stjórnarvöldunum um að kenna. En ef góðæri kemur — og það hefir maður þó rétt til að vona —, þá ríður á, að ríki og bæjarfélög gripi ekki þegar fram í og varni fyrirtækjunum að komast á réttan kjöl. Til þess er þetta frv. fram borið. Það ætlast til, að ríki og bæjarfélög lýsi yfir því, að þau afsali sér um 5 ára bil þeim tekjum, sem annars myndu fljóta til ríkisins í tekjuskatti og til bæjanna í aukaútsvörum. En í 3. gr. er svo sett undir þann leka, að þeir, sem eiga í fyrirtækjunum, reikni sér ekki arð á þessu tímabili, svo að loku sé fyrir það skotið, að gróðinn fari til annars en að bæta hag fyrirtækjanna.

Á því er reyndar ekki vafi, að ef góðæri kæmi nú þegar, þá væri það allmikið fé, sem ríki og bær gæfu þannig eftir. En þetta fé væri þó engan veginn týnt og tapað, heldur myndi það skila sér síðar, beint og óbeint, í auknum tekjum ríkis og bæja af útgerðinni. Og þá er það einnig víst, að af góðærinu mundu fljóta til þess opinbera tekjur, sem gerðu því vel kleift, að sjá af þessum tekjum.

Hvernig nú er komið fyrir þessum fyrirtækjum, sést af því, að á undanförnum 5 árum hefir tekjuskattur, er þau hafa greitt, verið alveg hverfandi, — ég hefi reyndar ekki tölur við hendina um þetta, en það er áreiðanlegt, að þessu er svona farið. Er því einskis í misst að þessu leyti, þó að frv. þetta sé samþ., nema þá ef guð og lukkan skyldu gefa góðærið, og væri þá vel.

Bærnir eru óbundnari um aðferðir til að ná tekjum af þessum fyrirtækjum, en þó hafa skattar, sem þeir hafa getað lagt á þau, farið síminnkandi, og sérstaklega þó það af þeim, sem náðst hefir inn. Um Hafnarförð má segja, að það nemur allmiklu, sem þar er lagt á þessi fyrirtæki, sem stafar af því, að bæjarsjóðurinn hefir verið í miklum kröggum, en ég býst þó við, að afföll séu þar meira en lítil. Munu vera dæmi til, að lagður hefir verið skattur á útgerðarfyrirtæki, sem um var vitað fyrirfram, að enginn eyrir næðist af, fyrirtæki, sem einmitt hefðu þurft opinbers styrks við.

Má því segja, að hvorki ríki né bær fórni

miklu með því að veita það skattfrelsi, sem hér er farið fram á. Þau myndu í rauninni ekki fórna öðru en von í tekjum, sem hér er ætlazt til, að renni til fyrirtækjanna sjálfra, til þess að gera þau sterkari sem fjárhagslega undirstöðu afkomu þeirra bæja, þar sem þau eru rekin.

Fyrrnefndir bæir hafa báðir fyrir sitt leyti samþ. eftirgjöf á aukaútsvari, en það er þó ekki að öllu leyti á valdi bæjarfélaganna, og þarf þingheimild að koma til. Verður að telja sjálfsagt að veita þessa heimild.

Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta mál. Óska ég, að það fái að fara til hv. sjútvn., án þess að þurfa að tefjast mikið á þessu stigi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Áður en málið fer til n., vil ég leiðrétta eitt atriði, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., og leggja áherzlu á, að n. rannsaki annað atriði í málinu, áður en það kemur fyrir hv. d. á ný.

Hv. þm. álítur, að útsvör á útgerðinni séu þyngri í Hafnarfirði en í Reykjavík, af því að þörf bæjarsjóðs hafi þar verið meiri en hér. Þetta er ekki rétt. Ástæðan er sú, að notaður hefir verið annar skattstigi til álagningar útsvara. Efnamönnum og hátekjumönnum hefir verið hlíft þar meira, og því koma hærri gjöld á aðra, og þar á meðal útgerðina.

Þá er atriði, sem ég vil benda hv. n. á að athuga. Tekjuskatturinn miðast ekki aðeins við tekjurnar þetta eða hitt árið, heldur eru töp fyrirtækjanna færð milli ára. Ég vil beina því til hv. n., hve mikill gróðinn megi vera orðinn, áður en kemur til þess, að fyrirtækin greiði tekjuskatt á ný. Ef eftir þessu væri farið, gæti ég trúað, að hv. 1. þm. Reykv. þætti lítið á vinnast með frv. En það verður að teljast mikið vafamál, hvort rétt sé, að Alþingi fari að ívilna fyrirtækjum, sem alltaf hafa haft tekjur og rekin hafa verið með misjafnri forstöðu, að ekki sé meira sagt.

Flm. (Magnús Jónsson): Það er auðvitað sjálfsagt, að fjhn., sem ég á sæti í, athugi þetta atriði, ef málið kemur fyrir hana. En það er auðvitað, að því minna vinnst fyrir ríkissjóð sem tapið er meira, sem færist til næstu ára. En hér er um að ræða 5 ára bil, og þessi fyrirtæki geta í góðærum verið furðufljót að afla fjár.

Um það, að hærri álögur á útgerðina í Hafnarfirði en hér stafi ekki af meiri þörf bæjarsjóðs, heldur af hærri skattstiga, er það að segja, að ég býst við, að skattstiginn sé yfirleitt sniðinn eftir þörfinni. En það er rétt, að skattstiginn er þar annar, hærri á lægri tekjunum — og ég held reyndar, að hann sé hærri upp úr, en þó mismunar þessu meira á lægri tekjunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 251, n. 438).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Mál þetta hefir verið nokkurn tíma í fjhn., og stafar það af því, að bæði flm. þess og öðrum var ljóst, að það gæti því aðeins náð afgreiðslu, að um það yrði samkomulag milli flokka, og það hefir nú farið svo, að öll n. hefir orðið sammála um að afgr. það með þeim breyt., sem tilgreindar eru á þskj. 438, sem eru allmiklar breyt. á frv. sjálfu.

Nm. var ljóst, að ekki var heppilegt að undanþiggja þessi fyrirtæki alveg tekju- og eignarskatti, þar sem líta mætti svo á, að einskonar skarð væri höggvið í l. um tekju- og eignarskatt, ef ákveðin fyrirtæki væru algerlega undanþegin tekju- og eignarskatti, heldur yrði að finna fyrir þau eitthvert eðlilegt form, sem hentaði beinlínis botnvörpuútgerðinni sem slíkri, og sýndi sig að vera eingöngu af því að þessum mjög svo nauðsynlega atvinnuvegi yrði borgið eða hann örfaður, eins og allir viðurkenna nú að þurfi, eins og árferðið hefir verið. N. leggur því til að gera þá breyt. á l. gr., að í staðinn fyrir að undanþiggja botnvörpuútgerðina alveg tekju- og eignarskatti á þeim árum, sem til greina kæmu eftir frv., þá er nú svo til ætlazt, að reglan í tekjuskattslögunum um, að slík fyrirtæki megi draga frá tap 2 undanfarinna ára, sé víkkuð út þannig, að reikna megi frá það tap, sem þau hafa orðið fyrir eftir 1. jan. 1931, enda liggi fyrir skjallegar sannanir um það, hvernig þetta tap er gert upp. Þetta hefir þann kost, að með því kemur greinilega í ljós, að hér er um bjargráðaráðstöfun að ræða, þannig að þau fyrirtæki, er harðast hafa orðið úti, fá mesta ívilnun. Á hinn bóginn er ekki grundvallarreglan um tekju- og eignarskattslögin brotin, heldur er aðeins sú heimild, sem fyrir er í l., færð út. Þetta er bundið við árin 1938—1942, þannig að svo er litið á, að fyrirtækin geti á þeim árum unnið upp þau töp, sem þau hafa orðið fyrir frá 1. jan. 1931.

Þá er önnur ívilnun, sem sé sú, að sömu fyrirtæki megi draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af því, sem þau leggja í varasjóð, í stað þess, að samkv. frv. eiga þau nú að vera skattfrjáls. Með þessu er ekki brotin nein regla tekju- og eignarskattslaganna, því að eins og hv þm. vita, mega hlutafélög og önnur félög, sem nánar eru tilgreind í tekju- og eignarskattslögunum, draga frá helming þess, sem þau leggja í varasjóð, eftir nánari skilyrðum, sem þar eru sett. Með þessari breyt. hefir þá það náðst, að ekki er brotin á neinn hátt nein regla tekju- og eignarskattslaganna, og í öðru lagi að þeim fyrirtækjum, sem harðast hafa orðið úti, sérstaklega rétt hjálparhönd.

Þá er önnur brtt., og er hún fullkomin umorðun á 3. gr. frv., en í sjálfu sér er það ekki jafnmikil breyt. eins og á 1. gr. frv., heldur er þar undir 3. stafl. búið nákvæmlega um þá hluti, sem 1. gr. frv. ræðir um, sem sé að þessi fyrirtæki verji ekki ágóða sínum til útborgana á óeðlilegan hátt, meðan þau njóta þeirra ívilnana frá ríkinu og bæjar- og sveitarfélögum, sem 1. og 2. gr. frv. ákveða. Ég hygg, að ekki þurfi

að útskýra nánar fyrir hv. þdm. þær ráðstafanir, sem þar eru gerðar, til þess að þetta verði ekki á neinn hátt misnotað.

Þá er 3. brtt. Hún er um það, að inn komi ný gr., þar sem svo er ákveðið, að fjhmrh. setji nánari reglur um framkvæmd þessara l. Það er sennilegt, að hann hefði heimild til þess, þó að ekkert væri tekið fram um það hér, en við flm. hefðum að sjálfsögðu tekið upp þetta ákvæði, ef okkur hefði hugkvæmzt það, því að við framkvæmd slíkra l. koma fram mörg atriði, sem ekki er ástæða til að setja l. um, en ráðh. setur þá reglur um eftir till. þeirra manna, sem um þetta eiga að fjalla.

Um þessar brtt. og frv. með þessum breyt. náðist sem sé samkomulag í fjhn., og skal ég ekki tefja tímann með fleiri orðum um þetta, og því síður málið í heild, heldur láta í ljós þá ósk, að þeir flokkar, sem standa að þeim mönnum, sem skipa fjhn., geti fylgt málinu í því formi, sem n. hefir afgr. það í.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Enda þótt þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé nú með þeim breyt., sem fjhn. vill á því gera, orðið nokkru skárra og ekki út af eins ósvífið og það var frá hendi hv. flm., þá er ákaflega langt frá því, að ég geti fylgt því í þeim búningi, sem það hefir nú.

Hér er farið fram á að veita vissum aðiljum ákveðinn rétt fram yfir alla aðra menn í þessu landi, þann rétt, að þurfa ekki að borga af eignum sínum eftir sömu reglum og aðrir menn. Þetta á að réttlæta með því, að þessi félög séu svo illa stæð, að þau geti ekki lengur borgað þetta. Það er því kallað, að þetta eigi að vera styrkur til þeirra, sem stunda þessa atvinnu, sjávarútveginn. Í frv. var Alþingi ætlað að grípa inn í og banna bæjarfélögunum að leggja útsvar á þennan rekstur. Nú hafa þeir þó séð sóma sinn í því að falla frá þessu og leyfa bæjar- og sveitarfélögunum eftir öllum l. og rétti að ráða, hvernig þau jafna niður útsvörum, og er það spor í rétta átt.

Nú skulum við gá að því, hvað þessi útvegur er illa staddur. Alþingi hefir nú skipað n. til þess að rannsaka hag þessara fyrirtækja. Hér í Reykjavík mun líklega vera um 11 félög að ræða í þessu sambandi. Það er sagt, að þau séu ákaflega illa stæð og því verður ekki neitað, að eins og þeirra reikningar liggja fyrir, þá er það svo, að 1936 greiddu 2 af þessum 11 félögum eignarskatt, annað 153 kr., en hitt 22,50 kr. 1937 borgaði eitt félag eignarskatt, 57,90 kr., og þessi 2 síðustu ár borgar eitt af þessum félögum tekjuskatt, og er það annað þeirra félaga, sem eignarskattinn borgaði. Það gæti því litið svo út, að eitthvað væri satt í því, hvað þessi félög séu illa stæð. Nú liggja ekki fyrir neinar tölur frá þessari n., sem á að rannsaka hag þessara félaga og gera till. um, hvernig útgerðin verði rekin á heilbrigðum grundvelli. En það liggur fyrir, að flestir þeirra, sem að þessu frv. standa, eiga tugi og hundruð þúsunda kr., sem þeir hafa dregið út úr fyrirtækjunum á góðu árunum, sett það á nöfn barna sinna, konu sinnar og allskonar nöfn, til þess að hafa það ekki í hættu, ef eitthvað bjátaði á. Í fyrra svarf Alþingi það að einu þessara félaga, að það kom aftur inn með verulegan hluta af því fé, sem það hafði dregið út úr rekstrinum, og setti sem veð fyrir þeim skuldum, sem það var í. Ekkert annað félag hefir gert þetta. Hinir liggja á gullinu, sem þeir hafa dregið úr félögunum, eins og ormarnir á gullinu í gamla daga, og svo á Alþingi að segja: „Gott og vel, þið megið hafa þetta í friði; nú eiga fátæku mennirnir í landinu að hjálpa ykkur, til þess að þið getið haldið áfram að ráða yfir því gulli, sem þið hafið dregið út úr félögunum, og þið þurfið ekki að láta neitt af því aftur inn í reksturinn". — Þá hefði málið legið öðruvísi fyrir. Það er reynt að smeygja þessu inn nú, áður en þm. er ljóst, hvers vegna hag útgerðarinnar er svona komið. Ef ekki hefði verið komið *fram með þetta fyrr en að ári og beðið eftir* niðurstöðum þeirrar n., sem er að rannsaka hag útgerðarinnar, hefði mönnum sjálfsagt ekki dottið í hug að flytja svona frv., a. m. k. ekki þeim, sem eru prófessorar í guðfræði og ættu að hafa ríkari siðferðistilfinningu en menn hafa almennt hér á landi og hugsa meira um það, sem rétt er og sanngjarnt. Og það er ekki nóg með það, að Alþingi eigi að hlaupa undir baggann, heldur eiga sveitarfélögin líka að gera það. Nú er vitað, að Hafnarfjarðarbær hefir okrað á útgerðinni með útsvarsálagningunni. Hann hefir reynt að sjúga útgerðina eins og mögulegt hefir verið. Hafnarfjörður leggur 4. kr. á hverja tunnu af lifur og 2% á allan ísfisk, sem togararnir selja. Þetta er margfalt við það, sem gert er í Reykjavík, og stafar það m. a. af því, að í Hafnarfirði eru lögð lægri útsvör á þá menn, sem eru dálítið hátt uppi. Í Reykjavík hafa aftur á móti útsvörin á þessum fyrirtækjum farið lækkandi ár frá ári og eru nú komin undir 40 þús. Árið 1937 hvíldu 40400 kr. á öllum þessum fyrirtækjum, sem hér er um að ræða. Og þó að yfirleitt hafi verið fylgt sama skala og áður, hefir veltan og tekjur manna í bænum orðið það meiri nú en undanfarið, að þessi hér um bil 400 þús. kr., sem þurfa að nást inn í aukaútsvörum, hafa komið inn án þess að meira hafi þurft að leggja á útgerðina. Ég álít þess vegna, að það sé bókstaflega ekki sæmandi fyrir Alþingi að semja l. eins og þessi, á meðan n. situr á rökstólum, sem á að rannsaka hag útgerðarinnar, rannsaka hvaða leiðir það eru, sem útgerðarmenn hafa alltaf haft til þess að draga fé út úr útgerðinni og inn í aðrar stofnanir, rannsaka, hvar hefir lekið, svo að *peningarnir hafa ekki komið inn í rekstur*inn nema að litlu leyti. Þegar það liggur fyrir og búið er að setja undir þann leka er hægt að tala um, hvað eigi að gera á þessu sviði, en fyrr ekki. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti frv. og tel ekki sæmandi af þinginu að taka fram með l., að bæjarstj. og sveitarstj. megi ekki leggja á einstök fyrirtæki í landinu, eins og hér er gert.

Ef ég vildi fara út fyrir Reykjavík, gætum við t. d. athugað, hvernig ástatt er á Patreksfirði. Þar hagar svo til, að mikill meiri hl. útsvaranna hvílir á togaraútgerðinni, og er hún svo að segja eina driftin á þeim stað. Í sambandi við útgerðina hefir svo verið komið á fót ýmsri annari drift, og er þetta allt rekið

í einni heild. Mér skilst, að ekkert sé hugsað um, hvernig fer fyrir sveitarfélögum eins og þessu, þegar þau mega ekki leggja á aðaldrift staðarins. Ég held þess vegna, að ef n. er sammála um, að koma frv. í gegn og það er vilji alls þingsins, sé a. m. k. rétt að taka tillit til þeirrar aðstöðu, sem þarna er, en algerlega er gengið framhjá í frv.

Þörfina á þessu að öðru leyti, t. d. fyrir Hafnarfjörð, sé ég ekki. Reykjavíkurbæ munar það tiltölulega litlu, hvort hann sleppir þessu alveg, þar sem það mun ekki vera nema 1% af útsvörunum. Hafnarfjarðarbæ munar þetta miklu meiru og það er af þessu, að hann miðar útsvörin á togarana við brúttó-isfisksölu og tekur 2% af henni í bæjarsjóð og 4 kr af hverju lifrarfati.

Maður hefir þessi ólíku viðhorf eftir því, í hvaða bæjarfélagi togararnir eru, og til þeirra ólíku viðhorfa hefir ekkert tillit verið tekið við samningu þessa frv. Ef Patreksfjörður er tekinn, lítur út fyrir, að frv. sé stílað með það fyrir augum, að hreppurinn komist á landið. Ef miðað er við Hafnarfjörð, virðist það gert til þess að létta einhverju af útgerðinni, og getur vel verið, að þess þurfi. En þegar litið er til Reykjavíkur, hefir það enga þýðingu, hvort Reykjavík tekur þessa vellu af útgerðinni eða ekki.

Ég er sem sagt algerlega á móti þessu frv. og tel, að það eigi enga afgreiðslu að fá, fyrr en liggur fyrir nál. frá þeirri n., sem á að rannsaka hag útgerðarinnar. Þá fyrst, þegar sýnt er, hvar lekur og hvernig gullið fer að vaxa, sem ormurinn liggur á, og sem hann hefir fengið sem egg út úr útgerðinni, getum við farið að tala um, hvernig það verður fyrirbyggt, og hvað gera á til þess að koma útgerðinni á sæmilega heilbrigðan grundvöll, þannig að hún standi undir sér og þeim mönnum, sem að henni vinna, en ekki undir einhverjum öðrum, sem lítið eða ekkert koma að henni.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það eru aðeins örfá orð út af frv. sjálfu og brtt. þeim, sem hafa komið frá fjhn.

Ég segi fyrir mig, að ég get sætt mig við brtt. frá n., þótt ég hefði heldur kosið, að frv. hefði verið óbreytt, því ég er þess fullviss, að einmitt þessi andi í frv. okkar, að ekki skyldi borga arð meðan útgerðin fengi þessi friðindi, en það allt leggjast í varasjóð, sem síðan væri varið til nýrra togarafyrirtækja, er vissasti vegurinn til þess, að hleypa nýju blóði í útgerðina.

Ég veit, að öllum þm. er ljóst — og hv. 1. þm. N.-M. ætti meira að segja að vera þess fullviss —, að það er ólíkt betra og heilbrigðara að ýta undir útgerðina eða verða þess valdandi með löggjöf eða hverju öðru, að fyrir þá vinnu, sem útgerðin skapar, komi verðmæti, sem flytjast út, heldur en að allt skuli undir atvinnubótavinnu komið. Annars kom svo margt fram hjá hv. 1. þm. N.-M., sem ég nenni ekki að vera að elta ólar við; það hefir svo oft komið þar fram ýmislegt, bæði í garð Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Einu atriði vil ég þó ekki láta ómótmælt. Hv. þm. sagði, að Hafnarfjörður hefði okrað á togurunum. Hann vildi m. ö o. álíta, að Hafnarfjörður hafi verið að reyna að flæma þessi einu atvinnufyrirtæki burt úr bænum. Ég vil bara minna hv. þm. á, eins og ég hefi drepið á áður, að í Hafnarfirði hafa 60—70 þús. af útsvörunum verið lagðar á skipin, af því að nauðsyn hefir verið á því. Að hægt hafi verið að leggja þetta á einstaka borgara í bænum, skal ég sýna hv. þm. fram á, hvílík helber vitleysa er. Það eru einungis 5 menn í bænum, sem hafa yfir 6500 kr. í tekjur nettó. Og þeir borga meira í útsvör heldur en borgað er af sömu tekjum í Reykjavík. Það hefir hvað eftir annað komið fram hjá þessum hv. þm., að útsvörin væru lægri í Hafnarfirði en Reykjavík. Þetta er ekki satt, og það er búið að reikna það út, að þessir menn, sem ég nefndi, bera 268 kr. hærra útsvör en lagt myndi vera á þá í Reykjavík. Og að hægt sé að jafna niður á þessa menn öllum þeim útsvörum, sem verður að leggja á togarana, sér hver maður, að er tóm vitleysa.

Ég vil ekki verða til þess, að nokkur töf verði á afgreiðslu þessa máls og geri ekki ráð fyrir að biðja um orðið aftur. En ég vildi ekki láta þessari firru ómótmælt.

Bernharð Stefánsson: Ég þarf engu að bæta við það, sem frsm. n. bar fram um þetta mál. En til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þykir mér ástæða til að taka það fram út af ræðu hv. 1. þm. N.-M., að þegar ég tók þá afstöðu í n. að mæla með þessu frv., með þeim breyt., sem í nál. getur, var ég yfirleitt í fullu samræmi við þann flokk, sem ég tilheyri. Það, sem hv. 1. þm. N.-M. hefir því sagt hér, segir hann algerlega á sína ábyrgð, en Framsfl. sem flokkur er yfirleitt meðmæltur frv., með þeim brtt., sem um getur í nál.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég skal ekki tefja þetta mál mikið, en út af ummælum hv. 1. þm. N.-M. vil ég lítillega geta um afstöðu Alþfl. til þessa frv. Alþfl. hefir verið fylgjandi skuldaskilum vélbátaeigenda og hverjum þeim stuðningi, sem hægt hefir verið að veita sjávarútveginum. Nú er það vitað, að togaraútgerðin hefir engan stuðning fengið undanfarið, og líka er vitað, að seinustu árin hefir þessi útgerð orðið fyrir allmiklum töpum. Hitt er annað mál, að Alþfl. er ekki sammála Sjálfstfl. um, af hverju þetta stafar, og ég get tekið undir það með hv. 1. þm. N.-M., að þessum rekstri hefir verið illa stjórnað og fé dregið út úr honum til annara óskildra fyrirtækja. Í raun og veru er það ekki þetta, sem hér er um að ræða; það verður sjálfsagt tekið til frekari athugunar af þeirri n., sem á að rannsaka hag útgerðarinnar, og mun hún á sínum tíma koma með till. um, hvernig eigi að haga þeim rekstri framvegis. Það, sem hér er um að ræða, er að veita togaraútgerðinni einhvern stuðning á þessu tímabili, þar til n. skilar áliti. Alþfl. gat ekki fallizt á frv. óbreytt, en tók þá afstöðu að fylgja því með þeim breyt., sem koma fram í nál., og eru það vitanlega miklar breyt. frá því, sem er í 1. gr. frv. Í raun og veru má segja, að þetta frv. sé ekki mikill ávinningur fyrir togaraútgerðina, ef um slæm ár verður að ræða eins og að undanförnu, því

eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, eru það 1—2 fyrirtæki, sem hafa greitt tekju- og eignarskatt síðustu ár. Og þar sem hér er um litlar upphæðir að ræða, mætti kannske segja, að frv. sé að nokkru leyti óþarft. En hvað 2. gr. snertir vil ég geta þess, að bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Reykjavíkur hafa óskað eftir því, að fá sérstaka heimild í l. til þess að undanþiggja þessi félög útsvörum.

Að því er snertir þau félög, sem eru utan Reykjavíkur, þá eru tvö af þeim rekin með svo mikilli þáttöku bæjarsjóðanna, að þessi útsvarsundanþága mundi koma bæjarfélögunum sjálfum að mestu leyti til gagns.

Um Patreksfjörð er öðru máli að gegna. Þar mun útgerðarfélagið reka verksmiðjur, sem vitanlega geta ekki komið undir þessi ákvæði.

Hv. 1. þm. N.-M. var að tala um, að það vantaði að setja undir þann leka, að dregið væri fé út úr þessum fyrirtækjum. Þetta er einmitt það, sem Alþfl. hefir verið að reyna að gera með brtt. við 3. gr. Þar eru gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að ekki verði dregið fé undan, og að því, sem kann að sparast, verði varið til þess að koma félögunum á fót aftur og skapa það öryggi, að hægt verði að reka skipin.

Þá höfum við einnig komið með nýja gr. um, að fjmrh. setji nánari reglur um framkvæmd þessara l. Og þó að hv. 1. þm. N.-M. treysti honum ekki til þess að setja undir lekann, þá geri ég það.

Páll Zóphóníasson: Ég þarf ekki að segja mikið, því hv. þm. Hafnf., sem var að reyna að svara mér, treystist ekki til þess að svara nema einu atriði, og það með rangfærslum.

Við skulum nú líta á, hvernig ástatt er með útsvarsálagninguna í Hafnarfirði samanborið við Reykjavík. Af 3000 kr. þarf að greiða 110 kr. í Hafnarfirði, en 155 kr. í Reykjavík; 45 kr. munur. Hvað eru margir menn í Hafnarfirði með þær tekjur? Af 4000 kr. þarf að greiða 200 kr. í Hafnarfirði, 305 kr. í Reykjavík. Hvað eru margir menn í Hafnarfirði með þær tekjur? Af 5000 kr. þarf að greiða í Hafnarfirði 325 kr., en 495 kr. í Reykjavík. Hvað hafa margir menn þær tekjur í Hafnarfirði?

Ég held, að það sé bezt fyrir hv. þm. Hafnf. að gæta að þessu áður en hann fer að tala um þetta aftur, og reyna að setja sig inn í, hvað Hafnfirðingar nota langlægsta útsvarsskala á einstaklinga, en hæstan á atvinnufyrirtækin.

Brynjólfur Bjarnason: Ég verð að segja það sama og hv. 1. þm. N.-M., að mig furðar stórkostlega á því, að slíkt frv. og þetta skuli vera komið fram á Alþingi, og þó enn meira á því, að hér skuli vera nál. frá þremur stærstu þingfl., sem mælir með því, að frv. verði samþ., með litlum breyt., sem ganga í þá átt, að gera frv. frambærilegra, eins og viðurkennt hefir verið af þeim þm., sem að nál. standa.

Þegar þetta frv. var borið hér fram af sjálfstæðismönnum, tók ég það alls ekki alvarlega, og mér kom ekki til hugar, að það ætti fyrir því að liggja að fá framgang hér á þingi. Þess vegna kom mér ókunnuglega fyrir sjónir, þegar ég sá þetta nál., og ætlaði ég varla að trúa mínum eigin augum.

Nú er það svo, eins og hefir verið viðurkennt af hv. 11. landsk., að fyrir þau útgerðarfyrirtæki, sem eru sérstaklega illa stæð og þurfa á *hjálp að halda, hefir þetta frv. enga praktiska* þýðingu, af þeirri einföldu ástæðu, að þau greiða ekki tekjuskatt. Árið 1937 var það eitt félag í Reykjavík, sem greiddi tekju- og eignarskatt, 82,90 kr., og nú hefir Reykjavík ákveðið, að þau skuli ekki greiða útsvör. Það liggur ekki í l. nein heimild um að undanþiggja þessi félög útsvörum á þeim tíma, sem til er tekinn. Enda þyrfti enga slíka heimild í l., vegna þess að hvert bæjarfélag út af fyrir sig ræður því, hvernig það hagar útsvarsálagningunni. Hvaða þýðingu hefir þá þetta? Það hefir í fyrsta lagi þá þýðingu, að þau fyrirtæki, sem kynnu að vera rekin með einhverjum ágóða — og þau eru til —, fá þarna algerða sérstöðu, þar sem þau eru undanþegin frá því með sérstökum l. að greiða skatt til hins opinbera, þótt þeim annars beri að gera það.

Hér er m. ö. o. um að ræða hreinar og beinar gjafir til þessara fyrirtækja. Að vísu er þetta bundið því skilyrði, að ekki sé úthlutað arði, en þetta þýðir samt sem áður, að þessi fyrirtæki þurfa engan skatt eða útsvar að greiða, þar sem þeim er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af því, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.

Nú skulum við segja, að kæmi veltiár, kæmi stríðsgróði á þessu tímabili, sem félli í hlut þessara fyrirtækja. Hvað væri þá hér verið að gera? Það væri verið að gefa öllum botnvörpuskipaeigendum á kostnað ríkis og bæja stóreignir. Annars er alveg furðulegt, að gerð skuli vera tilraun til þess á Alþingi að leysa málefni útgerðarinnar á þennan hátt, þegar hv. alþm. vita, hvernig er í pottinn búið með þennan atvinnuveg. Það vita allir, að í góðærum hafa einstakir menn haft gróða af þessum fyrirtækjum og ýmist varið honum til einkaeyðslu, til þess að leggja hann í önnur fyrirtæki eða til þess að flytja hann úr landi. Í slæmu árunum eiga töpin að lenda á því opinbera. Þetta er ekki rétt aðferð til þess að rétta sjávarútveginn við. Eina rétta aðferðin til þess er engin önnur en sú, að taka í taumana með þann rekstur á þann hátt, að trygging sé fengin fyrir því, að hann sé látinn starfa á heilbrigðari grundvelli en verið hefir, því að eins og kunnugt er, þá er nú þannig ástatt með þessa atvinnugrein, að nauðsyn hefir þótt bera til þess að samþ. sérstök l. á Alþ. til þess að rannsaka rekstur og hag þessara fyrirtækja.

ATKVGR.

Brtt. 438,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 438,2 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 438,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5 gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 463, 479, 482, 486, 497).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 497. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Við 2. umr. var hreyft nokkrum aths. við þetta mál, þ. á. m. að þessi l. mundu geta komið illa við á einum stað á landinu, Patreksfirði. Af því að fyrirtækið, sem gerir þar út, er svo mikill liður í öllu atvinnulífi þar, er mjög erfitt fyrir sveitarfél. að vera skyldugt til að fella niður útsvar á því. Þó að reynt væri að rekja í sundur starfsgreinar þessa fyrirtækis, mundi reynast mjög erfitt í framkvæmdinni að gera svo skarpa skiptingu sem þyrfti. N. vildi taka tillit til þessa og ber því fram brtt. á þskj. 486, um að 2. gr. frv. orðist svo: „Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum er heimilt að undanþiggja sömu fyrirtæki útsvari á sama tíma", eða í 5 næstu ár. Á hinn bóginn getur það komið fyrir, að fyrirtæki, sem ræki þarna útgerð, færi að óttast að þeirri útgerð yrði íþyngt í sköttum fram yfir það, sem væri á öðrum stöðum, og væri því hætta á, að það flyttist af staðnum. Ég hygg því, að nauðsynlegt sé að setja eitthvert ákvæði til viðbótar, sem tryggi þau fyrirtæki, sem um væri að ræða, gegn óhóflegri álagningu. En það er orðið erfitt um rekstur mála síðustu daga þingsins, og n. hefir því ekki getað náð saman um till. í þessa átt, en ég hygg þó, að meiri hl. n. muni vera hlynntur slíkri till., og e. t. v. öll n. Ég ber hana því fram skrifl., og er hún þess efnis, að sé heimildin ekki notuð, þá skuli það útsvar ekki mega fara fram úr því, sem fyrirtækið greiðir nú á þessu ári, svo að þeir staðir, sem hlut eiga að máli, séu ekki sviptir því, sem þeir nú hafa, en batni í ári, fá fyrirtækin samt þann hluta af sínum arði til þess að leggja í fyrirtækið, sem er fram yfir það útsvar, sem þau bera á þessu ári.

N. athugaði þær till., sem fram eru komnar, og hefir hún ekki getað fallizt á þær. — Ég vil svo ekki tefja málið. Ég hefi sett upp till., sem ég vonaði, að væri búið að prenta, en hún er ekki komin frá prentsmiðjunni ennþá. Hún er við brtt. á þskj. 486 og er á þá leið, að við hana bætist: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á þau en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

Þetta atriði er, að því er ég hygg, ópraktiskt fyrir aðra en Patreksfirðinga. Ég býst við, að það komi ekki til mála hvað Reykjavík snertir, og Hafnfirðingar hafa enga ástæðu til þess að nota sér ekki heimildina. Það er aðeins þessi eini staður, sem getur, ef hann vill, haldið því útsvari á þessu fyrirtæki, sem því nú er gert að greiða.

Ég neyðist til að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. skriflega og óska eftir öllum nauðsynlegum afbrigðum. Ég hefi, þótt meiri hl. n. sé henni meðmæltur, borið hana fram í mínu nafni einu, vegna þess að ég hefi ekki átt kost á að koma á fundi í n.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. á þskj. 486 frá hv. 1. þm. Reykv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 508.]

Þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Brynjólfur Bjarnason: Við fyrri umr. um þetta mál hefir verið komið nógsamlega inn á, hvað mikið hneyksli þetta mál allt er í raun og veru, svo að ég ætla ekki að ræða um það almennt nú. Þó hefir n. tekið ofurlítið tillit til þeirrar gagnrýni, sem fram hefir komið, þar sem hún leggur þó til að breyta 2. gr. þannig, að í stað þess, að bæjarfélag sé skyldugt til að undanþiggja þessi fyrirtæki útsvari, verði það ekki nema heimild. Þær ástæður, sem frsm. n. færði fyrir sínu máli, voru ástandið í einum kaupstað landsins, Patreksfirði, þar sem er fyrirtæki, sem ber mikinn hluta af útsvörum hreppsins og jafnframt útgerðinni rekur aðra atvinnu, t. d. verzlun. Nú vil ég benda hv. þm. á, að það er þannig ástatt með fleiri fyrirtæki en þetta á Patreksfirði, að þau reka jafnframt útgerðinni aðra atvinnu, og hafa tekjur af því, og eru jafnvel, þó að útgerðin gangi skrykkjótt, mjög vel stæð. Þess vegna er dálitið skritið, samkv. rökum hv. þm., að erfitt sé að greina þetta sundur, að bera hér fram frv. í þessu formi, því ef þetta gildir um útsvör, þá gildir það vitaskuld um tekjuskatt líka. Hvaða ástæða er til þess að undanþiggja á þann hátt, sem gert er í 1. gr., svona fyrirtæki svo að segja öllum tekjuskatti, þannig að þeim er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum? Ég held, að þetta sýni bezt, hvílík firra frv. er í heild.

Það er líka annað, sem fram hefir komið í þessu máli, sem sýnir þetta ekki síður, og það eru þær brtt., sem bornar hafa verið fram af hv. þm. Vestm., þar sem hann leggur til, að ákvæði 1. gr. um skattfrelsið nái ekki aðeins til útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, heldur allra annara útgerðarfyrirtækja landsmanna. Má segja um þetta, að „fyrst þarf ormurinn út úr skel og afskræmi tímans að sjást svo vel, að ranghverfan öll snúi út".

Það er að vísu alveg rétt hjá hv. þm. Vestm., að það er eins mikil ástæða til að undanþiggja ýms önnur fyrirtæki skatti og félög íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Með þessum brtt. er sem sé farið fram á, að allir atvinnurekendur í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna séu skattfrjálsir, m. ö. o. allir skattar og skyldur þessara atvinnurekenda lendi á hinu breiða baki almennings.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Við 2. umr. sýndi ég fram á, að þetta frv. væri varhugavert og til vansæmdar fyrir Alþingi, ef það yrði samþ.

Í annað skipti á þessu þingi hefir mér nú tekizt að nokkru leyti að sannfæra hv. 1. þm. Reykv. um, að hann hafi á röngu að standa, og tel ég það mikið innlegg fyrir mig.

Áður en ég sný mér að brtt. á þskj. 479, sem

ég flyt, vil ég leyfa mér að benda á þrjár staðreyndir úr hinu praktiska lífi. Ég skal fyrst benda á, að ég skil með orðinu útgerðarfyrirtæki hér sjálfstæð félög eða einstaklinga, sem sjá um rekstur, og ég ætla, að ekki sé hægt að skilja það öðruvísi. Menn sjá, hversu þetta er misjafnt um landið, þar sem sum útgerðarfyrirtæki, samhliða útgerðinni, reka verzlun, skipaafgreiðslu, iðnað og landbúnað. Allur þessi rekstur á að vera skattfrjáls. Hvort hv. flm. hafa ætlazt til þessa, skal ég láta ósagt, en mér þykir sennilegt, að svo hafi ekki verið. Nú eru þeir sjálfir, hvað Patreksfjörð snertir, búnir að sjá, að ef þeir svipta hreppinn hér um bil ⅔ hlutum af útsvörunum, muni hann eiga æði erfitt uppdráttar, og þegar þetta fyrirtæki, sem þar er um að ræða, hefir borið sig sæmilega, sé engin ástæða til þess. Og það eru til útgerðarfyrirtæki víðar en á Patreksfirði, sem samhliða útgerðinni reka iðnað og verzlun og eiga útibú hér og þar á landinu. Kveldúlfur hefir síldarverksmiðju á Hjalteyri og borgar þar útsvar sem er talsverður hluti af öllum útsvarstekjum hreppsins. Hvernig fer með það? Hann á annað útibú í Glæsibæjarhreppi og hefir þar iðnrekstur. Á ekki að leggja á það? Eftir ákvæðum frv. eiga fyrirtækin á báðum þessum stöðum að vera útsvarsfrjáls og skattfrjáls. Bæði í Hafnarfirði og Reykjavík eru til fyrirtæki, sem samhliða útgerðinni reka verzlun, og það talsvert víðtækari verzlun. Á hún að vera undanþegin skattgreiðslu til bæjar og ríkis? Ég held þess vegna, að það litla, sem hv. 1. þm. Reykv. er búinn að sjá í raunveruleikanum í þessu máli, eigi eftir að víkka dálítið meir fyrir honum, þegar hann fer að athuga, hversu staðhættirnir eru ólíkir. Hv. þm. er að hugsa um útgerðina — og látum það vera —, en eins og það kemur fram hjá honum, er ekki sjáanlegt annað en hann sé líka að hugsa um annan rekstur, sem þessi útgerðarfélög hafa.

Hér kemur enn eitt. Til eru útgerðarfélög, sem reka togara, þar sem eru fáir hluthafar, kannske ekki nema ein fjölskylda. Eiga slík fyrirtæki, sem öll þessi ár hafa borgað svolitinn tekju- og eignarskatt, og þó áður verið búin að draga frá 6—10 þús., sem þau hafa greitt í útsvar, að vera skattfrjáls? Afkoman hefir ekki verið verri en það, að fyrirtækin hafa getað borgað þetta útsvar, og þó haft afgang til að borga tekjuskatt. Hvaða ástæða er til þess að gefa þetta eftir, en pína aðra til að borga, sem eiga miklu verra með það? Ég fæ ekki skilið það. Á þessum forsendum eru brtt. mínar byggðar. Þær eru fáar og smávægilegar hvað fyrirferðina snertir, en gera mikinn mismun á frv. Fyrsta brtt. er við 1. gr. Legg ég til, að í stað „þeirra" komi: útgerðarinnar, — því annars er ekki hægt að skilja þetta á annan veg en hér sé átt við allan þann rekstur, sem viðkomandi útgerðarfyrirtæki hefir. En till. sniðin með það fyrir augum, að látið sé liggja á milli hluta, hvort það er iðnrekstur, verzlun, landbúnaður eða skipaafgreiðsla, sem fyrirtækið hefir með höndum. Ég hefi látið 90% eiga sig, enda þótt ég viti vel, hvað sum útgerðarfyrirtæki snertir, að þar er ein fjölskylda eigandinn, og því enginn varasjóður, sem myndast, en eignirnar vaxa. Slíkt fyrirtæki er vitanlega engin þörf á að þiggja undan skatti.

Þá hefi ég orðað 2. gr. um og legg þar til, að útsvarsfrelsið verði fyrst og fremst heimild, og í öðru lagi heimild, sem nái aðeins til útgerðarinnar, en ekki til annars rekstrar, sem félögin kunna að hafa með höndum.

Í samræmi við þetta flyt ég þá brtt. við 3. gr., að í stað orðanna „fyrir tapinu" komi: fyrir tapi útgerðarinnar. Auk þess legg ég til, að aftan við 3. gr. bætist nýr stafl., og með honum vil ég reyna að fyrirbyggja það, sem því miður er mjög títt, að þegar um ágóða er að ræða, séu laun framkvæmdarstjóra, stjórnenda eða endurskoðunarmanna hækkuð, sem e. t. v. eru allir hluthafar í félaginu, og ágóðinn þannig látinn hverfa.

Ráðh. er ætlað að setja nánari reglur um þetta. En mér hefir skilizt, að allar reglugerðir þyrftu að eiga stoð í l. Nú er ekkert það til í íslenzkum l., sem getur gefið ráðh. stoð hvað þetta snertir. Ef stendur í l., að útgerðarfyrirtæki eigi að vera undanþegin skatti, þá getur ráðh. ekki, þótt hann vilji, látið nokkurn hluta af rekstri útgerðarfyrirtækja vera skattskyldan.

Brtt. mínar hafa í sér fólgnar nokkrar umbætur á frv., en þó að þær verði samþ., álít ég samt órétt, að frv. gangi fram. En með því að samþ. þær er frv. komið nokkurn veginn í það horf, sem mér skildist vaka fyrir flm., sem sé að styrkja útgerðina, en ekki útgerðarmennina til annars rekstrar en útgerðar.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 482 við sjálft frv., og þegar ég hafði lagt hana fram, var útbýtt brtt. frá fjhn. á þskj. 486. En til þess að vera samkvæmur sjálfum mér — gangandi út frá því, að brtt. n. kynni að falla þingheimi betur í geð, — varð ég líka að koma með brtt. (þskj. 497) við brtt. á þskj. 486.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta mál. Ég er því fyllilega samþykkur, að gera þurfi ráðstafanir til að styrkja útgerðina. Hefir staðið í nokkru vafstri m. a. um það mál nú meðan þing hefir setið. Ég hefi verið í n., sem hefir átt tal við ríkisstj. um málið og einnig form. flokkanna. Og þegar svo var komið, að þessi litla tilslökun var gerð, sem mér finnst mæta óþarflega mikilli mótspyrnu af sumum hér í d., þá virtist mér hóflegt, þótt farið væri fram á, að nokkur hluti af þessu næði einnig til annara útgerðarfyrirtækja landsmanna. En ég vil taka fram strax, að mér datt aldrei í hug að fara fram á, að önnur útgerðarfyrirtæki heldur en botnvörpuskipa yrðu leyst undan útsvarsskyldu. Ég álít sérstaka þörf á að taka þetta fram vegna þess, að hv. 1. landsk. þm. virðist hafa misskilið mínar brtt. Ég vil ráðleggja honum að lesa brtt. og bera saman við frv., og mun hann þá sjá, að hann fer villur vegar, ef hann heldur, að ég sé að mælast til þess, að útgerðarfyrirtæki þau, sem um ræðir í mínum brtt., séu leyst undan útsvarsskyldu. Með þessum brtt. hefi ég sem sagt farið fram á, að 1. gr. frv. kæmi þeim og til góða, eða þau væru einnig leyst undan því

að borga tekju- og eignarskatt. Hér koma að sjálfsögðu þau sömu rök til greina og hjá botnvörpuskipaeigendum, því þótt segja megi, að það hafi ekki mikla þýðingu fyrir rikissjóð né þessa menn, hvort þeir eigi að greiða tekjuskatt eða ekki, og sama gildi um smáútgerðina, getur það haft þýðingu í framtíðinni, hvort smáútgerðin má hagnýta sér þessi fríðindi líka eða á að standa utan við þau.

Ég þarf ekki að rökstyðja frekar, hvers vegna ég hefi komið fram með þessar brtt., og ég vona, að hv. þm. skilji, að ég hefi hreint og beint talið mér skylt að gera það. Hinsvegar skal ég taka fram, að ég vil ekki, að þær verði til þess að spilla framgangi málsins yfir höfuð, og þótt þær falli, mun ég greiða frv. atkv., því mér er ljóst, að það er okkur smáútvegsmönnunum enginn akkur, að ekkert sé gert heldur fyrir stórútgerðina.

Ég hefi borið þessar brtt. fram til þess að benda á jafnrétti í þessum sökum, en ekki til þess að spilla eða tefja fyrir hinu atriði málsins.

Bernharð Stefánsson: Það er langt frá því, að ég vantreysti hv. frsm. n. til þess að standa fyrir hennar máli. Samt þykir mér ástæða til að gera grein fyrir afstöðu minni sem nm., og þá sérstaklega til eins atriðis, sem hér bar á góma. Þetta frv. er um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, og það liggur ákaflega nærri, eftir því sem frv. er nú, að skilja það svo, að eingöngu sé átt við útgerð þessara fyrirtækja, því að svo miklu leyti, sem eitthvert félag kann að reka fleiri atvinnugreinar, er það ekki útgerðarfyrirtæki. Ég tel því það í raun og veru ekki orka tvímælis, að með þessum ákvæðum sé eingöngu átt við útgerð. Nú hefir þetta verið dregið í efa í umr. og talið, að þessi ákvæði mundu eiga við þau fyrirtæki í heild, sem bæði reka útgerð og aðrar atvinnugreinar, og út af því hefir hv. 1. þm. N.-M. flutt brtt. á þskj. 479, til þess að taka af öll tvímæli um það, að eingöngu sé átt við útgerð. Í fyrsta lagi er það að segja um þessar brtt. hv. þm., að ef ætti með skýrum ákvæðum l. að gera þetta tvímælalaust með öllu, frekar en frv. gerir sjálft, þá eru till. tæplega fullnægjandi, því þótt þær breyti orðalagi á nokkrum stöðum um þetta í þá átt, er það tæplega á öllum þeim stöðum, sem þyrfti að vera.

Í öðru lagi vildi ég mega benda hv. d., og sérstaklega hv. 1. þm. N.-M., á 4. gr. frv., eins og það er nú orðað, þar sem svo er ákveðið, að fjmrh. setji nánari reglur um framkvæmd þessara l. Ég álít tvímælalaust, að fjmrh. hafi heimild til þess, og það hefir fulla stoð í þessum l., að setja þau ákvæði, að þetta snerti aðeins útgerðarfyrirtæki. Ég tel því ekki þörf að samþ. þessar brtt. á þskj. 479, og kemur í frv. samskonar eða svipuð ákvæði og 1. þm. N.-M. vill fá sett inn í frv., verður að setja það inn í þá reglugerð, sem um þetta verður sett. Að hinu leytinu er á það að líta, að það er nú orðið mjög áliðið þingtíma, svo héðan af verður hverju frv., sem til meðferðar er á þingi, betur borgið á þann hátt, að gerðar séu á því sem minnstar breytingar þótt þessar breyt. kynnu að vera heppilegar, þá er ekki öruggt um, að þær drægju ekki til fleiri breytinga. Úr því að hv. þm. færu að gera breyt., gæti svo farið, ef þær yrðu samþ. hér í d., að Nd. sæi sig til neydda formsins vegna, þó ekki væri til annars, að breyta frv. nokkuð aftur, og sendi það svo aftur hingað til Ed. Og gæti þá svo farið, að framgangur þess væri óviss. Þá vil ég benda þessum sama þm. á, að það er áreiðanlega misskilningur, sem kom fram hjá honum, þar sem hann tók dæmi af *firmum og fyrirtækjum*, sem hafa staðið sig vel undanfarið, að þau hafi haft ágóða og borgað tekjuskatt o. s. frv. Frv. eins og það er nú, eins og því var breytt við 2. umr., á alls ekki við þessi félög. Það er því eingöngu tap, sem þessi félög hafa beðið, sem má draga frá. Þetta á við eins og frv. var borið fram, en þessi rök eiga alls ekki við hér.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. En út af þeim brtt., sem hv. þm. Vestm. hefir borið hér fram á þskj. 482, vil ég segja, að í sjálfu sér er það hæpin braut fyrir löggjafarvaldið, sem hér er lagt inn á viðvíkjandi botnvörpuskipum, að fara að gera sérákvæði um skattgreiðslu einstakra fyrirtækja í landinu, þó að ég fyrir mitt leyti fallist á, og ég býst við að flokkurinn, sem ég tilheyri, fylgi því, að gera það í þessu tilfelli með botnvörpuskipin sérstaklega, vegna þeirrar þrengingar, sem þau atvinnufyrirtæki eiga nú við að stríða. En vitanlega er það hæpin braut samt. En að fara þó að gera þetta viðtækara, held ég sé þó ennþá varasamara og bágt að segja, hvar þá á staðar að nema. Ég hygg, að það væri þá fullt eins mikil ástæða til þess, að bændur landsins kæmu á eftir og aðrir atvinnurekendur yfirleitt og sömu reglur yrði þá að taka upp fyrir alla framleiðendur landsins. Það gæti vitanlega verið fullkomin ástæða til þess, það skal ég játa, að láta aðra reglu gilda fyrir framleiðendur heldur en þá, sem hafa tekjur sínar t. d. af launum. En ég hygg, að það verði nú ekki tími til hér á þingi að ræða það mál til hlítar, að komast að fastri niðurstöðu um það. Málinu mun undir öllum kringumstæðum verða betur borgið með því að þessar till. hv. þm. Vestm. verði ekki samþ. hér. Teldi ég í raun og veru langbezt, að þær væru teknar aftur.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Enda þótt náttúrlega hægt væri margt að ræða um þetta mál, þá hefi ég fyrr og síðar tekið þann kost að segja sem fæst, ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir því. En út af þeim sérstaka skilningi, sem ég heyrði, að hv. 1. þm. Eyf. leggur í þetta frv., þá vil ég frá minni hálfu og leggja áherzlu á frv. eins og það er. Mér finnst það vera mjög ljóst og við töluðum saman um það í sambandi við till. hv. 1. þm. N.-M., að þær litu út fyrir að vera, eins og hv. 1. þm. Eyf. sýndi fram á, alveg ófullnægjandi bætur, sem settar eru hér og þar í frv. Ég hygg, að frv. sé alveg skýrt.

Ég geymdi mér að tala um brtt. þangað til fyrir þeim hafði verið mælt. En hv. 1. þm. Eyf. tók af mér ómakið. Það er augljóst, að fyrri brtt. hv. 1. þm. N.-M. er algerlega óþörf, þegar litið er á 4. gr. frv., að forsrh. á með reglugerð að sjá um, að ekki verði farið í kring-

um ákvæði laganna með allskonar krókaleiðum. Till. hv. þm. Vestm. er ákaflega erfitt að tala á móti út af fyrir sig. Menn vita, hvað þrengir að smáútgerðinni. En ég vil þó benda á, að stundum verður að taka dálitið í stigum. Það hefir verið gert einmitt fyrir útgerðina með skuldaskilasjóð vélbátaeigenda. Og mér finnst ekki undarlegt, þótt löggjafarvaldið taki þetta í stigum. Sérstaklega vildi ég leggja áherzlu á, að þessi till. n. er samkomulagstill., og ég vildi skjóta því til till.manna, sem báðir tilheyra þeim flokkum, sem gerðu samkomulag með sér um þessar till., að þeir tækju þær aftur. Ég vil sérstaklega víkja því til hv. 1. þm. N.-M., þegar hann sagði, að ég og n. séu búin með brtt. að fallast á hans vísdóm, þá finnst mér hann geta tekið till. sína aftur, eftir að honum hefir verið sýnt fram á, að till. hans er gersamlega þýðingarlausar. Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar, ef svo mætti verða, að málinu yrði þokað áfram.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég bið hv. dm. að taka vel eftir því, að hv. 1. þm. Eyf. leggur í þetta frv. þann skilning, að það þurfi túlkun ráðh. að koma til, til þess að ekki öll stærstu útgerðarfyrirtæki séu undanþegin eða fái þau friðindi, sem þetta frv. ætlast til. En hv. 1. þm. Reykv. undirstrikar, að hann leggi þann skilning í frv., sem orðin hljóða um. (**MJ:** Er það ekki réttur skilningur?). Hann talar ekki um að reyna að finna annan skilning á því, eins og hv. 1. þm. Eyf., sem ætlast til, að ráðh. túlki í reglugerðinni, heldur að framkvæma frv. eins og það hljóðar. Og hvað sannar nú betur, að þörf sé á brtt. minni en þetta? Þetta sýnir það alveg greinilega svart á hvítu, því ekki þarf að efa, að n. er alls ekki sammála um það, sem hún er að flytja. Annar þm. ætlast til, að ekki sé annar rekstur útgerðarfyrirtækja skattfrjáls og útsvarsfrjáls eftir þessum lögum heldur en útgerðin sjálf. Ég held, að hann sé með hugann norður í Glæsibæjarhreppi og útsvar Kveldúlfs á Hjalteyri. Annars er meining frv. eins og það liggur fyrir, að leggja ekki útsvar á útgerðarfyrirtæki. Þetta er svo augljóst mál og sannar betur en allt annað þörfina á minni brtt., svo skorið sé úr um það, að hér sé eingöngu átt við sjálfa útgerðina, en ekki annan rekstur þessa fyrirtækis. Hv. 1. þm. Eyf. var að tala um það, að þessar brtt. minar væru ekki nægar. Það væri fleira, sem þyrfti að breyta í samræmi við þær, til þess að þær kæmu að fullum notum. Ég skal nú ekki fullyrða um það, en ég hygg, að þess sé ekki þörf. En ég vildi gjarnan fá að vita það hjá hv. 1. þm. Eyf. og hv. 1. þm. Reykv., sem báðir tala um þetta, hvað það sé fleira, sem þarf að breyta. Það er talað um tap á útgerðarfyrirtækjum í 1. gr. Þetta er nefnt í einu orði. Svo er ekki talað um það frekar í 1. gr. Það er talað um að draga frá skattskyldum tekjum 90% af þeirri fjárhæð, sem í heild leggur í varasjóð. En hvað er þá um það að segja, ef í fyrirtækinu felst líka verzlun eða búskapur og ekki sérstaklega sundurliðað? Svo þegar kemur að útsvarinu, þá vil ég gera það alveg ljóst, að heimilt sé að undanskilja þann hluta útsvarsins, sem annars er lagt á sjálfa útgerðina. Það þýðir, að Hafnarfjörður megi leggja útsvar á útgerðarfyrirtæki, sem reka verzlun, en leggja það á ágóðann af verzluninni, en ekki 4 kr. á hverja lifrartunnu, eða 2% á ísfiskinn. Þetta er alveg ljóst og án alls vafa í minni till. En annars hygg ég, að það þurfi alveg sérstaka túlkun, eins og hv. 1. þm. Eyf. var að tala um, og til þess að yfirleitt sé mögulegt að hugsa sér, að ráðh. geti sett reglugerð, sem fari að líða sundur rekstur útgerðarfyrirtækisins, þegar skýlaust stendur í 1. gr. „þeirra", það er „útgerðarfyrirtæki", þar sem talað er um heimildina til að draga tap frá skattskyldum tekjum. Ég tel mjög vafasamt, hvort nokkur stoð er fyrir því að gera þetta í reglugerðinni. Þess vegna er svo langt frá, að ég taki minar till. aftur, og ég hefi gaman að sjá, hverjir það eru, sem ekki vilja taka fram um þetta, að menn geti ekki komið ágóðanum undan í hlutabréfum, og taki hærri laun til sjálfra sín o. s. frv.

ATKVGR.

Brtt. 479,1 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, BrB, ErlÞ, IngP.

nei: MJ, ÞÞ, ÁJ, BSt,[1]) BSn, GL, JJós, JJ, PHerm, EÁrna greiddu ekki atkv.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 482 og 497 teknar aftur.[2])

Brtt. 479,2 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ,[3]) SÁÓ, BrB, IngP.

nei: MJ,[4]) ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, GL, JJós, EÁrna, PHerm, ErlÞ, HermJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 486 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 508 samþ. með 8:4 atkv.

— 479,3.a felld með 8:3 atkv.

— 479,3.b felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ,[5]) IngP, PZ, SÁÓ, BrB.

nei: JJós, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, ErlÞ,[6]) GL, EÁrna.

PHerm greiddi ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, ErlÞ, GL, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: PZ, BrB.

1. þm. (JJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

---

1) **BSt:** Með skirskotun til þess, sem ég sagði áðan, segi ég nei.

2) **JJós:** Með því að berlega hefir komið í ljós við þessa umr., að með því að halda þessum brtt. til streitu væri málinu teflt í hættu, og þar sem ég vil ekki verða málinu til falls, tek ég þær aftur.

3) **PZ:** Mig langar til að láta það koma fram við þessa atkvgr., að hv. 1. þm. Reykv. er búinn að gera þá grein fyrir atkv. sínu fyrirfram, að hann sé að samþ. traustsyfirlýsingu á hæstv. fjmrh.

4) **MJ:** Ég vil gera þá grein fyrir minu atkv. við þessa atkvgr., að ég treysti hæstv. fjmrh. a. m. k. eins vel til að hafa vit á þessu máli og hv. 1. þm. N.-M.

5) **Forsrh.:** Ég greiði atkv. með þessari brtt. af því, að hún er komin fram, en vil nota tækifærið til að segja, að ég tel hina brtt. á sama þskj. óþarfa.

6) **ErlÞ.:** Ég tel þetta tryggara eins og það er í 4. gr. frv. og segi því nei.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 515).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Einar Olgeirsson: Ég hélt, að einhver mundi hafa framsögu í þessu máli hér í hv d., því að það er ekki neitt smáræði á ferðinni, þegar verið er að festa í lög, að á næstu fjórum árum skuli ákveðinn atvinnurekstur hér á landi vera svo að segja undanþeginn tekjuskatti. Þó að þetta frv. hafi orðið fyrir nokkrum breyt. í hv. Ed. frá því, sem það var, þegar það kom fyrst fram, þá þýðir það nú í raun og veru samt sem áður skattfrelsi fyrir íslenzk togarafélög. Í 1. gr. frv. er rætt um, að þeim sé leyfilegt að draga frá skatti þau töp, sem þau hafa orðið fyrir síðan 1931. Þar sem vitað er, að félögin hafa orðið fyrir miklum töpum á þessu tímabili, þá er augljóst, að þetta þýðir í rauninni skattfrelsi. Ennfremur er félögunum samkv. þessari sömu gr. leyft, ef svo skyldi fara, að gróðinn hjá þessum félögum yrði svo mikill á þessu tímabili, að tapið yrði að fullu greitt, sem er ólíklegt, að leggja fé í varasjóð næstum því eins og þeim þóknast, og draga 90% af þeirri fjárhæð frá skattfrjálsum tekjum. Ég fæ ekki séð, að þetta frv. hafi í raun og veru aðra „praktiska“ þýðingu heldur en þá, að hindra, að ríkið geti fengið tekju- og eignaskatt frá þessum félögum, svo framarlega sem vel gengi hjá þeim.

Það var upplýst í hv. Ed. í sambandi við umr. um þetta mál, að sem stendur mundi það aðeins vera eitt togarafélag hér í Reykjavík, sem borgaði tekjuskatt, er næmi rúmlega 80 kr., svo að sú „praktiska“ þýðing, sem þetta frv. mundi hafa, eins og nú er ástatt hér í Reykjavík í þessum efnum, væri í rauninni eingöngu sú, að gefa þessu togarafélagi þennan skatt eftir. Ef aðstæðurnar breyttust hinsvegar, ef Sjálfstfl. tækist t. d. að lækka krónuna eða ef styrjöld skyldi skella á og skapa skyndilega verðhækkun á afurðunum, eða ef eitthvað óvænt skapaði skyndilegan gróða hjá togarafélögunum, þá þýðir þetta frv., ef að lögum verður, að þessi togarafélög eru undanþegin skattgreiðslu af gróðanum. Það virðist vera nokkuð undarlegt eins og útlitið er, ekki sízt þar sem við vitum, hvernig það hefir verið, þegar togarafélögin hafa grætt. Það hefir sem sé verið mjög mikið um það, að þau hafa tekið allmikið fé út úr rekstrinum og lagt það í allskonar fyrirtæki, sem voru alveg óskyld togararekstrinum, eins og t. d. í landbúnaðarrekstur, gróðavænleg verzlunarfyrirtæki og jafnvel skrauthýsi, en hinsvegar er það vitað, að lítið af gróða fyrirtækjanna hefir verið notað til þess að efla og endurbæta togaraflotann, sem á síðustu 10 árum mun hafa fækkað úr 47 skipum niður í 37 skip. Ef það skyldi koma gróðatímabil fyrir íslenzku togarafélögin, þá væri það þjóðinni vafalaust fyrir beztu, að þau fengju að borga réttmætan tekjuskatt af gróðanum. Það væri sízt betra, að þau gætu notað þann gróða eins og þau hafa gert undanfarið, þegar þau hafa grætt. Að vísu eru sett ýmiskonar skilyrði í sambandi við 3. gr. frv., en þar á meðal eru engin skilyrði um það, að ekki sé hægt að koma svona gróða fyrir á ýmsan hátt, t. d. með hækkuðum launum til forstjóranna, með því að fjölga forstjórunum eða með því að setja hann í önnur fyrirtæki.

Þar sem ég tel frv. beinlínis skaðlegt fyrir fólkið í landinu af þeim ástæðum, sem ég gat um áðan, en tel það hinsvegar ekki geta haft neitt gagn í för með sér fyrir útgerðina eins og sakir standa, þar eð hún borgar nú sama sem engan skatt, þá er ég algerlega mótfallinn þessu frv. og mun greiða atkv. á móti því, en bera fram brtt. við það við 2. umr., ef það kemst svo langt, sem því miður er útlit fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til fjhn. með 14:3 atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 515, 534, n. 550).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Fjhn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ., en hefir þó gert till. um að breyta því lítilsháttar. Fjhn. leggur til, að b-lið 3. gr. frv. verði breytt þannig, að inn í þann lið, sem er um það, „að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað“, verði bætt þannig, að á eftir þessum tilfærðu orðum úr b-lið 3. gr. frv. komi: né hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum eða auknum hlunnindum. — Þessi ákvæði vill n. láta gilda um fyrirtækin, meðan þau njóta þeirra fríðinda, sem um getur í frv. Fjhn. er sammála um að bæta þessu inn í til frekara öryggis um það, að þessi hlunnindi séu aðeins veitt þegar réttlætanlegt þykir.

Hv. 5. þm. Reykv. hefir flutt brtt. við frv. á þskj. 534, sem fer að nokkru leyti í svipaða átt og brtt. fjhn., og get ég sagt það um leið, að fjhn. mælir á móti því, að sú till. verði samþ.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið að svo stöddu, að öðru leyti en því, að fjhn. lítur svo á viðvíkjandi 2. gr. frv., um heimild bæjar- og sveitarstjórna til að undanþiggja sömu útgerðarfyrirtæki (sem um getur í 1. gr.) útsvari á sama tíma og tiltekinn er í 1. gr., að þau séu laus við skattgreiðslu, — fjhn. lítur svo á, að vel geti svo verið ástatt um fyrirtæki, sem er útgerðarfyrirtæki, að rétt geti verið að leggja útsvar á vissar starfsgreinar þess, svo sem t. d. verksmiðjurekstur, þó að ekki sé lagt útsvar á þau vegna útgerðar. Ég tek þetta fram sem álit fjhn. um þetta atriði.

*Pétur Ottesen: Það var á öndverðum síðasta vetri, að þeir útvegsmenn, sem standa að S. Í. F., báru þar upp vandkvæði sín út af því, hversu höllum fæti útgerð landsmanna stæði, bæði sú, sem rekin er með togurum, og líka sú, sem rekin

er af vélbátum og öðrum minni bátum. Þeir ræddu þar þessi sín vandamál og sneru málinu inn á þá braut að láta þá menn, sem eru í stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda ásamt fulltrúum, sem til þess voru kjörnir frá hálfu stjórnmálaflokkanna í landinu, flytja þetta mál við ríkisstj. Mér er kunnugt um, að þessir menn hafa um nokkuð langt skeið haft þetta mál með höndum, bæði sín á milli á fundum, sem þeir hafa haldið, og líka haft samtöl og bréfaskipti við ríkisstj. út af þessum erfiðleikum, sem útvegurinn er staddur í.

Ég ætla, að það frv., sem hér liggur fyrir og á að verða til stuðnings togaraútgerðinni í landinu, muni vera sprottið frá því, að þetta mál var tekið til meðferðar í S. Í. F. Og eftir því, sem fram hefir komið hér á þingi og vitað var um áður en málið var flutt hér á Alþ., þá hefir orðið samkomulag um það við ráðandi stjórnmálaflokka á þingi að afgr. frv. það, sem hér liggur fyrir um fríðindi til handa togaraútgerðinni. Nú veit ég, að athugun á þessum vandkvæðum, sem útvegurinn er nú staddur í, er haldið áfram, því að fríðindin, sem útgerðin fær með þessum l., munu áreiðanlega hrökkva skammt til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem útgerðin á nú við að stríða vegna aflabrests og þó einkum og sér í lagi þess ósamræmis, sem er milli afurðaverðs og tilkostnaðar, sem veldur því, að útgerðin hefir verið rekin með halla að undanförnu. Bæði af þessari ástæðu er skylda að halda áfram að vinna að frekari og fullkomnari lausn þessa máls og svo líka af því, að nú liggur ekkert fyrir Alþ. hliðstætt þessari tilraun til lausnar vandamálum togaraútgerðarinnar að því er snertir vandamál bátaútvegs landsmanna. Till. í þessa átt var borin fram af hv. þm. Vestm. í Ed., en það kom þá fram, að ég ætla, við umr. þar, að það mundi ekki vera hægt að fá framgengt í sambandi við þetta frv. neinum fríðindum til handa bátaútveginum; og það var gengið út frá því, að undirbúningur þess máls, að veita honum einhver fríðindi til hjálpar í yfirstandandi vandamálum og erfiðleikum, yrði haldið áfram. Og ég verð að vænta þess, að eins og tekizt hefir með samstarfi milli þessara fulltrúa útvegsmanna við hæstv. ríkisstj. að fá þessi fríðindi til handa togaraútgerðinni, þá muni með áframhaldandi samstarfi einnig takast að fá svipuð og ekki minni fríðindi handa bátaútveginum í landinu og stuðning við þá útgerð. Enda er það svo, að það er eitthvert allra mesta vandamál þessarar þjóðar, að atvinnuvegirnir skuli vera reknir með áframhaldandi halla, því vitanlega er það framleiðslan til lands og sjávar, sem stendur undir öllum þörfum þessa þjóðfélags. Þess vegna ber að vænta þess, að allir taki höndum saman um það, eftir því sem föng eru til á hverjum tíma, að gera það, sem unnt er, til þess að greiða úr því, að þeirri lífsnauðsyn þjóðarinnar verði fullnægt, að atvinnuvegirnir megi verða reknir þannig, að þeir standi undir þörfum þjóðfélagsins á hverjum tíma og geti orðið til þess að byggja upp og búa atvinnu hinni stöðugu fólksfjölgun í landinu og greiða götu þeirra, sem taka við af þeim, sem bera hita og þunga dagsins.

Ég vil ekki taka það svo, þó að vandamál bátaútvegsins séu ekki tekin fyrir nú á sama hátt og vandamál togaraútgerðarinnar, að þá eigi fyrir það að ganga framhjá að sinna hinum sjálfsögðu kröfum bátaútvegsmanna um liðsinni Alþ., hliðstætt því sem hér er um að ræða viðkomandi togaraútgerðinni. Mér er það ljóst, að af svipuðum till. og hér er um að ræða um togaraútveginn mundi ekki mega vænta mikillar úrlausnar fyrir bátaútveginn í vandkvæðum hans. Úrlausn hans vandkvæða yrði að fara, býst ég við, að miklu leyti eftir öðrum leiðum en hér eru farnar í þessu frv.

Ég vildi láta þetta koma hér fram, svo að það gæti ekki litið svo út, að einungis ætti að sinna þörfum togaraútgerðarinnar, heldur beri engu síður að veita bátaútveginum stuðning, honum til viðreisnar.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. Ég hefi áður lýst afstöðu okkar kommúnista til þess máls, og við erum eins á móti því, þó að brtt. sú, sem fram hefir verið borin hér, verði samþ.

Nú sé ég, að hv. fjhn. hefir komið með brtt. við frv., sem gengur í sömu átt og okkar till., eftir að Ed. hefir fellt samskonar brtt., sem ég hafði borið fram. Þess vegna var mér ljóst, að ekki var hægt að koma með brtt. til þess að breyta þessu frv., svo til batnaðar væri, án þess að fella það. Mun ég greiða atkv. með þessari brtt., en síðan á móti frv. sem heild.

*__Ólafur Thors:__ Aðeins fá orð. Það er rétt, að það komi fram, að þeir, sem hér fara fram á þennan stuðning, meta mikils þann hug, sem hv. Alþingi sýnir útgerðinni með þessum ívilnunum. Ég get þessa af því, að ég hefi heyrt raddir utan þings og innan, sem telja þetta einskis virði og vilja ekki láta Alþingi eiga neitt gott skilið fyrir. Að vísu er ekki líklegt, að útgerðin hafi í nánustu framtíð bein hlunnindi af þessu, en hún er allt um það þakklát.

Með þessu frv. er skapaður möguleiki til þess ef eitthvað birtir til, að útgerðin geti grynnt á skuldum sínum, þrátt fyrir þau hörðu ákvæði, er hér gilda um greiðslu skatta og útsvara. Hér er fyrst og fremst verið að skapa útgerðarfyrirtækjunum möguleika til að geta greitt bönkunum, en vafasamt væri, að bankaskuldirnar greiddust, að óbreyttum lögum, þótt vel kynni að ára. Ég tel það heilbrigða stefnu að lofa þessum fyrirtækjum að nota hvern sinn gróða, ef betur árar, til að koma rekstri sínum á réttan kjöl aftur.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, til þess að vitna mætti í það um, að útgerðarmenn eru þakklátir fyrir þessar ívilnanir.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Út af orðum hv. þm. Borgf. vil ég skýra frá því, sem farið hefir fram í viðtölum milli ríkisstj. og SÍF. Stj. SÍF hefir óskað, að eitthvað yrði gert til stuðnings útveginum, og m. a. hefir þetta mál blandazt þar inn í. Varð að samkomulagi að afgr. það eins og það liggur nú fyrir hér. En að því er snertir mál sjávarútvegsins í heild, þá mun ríkisstj. taka

það til athugunar fyrir næsta þing. Í n. þeirri, sem falið verður að athuga þetta, verður að athuga rekstraraðstæður, verðlag og annað slíkt, er útgerðin verður að hlíta. Mun stj. fylgjast með því, að þetta verði allt vel athugað.

Út af þeirri fyrirspurn hv. frsm., hvernig skilja bæri þetta frv., hvaða fyrirtæki sveitar- og bæjarstj. væri heimilt að undanskilja útsvarsgreiðslu, skal ég taka það fram, að þeim er ekki heimilt að undanskilja önnur fyrirtæki útsvarsgreiðslu en þau, sem eingöngu reka útgerð. Þau fyrirtæki, sem jafnframt reka t. d. verzlun, koma því ekki inn undir þessa heimild.

En að því er snertir ákvæði þessara l. um útsvars- og skattgreiðslu, er ekki alveg ljóst, við hvað átt er með orðinu „útgerðarfyrirtæki", og mun því þetta atriði verða skýrt nánar í reglugerð. Ef menn kynnu að verða óánægðir með þau ákvæði, sem sett verða, verður að taka það til meðferðar síðar á Alþingi.

*Ólafur Thors: Út af orðum hæstv. fjmrh. vil ég skýra frá því, að í fjhn. Nd. var um það rætt, hvernig skilja bæri þessa heimild 2. gr. Við breyttum ákvæði upphaflega frv., þar sem gert var ráð fyrir beinni skyldu, þannig, að úr varð aðeins heimild, og gerðum við þá ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstj. gætu eftir vild notað heimildina að öllu eða nokkru leyti, hvort sem um væri að ræða útgerðarfyrirtæki, verzlunarfyrirtæki, verksmiðjurekstur eða annað, en ekki, að það væri haft eins og hæstv. fjmrh. vill, að óheimilt væri að gefa eftir öðrum fyrirtækjum en þeim, sem aðeins reka útgerð, en þó þannig að á engum slíkum rekstri yrði útsvar hærra en fyrir árið 1938. Hugsum okkur fyrirtæki, sem hefði haft 10 þús. kr. útsvar og ræki bæði verzlun, verksmiðjurekstur og útgerð. Segjum, að verzlunin hafi borið 3000 kr. af þessu útsvari, verksmiðjureksturinn 1000 kr. og útgerðin 6000 kr. þá mætti t. d., samkv. okkar hugsun, fella niður þessar 6000 kr., sem lagðar hefðu verið á útgerðina, án þess að skylt væri að fella niður það sem lagt var á verzlun eða verksmiðjurekstur. Hinsvegar er tilgangurinn sá að óheimilt sé að hækka útsvarið frá því sem var, og gildir það ákvæði jafnt um útgerð sem verzlun, verksmiðjurekstur eða annan rekstur þessara útgerðarfyrirtækja.

*Bergur Jónsson: Ég viðurkenni, að nauðsyn beri til að veita togaraeigendum þessi fríðindi. En ég álít rangt, að þessi fríðindi nái til fyrirtækja, sem eru í sömu manna höndum, en ekki eru útgerðarfyrirtæki. Ég hefði því viljað fella mig við skýringu hæstv. fjmrh. á frv., en hitt tel ég ekki rétt, að samþ. frv. með þeim skilningi, sem hv. þm. G.-K. vill leggja í það. Vegna gjaldþegnanna verður þetta að vera alveg skýrt, því að þeim gjöldum, sem niður eru felld, er um leið velt yfir á aðra gjaldþegna. Ég óska því eftir, að menn leggi þann skilning í þetta ákvæði, sem hæstv. fjmrh. bar fram. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. G.-K. sjái við nánari athugun, að ekki er réttlátt að gera upp á milli verzlana, sem reknar eru af útgerðarmönnum, og annara verzlana.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ástæðan til þess að ég minntist á þetta áðan, var sumpart það, sem hv. frsm. sagði um það, en líka sú, að hv. þm. Borgf. var búinn að minnast á það við mig, að hann vildi fá það skýrt, hvernig bæri að skilja þetta. Ég álít, að allir ættu að geta verið sammála um þann skilning, að þessi heimild nái til allra útsvara útgerðarfyrirtækja, en þó ekki af öðrum rekstri en útgerð, þó að sömu menn hafi hann á hendi. Eins getur þetta atriði komið til greina í sambandi við spurninguna um það, hvað telja beri útgerðarfyrirtæki. En það verður að ákveða í reglugerð. Í frv. mun hafa verið vísað frá till., sem átti að ákveða þetta nánar, vegna þess að talið var, að slíkt ætti heima í reglugerð. En þessu verður að gera skil, ef um er að ræða blönduð fyrirtæki, sem bæði reka útgerð og annað. Þetta getur reynzt nokkuð erfitt, en það verður þó að leggja á vald þeirra aðilja, sem eiga að framkvæma þessi l. Þó sé ég ekki, að þetta ætti að þurfa að valda verulegum árekstri í framkvæmd. Það gæti t. d. komið til greina, að útgerðarfyrirtæki greiddi lægra útsvar af verzlun, ef mikið tap yrði á útgerðinni. Annars held ég ekki, að mikill munur sé á þessu og því, sem hv. þm. G.-K. hugsar sér.

*Sigurður Kristjánsson: Ég held að menn geri of mikið úr þeim ágreiningi, sem hér virðist vera um að ræða, því að sjálf heimildin til að gefa eftir tekjuskatt og útsvör er takmörkuð við það, að verið sé að vinna upp tap, sem orðið hefir eftir 1. jan. 1931, a. m. k. að því er snertir skattinn. Þetta er a. m. k. áreiðanlegt að því er eignarskattinn áhrærir. Ég viðurkenni, að nokkuð er öðru máli að gegna um útsvarið. Ef um sama fyrirtæki er að ræða, yrði auðvitað að taka tillit til þess, ef það tapar á útgerð, þó að það græddi á verzlun. Og eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið held ég, að heimildin myndi verða notuð þannig, að fyrirtækið fengi eftirgjöf að því er útgerðina snertir, en ekki annað. En ég vil ekki vera að leiða hér inn í umr. það, sem í tal hefir borizt milli okkar fjhn.manna, og hefi ég því ekki þessi orð fleiri.

*Garðar Þorsteinsson: Ég held, að menn séu hér að nokkru leyti að deila um keisarans skegg, því að hver sem væri skilningur löggjafans um þetta efni, þá er það alveg á valdi hlutaðeigandi bæjarstj. að ákveða í hvert sinn, hvort eftirgjöf á útsvari skuli aðeins ná til hreinna útgerðarfyrirtækja eða lengra. Og hvað sem ákveðið er í frv. um þetta, getur bæjarstj. farið sínu fram í þessu efni, án tillits til skilnings löggjafans, meðan þetta er aðeins heimild.

Þá tel ég, að síðari hluti gr. mætti gjarnan falla niður, en þar er bannað að leggja á fyrirtækið hærra útsvar en árið 1938. En nú gæti atvinnurekstur fyrirtækisins hafa gerbreytzt frá því ári, þannig, að það gæti verið komið í gróða 1941, sem ef til vill stafaði af öðru en útgerð, þótt tap hefði verið 1938. Væri þá hart fyrir bæjarfélagið að mega ekki taka af því hærra útsvar en 1938. Þessi hluti gr. finnst mér algerlega óþarfur, því að tilætluðum árangri er fyllilega náð með fyrri hl. gr.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta síðara ákvæði gr. er komið inn í frv. í Ed. fyrir tilmæli fjhn. þar. En út af því, sem hv. 8. landsk. sagði, vil ég taka fram, að ég álít ekki, að þessi heimild geti náð til að undanþiggja fyrirtæki útsvarsgreiðslu, ef vegur þess yxi af öðrum ástæðum en útgerð. Ef fyrirtæki eru blönduð, þá tel ég, að þessi hlunnindi geti ekki náð til annars hluta en þess, sem að sjálfri útgerðinni lýtur, því að ella yrði þetta í framkvæmdinni annað en það, sem löggjafinn ætlaðist til.

*Einar Olgeirsson: Fyrst tekið er að ræða þetta mál svo mjög, finnst mér ég verða að leggja nokkur orð í belg.

Það er eftirtektarverð breytingin, sem gerð hefir verið á þessari 1. gr., auðsjáanlega í þeim tilgangi, að efni hennar komi ekki fram eins „brútalt“ og í upphaflega frv. Það er dálítið undarlegt, að samkv. 1. gr. frv. skuli vera leyfilegt fyrir útgerðarfyrirtækin að draga frá skattskyldum tekjum sínum, á næstu 3—4 árum, tap, sem orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931. Það er eftirtektarvert, að ekki skuli að neinu leyti farið aftur í tímann fyrir 1. jan. 1931 og reiknaður út gróði togaranna, þar sem við getum ætlað, að rétt hafi verið af togarafélögunum að leggja þá eitthvað í varasjóð og eiga til vondu áranna. Nú, þegar erfiðir tímar eru framundan, virðist eiga að leyfa þessum togarafélögum að draga frá það tap, sem orðið hefir á síðustu árum, án þess að taka nokkurt tillit til áranna á undan.

Með annari málsgr. 2. gr. er bæjar- og sveitarstj. bannað að leggja hærri útsvör á togarafélög en gert hefir verið nú. Þó að togarafélögunum vegnaði betur á næstunni en verið hefir undanfarið, væri útilokað að hækka á þeim útsvörin. Þetta finnst mér fjarri lagi, og má í því sambandi t. d. minna á Patreksfjörð. Ég álít nóg að heimila bæjarstj. að undanþiggja þessi fyrirtæki útsvari. Vil ég því bera fram brtt. þess efnis, að 2. málsgr. 2. gr. falli niður, og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., þess efnis, að 2. málsgr. 2. gr. falli burt.

Brtt. er of seint fram borin, auk þess sem hún er skrifleg og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 569) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil taka fram, að mér finnst þessi skrifl. brtt. óþörf. Þetta ákvæði 2. gr. er sett hér til þess að tryggja það, að ef einhverjar bæjar- og sveitarstj. vilja ekki undanþiggja útgerðarfyrirtæki útsvari, geti þær ekki hækkað á þeim útsvörin frá því, sem þau voru 1937. En þó að eitthvert fyrirtæki bólgni fyrir verzlun eða annað slíkt, kemur vitanlega ekki til mála, að sá atvinnurekstur sé undanþeginn útsvari. Aftur verður að taka tillit til þess, ef tapið eykst hjá útgerðinni á þessum tíma. Það hefir verið minnzt hér á Patreksfjörð í þessu sambandi. Þar er vel stætt fyrirtæki, Ól. Jóh. & Co. Nú skulum við segja, að það yki stórlega verzlun sína. Sá atvinnurekstur væri alls ekki undanþeginn útsvari. En þótt hreppsnefnd Patreksfjarðar vildi ekki undanþiggja útgerðina útsvari, mætti hún ekki hækka þau frá því, sem er.

*Ólafur Thors: Ég held, að það þýði ekkert að vera að þessu orðatogi fram og aftur. Ég segi eins og þar stendur: bókstafurinn blívur. Það stendur, sem í l. stendur, og verður skýrt af dómstólunum, ef til ágreinings kemur.

Ég vil ekki leyna því, að fjhn. Nd. lagði áherzlu á það, að við ættum ekki að fást um, hvernig þetta tap er til komið hjá fyrirtækjunum, og heldur ekki, hvernig sá gróði yrði til kominn, sem gengi til þess að borga skuldir þeirra. Okkur fannst bezti „mórallinn“ í því fólginn að hvetja skulduga aðilja með löggjöf til þess að hafa sérhvern þann atvinnurekstur, sem þeir telja gróðavænlegan, undir rekstri þess fyrirtækis, sem skuldunum hefir safnað, og sérhvern arð til að létta á skuldunum. Þetta töldum við þá góðu viðskiptaaðferð, sem löggjafinn ætti að ýta undir, og út frá þessu sjónarmiði ber að greiða atkvæði um tillögur okkar, og frv. sjálft.

*Pétur Halldórsson: Má ég spyrjast fyrir um það, hvort orðið „einkafyrirtæki“ í frv. er ekki notað í annari merkingu en venja er til. Einkafyrirtæki er venjulega notað til aðgreiningar frá opinberum fyrirtækjum. Mér skilst, að þarna sé það notað til aðgreiningar frá félögum.

*Forseti (JörB): Með orðinu „einkafyrirtæki“ mun þarna átt við einstaklingsfyrirtæki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 569 felld með 18:2 atkv.
2. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 550 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 534 felld með 22:2 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:2 atkv.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (570, 571).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 571. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Einar Olgeirsson: Ég á eina smábrtt. á þskj. 571, er leggur það til, að bætt sé einum lið við 3. gr. sem verði d-liður og feli það í sér, að það sé eitt af skilyrðum, sem sett séu fyrir þeirri ívilnun, sem gerð er með l., að útgerðarfyrirtæki, sem í hlut eiga, hafi að áliti hæstv. fjmrh. verið gerð út á þessum tíma svo sem frekast var unnt fjárhagslega. Það er kunnugt, að það hefir komið fyrir hér á Íslandi, að þrátt

fyrir það, þótt togarafyrirtæki hér í Reykjavík væri fyrst og fremst rekið með almenningsfé og á ábyrgð ríkisbankanna, þá hefir í raun og veru rekstur þeirra verið stöðvaður meira og minna að þarflausu, til þess þókstaflega að hafa með þessu pólitísk áhrif. Ég álít, að það sé náttúrlega farið allt of langt, ef hv. Alþingi fer að sýna togaraeigendum það mikla tilhliðrunarsemi að gera þá skattfrjálsa, og sé ekki einu sinni trygging fyrir því, að þeir láti sína togara ganga, til þess að af því sé sem mest atvinna, þannig, að álit ráðh. sé, að þeir hafi látið togarana ganga þegar þótti fært fjárhagslega. Það er gersamlega ófært og algert hneyksli, ef slíkt gæti komið fyrir, að einstakir togaraeigendur legðu upp togurum sínum eftir að hafa haft mjög stutta vertíð, en séu algerlega skattfrjálsir eftir sem áður. Ef á að sýna togarafélögunum þá tilhliðrunarsemi og gefa þeim svona sérréttindi, þá má ekki minna vera en ríkisstjórnin geti haft þann ihlutunarrétt, að öruggt sé, að þau ekki beinlínis reyni að vinna skemmdarverk íslenzkum atvinnuvegi, með því að leggja óþarflega snemma togurunum og hafa vertíðina sem allra skemmsta. Það nær ekki nokkurri átt. Ég vona þess vegna að hv. þm. geti orðið sammála um að samþ. þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 571 felld með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HV, ÍslH, SvbH.

nei: TT, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JakM, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StgrSt, JörB.

BÁ greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁÁ, GÞ, GG, HG, JPálm, StSt) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 21:2 atkv. og endursent Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. eftir 3. umr. í Nd.

Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Sú breyt., sem orðið hefir á þessu máli í Nd., er aðeins fólgin í því, að það hafa verið gerð nokkuð fyllri ákvæði 3. gr., sem áttu að fyrirbyggja, að arði yrði úthlutað til eigenda fyrirtækjanna. Að vísu var það nokkuð einróma álit manna eins og fjhn. þessarar d., að í raun og veru væri nægileg heimild fyrir fjmrh. í 4. gr. til að setja fullnægjandi reglur, sem fyrirbyggðu þetta, en það mun þó hafa verið að hans ósk, að ég hygg, að beinlínis væri tekið fram í l., að þessi reglugerð styðjist við ákvæði l. sjálfra um þetta. Hér er í raun og veru ekki um neina breyt. að ræða, því að frv. var afgr. héðan með þeim tilgangi, sem Nd. virðist vilja ná með þessari breyt. N. hefir ekki haldið fund um málið, en ég hygg þó, að hún muni mæla með frv. eins og það liggur fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég mun ekki tefja málið með langri ræðu, en ég vil láta í ljós gleði mína yfir, að málið hefir þó enn fengið svolitla lagfæringu og kemur hingað í dálítið betri búningi en það hafði, þegar það fór héðan.

Þegar litið er á það annarsvegar, hvað seint þetta mál kom fram á þinginu og kemur frá þeim mönnum, sem hafa haft þau orð í útvarpi og blöðum, að þetta þing hafi ekkert haft að gera, en allan þann tíma, sem þessir hv. herrar, flm. frv., hafa setið á þingi, frá því að það var sett og til þessa tíma, hafa þeir þó samt verið að semja þessar 4 gr., en þann stutta tíma, sem málið hefir verið í þinginu, hefir þó náðst sú réttarbót, að í fyrsta lagi er horfið frá því að láta útgerðarfyrirtæki, sem reka togara, vera útsvarsfrjáls — það er nú heimild —, og í öðru lagi hefir það á unnizt, að setja undir þann leka, sem hv. flm. sýnilega ætluðu sér að hafa í frv., að eigendur þessara fyrirtækja gætu skotið arðinum undan, ef hann yrði einhver, — þegar ég lít á þetta tvennt, sem hefir á unnizt, þá er ég ekki í vafa um það, að orsakirnar til þess, að þessir hv. flm. koma svona seint með þetta frv. sitt, eru þær, að þeir hafa ekki þorað að hafa það svo lengi í þinginu, að tími væri til að átta sig á því og laga það.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Af því að maður vill helzt, að allir séu glaðir yfir afgreiðslu hvers máls, þá ann ég þessum hv. þm. vel að setja úr sér þessa stroku til þess að svala sér á þessu frv., sem nú er verið að samþ., þó að hann hafi reynt að spilla því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 591).

---

55. Bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjörð.

Á 48. fundi í Ed., 13. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað (þmfrv., A. 252).

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Frv. þetta er nátengt því, sem rætt var hér næst á undan, og ef það frv. nær samþykki, vonast bæjarstj. Hafnarfjarðar til, að þetta verði líka að l. Bæjarstj. Hafnarfj. er meðmælt efni þess frv., sem lá hér fyrir næst á undan, að leysa togarana undan útsvarsgreiðslu til bæjarins. En þó getur bærinn ekki misst þessar tekjur, án þess að fá eitthvað í staðinn, og því er bæjarstj. þess hvetjandi, að sú leið sé farin, sem bent er á í frv. mínu.

Bæjarstj. Hafnarfjarðar hafði orðið að leggja svo mikið á hin gjaldvana eða gjaldþrota togarafyrirtæki, að það nam um ¼ af því, sem notað var í bænum, og þó að vanhöld hafi orðið á um innheimtuna, hafa þó um ¾ hlutar þessa fjár komið í bæjarsjóð. Og þó að slík fjárhæð, ef út er strikuð, muni ekki Reykjavíkurbæ miklu, þá munar um hana fyrir Hafnarfjörð. Auk þess er bæjarstj. Hafnarfjarðar fýsandi þess af þeirri ástæðu, að mikið ósamræmi hefir verið milli útsvarsgreiðslu togara í Reykjavík og Hafnarfirði. Hefir jafnvel verið erfitt að fá togara til að halda kyrru fyrir í Hafnarfirði, þar sem þeim hafa boðizt betri skilyrði annarsstaðar. En eins og hv. þm. er kunnugt, byggist afkoma Hafnarfjarðar algerlega á útgerðinni.

Til þess nú að fá tekjur í staðinn fyrir það, sem hyrfi á þennan hátt, ákvað bæjarstj., eftir ýtarlega athugun, að fara þá leið, sem bent er á í frv. mínu.

Það er auðvitað, að þegar nýr skattur, eins og þessi, er lagður á nokkurn hluta manna, þá má búast við talsverðri óánægju meðal þeirra. En þessu til réttlætingar bendir bæjarstj. Hafnarfjarðar á, að af þeim ferðum, sem farnar eru milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, er mikill hluti lúxusferðir. Fólk fer yfirleitt skemmtiferðir milli bæjanna, og er það réttlætanlegt að leggja þennan skatt á, þar sem þessar ferðir eru að miklu leyti ónauðsynlegar.

Eins má geta þess, að viðhorf manna í Hafnarfirði til þessa máls er misjafnt. Þess vegna eru margir Hafnfirðingar því meðmæltir, að þessi skattur verði lagður á, ef það yrði að einhverju leyti til að hlúa að aukinni verzlun innan bæjarins. Sá skattauki, sem þarna er farið fram á, mun láta nærri, að sé svipuð upphæð og útsvörin, sem lögð hafa verið undanfarið á togarana í Hafnarfirði, ef engin vanhöld hefðu orðið á þeim greiðslum. Af þessum greiðslum verða engin vanhöld, þær koma fyrir greidda farseðla. Nú má búast við, að ferðirnar minnki milli Hafnarfj. og Reykv., og svo er langt liðið fram á yfirstandandi ár, sem ætlazt er til, að þessi tekjuöflun nái til, ef frv. verður að l., að þess vegna er varla hægt að búast við, að þessar tekjur vegi upp á móti þeim útsvarsálögum, sem annars verða lagðar á togarana í ár, þótt farið sé fram á 50% af fargjöldum milli bæjanna.

Það hefir verið minnzt á það, og má vera, að það verði til umr. í þeirri hv. n., sem málið fer til, að ekki sé réttlætanlegt að leggja skattinn á þá, sem fara ekki alla leið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, t. d. í Kópavog eða Vífilstaði. Þá ætti að hafa sama fargjald og nú er til þessara staða, en hækka aðeins gjöld fyrir ferðir beina leið til Hafnarfjarðar. Þessa vildi ég geta vegna radda, sem fram hafa komið í þessa átt, en því er til að svara, að ef fargjöldin verða ekki hækkuð alstaðar á leiðinni, þá mundi þetta misnotað. Menn myndu þá spara sér með því að ganga nokkurn hluta leiðarinnar en bærinn myndi missa tekjurnar af fargjaldinu. Vegna þessa hefir það beinlínis verið tekið fram í frv., að þessi skattur væri lagður á alla, sem ferðuðust á þessari leið, hvar sem þeir færu úr bílnum.

Að lokum vil ég geta þess, þótt ég hafi þegar minnzt á það í þessari framsöguræðu minni, að yfirleitt eru það Hafnfirðingar, sem ferðast þarna á milli. Fyrir nokkru síðan hefir verið talið, hvernig hlutföllin mundu vera milli Hafnfirðinga og annara utanbæjarmanna á þessari leið, og það kom í ljós, að 4 af hverjum 5 mundu vera Hafnfirðingar. Þess vegna kemur skatturinn eingöngu niður á Hafnfirðingum og þeim Reykvíkingum, sem fara til Hafnarfjarðar til að skemmta sér, því að yfirleitt munu Reykvíkingar ekki sækja mikið annað til Hafnarfjarðar en skemmtanir, eða þá að þeir fara þangað til innheimtu, og af því hvorutveggja gætu þeir vel borgað skatt.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég veit, að öllum hv. þdm. er ljóst, að þetta frv. verður að fylgja frv. því, er síðast var til umr. hér á undan, og vil ég mælast til, að því verði vísað til sömu n., að lokinni þessari umr., og vona, að það njóti sömu velvildar og ég vona, að fram komi í hv. n. gagnvart hinu frv. Eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði í framsögu sinni um það frv., eru þetta mál, sem nauðsynlega þurfa að afgreiðast á þessu þingi. Það hefir sýnt sig, að útgerðin hefir ekki getað borið álagða skatta undanfarin ár, og eftir því, sem útlitið er með árið í ár, eru ennþá minni líkur til, að svo verði nú.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mér þykir vænt um þetta litla ljóta frv., af því að aldrei hefir betur sézt stefna sjálfstæðismanna í skattamálum en í þessu frv. Hafnarfjörður er bær, sem leggur um ⅓ minna útsvar á alla þá, sem hafa miklar tekjur, en Reykjavík gerir. Hv. þm. Hafnf. myndi t. d. verða að greiða ⅓ hærra útsvar væri hann búsettur í Reykjavík en hann greiðir í Hafnarfirði. Þessir menn sjá engin ráð til að leggja hærra á hátekjumennina og ná tekjum þannig, en þeir vilja fá leyfi Alþingis til þess að geta lagt skatt á alla, sem ferðast á milli bæjanna. Þetta sýnir svo ljóst stefnu sjálfstæðismannanna í skattamálum, að ég sé ástæðu til að fagna því, hve skýrt og grímulaust hún kemur fram í þessu frv.

***Flm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning, sem ríkir hjá hv. 1. þm. N.-M. í þessu máli. Ég skil ekki, hvaðan hann fær þessa stefnu Sjálfstfl., sem þetta frv. á að bera með sér. Þetta frv. ber ég fram sem þm. Hafnf. að tilhlutun meiri hl. bæjarstj. þar, og sama var að segja um frv. það, er síðast var til umr.; það er einnig borið fram að tilhlutun bæjarstj. Hafnarfjarðar. Meiri hl. hennar er skipaður jafnaðarmönnum og sama er að segja um meiri hl. niðurjöfnunarn. Ég kem aðeins fram sem fulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar og flyt þau mál, sem bæjarstj. hefir falið mér. Meiri hl. þeirra, sem leggja á útsvör í Hafnarfirði, eru jafnaðarmenn, og ef útsvarsstiginn er vitlaus, þá er það þeirra verk. Aftur á móti eru það sjálfstæðismenn, sem eru í meiri hl. í niðurjöfnunarn. Reykjavíkur. Því er þetta allt misskilningur hjá hv. 1. þm. N.-M. Í Reykjavík ráða sjálfstæðismenn í skattamálum, en í Hafnarfirði

ráða jafnaðarmenn þeim, og því er það þeirra stefna, sem kemur fram í þessu frv.

Bernharð Stefánsson: Hvort sem það er stefna sjálfstæðismanna eða jafnaðarmanna, sem kemur fram í þessu frv., þá álít ég, að það eigi að fara til annarar n. en stungið var upp á. Þetta mál snertir eingöngu bæjargjöld í Hafnarfirði, og slíkum málum er venjulega vísað til allshn., og vil ég gera það að till. minni. Um það, að frv. er sameiginlegt mál Sjálfstfl. og Alþfl., mætti sitt hvað segja, ekki sízt þar sem það er viðurkennt af flm. sjálfum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:3 atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 252, n. 443).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fjhn. hefir athugað þetta mál í sambandi við frv. það, sem hér hefir legið fyrir um skattaívilnanir við togarafélögin. Eins og rætt var um af flm. þess máls, standa þessi tvö frv. í beinu sambandi hvort við annað. Hafnfirðingar sjá ekki neina aðra leið út úr þeim erfiðleikum, sem nú steðja að, en að bæjarfélaginu sé bætt upp sú tekjurýrnun, sem orsakast af því, að þeir leggja ekki lengur útsvör á togarana. Þess vegna er borið fram frv. þess efnis, að skattleggja þá, sem fara milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. N. var að vísu ekki alveg sammála um það, hvort þetta væri heppileg tekjuöflun fyrir bæinn, en hún hefir litið á málið í sambandi við bráðabirgðaaðgerðir fyrir togaraútgerðina, og álítur, að hér sé um handhæga aðferð að ræða til þess að ná í fé um stundarsakir. Ég mælist til þess, að þetta frv. verði samþ. N. gerir eina litla brtt. á þskj. 443, að í 3. gr. komi í stað orðanna „á þessari leið“: þessa leið. Það má skilja 3. gr. eins og hún er óbreytt á þá leið, að þessi skattaviðauki í fargjaldinu verði innheimtur af öllum farþegum, sem fara milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en það er öllum ljóst, að þótt þingið vildi sýna Hafnfirðingum þá rausn, að leyfa þeim að skattleggja menn, sem fara milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar nær það engri átt að skattleggja þá, sem fara styttra. Mörg hundruð manna búa í Fossvogi og Kópavogi og nota daglega Hafnarfjarðarveginn til þess að aka til og frá heimilum sínum. Það getur ekki verið tilgangurinn með þessu frv., að ætla að skattleggja þessa sumarbýlagesti úr Reykjavík fyrir bæjarsjóð Hafnarfjarðar. Þess vegna ber n. fram þá brtt. við frv., að skatturinn komi aðeins á þá menn, sem fara þessa leið milli lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. Hin eina mótbára, sem komið gæti fram móti þessu frv., er sú, að einhverjir kynnu að vera svo niskir á peningana, að þeir færu úr vögnunum nokkru áður en þeir koma til Hafnarfjarðar og færu fótgangandi, það sem eftir væri af leiðinni. En ég held, að það sé heldur ólíklegt, að slíkt komi fyrir, a. m. k. yrði það aldrei nema fyrst í stað, meðan menn muna eftir þessu 25 aura viðaukagjaldi. A. m. k. væri það lítil átthagaást hjá Hafnfirðingum að gera sig seka í slíku, þar sem það er þeirra bæjarfélag, sem verður að ná sínum tekjum inn með einskonar gjöldum eða útsvörum af þeim sjálfum. Ég geri ekkert úr því, að menn fari úr vögnunum, áður en komið er til Hafnarfjarðar, því að þeir yrðu um það bil eins lengi að ganga vegarspottann, sem eftir er, eins og að aka í bíl alla leiðina, og slíkt munu fáir gera. Að vísu er sagt, að til séu menn, sem telja eldspítur í hverjum stokk, áður en þeir kaupa hann, en slíkt er hrein undantekning. Ég hygg, að það þurfi ekki að óttast neinar alvarlegar afleiðingar af þessu fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

En það er óhugsandi, að menn gangi inn á að skattleggja í bæjarsjóð Hafnarfjarðar fé, sem alls ekki kemur Hafnarfirði við. Fjhn. var sammála um að mæla með því, að þetta frv. yrði að l. með þeirri breyt., sem ég gat um áðan. Vonandi er, að d. samþ. frv. þannig og greiði fyrir því, að það nái fram að ganga sem fyrst.

Erlendur Þorsteinsson: Ég hefi skrifað undir þetta nál. án fyrirvara, en ég vildi þó taka það fram, að ég er alveg mótfallinn þeirri aðferð til að afla tekna fyrir bæjarsjóð Hafnarfjarðar, sem hér er farið fram á. Hinsvegar kemur fram í grg., sem fylgir frv. á þskj. 102, að þetta frv. sé borið fram vegna ívilnunar skatta á togaraútgerðinni. Bæjarsjóður þarf að fá einhverjar tekjur í þess stað. Forráðamenn bæjarins hafa athugað þetta og ekki séð aðra leið heppilegri. En ekki vil ég greiða þessu frv. atkv. Ég vildi taka þetta fram sem skýringu á afstöðu minni, þó að ég hafi skrifað undir nál.

Páll Zóphóníasson: Ég var alveg mótfallinn þessu frv. áður, og ég er það enn. Ég ætla að taka samanburð á álagningu útsvara í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði, svo að menn sjái, hvort Hafnfirðingum muni lífsnauðsyn að létta á útsvörum hátekjumannanna, með umferðaskatti, er renni í bæjarsjóð. Ef einhleypur maður hefir 2000 kr. nettóárstekjur, fær hann 70 kr. útsvar í Vestmannaeyjum, en 65 í Hafnarfirði. Ef hann hefir 3000 kr. árstekjur, fær hann 190 kr. útsvar í Vestmannaeyjum, en 110 kr. í Hafnarfirði. Ef hann hefir 4000 kr. árstekjur, fær hann 380 kr. útsvar í Vestmannaeyjum, en 200 kr. í Hafnarfirði. Ef hann hefir 5000 kr. árstekjur, fær hann 610 kr. útsvar í Vestmannaeyjum, en 325 kr. í Hafnarfirði. Ef hann hefir 7000 kr. árstekjur, fær hann 1190 kr. útsvar í Vestmannaeyjum, en 635 kr. í Hafnarfirði. En þrátt fyrir þetta segja Hafnfirðingar, að útsvörin séu hæst hjá sér og þeir geti ekki lagt meiri útsvör á gjaldþegnana og þess vegna verði að skattleggja þá, sem fara milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar til þess að ná tekjum inn í bæjarsjóð. Ef við tökum Siglufjörð til samanburðar, sem hv. 11. landsk. er frá, þótt hann sé ekki þm. fyrir þann kaupstað sérstaklega, þá eru útsvörin þar svo miklu hærri en í Hafnarfirði,

að ef einhleypur maður hefir þar 4000 kr. hreinar árstekjur fær hann yfir 1000 kr. útsvar á Siglufirði, en 200 kr. í Hafnarfirði. Það er því fjarri lagi, að halda því fram, að þessa sé sérstaklega þörf í Hafnarfirði, hið gagnstæða mætti segja, því að í engum kaupstað eru útsvörin tiltölulega eins lág eins og þar. Þess vegna er ástæðulaust að fara að skattleggja mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur til þess að útvega bæjarsjóði Hafnarfjarðar tekjur. Eins og hér er sýnt að framan, þarf að hækka útsvörin í Hafnarfirði mikið, til þess að þau komist í námunda við það, sem þau eru í Vestmannaeyjum og á Siglufirði, og þau þurfa að hækka dálitið til að komast til jafns við það, sem þau eru í Reykjavík, en þar eru þau hlutfallslega næstlægst af kaupstöðum landsins. Ég tel því bæði þarfleysu og rangt að samþ. frv. Raunar er því svo farið, að þeir menn, sem þarna eiga hlut að máli, telja, að útsvör sín séu há, en meðan þau eru ekki nema brot af því, sem þau eru í ýmsum öðrum kaupstöðum landsins, tel ég þá ekki verða illa úti, þótt þeir fái ekki að velta útsvörunum af breiðu bökunum og yfir á þá, er ferðast milli bæjanna. Ég tel enga þörf á því að lögleiða slíkt, það er rangt og stórhættulegt. Ef bæjarsjóð Hafnarfjarðar langar til að ná í meira fé en hann getur fengið af rekstri bæjarútgerðarinnar, fyndist mér ráðlegt fyrir hann að taka flutningana í sínar hendur, þá getur bæjarsjóðurinn náð í þann tekjuafgang, sem af þeim rekstri kann að verða. Slíkt væri ekki nema spor áfram í þeirri starfsemi, sem þar hefir verið rekin, sbr. bæjarútgerðina. Mér fyndist geta komið til mála, að Alþ. hlutist til um það að fá þeirri n., sem sér um fólksflutningana, heimild til að ákveða, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar fengi leyfi til að reka bíla þá, sem annast flutninga milli bæjanna án þess að fargjöldin þurfi að hækka. En það er ósanngjarnt að láta þann kaupstað, sem hefir tiltölulega lægst útsvör, fá þau sérréttindi, að skattleggja hvern mann, sem til bæjarins kemur eða frá honum fer. Ég mun greiða atkv. móti þessu frv. og móti þeirri stefnu, sem þar kemur fram. Ég skil ekki þá þm., sem telja sig vera á móti þessari stefnu, en ætla þó að fylgja frv. Ég veit ekki, hvaða stefna það er að vera á móti því að skattleggja mannflutninga, en ætla að fylgja þessu frv. Ég vildi fá útskýringu á hinu tvöfalda sálarlífi þeirra, sem geta greitt þannig atkv. Ég vildi, að þeir lýstu því yfir, hvað þeim gengur til slíks. Það er eitthvert nýtt viðhorf, sem ég skil ekki, en vildi gjarnan skilja.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég vil þakka fjhn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli, enda þótt ég hefði heldur kosið, að það hefði verið samþ. óbreytt eins og það hefir verið borið fram. En ég vildi ekki gera að kappsmáli, að því væri aftur breytt í þá mynd, sem það upphaflega var. Það má þó segja, að það getur eitthvað verið til í því, sem frsm. þessa máls minntist á, að menn notuðu sér það, að fara úr vögnunum, áður en komið væri alla leið til Hafnarfjarðar, t. d. við vegamótin, þar sem Hafnarfjarðar- og Álftanesvegurinn mætast. En mér heyrðist á honum, að þeir, sem notuðu sér slíkt, gætu aðeins verið þeir, sem ekki væru Hafnfirðingar, og hann hlyti því að telja þá eitthvað betri en aðra menn. En ég held nú ekki, að það sé rétt. Ég held, að það myndu ekkert frekar verða hinir, sem fyndist þessi skattur koma hart niður. Annars held ég, að flestir sætti sig við þetta. Hefði þessu frv. verið breytt þannig, að þeir, sem fara úr bílnum við Vífilsstaðaveg, skyldu vera undanþegnir þessum skatti, þá hefði ég frekar getað sætt mig við það.

En viðvíkjandi ummælum hv. 1. þm. N.-M. vil ég segja það, að útsvarsálagningin er komin á heilann í honum, svo að til vandræða horfir, og þá kemur upp í mér læknirinn, og þegar slíkt kemur fyrir, verða menn að varast allan æsing, og þeir þurfa að fá sem mesta ró. Þess vegna ætla ég ekki að svara honum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 443 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 491, 495).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fjhn. ber fram eina brtt. við þetta frv., og er hún afleiðing af þeirri brtt. hennar við frv., sem hér var til umr. næst á undan. Ef svo verður breytt til, að undanþágan frá útsvarsgreiðslu verði aðeins heimild, þá er engan veginn víst, að hún verði notuð, og næði þá ekki nokkurri átt, að Hafnarfjörður hefði þennan nýja tekjustofn, sem hér er um að ræða, enda þótt hann notaði sér ekki heimildina. Með þessu frv. er einmitt mælt sem tekjustofni til að bæta upp tekjumissi vegna eftirgefinna útsvara. N. ber fram till. um, að þessu verði breytt þannig, að þessi heimild til Hafnarfjarðarkaupstaðar gildi aðeins á meðan heimildin um niðurfelling útsvaranna er notuð.

***Brynjólfur Bjarnason:** Þegar þetta frv. var til 1. umr., tók ég málið ekki mjög alvarlega, fremur en hitt frv., sem fram var borið samtímis þessu frv. og raunar í sambandi við það, um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botvörpuskipa. Og þegar málið var til 2. umr., hafði ég ekki tækifæri til að vera viðstaddur umr. Þó vildi ég ekki láta frv. fara út úr hv. d., án þess að mótmæla því. Hér er um að ræða till. um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað til að afla sér tekna á alveg ákveðinn hátt, í stað tekjumissis, sem kynni að verða fyrir hann af því að undanskilja útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa skyldu til útsvarsgreiðslu í 5 ár. Ég hefi áður lýst afstöðu minni til þess frv., svo að það segir sig sjálft, hvernig mín afstaða muni vera til annars frv., sem fram er borið til að bæta upp fyrrnefndan tekjumissi, þannig að Hafnar-

fjarðarkaupstaður fái leyfi til að leggja tilfinnanlegan skatt á vegfarendur, sem þurfa að fara um Hafnarfjarðarveginn í nauðsynlegum erindum.

Hér er um það að ræða að gera þessi útgerðarfyrirtæki skattfrjáls að mestu leyti í 5 ár og í rauninni alveg án tillits þess, hvernig afkoma þeirra kann að verða á þessu 5 ára tímabili. Það kann að vera, að ef þessi uppgjöf verður framkvæmd, þá sé nauðsynlegt fyrir Hafnarfjörð að leita eftir nýjum tekjustofnum, öðrum en útsvörunum, til þess að geta staðið straum af rekstri bæjarfélagsins. En sé þetta rétt, að því er Hafnarfjörð snertir, þá gildir það vafalaust engu síður um önnur bæjar- og sveitarfélög. Og ég tel Hafnarfirði ekki meiri nauðsyn á slíkum ráðstöfunum en þeim. Enda hefir það verið upplýst hér, að í Hafnarfirði eru útsvörin á þeim efnaðri, samkvæmt skattstiga þeim, sem þar er notaður, tiltölulega miklu lægri en t. d. hér í Reykjavík. Hér er því ekki um að ræða annað en það, að verið er að skattleggja nauðsynjar almennings til að hlífa þeim, sem efnaðri eru. Þetta er náttúrlega það, sem verið hefir stefna hv. Alþingis undanfarin ár. Ekki nóg með það, að lagðir hafa verið nýir og nýir milljónatollar á nauðsynjavörur manna, án þess að beinn skattur hafi hækkað samtímis, heldur hafa með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið upp á síðkastið, verið lagðir á neyzluskattar í þeim tilgangi að lækka beinu skattana. Í þessa átt stefnir frv. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Í sömu átt fer frv. það, sem borið er hér fram af hv. þm. Vestm., um vörugjald í Vestmannaeyjum. Og í þá hina sömu átt stefnir þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Nú er enginn vafi á því, að nauðsyn ber til að afla bæjar- og sveitarfélögum tekna. Við kommúnistar höfum áður borið fram hér á þingi frv. um að bæta úr þessari nauðsyn, án þess að farið yrði að leggja auknar álögur á hin breiðu bök almennings með því að hækka þá óbeinu skatta, sem fyrir eru, eða taka upp aðra nýja. Frv. okkar gekk út á að heimila bæjarfélögunum að taka að sér rekstur kvikmyndahúsanna og upp- og útskipun vara, sem hefði getað orðið drjúgur tekjustofn fyrir ýms bæjarfélög. Þessar till. okkar hafa ekki verið teknar til greina.

Að því er Hafnarfjörð snertir, er það rétt, að mikill hluti þeirra vara, sem seldar eru í Hafnarfirði, ganga gegnum Reykjavík. Á þennan hátt hefir Reykjavík ekki alllitlar tekjur af vörum, sem í Hafnarfirði eru seldar. Væri því hv. fulltrúa Hafnarfjarðar nær að heimta nokkuð af þessum tekjum Reykjavíkurbæjar, áður en hann ryki í að flytja svona till. Væri ekki nema rétt, að Hafnarfjörður fengi nokkuð af þeim tekjum, sem á þennan hátt renna til Reykjavíkur.

Ég man, að þegar fyrrnefnt frv. hv. þm. Vestm. var hér til umr., þá mælti fulltrúi Alþfl. hér í hv. d. eindregið á móti því og færði rök gegn slíkum aðgerðum, sem fólgnar væru í auknum skattaálögum á almenning. Hér er í raun og veru um alveg hliðstætt mál að ræða. Þar af leiðir, að rök þau, sem hv. 11. landsk. færði fram gegn fyrrnefndu frv., eiga líka við um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 495 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, ErlÞ, GL, JJós, MJ, PHerm, EÁrna.

nei: BrB, PZ.

HermJ, IngP greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 516).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Það er í rauninni ekki annað en önnur hliðin á sama teningnum, sem hér er um að ræða. Ég býst við, að þetta sé með undarlegustu frv., sem lögð hafa verið fyrir þingið.

Eins og kunnugt er, munu þó nokkur af útgerðarfyrirtækjunum í Hafnarfirði hafa greitt útsvar til bæjarins á undanförnum árum, og ég býst við, að í Hafnarfirði séu ef til vill þau togarafélög, sem að mörgu leyti hafa borið sig einna bezt undanfarin ár. Nú er meiningin að undanþiggja líka þau, sem sæmilega hafa borið sig, ekki aðeins sköttum, heldur og líka útsvari í Hafnarfirði. Það þýðir, að bezt stæðu togarafélögunum, sem þarna eiga hlut að máli, á að hlífa við skattaálagningu. Nú er farið að leita fyrir sér um að taka þennan skatt annarsstaðar og ná þannig þeim tekjum, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar missir. Og þessir vísu feður í Hafnarfirði komast að þeirri niðurstöðu, að það sé betra að leggja sérstakan skatt á alla þá, sem fara milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, með því að hækka um 50% gjaldið, sem menn greiða fyrir þessar ferðir, 25 aura í hvert skipti á hvern mann í strætisvagni; því að ekki er verið að leggja á þá, sem ferðast í sínum „lúxusbílum", einkabílum. Ég verð að segja, að þetta frv. minnir mig á ýmislegt, sem gerðist í Evrópu á miðöldum, þegar ýmsir smáfurstar, hver í sínu smáfurstadæmi, höfðu sett girðingu þvert yfir vegi og hlið, til þess að taka toll af hverjum vegfaranda,og menn urðu einnig að borga toll af öllum vörum, alls fleiri hundruð skipti, yfir Frakkland og Þýzkaland. Ég sé ekki annað, ef á að framkvæma þetta, heldur en hver einasti bær á landinu og hver hreppur hafi ástæðu til að undanþiggja aðilja útsvari, og leggja svo skatt á alla mannflutninga. Og þegar þeir eru aðeins undanþegnir, sem í lúxusbílum eru, þá er ekki langt þangað til verður farið að skattleggja gangandi menn, ég tala nú ekki um þá, sem eru ríðandi. Þetta er afareinkennileg leið, sem hér er farið inn á. Ég skal ekki segja hneykslanleg, því að með því er lítið sagt, það er svo margt hneykslanlegt, sem gert er á hinu háa Alþingi nú. En það er svo hlægilegt, til að gera þingið að almennu athlægi, að samþ. slíka

leið, sem stungið er upp á í frv., að undanþiggja þá, sem standa að ýmsu leyti þó tiltölulega betur, og taka svo í staðinn tekjur með sérstökum nefskatti af þeim, sem ferðast milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. En mikið af þessum mönnum eru þeir, sem t. d. sækja atvinnu til hins staðarins, og líka margt skólafólk. Þetta er því beinlínis nefskattur á alþýðu manna. Ég álít þess vegna þetta frv. vera það versta hneykslisfrv., sem fyrir þetta þing hefir komið.

Vildi ég mælast til þess, þegar málið fer í n., að hún reyni einhvernveginn að bjarga þinginu frá þeirri skömm, að samþ. annað eins frv. og þetta. Við kommúnistar höfum tekið í Ed. og munum hér taka afstöðu móti því. Og við viljum alvarlega mælast til þess við hv. þm., að þeir athugi málið mjög vel áður en þeir láta hafa sig út í að samþ. annað eins og þetta.

***Bergur Jónsson:** Ég skal ekki fara langt út í þetta mál að þessu sinni. Það er talsverð ástæða til að hlífa útgerðinni sjálfri við útsvari eins og nú stendur. Og ef Hafnarfjarðarbær ætlar að fara inn á þá braut, þá er vitanlega óhjákvæmilegt, þar sem fjárhagur bæjarins er ekki góður, að fá einhverja sérstaka greiðslustofnun í staðinn. Ég vil ekki taka undir það með hv. 5. þm. Reykv., að þetta sé neitt hlægilegt, að leggja hér nú aukaútsvar á fargjöld. Mér finnst miklu frekar hægt að segja, að hér sé að mörgu leyti um rangláta leið að ræða. Það eru vitanlega ýmsir þeirra, sem fara á milli þessara bæja, sem munu vel geta borgað nokkuð hærra gjald en nú er, en fjöldinn af því fólki, sem fer á milli, er sumpart skólafólk, sem engar tekjur hefir, og fólk, sem stundar atvinnu í Reykjavík og nú samkvæmt lögum mun verða látið greiða útsvar áfram, en mundi á þennan hátt fá aukaútsvar í gegnum þessa álagningu, sem sett yrði á fargjöldin. Ég vil segja það, að ef ég samþ. þetta frv., sem ég hefi ekki ennþá gert fullkomlega upp við mig, þá vil ég a. m. k. geta gengið út frá því, að bæjarstjórnin veiti einhver hlunnindi þeim mönnum, sem vegna atvinnu sinnar eða náms eða annara orsaka verða að greiða þetta gjald daglega, kannske meiri hl. ársins eða allan ársins hring. Það er vitanlega rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. tók fram, að það nær engri átt að velta útsvarsþunganum af fyrirtækjum, sem hafa borið sig vel, eins og sum af útgerðarfyrirtækjunum í Hafnarfirði, og á nokkurn hluta af bæjarbúum, og þá kannske á suma af þeim fátækustu, sem þarna eiga hlut að máli. Ég vil skjóta þessum aths. til fjhn., sem ég býst við, að fái málið til athugunar.

Einar Olgeirsson: Mér þykir vænt um að heyra það, sem hv. þm. Barð. sagði viðvíkjandi þessu máli. Það gefur mér nokkrar vonir um, að hugsanlegt væri að fá einhverju breytt hér í d. Ég vil í þessu sambandi minnast á, hvaða tekna Hafnarfjarðarkaupstaður gæti reynt að afla sér, svo framarlega að Alþingi áliti, að rétt sé að neita honum að einhverju leyti um það, sem er stungið upp á; það eru eftirfrandi spursmál: Fyrst er kvikmyndareksturinn. Ég held, að núverandi kvikmyndahús í Hafnarfirði sé einstaklingseign, og gæti það aflað kaupstaðnum álitlegra tekna, ef bærinn tæki að sér reksturinn. Þá eru það kolaverzlanirnar. Ég þori ekki að fullyrða að þær séu ekki reknar af bænum, en ef svo er ekki, er það mál, sem rétt væri fyrir bæinn að athuga. En svo er sérstaklega eitt, sem ég vildi leyfa mér að vekja athygli þm á, og það er með útsvörin í Hafnarfirði. Eftir því sem ég veit bezt, og eftir því sem upplýstist í Ed., þá er útsvarsstiginn í Hafnarfirði þannig nú, að hann er hærri en í Reykjavík, á meðan um er að ræða tekjur neðan við 2 þús. kr. á skattstiga. En þegar kemur yfir 2 þús. kr., mun hann vera lægri en í Reykjavík. Það þýðir með öðrum orðum, að útsvarsálagning í Hafnarfirði kemur þyngra niður á lágtekjumönnum, en léttara niður á hátekjumönnum. Ég held, að m. a. hafi það verið upplýst í Ed. af hv. þm. Hafnf., að hann myndi, ef hann væri læknir hér í Reykjavík með sömu tekjum, verða að greiða allmiklu hærra útsvar en í Hafnarfirði. Nú verð ég að segja, að þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðar fer fram á það við Alþingi, að leyfður verði sérstakur nefskattur á mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þá finnst mér hitt beri að athuga, að láta leggja a. m. k. álíka hátt útsvar í Hafnarfirði og í Reykjavík á þá, sem hafa skattskyldar tekjur yfir 2 þús. kr. Ég álít þess vegna eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar í þessu máli, að það sé mjög margt, sem hægt væri að athuga, áður en sú leið yrði farin, að samþ. þetta frv. Ég vil eindregið óska, og hefi líka von um, að það verði gert, eftir ræðu hv. þm. Barð., að athugaðar verði mjög gaumgæfilega aðrar leiðir til að afla Hafnarfirði tekna heldur en sú, sem stungið er upp á í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 549).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útþýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Frsm. (Ólafur Thors):** Fjhn. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. Öllum nm. er ljóst, að það er út af fyrir sig ekki æskilegt að þurfa að grípa til þessara úrræða til að afla bæjarsjóði Hafnarfjarðar tekna. Hinsvegar verður ekki hjá því komizt, að hann fái nýjan tekjustofn, ef hann á að missa af útsvörum útgerðarfyrirtækjanna, sem þaðan eru rekin. En svo er komið, eins og á allra vitorði er, að bæjarstj. telur sig tilneydda að veita útgerðinni þá tilslökun, vegna þess, hvað illa hún er stödd. Sem sagt, þó að fjhn. sé ekki með öllu ánægð með þennan nýja skattstofn, sér hún sér ekki annað fært en leggja til, að frv. verði samþ.

Í nál. segir, að n. muni e. t. v. bera fram brtt. við 3. umr. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að n. muni ekki gera það, eftir að hafa talað við hv. þm. Hafnf. og hv. 7. landsk. Þeir hafa báðir

lýst yfir, að þeir muni í framkvæmdinni sjá svo um, að sá tilgangur verði tryggður, sem fyrir n. vakti, að námsmenn, sem daglega þurfa að fara milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og aðrir sem líkt stendur á fyrir, yrðu undanþegnir þessum skattauka. Telur n., að þetta fullnægi þeim tilgangi, sem fyrir henni vakti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 596).

56. Iðnaðarnám.

Á 47. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám (þmfrv., A. 239).

Á 48. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Mér skilst á frv., að tilgangur þess sé að opna iðngreinirnar hér í Rvík fyrir meiri fjölda manna en áður, og í grg. frv. er talað um, að of mikið hafi þótt að því kveða, að takmarkaður hafi verið aðgangur ungra manna inn í iðngreinarnar. Og undanfarið hefir því verið haldið á lofti í blöðum, einkum blöðum Framsfl., að verið væri að loka iðngreinunum fyrir fólki. Aðalatriði þessa frv. er að svipta sveinafélögin rétti og valdi til að hindra offjölgun nemenda í iðngreinum og þar með hindra vaxandi atvinnuleysi. Það er alveg rétt, að það er hart að horfa upp á það, að fjölda manna langar til að læra einhverja iðngrein, en getur ekki komizt að. Það er sama fyrirbrigðið og að fjölda ungra manna langar að komast í skóla, en komast það ekki, og að fjöldi manns, sem vill vinna, fær enga vinnu. En það er bara alveg rangt, að úr þessu yrði bætt með því að breyta iðnnáminu og opna iðngreinarnar. Það er langt frá því, að gildandi lög um iðnaðarnám séu orsökin til þess, að atvinnuleysi skuli vera hér. Það er auðvaldsskipulagið sjálft, sem er undirrót atvinnuleysisins, og aðgerðir sveinafélaganna er ein af þeim ráðstöfunum, sem verkalýðurinn reynir, til að verja sig. Hver yrði afleiðingin, ef farið væri að stefna í þá átt, sem frv. bendir til? Afleiðingin yrði sú a. m. k., að skammsýnustu meistarar mundu reyna að fjölga iðnnemum. Og út frá hvaða sjónarmiði? Til að gera þeim færara að læra? Nei, heldur með tilliti til þess að geta fengið ódýran vinnukraft á kostnað þess, að segja sveinunum upp. Svo að loknum námstíma er iðnnemunum sagt upp. Núna tíðkast þetta nokkuð, en ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði að l., mundi þetta verða algengt. Sveinarnir yrðu atvinnulausir, iðnnemum mundi fjölga, kaupið yrði pínt niður, afköstin yrðu minni, vinnan lélegri og kennslan verri. Þannig yrði fjöldi verkamanna látinn ganga undir nafninu „iðnnemar“, og meistararnir einir mundu hagnast — í bili.

Ef á að ráða bót á því, að fjöldi manna gengur atvinnulaus, verður að auka atvinnuna. Sjá til þess, að verkefnum verði fjölgað. Ég skal viðurkenna, að það eru til iðngreinar, þar sem takmarkanirnar hafa gengið mjög langt, en eflaust er alltaf hægt að komast að samningum, eins og t. d. hjá prenturum.

Ég álít því, að stefnt sé í öfuga átt með þessu frv. Það eina, sem getur bætt ástandið, er að auka atvinnuna, en ekki að skapa meiri samkeppni í vinnunni. Ég er því eindregið á móti frv.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

***Emil Jónsson:** Ég hafði búizt við því og gert ráð fyrir því, að hv. flm. mundi skýra þetta frv. að nokkru. Það væri nokkur ástæða til þess, þar sem farið er fram á breyt. á l., sem ekki eru nema rúmlega ársgömul og tæplega farin að sýna sig í framkvæmdinni, eins og von er til, þar sem þau eru ekki eldri en þetta. Sérstaklega á þetta við l. um iðnaðarnám, sem þurfa langan tíma til þess að komast í framkvæmd, þar sem námstíminn er nokkuð langur, svo að það er hið fyrsta, að maður geti hugsað sér, að farið sé að gera á þeim stórvægilegar breyt. Það hefir líka verið svo, að þrátt fyrir mikið umtal um þessi l., þá hafa tiltölulega fáar aðfinnslur við þau komið, að því sem mér er kunnugt um, nema þá helzt sú, sem þetta frv. snertir, sem er í raun og veru aðeins ein breyt. á l. Það er náttúrlega ákaflega erfitt mál, þar sem 3 óskyldir aðiljar eiga að gera nokkurskonar samninga sín á milli, að setja um þetta samkomulag þannig lagaða löggjöf, að ekki komi í bága við hagsmuni neinna. Og það er ekki óeðlilegt, að það komi fram kvörtun frá einhverjum þessara 3 aðilja um það, að honum finnist sitt mál á einhvern hátt fyrir borð borið, þótt öðrum aðiljanum finnist það ekki, nema síður sé eða þvert á móti.

Sú breyt., sem þetta frv. fer fram á, að gerð verði á núgildandi l. um iðnaðarnám, er á þann hátt, að numið sé úr l. það ákvæði, sem segir, að sveinafélag eða fulltrúar sveinafélags í iðninni skuli undirrita námssamninga, til þess að þeir séu gildir. Eftir því, sem ég veit bezt, þá er ástæðan fyrir því, að þetta frv. er fram komið, sú, að í einni iðngrein — ég held, að það sé ekki nema í einni — hafa komið fram kvartanir

um það, að sveinafélagið hafi tekið þetta mál svo óstinnt upp, að ekki sé við það unandi. Þegar l. um iðnaðarnám gengu í gildi, var þegar komið á milli sveina og meistara í ýmsum greinum samkomulag um það, hversu margir iðnnemar skyldu vera í þeim greinum. Þessar iðngreinir voru prentiðn, bókbandsiðn, úrsmíðaiðn, járnsmíðaiðn og einhverjar fleiri. Í öllum þessum iðngreinum höfðu sveinar og meistarar komið sér saman um, hversu margir iðnnemar skyldu teknir inn í greinina á hverjum tíma. Þetta gekk vel, og það var meiningin með l., að því er þetta snertir, að fá því slegið föstu, að þetta skyldi einnig gilda fyrir þær iðngreinir, sem ekki höfðu tekið þetta upp.

Nú hefir, að því er mér hefir verið kunnugt um, ekki borið á verulegu ósamkomulagi um þetta mál nema í einni iðngrein, rafvirkjaiðninni, þar sem engir samningar hafa náðst milli sveina og meistara um þetta atriði, og það hefir svo orðið til þess, að engir nemendur hafa verið teknir í þessa iðngrein nú um tíma. Þetta er alveg afleitt, og ég skal vera fús til að viðurkenna, að þetta getur ekki gengið, því að rafvirkjaiðnin er sú iðngrein, sem kannske hefir einna mesta möguleika til þess að taka til sín aukinn vinnukraft vegna framfara, sem orðið hafa á því sviði. Það, að lokað hefir verið fyrir nemendur í iðninni, getur því ekki stafað af því, eins og hv. 5. þm. Reykv. var að tala um síðast, þegar málið var til umr., að ekki væri til verkefni í iðninni, því að það er þvert á móti ein af þeim fáu iðngreinum, sem hefir meira en nóg starf fyrir alla starfandi menn í iðninni, bæði sveina og meistara. Það er hörgull á rafvirkjum, svo að þeir verða að vinna eftirvinnu og jafnvel næturvinnu, til þess að geta fullnægt verkefnunum. Það kemur þess vegna úr hörðustu átt, að þeir fari að gera samþykktir af því tægi. En það er aldrei hægt að búast við því, að það náist milli svo margra og ólíkra félaga, eins og hér er um að ræða í ýmsum iðngreinum, svo fullt samkomulag, að ekki geti verið 1—2 félög, sem árekstur geti orðið við. Það út af fyrir sig þarf alls ekki að þýða, að það fyrirkomulag, sem tekið hefir verið upp við afgreiðslu þessa máls, sé að engu hafandi og þurfi að breyta því. Þessi eina undantekning, sem ég benti á, þarf ekki að vera það afgerandi, að það þurfi að gera á l. víðtækar breyt. hennar vegna. Hinsvegar viðurkenni ég, að á þessu þarf að ráða bót, og ég er hv. flm. sammála um, að á þessu þurfi að finna einhverja bót, hvort sem það er nauðsynlegt að gera það nú þegar eða það megi bíða eitthvað enn og sjá, hvort það næst ekki samkomulag.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að skipaðir verði 3 menn, samkv. tilnefningu iðnn. Alþ., svokallaðir iðnaðarfulltrúar, sem svo eigi að hafa úrskurðarvald um þessi mál. Þeir eiga allir að vera búsettir í Reykjavík, og til þeirra á að senda alla námssamninga í öllum iðngreinum, til þess að þeir geti öðlazt staðfestingu. Ég veit ekki, hvort hv. flm. hefir gert sér það ljóst, að með þessu er verið að setja á stöðum, þar sem engin iðnaður er starfandi, takmarkanir á því, að þeir meistarar, sem þar eru starfandi, megi taka nemendur. Nú er það svo, að alstaðar á landinu utan kaupstaðanna má hver meistari taka sér nemendur án þess að fá uppáskrift á samninginn nema hjá viðkomandi lögreglustjóra. Þetta þýðir þess vegna þrengingu á þeim samningum. Við skipun iðnfulltrúanna — sem skipa á skv. tilnefningu iðnn. Alþ., og skal fara fram hlutfallskosning um hana, ef n. greinir á — á alls eigi eingöngu að taka tillit til iðnstéttanna í Reykjavík og senda til þeirra alla námssamninga í öllum iðngreinum. Ég veit ekki, hvort flm. hefir gert sér fyllilega ljóst, að með þessu er verið að setja takmarkanir fyrir því, að meistarar megi taka sér nemendur á sumum stöðum, þar sem iðnráð eru ekki starfandi. Eins og nú er, mega meistarar allsstaðar utan kaupstaðanna taka nemendur án þess að fram fari önnur undirskrift á námssamningum en lögreglustjórans þar á staðnum. Þetta frv. þýðir það, að réttindi þeirra verða þrengri en áður. Það er dálítið hæpið, að þessir fulltrúar, sem eru kosnir pólitískri kosningu og eiga allir heima hér í Reykjavík, hafi skilyrði til að setja sig inn í þessi efni víðsvegar á landinu og geti vitað, hvað hentar bezt á hverjum stað, og hverjir eigi að stunda iðnaðarnám, og hverjir ekki.

Í öðru lagi er vafasamt það ákvæði, sem stendur í lögunum um iðnþing, að þeir iðnfulltrúar, sem þangað eru kosnir, eigi yfirleitt að vera ráðuneytinu til aðstoðar um allt, er varðar iðnað í landinu. Þetta er náttúrlega mikið starf fyrir þá, og miklu meira en það, sem snertir iðnaðarnám, því að með hinni nýju reglugerð er iðnráðunum falin umsjón með öllum iðnaði, þar sem þau starfa. Ég sé ekki ástæðu til, að svo komnu máli, að taka starfið frá þeim og færa það yfir á nýja menn, sem hljóta að vera mjög litið eða a. m. k. ekki nógu kunnugir á öllum stöðum, þar sem þeir eiga að hafa mál til meðferðar.

Fleiri en þessi tvö atriði eru ekki í frv., sem máli skipta. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég er fús til þess að taka til athugunar hverja þá leið, sem bezt myndi reynast og gerð yrði til þess að koma í veg fyrir, að það endurtaki sig, sem gerzt hefir í iðngrein rafvirkja hér í Reykjavík. Það er ekki þrautreynt, að ekki náist samkomulag í þeirri grein; það er ekki langt síðan samkomulag var reynt, og það hefir náðst í flestöllum öðrum iðngreinum. En náist það ekki skal ég taka til athugunar hverja þá leið, sem fær mætti teljast til þess að fá dómstóla eða ráðuneyti til að fallast á að gera einhverjar ráðstafanir um „yfirinstans", sem báðir aðiljar gætu komið sér saman um. — Ég geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til iðnn. og það verði rætt þar betur, og læt ég þess vegna útrætt um þetta mál að sinni. En mér finnst þó ekki fullreynt ennþá, hvort ekki megi leysa málið á þeim grundvelli. Ég tel hættulaust, þótt þetta mál fengi að bíða til næsta þings og sjá, hverju fram yndi.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson)**: Ég mun ekki fara mjög mörgum orðum um þetta mál út af þeim umr., sem orðið hafa um það hér í d. Þar er farið fram á breyt. á gildandi l., eins

og hv. 7. landsk. tók réttilega fram, en hún er aðeins fólgin í því að færa til það vald, sem nú er í höndum sveinafélaganna og veitir þeim rétt til að löggilda námssamninga. Þess er ekki að dyljast, að það er beinlínis vegna þeirrar stuttu reynslu, sem fengin er af þessari löggjöf, sem sett var á Alþ. 1936 og hv. 7. landsk. hefir fyllilega viðurkennt, að hefir verið misnotuð þá stuttu stund, sem hún hefir verið í gildi, að þetta frv. er borið hér fram. Það mætti þá líka e. t. v. skoða það sem fyrirboða þess, sem kynni að verða, ef slík ákvæði ættu að standa áfram í l. Hv. 7. landsk. vildi að vísu aðeins tilnefna eitt dæmi um eitt sveinafélag, sem hefði beitt þessum l. nokkuð harkalega; ef hann hefði kynnt sér málið betur, myndi hann hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi ákvæði hafa verið misnotuð á fleiri sviðum nú undanfarið, þótt þeim hafi e. t. v. verið beitt einna hatramast í þeirri grein.

Eftir því sem kunnugir menn í þessum efnum hafa tjáð mér, er enginn nemandi í þessum bæ nú við nám í steinsmíði. En í þeirri iðngrein eru hér nú um 70 sveinar og nærri 30 meistarar. Byggingar bæði hér í Reykjavík og líka úti um land, sem iðnlærðir menn vinna við, hafa verið að miklu leyti gerðar úr steinsteypu. Þess vegna mætti búast við, að ekki þyrfti algerlega að loka þeirri iðngrein fyrir mönnum. En hvað sem því líður, hvernig þessi löggjöf hefir verið framkvæmd þann stutta tíma, sem hún hefir gilt, þá er þó annað atriði mjög óhyggilegt. Hv. 7. landsk. vék að því, að hér væri það einkanlega annar aðilinn, sem ætti að dæma um öll þesskonar mál, og sýnist það vera mjög óhyggilegt. Það myndi ekki vera talið tryggt réttarfar í dómsmálum, að aðeins annar aðili ætti að dæma mál, heldur þurfa þeir að vera af hálfu beggja aðilja og svo óhlutdrægir sem unnt er. Slíkt réttarfar tíðkast hvergi, að einungis annar aðili dæmi, og er talið algerlega óviðunandi. Þess vegna er það svo í þessu efni sem öðrum, þar sem þarf að gefa úrskurð í deilum milli aðilja, að óhlutdrægir menn þurfa um málið að fjalla, sem ekki hafa neinna hagsmuna að gæta af því, hvernig málin verða útkljáð. Það er í þessum efnum nauðsynlegt, og tilgangur þessa frv. að koma því til leiðar.

Ég vona, að heppnin gefi, að það verði menn, sem láta það sjónarmið ráða í störfum sínum, að dæma svo, að sanngjarnt sé og réttmætt, og ég vil líka vona, að stéttin sé svo mennt, að slíkir menn finnist til að taka það að sér. Það er ekki hægt að mæla á móti því, að þetta er eina færa leiðin, en sú löggjöf, sem Alþ. hefir sett, er óviðunandi, því að það hefir sýnt sig, undir eins og sú löggjöf kom til framkvæmda, að hún er misnotuð, eins og hv. 7. landsk. viðurkenndi um eina iðnstétt. En ég vil segja það, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um þessi mál, að ákvæðum l. hefir líka verið harkalega beitt gagnvart nemendum í öðrum iðngreinum. Menn, sem að upplagi eru prýðisvel gefnir til smíða og snillingar í þeirri grein, áður en þeir fá tækifæri til að njóta tilsagnar hjá lærðum mönnum, þeir fá hvergi að nema þessa grein hér á landi, og þeir verða að fara af landi burt til þess að fullkomna sig í þeirri mennt. Þetta er hvorki skynsamlegt, réttlátt né hyggilegt, ekki aðeins fyrir þá stétt, sem þetta mál snertir, heldur einnig fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Þetta sýnist mér löggjafanum alls ekki heimilt að láta standa í l. eða framkvæma þau á þessa lund. Þetta frv. ber alls ekki á sér þann blæ, að það eigi að gefa allt iðnaðarnám frjálst, og það er alls eigi rétt, að það sé gert meisturunum í hag, sem græða á því að hafa í þjónustu sinni marga nema, en ekki faglærða menn, sem hafa lokið námi. Tilætlun mín með þessari breyt. er sú, að þeir menn verði skipaðir af iðnn. Alþ. til að dæma þessi mál, sem vel eru til þess hæfir og þekkja þessa grein, hafa góða dómgreind, eru sanngjarnir og fara rétt að. Ég vona að þetta megi heppnast. Ég held þess vegna, hvað sem því líður, að komast megi að einhverju samkomulagi við þá iðnstétt, sem hv. 7. landsk. gerði að umtalsefni, sé ekki skynsamlegt að hafa þessi lagaákvæði þannig, að aðiljar þurfi að togast á og eigast við út af þessu máli. Úrlausn þessa máls á að vera í höndum óvilhallra manna, svo að aðiljar þurfi ekki um þau að deila. Ég hefi enga hvöt til þess að fara frekar út í orsakirnar til þess, að þetta frv. er borið fram. Það er ekkert vafamál, að það sé rétt gert af Alþ. að láta málið til sín taka, og því fyrr sem það er gert, því betra. Þess vegna þykir mér svar hv. 5. þm. Reykv. fjarri lagi. Ræða hans var byggð á misskilningi. Með þessu frv. er alls eigi ætlazt til þess, að meisturum sé gefið frjálst að taka nemendur eftir geðþótta, heldur verður beitt fullkominni aðgæzlu um það, hvaða nemendur eiga að vera í hverri grein, og fengnir menn til að meta þá nauðsyn, sem er á hverjum stað fyrir iðnlærða menn til að starfrækja þann iðnað, sem þar er. Vonandi er, að þeir menn, sem eiga að fjalla um lausn slíkra mála, verði hvorki starfsmenn sveinafélaga né starfsmenn meistara og gæti fullrar réttsýni í úrlausn þessara málefna, sem eru algerlega milli meistara og sveina. Greinin er í fullkomnu samræmi við þetta frv. og raskar því á engan hátt.

Viðvíkjandi því, sem hv. 7. landsk. drap á í ræðu sinni, að honum virtist þetta frv., ef að lögum yrði, geta orðið til þess að þrengja réttindi manna úti um land, þar sem ekki væru iðnráð starfandi, og meistarar þar gætu misst réttinn til að taka nemendur, má taka það fram, að það kann að vera rétt, þótt ósennilegt virðist, en ég vil vænta þess, að þeir menn, sem skrifa undir námssamningana, gæti frjálslyndis í því að hefta ekki meistara í að fá þann rétt, sem sanngjarnt er, til þess að faglærðir menn geti leyst af hendi þau störf, sem framkvæma þarf á hverjum stað. Ég gerði það fyrir einfaldleik á þessu máli að flytja þetta frv. þannig, en mér dettur ekki í hug að vera á móti því, að framkvæmdinni yrði hagað á annan hátt, ef frv. næði betur tilgangi sínum með því móti. Þetta vandamál verður að leysa á hinn hagkvæmasta og bezta hátt, sem föng eru á, og gæta þess, að réttlæti, fullkomin skynsemi og aðgæzla verði beitt við úrlausn þess. Ég hafði ekki nema ánægju af að eiga viðræður við hv. 7. landsk.

um þær uppástungur, sem hann vill gera í þessu máli á annan veg en í frv. stendur, svo framarlega sem öryggi og fullkomið réttlæti fær að njóta sín í þessum málum framvegis. Ég sé ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta frv. Það er aðeins þetta eina atriði, sem hér á að breyta og við höfum gert að umtalsefni. Önnur atriði grýpur þetta frv. ekki inn í.

Þó að fulltrúarnir, sem talað er um í 1. gr. frv., eigi að vera iðnráðunum til aðstoðar, er afskiptum iðnráðanna ekki komið fyrir kattarnef með þessu ákvæði, enda á það ekki að hindra það, að þau geti notið sín. Iðnráðin geta komið till. sínum til ráðuneytisins og það tekið fullkomið tillit til þeirra eftir sem áður. Þetta frv. snertir ekki gildandi l. um þetta efni nema í þessu eina atriði, sem er mjög hæpið að láta standa óbreytt, og er fullkomin nauðsyn að ráða bót á því. Ég get fært fleiri rök fyrir því en ég hefi nú talið, en læt nú staðar numið, enda er það á hvers manns vitorði, að það á ekki að vera svona.

Einar Olgeirsson: Flm. þessa frv., hv. 1. þm. Árn., hefir gert að umtalsefni þær aðfinnslur, sem ég kom með við síðustu umr. út af þessu máli. Eitt af því, sem hér er farið fram á, er annarsvegar að tryggja það, að hægt sé að fá greiðari aðgang inn í iðngreinar, og meisturum sé gert unnt að fjölga nemum. En hinsvegar á með þessu frv. að taka að nokkru leyti ráðin af iðnráðunum og úr höndum þeirra aðilja, sem áður hafa haft þau. Ég þykist vita, að þetta frv. muni vera borið fram án tillits til þess, hvað viðkomandi meistarar og sveinar álita. Það hefir að engu leyti verið leitað til hinna viðkomandi samtaka á þessu sviði, enda er mér kunnugt um það, að iðnráðin hér í Reykjavík, sem saman standa af fulltrúum frá sveinafélögum og meistarafélögum, hafa haldið fund um þetta frv. og einróma mótmælt því. Það er vitanlegt, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, þeir sem eiga við þessa löggjöf að búa, eru algerlega á móti henni. Hér væri þá beinlínis um það að ræða, hvort hyggilegt væri af Alþ. að setja þvingunarlög gagnvart þessum samtökum í iðngreinunum. Er hyggilegt fyrir Alþ. að hverfa út af þeirri braut, að reyna að hafa samvinnu við þá aðilja, sem eiga að vinna undir þessum skilyrðum? Alþ. hefir haft samvinnu við þá fram að þessu. Hv. flm. ræddi um það, að sveinafélögin hefðu misnotað það vald, sem þau hefðu fengið með löggjöfinni, eins og hún er nú. Það þarf að skapa þarna aðgæzlu og setja tryggingu fyrir því, að alltaf séu nægir möguleikar fyrir menn að komast inn í iðnaðinn. Hv. flm. sagði, að það væri afarhart, að menn, sem hefðu sérstaka hæfileika til að læra iðngreinar, skyldu ekki geta komizt þar að hér á landi og þyrftu því að sigla til þesskonar náms. Þessi ummæli eru raunar sönn, en það er æðimargt í núverandi þjóðskipulagi, sem er hart að þurfa að sætta sig við. Það er hart, að margir nemendur skuli ekki fá að halda áfram námi í skólum sökum fátæktar. Það er líka hart, að nemendur skuli vera reknir úr skólum fyrir að hafa ákveðnar skoðanir í þjóðfélagsmálum. Það er líka hart, að fjölskyldumenn skuli hvergi geta fengið vinnu. Svo framarlega, sem á að bæta úr þessu misrétti, verður að gera annað en að hóta þvingunarlögum. Það verður að auka möguleikana fyrir menn til að geta lifað og auka atvinnu manna yfirleitt. Þess vegna er ekki ráðlegt að fjölga í iðnaðinum.

Ég þarf ekki að endurtaka það hér, að ef menn fá ótakmarkað að komast að í iðnaðinum til að læra hann, þýðir það, að þeim verður sparkað út úr iðngreinunum, þegar þeir hafa lokið sveinsprófi. Það er nauðsynlegt, að atvinna manna sé aukin.

Þá talaði hv. flm. um, að hér væru tveir aðiljar á öndverðum meiði og þyrfti að fá óvilhalla dómara. Það er nú svo, að verkalýðurinn er yfirleitt vantrúaður á það, að ríkisvaldið og Alþ. séu óvilhallir dómarar í slíkum málum. Það hefir verið reynt, að hið eina, sem verkalýðurinn gæti treyst á, er hans eigin dómur, hans eigin réttur til þess að lifa.

Hv. flm. hélt því fram, að sveinafélögin hefðu misnotað þau réttindi, er þau hafa fengið. En ég vil segja, að það, sem er að gera, er að reyna að hafa áhrif á það, að slík réttindi séu ekki misnotuð. Mér er ekki kunnugt um, að mikið hafi verið gert til þess að hafa slík áhrif á sveinafél.

Það var tekið dæmi um rafvirkjastéttina. Líklega er nú nóg atvinna í þeirri grein, því að hún er bundin við ákveðinn tíma ársins, og það er einkum á vorin og haustin, sem mjög mikið er að gera í þeirri grein, og þá oft eftirvinna. En á öðrum tímum ársins gæti ég trúað, að sé lítið að gera fyrir rafvirkja og stundum atvinnuleysi. Ef ætti að nota þann mælikvarða, að allir ynnu rétta 8 tíma á dag, þegar sem mest er að gera, myndi það þýða óhemju atvinnuleysi í iðninni þess á milli. Það verður að líta með sanngirni á þetta mál. Eftir því sem blöð Framsfl. skýra frá, er nú orðinn hörgull á iðnaðarmönnum í sumum greinum. Það getur verið rétt, en til að bæta úr því verður að fara aðrar leiðir. Mér finnst sú úrbót, sem hv. flm. ætlast til með þessu frv. í þessu efni, vera misrétti; það er, að ráðin yfir aðgangi að iðnaðinum séu tekin úr höndum iðnaðarmannanna og fengin í hendur iðnn. Alþ. Það er ekki til neins að reyna að leyna því, að með þessu frv. eru áhrif iðnaðarmanna á þessa hluti að engu gerð. Að vísu mega þau gera sínar till. um fjölgun nemenda, en þau eru í þessu efni svipt öllu valdi. Frá sjónarmiði meistara og sveina lítur þetta þannig út, að valdið er fært úr höndum stéttarfélaga þessara aðilja yfir í hendur pólitískra flokka á Alþ. Og eins og Alþ. nú er skipað flokkum, sem yfirleitt taka afstöðu á móti verkalýðssamtökunum í sambandi við kaupgjaldsmálin, flokka t. d., sem sameina sig um að setja á stofn gerðardóma o. s. frv. Það er þess vegna auðséð, að út frá sjónarmiði stéttarfélaga iðnaðarmanna getur þetta ekki litið út öðruvísi en þvingunarlöggjöf. Það er tilraun til að svipta sveinana og meistarana ákvörðunarvaldi um þessi efni. Óhjákvæmileg afleiðing af þessu mundi verða aukið atvinnuleysi fyrir stéttir, sem frv. nær til.

Ég vil líka vænta þess, að hv. Alþ. taki nokkurt tillit til þess, að það afgr. þetta mál, sem þeir aðiljar segja, sem það snertir mest. Ég vil leyfa

mér að vænta þess, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, komi til með að ræða þetta mál alvarlega við viðkomandi aðilja.

Eins og ég hefi áður tekið fram, þá veit ég til, að iðnaðarmenn hafa mótmælt þessu frv., og ég tel það ekki heppilegt að ætla að fara að setja slíka löggjöf sem þessa, sem mundi vekja harðvítuga mótstöðu hjá verkalýðsfélögunum, ekki síst af því að vinnulöggjöfin er nú á ferðinni um leið.

Ég get verið flm. sammála um, að það sé hart fyrir menn að geta ekki komizt inn í iðnirnar, en þetta er bara ekki ráðið til að bæta úr því. Ráðið til þess er eitt og aðeins eitt, — það er að auka atvinnuna í landinu. Fyrir þeirri leið höfum við kommúnistar barizt og það er sú eina leið, sem fær er hvað þetta snertir.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þetta frv. nái ekki fram að ganga í þeirri mynd, sem það er nú, eða neinni annari mynd, sem gæti haft svipaðar afleiðingar og þær, sem ég hefi bent á, að þetta frv. mundi hafa, ef að l. yrði.

***Jón Pálmason:** Mér þykir rétt þegar við þessa umr. að segja nokkur orð um þetta mál. Vil ég þá byrja á því að þakka flm. fyrir flutning þess hér inn í þingið, því að það var full þörf á að breyta og bæta við þá löggjöf, sem sett var um iðnaðarnám á þinginu 1936. Það var mönnum þá ljóst, og hefir komið í ljós við reynsluna, að það mundi ekki vera heppilegt að láta fagfélögin hafa vald yfir því, hvað margir fá að læra þessa og þessa iðnina. Það er líka alveg hliðstætt því, að nemendur í skólunum ættu að fá að ráða því, hvað margir nemendur fengju inngöngu í þá. Ég býst við, að það þætti skrítið, ef nemendur í Kennaraskólanum ætluðu með samtökum að varna því, að í skólann fengju að kom fleiri menn en þeim þóknaðist. Hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að það væri óeðlilegt, að valdið færðist frá fagfélögunum yfir til iðnn. Alþ., eða þar með til ríkisvaldsins. En þetta er einmitt það rétta og sjálfsagða, að ríkisvaldið ráði því á hverjum tíma, hvað margir fá að læra þessa og hina iðngreinina.

Iðnaðarmönnum hefir hingað til, eins og kunnugt er, verið gefið tækifæri til að okra á sinni vinnu langt fram yfir það, sem sanngjarnt er, og það tækifæri verður náttúrlega alltaf meira, eftir því sem l. standa lengur óbreytt. Það er því síður en svo vanþörf, að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi.

Hv. 5. þm. Reykv. var að tala um, að þessi breyt., sem hér er gert ráð fyrir, væri ekki lækning á meinsemdunum í þessu efni, heldur væri það, sem gera þyrfti, að auka atvinnumöguleikana og gera minni líkur til að atvinnuleysingjunum fjölgaði. En hv. þm. ætti bara að líta á, að það eru hann og hans skoðunarbræður, sem á undanförnum árum hafa unnið að því að innleiða atvinnuleysið í þetta land. Hér þarf ekkert atvinnuleysi að vera, ef rétt er að farið. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar að sinni, en vildi bara láta þetta koma fram þegar við þessa umr. Ég vænti þess sem sagt fastlega, að þetta þing líði ekki svo, að þetta frv. nái ekki fram að ganga.

***Emil Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð. Ég skal ekki fara mikið út í almennar umr., en get þó ekki látið hjá líða að benda hv. þm. A.-Húnv. á, að það er nokkuð ólíku saman að jafna, að nemendur í Kennaraskólanum ættu að ákveða, hvað margir kæmu í skólann, eða sveinar í iðngreinunum hafi ákvörðunarrétt um það, hvað margir nemendur fái aðgang að iðngreinunum. Þetta stafar af kennslufyrirkomulaginu, sem er ólíkt á þessum 2 stöðum.

Iðnaðarkennsla getur farið fram á tvennan hátt. Það getur verið skólakennsla, og þá ráða sveinarnir engu um það, hvað margir fá inngöngu í þann skóla. Þá er það ríkisvaldið, sem ákveður tölu nemenda. Í öðru lagi getur kennslan verið meistarakennsla, og þá eru það einkafyrirtæki, sem taka að sér kennsluna. Það hlýtur þá að vera undir vilja þeirra einstaklinga komið, hvað marga nemendur þeir taka. Um það er ekkert hægt að fyrirskipa af iðnn. Alþ. Það er ekki hægt að þvinga þá til að taka svo og svo marga nemendur. Þetta er höfuðmunurinn á þessum tveimur kennsluaðferðum. Með þessu vildi ég hafa svarað fullyrðingum hv. þm. A.-Húnv.

Ég get í sambandi við þetta komið að einu atriði, sem ég vildi svara hv. flm. Hann taldi, að slíkt réttarfar sem hér tíðkaðist mundi hvergi annarsstaðar tíðkast, að ólíkir aðiljar, eins og sveinar og meistarar, vildu tryggja íhlutunarrétt sinn til að hafa áhrif á það, hvað margir lærðu ýmsar iðngreinar. Þetta er að nokkru leyti sami misskilningurinn eins og kom fram hjá hv. þm. A.-Húnv. Hér er ruglað saman meistarakennslu og skólakennslu. Hér er nú meistarakennsla. Ef þess vegna Alþ. vill fara að ráða því, hvað margir fái að læra iðn, þá verður það að koma á fót nýrri skólastofnun og taka málið frá annari hlið en það hér er gert. Ég er alveg sannfærður um, að þótt þetta frv. verði samþ., þá hefir það engin áhrif á þessa hluti. Það heldur eftir sem áður áfram að vera samningsatriði milli meistara og sveina, hvað marga nemendur skuli taka.

Það er víst, að sveinunum finnst það ekki þýðingarminna, hversu margir eru teknir inn í iðnina, en hitt, hvað kaupgjaldið sé. Þess vegna hlýtur það að vera tekið inn í kaupsamninga, hversu margir nemendur skuli vera teknir á hverjum tíma. Þeir hafa aðstöðu til að geta ráðið þessu.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að að vísu væri erfitt að komast að í iðnir núna, en ráðið til þess að bæta úr því væri ekki það, sem í þessu frv. fælist, heldur hitt að auka atvinnuna fyrir iðnaðarmenn. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En það vill nú svo einkennilega til, að einmitt sú iðngreinin, sem hefir ekki átt við sérstakt atvinnuleysi að búa — það eru rafvirkjarnir — hefir orðið til að beita þessu ákvæði örýmilega. En það er náttúrlega svo með öll l., að það geta verið einhverjir, sem vilja nota sér þau í hag meira en góðu hófi gegnir. En ég er ekki trúaður á, að þessum l. muni yfirleitt verða beitt harkalega af iðnaðarmönnum. Þess vegna er ég á því, að það sé ekki á þessu stigi málsins þörf á að afgr. þetta

frv., heldur sjá hverju fram vindur. Ég get fullvissað hv. flm. um það, að við erum ekki á neinn hátt lausir við vandkvæði þessa máls, þó að þetta frv. verði samþ.

Ég mun, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, styðja að því, að þetta mál verði athugað í n. og reynt að finna ráð við þeim agnúum, sem reynzt hafa á l., hvort sem farin verður þessi leið eða önnur. Ég skal viðurkenna, að þessi agnúi er hér á l. og að það er nauðsynlegt að reyna að ráða bót á honum á einn eða annan hátt.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Síðustu ummæli hv. 7. landsk. gáfu til kynna, að hann er mér sammála um þetta mál, það er að ráða bót á þeim agnúum, sem hafa sýnt sig á gildandi löggjöf um þetta efni. Í raun og veru nægir mér þessi játning hans og þarf ekki frekar við hann að tala um málið. Ég er honum þakklátur fyrir þessar undirtektir. Ég hefi hvorki farið fram á meira né minna en að ráða bót á þessum agnúum.

Mér þykir leiðinlegt, að hv. 7. landsk. skyldi ofurlítið víkja við mínum orðum, þegar hann var að tala um, að ég hefði sagt, að hér væri einkennilegt réttarfar. Með þeim orðum átti ég ekki við frekar í þessum málum, heldur ef slíkt réttarfar væri ríkjandi í dómsmálunum yfirleitt. Ég hélt ég hefði komizt þar svo skýrt að orði, að ekki þyrfti að valda misskilningi, en það kann að vera, að mér hafi þar mislukkazt.

Það er ekki nema gott um það að segja, ef aðiljar geta komið sér saman um þetta, en nú hefir það ekki orðið í fleiri en einni iðngrein, svo að málaferli hafa jafnvel risið út af þessum málum. Mér sýnist því ekki hyggilegt að slíkt ástand sé látið haldast. Finn ég að skoðanir okkar hv. 7. landsk. fara saman um þetta. Hann viðurkenndi, að ráða þyrfti bót á þessu, en var hinsvegar í efa um, með hvaða hætti það yrði bezt gert. Mér hefir ekki dottið í hug að segja: Svona á að ráða bót á þessu og allar aðrar leiðir eru ófærar. Verði bent á einhverjar aðrar færar leiðir, er ég ánægður, og skal ég með ánægju eiga tal um það við hv. 7. landsk., hvernig þetta megi takast.

Hv. 7. landsk. sagði, að ekki væri víst, þótt bót yrði ráðin á þessum agnúa, þá batnaði nokkuð samkomulagið milli sveina og meistara, þar sem þá á annað borð greindi á. Það má vel vera, en það tekur ekki til þessa máls, þótt deilur standi um önnur atriði. Það er þess vegna óþarft fyrir okkur að fjölyrða um það og með því færa málið út á víðara svið en það nær samkvæmt frv. Ég þarf ekki að segja mörg orð út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann taldi, að þetta væri þvingunarlög og færði það sem ástæðu, að báðir aðiljar væru á móti þessari breyt. Heldur þessi hv. þm., að það væri nokkuð meira öryggi fyrir réttlæti málsins, að annar aðilinn væri með og hinn móti því. Ég álít, að ekki sé hyggilegt með lausn slíks máls sem þessa að bíða eftir því, að það ástand skapist, að annarhvor aðilinn verði ánægður með þá lausn, sem fæst, því að þá kemur fram sú tilhneiging, að hvor aðilinn um sig vill ráða. Er ekkert að segja við því, ef vel er ráðið, en það er sagt, að maður sé blindur í sjálfs sín sök, og það er ekkert sérstakt, hvað áhrærir þessar stéttir. Það er svo með alla menn. Og við þurfum þess vegna ekkert að kippa okkur upp við það, ef okkur kynni að greina á, þá verður hvorugum okkar trúandi til þess að gefa óvilhallan úrskurð um eigin ágreining okkar. Að öllum eðlilegum hætti myndi verða kjörinn til þess óvilhallur maður, sem hefði það eitt sjónarmið, að úrskurða á sem réttlátastan hátt. Þannig hlýtur það alltaf að ganga til.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um, að það ætti að sparka sveinunum, þegar þeir hafa lokið sínu námi. Þetta er sagt alveg út í hött. Það er ekki rétt af þessum hv. þm. að gera þeim mönnum getsakir, sem kynnu að fara með þetta vald, ef frv. verður að lögum, að þeir hlytu að misbeita því. Maður hefir ekki leyfi til þess, fyrr en það hefir sýnt sig, að þeir kunni ekki með umboð sitt að fara.

Hann vildi telja, hv. 5. þm. Reykv., að þetta frv. væri ekki til að ráða bót á atvinnuleysinu. Það er mér líka ljóst. En er hann nú samt alveg viss um það, að ef iðnfélögin, sem byggja í Reykjavíkurbæ, koma því í framkvæmd, sem þau hafa nú gert samþykkt um, að það hafi engin áhrif á atvinnu í iðnaði? Ég vildi nú biðja hv. þm. einmitt að kynna sér þessi mál ofurlítið betur, og síðan skulum við eiga tal saman um þau. Ég held, að hans niðurstaða hlyti að verða sú, ef það gengi fram, sem talað hefir verið um hér milli sumra iðnfélaganna viðvíkjandi byggingariðnaði í Reykjavíkurbæ, þá myndi aukast atvinnuleysi í iðngreinunum. Og af því að ég veit, að hv. 5. þm. Reykv. vill tala máli lítilmagnans og meinar það náttúrlega, þá er ég ekki öldungis viss um nema það komi mikið almenningi þessa bæjar við, að sú iðnstétt, sem vinnur að byggingu í bænum, komi ekki öllum sínum ráðum fram. Ég er býsna hræddur um það, að þegar almenningur ætti að greiða húsaleigu eftir þeim kaupgreiðslumáta við húsbyggingar, þá yrði hann óþægilega var við það gegnum húsaleiguna. Það er og vitaskuld gott og fagurt af hv. 5. þm. Reykv. að bera iðnstéttirnar og þeirra hag fyrir brjósti, en hann má ekki gleyma þeim, sem fyrir utan þær standa. Og það veit ég, að hann vill ekki heldur gera. Allar hans bollaleggingar um misnotkun í þessu efni eru alveg út í hött; hann getur ekkert um það staðhæft. En hann getur ekki annað en viðurkennt, að það hafi verið sýnt óréttlæti af hálfu sumra sveinafélaga nú síðan þessi nýja löggjöf var sett. Og þótt eitthvað kynni á því að bóla síðar meir, svo að ég víki að því, sem mér fannst skína í gegnum ræðu hv. 7. landsk., þá verður Alþingi ekki sakað um það, þó að slíkt kunni að koma fram. Ég geri nokkurn mun á því, hvort slíkt hátterni styðst við lagabókstaf eða engin lög eru fyrir slíkri framkomu manna, og það veit ég, að hv. 7. landsk. gerir líka höfuðmun á.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég hefi haldið mér við kjarnaatriði þessa máls, og lýk ég máli mínu nú. Óska ég, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til iðnn. og 2. umr.

Forseti (GSv): Umr. hafa nú um hríð staðið um málið, og má vænta þess, að þeim sé að mestu lokið. Kvatt hefir sér hljóðs hv. 5. þm. Reykv., og gerir hann stutta aths.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Svo sem vænta mætti, fann íhaldið lyktina af frv. þessu. Hv. þm. A.-Húnv. var ekki lengi að standa upp og lagði hann mikla áherzlu á að hraða þessu frv. í gegn með sem allra mestum krafti. Það er svo sem auðséð, hvað hann og hans flokkur ætla að reyna að gera til þess að skapa sem allra mest atvinnuleysi í iðnaði og lækka svo kaupið, því að þeir vita, að atvinnuleysið er lífsskilyrði fyrir auðvaldið og yfirstéttirnar. Og þeir vilja halda niðri kaupinu og skapa óheilbrigða samkeppni meðal verkamanna, og þess vegna eru þeir á móti því að takmarka aðgang*inn að iðngreinunum, svo að atvinnuleysið verði* ekki tilfinnanlegt. Það þarf ekki að tala mörg orð um það, en það var skemmtilegt að fá þetta nú við fyrstu umr.

Þá minntist hv. flm. á í síðustu ræðu sinni, að ég hefði verið að tala um, hvort mér hefði þótt betra, að annar aðilinn hefði verið ánægður. Það var ágætt, að hv. 1. þm. Árn. skyldi koma inn á þetta, því að það er einmitt það, sem hann með öðrum var að framkvæma á Alþingi í sambandi við *vinnulöggjöfina*, — í sambandi við þá löggjöf, sem snertir verkamennina. Þá var þessi löggjöf pínd í gegn, þar sem aðeins annar aðilinn var ánægður, en hinn óánægður. Þar voru atvinnurekendur harðánægðir, en verkalýðurinn óánægður.

Við erum á móti slíkri lausn, þar sem báðir eru óánægðir. Við viljum, að báðir aðiljar séu ánægðir, en það er líka sú eina eðlilega lausn. Það vona ég, að hv. flm. sé mér sammála um. Er ég því hræddur um, að það sé fjarri lagi, að hann fari að leggja mér lífsreglurnar um afstöðuna til þessa máls. Svo kom hann inn á byggingar í sumar, og hvernig liti út með byggingariðnaðinn. Það var líka mjög heppilegt að koma nú inn á það. Ég vil biðja hv. þm. og hans flokksmenn að kynna sér, hvernig litur út með byggingar í Reykjavík, og hvort standi á iðnfélögunum. Það er útlit fyrir, að ekkert verði byggt í sumar. Það er ekki út af vinnulöggjöfinni og sliku. Ég vil biðja Framsfl. að athuga sína afstöðu viðvíkjandi verkamannabústöðunum, sem hefði átt að byggja í sumar og er eitt af stærstu atvinnuatriðunum í sambandi við byggingar. Hv. flm. talaði heilmikið um umhyggju fyrir almenningi og að það megi ekki gleyma honum. En hvernig man þessi hv. þm. eftir almenningi í sambandi við húsnæðismálin? Það eru til lög um byggingarsjóð kaupstaða, og samkvæmt þeim lögum á að leggja helming af tekjum tóbakseinkasölunnar til þessa byggingarsjóðs. En það er afnumið með bráðabirgðalögum, „bandorminum" illræmda, á hverju Alþingi. Og ég vildi mælast til þess við hv. flm., sem ber svona mikla umhyggju fyrir byggingum í Reykjavík, að hann myndi eftir þeim, þegar „bandormurinn" kemur til atkvgr., og legði sitt lið til að fella ákvæði 3. gr. og sjá til, að hægt sé að byggja verkamannabústaði. Alþýðan hefir einmitt barizt fyrir því, að finna möguleika til að byggja þannig, að húsnæðið yrði ekki eins dýrt.

Hvernig er séð fyrir því, að fólkið fái að búa ódýrt? Er það iðnlöggjöfin, sem gerir það erfiðara? Nei, heldur er það Alþingi á síðustu 5—6 árum, sem hefir með sérstökum lögum afnumið lögin um verkamannabústaðina að nokkru. *Ef þingflokkur Framsfl. vill hugsa um útlitið í* Reykjavík, og þá húsnæðið og byggingar, þá ættu þeir fyrst og fremst að endurskoða gaumgæfilega afstöðu sína í þessu máli. Ef á að lækka húsaleiguna í Reykjavík, verður það aðeins gert með því að byggja ódýrt og við hæfi alþýðunnar, og það er það, sem með verkamannabústöðunum hefir verið stefnt að. Það kemur alltaf út á það sama, það er ekki iðnlöggjöfin, sem dregur niður, heldur er það atvinnuleysisástandið og framkoma *Alþingis og jafnvel sérstaklega Framsfl.*, eins og í sambandi við þetta mál.

***Jón Pálmason:** Ég vildi segja nokkur orð við hv. 7. landsk. út af ræðu hans áðan. Hann taldi það byggt á misskilningi, að líkja því saman, að takmarka nemendafjölda í skólum með fyrirskipun þeirra nemenda, sem fyrir væru, og þeirri takmörkun, sem hér hefir verið gerð í löggjöfinni um iðngreinar. En þetta er vel sambærilegt, þótt á öðrum stöðum sé verklegt nám, en á hinum bóklegt. Það út af fyrir sig er rétt, að það er ekki hægt að þvinga meistara til að taka fleiri nemendur en þeir óska sjálfir eftir. En ég fullyrði, að það eru margir meistarar í iðngreinum, bæði hér og annarsstaðar, sem myndu gjarnan vilja taka fleiri nemendur en þeir hingað til hafa átt kost á. En það eru þessi bönn, sem framkvæmd hafa verið samkvæmt iðnlöggjöfinni, sem hafa orsakað það, að mjög erfitt er að koma nemendum í þessa og þessa iðngreinina. Það er þess vegna alls ekki rétt af hv. 5. þm. Reykv. að tala um óánægju hjá báðum aðiljum með frv. Ég fullyrði, að það hefir verið mjög rík óánægja hjá ýmsum, sem hafa kennslu með höndum í iðngreinum, með gildandi lög um iðnnám. Og þess vegna leiðir það af sjálfu sér, að eftir því sem rýmkað verður á þeirri löggjöf, eftir því fyrr fellur það nærri skoðun þeirra, sem vilja frelsi á þessu sviði. Hinsvegar er þess að geta, að með því að takmarka réttindi þeirra, sem kennslu stunda í þessu efni, sem allra minnst, þá verður hlutaðeigandi kennari miklu fúsari til að taka nemendur. Af því, sem ég hefi fengizt við að koma nemendum að iðngreinum, þá er mér kunnugt um, að margir hefðu viljað vinna fyrir lakari kjör en lögbundið er, ef þess hefði verið kostur. Viðvíkjandi því, sem hv. 7. landsk. talaði um, að kaupkröfupólitík hefði ekki orðið til að skapa atvinnuleysi í landinu, þá geri ég ráð fyrir, að flestir sjái — því að það er eins ljóst eins og nokkur hlutur getur verið —, að einmitt kaupkröfupólitikin verkar meir en nokkuð annað í þá átt, að draga fólk frá framleiðslu sveinanna í kaupstaðina, í hið alkunna atvinnuleysi þar. — Þá var hv. þm. að tala um, að það myndu fleiri fá vinnu, ef þeir ynnu fyrir ekki neitt. Til slíks orðalags gaf ég ekki tilefni, og finnst mér það ósamboðið jafnprúðum manni

eins og hv. þm. venjulega er. En ég geri mikinn mun á, hvort menn hafa hóflegt kaup eða heimtaðar eru 20—30 krónur á dag, eins og í þeim ýmsu iðngreinum, sem hér um ræðir. Og slíkar kaupkröfur hljóta alltaf að skapa atvinnuleysi, og ég get ekki talið það nokkuð of mælt, þótt það sé kallað okur á vinnu. Og undirstaðan undir þessu fyrirkomulagi er fagfélagsskapurinn og löggjöfin, sem hann byggist á og meðal annars er bundin við það, að loka iðngreinunum, eins og gert hefir verið síðustu árin.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði hér um, að svo sem vænta hefði mátt, hefðu sjálfstæðismenn fundið lyktina af þessu frv., því að við vildum vinna að því, að hér væri atvinnuleysi í landinu. Þetta er einmitt algerlega að snúa við réttu og röngu, því að flokkur þessa hv. þm. og hans skyldmenna í pólitískum skilningi lifa beinlínis á því, að sé sem allra mest atvinnuleysi og vandræði í atvinnumálum í þessu landi. Því að hluturinn er sá, að eftir því sem þvingunin er meiri og kaupið heimtað hærra, eftir því verður minni atvinna og atvinnuleysið tilfinnanlegra. Að öðru leyti skal ég ekki svara þessum hv. þm. nánar um þessi atriði, því að þess gerist ekki þörf, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ljóst mál fyrir þeim mönnum, sem sjá og skilja þá aðstöðu, sem er nú að skapast, og þá meðal annars fyrir áhrif þess flokks, sem þessi hv. þm. er fulltrúi fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

*Emil Jónsson: Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að það mundi verða sýnd öll viðleitni af hálfu iðnn. til þess að reyna að ná samkomulagi við flm. N. hefir unnið nokkuð að þessu, en ekki með fullum árangri enn sem komið er, og mun n. því halda þessu áfram. En til þess að tefja ekki framgang málsins, hefir orðið samkomulag við hæstv. forseta um, að það gangi óátalið af n. til næstu umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 239, n. 376, 377, 384, 395).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 384 og 395. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Frsm. (Emil Jónsson): Iðnn. hefir athugað frv. og gert við það nokkrar smávægilegar brtt., sem hún ber hér fram í samráði við hv. flm. frv., svo að ég geri ekki ráð fyrir, að um þær brtt. geti orðið neinn verulegur ágreiningur.

Þessar brtt. fara í þá átt, að fella úr frv. það ákvæði, að þessir iðnaðarfulltrúar skuli vera ráðuneytinu til aðstoðar um öll iðnaðarmál, heldur skuli þeirra starfssvið vera bundið sérstaklega við iðnnema og þau mál, sem þeim tilheyra.

Í öðru lagi er því slegið föstu með brtt., að þar, sem samkomulag hefir orðið milli sveina og meistara um tölu iðnnema, kaup og kjör, geti iðnaðarfulltrúarnir ekki raskað því samkomulagi. Þetta eru aðalbreyt. á frv.

Þá hefir verið tekin hér upp ein viðbótartill., sem n. er líka sammála um, að meistarar skuli greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir nemendur sína, meðan á námstímanum stendur, enda séu þeir þá undanþegnir að veita nemendum þau hlunnindi, sem sjúkrasamlagið lætur í té.

Loks er hér smávægileg brtt. við 3. gr. frv., að í stað orðanna: „einhvern iðnaðarfulltrúa“ komi: tveir iðnaðarfulltrúar.

Ég vil geta þess, að mér virðist brtt. á þskj. 384, frá flm. frv., að öllu leyti falla saman við brtt. n., hvað það snertir, að iðnaðarfulltrúunum skuli ekki falin önnur störf en þau, sem heyra til nemendafjölgun.

Tvær aðrar brtt. hafa komið fram. Önnur er frá mér og hv. þm. Ak., og fer hún í þá átt, að gera nokkra breyt. á skipun þessara iðnaðarfulltrúa. Í frv. er gert ráð fyrir, að þeir skuli tilnefndir af iðnn. Alþingis sameiginlega og kosnir hlutfallskosningu, ef nm. komi sér ekki saman, m. ö. o., fulltrúarnir eiga að vera kosnir pólitískri kosningu. Á þennan hátt er engan veginn tryggt, að iðnaðarmenn eða menn, sem kunnugir eru þeim málum, verði fengnir til þessa starfs. Valið verður pólitískt. Með brtt. okkar hv. þm. Ak. höfum við viljað koma í veg fyrir, að svo megi verða. Þar er svo fyrir mælt, að einn fulltrúanna skuli skipaður samkvæmt tilnefningu Iðnráðs Reykjavíkur, sem saman stendur af meðlimum frá öllum iðnfélögum í Reykjavík; annar samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, sem saman stendur af öllum iðnfélögum utan Reykjavíkur; og sá þriðji án tilnefningar. Með þessu er tryggð íhlutun um val fulltrúanna frá öllum starfandi iðnfélögum í landinu, þar sem þau eru öll, að ég ætla, meðlimir í þessum samböndum. Þessi brtt. er svo ljós, að ég þarf ekki að fara um hana fleiri orðum. Ég vona, að hv. þdm. geti gengið inn á hana, því að ég held, að það sé fullvíst, að verði iðnaðarmenn sjálfir kvaddir til að gera út um þessi mál, séu meiri líkur til þess, að komizt verði að heppilegri niðurstöðu.

Þá er hér enn ein brtt., sem ég vil ekki fara út í að ræða, býst við að hv. flm. geri það. En það er skemmst af að segja, að þetta er nýtt frv., sem ekkert kemur þessu máli við. Verði þessi brtt. samþ., yrði að taka málið upp að nýju, því að þá yrði litið eða ekkert eftir af því frv., sem hv. 1. þm. Árn. flytur. Vildi ég gjarnan, að við fengjum að taka afstöðu til þessa frv., áður en búið er að snúa því algerlega við frá því, sem áður var.

*Jón Pálmason: Eins og hv. þdm. að sjálfsögðu muna, var nokkuð rætt um þetta mál við 1. umr. Ég lét þá í ljós, að ég teldi, að þetta frv. frá hv. 1. þm. Árn. væri spor í rétta átt. En ég tók fram, að af eðlilegum ástæðum ætti að ganga svo frá þessu máli, að það væri ekki á valdi stéttarfélaganna að ákveða, hvað marga nemendur mætti taka í þessa og þessa iðngrein, vegna þess að það svaraði til, að eitthvert stéttarfélag embættismanna ætti að hafa vald til að ákveða hvað skólarnir mættu taka marga nemendur. Þessari skoðun held ég að sjálfsögðu fast fram, því að ég fæ ekki séð, að þarna sé neinn eðlismunur. Í samræmi við þetta hefi ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 395. Aðalatriði brtt. er, að 1. gr. frv. verði snúið á þá leið, að það skuli vera samningsmál milli meistara og nemenda, hvort þeir hafa fulltrúa frá viðkomandi stéttarfélögum með í ráðum, þegar þeir ákveða, hvaða kaup og kjör nemendur eigi við að búa. Þessu var þannig fyrir komið áður en hin nýju iðnaðarlög voru samþ., og ég hefi ekki heyrt, að það hafi valdið mikilli óánægju, nema hjá þessum stéttarfélögum kannske. En síðan l. voru sett, hefir komið í ljós, að almenningur er óánægður með þá takmörkun, sem á þessu sviði er um að ræða.

Aðrar brtt. á þessu þskj. eru smávægilegar. Önnur brtt. felur í sér að fella úr l. ákvæðið um, hvað kaffihlé skuli vera langt. Það þarf ekki að lögbjóða slíkt, þegar vinnutíminn er ákveðinn með l.

Í þriðja lagi er brtt. um, að upphaf 14. gr. orðist þannig, að það skuli vera nemendurnir sjálfir, foreldrar þeirra eða fjárráðamenn, sem geti slitið námssamningi, ef þeir annmarkar eru fyrir hendi, sem tiltekið er. Þessi brtt. er í samræmi við mína 1. brtt. og miðar að því, að afnema yfirráð stéttarfélaganna yfir þeim nemendum, sem þarna er um að ræða.

Hv. frsm. iðnn. sagði, að þetta væri nýtt frv. Það má kannske segja, að ef breyt. eru gerðar á einhverju frv., þá sé það að því leyti nýtt frv. Annars sjá það allir hv. þm., að hér er um brtt. að ræða, sem byggð er á eðlilegum skoðanamun á þessu sviði. Sannleikurinn er sá, að ég hefi ekki getað fundið rök fyrir því, að nein nauðsyn beri til þess, að hafa þarna eitthvert aukavald, til þess að takmarka námsrétt manna á þessu sviði frekar en öðrum.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 377, frá hv. 7. landsk. og hv. þm. Ak., er það að segja, að mér virðist hún gera frv., eins og það upphaflega var, að engu, því að þá eru yfirráðin á þessu sviði aftur komin í hendur iðnfélaganna, þótt atvmrh. að vísu eigi að skipa þriðja manninn í n. án tilnefningar. Ég verð að segja, að það er eins gott að láta frv. daga uppi og að samþ. slíka breyt. og þessa. Það virðist þó vera nokkur bót að því að samþ. frv. eins og það upphaflega var, þó að ég telji óþarfa að skapa þann millilið, sem þar er gert ráð fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Af þeim brtt. sem fram hafa komið, ætla ég sérstaklega að gera nál. iðnn. og brtt. á þskj. 377 að umræðuefni. Ég álít, að með brtt. iðnn., sem felast í nál., sé gerðar breyt. til bóta á frv., sérstaklega þar sem m. a. er ákveðið, að iðnaðarfulltrúarnir, hvernig sem þeir eru kosnir, skuli ekki geta raskað því samkomulagi, sem komizt hefir á milli sveina og meistara. Þar með er tryggt, að utanaðkomandi menn geti ekki tekið ráðin af þeim, sem í iðngreinunum starfa.

Brtt. á þskj. 377, frá hv. 7. landsk. og hv. þm. Ak., felur í sér afgerandi breyt. til bóta. Eins og kom fram við 1. umr. er stór galli á þessu frv., að valdið til þess að tilnefna iðnaðarfulltrúa skuli tekið úr höndum iðnaðarmanna og látið í hendur iðnn. Alþingis, sem fyrst og fremst er pólitísk stofnun. Í till. er farið fram á að breyta þessu á þann veg, að iðnaðarfulltrúarnir skuli skipaðir af atvmrh., einn samkv. tilnefningu Landsambands iðnaðarmanna, annar samkvæmt tilnefningu Iðnráðs Reykjavíkur og sá þriðji án tilnefningar. Ég álít, að þessi brtt. hafi afgerandi þýðingu fyrir framgang málsins, og á þennan hátt getur það orðið afgr. á viðunandi hátt.

Ég vildi aðeins lýsa því yfir, að ég mun standa með þessari brtt., og vona, að hún verði samþ.

*Jörundur Brynjólfsson: Ég get verið iðnn. þakklátur fyrir hennar afgreiðslu á þessu máli, því að þær brtt., sem hún ber hér fram við frv., skoða ég, að á engan hátt spilli þeim tilgangi, sem fyrir mér vakti með flutningi þess og sumar þeirra koma í veg fyrir, að það felist nokkuð annað í frv. en ætlazt er til.

Upphaflega vakti ekki fyrir mér að iðnaðarfulltrúarnir *ættu nokkurntíma að raska* samkomulagi sveina og meistara í einhverri iðngrein um upptöku nýrra nemenda, og býst ég við, að þannig hefði það líka orðið í framkvæmdinni, að iðnaðarfulltrúarnir hefðu aldrei raskað slíku samkomulagi. En það er vitaskuld enginn skaði skeður, þótt tekið sé fram í l., hver tilætlunin er. Ég fellst þess vegna fullkomlega á brtt., því að ég álít, að starf þessara manna eigi á engan hátt að vera þannig, að það auki ágreining meðal þessarar stéttar, heldur á það að vera til þess að eyða og jafna þann ágreining, sem upp kann að rísa, eftir því sem efni standa til.

Önnur brtt. á sama þskj. er einnig leiðrétting, og get ég fallizt á hana.

Þá kem ég að 3. brtt., sem ég get einnig fallizt á. Þar hefir iðnn. gert að till. sinni, að til þess að unnt sé að rifta námssamningi, þurfi tveir iðnaðarfulltrúar að fallast á þá gerð. Fyrir mér vakti, að nægilegt myndi vera, að einn fulltrúi gerði það, og vildi ég ekki gera nemendum óþarflega erfitt fyrir um að geta hætt við nám sitt. Ég bjóst við, að undir flestum kringumstæðum hlytu þær ástæður að vera fyrir hendi, annaðhvort að nemandinn væri heilsutæpur eða hefði einhverjum sérstökum ástæðum til að dreifa, ef um það væri að ræða, að hann vildi hætta námi, og taldi ég þá nægilegt, að samþykki eins iðnaðarfulltrúa kæmi þar til. En vel má vera, þar sem aðrir aðiljar koma líka til í þessu falli, að þá sé hyggilegra, að einmitt tveir af þessum mönnum þurfi að fallast á þetta. Og er það þá gert með það fyrir augum, að ef nemendur hafa sérstaka hvöt til að rifta náms-

samningum, sé ekki of auðvelt af þeirra hálfu að gera það. Ég get því fullkomlega á þessa brtt. fallizt.

Þá hefir hv. form. iðnn. og hv. þm. Ak. borið hér fram brtt. á þskj. 377, og á hana get ég alls ekki fallizt. Það er fyrir þá sök, að ég tel, eins og hv. þm. A.-Húnv. réttilega vék að, að verði þessi brtt. samþ., kunni svo að fara í framkvæmdinni, að þessi lagabreyt. hafi lítið að þýða. En það eru fleiri ástæður, sem valda því, að ég get ekki fallizt á slíka brtt. Eftir till. þessara hv. þm. eiga iðnaðarfulltrúarnir að vera skipaðir af atvmrh. samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna og Iðnráðs Reykjavíkur, og sá þriðji án tilnefningar. Það er engum efa bundið, að þessir tveir fulltrúar yrðu tilnefndir á þann hátt, að annar væri tekinn úr hópi sveina og hinn úr hópi meistara, og má ganga út frá því, að það val yrði þannig, að teknir væru menn, sem hefðu ríka hvöt til þess að láta annan aðiljann ráða. M. ö. o., sá ágreiningur, sem kann að verða um upptöku nýrra nemenda í hverri iðngrein, heldur áfram í fullum mæli. Deilur, sem nú standa yfir milli iðnsveina og meistara, verða færðar áfram um einn aðiljann enn, til þess ráðs. Sá, sem valinn er af meisturum, heldur fram þeirra máli, og sá, sem valinn er af sveinum, heldur á málstað sinna umbjóðenda. Ég geri ekki ráð fyrir, verði á annað borð ágreiningur milli sveina og meistara, að þá verði samkomulag meðal iðnaðarfulltrúanna, ef á að kjósa þá á þann hátt, sem lagt er til á þskj. 377. Og þá verður úrskurðurinn kominn undir áliti aðeins eins manns, og vel getur tekizt þannig til með valið á þeim manni, að hans úrskurður falli oftar öðrum aðiljanum í vil. Ef atvmrh., sem á að tilnefna einn manninn, vill draga taum annars aðiljans, þá er vitanlegt, hvernig sá úrskurður fellur; hann fellur þeim aðiljanum í vil, sem atvmrh. stendur nær. Ég tel, að Alþingi hafi litla ástæðu til að hreyfa við þessari löggjöf, ef árangurinn á að vera þessi, sem stefnt er að með brtt. á þskj. 377. Ég vil vara hv. þdm. við því, ef þeim er um það hugað, að allrar sanngirni verði gætt í þessum málum, að fallast á þessa brtt.

Hv. þm. A.-Húnv. vill með brtt. sínum á þskj. 395 kippa þessu öllu í það horf, að þetta sé samkomulagsatriði milli meistara og nemenda, lögreglustjóri einn eigi að skrifa upp á og aðrir komi þar ekki nærri. Af þessu geta hv. þdm. nokkuð ráðið, hvernig viðhorfið kann að verða, ef þeirri ósanngirni er haldið áfram, sem því miður hefir bólað á hjá sumum iðnfélögum, og ekki er tekið í taumana í tæka tíð. Ég vil beina því til þeirra hv. þm., sem sérstaklega vilja bera hagsmuni sveinafélaga og nemenda fyrir brjósti, að ég hygg, að það treysti málstað aðilja bezt að samþ. frv., en ekki þær brtt., sem fyrir liggja á þskj. 376, 377, eða 395. Hv. 7. landsk. telur, að með þeim brtt., sem hann flytur ásamt hv. þm. Ak., á þskj. 377, sé komizt hjá því, að iðnaðarfulltrúarnir séu valdir pólitískt. Nú ber ég það traust til iðnn. þingsins, að ég er fullviss um, að þær muni gæta fyllsta réttlætis og sanngirni í vali sínu. En menn, sem þær velja, hafa nokkuð önnur sjónarmið en þeir, sem valdir yrðu af Landssambandi iðnaðarmanna og Iðnráði Reykjavíkur. Þeir síðarnefndu yrðu fyrst og fremst að bera ábyrgð gerða sinna fyrir stéttarsamtökunum, en fulltrúar, valdir af iðnn. og ráðh., fyrir ríkisstj. og Alþingi. Á því er afarmikill munur; það finnur hv. 7. landsk. vel, þó að hann af e. k. þegnskap, sem ég vil ekki lasta, vilji draga taum stéttarsamtakanna í málinu.

Hv. 5. þm. Reykv. lýsti sig fylgjandi brtt. á þskj. 377 vegna þess, að hún drægi úr frv. Ef hann vonast eftir, að frv. nái ekki tilgangi sínum, ef brtt. verður samþ., og að þá fái aðiljar að deila um þetta eins og hingað til, vil ég sérstaklega spyrja hann, hvort hann vill þá, að það sjónarmið, sem lýsir sér í brtt. hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 395, verði algert ofan á. Vilji hann það ekki, ætti hann að fylgja frv. eins og það er, en ekki brtt. hv. 7. landsk. og samnm. hans á þskj. 377. Það er fjarri öllu lagi hjá hv. þm., að þetta frv. miði að því að draga allt vald úr höndum iðnaðarmanna sjálfra. Það er tekið fram hvað eftir annað í frv., að leita skuli umsagnar meistara og sveinafélaga, áður en úrskurðir eru felldir, og ég hefi enga ástæðu til að gruna iðnaðarfulltrúa um það fyrirfram, að þeir gæti ekki skyldu sinnar.

*__Frsm. (Emil Jónsson)__: Ég skal fyrst leiðrétta þá missögn hjá mér, að brtt. á þskj. 384 sé innifalin í brtt. 376; hún felst í brtt. minni á þskj. 377, ef samþ. verður.

Tillögur hv. þm. A.-Húnv. eru eiginlega nýtt frv., um að afnema þýðingarmikil atriði úr l. um iðnaðarnám. Í fyrsta lagi á að afnema það meginatriði, að iðnráð, eða samkv. frv. iðnaðarfulltrúar, hafi með höndum eftirlit með námssamningum nemenda og því, hve margir skuli teknir. Þetta á að vera algerlega frjálst meisturum og teknir upp algerðir einkasamningar milli þeirra og nemenda. Þá er farið fram á að lengja vinnutíma nemenda um eina stund á dag. Iðnaðarfulltrúarnir, sem eru höfuðatriði í frv., eru þurrkaðir út. Ég held, að öllum verði ljóst, að með þessu brennu sé hið upphaflega frv. þurrkað út, svo að fylgismenn frv. geti ekki fylgt þeim brtt. Þá eru þær ekki þess verðar að fara um þær fleiri orðum. Það hefði verið miklu hreinlegra af hv. flm. að koma með sjálfstætt frv. í málinu.

Ég þarf ekki miklu að svara hv. flm. frv. Það er aðeins eitt, sem okkur greinir á um, skipun iðnfulltrúanna. Hann sagðist ekki vilja gera neitt til þess að auka ágreining milli aðilja og taldi brtt. mína stefna að því, þar sem iðnaðarfulltrúarnir yrðu samkv. henni ekki eins hlutlausir og frv. stefndi að. En hvaða líkur getur hann fært fyrir því, að fulltrúar, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum af pólitískum flokkum í iðnn. á Alþingi, verði síður pólitískir en þeir, sem kosnir yrðu af Landssambandi iðnaðarmanna og Iðnráði Reykjavíkur? Sjónarmið þeirra verða ólík, segir hann. Annað verður sjónarmið flokksbundinna manna, hitt sjónarmið iðnaðarmanna, sem hafa vit á málunum og skilja því hvorir aðra betur en flokksbundnu fulltrúarnir eru vanir að gera. Ég tel meiri líkur fyrir góðum árangri,

ef þeir menn eru látnir tala sig saman og taka umsagnir allra aðilja til greina, heldur en ef þeir pólitískt kosnu eiga að kljást um það.

Einar Olgeirsson: Hv. 1. þm. Árn. beindi til mín nokkrum orðum út af brtt., sem keyra svo úr hófi, að þær koma ekki til greina, og standa á þskj. 395, frá hv. þm. A.-Húnv. Þeim þarf ekki að svara, en um brtt. 376 og 377 vil ég gera þessa aths. Eins og frv. lá fyrir frá hendi hv. flm. beindist það bæði móti meisturum og sveinum. Með samþykkt þessara brtt. yrði það tryggt, að ekki væri hægt að aðhafast neitt gersamlega *móti vilja þeirra beggja, en eftir sem áður væri* vald sveinafélaganna stórlega skert, frá því sem er í gildandi lögum, þar sem þau hafa nú úrslitavaldið, með því að fulltrúar þeirra verða að hafa skrifað upp á námssamninga nemenda við meistara, til þess að samningur gildi, þau líta eftir, að samningar séu ekki rofnir. Ég skil þess vegna ekki, hvers vegna hv. flm. berst svo harðvítugt móti brtt., úr því að hann hefir einu sinni sagt, að það sé ekki tilætlun sín að svipta sveinafélögin öllum áhrifum á þessi efni. Þau eru nógu svipt, þó að brtt. séu samþ.

Afstaða okkar kommúnista er greinileg. Við óskum fyrst og fremst eftir því, að frv. verði ekki samþ. En þar sem þess er varla að vænta eftir þeim kraftahlutföllum, sem hér eru í þinginu, er ekki um annað að gera en reyna að búa frv. svo sæmilega úr garði sem hægt er. Og þá teljum við brtt. á þskj. 376 og sérstaklega á þskj. 377 vera til stórbóta og munum greiða þeim atkv.

***Jón Pálmason:** Hv. 5. þm. Reykv. virðist vona að ef brtt. á þskj. 376 og 377 verða samþ. muni ríkja í höfuðatriðum sama ástand í þessum málog undanfarið, þar sem deilan mundi þá halda áfram milli núverandi aðilja, en úrskurður oddamannsins í hópi iðnaðarfulltrúanna færi sennilega eftir því, hvar atvmrh. stæði í pólitík á hverjum tíma. Ég er ekki óhræddur um, að þetta sé rétt til getið hjá hv. þm., og í mínum augum eru þær brtt. mjög varhugaverðar.

Það er rétt hjá hv. 7. landsk., að frv. mundi að miklu leyti verða sem nýtt, ef brtt. ná fram að ganga. Markmið þeirra er að afnema það óhæfilega vald, sem stéttarfélögunum hefir verið gefið og er ætlað að halda a. m. k. samkv. þessu frv. og brtt. á þskj. 376 og 377. — En það er rangt hjá hv. 7. landsk., að vinnutíminn sé lengdur með brtt. mínum um klst. á dag — 6 st. á viku. Aðeins vildi ég fella það burt, að lengd kaffitíma sé ákveðin með löggjöf, ½ tími tvisvar á dag, því að það virðist óviðkunnanlegt og óþarft.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um, að tillögur mínar keyrðu úr hófi og lítil hætta á, að þær yrðu samþ. Rökin munu vera þau ein, að þær stefni í íhaldsátt, eins og hann kallar. Hvað er það þá, sem hann kallar að miða í íhaldsátt? — Það er að svipta kúgunarböndum af atvinnugreininni, auka frelsi einstaklinganna til að ráða sjálfir fram úr vandamálum sínum. Þetta er það, sem Kommfl. og Alþfl. halla íhald og kúgun, þegar við sjálfstæðismenn komum með frv. og brtt. um að svipta kúgunarböndum af atvinnuvegunum. — En þeirra frelsi sjáum við þessa dagana í því, hvernig þeir beita kúgunarvaldi sínu til að stöðva siglingaflotann, fáeinum yfirmönnum á skipunum til framdráttar.

Í þessu tilfelli sé ég ekki ástæðu til þess, að sveinafélögin eigi að segja til um, hvað mörgum mönnum megi kenna trésmíði, járnsmíði o. s. frv. Þá ættu félög kennara, lækna, lögfræðinga o. fl. að hafa rétt til að ákveða, hve mörgum nemendum má veita viðtöku í kennaraskóla, læknadeild eða lögfræðideild háskólans, t. d. — Það væri fullkomin þörf á að losa um kúgunarböndin á fleiri sviðum en hér blasa við augum. — Það getur hinsvegar verið rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að Alþingi sé svo skipað, að það vilji samþ. þetta frv. sem næst því, sem það liggur fyrir, og a. m. k. ekki fara að auka frelsi í atvinnu á einu eða öðru sviði.

***Frsm. (Emil Jónsson):** Það var aðallega eitt atriði, sem ég vildi svara, úr ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hann talaði um, að það hefði verið rangt hjá mér, að í till. hans væri farið fram á að lengja vinnutímann. Það stendur skýrt í þessum brtt., að fella skuli niður ákvæðin um kaffitíma, tvær hálfar klukkustundir á dag. Í lögunum, sem nú gilda, er vinnutíminn ákveðinn 60 st. á viku. Þegar ég bar fram það frv. upphaflega, stóð í því, að vinnutími skyldi ákveðinn 48 st. á viku. Við vildum gera þá tilraun og álítum það nógu langan vinnutíma fyrir unglinga, en það var felt. Hinsvegar náðist samkomulag um 9 stunda vinnudag með því móti að kalla það 60 st. vinnuviku — 10 st. á dag —, en draga síðan kaffitímana frá. Ef ákvæðin um það eru felld niður, þýðir það ekkert annað en að kaffitímarnir verða ekki reiknaðir með í þessum 60 st. og raunveruleg vinnuvika lengist úr 54 í 60 stundir.

Þá brá hv. þm. sér á leik. Hann sagði það væri stefna í íhaldsátt að svipta böndum af atvinnulífinu og auka frelsi. Þá væri vel, ef stefna Íhaldsins væri einmitt aukið frelsi; þá mundi ég fylgja því. En er það að auka frelsi að lengja vinnutímann? Er það að auka frelsi að gefa alveg meisturunum á vald, hve marga nema þeir taka og með hvaða kjörum? Ætli unglingnum, sem leitaði þannig á náðir meistarans, fyndist það meira frelsi en nú? Eða er það frelsi, ef þeim er vísað í hóp atvinnuleysingjanna um leið og þeir útskrifast frá meistaranum, svo að hann geti ráðið sér nýja nema? — Nei, í núverandi árferði þýðir slíkt frelsi ekki annað en að hert er á böndunum á almenningi, en ekki losað.

Hv. þm. minntist á, að takmörkun iðnnemafjöldans væri hliðstæð við það, ef lokað væri tveim eða þrem deildum háskólans, læknisfræði, lögfræði og guðfræði, eða mönnum meinað kennaranám. Þetta er mesta firra. Af hverju? Af því, að ríkið heldur uppi þeirri kennslu, en meistararnir iðnaðarnáminu, um leið og þeir geta notað nemana í stað annars vinnukrafts. — Iðnkennsla gæti vel farið fram á annan hátt í e. k. skóla, þar sem ekki væri sama þörf á tak-

mörkunum. Ef ríkissjóður kostaði þá kennslu, gæti hið opinbera ráðið því, hve marga skólinn rúmaði. En meðan meistarar sjá um kennsluna, ráða þeir kjörum nemanna að miklu leyti, og verður ekki hjá því komizt að setja þeim ýmiskonar aðhald. Hvorki Alþ. né ríkisstj. geta á nokkurn hátt skipað þessum mönnum fyrir verkum. Þeir eru á engan hátt háðir ríkisvaldinu. Þetta eru þeirra einkamál. — Þetta er munurinn á því að hafa skólakennslu og meistarakennslu. Ef ríkisstj. vildi taka þann sið upp að fara að gefast upp við þessa meistarakennslu og taka upp skólafyrirkomulagið, þá væri henni það vitaskuld heimilt. En ég álít, að það sé alls ekki heppilegt. Það ber þess vegna að sama brunni með það, sem þessi hv. þm. sagði, að væri að svipta böndunum af og auka frelsið um leið. Hlaut að fara eins og ég bjóst við, að það væru hrein öfugmæli, því að í stað þess að auka frelsið, er það skert, og í stað þess að losa böndin, er hert á þeim, ef hans till. verða samþ.

*__Jörundur Brynjólfsson:__ Það eru aðeins örfá orð. Hv. 7. landsk. sagði næstsíðast, þegar hann talaði, að iðnfulltrúar, tilnefndir af iðnn. Alþ., hlytu að vera pólitískir menn, að vegna þessa kosningafyrirkomulags hljóti þeirra till. að verða eitthvað litaðri en till. þeirra fulltrúa, sem kjörnir myndu vera eftir brtt., sem þann flytur ásamt hv. þm. Ak.

En hvernig mætti þetta nú verða? Ég hefi áður leitt óyggjandi rök að því, sem hv. 7. landsk. hefir ekki reynt að mótmæla einu einasta orði, hvaða viðhorf þessir iðnfulltrúar samkv. hans till. myndu hafa til úrskurða, enda er ekki hægt að mæla á móti því, að till. er það áskapað, að ef meistara og sveina greinir á, hlýtur sá ágreiningur að halda áfram yfir á iðnfulltrúana, og þá er það einn maður, sem úrskurðar, og þá er það aðeins viðhorf þessa eina manns, sem ræður.

Ég hefi áður bent á það og leitt nokkrar líkur fyrir því, að það sé hætt við, að viðhorf þessa eina manns mótaðist að nokkru leyti af því viðhorfi, sem atvmrh. á hverjum tíma kynni að hafa til þessara mála. Sú dómsniðurstaða í þessu efni, sem fengin er með þessu móti, myndi undir flestum kringumstæðum vera ákaflega veik. En svo er mikill munur á því, sem hv. 7. landsk. viðurkennir ekki heldur, að einmitt þessir menn, sem eiga að úrskurða um þessi mál, hafa ekki það sjónarmið eingöngu, sem fulltrúar sveina og meistara myndu hafa. Þeir eru að því leyti öðruvísi. Þeir eiga að gera öðrum mönnum grein fyrir sínu starfi. Það eru iðnn. Alþ., sem tilnefna þá. Þeir eiga að gera grein fyrir sínum till. til atvmrh., og hann síðan fyrir þinginu. M. ö. o., þessir menn hafa allt aðra húsbændur yfir sér heldur en iðnfulltrúarnir, eftir till. hv. 7. landsk. Þeir hafa iðnfélögin sem húsbændur hvert frá sínu sjónarmiði, og það er aðeins einn maður, sem þyrfti að gera grein fyrir sínum till. til atvmrh., og þarna er höfuðmunur á. Og það veit ég, að hv. 7. landsk. finnur, enda hefir hann ekki leitazt við að hnekkja þessu. Það er ekki heldur hægt.

Einmitt þessi atriði, sem ég hefi hér gert að umtalsefni, ættu að vera nóg til þess, að menn ekki samþ. hans till. í þessu máli, nema ef Alþ. er svo hugarhaldið, að það ástand, sem nú er í iðnaðinum og ekki bendir til neins góðs, haldi áfram.

Hv. 7. landsk. vék að því, að það væri hætt við, ef þessir menn ættu að úrskurða þessi mál, að þeir hefðu ekki eins mikinn kunnugleika á þessum málum og fulltrúar sveina og meistara, sem myndu skilja betur hvorir annan, ef þeir ættust við.

Það kann að vera áferðarfagurt að bera þetta fram, ef ekkert kemur fram, sem bendir í gagnstæða átt, en ef litið er til þess, sem þegar er komið á daginn, er þetta ekki eins áferðarfagurt. Nú deila þeir svo, að það er um ekkert samkomulag að ræða í sumum iðngreinum, og það er svo fjarri því, að það sé samkomulag um, að sumar iðngreinar komi ekki af sínum störfum, þó að unnin sé eftirvinna í fyllsta mæli. Og það hafa ekki verið teknir nemendur í 4 ár í sumum iðngreinum, og meistarar kvarta sárlega. Nú líða stundum margar vikur svo, að ekki er hægt að fá verk unnið, vegna þess, hve þeir eru fáir, sem að þessu starfa.

Ég vil líka benda hv. 7. landsk. á, að það kemur ekki til úrskurðar þessara iðnfulltrúa, ef samkomulag ríkir á milli meistara og sveina; þá ræður það. Og hverju er þá sleppt? Ekki neinu. Aðeins getur komið til úrskurðar, ef fulltrúa sveina og meistara greinir á, og er þá ekki bezt, að sá úrskurður falli þannig, að þeir, sem hann felldu, væru ekki eingöngu litaðir af þessum sjónarmiðum.

Hv. þm. benti á, að af því að það væri talað um það í frv., að hafa hlutfallskosningu á iðnfulltrúum af hálfu iðnn., benti það til þess, að hér yrði um pólitíska kosningu að ræða. Ég held ekki, að hv. þm. myndi, frá sínum málstað, draga þetta fram, því að þetta er sá kostur frv., sem sjálfsagt er að hafa. Þetta tryggir það, að ólík sjónarmið, sem kunna að vera í iðnn., fái notið sín, þegar till. er gerð um val fulltrúa. Hann ætti þess vegna að fagna þessum ákvæðum, og ég veit, að hann gerir það við nánari athugun heldur en að hafa á móti þeim.

Ég þarf svo litlu við þetta að bæta, því að þetta er kjarni málsins. Ég hefi áður vikið að till. hv. þm. A.-Húnv. og tel, að þær eigi alls ekki að ná samþykki. En ég vil beina því til þeirra manna, sem vilja, að þessi mál séu í heilbrigðum farvegi, að það muni vera varlegast fyrir þá að fallast á frv. með þeim breyt., sem n. stendur óskipt að, og till., sem ég hefi leyft mér að bera fram um niðurfellingu á einum málslið 1. gr., og láta frv. ganga þannig til Ed.

Það má líka glöggt sjá á ræðu hv. 5. þm. Reykv., að hann sér það við ákvæði míns frv., að sjónarmið annars aðiljans fái þar ekki til fulls notið sín. Hann hefir ekki gert það að umtalsefni, að annaðhvor aðilinn hlyti endilega að ráða, eftir uppástungu frv., ef það sýndi sig, yrði það vafalaust stutt stund. Hann vill halda því ástandi, sem nú ríkir, að sveinafélögin geti ráðið því með neitunarvaldi, hvort nemendur verði teknir, og hrýs ekkert hugur við því. Það er hreinasta fásinna að láta slíkt ástand haldast.

Og ég vil beina því til hv. 5. þm. Reykv., eins og ég gerði við 1. umr. málsins, að það er síður en svo, að hann sé með þessu móti að tala máli almennings hér í Reykjavíkurbæ og í öðrum byggðarlögum, þegar frá líður. M. ö. o., það er engin sanngirni, að slík málsmeðferð sé höfð á jafnþýðingarmiklu máli eins og þessu, sem grípur jafnmikið inn í atvinnulíf þjóðarinnar eins og þetta mál gerir.

Ég hefi áður að því vikið, að þessi mál á ekki að útkljá öðruvísi en leitað sé álits sveina og meistara. Ég álít sjálfsagt, að það fyrirkomulag sé viðhaft, og þá vænti ég þess, að sá úrskurður, sem felldur er, þegar aðiljana greinir á, verði eins réttlátlega felldur og mögulegt er.

Ég vil því beina því til hv. 7. landsk., vegna þess að okkur ber ekkert á milli í þessu nema um fyrirkomulagsatriði, um tilnefningu á iðnfulltrúum, að hann ætti ekki að halda sinni till. til streitu, því að ég veit, að fyrir honum vakir ekki annað en að skynsamlega sé farið með þessi mál.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti þess, að þessi hv. d. afgr. það á þann hátt, að allir megi vel við una, og það gerir hún með því að samþ. þær brtt., sem iðnn. öll stendur að, og þá brtt., sem ég hefi borið fram, en samþ. ekki fleiri brtt. af þeim, sem fyrir liggja.

***Jón Pálmason:** Ég bað hæstv. forseta um athugasemdartíma af því, að ræða kunningja míns, hv. 7. landsk., var á þá leið, að ég sé mér ekki annað fært en að leiðrétta þær missagnir, sem hann kom með í sambandi við mínar till. Í fyrsta lagi er það algerlega rangt hjá honum, að það, að fella niður orðin „½ klst. tvisvar á dag“ úr l., svipti burt þeim tíma, sem þar sé um að ræða, því að það stendur eftir sem áður í l., að það skuli vera 9 klst. vinnutími á dag, að frádregnu kaffihléi. Það er því aðeins um það að ræða, að það skuli vera lögbundið, að kaffihlé sé ½ klst. í einu, og hvorki meira eða minna. Ég vil láta það vera á valdi hlutaðeigandi nemenda og meistara, hvort kaffitíminn sé ½ klst. 3 stundarfjórðungar, 20 mínútur o. s. frv. Hér er því um aukaatriði að ræða.

Hitt, að það sé verið að auka böndin, en ekki svipta þeim af, með mínum till., er gersamlega rangt, því að þær miða að því, að það sé á valdi meistara og viðkomandi nemenda, hve margir eigi að fá lærdóm í þessari og þessari grein, því að eins og þessi hv. þm. veit a. m. k., og ég hygg, að flestir hv. þm. hafi athugað, þá eru í iðnaðarnámsl. ákvæði um það, hvaða kostir það eru, sem nemendurnir eiga við að búa hjá meisturunum, ekki einasta hvað vinnutíminn sé langur, heldur og hvað námstíminn sé langur, hvað kaupið sé á hverjum tíma o. s. frv. Öll þau atriði eru ákveðin í l. Það er því gersamlega rangt hjá hv. 7. landsk., að það sé verið að auka böndin með þessum till. mínum.

Hitt vænti ég, að allir geti séð, að það er til þess að auka frelsið, þegar svo er stillt til, að ekkert stéttarfélag geti útilokað unglinga frá því að læra þá iðn, sem þeir óska að leggja fyrir sig. Viðvíkjandi hinu, að það sé óliku saman að jafna, meistaranámi og skólakennslu, þá er í þessu tilfelli ekki neinn munur þar á annar en sá, sem hv. 7. landsk. talaði um, að ríkið rekur aðra kennsluna, en einstakir menn hina.

Ég verð að halda fast við það, að ég get ekki annað fundið en að það sé sambærilegt, að stéttarfélag, t. d. kennarafélagið, læknafélagið og lögfræðingafélagið, ætti að hafa það á valdi sínu, hve margir bættust við í þessari og þessari grein, eins og það sé á valdi stéttarfélags, hve margir fá að læra viðkomandi iðn. — Meira skal ég svo ekki um þetta segja.

Einar Olgeirsson: Það eru fyrst nokkur orð út af því, sem hv. síðasti ræðumaður var að segja. — Það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. íhaldsþm. hér í d. eru að tala um frelsi, og það kemur mér kynlega fyrir sjónir, þegar þeir eru að tala um, að það þurfi að skera kúgunarböndin burt. Ég vildi bara spyrja: Hvernig er þeirra afstaða, svo að ég taki aðeins eitt dæmi, til l., sem hv. þm. G.-K., þáv dómsmrh., gaf út í des. 1932, sem bönnuðu öllum fiskimönnum að flytja út saltfisk. Var það frelsi? Nei, þessir háu herrar eru ekki mikið að hugsa um frelsi almennings í landinu, heldur um sín eigin völd. Ég held, að þessum herrum væri nær að athuga, hvaða frelsi það er, sem verkalýðurinn hefir nú við að búa í þjóðfélaginu, frelsi til þess að geta lifað og fengið atvinnu. Haldið þið, að það sé frelsi, að hér verða 14 þús. manns að eiga allt undir geðþótta og vilja ca. 30 togaraeigenda. Haldið þið, að það sé frelsi, að mörg þúsund manna verði að eiga atvinnu og líf sitt undir því, sem nokkrum eigendum fárra en þýðingarmikilla framleiðslutækja þóknast að ákveða.

Mig langar til að upplýsa þennan hv. þm. A.-Húnv. um, að það var einusinni sá tími, að þetta „frelsi“ ríkti og það ótakmarkað. Það var á þeim tíma, sem iðnaðurinn var að brjótast í gegn í Englandi á fyrri hluta aldarinnar, sem leið. Og þá kom þetta „frelsi“ fram í því að börn, allt niður í 6 ára, voru látin þræla í 12—15 tíma á dag, þræla þangað til þau dóu, og þegar það hafðist í gegn eftir 30 ára baráttu í enska þinginu, 1846, að bannað var með l. að börn innan 10 ára aldurs mættu vinna í verksmiðjum, þá hrópuðu þeir upp, íhaldsmennirnir í þinginu, að þetta væri sú ógurlegasta skerðing á persónufrelsinu sem hægt væri að hugsa sér.

Þá er það viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði. Hann orðaði það rétt, sem okkur greinir á. Það, sem hér liggur fyrir er, hvort synjunarréttur sveinafélaganna á að haldast eða ekki. Ég vil vekja eftirtekt hv. þm. á því, að þó að samþ. verði brtt. iðnn. á þskj. 376 og brtt. hv. 7. landsk. á þskj. 377, þá er þar með samt sem áður í raun og veru skertur og að mestu leyti afnuminn synjunarréttur sveinafélaganna, þannig að þó að þessar brtt. nái fram að ganga, þá er frv. nógu bölvað og íhaldssamt samt.

Það er rangt, að sveinafélögin hafi sérstaklega misnotað sinn réttt og að það horfi til einhverra voðalegra vandræða í iðnaðinum. Sem stendur horfir ekki til neinna vandræða í iðnaðinum, nema ef mönnum finnst það vandræði, að

þar sé ekki tómt atvinnuleysi. Yfirleitt er ekki neitt vandræðaástand í iðnaðinum, það er þannig, að fjöldi af sveinum hefir möguleika til þess að fá vinnu, eftir að þeir eru búnir að vera 4 ár sem nemendur, og það verður að teljast heilbrigt ástand. — hitt óheilbrigt, ef svo er hrúgað inn í iðnaðinn, að þegar menn séu búnir að vera nemendur í 4 ár, þá sé þeim sparkað.

Þess vegna álít ég, eins og ég hefi lýst yfir áður, að það sé bezt, að sitja við sama eins og nú er, að þau l., sem nú gilda, stæðu óbreytt, og að synjunarréttur sveinafélaganna héldist.

Hinsvegar, til þess að gera þetta frv. ekki að *hnefahöggi í andlit allra iðnaðarmanna í landinu*, jafnt meistara og sveina, þá álít ég nauðsynlegt að samþ. þær till., sem hér hafa komið fram á þskj. 376 og 377, því að þær tryggja iðnaðarmönnum umráð yfir sínum eigin málefnum, en jafnvel þó að þær brtt. yrðu að l., þá er réttur sveinafélaganna samt sem áður stórkostlega skertur.

Frsm. (Emil Jónsson): Það eru aðeins örfá orð til hv. þm. A.-Húnv., af því að ég kann því ekki, að hann sagði við mig, að ég hefði farið rangt með, að samkv. hans till. væri vinnutími nemendanna lengdur. — Ég fullyrði þetta, — og ég skal sanna þetta. Það stendur í l. eins og þau eru nú, með leyfi hæstv. forseta: „Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 60 klst. á viku, að meðtöldum kaffihléum ½ klst. tvisvar á dag eða tilsvarandi styttingu á daglegum vinnutíma annars". Í brtt. hv. þm. stendur, að niður falli „½ klst. tvisvar á dag". Þá verður gr. svona: „Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 60 klst. á viku, að meðtöldum kaffihléum", o. s. frv. Þá *stendur ekkert um það*, hvað kaffihléin eigi að vera löng, heldur fer það eftir geðþótta meistaranna, hve löng þau eigi að vera, og þeir hefðu þannig möguleika til að auka vinnutíma nemendanna um 6 klst. á viku.

Þá er annað, sem hann sagði, að líka væri rangt hjá mér, að það væri verið að herða á böndunum með hans till. — þvert á móti væri verið að losa þau —, og sagði, að í l. væru ákvæði um það, með hvaða kjörum nemendurnir væru ráðnir. Það er ekki rétt. Þetta eru aðeins samningsatriði. Það stendur í 4. gr. l., að það skuli tiltekið í námssamningi, með hvaða kaupi og kjörum nemendur séu ráðnir, og ef þetta er ekki tryggt með samtökum hlutaðeigandi stéttar, þá eru nemendurnir í hverju einstöku tilfelli ofurseldir því, hver kjörin eru.

Það var einkum þetta, sem ég vildi taka fram.

Viðvíkjandi hv. 1. þm. Árn. og okkar ágreiningi hefi ég ekkert frekar að segja. Við höfum þar hvor sína skoðun á málinu. Ég held, að pólitísk kosning tryggi á engan hátt hlutleysi, heldur sú aðferð, sem ég vil hafa, að taka þessa menn úr samtökum iðnaðarmanna sjálfra.

Ég vil enda á, að einhver sagði, að þessi iðnaðarnámslög hefðu nú verið í gildi í tvö ár og að þau hafi valdið svo miklum erfiðleikum, að í sumum iðngreinum hefðu ekki verið teknir nemendur í 4 ár. Þetta getur ekki verið rétt, því að l. eru ekki nema tveggja ára. Ennfremur vil ég vekja athygli á því, að l. eru ekki að fullu komin í framkvæmd ennþá, því að ekki hefir verið gefin út sú reglugerð, sem l. gera ráð fyrir, og yfirleitt hefir ekki verið hægt að hafa á þessu eðlilegan gang, vegna þess að reglugerðin er ekki til, og um það er ekki hægt að kenna l.

***Jörundur Brynjólfsson:** Það er aðeins eitt atriði í því síðasta, sem hv. 7. landsk. drap á. — Það veit hv. þm. alveg eins vel og ég, að úr því að l. eru þannig úr garði gerð, að annar aðilinn hefir synjunarvald, þannig að engir nemendur séu teknir í viðkomandi iðn, þá er ómögulegt að breyta slíku með reglugerð. Þetta er stórvægilegt atriði, og þetta er nóg. Ég þarf svo ekki að fjölyrða um þetta frekar.

ATKVGR.

Brtt. 395,1 felld með 17:3 atkv.
— 395,2—3 tekin aftur.
— 377 felld með 17:8 atkv.
— 384 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 376,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 376,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 376,3 samþ. með 20:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JGM, JPálm, PHann, SEH, SK, SKG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GSv, JörB.

nei: HG, HV, ÍslH, VJ, ÁÁ, EOl, EmJ.

6 þm. (JakM, ÓTh, PO, BJ, FJ, GG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 411).

Á 60. fundi í Ed., 3. maí var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 3:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, IngP, PHerm, PZ, EÁrna.

nei: BrB, ErlÞ, SÁÓ.

5 þm. (GL, HermJ, JJós, JJ, MJ) fjarstaddir.

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Eins og frv. þetta var upphaflega borið fram hér á Alþ., var það bein árás á iðnaðarmannasamtökin. Að vísu hefir það lagazt dálitið í meðferðinni í hv. Nd., en þó er það afleitt eins og það er enn, þrátt fyrir lagfæringarnar. Þær skemmdir á l. um iðnaðarnám, sem í frv. felast, eru aðallega þessar: Í fyrsta lagi, að réttindi iðnráðs eru afnumin í veigamestu málunum og í stað þess settir iðnaðarfulltrúar, sem eru skipaðir af atvmrh. eftir tilnefningu iðnn. Alþ. og þar með raunverulega kosnir af iðnn. Alþ., þ. e. a. s. þeir verða fulltrúar stjórnmálaflokka, sem valdir eru af pólitísku handahófi og mikil hætta er á, að skorti bæði þekkingu og velvilja í garð iðnaðarmanna. Hér er verið að fara inn á hættulega braut, sem sé að færa meðferð þessara mála úr höndum fulltrúa þeirrar stéttar, sem hlut á að máli og hljóta að hafa mestan áhuga fyrir og þekkingu á málinu. Þetta er hættuleg braut. Og því skyldi ekki mega gera ráð fyrir,

að brátt verði þessum aðferðum beitt gegn öðrum stéttum en iðnaðarmönnum? Þetta er fyrsta atriðið.

Í öðru lagi eru sveinafélögin svipt með þessu frv. því valdi, sem þau hafa samkv. núgildandi l., til að hafa eftirlit með námssamningum og hlutfallinu milli sveina og nema í iðninni og eftirlit með samningum milli félaga í iðninni. Það, sem er einna athyglisverðast í frv., fyrir utan allt þetta, er hroðvirknisbragurinn á öllu frv. og hve vanhugsað það er, eins og von er til, þegar menn með nauða litla þekkingu á þessum málum hlaupa til og raska heilu kerfi, sem nýbúið er að stofna. Ég vil nefna sem dæmi úr 1. gr. frv., að þegar um skriflegan námssamning er að ræða, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og ennfremur skulu iðnaðarfulltrúar rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er þeir hafa komið sér saman um að setja um slíka samninga. Þetta þýðir, að námssamningur er ekki tekinn gildur, og hlutaðeigandi mönnum þýðir ekkert að gera samning, ef þeir uppfylla ekki þau skilyrði, sem iðnaðarfulltrúarnir setja, alveg eftir sínum geðþótta. Það er fram úr skarandi vanhugsað af flm. þessa frv. að ætlast til, að annað eins og þetta verði sett í l.

Hugsunin með þessu frv. er sú, að mér skilst, að afstýra því, að sveinafélögin í iðnaðinum geti takmarkað nemendafjöldann meira en góðu hófi gegnir. Ég býst nú við, að þeir hv. þm., sem að þessu standa, hafi alls ekki gert sér það ljóst, hvílíkt þjóðþrifastarf sveinafélögin hafa unnið með því að hafa eftirlit með þessum málum. Án eftirlits sveinafélaganna með þessum málum myndu nemendurnir vera notaðir takmarkalaust sem ódýrt vinnuafl, en gætu hinsvegar sáralítið lært af þeirri iðn, sem þeir eiga að vera að læra, af því að allt of fáir sveinar væru til að kenna þeim. Þegar um það er að ræða að takmarka nemendafjöldann í iðnunum, þá er að fara eftir þeirri reglu, að tryggja verður það, að hlutfallið milli sveina og nemenda sé þannig, að nemendunum sé í raun og veru tryggð kennsla í iðninni, en að ekki sé hægt að nota þá sem ódýrt vinnuafl án þess að kenna þeim iðnina, eins og tíðkazt hefir í iðnaðinum hér á landi í stórum stíl, áður en sveinafélögunum auðnaðist að kippa þessu í lag með sínu eftirliti. — Ef þessari reglu er fylgt um takmörkun nemenda, þá liggur það í augum uppi, hvílíkt þjóðþrifastarf sveinafélögin eru að vinna með þessu eftirliti, og því á að tryggja þeim þennan rétt með l.

Við þessa reglu hafa sveinafélögin í iðnaðinum yfirleitt reynt að halda sér, og svo lengi, sem sveinafélögin halda sér við þessa reglu, misbeita þau ekki því valdi, sem þau nú hafa samkv. núgildandi iðnaðarlöggjöf. Það er áreiðanlega auðvelt að komast að samkomulagi við sveinafélögin, sem útiloka alla misbeitingu á þessu valdi þeirra; á því er ekki nokkur vafi. Ég veit, að þeir flokkar, sem hafa mest fylgi meðal iðnaðarmanna, en það eru verkalýðsflokkarnir, Kommfl. og Alþfl., vilja skilyrðislaust beita sér fyrir því, að þessu valdi sé á engan hátt misbeitt. Og ég veit, að sveinafélögunum hefir verið og verður það meira og meira ljóst, að þessari reglu beri að fylgja, og þeirri reglu munum við fylgja í framtíðinni.

En ef Alþ. væri það kappsmál að vilja útiloka allt handahóf í þessum málum, þá ætti að fara allt aðrar leiðir en hér hafa verið farnar, þá ætti að setja l. um hámarkstölu nema í hlutfalli við sveina svo að trygging fengist fyrir því, að nemendunum væri kennd iðnin, og jafnframt l. um lágmarkskaup iðnnema, sem tryggði það, að ekki væri hægt að nota nemendurna sem féþúfu fyrir meistara í stað þess að kenna þeim. Ef slík l. væru samþ., þá væru náttúrlega þessi afskipti sveinafélaganna ekki nauðsynleg, nema til eftirlits með því, að l. væru haldin.

Frv. þetta er að mínum dómi, þrátt fyrir þær lagfæringar, sem á því hafa verið gerðar, svo mikið vansmíði, að ég vildi helzt, að hv. dm. sæju sóma sinn og Alþ. í því, að láta það daga uppi, en til hv. iðnn. vildi ég beina þeirri áskorun, að taka það a. m. k. til alveg sérstaklega rækilegrar meðferðar.

Ég mun svo bíða eftir áliti n. og þeim till., sem frá henni kunna að koma, áður en ég ber fram brtt. við þetta frv.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Mér þykir rétt, áður en þetta frv. fer til n., að gera nokkra grein fyrir þeirri afstöðu, sem ég, og mér er óhætt að segja Alþfl. í heild, hefir til þessa frv.

Þetta frv. er nú eitt af þeim frv., sem Framsfl. því miður hefir séð ástæðu til að knýja fram í gegnum Alþ., gegn vilja Alþfl. og í samstarfi við aðalstjórnarandstöðuflokkinn, Sjálfstfl., því að með hjálp nokkurra fulltrúa hans í Nd., hefir tekizt að koma því frv., sem hér liggur fyrir, í gegnum þá hv. d. og hingað. Aðalbreyt. frá þeim l., sem gilt hafa um iðnaðarnám, sem eru sett fyrir mjög stuttum tíma og því alls ekki fengin nein veruleg reynsla um, hvernig þau l. muni reynast, er sú, að með þessu frv. er verið að taka ákvörðunarvaldið úr höndum þeirra manna, sem eiga með þessi mál að fara, sem sé sveina og meistara, og færa valdið í hendur hinna pólitísku aðilja, því að með þeirri breyt., sem hér er gerð, eiga iðnn. Alþ. að kjósa þá menn, sem eiga um það að dæma, hvernig námssamningar eigi að vera milli þeirra aðilja, sem þurfa að koma sér saman um þessi mál.

Eftir því sem fram mun hafa komið í umr. í Nd., mun það sérstaklega hafa vakað fyrir flm. þessa frv. að gera þessa breyt. vegna þess, að hann hafi álitið, að stéttarfélögum sveina væri með iðnaðarnámslögunum gefið of mikið vald til þess að koma í veg fyrir það, að hægt væri að fá nýja nemendur inn í iðngreinarnar.

Að vísu mun það rétt, að í einni iðngrein hér í Reykjavík munu ekki hafa verið teknir neinir iðnnemar nú nýlega, og það er hjá rafvirkjum. Hitt er jafnframt vitað mál, að ekki hafa verið gerðar neinar ýtarlegar tilraunir til þess að fá samkomulag á milli aðiljanna, sem hér eiga hlut að máli, sveina og meistara, um það, hvort taka mætti nemendur og hversu marga, og ég er þess fullviss, að ef það væri reynt til hlítar, myndi komast á samkomulag í þessari iðngrein

eins og hinum. Það er vitanlega ljóst mál, að það nær ekki nokkurri átt, að breyta l. í þá átt sem hér er gert og taka ákvörðunarvaldið úr höndum þeirra, sem um þessi mál eiga að fjalla. fyrir þá sök eina, að eitthvert missætti hafi komið milli aðiljanna í þessari iðngrein, án þess að reynt hefir verið að koma sáttum á.

Þá er líka annað atriði hér, sem hefir verulega þýðingu. Það er lagt til, að þessir 3 iðnaðarfulltrúar, sem eiga um þessi mál að dæma, skuli vera búsettir hér í Reykjavík, og jafnframt tekið fram, að enginn námssamningur neinsstaðar á landinu skuli vera gildur nema 2 af þessum 3 mönnum skrifi upp á samninginn. Nú er það svo samkv. gildandi l., að þessi samningur er gildur, ef meistarar og sveinar undirrita samninginn og svo viðkomandi lögreglustjóri. Með þessari breyt. getur það orðið útilokað, að í kaupstöðunum utan Reykjavíkur sé hægt að koma að þeim iðnnemum, sem þyrfti, og þar sem iðnráð eru ekki starfandi, fullyrði ég, að þessir 3 menn, sem yrðu pólitískt kosnir, kosnir af iðnn. beggja d. þingsins, hefðu enga aðstöðu, eða a. m. k. ekki eins mikla aðstöðu eins og þarf, til að dæma um það, hversu mikil þörf eða ekki þörf er fyrir iðnaðarnám á hinum ýmsu stöðum úti á landi.

Hv. 1. landsk. drap á það hér áðan, og það er vitað mál, að einmitt þetta iðnaðarnám hefir verið í sumum iðngreinum gersamlega misnotað af meisturunum. Þeir hafa tekið þessa menn, sem áttu að læra hjá þeim, látið þá starfa hjá sér í 3—4 ár fyrir lítið sem ekkert kaup, án þess að kenna þeim eiginlega neitt, en tekið fullt kaup fyrir þá vinnu, sem þessir menn hafa framkvæmt. Þess vegna hefir a. m. k. úti á landi myndazt allstór stétt af mönnum, sem áttu að vera lærðir og áttu að vera færir um, eftir þann tíma, sem þeim var ætlaður til lærdóms, að taka að sér t. d. húsabyggingar og önnur þau störf, sem iðnaðarnám þarf til, en alls ekki voru færir um þetta, að þeim tíma liðnum, sem þeir höfðu lært eða áttu að læra.

Áður en iðnaðarmenn sjálfir tóku í taumana, var þetta þannig, að um leið og meistarar höfðu útskrifað — getum við sagt — þessa menn, tóku þeir nýja menn í starfið og sögðu hinum upp atvinnu, og þessum mönnum, sem búnir voru að vinna í 3—4 ár fyrir lítið sem ekkert kaup, var kastað út í atvinnuleysið á ný. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að einmitt sveinafélögin taki þetta mál til sérstakrar meðferðar, því að það er vitanlega engin bót á atvinnuleysinu, að á hverjum tíma sé hópur af mönnum, sem vinni fyrir lítið kaup hjá meisturunum, en síðan, þegar þeir séu búnir að fá þetta nám, séu nýir menn teknir í staðinn, en þeir sjálfir hafi ekkert að gera.

Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. fari nú til hv. iðnn., og vitanlega væri það það bezta, sem hægt væri að gera við þetta frv., að það fengi að daga uppi, a. m. k. á þessu þingi, því að ef á að fara að breyta iðnaðarnámslögunum, þá þarf miklu rækilegri og betri undirbúning en þann, sem hér hefir átt sér stað.

Eins og ég tók fram í upphafi míns máls, þá eru þessi l. ekki það komin til framkvæmda ennþá, að hægt sé um það að segja, hvort vert sé að gera breyt. á þeim, og a. m. k. er það álit þeirra manna, sem til þekkja og hafa um þessi mál fjallað, að þær breyt., sem hér liggja fyrir, séu gersamlega óhæfar með öllu. Hitt er annað mál, ef einhver sérstök iðngrein, sem getur tekið á móti nýjum mönnum, ætlar að koma í veg fyrir það, að nýir menn komist að, þá getur komið til aðgerða Alþ. að sjá um, að það verði ekki gert. En mér er ekki kunnugt um, og ég hefi ekki heyrt því haldið fram undir umr., að hér væri um að ræða nema eina einustu atvinnugrein. Ég tel, að ekki hafi verið gert það, sem hægt er, til að fá samkomulag um það mál, og ég tel alveg ófært, þótt einhver misklíð hafi komið upp í einni iðngrein, að taka áhrifavaldið af fulltrúum frá öllum hinum iðngreinunum, sem undir þessi l. heyra. Ég vænti þess vegna, að hv. dm. athugi vel þetta mál, áður en það verður tekið til nokkurrar sérstakrar afgreiðslu.

*__Magnús Jónsson:__ Það er nú náttúrlega ekki mitt hlutverk að bera sáttarorð á milli stjórnarflokkanna, en ég verð að játa, að ég hefi ekki fylgzt svo með gangi málsins, að ég geti andmælt því, sem hv. 11. landsk. sagði, að Framsfl. væri að knýja þetta mál í gegn gegn vilja Alþfl., en ég hefi hér fyrir mér nál. á þskj. 376, sem ég sé, að er undirritað af fulltrúa Alþfl. í hv. iðnn. Nd., þar sem hann er meira að segja frsm. fyrir því að mæla með því, að frv. verði samþ. Mér sýnist þess vegna, eftir því sem þetta skjal lítur út, að sæmilegt samkomulag sé um þetta mál, og það gerir mitt hjarta rólegra að sjá á þessu skjali, að stjórnarsamvinnan sé nú ekki í neinni hættu. Annars er það svo um þetta mál, að það er eitt af þeim málum, sem er talsvert mikill vandi að skipa. Handiðnaðurinn er að því leyti nokkuð sérkennilegur, að hann á sína merkilegu sögu frá fyrri tímum, þegar hver iðngrein var svo að segja lokuð inni í þröngum félagsskap, sem enginn lifandi maður mátti komast inn í frekar en í Hið allra helgasta í musterinu í Jerúsalem. Menn lokuðu sig þar inni, og hver iðngrein var eins og eitt heimili.

Þetta upplýstist svo meira og minna með þeim frjálsu viðskiptum, sem tekin voru upp í heiminum um stund. En iðnaðurinn sýnir þessa sömu tilhneigingu aftur um leið og sú tilhneiging fer að aukast, að menn skipi sér í stéttarfélög til að vernda sína hagsmuni. Þess vegna er mjög áríðandi fyrir löggjafann að hafa vakandi auga á því, án þess þó að skerða rétt manna til félagsskapar um sín hagsmunamál, að samtök á þessu sviði séu heldur ekki misnotuð.

Ég hefi skilið þetta frv. svo, að það sé tilgangurinn með því að girða fyrir eina misnotkur, sem virðist hafa verið farið að bera dálítið á, sem sé þá misnotkun, að tryggja fyrst ákveðinni stétt, að hún ein megi vinna verk fyrir þjóðfélagið, og hún síðan útiloki menn frá því að komast inn í stéttina og geti þannig skapað öllum almenningi þau kjör, sem henni sýnist. Iðnaðarmenn vinna svo mörg nauðsynjastörf fyrir almenning, að það er fullkomin skylda löggjafarvaldsins að veruda almenning fyrir allri óeðli-

legri þvingun frá hendi þessara manna. Þeir eru verndaðir af löggjafarvaldinu, og þá hefir löggjafarvaldið líka fullkominn rétt til að grípa inn í, ef því finnst, að sú vernd ætli að snúast gegn almenningshagsmunum í landinu.

En það, sem hér er um að ræða, er, að það hefir borið á þessu sérstaklega í einni iðngrein. Mér virðist, að þeir tveir hv. þm., sem tekið hafa til máls, tali eins og það sé meiningin með þessu frv., að setja allt í rústir aftur. Nú eigi að fara að hrúga inn í iðngreinarnar einhverjum dæmalausum sæg af nemendum og henda sveinunum út á kaldan klakann. Ég sé ekki, að það sé tilgangurinn með frv., heldur sé tilgangurinn sá, að þarna komi inn aðili, sem vegna atvinnu sinnar hafi ekki beina hagsmuni af því, hvort nemendur séu of margir eða of fáir, og skapi skilyrðin fyrir því, hversu margir nýliðar séu teknir inn í iðngreinarnar, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir, sem sjálfir eru í iðngreinunum, séu ekki dómbærir á þetta. Þeir geta verið ágætir menn fyrir því.

Ég hefi þess vegna litið svo á, að með þessu fyrirkomulagi sé einmitt verið að reyna að sneiða hjá því, að hallað sé á annanhvorn aðiljann, en að tilgangurinn sé alls ekki sá, að gefa t. d. meisturunum fullkomið vald í þessum efnum, því að þessir iðnaðarfulltrúar eiga að ákveða þetta, og að það sé ekki nokkur minnsta ástæða til að ætla, að þeir yrðu á nokkurn hátt vilhallari meisturunum frekar en sveinunum. Það yrðu sennilega stærstu pólitísku flokkarnir á Alþ., sem myndu ákveða þetta, og í langflestum tilfellum myndu verða skipaðir einhverjir alþekktir menn, sem væru kunnugir iðnaðarmálum, án þess að þeir hefðu hagsmuna að gæta í þessu efni.

Ég vildi bara segja þessi fáu orð, af því að ég vildi ekki láta fylgja þessu máli eingöngu andmæli og þann skilning á því, að það væri sett til höfuðs einhverjum ákveðnum mönnum, t. d. sveinunum, því að ég þykist vita, að það sé ekki tilgangurinn; og ef það væri tilgangurinn, þá væri honum á engan hátt náð með þessu frv.

Forseti (EÁrna): Ég hafði hugsað mér, að þetta frv. gæti gengið til n., en fundur hefir verið boðaður í Sþ. kl. 2 í dag.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég skal ekki lengja þessar umr. öllu meira á þessu stigi málsins, vegna þess að þetta frv. kemur til þeirrar n., sem ég á sæti í og er form. í. En út af því, að hv. 1. þm. Reykv. var að tala um samkomulag í iðnn. Nd., þá vildi ég segja, að það er rétt, að frv. var afgr. til d. með brtt. af iðnn., og undirskrifaði fulltrúi Alþfl. í n., hv. 7. landsk., nál. En jafnframt er það tekið fram, að um aðrar brtt. áskilji nm. sér óbundið atkv. — Mér er það vel kunnugt,, bæði eftir samtali við hann, og eins eftir að hafa hlustað á umr. í d., að hann klauf sig ekki út úr n., af því að hann taldi þær brtt., sem fram komu frá n., til mjög mikilla bóta. T. d. er það tekið fram í brtt. n. við 1. gr., að á þeim stöðum, þar sem félög sveina og meistara í einhverri iðngrein hafi komið sér saman um tölu iðnnema, kaup og kjör, skuli því samkomulagi ekki raskað af iðnaðarfulltrúum. Vitanlega er þetta ákvæði til stórra bóta, og það, sem við viljum, er einmitt það, að fullkomið samkomulag sé á milli þessara beggja aðilja.

Þá vil ég benda hv. 1. þm. Reykv. á, að hv. 7. landsk. bar fram, ásamt hv. þm. Ak., sem er tilheyrandi flokki þessa hv. þm., brtt. sem fór í þá átt, að iðnaðarfulltrúar skyldu vera skipaðir af atvmrh., einn samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, annar samkv. tilnefningu Iðnráðs Reykjavíkur og sá þriðji án tilnefningar. Þessi brtt., ef hún hefði verið samþ., en hún var nú felld, hefði verið til stórra bóta, því að þarna hefðu komið inn fulltrúar frá báðum þeim aðiljum, sem um þessi mál eiga að fjalla, og sá þriðji, sem hefði getað haft úrskurðarvald, tilnefndur af ráðh.

Ég get ekki fallizt á þá skoðun hv. 1. þm. Reykv., að þeir aðiljar megi ekki koma nálægt þessu, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, og að þeir, sem við iðnaðinn vinna, séu ekki dómbærir um það, hversu margir nemendur geti verið á hverjum tíma. Ég hygg, að það sé þveröfugt. Ég hygg, að engir ættu að vera eins dómbærir um þetta eins og þeir menn, sem vinna að starfinu. Það getur vitanlega orðið ágreiningur á milli meistara og sveina, en það eru engir aðrir en þessir tveir aðiljar, sem betur vita um þörfina fyrir nýja menn.

Ég hygg, að hv. 1. þm. Reykv. geti við nánari athugun orðið mér sammála um þetta. Það getur vitanlega orðið deila á milli þessara aðilja, en að það séu aðrir frekar dómbærir um þessi mál, það get ég ekki fallizt á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 411, n. 476, 480).

***Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** N. gat ekki orðið samdóma um þetta mál. Hv. 11. landsk. klauf sig út úr, og mun hann gera grein fyrir sinni afstöðu. Málið er mjög kunnugt, og get ég verið fáorður um það.

Það, sem vakti fyrir okkur meiri hl., hv. þm. Hafnf. og mér, er að gera litla tilraun til að leysa lítið brot af þeim mikla vanda, sem iðnaðarmenn eru nú í, sem er í stuttu máli sá, að í skjóli iðnlaganna hafa mörg iðnfélög hallazt að þeirri skoðun, að útiloka menn frá námi, og er það komið einna greinilegast fram í rafmagnsnámi í sambandi við þær stórkostlegu framkvæmdir á því sviði, sem fram hafa farið hér í Reykjavík og á Ísafirði, og þessi aðferð sveina og meistara, að nota sér rétt þann, sem þeir fengu með iðnlögunum, til að skera niður alla viðbót, hefir t. d. nú þegar haft þær afleiðingar, að í Iðnskólanum í Reykjavík hefir nemendum fækkað um einn þriðja síðustu missirin, eingöngu vegna þess, að iðnnemar eru ekki til. Í Vestmannaeyjum hefir kunnugur maður sagt mér, að væru t. d. 4 menn, sem hefðu leyfi til að

halda á múrskeið, en allir aðrir, sem kunna að snerta á múrun sem daglaunavinnu, þeim er það óheimilt og geta átt á hættu, að þeim verði veitt aðför og þeim veittar þungar búsifjar af iðnaðarmönnunum.

Í rafmagnsiðninni er þetta svo, að þeir, sem l. samkvæmt mega vinna þar, njóta oft hvorki svefns né matar fyrir vaxandi þörf fyrir rafmagnsvinnu, og gerir það þeirra hlutskipti alveg óbærilegt. Nú er hægt samkvæmt sambandslögunum að kalla inn menn frá Danmörku, og það verður efalaust gert, og mun hafa verið gert nú þegar, því að það eru allháar tölur útlendinga í sumum iðngreinum, einkum mun Dönum hafa fjölgað í skjóli sambandslaganna. Á sama tíma er fjöldi ungra manna og kvenna, sem ganga iðjulaus og þurfa um fram allt að fá vinnu, en þeim er haldið frá því. Svo er annað í þessu, sem hefir komið illu blóði í fólkið. Ég veit um það hér í Reykjavík, þar sem ég þekki bezt til, að sjómenn og verkamenn segja: Það er opið aðstreymi til okkar, en aftur á móti mega börnin okkar ekki verða iðnaðarmenn. Þau eru útilokuð frá því. Verkamönnum og sjómönnum finnst þetta vera að verða einskonar stéttaskipting eins og í Indlandi, þar sem viss hópur manna er fyrir neðan hinar löglegu stéttir.

Sannast er bezt að segja, að á iðnlögunum eru margir og stórir gallar, fleiri en þeir, sem hér er tekið á, og það er víst, að á næsta þingi verður að taka þá fyrir, ef ekki á að verða meiri skaði að. Ég fer ekki lengra út í það hér. Við höfum aðeins gert litla tilraun um að leggja eitt atriði undir óháðan dómstól, sem þjóðfélagið hefir sett, til að láta hann skera úr, hvort rétt sé að neita unglingunum um vinnu, af því að þeir, sem áður eru búnir að læra hana, vilja ekki láta þá fá vinnuna.

Hv. 11. landsk. kom með aðrar till. um að koma þessu þannig fyrir, að iðnfélögin töpuðu ekki valdi sínu, en ég held, að hann hljóti að sjá, að hér er annaðhvort að hrökkva eða stökkva. Iðnfélögin hafa misnotað þetta vald í stórum stíl á þann hátt, að þjóðfélagið getur ekki þolað það lengur. Líkt dæmi höfum við haft, þar sem Stýrimannafélagið, þessi fámenni hópur, er búið að sýna sinn mátt nokkra daga svo kröftuglega, að ég veit um eitt félag, sem hefir tapað 60 þús. kr. í beinhörðum peningum þessa fáu daga, sem skipin hafa legið aðgerðarlaus. Svo mikið kostaði það, áður en stýrimennirnir gáfust upp á sínu eigin bragði og komu til þjóðfélagsins og sögðu: Bjargið okkur frá okkur sjálfum. Iðnaðarmenn eru ekki enn búnir að sjá þessa hættu, en þessi lagagrein lýtur í þá átt að bjarga iðnaðarmönnum frá þeim sjálfum og bjarga þjóðarhagsmununum frá því að verða að lúta fyrir þessum stéttarhagsmunum.

Við framsóknarmenn völdum eitt litið atriði úr ágöllum iðnaðarl. sem tilraun til að sjá, hvernig hv. Alþ. tæki í hana. Þessi tilraun hefir gengið vel; menn með ábyrgðartilfinningu eru með henni, en kommúnistar eru á móti henni, eins og vera á. Aftur á móti er það leiðinlegt, að jafnmætur maður og hv. 11. landsk. skuli hafa glapizt af sinni góðu og dyggðum prýddu sósíalistabraut inn á þessar villigötur. Ég er þess viss, að hann mundi vilja gera minningu þess hv. þm., sem þetta sæti átti, og allra manna var samningaliprastur, sem mestan sóma með því að athuga á ný gang þessa máls, áður en það er orðið of seint.

Ég hefi skýrt hér, að ekki er um neina endurskoðun iðnaðarl. að ræða, heldur einn af verstu stöðunum tekinn til athugunar til að vekja þjóðfélagið til vitundar um þá hættu, sem hér er á ferðum.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni og okkar alþýðuflokksmanna til þessa máls, eins og hún hafði verið í hv. Nd. og eins og hún er hér í hv. Ed. Það er rangt hjá hv. þm. S.-Þ., að við höfum aðra afstöðu hér en í hv. Nd. Þar voru gerðar mikilsverðar breyt. á frv., frá því sem það var fyrst flutt. Þær till. voru ekki einungis fluttar af Alþfl.mönnum, heldur og af einum sjálfstæðismanni, og eru það samskonar till., sem við hv. 3. landsk. flytjum hér og ég tel vera mikið til bóta. Okkur er ljóst af því kappi, sem þetta mál er flutt með, að það muni eiga að knýja það í gegn, svo ekki er um annað að gera en að reyna að fá það bætt, þar sem ekki mun vera hægt að koma í veg fyrir, að það verði samþ. Úr því að hv. þm. S.-Þ. er farinn út úr d., ætla ég ekki að fara að deila á hann og benda á þær villur, sem koma fram í þessu máli. En ég vil lýsa því yfir fyrir mína hönd og hv. 3. landsk., að við munum taka aftur brtt. okkar til 3. umr. Mun ég reyna að ná saman fundi í iðnn. fyrir þann tíma, ef hægt væri að ná samþykki um einhverjar aðrar brtt., sem mættu verða til bóta á þessu frv.

ATKVGR.
Brtt. 480 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 411, 480).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

__Brynjólfur Bjarnason:__ Herra forseti! Ég vildi fara þess á leit, að málinu yrði frestað augnablik og eitthvert annað mál tekið fyrir fyrst, því að mér er kunnugt um, að það eru á leiðinni brtt.

Umr. frestað um stund.

__Forseti (EÁrna):__ Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. þm., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 525.]

Brtt. er of seint fram borin, auk þess sem hún er skrifleg, og þarf því afbrigða frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Brynjólfur Bjarnason: Ég þarf ekki langa framsögu fyrir þessum brtt., því að ég var búinn að mæla fyrir þeim þegar við 1. umr. málsins.

Hvað snertir fyrri brtt., þá finnst mér, að hv. þdm. ættu að fallast á hana, þar sem hún fer ekki fram á annað en að lagfært sé ákvæði, sem sett er í l., en getur ekki gengið eins og það er, sem sé að iðnaðarfulltrúar eigi að rita vottorð sitt á námssamning um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem þeir koma sér saman um. Á hinn bóginn finnst mér rétt að hafa þetta eins og stendur í núgildandi l., að námssamningur verði að fullnægja þeim skilyrðum, sem félög í iðngreinum koma sér saman um, ef á annað borð þeir samningar eru fyrir hendi. Allir hljóta að fallast á, að nauðsynlegt er, að námssamningur milli meistara og nema sé í samræmi við slíkt samkomulag. Ég trúi því ekki öðru en að hv. d. geti fallizt á að samþ. þessa brtt.

Þá er hin till. min. Um hana kynni að verða meiri ágreiningur. Hún fer sem sé fram á, að 5. gr. hljóði einfaldlega þannig, að með þessum l. séu úr gildi numin öll lagaákvæði, sem komi í bága við þessi l., þannig að geti enn verið í gildi 15. gr. l. nr. 105 frá 1936, sem sé að það sé skylt, að námssamningur sé áritaður af sveinafélagi, ef það er á staðnum. Ég sé heldur enga ástæðu til að nema úr gildi önnur ákvæði annara l. en þau, sem tvímælalaust koma í bág við þessi l., svo að mér þykir líklegt, að þessi till. verði einnig samþ.

ATKVGR.
Brtt. 525,1 felld með 9:3 atkv.
— 480 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 525,2 felld með 9:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 529).
Á 73 fundi í Nd., 11. mai, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 529, 536).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Brtt. á þskj. 536, sem við kommúnistar berum fram, gengur út á að tryggja það, að svo framarlega að iðnfélag sé til á staðnum eða iðnfélög, þar sem námssamningur er gerður, og hafi þau komið sér saman um það, hve margir nemarnir skuli vera og annað slíkt, þá sé það skilyrði sett iðnaðarmönnum, sem taka nemenda til þess að kenna iðn sína, að iðnfulltrúar riti á námssamninginn vottorð um, að nemandinn fullnægi þeim skilyrðum, sem iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga. Það er nú búið að ræða það mikið um þetta mál, að ég held, að ekki þurfi að hafa langar umr. um þetta atriði.

Ég sé, að frv. hefir tekið miklum breyt. til bóta í hv. Ed., og ef þessar brtt. okkar kommúnista verða samþ., þá væri brott numið úr frv. það, sem helzt er í því skaðlegt.

Sama máli er að gegna um 2. brtt. okkar, sem gengur út á að fella niður það úr frv., að sveinafélög missi réttinn til að árita samningana, þannig að ef brtt. okkar verður samþ., hafa sveinafélögin þann rétt. Þetta er til samræmis við fyrri brtt.

Ætla ég svo ekki að orðlengja frekar um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 536,1 felld með 15:4 atkv.
— 536,2 felld með 18:3 atkv.
Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 597).

57. Mæðiveiki.

Á 68. fundi í Nd., 9. mai, var útbýtt:
Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni (þmfrv., A. 483).

Á 70. fundi í Nd., 10. mai, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti! Það er nú hvorttveggja, að frv. þessu fylgir nokkuð ýtarleg grg., sem ég geri ráð fyrir, að þm., sem áhuga hafa fyrir að kynna sér þetta mál — og það vænti ég að séu allir þm. —, hafi lesið, og svo hitt, að nokkuð þarf að hraða þessu máli, til þess að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Mun ég þess vegna ekki tala mjög langt mál við þessa umr.

Þetta frv. er, eins og í grg. er getið, mjög áþekkt gildandi lögum um sama efni. Er þeim steypt saman í einn lagabálk, endurskoðuðum og breyttum í samræmi við þá reynslu, sem síðan er fengin við framkvæmd þeirra og útbreiðslu veikinnar. Ég skal ennfremur geta þess hér, sem einnig er minnzt á í grg., að þótt frv. sé borið fram af landbn. Nd., þá standa landbn. beggja deilda að undirbúningi frv., og mun landbn. Ed. taka við því í höfuðatriðum eins og það liggur hér fyrir og verður, þegar það kemur til hennar, ef Nd. breytir því ekki. Ég skal geta þeirra aðalbreyt., sem n. leggja til, að gerðar verði á gildandi l. Þá er þess fyrst að geta, að samkv. gildandi l. er 3 manna n. skipuð af landbrh. eftir till. landbn., sem fer með þessi mál, og framkvæmdastjóri undir yfirstjórn landbrh. Ástæðan til að hafa 5 manna n., eins og nú er lagt til, í stað 3 manna, er m. a. sú, að í jafnviðkvæmu máli hefir það komið skýrt fram, að nauðsynlegt er, að fleiri aðiljar fái hér íhlutunarrétt. Bæði eru bændur, sem búa utan mæðiveikissvæðisins og er sérstaklega annt um, að varnir séu í lagi, þá eru og einnig þeir, sem búa á hinum sýktu svæðum og hafa sérstakra hagsmuna að gæta um bætur fyrir tjón af völdum veikinnar. Eins og nú standa sakir, eru það aðallega full-

trúar frá þeim héruðum, sem einkum hyggja á varnir, sem skipa þessa n. og munu sennilega gera áfram. En það þykir einnig hentugt, að til komi 2 menn innan þeirra svæða, er sýkt eru. Með varnirnar er sjálfsagt, að gerðar verði þær breyt. með frv., sem nauðsynlegar eru vegna þess, að þær varnarlínur, sem ákveðnar eru í gildandi lögum, eru þegar orðnar gagnslitlar eða gagnslausar, af þeim ástæðum, að veikin reyndist komin meira og minna út fyrir aðalvarnarlínuna. Þess vegna verður að setja nýja og trausta varnarlínu. Aðalvarnarlínurnar skulu þessar: Meðfram Þjórsá frá sjó og upp í Hofsjökul, meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul. M. ö. o. sé reynt að gera öruggar varnarlínur til þess að verjast frekari útbreiðslu austur á bóginn. Þá er nauðsynlegt að treysta nokkuð varnirnar á Vestfjörðum, þar eð veikin er komin vestur fyrir Gilsfjarðar- og Bitrufjarðargirðinguna. Það hefir verið nokkur ágreiningur í n. um það, hvernig haga skuli aðalvarnarlínunni á Vestfjörðum. Í frv. því, sem lagt var fyrir landbn., endurskoðað af mæðiveikisn. og framkvæmdarstjóra varnanna, þá var gert ráð fyrir því, að aðalvarnarlínur á Vestfjörðum skyldu settar tvær. Önnur úr Kollafirði í Barðastrandarsýslu yfir í Ísafjörð og hin úr Kaldalóni í Þaralátursfjörð. En þá er allmikið svæði, sem mun lítið sýkt eða jafnvel ósýkt — það er ekki hægt að fullyrða um það — frá þessum línum og alla leið að línunni frá Gilsfirði til Bitrufjarðar. N. fannst ekki rétt að hafa allt þetta svæði varnarlaust. Í frv. mæðiveikin. var að vísu gert ráð fyrir að styrkja aukagirðingu úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð. Meiri hl. n. lítur hinsvegar svo á, eftir upplýsingum þeim, sem n. hefir fengið, að mjög miklar líkur megi telja til þess að svæðið, sem er fyrir vestan þá línu, þegar frá er tekið svæðið frá Reykjarfirði til Ófeigsfjarðar, sem þegar er afgirt, sé fjársýkislaust, og þykir þess vegna rétt að hafa aðalvarnarlínu þar. Hinsvegar vill hún veita leyfi til þess, að styrktar séu línur vestar á kjálkanum, til þess að tryggja með öllu, ef veikin kynni að finnast á svæðinu utan aðalvarnarlínunnar, þá kæmist hún þó ekki inn á þau heilbrigðu svæði, sem ákveðið er að verja. Þá leggur og n. til að styrkja varnarlínur, sem ekki teljast með aðalvarnarlínum, til að verja stærri og minni svæði, sem að mestu eru ósýkt enn, og verði girðingarnar styrktar með allt að 35 aurum á metra, og er það mestur hluti af því efni, sem í þær girðingar fer. Það, sem viðkomandi héruð myndu þurfa að leggja fram, er aðallega að koma efninu á staðinn og setja upp girðinguna. Ég hygg, að fullyrða megi, samkv. fenginni reynslu, að kostnaðurinn yrði miklu minni — og ekki mjög tilfinnanlegur fyrir bændur, sem hlut eiga að máli — heldur en ef kosta ætti girðingarnar algerlega úr ríkissjóði með þeim launagreiðslum, sem þá vitanlega giltu. Taldi n. því þennan styrk fullkomlega forsvaranlegan og viðráðanlegt á allan hátt fyrir hlutaðeigandi sveitir að bæta við því, sem á vantar. En hinsvegar mun það margborga sig fyrir ríkissjóð að leggja fram þennan styrk heldur en taka þessi héruð upp á sína arma, ef veikin skyldi fara inn á þessi svæði, með öllum þeim afleiðingum, sem það mundi hafa í för með sér. Auk þess er heimild í lögunum til ýmsra annara lína, ef reynslan sýnir, að það sé nauðsyn að dómi þeirra manna, sem með þessi mál fara. Og yfirleitt verður að segja, að aðalatriðið í þessu frv. sé að leggja áherzluna á að verja þann hluta landsins, sem enn er ósýktur, fyrir þessum vágesti. Ég skal geta þess til leiðbeiningar þm., sem ekki hafa haft tíma til að kynna sér þetta mál, að aftan við frv. er yfirlit um útbreiðslu veikinnar eins og hún var álitin um áramótin 1937 og eins og hún var álitin um þessi áramót. Með því að athuga þessi yfirlit, geta hv. þm. gert sér nokkra grein fyrir, hver er stefna n. um varnirnar, og hvernig útbreiðsla veikinnar er, eftir því sem bezt verður vitað.

Inn í aðalkafla frv., sem er um varnir, hefir n. bætt nýju atriði. Það er heimild fyrir sveitarstjórnir og stjórnir upprekstrarfélaga til að breyta fjallgöngum og réttum og smölun, frá því sem ákveðið er í fjallskilareglugerðinni. Það varð að grípa til þess talsvert síðastl. ár, og verður vitanlega að gera í ár líka. Það er hægara að hafa ákvæði, sem gilda í eitt skipti fyrir öll.

Þá vil ég snúa mér ofurlítið að þeim kafla frv., sem fjallar um stuðning til bænda vegna tjóns af völdum mæðiveikinnar. Í aðalatriðum er hann mjög svipaður og í gildandi lögum um þetta efni. Þó hefir n. bætt garðræktarframkvæmdum í styrkhæfar jarðabætur samkv. gildandi lögum. En samkv. þeim er ákvæðið um vaxtastyrkinn þannig, að eingöngu er miðað við fasteignalán bænda. N. var þegar ljóst í fyrra, að þetta myndi geta valdið nokkru misræmi gagnvart bændum, vegna þess að vitanlega er mikill munur á, hvernig skuldum bænda er fyrirkomið. Ýmsir hafa komið skuldum sínum fyrir sem veðlánum. En aðrir, sem eru með engu minni skuldir hafa svo að segja öll lán sem lausaskuldir. Samkv. l. er ekki heimilt að styrkja þá menn með vaxtatillagi eins og hina, og það hefir komið enn skýrar fram við framkvæmd málsins, að fjöldi bænda er miklu verr staddir, en hafa ekki getað komið sér upp veðlánum m. a. vegna þess, að þeir eiga engar fasteignir. Sérstaklega eru það leiguliðar, sem hafa orðið að gera ýmsar framkvæmdir á jörðunum og fá lán með sjálfskuldarábyrgð eða víxlum. Ýmsir af þessum bændum hafa orðið útundan með vaxtastyrk einmitt vegna þessa ákvæðis. Og þeir bændur, sem hafa tekið lán í Kreppulánasjóði og á þann hátt „konverterað" lánum sínum, eru betur komnir en hinir, sem ekki hafa tekið slík lán, vegna þess að kreppulánin eru talin veðlán, þó að þau séu ekki tryggð með veði í fasteign. Af þessum ástæðum kemur fram í framkvæmd l. geysimikið misrétti milli þeirra, sem hafa veðlán, og hinna, sem ekki hafa þau, og n. álítur ekki annað fært en að láta vaxtastyrkinn ná til allra lána, sem viðkomandi bændur skulda og vottorð liggja fyrir um frá skattnefndum, að talin hafi verið fram og sönnuð í árslok 1937, því að það er öllum vitanlegt, að lausalán eru sízt léttari eða hægari í meðferð heldur en veðlán.

Þá hefir n. bætt garðræktarframkvæmdum í styrkhæfar jarðabætur samkvæmt l., með því að það hefir sýnt sig, að það er ennþá nauðsynlegt að auka garðræktarframkvæmdir í landinu, frá því sem er, og ennfremur af því að ýms héruð, sem mæðiveikin hefir geisað í, eru einhver beztu jarðaræktarhéruð landsins og nauðsynlegt að koma framleiðslu bænda meira inn á það svið en verið hefir hingað til. Ég skal geta þess, að í 4. lið 19. gr. er það tekið fram, að styrkja megi bændur til þess að koma upp rjómabúum. Nú er ekki veitt neitt ákveðið fé til þess á fjárlögum, en það er svo til ætlazt, að þau héruð, sem þennan styrk fengju, ættu að fá hann af því fé, sem veitt var á fjárlögum til mjólkurbúa, og þó að þar standi, að þessu fé skuli varið til mjólkurbúa, þá verður n. að leggja þann skilning í það eftir samtali við ríkisstjórnina, að þessar framkvæmdir falli einnig undir þann lið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í aðrar gr. í II. kafla. Að vísu geri ég ráð fyrir, að ofurlítið hafi verið breytt til um fyrirkomulag og úthlutun þess styrktarfjár, sem verja á til stuðnings bændum, og er það þá gert í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefir í þessu efni. Ég tel óþarft að fara frekar út í það hér, nema sérstakt tilefni gefist til.

Ég skal geta þess, að í frv. því, sem mæðiveikinefnd samdi og sendi til landbn. beggja d., var sérstakur kafli um niðurskurð og heimild til þess að hefjast handa í því máli á næsta hausti. N. ræddi þetta atriði töluvert og athuguðu það, eftir því sem þær mögulega gátu, og eins og stendur í grg., er meiri hl. n. þeirrar skoðunar, að eftir þeim upplýsingum og gögnum, sem enn eru fengin, sé ekki unnt, svo framarlega sem ekki koma gerbyltandi nýjungar á næstunni í þessu máli, að losna við mæðiveikina úr landinu öðruvísi en ef það tækist, að hefta hana á útlínum og vinna síðan að því að skera niður fé af sjúkum svæðum og flytja þangað nýjan fjárstofn. Hinsvegar leit meiri hl. þannig á, að ekki væri ennþá kominn tími til þess að hefja þessar framkvæmdir, vegna þess að það vanti ýmsar forsendur fyrir því, að forsvaranlegt væri að ráðast í jafndýrar og stórfelldar framkvæmdir. M. a. má geta þess, að þó að von sé um, að unnt verði að hefta veikina á þeim útlínum, sem nú eru, þá er engin vissa fyrir því, og vissa fæst a. m. k. ekki fyrr en kemur lengra fram á sumarið eða jafnvel ekki fyrr en komið er fram á haust, og á meðan ekki er fengin vissa fyrir því, að veikin sé ekki komin út fyrir aðalvarnarlínurnar, og þar af leiðandi líkur fyrir því, að hún streymi þá hindrunarlaust um meginhluta landsins, þá líta n. svo á, að ekki sé vit í að leggja í niðurskurð á þessu svæði, með því að þá væri misheppnaður aðaltilgangurinn, að útrýma veikinni úr landinu án niðurskurðar. Og svo er annað, sem líka má minnast á, sem sé það, að nokkur reynsla er fengin fyrir því, að sauðfjárstofninn er mismunandi móttækilegur fyrir veikina, og líkur eru til þess, að það fé, sem eftir er á sýktu svæðunum, sé ómóttækilegra fyrir veikina en það, sem drepizt hefir. Ef gripið væri til niðurskurðar, þá er þessum stofni útrýmt líka, og við ættum á hættu, að veikin legði allan fjárstofn landsins undir sig. Meiri hl. n. álítur, að nauðsynlegt sé að afla frekari reynslu í þessu efni, áður en ráðist yrði í slíkar framkvæmdir.

Ennfremur má geta þess, að enn er ekki fullvíst, hvort veikin berst eingöngu frá kind til kindar eða hvort hagar og hús geta einnig smitað, og hvort veikin getur borizt með öðrum dýrum, t. d. músum. Ég skal geta þess í því sambandi, að nú hefir tekizt á rannsóknarstofu að smita mýs af mæðiveiki, og er það atriði, sem þarf að rannsaka. Sé það rétt, þá er að miklu leyti kollvarpað trúnni á öryggi girðinganna, því að það þarf þétta girðingu til þess að halda músum. — Þá skal ég einnig geta þess, að mér hefir verið sagt, að það hafi borið mjög á lungnaveiki í fé, sem á síðasta ári voru gerðar tilraunir á í Heggstaðanesi, en þar var framkvæmdur algerður niðurskurður og flutt ósýkt fé í staðinn. Ennþá hefir ekki verið fullrannsakað, hvort hér er um að ræða hina venjulegu landlægu lungnaveiki eða mæðiveiki.

Um þetta atriði hafa n. ekki getað orðið sammála. Einn nm., hv. 1. þm. N.-M., sem að vísu á ekki sæti í þessari d., en hefir starfað að málinu, var á því, að rétt væri að samþ. heimildina um fjárskipti og niðurskurð í aðalatriðum óbreytta, eins og hún kom til n., og hefjast sem fyrst handa um framkvæmdir, en n. gátu ekki fallizt á þetta atriði af þeim ástæðum, sem ég nú hefi greint. — Hv. þm. Borgf. hafði og nokkra sérstöðu í þessu máli. Hann vill láta hefjast handa á næsta hausti um niðurskurð, en ekki á jafnalmennum grundvelli og hv. 1. þm. N.-M., heldur vill hann ákveða lítið afmarkað svæði og gera þar tilraunir með niðurskurð og fjárskipti. Ég skal ekki fara langt út í það mál, fyrr en hv. þm. hefir talað fyrir brtt. sínum um þetta. Nokkrar aðrar brtt. hafa komið fram við frv., en ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær, fyrr en þær liggja fyrir og flm. hafa gert grein fyrir þeim.

Ég held, að ég hafi ekki mál mitt lengra að þessu sinni, og ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á að afgreiða málið í öllum aðalatriðum eins og það liggur fyrir og landbn. Alþ. hafa sameinazt um það, og það yrði gert sem fyrst, svo að málið geti gengið fram á skömmum tíma, en þurfi ekki að tefja tíma þingsins.

*__Pétur Ottesen__: Ég þarf ekki að segja mikið um frv. það, sem hér liggur fyrir, og nægir mér að vísa til þess, sem hv. frsm. landbn. hefir sagt um þau atriði, sem þetta frv. inniheldur.

N. voru sammála um að leggja til, að treystar yrðu varnir svo sem bezt mætti verða, til þess að reyna að hefta útbreiðslu veikinnar, og að haldið yrði áfram stuðningi til bænda á mæðiveikisvæðinu, sem nú búa við mjög skarðan hlut út af þessum áföllum, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar. Að því leyti sem vikið er frá ákvæðum í gildandi l. um þetta efni, þá er það með hliðsjón af upplýsingum, sem fengizt hafa síðan um gang þessara mála, og hækkunin á styrk er vitanlega miðuð við það, að veikin

hefir mjög færzt í aukana, síðan l. voru sett um þetta á síðasta þingi.

Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann geti ekki fallizt á, að ég fari nú við 1. umr. nokkrum orðum um þær brtt., sem ég hefi borið fram, þó að með því sé dálítið brugðið út af algengri venju. Ég fer fram á þetta af því, að brtt. eru ekki við ákvæði frv., heldur aðeins viðauki við það, og eiga að vera sérstakur kafli í frv. (**Forseti**: Ég hygg, að það gæti orðið til þess að stytta heldur umr. og flýta fyrir afgreiðslu málsins, að viðhafa þennan hátt, sem hv. þm. óskar eftir, og fellst því á það.) Ætla ég þá að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessar till.

Eins og hv. frsm. landbn. gat um, varð nokkur ágreiningur í n., að því er snertir þessi fjárskipti, og er þá sérstaklega að minnast þess, sem hann gat um, að einn nm., hv. 1. þm. N.-M., vildi ganga inn á till., sem fyrir lágu frá framkvæmdarnefnd um, að á næsta hausti yrði hafizt handa um niðurskurð og fjárskipti á öllu hinu sýkta svæði frá Blöndu, þ. e. í Húnavatnssýslum báðum, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og í hluta af Dalasýslu. Að því er þetta atriði snertir, stóð hv. 1. þm. N.-M. einn í n., því að þó að ég vildi ganga ef til vill nokkru lengra heldur en hinir hv. meðnm. mínir, þá vildi ég ekki undir neinum kringumstæðum fallast á, að út í svo stórfelld fjárskipti yrði farið á næsta hausti, og það m. a. af því, að af þeim fundahöldum, sem fram fóru snemma á þessu ári, var það alveg ljóst, að meiri hl. fjáreigenda á mæðiveikisvæðinu var því gersamlega andstæður, að út í svo stórfelld fjárskipti yrði farið nú þegar á næsta hausti, þó að meiri hl. þessara manna léti í ljós þá skoðun, að þeir sæju ekki aðra leið til lausnar þessu máli, að óbreyttu viðhorfi, heldur en að leggja út í fjárskipti. Það kom aðeins fram á einu svæði, í nokkrum hreppum sunnan Skorradalsvatns að Hvalfirði, eftir þeirri atkvgr. að dæma, sem þar fór fram, að nokkurnveginn eindreginn vilji virtist vera hjá bændum fyrir því að láta fara fram fjárskipti á þessu tiltekna svæði. Að því leyti var atkvgr. alveg sérstæð.

Ég hefi þess vegna í mínum brtt. — en þar er tekinn upp kafli sá um fjárskipti, sem mæðiveikinefnd samdi og sendi landbn. Alþ. — tekið það upp, að frekar skuli þó ekki að gert að fjárskiptum á þessu ári heldur en að láta þau fara fram á þessu tiltekna svæði, þar sem almennur vilji er fyrir hendi í þessu efni. Þar er þannig ástatt, að nú virðist veikin vera orðin allútbreidd á svæðinu, þó að hinsvegar séu ekki enn mikil brögð að því, að fé hafi drepizt úr veikinni. En það má búazt við, eftir öllum gangi veikinnar á öðrum svæðum að dæma, að hún brjótist út núna á þessu ári og geri þar mikinn usla. Ég vil benda á, að í raun og veru er ekki mikið, sem ber á milli mín og frsm. og þeirra manna í n., sem hafa svipaða afstöðu og hann, því að þeir vilja gefa ríkisstj. heimild til þess að framkvæma nokkur fjárskipti einmitt á þessu ári og miða þar við þau fjárskipti, sem fram fóru í Heggstaðanesi á síðasta ári. En ég vil láta gera tilraun til fjárskipta nú á næsta hausti. Ég vil láta lögleiða þessar reglur, sem fjárskiptin eiga að byggjast á, en láta það ekki allt svífa í lausu lofti, eins og gert var á síðasta ári, og eins og mun verða gert, ef till. þær verða samþ., sem hv. frsm. og þeir, sem eins líta á þetta mál í n., hafa komið með, því að þeir ætla að leggja það í vald ríkisstj. og framkvæmdanefndarinnar, með hvaða hætti þessi fjárskipti eigi að fara fram, og hvernig eigi að búa að bændum í sambandi við þessi fjárskipti. Og ef það verður niðurstaðan, að þetta mál verði leyst með þeim hætti, að fjárskipti verði gerð á öllum svæðum, þá er réttast, að grundvöllurinn að þessum fjárskiptum verði nú þegar lagður, heldur en að það verði farið að taka upp nýja aðferð og reglu í þessu efni, eftir að búið er að framkvæma svo og svo mikið á allt öðrum grundvelli. Því um grundvöllinn fyrir fjárskiptunum, sem ég hefi tekið upp er enginn ágreiningur í nefndinni. Í þessum kafla frv., sem ég vil setja inn, er mjög vel um það búið, að það sé ekki að neinu flanað í þessu efni. Ríkisstj. er, samkv. mínum till., veitt heimild til þessara framkvæmda, en sú heimild er bundin mjög mörgum og mikilsverðum varúðarráðstöfunum. Í fyrsta lagi má engin fjárskipti framkvæma, nema læknar rannsóknarstofu háskólans telji vonlítið, að meðul gegn veikinni finnist bráðlega. Í öðru lagi, að þeir ásamt framkvæmdanefndinni telji öruggt, að veikin stöðvist við aðalvarnarlínurnar. Og í þriðja lagi, að framkvæmdanefnd líti svo á, að fjárskipti séu líklegasta leiðin til þess að vinna bug á veikinni. — Þá er gert ráð fyrir, að ráðh. gefi út reglugerð um fjárskipti, sem þó því aðeins mega fara fram, að samþykki fjáreigenda á svæðinu hafi fengizt fyrir því, þannig að eigi færri en $^3/_4$ fjáreigenda gjaldi því jákvæði, að fram skuli fara slík fjárskipti. Þetta hafði fallið niður úr handriti mínu, þegar ég afhenti þetta til prentunar, en ég hefi flutt brtt. um að taka þetta upp aftur.

Þær till., sem ég geri um framkvæmdirnar í ár, eru miðaðar við þetta tiltekna svæði, sem ég gat um áðan, en ef einhverra hluta vegna er ekki hægt að framkvæma þetta á þessu svæði, þá hefir ríkisstj. heimild til þess að láta fara fram fjárskipti á öðru svæði, þar sem ekki er fleira fé heldur en þarna er um að ræða og ekki lakari aðstaða til þess að einangra féð heldur en þarna er.

Svo eru í þessum kafla varúðarreglur um, að þegar á að fara að hreinsa svæðin, þá sé mjög vel um það búið, að svæðin verði gerð fjárlaus; það eru settar ákveðnar, strangar reglur um smalamennsku og annað, sem nauðsynlegt er til öryggis því, að ekkert sjúkt fé sé á þeim svæðum, sem fjárskiptin eiga að fara fram á. Ennfremur er í þessum brtt. mínum ákvæði um, að þegar til fjárskiptanna komi, þá verði bændur á ósýktu svæðunum skyldaðir til að láta af hendi líflömb til þess að flytja inn á þessi svæði, og mundi svo verða um þetta búið, að menn þurfi ekki að borga hærra verð en eðlilegt er fyrir þessi líflömb, með því að miða við gangverð á sauðfjárafurðum á því hausti, sem fjárskipti eru framkvæmd og kaup á þessum lömbum fara

fram. Auk þess eru ýmsar aðrar reglur um, hvernig þessum kaupum skuli hagað.

Þá er ákvæði um þann styrk, sem bændur eiga að fá til þessara fjárskipta, og ég vænti, að allir geti verið sammála um, að nauðsynlegt sé, að bændur njóti nokkurs fjárstyrks í þessu augnamiði, og er gert ráð fyrir, að til kaupa á líflömbum verði greiddar 8 kr. á hvert lamb, miðað við helming ærtölunnar, en 5 kr. á lamb, það, sem fram yfir er. Auk smærri ráðstafana, er ennfremur ákvæði um, að á næsta ári, eftir að fjárskiptin fara fram, fái menn stuðning, sem nemur 6.50 kr. á hverja á, og á þannig að gera mönnum kleift að komast yfir það tekjulausa tímabil í fjárræktinni, sem verður hjá þeim, næst eftir að þeir hafa keypt líflömb.

Ég skal ekki fara frekar út í að lýsa ákvæðum þeim, sem í þessum kafla felast, því að þetta liggur hér allt fyrir.

Ég skal geta þess, að kostnaðurinn, sem mundi leiða af fjárskiptum á þessu svæði, sem ég hefi miðað brtt. mínar við, á næsta hausti, mundi verða nokkur. Ég geri ráð fyrir, að það yrðu um 8000 ær á þessu svæði, og að á fyrsta hausti yrðu keypt lömb sem svaraði hálfri ærtölunni, 4000 lömb, og með 8 kr. verði á hverju lambi verður það 32000 kr. Ég geri ekki ráð fyrir, að um veruleg kaup yrði að ræða á næsta hausti; ég hefi gert ráð fyrir eins og 1000 lömbum til viðbótar, og þar sem styrkurinn á þau er 5 kr. á hvert, yrðu það 5000 kr. Svo yrði styrkurinn, sem kæmi á alla ærtöluna, 6.50 kr. á hverja á, eða alls 52000 kr. Svo munu þær viðbótargirðingar, sem þarf að gera, kosta 32000 kr. Allur kostnaðurinn við fjárskipti á þessu svæði yrði þá 120000 kr. Þetta er að vísu há upphæð, því er ekki að neita, en ég vil benda á það, að í sambandi við þessi fyrirhuguðu fjárskipti þarna hefi ég gert mér dálitla grein fyrir því, hvað miklu muni þurfa að verja til stuðnings bændum á þessu svæði næstu 3 ár, ef engin fjárskipti fara fram. Er þá fjármissirinn eða fjárfækkunin á þessum svæðum miðuð við þá reynslu, sem við höfum af fjármissi á svæðum, eftir að þau virðast vera alsýkt, eins og þessi svæði áreiðanlega eru nú. Annarsvegar er miðað við þetta og hinsvegar við þá tilhögun, sem höfð var hjá mæðiveikinefndinni á skiptum bótafjár til fjársýkisvæðanna, sem nú hefir verið lögð til grundvallar hjá n. Þá myndi á fyrsta ári vaxtatillagið á þessu svæði nema 10 þús. kr., vegaféð 12 þús. kr., eða alls 34 þús. kr. Með tilliti til áframhaldandi fjárfellis af völdum veikinnar, og miðað við reynsluna í ofanverðum Borgarfirði, þá myndi þetta á öðru ári verða komið upp í 46 þús. kr., og á þriðja ári býst ég við, að það yrði nokkru hærri upphæð. En ef miðað væri við 46 þús. það ár, þá myndi þetta næstu 3 árin nema 126 þús. kr., eða nokkru hærri upphæð heldur en kostnaðurinn við fjárskiptin í eitt skipti hefir í för með sér. Og þessi samanburður gefur dálitla bendingu um það, að kostnaðurinn við fjárskiptin, ef grundvöllur er fyrir því og möguleikar á því, að með slíkum hætti megi stöðva veikina, sé ekkert ægilegur í samanburði við kostnað þann, sem er óhjákvæmilegur til að styðja bændur á mæðiveikisvæðunum, eftir þeirri reynslu, sem við höfum fengið, og öllu því útliti, sem blasir augljóslega við okkur. Ég verð að segja, að þrátt fyrir þennan stuðning, sem á að veita bændum á þessum svæðum, þá hefi ég mjög litla trú á því, þar sem ekki eru kringumstæður fyrir hendi fyrir bændur til þess að breyta sínum búskap og afla svipaðra tekna með þessum styrk, að halda bændum við búin eða á jörðunum á þessum svæðum, eftir að héruðin eru orðin sauðlaus. Ég hefi mjög litla trú á því, að með þessum styrk eða svipuðum styrk í framtíðinni sé nokkur von til þess að geta haldið bændum á jörðunum.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér í sambandi við þá till., sem ég flyt um þetta efni, og skal ég svo ekki fjölyrða frekar um það. Ég vil aðeins endurtaka, að milli mín og hv. frsm. landbn. og annara í landbn., að undanteknum hv. 1. þm. N.-M., sem leggur til, að þegar á þessu ári verði stofnað til stórfelldra fjárskipta, er lítill skoðanamunur og ekki nema sá, að ég álít réttara, að þegar á þessu þingi séu settar ákveðnar reglur um hin væntanlegu fjárskipti. Ég legg það undir dóm hv. d., hvað henni sýnist um þetta, og ég álít óþarft að eyða miklum tíma í umr. um þetta mál, því að það liggur svo augljóst fyrir, að þess ætti ekki að þurfa við. Skal ég svo ekki við þessa umr. eða við 2. umr. fara fleiri orðum um þetta, nema sérstakt tilefni gefist til þess.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Mér finnst ég ekki geta setið undir þessum umr. hér, án þess að fá að segja örfá orð, enda þótt ég búist ekki við, að menn séu komnir hingað til þess að láta sannfærast.

Eftir þeim plöggum, sem fyrir liggja í frv. á þskj. 483, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, ásamt með brtt. á þskj. 484 frá hv. þm. Borgf., um svipað efni, þá er þar margs að minnast og margt, sem ég get ekki fellt mig við, hvorki að orðalagi eða efni til. Hv. þdm. er nokkuð kunnugt um afstöðu *mína til þessa máls*. Þetta er svo stórfellt mál, eins og drepið hefir verið á, að það tekur lengri tíma og fleiri orð en sú stutta ræða, sem ég ætla að halda, getur náð yfir, ef gera ætti því rækileg skil.

Eins og drepið hefir verið á, þá er frv. í tveimur köflum. Fyrri kaflinn er um það, hvernig framkvæma skuli varnirnar, og þar er niðurstaðan sú, að þær skuli framkvæmdar með líkum hætti og áður, að nefnd skuli skipuð, framkvæmdarstjóri skipaður, varnargirðingar settar og verðir settir. Þetta er aðalinntak fyrri kafla þessa mikla máls, sem landbn. beggja d. standa að, þótt það sé borið fram af landbn. Nd. Nú verður manni að spyrja, þegar þessar höfuðlínur eru dregnar, og þegar þessar höfuðráðstafanir eru settar fram, sem nú á að fara að lögleiða á ný, hvernig hinar fyrri ráðstafanir og aðgerðir hafi heppnazt, sem ætlunin er, eins og orðalag grg. segir, að skuli framkvæmdar með líkum hætti og áður. Og n. svarar því sjálf, hvernig þær hafi gefizt, að því er snertir vörzlu og girðingar. Hún segir, ef ég með leyfi hæstv. forseta má taka það orðrétt upp: „Allar aðal-

varnarlínur, sem ákveðnar voru í varnarlögunum frá 1937, eru nú úr gildi fallnar, með því að veikin reyndist vera fyrir utan þær allar". Og af því að þessar aðallínur eru úr gildi fallnar, þá telur n. sjálfsagt, að koma upp nýjum aðalgirðingum. Afleiðingin verður sú sama á næsta ári, að þær varnarlínur verða úr gildi fallnar, af því að veikin verður komin út fyrir þær. Þessi skollaleikur getur haldið áfram ár eftir ár. Ég hefi áður gefið þinginu vísbendingu um, að svona mætti halda áfram endalaust. Það þarf ekki að hafa sterkari rök fyrir því en þeirra eigið orðalag, þegar þeir eru að reyna að verja hinar nýju línur, sem á að setja. Það skiptir ekki svo mjög miklu máli, hvort kostnaðurinn við þetta er á þriðja hundr. þús. kr., ef vitað væri, að þetta kæmi að gagni. En þegar það er vitað fyrirfram, og það meira að segja eftir umsögn þeirra n., sem hafa haft málið til rannsóknar næstum því allan þingtímann, auk þeirrar undirbúningsnefndar, sem unnið hafði að því langan tíma, þá er það furðuhart, að feta í fótspor fyrri reynslu í þessum efnum, þegar maður hefir svona nákvæmar yfirlýsingar um það frá n., hvernig þetta hefir gefizt undanfarið ár.

Þetta vildi ég sagt hafa um þessa stórfelldu stefnu í varnamálunum.

Um II. kafla frv. hefi ég ekki mikið að segja, því að eins og ég tók fram í ræðu á síðasta þingi, þá mun ég ekki beita mér á móti þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til að bæta mönnum upp það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir. Ég tel það meira að segja skyldu hv. þm., að hygla þeim mönnum, sem þeir beint eða óbeint hafa átt þátt í, að yrðu fyrir stórfelldu tjóni. Það má ekki minna vera en að þingheimur styðji þá bændur, sem orðið hafa fyrir stórfelldu tjóni vegna ráðstafana, sem þingið hefir sjálft átt hlut að.

Þá vil ég með örfáum orðum koma inn á III. kaflann í þessum varnamálum, sem kemur fram sem brtt. frá hv. þm. Borgf. Eins og getur um í grg. frv., þá hafði sú mikla pestarnefnd, þriggja manna lögskipuð nefnd, komið fram með þennan III. kafla, um fjárskipti eða niðurskurð. Þeim hefir þótt betur fara á því að tala um fjárskipti, því að orðið niðurskurður hljómar illa í eyrum manna. Fjárskipti er miklu fallegra orð. En bak við fjárskiptin er náttúrlega niðurskurður eða það, að heimila ríkisvaldinu að láta fara fram niðurskurð á einhverju takmörkuðu svæði og láta svo fara fram fjárskipti á eftir og fá nýjan stofn. N. hefir ekki getað orðið samferða í þessu efni. Einn hv. þm., eins og getið er um í grg., hv. 1. þm. N.-M., er með kaflanum frá pestarnefndinni, að ráðast í stórfelldan niðurskurð og fjárskipti á næstu árum. Hann hefir nú ekki getað flekað aðra þm. úr n. með sér, nema hálfan þm. Borgf., en hann hefir flutt brtt. um fjárskipti á takmörkuðu svæði. Hann vill fara varlega og hafa þetta sem einskonar tilraun, og er náttúrlega ekkert við því að segja, þegar menn eru svo hjartanlega sannfærðir um, að það stefni að niðurskurði, eins og landbn. beggja d. virðist vera. Þessu til sönnunar vil ég taka upp lítinn kafla úr grg. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Þó að meiri hl. n. líti hiklaust svo á, að ennþá liggi ekkert fyrir í þessum málum, sem bendi til þess, að unnt sé að losna við mæðiveikina og þann voða, sem af henni stafar, á annan hátt en ef það tækist með niðurskurði og fjárskiptum, og þó hún einnig sé sannfærð um, að það væri því betra, því fyrr sem það næðist, þá álítur meiri hl. n. samt ennþá vanta ýmsar forsendur fyrir því, að hún telji forsvaranlegt að hefjast þegar handa um þær framkvæmdir".

Hér er kveðið nokkuð ríkt að orði, og ég vil mótmæla því, að þetta sé rétt, þar sem orðalagið er þannig, að n. hafi ekki séð neitt, sem bendi til þess, að hægt sé að losna við veikina. Mér finnst það nokkuð djarft að halda því hiklaust fram, að það bendi ekkert til þess, að hægt sé að losna við þessa veiki. Ég hefi bent á, að hægt væri að losna við veikina. En n. tekur nú kannske ekki orð dýralæknisins frá Akureyri neitt hátíðlega, en ég vil þó halda því fram, að henni sé skylt að taka þetta sem rannsóknarefni, ekki síður en það, sem ófaglærðir menn í þessum efnum halda fram. Að það eigi svo að fara að byggja stórfelldan niðurskurð á því, sem á undan er gengið í þessu máli, það þykir mér voðalegt.

Það má læra margt af grg., og ég vil segja n. til hróss, að hún hefir lagt mikla vinnu í þetta. En það þarf færari menn en mig til að rekja garnirnar úr þessari grg., en það væri þó gaman að gera það. Þegar n. í niðurlagi grg. er að tala um fækkun á fénu, þá skil ég það ekki, því að það, sem er fullyrt í öðru orðinu, er tekið til baka í hinu. Þar er fækkunin miðuð við prósenttölu, og er hún sumsstaðar 49%, 50% eða 60%. En aðalniðurstaðan er sú, að fjárfækkun hefir orðið geysimikil á pestarsvæðunum. En samt segir n., til þess að breiða yfir þessar tölur, að hún vilji ekki bera ábyrgð á því, að öll þessi fækkun sé beinlínis af völdum mæðiveikinnar. Það er líka vitanlegt, að fé hefir drepizt úr öðrum sjúkdómum. En í fjárfækkuninni er það líka talið, sem menn hafa skorið niður af hræðslu við veikina. Svo eigum við í auðmýkt að beygja okkur fyrir því, að svona mikið hafi fénu fækkað af völdum veikinnar. Ég held því fram, að menn að óþörfu hafi verið hræddir til þess að drepa niður fé sitt. Samt á að fara að heimta af mér, að ég gefi ríkisvaldinu heimild til að láta skera niður fé í stórum stíl. Meiri hl. n. var þó svo skynsamur, að hann vildi ekki ganga hiklaust inn á þetta, heldur tók það ráð, að skjóta þessu vandamáli undir dóm eigendanna sjálfra. Það var boðað til fundar á pestarsvæðunum á síðastl. vetri, og þar var beðið um úrskurð bændanna sjálfra, hvort þeir óskuðu eftir niðurskurði eða ekki. Þegar hinir miklu menn í þinginu og hinir íslenzku vísindamenn eru komnir í rökþrot og vandræði, þá ætla þeir að skjóta af sér ábyrgðinni á þessu og spyrja bændurna, hvort þeir vilji láta skera niður fé sitt eða láta það lifa. Annað er ekki hægt að fá út úr þessu.

Svo kemur hv. þm. Borgf. með miðlun í þessu máli. Hann vill fá heimild til að gera tilraun í þessum efnum á svæðinu frá Skorradalsvatni að Hvalfirði. Þessi tilraun kostar ekki nema 120 þús. kr.! Hann hefir flutt um þetta 14 gr., eins margar

og undirstaðan var að Versalasamningunum. En það er aðallega þrennt, sem á að tryggja mönnum, að ekki sé farið út í neina vitleysu, og ætla ég að tala örlítið um þau grundvallaratriði, sem eiga að vera til tryggingar þessari ráðstöfun. Það má ekki fara út í fjárskipti, nema læknar rannsóknarstofu háskólans, sem hafa haft rannsóknir á veikinni með höndum, telji vonlítið, að meðul gegn veikinni finnist bráðlega. Í öðru lagi, að læknar rannsóknarstofunnar, ásamt framkvæmdarstjóra varnanna, telji öruggt, að veikin sé stöðvuð við aðalvarðlínurnar. Og í þriðja lagi, að framkvæmdanefnd líti svo á, að fjárskipti séu líklegasta leiðin til þess að vinna bug á veikinni.

Ég skal segja hv. þm. það, að það eru veigamikil rök, sem eiga að liggja bak við þetta! Það eru einmitt sömu rökin og nú þegar liggja fyrir aðalvarnargirðingum á pestarsvæðum Íslands. En ég vil segja hv. þdm. það, að ég tel þessar undirstöður svo lítils virði, að það gengi glapræði næst að ganga inn á þetta. Ég vil benda á, að dýralæknar landsins eru lítilsvirtir eins og fyrri daginn, því að þeir eru hvergi hafðir með í ráðum um þetta mál, heldur eru teknir þessir íslenzku vísindamenn, sem vita mjög lítið um þessi mál, sem ekki er heldur von, því að þeir eru ekki dýralæknar. Ég vil nú benda á, að hvaða niðurstöðum þessir íslenzku vísindamenn hafa komizt á undanförnum árum, eða þessum 3 árum, sem liðin eru, síðan þetta mikla mál kom upp. Það lítur dálítið skrítilega og skoplega út, að taka það hátíðlega, sem þeir halda fram, því að fyrst þegar rannsóknarstofan tekur málið til meðferðar, þá kemst hún að þeirri niðurstöðu, að hér sé um lungnapest að ræða, eða þann sjúkdóm, sem ég held enn fram, að veikin sé. Þegar hún friðaði ekki fólkið og fé hélt áfram að drepast, þá var það ekki lungnapest lengur, heldur lungnaormar. Þegar það dugði ekki, þá var að finna nýja leið, og þá var farið suður til Afríku og sagt, að veikin hefði borizt hingað með karakúlfénu. Menn hafa haldið, að þetta væri heilagur sannleikur, þótt allir hafi að vísu ekki gleypt við þessu. Þó get ég sagt það hér, að sjálfur forstöðumaður þessara óskapa, prófessor Niels Dungal, hefir neitað því í viðurvist forsrh. og dýralækna landsins í marzmánuði í fyrra, að hér væri um nýja veiki að ræða. Svona fullyrðingar í dag hafa ekkert að segja, þegar þeim svo er neitað á morgun. Í hitt eð fyrra var það þetta, í fyrra þetta, í ár annað, og svo kemur sjálfsagt enn eitthvað nýtt.

Ég heyri hjá hv. frsm. landbn., að hann var að koma með nýjar upplýsingar, því að hann sagði, að rannsóknarstofan væri nú farin að geta smitað mýs. Þetta er nú mjög mikið nýmæli fyrir mig! Ég hefi alltaf vitað, að það væri hægt að smita mýs af þessari veiki. Hún kemur fram í flestum húsdýrum í sérstöku formi, því að bakteríurnar eru mismunandi afbrigði af sama stofni. Það eru því hænsni, svín, mýs og fleiri dýr, sem fá samsvarandi veiki. Hún er kölluð á vísindamáli „Hæmorrhagisk septicemi" eða „Pasteurellosis". En hún er kölluð mismunandi nöfnum hjá hinum ýmsu dýrategundum. Þetta vita hv. þm. ekki, og vitanlega ekki heldur læknar rannsóknarstofunnar, því að þeir eru ekki dýralæknar. Þessi veiki hefir verið rannsökuð í öðrum löndum fyrir mörgum mannsöldrum, en það eru mynduð ný læknavísindi hér á landi, að því er snertir dýralækningar.

Hv. þm. Borgf. endaði ræðu sína á því, að ef hægt væri að stöðva veikina, þá væri kostnaðurinn ekki ægilegur við fjárskiptin. Þetta er rétt eftir því dæmi, sem hann tók. En það er alltaf þetta stóra „ef". Það hefir alltaf verið sama fálmið frá byrjun, og við getum alltaf bætt því við, að ef tækist að stöðva útbreiðslu veikinnar, þá væri ekkert að horfa í þetta. Ég skal játa að ég gæti gengið með þeim út í allan fjárann, ef ég væri viss um, að þau ráð dygðu. En ég mótmæli öllu þessu fálmi, og ég þvæ hendur mínar af því öllu saman, eins og Pílatus forðum, nema af II. kafla, því að þegar maður hefir sagt a, verður maður líka að segja b og reyna að hjálpa mönnum til þess að komast upp úr því feni, sem búið er að setja þá í.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég ætla að svara nokkru af því, sem kom fram hjá hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ak. Um það, sem hv. þm. Borgf. sagði viðvíkjandi fjárpestinni, get ég að vísu viðurkennt það, sem hann sagði, að milli mín og hans væri enginn meiningarmunur. Við erum í aðalatriðunum sammála um það, að að óbreyttu ástandi, muni niðurskurður ekki geta orðið fyrr en síðar, enda hefir meiri hl. landbn. ekki fallizt á niðurskurð að svo stöddu, heldur að heimilað yrði, að niðurskurður gæti hafizt næsta haust með þeim skilyrðum, sem þar eru sett. Ég skal skýra frá því, af hverju meiri hl. n. getur ekki fallizt á niðurskurð strax. Fyrst er að geta þeirrar almennu ástæðu, að n. telur ekki öruggt ennþá, og varla einu sinni næsta haust, um það leyti sem niðurskurður yrði hafinn, hvort búið yrði að hefta veikina á þeim útlínum, sem nú er talið, að hún sé á, en ef það skyldi mistakast, finnst okkur óráð að hefja niðurskurð, meðan óvíst er, hvort veikin getur ekki geisað yfir allt landið. Við erum ekki sammála um það, að þó að gripið yrði til niðurskurðar, væri rétt að byrja hann á því svæði, sem hv. þm. Borgf. nefndi. Fyrst er þess að geta, að þetta svæði er þannig, að veikt fé getur verið á báðum hliðum. En þegar niðurskurður er hafinn, verður að haga honum þannig, að öruggt sé að hafa veikina ekki nema á eina hlið. Margir álíta, að ef á annað borð á að beita niðurskurði, sé réttast að byrja hann á svæðinu í Grímsnesi og Laugardalnum. Ástæðan til þess er sú, að það má teljast jarðarsvæði, og girðingar eru þar komnar upp, og þar er tiltölulega meira fé veikt en á því svæði, sem hv. þm. Borgf. stakk upp á, því að þar er mikið af fé, sem má telja fallið. Þess vegna getur n. ekki fallizt á, að þetta svæði yrði valið. En nú má segja sem svo, að þó að menn væru ekki með því að hefja niðurskurð á næsta ári, væri hættulítið að hafa heimild um þetta í l., til þess að benda á þær leiðir, sem upp yrðu teknar og farið eftir, ef til niðurskurðar yrði gripið. Meiri hl. n. lítur hinsvegar þannig á, og raunar hv. þm. Borgf. líka, og ég held allur þorri þm., að ekki komi til greina að hefja niðurskurð fyrr en á komandi

hausti, og þar sem varúðarreglur hafa verið settar og ennfremur eru á ferðinni till. um ýmislegt, sem þyrfti að gera, og þær út af fyrir sig myndi nægja til þess, að ekki yrði ráðizt í niðurskurð, sé fráleitt að samþ. slíka heimild. Þó að brtt. hv. þm. Borgf. yrði samþ., verður samt að teljast útilokað, að niðurskurður fengist, vegna þess að veikin yrði ekki stöðvuð á línunum svo snemma, að unnt yrði að hefja niðurskurð á komandi hausti. Þess vegna verður að telja, að slíkt komi ekki til greina, og réttast að fresta öllum l. um það, hvernig hann skuli framkvæmdur, vegna þess að málið hefir ekki verið athugað sem skyldi, og það veitir ekki af tímanum til næsta þings, til þess að undirbúa málið innan þings og utan. Enda þótt till. hafi komið fram um niðurskurð, er málið ekki svo hugsað af öllum þorra þm., að ekki veiti af að nota tímann til næsta þings til að undirbúa allar slíkar framkvæmdir betur en nú er. Af þessum ástæðum hefir n. ekki séð sér fært að leggja til, að l. um þetta yrðu sett. Auk þess má geta um, að verði horfið að niðurskurði, hlýtur það að hafa í för með sér geysimikil útgjöld úr ríkissjóði, sem myndu nema hundr. þús. kr., og sennilega millj., fram yfir það sem nú er. Þess vegna verður Alþ. að velta því fyrir sér, hvernig unnt yrði að afla þessara tekna, og það verður ekki ákveðið á þessu þingi, en án þess að finna einhverja leið til að standast kostnaðinn, verður ekki ráðizt í slíkt. Það myndi raska allmjög þeim útgjaldaliðum og jafnvel tekjuliðum, sem þetta snerta, og vegna þess vinnst ekki tími til að ganga frá því á þessu þingi, ef afgreiðsla fjárl. á að ráða þingsetu. Þess vegna verður ekki lagt í niðurskurð, fyrr en það verður álitið nokkurnveginn tryggt, að unnt sé að bæta bændum tjónið, og ekki fyrr en slíkt verður talið alveg nauðsynlegt.

Næsta Alþ. verður að fjalla um málið meira en þetta Alþ. Ég skal ekki fullyrða um þá hluti við hv. þm. Borgf. hvort heildarkostnaður við niðurskurðinn myndi verða minni fyrir ríkið heldur en að halda uppi þeim bótum, sem óhjákvæmilega koma í fótspor þeirra fyrir þau héruð, sem hún er komin í, og enn meiri, ef hún breiðist út, en um eitt er víst, að verði þær umbætur framkvæmdar, sem nauðsynlegar eru, verða það miklu hærri bætur á hverju ári, og til þess þarf annaðhvort að fá nýjar tekjur eða lántökur. Það er alveg rétt, að meiri hl. n. lítur þannig á, að rétt sé að halda áfram tilraunum, hliðstæðum þeim, sem hafa verið gerðar á Heggstaðanesi, um það, hvort jörð, hús og hey smiti fé, sem að sé fengið, þótt féð seinna lægi saman, en til þess ætti að vera heimild í síðasta kafla frv.

Ég skal ekki fara meira út í þetta um niðurskurðinn, en verð að svara hv. þm. Ak. nokkrum orðum, sem talaði með ákaflega miklum fítónsanda um þetta mál, eins og fyrri daginn. Hann réðst harðvítuglega á þær till., að upp væru teknar nýjar varnargirðingar, þar sem reynslan sýndi, að þær varnargirðingar, sem fyrirskipaðar væru í núgildandi l., væru orðnar ónýtar, því að veikin reyndist vera komin út yfir þær, og með þessari reynslu væri fengin sönnun fyrir því, að næstu varnarlínur myndu fara sömu leið, áður en þær væru komnar upp. Ég skal segja honum, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem álíta veikina smitandi, og það er allur þorri bænda og allur þorri þeirra, sem eitthvað hafa kynnt sér, hvernig þessi veiki hagar sér, er talið sjálfsagt, að reynt verði að teppa samgöngur milli veikra svæða og ósýktra. Menn telja jafn sjálfsagt að framkvæma varnirnar gegn veikinni eins og þegar um hernað er að ræða, þá telja menn sér skylt að setja upp vígi, og jafnvel þótt það komi fyrir, að eitt vígið falli, þá er ekki venja, að kveða upp þann dóm, að úr því að eitt vígi sé fallið, sé sjálfsagt að yfirgefa annað og þriðja vígið. Sagan hefir sýnt það, mörgum sinnum, að þótt eitt vígi bili, geta þeir, sem í því vörðust, þó að lokum rekið óvinina af höndum sér. Þótt svo illa tækist til, að fyrstu varnargirðingarnar hafi ekki dugað, er skylda, frá sjónarmiði þeirra manna, er vilja hefta útbreiðslu smitandi veiki, að búa til aðra varnarlínu og þá þriðju. Frá sjónarmiði hv. þm. Ak. er alls eigi víst, að veikin hafi alltaf borizt út frá einum stað, heldur myndi hún vera til um allt landið. Frá sjónarmiði hans get ég skilið, að hann vilji engar varnarlínur hafa. Það er rökrétt afleiðing af slíkri skoðun, að engar varnir eigi að viðhafa, og hefðu alls ekki átt að vera neinar frá upphafi. Ég hefi orðið var við það, að aðrir þm. hafa talað um að sýna mér fram á, að hv. þm. Ak. hefði rétt fyrir sér í þessu, að varnirnar væru hér ekki aðeins tilgangslausar, heldur hreint og beint til hins verra, bæði vegna staðhátta og annars. Ég vænti þess, að þeir þm., sem líta þannig á málið, komi fram með það í ræðum eða láti það sjást með atkv. sínum, ef þeir hafa enga trú á, að spornað verði við útbreiðslu veikinnar með girðingum. Það er sízt ástæða til fyrir þá þm., sem eru úr þeim herbúðum eða fulltrúar fyrir þau héruð, þar sem varnargirðingar hafa verið settar upp, að segja, að þeir hafi enga trú á því, að varnir geti komið að liði. Vilja þeir taka á sig þá ábyrgð, sem fylgir því, að fella allar varnir niður, og láta veikina ganga sinn gang? Ég vil spyrja hv. þm. Ak. og aðra þm., sem kynnu að vera sömu skoðunar sem hann, hvort þeir vilji láta skeika að sköpuðu um það, hvort veikin kann að breiðast út yfir nærliggjandi héruð?

Landbn. álítur ekki nokkra leið færa til að útrýma veikinni aðra en niðurskurð. En honum fannst n. taka of fullan munninn, vegna þess að hann, sjálfur dýralæknirinn, hefir lýst því yfir, að hægt væri að stöðva veikina á annan hátt. Honum finnst firn mikil, að landbn. skyldi ekki taka meira tillit til orða hans. Hv. þm. Ak. telur unnt að útrýma veikinni á annan hátt, en ég hefi aldrei heyrt nein rök, sem séu svo sannfærandi, að menn vilji almennt telja þær leiðir bjargráð eða gætu tekið þær til greina. Honum hefir því miður ekki ennþá tekizt að sannfæra nema mjög fáa menn um, að svo sé. Ég verð að hryggja hann með því, að þrátt fyrir sérfræðiþekkingu hans á þessu sviði, hefir hann ekki getað sannfært mig né landbn. Þora þeir menn, sem þekkja veikina, að halda því fram, að hann hafi á réttu að standa? Mér þykir mjög leitt,

ef þessi hv. þm. situr einn uppi með allan sinn vísdóm, eins og hann vill láta í veðri vaka, að hann skuli ekki hafa haft tækifæri til að sannfæra sauðsvartan og fáfróðan almenning um þetta mikilvæga mál og þá menn, sem hafa til að bera einhverja vísindalega þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Þá hélt hv. þm. Ak. því fram, að sauðfjárfækkunin væri ekki af völdum mæðiveikinnar. En af hvers völdum er hún þá? vildi ég spyrja. Þessi hv. þm. heldur því ef til vill fram, að bændur hlaupi í að skera fé sitt niður af tómri hræðslu við þessa veiki? En þetta er mjög mikil misskilningur hjá honum. Ef allar fullyrðingar hans byggjast á álíka mikilli þekkingu sem þetta, gef ég ekki mikið fyrir þær. Ég get sagt honum um eitt dæmi, sem mér er einkum kunnugt um og sýnir vel, hvernig veikin hefir hagað sér. Bóndi einn setti á 230 ær í fyrra. Þegar kemur fram á miðjan vetur, byrjar veikin að drepa féð, en hann sker enga kind, fyrr en hún er komin í dauðann, svo að það er ekki honum að kenna, þótt féð hrynji niður, enda varð sumt sjálfdautt. Í vor sem leið, þegar hann rekur á fjall, hefir sumt af því fé verið orðið veikt og drepizt í sumar, því að síðastl. haust vantaði hann af fjalli 60 fjár, sem hann finnur hræið af hingað og þangað. Svo þegar hann er búinn að ná saman sínu fé, athugar hann það og sér þá á mörgu af því, sumt er jafnvel komið í dauðann. Hann slátrar eingöngu því, sem á sér. Svo rekur hann féð saman hálfsmánaðarlega, og þá koma alltaf nýjar og nýjar kindur meira og minna veikar og sumar langt komnar. Þessu heldur hann áfram í allt haust fram yfir jól, og þá eru eftir af þessum stofni 70—80 ær. Þá hættir hann að skera, og nú mun hann ekki eiga eftir nema um 60 ær. Hverju er það að kenna, að þetta fé hefir farið, ef það er ekki af völdum veikinnar? Heldur hv. þm., að menn séu að gera það að gamni sínu að drepa féð, eða að það deyi úr ímyndunarveiki vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram á Alþ. og í blöðum landsins?

Þá var hv. þm. að álasa n. fyrir það, að hún hefði gengizt fyrir því, að fram færi atkvgr. meðal bænda á mæðiveikisvæðunum um afstöðu þeirra til þessa máls. Og sagði hann, að n. hefði beðið um dóm bænda í rökþrotum sínum og vandræðum. Hann getur haft um þetta, hvaða orð sem honum þóknast, en ég skal skýra það fyrir honum, af hvaða ástæðum það var, sem n. lagði þetta til, það er vegna þess fyrst og fremst, eins og ég sagði áðan, að meiri hl. n. lítur þannig á, að innan skamms, ef tekst að hefta útbreiðslu veikinnar, þá beri að vinna að niðurskurði og fjárskiptum. Hinsvegar var n. það ljóst, að ekki þýddi fyrir löggjafarvaldið að samþ. með valdboði lög um fjárskipti og niðurskurð, ef meginþorri bænda væri á móti því. Þess vegna var nauðsynlegt að vita um vilja bændanna sjálfra, fá af stað umr. og athugun á þessu máli, til þess að þeir væru búnir að gera sér glögga grein fyrir því, ef til þess kæmi að Alþ. samþ. slíkan niðurskurð, því að þetta væri alveg óframkvæmanlegt, nema með samstilltum vilja bænda og löggjafarvalds. Það er því algerlega út í bláinn sagt, að n. hafi viljað skjóta sér undir dóm bændanna í rökþrotum sínum og vandræðum.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, að mistök hefðu orðið hjá þeirri vísindastofnun landsins, sem með þetta mál hefir farið. Mér dettur ekki í hug að neita þessu. Ég veit, að frá upphafi hafa orðið mikil mistök um meðferð þessa máls hjá þeim vísindamönnum og vísindastofnunum, sem sérstaklega var falið að hafa rannsóknina með höndum. Og því er ekki að neita, að fyrir þessi mistök er komið sem komið er, að útbreiðsla veikinnar er orðin svo mikil. Ef þeir hefðu fyrr áttað sig á því, hvað hér var um að vera, hefði verið hægt að stemma stigu fyrir útbreiðslu veikinnar, meðan hún var skemmra komin. En hitt verð ég að segja hv. þm., að ég hefi ekki orðið var við, að hann eða samherjar hans bentu á neina þá leið út úr ógöngunum, sem fær væri, og meðan svo er, situr ekki á þeim að deila á aðra fyrir mistök. Það er ákaflega hægt að berja sér á brjóst með farísealegu drambi og segja: Mikið andskoti eru þeir vitlausir! — Það er þetta, sem hv. þm. réttilega nefndi Pílatusarþvott, og það var slíkur þvottur, sem fram fór á höndum hans hér áðan. En ég vildi segja við hann hið fornkveðna: „Þegar þú þværð, þá þvoðu hreint“ — og ég vildi óska, að honum tækist að þvo hreint í þessu máli.

Og ég vil ásaka þennan hv. þm., sem hefir haft trú á því, að hann sæti uppi með alla vizku í þessum málum, að hann skuli ekki fyrir löngu hafa farið fram á það við fjárveitingavald landsins, að honum væri fengið í hendur fé til þess að gera úrslitatilraunir í þessum efnum. Og ég vildi gjarnan leggja til þess, að hv. þm. væru fengin í hendur fjármunir, sem nægðu til þess að sýna og sanna það, sem hann heldur fram, að hann þekki eðli og gang veikinnar og kunni tök á að útrýma henni.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það má með sanni segja, að þegar ég og e. t. v. fleiri úr hópi þm. taka til máls í þessu máli, þá sé það sem sérstaklega miklir leikmenn í sumum þeim atriðum sem hér hafa fram komið. En þó er þess ekki að dyljast, að mikill hluti þessa máls er ekki aðeins snertandi þá þjóðarfulltrúa, sem hér eiga sæti, heldur líka allan almenning um land allt, og ekki aðeins — eins og nokkuð hefir viljað við brenna, að látið hafi verið í ljós — þær nefndir, sem fjallað hafa um þetta mál, og þær rannsóknarstofnanir, sem haft hafa ýmsar athuganir með höndum þar að lútandi, né heldur þau héruð, sem kölluð eru pestarsvæði. Ég vil sem sagt slá því föstu, að það er langt frá því, að svo sé, og ef n. hefir haldið það, eins og nokkuð af því, sem fram hefir komið, ber vott um, að þetta væri einkamál þessara stafnana og pestarsvæðanna, þá er það hinn mesti misskilningur. En af þessari skoðun, sem virðist vera nokkuð rík hjá þessum aðiljum, hefir það leitt, bæði á síðasta Alþ. og eins nú, að málinu er ekki skilað í hendur þingsins fyrr en á síðustu stundu, þessu mesta vandamáli, sem komið hefir upp hér á landi í manna minnum, þ. e. a. s. eins og búið er að gera það að vanda-

máli. Því að það er líka sannast sagna, að þetta mál hefir í höndum þeirra aðilja, sem um það hafa fjallað, verið gert að slíku höfuðvandamáli, að nú greinir varla á milli, hvað er helber vitleysa, og í hverju geti verið eitthvert vit. Þetta kemur sem sagt á síðustu stundu, svo að engin tök eru á því að athuga það og ræða hér eftir. Menn verða að gleypa þetta meira og minna hrátt og sjá svo, hvernig mönnum verður það að góðu, og helzt er ég á því, að það verði, eftir því sem lengra líður, æ tormeltanlegra.

Ég víti þessa aðferð, sérstaklega þar sem svo er, að í þessu máli hefir setið nefnd árlangt, sem átti að undirbúa það, en þegar til kom, hafði ekki miklar breytingar fram að færa, frá því sem lögin hljóðuðu um. Nefnd þessi — vafalaust með miklum kostnaði — hefir að því er virðist setið á málinu, ferðast á málinu og flækzt á því, og síðan ekki komið með neitt jákvætt. Ég skal nú ekki um það dæma, hverju þetta er að kenna. Vafalaust hafa þessir menn verið í mestu vandræðum, eins og aðrir, með þetta mál. En e. t. v. hefði það verið nær fyrir hv. frsm. að segja það fyrir einu ári, að hann legði til, að málið yrði rannsakað frá annari hálfu, en fæstir af þeim, sem trúðu á sjálfan sig í þessu máli og trúðu á pestina, vildu heyra það né sjá. Nú veit ég að vísu, að það stendur til að veita hv. þm. Ak. styrk til þess að fara eitthvað og kynna sér þetta málefni. En hefði það ekki verið ráðlegra fyrir einu ári? Hv. frsm. spyr, hvers vegna hv. þm. Ak. hafi ekki sótt um fjárstyrk í þessu skyni. En var það ekki ríkisstj. og þeirra manna, sem ætluðu sér að fá vit í þetta mál, að gera gangskör að því, að það yrði rannsakað og kannað alhliða. Nei, það þótti sjálfsagt á fyrra ári að ana út í þessar framkvæmdir, og svo er enn. Það hefir sem sagt í meðferð málsins frá upphafi kennt þess, sem sízt skyldi í vandamálum, sem sé óðagotsins, og það kann aldrei farsælli lukku að stýra.

Þetta frv., eins og það kemur fyrir sjónir, er áframhald af þeim framkvæmdum og aðgerðum, sem notaðar hafa verið, og skal ég vitanlega ekki í einstökum atriðum um það dæma. En þegar þess er gætt, að stjórnarvöld landsins, sem að sjálfsögðu verða að bera hér nokkra ábyrgð, þær þingnefndir og aðrir aðiljar, sem skipaðir eru af slíkum stjórnarvöldum til þess að fara með þetta mál, sjá sér ekki annað fært en að halda áfram á sömu braut, þá vil ég leyfa mér — sem fulltrúi fyrir hérað, sem er svo heppið að hafa ekki lent í þessum vandræðum—að láta þess getið, að það er ekkert eðlilegra heldur en að slíkar ráðstafanir, sem hér er um að ræða, verði eingöngu kostaðar af almennu fé. Það er sem sé engin ástæða til þess að varpa svo og svo miklum kostnaði yfir á hin héruðin, sem hafa það eitt til sakar unnið, að pestin hefir ekki þangað komið, sérstaklega þegar þess er gætt, að ekkert liggur fyrir um það, hvort aðeins þau héruð eiga að bera þetta, sem eru utan þessarar svokallaðrar höfuðlínu, og þegar svo þar til viðbótar kemur, að nú þjóta þm. upp til handa og fóta, og hver vill fá sína höfuðlínu, til þess að girða sín kjördæmi af. En nú er það svo, að það liggur ekki neitt beint fyrir um það, hvar þessi pest er. Við sjáum að vísu á kortinu nokkur skil, en það er ómögulegt að átta sig á því, hvaða hreppar innan línunnar eru lausir við veikina. Við vitum, að það eru heilir hreppar vestan Þjórsár og eins vestan Héraðsvatna, þar sem veikin er ekki komin. Og hví eiga þá þeir hreppar að vera betur settir heldur en t. d. aðrir hreppar, sem liggja alveg við Þjórsá og Héraðsvötn að austan? Samt var haldið áfram að leggja gjald á hverja kind í hinum svokölluðu heilbrigðu héruðum, enda þótt innan þessarar höfuðlínu séu heil stór héruð, sem alveg eru heilbrigð, ef bara trúin væri ekki svona mikil. En hins er ekki að dyljast, að óáranin er mikil, sérstaklega í mannfólkinu, en engar skýrslur liggja fyrir um það, hvaða sótt er í því.

Ég hefi nú með þessum aths. reynt að rökstyðja það, að sjálfsagt sé, að þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, verði kostaðar af hinu opinbera, en að ekki nái nokkurri átt, að þeim kostnaði væri deilt niður á heilbrigðu héruðin með þeim hætti, sem hér er ætlazt til. Og í annan stað vil ég rökstyðja þetta með því, að með þessu, sem ég hefi nú talað um, er vitanlega ekki nema hálfsögð saga gagnvart hinum heilbrigðu svæðum, þar sem með þessum aðferðum er verið að rýja þau að framkvæmdamöguleikum. Til pestarsvæðanna fara sem sé allir styrkir til verklegra framkvæmda, hvort sem það er til jarðræktar, vegabóta, búfjárræktar eða annars, og þangað fara peningarnir, sem veittir eru til þess, að bændur á þessu svæði komist hjá því að greiða vexti af sínum lánum o. s. frv. En nú er mér spurn: Fá engir aðrir bændur þessi fríðindi, sem upp eru talin í 19. gr., heldur en þeir, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum mæðiveikinnar? Það væri gott að fá upplýsingar um það, því að lögin greina ekki svo skýrt þar um.

Ég mun svo ekki fara nánar út í þetta á þessu stigi málsins, því að það er ekki sú umr., að slíkt beri að gera. — En ég vildi aðeins að endingu segja það við hv. frsm., að hann skuli ekki ímynda sér, að hann geti snúið máli sínu til hv. þm. Ak. á þann hátt að segja, að hann sé glópur, sem standi einn uppi í þessu máli. Það má nærri geta, að það renna tvær grímur á marga hv. þm. út af þessu máli, því að þótt hv. frsm. sé trúaður, þá er ekki að vita, að allir hafi öðlazt slíka sannfæringu sem hann.

Steingrímur Steinþórsson: Það er ekki að undra, þó að miklar umr. verði um þetta mál eins og öll saga þess er og eins og það nær til margra manna hér á landi. — Ég vil taka það fram út af því, að hv. þm. V.-Sk. sagði, að það væri leitt, hvað seint málið kæmi inn í þingið, að þetta stafar af því, að það hefir verið reynt að undirbúa frv. sem allra bezt, bæði í mþn. og landbn., að það var ekki hægt að ganga frá því fyrr, svo að mér finnst ásakanir hv. þm. ekki hafa við eins mikið að styðjast í raun og veru eins og kann að virðast við fyrstu sýn. En málið var í fyrstu undirbúið af n., sem skipuð var fulltrúum allra aðalflokka þingsins, og auk þess af landbn. þingsins, svo að flokkarnir gátu alltaf vitað, hvað málinu liði. Þetta er sú afsökun, sem landbn. hefir, en það er síður en

svo, að ég undrist það, þó að þessar aðfinnslur komi fram.

Ég vil taka það fram, að ég er fylgjandi landbn. um frv., og fylgi ég því óbreyttu, en þetta má ekki skilja svo, að ég sé að öllu leyti sömu skoðunar og aðrir í n. Ég hefi dálitla sérstöðu og er ekki að öllu leyti samþykkur ummælum hv. frsm. né ummælum í grg. Ég er svo fjarri hugmyndinni um niðurskurð nú, að ég get ekki fallizt á ummæli hv. frsm. Ég skal ekki fara út í forsögu málsins, en eftir þau 3 ár, sem pestin hefir geysað, erum við í raun og veru engu nær því að vita um eðli hennar og uppruna. — Hv. þm. Ak. heldur því fram, að hér sé um áður þekktan sjúkdóm að ræða, en við vitum bara það, að pestin grípur um sig meir og meir. Við höfum gert tilraunir til að reisa varnarvirki gegn henni, en þær hafa misheppnazt. Nú erum við að reyna frekari varnarvirki, en von mín er því miður veik. Hv. frsm. sagði, að sumir þm. hefðu ekki trú á varnir. Það er satt, mín trú er mjög takmörkuð. Ef það er t. d. rétt, sem tilgátur hafa heyrzt um, að mýs geti flutt veikina, eru girðingar lítils virði. En þrátt fyrir þetta fylgi ég samt varnarplaninu, því að hér er um svo stórkostlegt alvörumál að ræða, að ég álít, að verði að reyna það.

Ég álít, að niðurskurður sé svo alvarlegt skref í þessu máli, að hv. flm. séu naumast búnir að gera sér grein fyrir því. Það var eitt sinn rifizt um það á Alþ., hvort ætti að skera niður sauðfé til þess að hefta útbreiðslu fjárkláðans. En það hefir farið svo, að niðurskurðarmenn þeirra tíma hafa orðið til athlægis, en þeir, sem þá héldu fram lækningum, höfðu rétt fyrir sér. Ég er enginn spámaður, en það vil ég segja, að eins og nú horfir, finnst mér ekkert vit að setja löggjöf um niðurskurð, hvorki í stærri eða minni mælikvarða, og von mín er sú, að síðar verði niðurskurðarplan þeirra, sem fylgja því nú, skoðað jafnfráleitt og þá var.

Hv. þm. Borgf. gerir ráð fyrir niðurskurði, en lagði mikið upp úr því, að hann stæði á allt öðru stigi en hv. þm. N.-M., þar sem hann vildi reyna niðurskurð á litlu svæði, en hv. þm. N.-M. í stórum stíl. Þeir eru nú samt á sama stigi, þessir hv. þm. Hvorutveggja eru heimildarlög, sem heimila niðurskurð, ef vissum skilyrðum er fullnægt. Hv. þm. Borgf. vill skera í Borgarfirði á ákveðnu svæði, en hinar till. gera ráð fyrir niðurskurði á öðrum svæðum. Engum dettur í hug, að það sé viturlegt að skera í suðurhluta Borgarfjarðar og halda svo ekki áfram að hreinsa til. Sá grundvöllur er svo í lausu lofti, að þm. geta ekki samþ. slíkt sem grundvöll, er fara skuli eftir. Og að ekki megi flytja ósýkt fé inn í sýkt héruð, er svo barnalegt ákvæði sem mest má vera, þegar enginn veit, á hvern hátt veikin smitar. Hitt hefi ég þegar tekið fram, að þrátt fyrir ótrú mína á vörnum, verður enn að gera tilraunir í þá átt, því að við höfum ekki annan öruggari grundvöll að byggja á. Ástandið er þannig í sveitunum, að ekki er um annað að ræða en að rétta bændum einhverja hjálparhönd. Að þessu hefir starfað n. fyrri partinn í vetur, að finna reglur fyrir þeim stuðningi, og út af orðum hv. þm. V.-Sk. um, að ekkert sé vitað enn, hverjir fái þann styrk, verð ég að segja, að það er fulldjúpt tekið í árina hjá honum, því að n. er búin að úthluta styrknum eftir ákveðnum reglum. Þess er ekki að vænta, að fyrir liggi grg. um það nú þegar.

Ég ætla ekki að bera fram neinar ádeilur í þessu máli, það bætir ekki úr. En það er vitað, að sú stofnun, sem haft hefir með höndum rannsóknir á fjárpestinni, hefir ekki náð verulegum árangri. Þó hefir það fengizt greinilega skjalfest, að það er ekki svipað því allur fjárstofninn í nokkrum héruðum, sem drepst. Sumir stofnar sýkjast lítið, aðrir meira. Það er út af fyrir sig mikils virði að vita þetta, því að áður héldu menn, að veikin strádræpi. Eftir að hafa fengið þessa vitneskju, er ég enn meir á móti hugmyndinni um niðurskurð. Þá mun það rétt vera, að veikin fari hægar yfir nú en í fyrstu. Er því síður ástæða til að grípa til örþrifaráða.

Ég skal játa það og viðurkenna með hv. þm. Ak., að of lítið hefir verið gert að því að nota sérkunnáttu dýralæknanna. Ég álít, að það hefði átt að gera strax. En það hefir nú æxlazt svo, að Rannsóknarstofa háskólans hefir haft þessar rannsóknir áfram, án þess að samvinna væri milli hennar og dýralæknanna. Það er mjög óheppilegt, í stað þess að fá þessa aðilja til að starfa saman. En ég verð að segja, að mér finnst það of óákveðið, hvað hv. þm. Ak. vill láta gera. Hann heldur því fram, að hægt sé að losna við veikina. En hvað vill hann láta gera? Ég er því mjög fylgjandi, að hv. þm. Ak. fái tækifæri og möguleika til að gefa sig við athugunum á veikinni. Mér finnst bara, að hann taka þetta um of sem tilfinningamál, án þess að benda á leiðir til úrræða. Það er hans veika hlið í þessu máli.

Ég mun láta hér staðar numið. Mér finnst skiljanlegt, að skoðanir manna í þessu máli séu mjög á reiki, og trúað gæti ég, að engir tveir menn hér í hv. d. væru sömu skoðunar, þar sem við í raun og veru erum að fálma okkur áfram í myrkri. Ég hefi, eins og ég hefi tekið fram, ekki getað fundið, að kyndlar hv. þm. Ak. hafi lýst okkur verulega. Hann segir bara, að það sé vitleysa, sem gert sé. En ég vil stuðla að því, að hann geti beitt sér, og vona, að hann geti orðið sá stóri spámaður, að honum takist að kveða niður pestina. Ég er frv. n. samþykkur eins og það liggur fyrir, þó að ég hafi að sumu leyti dálitla sérstöðu.

*Emil Jónsson: Ég get verið mjög stuttorður, bæði vegna þess, að mér er ekki ætlaður langur tími, og vegna þess, að hv. meðnm. mínir hafa lýst afstöðu n. til málsins, en henni er ég í höfuðatriðum samþykkur. Það, sem málið hefir snúizt um hjá n., er ekki, hvort haldið skuli uppi sömu vörnum og áður, né heldur, hvort þeim, sem orðið hafa fyrir tjóni, skuli það bætt, heldur, hvort nú þegar skuli gerðar ráðstafanir til niðurskurðar. Um þetta er fyrst og fremst deilt, en n. hefir fallizt á að láta niður falla niðurskurði, og fagna ég því.

Ég fékk hér á sínum tíma ákúrur fyrir, að ég taldi, að málið væri svo illa undirbúið, að ekki væri hægt að fylgja eftir neinum till., sem gerðar voru til að hefta veikina. Mér finnst lítið hafa

aukizt á þekkingu manna síðan, nema hvað allir eru sammála um, að girðingarnar hafi tafið útbreiðslu veikinnar. Það er rétt, sem í grg. stendur, að allar varnarlínur eru niður fallnar, og er sorglegt til þess að vita, en hinsvegar verður því ekki neitað, að ef engar varnarlínur hefðu verið, hefði veikin borizt örar. Þess vegna vil ég halda uppi vörnum áfram og reyna allt til þess að hindra, að veikin berist ört um sveitir landsins. Það er ekki gott að segja, hvort það tekst, en það er mikill ávinningur, að veikin fari hægar um.

Við erum allir sammála um að reyna að einhverju leyti að bæta tjón bænda úr ríkissjóði. — Eins og ég sagði áðan, var aðalágreiningurinn um það, hvort leggja skyldi út í niðurskurð. Nú hefir náðst sá árangur, að þetta skuli ekki gert. Hv. þm. Borgf. leggur samt til að reyna niðurskurð í Borgarfirði, og hv. þm. N.-M. vill fara svipaða leið. En ég vona, að á meðan við höfum ekki öðlazt betri þekkingu um það, hvernig veikin hagar sér, og ekki eru reyndir þeir möguleikar til lækninga, sem hv. þm. Ak. er að boða hér, verði ekki samþ. brtt. hv. þm. Borgf. Ég er fylgjandi því, að reynt verði á allan hátt að nota allar upplýsingar til að reyna að hefta útbreiðsluna eða lækna veikina, og þar sem fleiri hv. dm. hafa lýst sig því hlynnta, vona ég, að dýralæknunum verði ekki lengur haldið fyrir utan málið, en meðan þessar tilraunir og athuganir standa yfir, verði ekki horfið að frekari aðgerðum en að tefja svo sem hægt er fyrir útbreiðslunni.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég skal fyllilega kannast við, að ég hefi hafið ádeilur hér, en ég vil biðja hv. þm. að minnast þess, um hvað deilan snýst. Ég vil, að við vitum, við hvað við erum að glíma, hvaða sjúdómur er hér á ferð. Ég stend alveg á öndverðum meiði við þá vísindamenn í landinu, sem um málið hafa fjallað. Meina ég þá aðallega rannsóknarstofu háskólans. Þeir halda því fram, að hér sé um nýjan sjúkdóm að ræða, en svo neita þeir í öðru orðinu því, sem þeir játa í hinu. Á því er svo allt byggt. Á svo veikum grundvelli er allt byggt, enda eru allar þeirra rannsóknir eins og spilaborg, sem hrynur, ef við hana er komið. En það þarf ekki íslenzka vísindamenn, sem ekkert vita, til þess að rannsaka það, að þessi veiki er „Jagziekti". Það staðhæfi ég. Ég er sannfærður um, að þessi lungnapest er sami sjúkdómurinn og þekktur er um allan heim og nefnist á fagmáli „Hæmorrhagisk septicæmi", og ég þori að taka á mig ábyrgðina á því, að kasta burt allri spilaborginni, öllum girðingunum, því að þær eru gagnslausar og munu verða það til eilífðar. Þessi veiki hefir verið landlæg norðanlands a. m. k. þau 28 ár, sem ég hefi starfað sem dýralæknir. Er mér þetta mál nokkuð kunnugt, og þurfti ég ekki að vera nema hálfan mánuð norður í Húnavatnssýslu í fyrra til þess að sjá, hvers kyns var.

Það er ákaflega mismunandi, hvað fé er móttæklegt fyrir þessa veiki. Sumir stofnar eru lítt móttækilegir. Veikin kemur fyrir bæði í kindum og svínum, og er svo skyld í þeim að svín geta smitað kindur og kindur svín. Eru það einkanlega svínastofnar, sem hafa verið rannsakaðir.

Nú hoppa menn hér upp og segja, að komin sé tilkynning frá rannsóknarstofu háskólans um, að mýs hafi smitazt líka. Þetta er þekkt fyrir tugum ára, og er bakterían í sauðfé og músum einnig af sama stofni. En hvað þýðir að koma með svona vísindi fyrir ykkur? Þið trúið mér ekki. Þó heyrði ég mér til ánægju, að þeir tveir hv. þm., sem hér höfðu orðið síðast, töluðu um þetta með viti og sanngirni. Ég veit ekki, hvort þetta er mér að þakka, en ég verð að halda, að þeir hafi séð einhvern glampa af þeim kyndlum, sem ég talaði um, að ég ætlaði að bregða upp.

Hv. frsm. landbn., hv. þm. Mýr., var að tala um, að n. þætti rétt að halda áfram þeim tilraunum, sem fram hafa farið í Heggstaðanesi, til að fá úr því skorið, hvort land, hús eða hey smiti. Það er ákaflega gott að fá að vita þetta. Í Heggstaðanesi er allt smitað fyrirfram. Bakterían er sérstaklega bundin við ryk í jörð, myglu í heyjum og annað þess háttar. Það eru skiptar skoðanir um það í heiminum, hvort veikin sé smitandi, nema sýkillinn komist inn í líkama skepnunnar og magnist þar. Þetta er mjög veigamikið atriði í þessu máli og bendir til þess, að girðingarnar hafa litla þýðingu. Og ef mýs eru nú farnar að smitast af kindum er hætt við, að girðingarnar þurfi að vera nokkuð þéttar.

Hv. frsm. spurði, hvers vegna ég hefði ekki komið með neinar upplýsingar um, hvernig eigi að stöðva veikina. Að þessu hefir hann aldrei spurt mig fyrr, og hefi ég þó setið hér á tveimur þingum. Hv. frsm. landbn. hefir aldrei sýnt mér þá virðingu, að kalla mig á fund, þótt ekki hefði verið nema rétt fyrir kurteisissakir. Þetta er svarið við því, hvers vegna ég hefi aldrei látið ljós mitt skína fyrir honum eða þessari hv. landbn.

Hv. frsm. kom inn á fækkunina og þótti ég hafa farið þar allgeyst. En ég var bara að píska n. með sinni eigin svipu og las upp úr hennar eigin grg., enda þótt ég hafi vitað fyrirfram, að sú fækkun, sem slegið er fram í blöðunum, er meira og minna ýkt. Mæðiveikin sjálf drepur örfáar kindur, og nú er komið á daginn, að fjöldinn af fénu er farið að læknast, og er það ekkert annað en sönnun á mínum málstað.

Hv. þm. kannaðist við, að það hefði orðið mörg mistök hjá þessum svokölluðu vísindamönnum hér á landi. Það er gott, að hann kannast við þetta. En það er sama, hvaða vitleysu þeir gera, það á samt að byggja alla þessa spilaborg á þeim. Ég hefði ekki þurft að koma með nema eina af þessum vitleysum til þess að verða dauðadæmdur.

Hv. þm. sagði, að það væri hægt fyrir mig að deila á n., en ráða henni svo ekkert um það, hvernig hún skyldi haga framkvæmdum. Hún hefir ekki spurt mig ráða í einu né öðru. Ég verð þó að segja hæstv. forsrh. til hróss, að hann hefir boðið mér að fara utan og halda mínu máli fram þar, sem rétta aðilja væri að finna til þess að skera úr. Hefi ég hugsað mér að leggja málið fyrir erlenda háskóla, og vona ég, að hv. þm. líti öðrum augum á það á næsta þingi.

Ég hefi aldrei farið fram á að fá fé til minna

rannsókna á þessu sviði, enda á það að vera þannig. Ef menn bera traust til sinna embættismanna, er það ríkisvaldsins að spyrja, hvort þeir vilji gera þetta og þetta. En að ég eigi að koma skríðandi og segja: Viljið þið leyfa mér að gera þetta eða hitt — það á ekki við mig. Ég er ekkert skriðdýr og held minni sannfæringu í þessu máli eins og öðrum.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði mjög hógværlega um þetta mál, eins og ég átti von á af honum. Ég veit, að hann er lítt trúaður á þessar ráðstafanir, sem gerðar eru, þótt hann af öðrum ástæðum sé neyddur til að láta eitthvað af hendi rakna. Ég get skilið það sjónarmið. Menn eru hræddir við fólkið. Þeir vita ekki betur en þetta og byggja á röngum forsendum þeirra manna, sem gefa sig út fyrir spekinga hér á landi. Hv. þm. sagðist vera á móti niðurskurði, og virði ég það við hann. Niðurskurðurinn er voðalegri en girðingarnar, en ber að sama brunni. Það hafa verið sett upp feiknin öll af girðingum, en alstaðar hefir veikin komið upp fyrir utan þær. Þess vegna segir n., að verði nú að setja upp nýjar girðingar og þær fara vitanlega eins. Á sama hátt myndi fara með niðurskurðinn. Veikin myndi koma upp fyrir utan þau svæði, þar sem skorið væri niður, og þannig mætti halda áfram þar til síðasta kindin væri farin. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Skagf. tók fram í samanburðinum á niðurskurðarbaráttunni hér á árunum, þegar fjárkláðinn geisaði. Þá skiptust menn í tvo flokka, sumir vildu niðurskurð, en aðrir voru fylgjandi lækningum, og var Jón Sigurðsson þar einna fremstur í flokki. Og hvernig lyktaði þeirri baráttu? Nú fer enginn maður að skera niður fé í stórum stíl vegna kláða. Sama má segja um þessa veiki, sem hér um ræðir, hvað útlönd snertir. Þar dettur engum í hug að grípa til niðurskurðar hennar vegna. Menn nota bólusetningu. Og það mundi ég gera, ef mér væri falið að gera nokkuð í þessu máli. Ég mundi kenna mönnum að varast sýkina. Ég geri ráð fyrir, ef ég fer utan á næstunni, muni ég koma heim með nokkur tilraunaefni, sem notuð eru í Danmörku og Þýzkalandi, og freista þess að fá að sprauta í nokkrar kindur.

Ég hefi ekki verið örlátur á mín vopn handa mótstöðumönnum mínum. Ég veit, að þeir hafa gengið svo langt að reyna að sverta okkur dýralæknana bæði með lognu og sönnu, þannig að við höfum hvorki verið álitnir alandi eða ferjandi á þessu landi.

Baráttuaðferð okkar dýralæknanna gegn lungnapestinni er í stuttu máli þessi: Í fyrsta lagi að láta menn vita, hvað er á ferðinni. Í öðru lagi, hvað beri að varast, og hvernig skepnurnar geti fengið veikina. Það er vitað um allan heim og byggt á rannsóknum frægra vísindamanna, að það er sérstök bakteria, sem veikinni veldur, og að hún er einkanlega bundin við ryk og myglu í heyjum. Þess vegna hafa menn sótthreinsað húsin á einfaldan hátt, t. d. þvegið garðana með 3% sterku sódavatni og hellt því í gólfin til þess að binda rykið. Myglað hey er gott að bleyta, rétt eins og þegar um heyveika hesta er að ræða. Auk þessa er ýmislegt annað, sem veikir mótstöðuaflið hjá kindunum, eins og t. d. illt tíðarfar, hrakningar og annað slíkt. Þá eru fjárstofnarnir mjög misjafnlega móttækilegir fyrir veikina. Það er „disposition“ fyrir hana hjá sumum stofnum, en hinsvegar ekki hjá öðrum.

Ef ekki er hægt að fyrirbyggja veikina með þessu móti, sem nú hefir verið talið, geta menn fengið bóluefni og sprautað í kindurnar. Það gera menn venjulega erlendis fyrst, til þess að fyrirbyggja veikina, og eins þegar veikin er farin að drepa, þá er bóluefni notað, sterkara en hitt, til þess að lækna veikina. Mesta kúnstin er að kveða niður þann draug, sem búið er að vekja upp hér á landi, og losa fólk við þá hræðslu, sem gerir aðalóskundann í þessu máli.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Það eru aðallega tveir hv. þm., sem ég þarf að svara.

Hv. þm. V.-Sk. flutti alllangt mál um till. n., og gengu ummæli um trú og trúleysi eins og rauður þráður í gegnum alla hans ræðu. Ég held, að kirkjuráðsmaðurinn sé kominn svo ofarlega í hv. þm., að hann geti ekki talað um niðurskurð og fjársýki án þess að vefja það innan í umr. um trú og trúleysi. „Sýn mér trú þína í verki“. Það hefir enga þýðingu að vera með máttlaus illyrði í garð n. og segja allt hennar starf vitleysu eina, ef hv. þm. getur ekki komið fram með neina till. um, hvað eigi að gera. Hv. þm. var að vonzkast yfir vörnunum og bótunum, sem veittar væru. Ég vildi, að það hefði komið skýrt fram hjá hv. þm., hvað það er, sem hann vill breyta, af því, sem n. leggur til.

Hv. þm. talaði mikið um, að þessu máli væri ekki skilað í hendur þingsins fyrr en síðustu daga þess og sagði, að n. hefði sýnt hið mesta óðagot í störfum sínum. Mér finnst þetta ekki fara vel saman, þegar n. liggur yfir málinu og athugar það allan þingtímann. Ég skal segja hv. þm., að einmitt vegna þess, að aðrar n. höfðu þetta mál einnig til athugunar, kom það síðar í hendur landbn. en ella. N. hefir kappkostað að vanda sem bezt undirbúning málsins og hefir safnað öllum þeim gögnum, sem hægt hefir verið að fá um það, og þetta er einmitt orsökin til þess, að hún hefir ekki getað komið fyrr fram með það en þetta. Það er því langt frá því, að hér sé um óðagot að ræða; þetta er eðlileg töf í meðferð málsins. Ávítunum hv. þm., hvað þetta snertir, ætla ég því algerlega að vísa til baka. Og ég álít, að hann hefði miklu frekar getað vítt n. fyrir það, ef hún hefði ekki leitað sér allra þeirra gagna og upplýsinga, sem var að fá, áður en hún bar málið hér fram.

Þá minntist hv. þm. á þau orð, sem fóru á milli mín og hv. þm. Ak., þar sem hann sagði, að ég hefði ásakað sig um, að þeir, sem hefðu sterka trú á sinni vizku í þessu máli, skyldu ekki hafa hafizt handa og heimtað stuðning af ríkisvaldinu til þess að koma áformum sínum í verk. Vitanlega er það fremur hans og þeirra manna, sem á það trúa, að berjast fyrir því, að þessum kyndlum verði brugðið á loft, sem hv. þm. talaði svo fagurlega um. Ég segi eins og áður, að mér finnst rétt að fá úr því skorið með raunhæfum tilraunum, hver hafi rétt fyrir sér, hv. þm. Ak. eða aðrir, sem ekki eru honum sammála, enda

þótt ég hafi ekki sannfærzt af hans málaflutningi, að hann hafi á réttu að standa.

Í ræðu hv. þm. V.-Sk. kom fram hin lægsta kjördæmaeigingirni, þegar hann var að telja eftir þann styrk, sem veittur hefir verið til þeirra héraða, sem liggja flakandi í sárum eftir mæðiveikina, og þau litlu gjöld, sem lögð eru á sauðfjáreigendur í þeim sveitum, sem verið er að verja. Það stendur einhversstaðar fögur setning um, að menn eigi að bera hver annars byrðar. Og hverjir eiga frekar að hlaupa hér undir baggann en þeir bændur, sem hafa verið svo lánsamir að sleppa við þetta tjón? Hverjir eiga frekar að leggja á sig einhverja skatta en þeir, sem vörnunum er haldið uppi fyrir? Ef menn hafa trú á því, að vit sé í vörnunum, virðist mér afareinfalt mál, að þeir, sem eiga að leggja eitthvað á sig varnanna vegna, séu bændurnir, sem búa fyrir utan pestarsvæðið.

Þá var hv. þm. að æðrast út af því, hvað litlar upplýsingar kæmu frá n. Mér skildist hann ætlast til, að við teldum upp hvern einasta bæ á landinu, þar sem veikin hefir komið. Veit ég ekki, hvað á því væri að græða. Ég gat hér um aðalpestarsvæðin, og hélt ég, að það væri nóg til þess, að menn gætu gert sér grein fyrir útbreiðslu veikinnar.

Hv. þm. var að vonzkast út af því, hvernig bótafjárins væri aflað, og sagði, að n. væri á síðustu stundu með sínar till. Ég held, að hv. þm. sé ekki á síðustu stundu með þessar aths., heldur á eftir síðustu stundu, því að þetta átti að ræða um leið og fjárlögin.

Hv. þm. talaði um, að allt fé, sem veitt væri til framkvæmda úr ríkissjóði, færi til þessara pestarsvæða, en önnur héruð landsins stæðu uppi févana og framkvæmdalaus á öllum sviðum. Ég hefi verið að líta yfir fjvn. plöggin, og mig minnir, að eitthvert vegafé sé veitt til V.-Sk. Ég hygg, að ef hv. þm. færi í gegnum till. fjvn., myndi hann sjá, að það er ekki öllu minna fé varið til vegagerða og annara framkvæmda í hinum ósýktu sýslum landsins en undanfarið, svo að þetta er alveg út í bláinn hjá hv. þm. Ég veit og ekki betur en að um úthlutun jarðabótastyrks gildi sömu reglur og áður, svo að það mál kemur ekki þessu við.

Hv. 2. þm. Skagf. gat þess í ræðu sinni, að hann væri ekki fyllilega samþykkur því, sem stæði í nál. meiri hl. n.; hann teldi ekki sýnt, að niðurskurður og fjárskipti væru eina hugsanlega leiðin til þess að losna við pestina, eins og sakir standa. Ég veit þó ekki, hvaða ráð menn hugsa sér önnur. Hitt er annað, að margir eru sammála um, að enn sé ekki fenginn grundvöllur til að framkvæma þau fjárskipti á tryggilegan hátt, en þann grundvöll er verið að skapa, m. a. með þeirri tilraun, sem nú er verið að framkvæma í Heggstaðanesi.

Hv. þm. Ak. flutti hér langt mál og lært, eins og hans er vandi í þessum málum. Hann fullyrti, að með lækningum gæti hann algerlega ráðið niðurlögum veikinnar. — Mér finnst það alveg óafsakanlegt, ef hv. þm. er sannfærður um, að hann sitji inni með alla þekking og skilning, sem til sé á málinu, að hann skuli ekki enn hafa hrundið af stað neinum raunhæfum framkvæmdum. Það er ekki nóg að standa upp hér á Alþingi með hrókaræður, þar sem eitt orðið er á latínu, annað á íslenzku og þriðja á grísku, og láta ekkert verða úr því nema orðin tóm. Hann getur ekki vonazt til þess, að þeir menn, sem hafa enga reynslu um og takmarkaða trú á þessum einkavísdómi hans, geti beitt sér fyrir því í hans stað, að veitt verði mikið fé til slíkra tilrauna. Hann vildi af sinni hálfu halda því fram, að öll ráð, sem reynd hafa verið, séu gagnslaus; girðingarnar væru þýðingarlausar, því að mæðiveikin sé afbrigði af algengri lungnaveiki. Þessu verður ekki trúað án sannana, og skal ég ekki deila við hann um það. En bændur, sem þekkt hafa flestar fjárpestir, sem hér hafa komið fram, segjast aldrei hafa séð neitt fyrirbrigði, sem líkist þessu, hvorki að einkennum né því, hve margt drepst. (**SEH**: Það hafa glöggir menn fullyrt við mig, að þeir hafi séð þetta áður). Ég veit, að þeir munu ekki vera margir. Menn hafa þá reynslu, að hvar sem ósjúkt fé kemur saman við sjúkt, smitast það og veikin brýzt út. — Þó að ýmsir þm. hafi þá skoðun, að hv. þm. Ak. hafi hér eitthvað til brunns að bera, getur hann ekki búizt við því, að það verði gert fyrir hans orð að fella niður allar varnir gegn útbreiðslu veikinnar. Enda veit ég ekki, hvort hann telur sig færan að bera ábyrgð á því. Það er engin leið að skella ábyrgðinni á óþurrkana og kenna þeim um í útbreiðslu veikinnar. Óþurrkar hafa verið hér á landi fyrr, og engin slík fjárpest komið.

Það mundi gleðja marga, ef hv. þm. talaði minna og gerði meira. Hann talaði um, hvort hann mundi fá að gera tilraunir á fé, þegar hann kæmi aftur frá Þýzkalandi með fangið fullt af læknisdómum. Ég get tekið undir ummæli hæstv. núv. atvmrh. frá síðasta þingi. Ég hygg, að bændur á fjárpestarsvæðunum álíti fjárstofn sinn svo vafasama eign, að þeir mundu vafalaust leyfa honum að gera á honum tilraunir sínar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, 484, 518, 521, 522, 526).

Of skammt var liðið frá 1. umr., svo og frá útbýtingu allra brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Bergur Jónsson: Ég á hér brtt., aðra á þskj. 517, sem ég flyt ásamt 3 öðrum hv. þm., en hina á þskj. 526.

Aðalbrtt. að efni til er fyrri brtt. á þskj. 517. Hún gengur í þá átt, að bæta inn í 5. gr. frv. sem aðallínu línu frá Kollafirði í Gufudalssveit til Ísafjarðar við Ísafjarðardjúp. Ég sé í grg. frv., að mæðiveikinefndin hefir sent landbn. frv., þar sem lagt er til, að aðallínurnar á Vestfjörðum séu 2, og önnur þeirra væri frá Kollafirði til Ísafjarðar. Landbn. hafa hinsvegar ruglað fram og aftur með þetta. Stundum hefir verið talað um, að aðallínan fyrir Vestfirði væri frá Kollafirði til Ísafjarðar, stundum frá Þorskafirði til Steingrímsfjarðar, stundum frá Kaldalóni í Þaralátursfjörð. Eins og frv. er nú, er gert

ráð fyrir aðeins einni aðallínu á Vestfjörðum, sem sé milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar. Ég tel engan vafa á, að þetta sé algerlega ófullnægjandi fyrir sauðfjárræktarhéruð, sem eru, að því er maður bezt veit, ósýkt af mæðiveikinni. — Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm. landbn. við 1. umr., að hann sagði út af I. kafla frv., að aðaláherzluna yrði að leggja á að verja þá hluta landsins, sem væru ósýktir. Þetta er rétt. En það er ekki í fullu samræmi við þessa skoðun, að vilja ekki koma upp 2 fullgildum varnargirðingum fyrir Vestfirði, þar sem vitað er með þeirri vissu, sem annars er hægt um það að fá, að veikin er alls ekki komin þangað. Ég álít, að það hljóti að vera yfirleitt aðalatriðið í þessu máli, að leggja höfuðstyrkinn í að verja eins fullkomlega og hægt er þá landshluta, sem ekki hafa orðið fyrir sýkingu ennþá. Við sjáum það á fjárl. nú, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður verji 385 þús. kr. til stuðnings bænda á því svæði þar sem mæðiveikin hefir geisað. Ennfremur á þjargráðasjóður að leggja fram 48 þús. kr. og héruðin 54 þús. kr. Það sér hver maður, hvort sem litið er til Vestfjarða eða austurhluta landsins — til þessara tveggja aðalstaða á landinu, þar sem er nokkurnveginn vitað, að sýkin er ekki ennþá komin —, að þar er um svo geysilega mikið verðmæti að ræða, ef sýkin kemur þangað, að þó að ekki sé litið á annað en það fé, sem ríkið og aðrir yrðu að leggja fram til styrktar mönnum á þessu svæði, yrði sá kostnaður margfaldur á við það, sem leggja yrði fram til að auka varðlínurnar eins og við leggjum til í brtt. okkar.

Ég skal geta þess viðvíkjandi línunni milli Kollafjarðar og Ísafjarðar, að það er gert ráð fyrir, að hún sé 25 km. löng og kosti um 22500 kr. Ef veitt er hámarkið til þessarar línu, eins og gert er ráð fyrir í grg. frv., þá yrði það um 8750 kr., eða m. ö. o. mismunurinn á því, sem ríkissjóður yrði að leggja fram, yrði 13—14 þús. En hvaða upphæð er það móts við það verðmæti, sem væri í voða, ef veikin kæmi verulega yfir á Vestfirði?

Eftir því sem segir í grg. frv., þá er fjártalan í þessum héruðum sem hér segir:

Í Vestur-Barðastrandarsýslu	13759
Í Ísafjarðarsýslu	32189
Á Ísafirði	519
Samtals	46467

Svo er í þeim hluta Austur-Barðastrandarsýslu, sem girðingin mundi vernda, Múla- og Flateyjarhreppi, 3256 fjár, eða samtals 49725. Þá er einnig nokkur hluti Gufudalshrepps þarna í, svo að samtals er þá það fé, sem þessi girðing mundi verja, rúmlega 50 þús. Má sjálfsagt telja þennan fjárstofn ca. 800 þús. til 1 millj. kr. virði. Það sjá allir, að það er að spara eyrinn og eyða krónunni, að vilja ekki leggja fram þennan 14—15 þús. kr. styrk til Ísafjarðarlínunnar sem aðalvarnarlínu, heldur en að ríkissjóður og aðrir hlutaðeigendur þurfi síðar að leggja fram hundr. þús. til þess að bæta fyrir þau verðmæti, sem þannig geta farið forgörðum. Ég vil geta þess, að á Vestfjörðum er aðstaðan slík, að það er ómögulegt fyrir bændur að hafa nema sauðfjárbúskap, þar sem enginn markaður er fyrir mjólk eða aðrar afurðir kúaræktar. Það er því alveg kippt fótunum undan búrekstri manna, ef þeir missa fjárstofninn. Það geta verið skiptar skoðanir um, hvort hægt sé að verja með þessum girðingum, en verði þær eingöngu til að tefja svolitið útbreiðslu sýkinnar, er það líka mikill ávinningur. Ég vona, að hv. þm. átti sig á, að hér er um skyldu að ræða af hálfu fjárveitingavaldsins til að gera allt, sem mögulegt er, til að hjálpa þessum stóra landshluta, og samþ. aðalbrtt. okkar á þskj. 517. Auk þess höfum við borið fram varatill., um að setja þessa línu sem aukavarnarlínu, sem framkvæmdanefnd, sem ætlazt er til, að skipuð verði eftir frv., má setja upp.

Þá hefi ég borið fram eina brtt. til, um að orða um 3. lið í 5. gr. Ég legg til að þar standi: Milli Steingrímsfjarðar og Berufjarðar. Ég held, að það sé fullvíst, að eigi sé um aukinn kostnað að ræða, þó að línan sé látin ná til Berufjarðar. En með því að fara örlítið austar, kemur um 2000 fjár í viðbót, allt úr Reykhólasveit, og veit ég ekki betur en að þau svæði séu algerlega ósýkt. Ætti því undir öllum kringumstæðum að vera hægt að fá þeim sanngjörnu óskum framgengt, að samþ. þessa till.

Það er ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en ég vona, að aðaltill. á þskj. 517 verði vel tekið, en ef svo ólíklega til tekst, að hún verði drepin, þá verði vat. samþ.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég ætla að segja frá áliti n. Ég skal geta þess, að n. getur ekki fallizt á brtt. N. telur, að það eigi að nota heimild 7. gr. til að koma upp girðingum undir ýmsum kringumstæðum, og það á einkum við um girðinguna úr Þorskafirði í Ísafjörð. Þar er fyllilega greiddur allur kostnaður við efniskaup, svo að aðeins er eftir flutningur og uppsetning.

Það er að vísu svo með aðrar girðingar, sem n. gerir ráð fyrir eftir 7. gr., að það er ekki unnt að fá fullan 35 au. styrk, því að takmarkið er 50 au. á kind. Þannig næði hvorki Snæfellsnes eða Reykjanes 35 au. á metra, því að féð er þar færra en svo, að komizt upp í 50 au. markið. En fjárfjöldinn er svo mikill í Ísafjarðarsýslu, að þar fengist kostnaðurinn uppborinn.

Út af því, sem hv. þm. Barð. minntist á, vil ég geta þess, að n. áleit réttara að hafa Þorskafjarðarlínuna sem aðalgirðingu, með því að vænta mætti, að veikin væri ekki komin út fyrir þá línu. Ef þeir, sem búa vestan línunnar, telja sig samt ekki örugga, er nóg heimild fyrir framkvæmdastj. að veita styrk til varagirðingar. Hitt kemur ekki til mála, að setja upp báðar girðingarnar sem aðalgirðingar.

Alveg það sama má segja um girðingarnar á Snæfellsnesi og Reykjanesi, og þó er tiltölulega enn ríflegri styrkur til Kollafjarðarlínunnar en þeirra.

Um brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 526, um að flytja girðinguna út í Berufjörð, vil ég segja það, að ég hefi aflað mér upplýsinga því viðvíkjandi hjá framkvæmdarstjóra varnanna, og hann leggur á móti brtt. með þeim rökum, að það sé meiri

hætta á, að veikin kunni að leynast í Berufirði en ef girðingin sé lögð í Þorskafjörð. Hann segir, að síðastl. haust hafi þess verið gætt vandlega að lóga fé vestan Þorskafjarðar, en aftur á móti ekki austan Þorskafjarðar, á því svæði, sem hv. þm. Barð. hefir í huga. N. leggur því á móti brtt. hans. Reynslan hefir sýnt, að girðingar hafa farið of nærri sýktum svæðum til að reyna að bjarga sem flestu fé. Fram hjá þessari hættu vill n. reyna að stýra.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Mér finnst á till. hv. þm., að þeir hafi ekki allir sannfærzt um, að girðingar séu út í bláinn, eins og hv. þm. Ak. vill halda fram.

***Bergur Jónsson:** Ég vil benda hv. þm. Mýr. á, þegar hann er að bera fyrir sig umsögn framkvæmdastjóra um athugun á fé vestan Þorskafjarðar og austan, að það kemur ekkert málinu við, því að einmitt eftir till. sjálfrar n. kemur belti þar á milli. Það er því bara ósanngirni af n. að vera á móti brtt. minni. Þeir, sem bjuggu vestan Þorskafjarðar, höfðu engan undirbúning að línu milli Kollafjarðar og Ísafjarðar, því að þeir treystu því, að sú lína mundi koma. Þeir höfðu því engan viðbúnað til þess að taka á sig þann kostnað. Hér er um svo lítið fé að ræða í samanburði við þau hundruð þúsunda, sem hvort sem er þarf að leggja fram, að ekki er horfandi í það.

Hv. frsm. spurði, hvort ég gæti ekki verið það sanngjarn, að í stað þess, að í brtt. minni stendur: „milli Steingrímsfjarðar og Berufjarðar", kæmi: milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar. En ég skil ekki þessa ákefð í að ofurselja Reykjanes veikinni. Það hefir verið sótt mjög eftir því af Geirdælingum að fá línu til þess að verja sig, en því hefir verið neitað, og ég hefi ekki viljað bera upp þá till., því að ég veit, að hún mundi falla, en að bæta Reykjanesi ofan á, er alger fásinna. Það er ákveðið af Reyknesingum, að þeir ætla að girða sig inni á eigin kostnað, ef brtt. mín verður felld. En af því að hér er um svo tiltölulega lítinn kostnað að ræða, finnst mér sanngirnismál að samþ. brtt.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég geri ráð fyrir að framkvæmdastjóri varnanna sé eins kunnugur því og hv. þm. Barð., hvar hætta sé á, að veikin leynist, og ég verð að leggja meira upp úr upplýsingum hans en óskum hv. þm. Barð. Og framkvæmdastjóri segir m. a., að þó að þetta verði samþ., treysti hann sér ekki til að framkvæma það. Hitt er allt annað, að samþ. till. um, að línan skuli vera annaðhvort í Þorskafjörð eða Berufjörð. Ég vil og geta þess, að fyrir þá, sem vilja greiða atkv. með Kollafjarðarlínunni, er miklu betra að samþ. varatill. en aðaltill.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19:1 atkv.

Brtt. 521, 522 og 526 teknar aftur til 3. umr.

— 517,I felld með 13:8 atkv.

5. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 517,II felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, TT, VJ, ÁÁ, BJ, EmJ, FJ,HG, ÍslH, JörB.

nei: PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, BÁ, BjB, EE, EystJ, HelgJ, JPálm, ÓTh, PHann.

GSv. greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÞBr, PHalld, EOl, GÞ, GG, HV, JakM) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 20:1 atkv.

7.—18. gr. samþ. með 20:1 atkv.

19.—26. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 484,1.b felld með 17:1 atkv.

Aðrar brtt. á þskj. 484 teknar aftur.

Brtt. 518 tekin aftur.

27.—31. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 483, 521, 522, 526).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Ég stend einungis upp til að lýsa því yfir, að ég tek aftur brtt. á þskj. 521, þar sem búið er að fella till. á þskj. 517.

***Thor Thors:** Þetta er síðasta umr. þessa máls, og má því segja, að e. t. v. sé ástæða til að fara út í almennar umr. um það, en nú er tími þingsins orðinn svo naumur, að ég ætla ekki að leyfa mér það, þótt ég hafi fullan hug á að fara nokkrum almennum orðum um þennan mikla vágest, sem steðjar að landbúnaðinum, og þá þungu raunasögu, sem liggur á bak við þetta mál.

Það er ekki óeðlilegt, þótt Alþ. láti sig þetta mál miklu skipta, vegna þess fyrst og fremst, hver voði er framundan fyrir þá bændur, sem hér eiga hlut að máli, og í öðru lagi má e. t. v. rekja þessa raunasögu til afskipta Alþ. í fyrstu.

Það, sem aðallega er farið fram á samkv. þessu frv., er, að nýr varnargarður sé settur gegn útbreiðslu veikinnar. Ég verð því miður að taka eindregið undir með þeim hv. þm., sem hafa látið í ljós, að þeir telji vonlaust, að þessar varnargirðingar komi að verulegu gagni, og það ber að játa, að hér er um tilraun að ræða af hálfu Alþ., sem mjög virðist gerð út í bláinn, með því að ekkert er raunar vitað um þessa veiki, hver hún er eða hvernig hún berst, en það er sjálfsagt, úr því sem komið er, að láta einskis ófreistað til að reyna að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu veikinnar. Þessi vágestur hefir haldið áfram að leggja undir sig ný og ný héruð, og frá því að þetta mál var rætt á Alþ. síðast, hefir veikin meðal annars breitt sig inn í kjördæmi það, sem ég er fulltrúi fyrir. Sérstakar varnargirðingar höfðu verið settar á sýslumörkum Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu, en þrátt fyrir það er veikin komin inn í austustu hreppa sýslunnar, og má búast við, að hún sé orðin landlæg í tveimur hreppum Hnappadalssýslunnar. Þess vegna er ráðgert að setja enn á ný varnargirðingu fyrir ósýkta svæðið í Snæfellsnessýslunni, sem talið er hér að vera frá Skaganesi yfir nesið í Álftafjörð. Ráðgert er, að fé til þessarar varnarlínu sé

að miklu leyti frá hlutaðeigandi sauðfjáreigendum, og er gert ráð fyrir, að ríkið styrki þá sem nemur 50 au. á hverja kind. Mun það vera um 15 þús. fjár, sem þessi girðing næði til, og því ekki um meira fjárframlag að ræða frá ríkinu en 7500 kr.; það er gert ráð fyrir, að girðingin kosti um 20 þús. kr., og fjáreigendur yrðu þá að leggja fram 12500 kr. Ég ætlá að staðhæfa, að það sé þeim algerlega um megn að leggja þetta fé fram. Mér finnst málið horfa þannig við, að ekki sé spurning um, að koma verði girðingunum upp, en þær geta ekki komizt upp, ef það á að hvíla á bændunum sjálfum, og fyrir ríkisvaldið horfir þetta þannig við: Borgar sig betur að láta veikina breiðast til 15 þús. fjár í viðbót, og verða svo að taka við þessum sveitum niðurniddum og fátækum, eða að kosta girðingarnar? Ég tel byggilegra frá fjárhagslegu sjónarmiði, að ríkið borgi þær. Ég hefi því borið fram till. um, að ríkið byggi þessa línu; brtt. er á þskj. 522.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. frsm. n., hvort ekki sé ætlazt til, að þær sveitir, sem nú eru að falla fyrir veikinni, geti notið styrks samkv. frv.? Í 23. gr. segir, að framkvæmdan. eigi að ákveða í lok aprílmánaðar, hve mikils styrks sauðfjáreigendur megi vænta ár hvert. Eftir því ætti framkvæmdan. að vera langt komin með að undirbúa úthlutun þessa fjár. Tel ég það mikið ranglæti, ef þær sveitir, sem einmitt um þessar mundir verða fyrir tapi af völdum veikinnar, gætu ekki þegar á þessu ári notið fjárframlags úr ríkissjóði. Það er vitanlegt, að þær sveitir, sem eru nú fyrst að verða fyrir þeim töpum, þurfa ekki síður styrks en þær, sem þegar hafa mætt þeim.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Barð. við brtt. á þskj. 526, um að till. orðist svo: „Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar". — Brtt. er of seint fram komin og skrifl. og þarf því tvennskonar afbrigða frá þingsköpum, til þess að hún megi koma til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 558) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Út af þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. Snæf. bar fram til mín um það, hvort þeir styrkir, sem ætti að veita samkv. þessu frv., næðu ekki til þeirra, sem missa fé sitt nú um þessar mundir, skal ég svara því, að vitanlega á þessi styrkur að ná til allra, sem fyrir fjármissi verða af völdum veikinnar, meðan l. eru í gildi. Ég hygg, að það verði þannig í framkvæmdinni, að tekið verði fyrir um eða upp úr hverjum áramótum að safna skýrslum um, hvaða menn í viðkomandi sveitum hafa misst fé úr veikinni, og síðan verði úthlutað styrk eftir þeim reglum, sem n. setur sér, allt frá áramótum og fram á vor, en þeir menn, sem byrja að missa fé um það leyti, sem n. er að úthluta styrknum fyrir það tímabil, koma ekki til greina fyrr en næsta ár. Ég veit, að til eru menn, sem eru að byrja að missa úr veikinni nú, en ég geri ekki ráð fyrir, að þeir komi til greina fyrr en á næsta ári, enda betra að sjá þá, hvern usla veikin hefir gert.

Ég verð að segja út af till. hv. þm. Snæf., sem hann var að tala fyrir, að mér finnst ekki fullkomið samræmi í því og upphafi ræðu hans, þegar hann var að tala um, hve litla trú hann hefði á því, að girðingarnar kæmu að notum, en vildi svo kosta þær úr ríkissjóði. Það má vel vera, að girðingarnar komi ekki að fullum notum, og svo virðist vera eftir reynslu síðasta árs, en þá greiddi ríkissjóður girðingarnar og þær voru miskunnarlaust heimtaðar þangað, sem þær komu að litlum eða engum notum. Ég er viss um, að ef sú regla hefði þegar verið tekin upp í byrjun, að láta sveitirnar greiða einhvern hluta girðinganna, þá hefði verið meiri trygging fyrir því en áður, að girðingarnar hefðu ekki verið settar annarsstaðar en þar, sem vissa hefði verið fyrir, að þær kæmu að fullum notum, og þetta er ein aðalástæðan fyrir því, að ég mæli með því, að girðingarnar verði að nokkru leyti kostaðar af þeim mönnum, sem sérstaklega eiga að nota þær.

***Thor Thors:** Það var útúrsnúningur úr orðum minum, sem kom fram hjá hv. þm. Mýr. Ég gat þess, að ég hefði því miður litla tiltrú til girðinganna, að þær kæmu að gagni, en teldi það hinsvegar beinlínis skyldu Alþ., að láta einskis ófreistað, ef það kynni að koma að gagni, og fyrir þá sök er ég því fylgjandi, að t. d. þessi girðing verði lögð yfir Snæfellsnes, eins og aðrar girðingar, sem í frv. eru. Ég tel það rangt hjá hv. þm. Mýr., að bætur samkv. þessu frv. megi ekki koma þeim að gagni, sem um þessar mundir verða fyrir þungum búsifjum af veikinni. Hvað snertir þau tvö sveitarfélög, sem ég ber sérstaklega fyrir brjóstinu, hafa þau hina síðustu mánuði orðið fyrir miklum töpum, og það eykst dag frá degi. Það er erfitt fyrir þessi sveitarfélög að þurfa að bíða eftir hjálp til næsta árs, því að það er vitað, að sú hjálp, sem kemur fyrst, er bezta hjálpin.

Ég mun halda fast við þann skilning minn á frv., að það beri að rétta öllum hjálparhönd, sem fyrir töpum hafa orðið, áður en úthlutun fer fram, og ekki getur n. úthlutað fénu, fyrr en búið er að veita það á fjárl.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil aðeins leiðrétta misskilning hv. þm. Snæf. um, að búið sé að veita fé það, sem nú á að veita hér í fjárl. Nú er verið að úthluta fé, sem veitt var í fyrra, og af því er öllum veitt, sem skýrslur eru komnar um til n., að hafi orðið fyrir töpum af völdum veikinnar. Býst ég við, að einn af skjólstæðingum hv. þm. Snæf., bóndinn í Hítarnesi, verði meðal þeirra, sem fá hjálp nú, þegar þessu fé verður úthlutað. Þegar því verður lokið, verður komið langt fram á næsta vetur, og þeir, sem á þeim tíma hafa orðið fyrir töpum af völdum veikinnar, koma auðvitað til greina við næstu úthlutun, en það er ekki hægt að veita mönnum styrk jafnóðum, heldur verður að gera það einu sinni á ári, þegar skýrslur eru komnar til n.

ATKVGR.
Brtt. 521 tekin aftur.
— 558 samþ. með 19:1 atkv.
— 526, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
— 522 felld með 15:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 559).
Á 73. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 559, 560).
Of skammt var liðið frá 1. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 560. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þetta mál, sem er eitt af stærstu málum þingsins frá fleiri sjónarmiðum séð, hefir legið fyrir landbn. beggja d. langan tíma af þessu þingi, og þær hafa í sameiningu haldið marga fundi um það, og nál., sem fyrir liggur á þskj. 483, er í raun og veru frá báðum landbn.
Á síðasta Alþ. rakti ég ýmislegt viðvíkjandi sögu þessa máls og þarf þess vegna ekki að fara langt út í þau atriði. En vegna þess, að fallið var frá öllum umræðum um málið við 1. umr., þá held ég, að ég verði að fara dálítið út í málið almennt.
Ég skal þá fyrst benda á það, að 1934, þegar talið er, að þessi veiki hafi fyrst komið upp, þá er hún aðeins á 3 bæjum, árið eftir á 29, næsta á 155, og núna í haust, er leið, á 427 bæjum. — Af þessu geta menn nokkuð markað útbreiðslu veikinnar, og þó ekki nema að nokkru, því að á svæðinu, sem veikin er nú talin vera meira og minna útbreidd á, eru hart nær 3 þús. bæir, þannig að hún er nú ekki komin á nema í kringum sjöunda hvern bæ á pestarsvæðinu, en er mjög misjafnlega útbreidd. Í þeim hreppum, sem hún lagði undir sig fyrst, er hún svo að segja komin á hvern bæ, en aftur á móti í þeim hreppum, sem hún ekki kom fyrr en á síðasta ári, er hún lítið útbreidd enn. Þetta geta menn líka séð við að athuga skýrsluna, sem nál. fylgir, yfir sauðfjártölu hreppanna vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936 og 1937, og er talan fyrir árið 1937 víðast hvar tekin samkvæmt talningu fóðurbirgðaeftirlitsmanna í haust. Þarna geta menn áttað sig á því, hversu fjárfækkunin er misjöfn í hinum ýmsu hreppum, en þó ekki nema að nokkru leyti við fóðurskoðunarframtal, og þeim tveim framtölum ber yfirleitt ekki saman, enda þótt svo ætti að vera. —
Ég þarf ekki að tala um það, hver vágestur þessi veiki er, og heldur ekki um það, hvernig hið opinbera hefir reynt að gera allt, sem í þess valdi hefir staðið, til þess bæði að hefta útbreiðslu veikinnar og eins til þess að finna eitthvert ráð til þess að lækna hana. Þetta er í fullum gangi enn, en hver árangurinn verður, er ekki hægt að fullyrða neitt um.
Hinsvegar vil ég taka það fram, að þeim útlínum, sem settar voru í fyrra, er haldið enn, því að út fyrir þær er ekki vitað, að veikin sé komin. Í fyrra var líka gengið inn á þá braut að hafa auk höfuðlínunnar, sem hér fyrir austan var Þjórsá, aðra línu nær, sem menn þá bjuggust við, að veikin mundi ekki vera komin yfir, sem sé Ölfusá og Brúará. En það sýndi sig, að veikin var komin yfir þessa línu, enda þótt hún sé ekki útbreidd á þessu belti, milli Ölfusár og Þjórsár, svo að vitað sé, nema í neðri hlutanum. Þess vegna er lagt til í frv. að halda enn uppi vörnum á báðum þessum stöðum, því að menn trúa því, sérstaklega bændur, sem á þessu belti búa, að mikill hluti þess sé enn laus við veikina. Þarna eru því tvöfaldar varnarlínur, fyrst Þjórsá og svo Brúarlínan, sem ætlazt er til samkvæmt 5. og 6. gr. frv., að ríkið kosti alveg. — Að norðanverðu hefir árið, sem leið, vörnum verið haldið uppi við Héraðsvötn og Blöndu, og þar á milli var einnig belti, þar sem veikin var mjög lítið útbreidd, og ýmsir höfðu trú á, að hægt væri að fyrirbyggja hana frekar. En nú sýndi það sig, að hún kom þar víðar upp heldur en menn höfðu búizt við, og vita menn nú, hvernig á því stóð. Þrátt fyrir þetta er enn lagt til að halda báðum þessum útlínum, samkvæmt 5. og 6. gr. frv., og er það gert með tvennt fyrir augum: annarsvegar að tefja fyrir útbreiðslu veikinnar á þessu svæði, og hinsvegar það, að ýmsir halda enn, að á framhluta þessa svæðis, fyrir framan Vatnsskarð, sé veikin enn ekki komin, og að hægt muni að hindra, að hún berist þangað.
Þegar við aftur komum að vesturkanti landsins, horfir þetta nokkuð öðruvísi við. Í fyrra vor var talið líklegt, að veikin væri ekki komin út fyrir Gilsfjarðar- og Bitrufjarðarlínuna. Þar var því sett upp girðing, og svo önnur til frekara öryggis milli Hvammsfjarðar og Borðeyrar, og myndaðist þannig þar á milli samskonar belti eins og milli Þjórsár og Brúarár á Suðurlandi og milli Blöndu og Héraðsvatna á Norðurlandi. Þetta reyndist ekki koma að gagni, því að þá var veikin komin norður fyrir Bitru- og Gilsfjarðargirðinguna. Þetta er sem sé eina höfuðútlínan, sem veikin reyndist vera komin út fyrir, af þeim, sem sett var á sýslumörk Snæfellsnessýslu, af því að menn þar í sýslunni töldu víst, að veikin væri ekki komin þar inn meðan ýmsir aðrir litu svo á, að öruggara væri að hafa girðinguna utar, en því miður var ekki horfið að því ráði, því að veikin hefir nú komið upp fyrir utan þá línu.
Nú hefir sú nefnd, sem starfað hefir að þessum málum að fyrirlagi ráðh., lagt fyrir landbn. Alþ. frv. um þetta efni í þrem höfuðköflum, þar sem hún m. a. leggur til, að höfuðlínurnar verði settar það utarlega, að vissa sé fyrir því, að veikin sé ekki komin út fyrir þær. Hún leggur

til, að haldið verði við Þjórsá sem aðallínu. Yfir hana fóru á síðastl. sumri ekki nema 3 kindur, sem reyndust, þegar þær voru drepnar og skoðaðar, heilbrigðar. N. leggur einnig til, að haldið verði við Héraðsvatnalínuna. Yfir þá línu sluppu 14 kindur, sem einnig við rannsókn reyndust heilbrigðar. En þetta sýnir, að þessar varnir þarf að treysta á báðum stöðunum, svo að öruggt sé, að engin kind komist yfir línurnar. Aftur á móti lagði n. til, að girðingin á Vestfjörðum væri sett milli Kollafjarðar og Ísafjarðardjúps, og að það væri höfuðlínan að vestan. Byggist þetta á því, að yfir þá línu er ekki vitað, að nokkur kind hafi komizt, sem grunur geti verið um, að veik hafi verið. Um þetta urðu nokkrar deilur í landbn., og skiptust menn þar í tvo flokka. Það er alveg eins á Vestfjörðum nú eins og í Snæfellsnessýslu og milli Blöndu og Héraðsvatna í fyrra, að menn, sem búa á svæðinu milli Ísafjarðar og Kollafjarðar og Þorskafjarðar og Bitrufjarðar, halda því fram, að þeir hafi heilbrigt fé og að loku sé fyrir það skotið, að það geti verið smitað. Sama sögðu menn á Snæfellsnesi, milli Blöndu og Héraðsvatna og milli Þjórsár og Ölfusár í fyrra. En reynslan sýndi, að sá fjársamgangur, sem menn vissu, að verið hefði við Blöndu og Ölfusá, hafði borið með sér veikina. Og nú vitum við, að ástandið er svipað á Vestfjörðum, því að í haust sluppu 4 kindur, sem hugsanlegt var, að gætu borið með sér veikina, yfir línuna, sem sett er í frv., eins og það kemur til þessarar d., sem sé milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar. Því er ekki loku fyrir það skotið, að veikin geti verið komin upp norðan við þessa línu, og hefi ég því leyft mér á þskj. 560 að bera fram brtt. við þetta, sem tryggði það, að upp kæmi lína milli Kollafjarðar og Ísafjarðar, en það er sú lína, sem nú er öruggt um, að veikin sé ekki komin út fyrir. Ég skal viðurkenna, að það hefði verið viðkunnanlegra að hafa þessa línu með upptalningunni í 5. gr., en láta hana ekki vera sem heimild inni í 6. gr. En ég taldi þetta ekki skipta neinu máli, því að ég er viss um, að þeim, sem sjá eiga um framkvæmdir á þessu verki, dettur ekki annað í hug, ef þeir hafa einhverja ábyrgðartilfinningu, en að setja girðingu upp milli Kollafjarðar og Ísafjarðar, ef þeir hafa heimild til þess, en vilja ekki eiga það á hættu að hafa línuna milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar fyrir aðallínu, því að út fyrir hana getur veikin, eins og ég áður hefi tekið fram, verið komin. Ég sem sagt bjóst við, að það mundi verða minni röskun á frv. að hafa till. svona — sem heimild í 6. gr. — en ef fram koma till. um að flytja hana yfir í 5. gr., þá fylgi ég því, þar sem það er í raun og veru réttara og í alla staði betra. Ég hygg, að með því að setja upp þessa línu vinnist fyrst og fremst það, að þá er vissa fengin fyrir því, að sá hluti af landinu, sem liggur vestan við þá línu, sleppi alveg við veikina. En með því samt sem áður að halda Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarlínunni, þá tel ég nokkrar líkur fyrir því, að svæðið þar á milli muni einnig sleppa. Möguleikarnir fyrir því, að veikin hafi borizt yfir þá línu, eru fáir, en samt er það vel hugsanlegt, að veikin sé komin yfir hana. Þess vegna tel ég, að þessari línu eigi að halda, enda þótt ekki sé alveg öruggt, að veikin sé ekki komin út fyrir hana, og að hún eigi að kostast af ríkinu, en ekki að fara undir styrktargirðingar, sem 7. gr. ræðir um. Þetta byggist á því, að milli þessara girðinga. Kollafjarðar- og Ísafjarðargirðingarinnar væntanlegrar annarsvegar og Steingrímsfjarðar- og Þorskafjarðargirðingarinnar væntanlegrar hinsvegar, er það svæði, sem á arðsamastan og beztan fjárstofn á öllu landinu. En ef svo fer, að veikin kemur upp á þessu svæði, þá er mikið til horfinn hér á landi sá fjárstofn, sem kallaður hefir verið „hið kollótta Kleifarfé“ og óvíða er til hreinn nema þarna. Þess vegna tel ég líka frá þessu sjónarmiði mikils um vert að fá báðar þessar girðingar.

Viðvíkjandi II. kafla frv., um stuðning til bænda, sem tjón hafa beðið af völdum veikinnar, skal ég ekki neitt sérstakt segja, því að enginn ágreiningur var um þau atriði í n. Það er heldur ekki gengið inn á neina nýja stefnu aðra en þá, að nýrækt er tekin upp sem styrkhæfur liður í auknum jarðabótastyrk.

En svo vil ég leyfa mér að koma með till. um það, að inn á milli II. og III. kafla komi nýr kafli, sem verði III. kafli, og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Till. mjög lík þessari var flutt í Nd. af hv. þm. Borgf., sem talaði fyrir henni þar. Þessi nýi kafli gerir ráð fyrir því, að farið geti fram, þegar vissum skilyrðum er fullnægt, sem fram eru tekin í b-lið 27. gr., niðurskurður á öllu fé á ákveðnu svæði og flutningur á heilbrigðu fé inn á það, og hann skapar ramma utan um það, á hvaða grundvelli þessi fjárskipti eigi að verða.

Þegar ég legg til að samþ. þennan kafla, þá byggist það á nokkrum meginatriðum, og þá fyrst og fremst á því, að ég tel, að við munum aldrei fá öruggari vissu um það, að veikin sé ekki komin út fyrir aðallínurnar, heldur en við höfum nú. Og það byggist aftur á því, að einmitt meðan féð beggja megin við höfuðútlínurnar var heilbrigt í sumar, hefir verið vissa fyrir því, að fé, sem slapp yfir þær, sýkti ekki, en þegar féð í þeim hreppum, sem liggja upp að Héraðsvötnum, fer að verða meira og minna sýkt, eru miklu meiri líkur til, að kindur, sem sleppa yfir línuna, geti verið veikar og flutt veikina með sér, heldur en í sumar, sem leið, og þótt reynt sé að gera útlínurnar svo öruggar, að *engin kind sleppi yfir þær, þá er ég ekki* trúaður á, að slíkt takist með öllu. — Þess vegna tel ég einmitt tímann nú í haust, sem kemur, réttastan til þess að byrja á fjárskiptum.

Annað meginatriðið, sem gerir það að verkum, að ég flyt þennan kafla, er það, að þetta ástand, sem nú ríkir á þessum svæðum, setur í bændur algert vonleysi og ótrú á búskapinn. Ég er hræddur við þetta vonleysi og vil sýna bændum það, að Alþ. ætlar sér að skapa nýjan grundvöll fyrir þeirra búskap, sem geri þeim aftur kleift að eiga fé eins og áður, svo að þetta sé bara visst tímabil, sem þeir verða að ganga í gegnum, þangað til þeir aftur geti rekið búskap á þeim grundvelli, er þeir geti unað við.

Gagnvart ríkissjóði áliti ég líka mörgum sinnum heppilegra að fá þessi fjárskipti sem fyrst. Það kann vel að vera, ef svo giftusamlega tækist, að einhver ráð fyndust gegn pestinni önnur heldur en fjárskipti, að ódýrara væri fyrir ríkissjóð um eitthvert árabil, að halda uppi þessum vörnum og bótum til bænda, sem nú eiga sér stað, en hitt er víst, að ef ekki rætist hér úr mjög bráðlega, þá verður það ríkissjóði mikið dýrara að halda uppi vörnum og bótum til bænda heldur en að hjálpa þeim til að skipta um fjárstofn. Þetta er alveg víst. Ég skal ekki fara neitt út í tölur gagnvart þessu. Það voru lagðar fyrir n. útreikningar þessu viðvíkjandi, en þá var nú ýmislegt að athuga frá báðum hliðum, svo að ég fer ekki neitt út í það, en vil aðeins fullyrða, sem ég áðan sagði, að það verður miklu ódýrara fyrir ríkissjóð að hjálpa bændum til þess að hafa fjárskipti á næstu 2—3 árum heldur en að styrkja þá kannske í 6—7 ár og halda uppi vörnum eins og nú er gert. Og vitanlega er hvert árið, sem líður, án þess að horfið sé að fjárskiptum, aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, því að því fyrr sem að niðurskurðinum er horfið, því skemur yrði að halda uppi styrkjum og vörnum. Ég hygg, ef svo illa fer, að horfið verði að þeirri stefnu, að halda miklum hluta bænda lifandi á jörðum sínum með ríkissjóðsframlagi einu saman, án þess að þeir geti aflað nokkurs sjálfir, þá hafi það mjög siðspillandi áhrif á hugsunarhátt manna. Mér kæmi ekki óvart, ef það yrði látið ganga svo í 5—6 ár enn, að bændur yrðu að lifa á ríkissjóði, á vegavinnusnöpum og fjárframlögum, ef þeir hefðu þol til þess svo lengi, fengju þeir þann hugsunarhátt, sem hv. þm. vildu ekki óska bændum. Með samþ. III. kaflans vil ég stuðla að því, að auka þol bænda til að standa þessar hörmungar af sér og reyna að fyrirbyggja þann hugsunarhátt, sem — sem betur fer — lítið ber á enn, en ég óttast, að eigi eftir að eflast, ef þeir eiga að lifa lengi sem styrkþegar ríkissjóðs. Þessi kafli var felldur niður í Nd., en ég hugsa, að verði hann nú settur inn í frv., þá muni hann ekki verða felldur niður í hv. Nd., enda nú í nokkuð öðru formi en þar. — Þá vænti ég þess fastlega, að hv. Ed.menn sjái þörfina á því að láta Vestfjarðakjálkann sæta sömu kjörum og Suðurland og Norðurland, sem sé, að 2 girðingar séu kostaðar af ríkinu, og það er frekar ástæða til þess, af því að þarna er bezti fjárstofn landsins. Ég vona því, að brtt. mínar verði samþ. Þó að málið komi þannig breytt til Nd., mundi það ekki verða því að fótakefli.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Eins og hv. 1. þm. N.-M. tók fram, er þetta eitt af stærstu málunum, sem fyrir Alþ. liggja, og það útgjaldafrekasta. Hv. 1. þm. N.M. hefir nú skýrt málið, þó að það hafi sennilega lítinn árangur borið, þar sem hv. þdm. sýna ekki málinu meiri áhuga en svo, að hv. 1. þm. N.-M. talaði yfir tómum stólunum.

Ég ætla ekki að fara inn á málið almennt. Það hefir verið rætt á sameiginlegum fundum landbn. beggja d., og eins við framkvæmdarn. þá, sem skipuð hefir verið í málinu. Eins og frv. ber með sér, vildi meiri hl. n. ekki leggja til, að tekinn yrði inn kaflinn um niðurskurð, því að nm. var ljóst, að það er ekki hægt að gera sér grein fyrir, á hvaða stigi málið er, og hvort þessar varnir komi að notum. En frá mínu sjónarmiði er það að segja, að ég er fylgjandi því, að fé verði lagt fram til þess. Ég vil ekki eiga á hættu, að ekkert verði gert, ef varnirnar kynnu að koma að notum. Hinsvegar er undirbúningur málsins svo og framkvæmd varna, að ástæða er til að átelja það, þar sem í upphafi voru settar dýrar girðingar, sem ekki hafa komið að neinum notum. Og nú hefir risið upp mikil deila á meðal þeirra manna, sem um málið hafa fjallað, rannsóknarstofu háskólans annarsvegar og nokkurra dýralækna hinsvegar, um það, hverskonar veiki sé hér um að ræða. Hv. þm. Ak. hefir í Nd. gert mjög skýra grein fyrir áliti sínu. En um þetta þýðir ekki að deila hér, heldur hitt, hvað hægt er að gera nú til að hindra, að meira tjón verði af völdum veikinnar en þegar er orðið.

Eins og ég tók fram áðan, var meiri hl. landbn. sammála um að láta ekki fara fram niðurskurð, þar sem það er órannsakað mál, hvernig veikin hagar sér og hvort ósýktar kindur geta smitazt á svæðum, sem búið er að skera niður í. En það verða menn að vita með vissu, áður en til niðurskurðar kemur. Hinsvegar eru 2 hv. þm. úr landbn. þingsins ekki sammála, að því er snertir niðurskurð. Hv. þm. Borgf. vill niðurskurð á allstóru svæði í Borgarfirði, en hv. 1. þm. N.-M. vill láta skera á öðru svæði.

Það er tekið fram í 5. gr. frv., hverjar aðalvarnarlínurnar skuli vera. Í frv. var ákveðið upphaflega, að aðalvarnarlínan skyldi vera frá Kollafirði til Ísafjarðar. Meiri hl. landbn. beggja d. tók aðallínuna milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar, en ætlaðist til, að línan frá Kollafirði til Ísafjarðar yrði styrkt. Við vildum hafa báðar línurnar aðallínur, og rök okkar eru þau, að á svæðið milli girðinganna hafa komizt kindur af því svæði, sem sýkt var, svo að ekki var öruggt, að það væri ósýkt. Eins var það upplýst, að það mundi vera vafasamt, hvort línan á milli Kollafjarðar og Ísafjarðar yrði lögð með þeim styrk, sem ákveðinn er í frv. Nú er það og upplýst af hv. 1. þm. N.-M., að fyrir vestan þetta svæði, sem yrði þannig varið, er geysimikið af fé, sem yrði hægt að verja með aðallínu frá Kollafirði til Ísafjarðar. Ég vil því með hv. 10. landsk. þm. bera fram skrifl. brtt. um þetta. Það er óverjandi af Alþ., úr því að það á annað borð tekur málið þessum tökum, að gera það ekki svo, að að gagni verði, og það er betra að leggja nú þegar fram nægilegt fé en að eiga það á hættu, að stórir landshlutar sýkist.

Það eru fáir þm. hér, sem vilja heyra rök okkar hv. 1. þm. N.-M., svo að ég skal ekki hafa mál mitt lengra. Ég býst við, að þeir, sem fjarstaddir eru, séu búnir að kynna sér málið og þykist ekki þurfa frekari skýringa við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 576) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Það er orðinn naumur tíminn, en málið er stórt og viðamikið. Ég skal samt reyna að vera stuttorður. Þetta mál hefir verið rætt mikið í hv. Nd., og hv. 1. þm. N.—M. hefir útskýrt það hér. Ég vil fyrst taka það fram, að landbn. beggja d. komu sér saman um það ágreiningslaust, að af þeim styrk, sem er í fjárlögum til mjólkur-búa, renni fé til þess að styrkja rjómabú á pestarsvæðinu. Í fjvn. kom einnig fram það sama.

Þá kem ég að þeim brtt., sem ég get ekki fallizt á. Fyrst er fjölgun girðinga eftir 5. gr. Nú horfir girðingamálið svo, að girðingar, sem þarf að gera eru.:

Þjórsárgirðing	50	þús. kr.
Héraðsvatnagirðing	50	— —
Vatnsskarðsgirðing, styrkur	10	— —
Girðing milli Steingrimsfjarðar og Þorskafjarðar	25	— —
Viðhald eldri girðinga	10	— —

Auk þessa hefir komið til mála að styrkja ýmsar girðingar, t. d. á Snæfellsnesi 10 þús. kr., í Flóa 10 þús. kr., á Reykjanesi 10 þús. kr., á Kili 8 þús. kr., þá Drangajökulsgirðing 4 þús. kr., og loks til línunnar milli Kollafjarðar og Ísafjarðar 10 þús. kr. Þetta er svo mikil upphæð, að ég sé ekki, að ástæða sé til að halda lengur áfram. Ég sé ekki, að fjárhagur ríkissjóðs sé svo öflugur nú, að rétt sé að lögbinda fleiri girðingar, þar sem líka er heimilað samkv. l. að styrkja með 35 au. á metra slíkar girðingar eins og frá Kollafirði til Ísafjarðar, en það er mun meira en efnið kostar komið á hafnarstað. Það er talið, að efnið verði 25—28 au. á metra, og þá eru eftir h. u. b. 10 au. fyrir verkinu og flutningnum. Það virðist ekki vera óbærilegt fyrir héruðin að leggja það fram sjálf. Ennfremur er eitt, sem sýnir, hvað það er ónauðsynlegt að láta málið nú hrekjast á milli d. Í 27. gr. frv. segir svo: „Ráðherra er heimilt eftir till. framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega, til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni“. Hér er sem sé heimild fyrir ráðh. til þess að láta setja upp girðingar, ef þörf er á. En þegar búið er að lögfesta þetta, er það heimtað, hvort sem þess þarf eða ekki. Er ekki rétt að gefa mönnum undir fótinn um að eyða sem mestu.

Þá vil ég snúa mér að brtt. á þskj. 560, um nýjan kafla um heimild til fjárskipta. Ég verð að segja, að þetta er mjög erfitt mál að leysa, og ég skal játa, að það hefir ekki verið fjarri mér að telja fjárskipti rétt. En síðan ég hefi fengið meiri kynni af pestinni, hefi ég horfið frá því. Hér er ekki sá grundvöllur, sem við getum fótað okkur á. Fyrst og fremst vitum við ekki, hvort girðingar varna útbreiðslu veikinnar. Það hefir jafnvel heyrzt sú kenning, að mýs beri hana, en það mega vera þéttari girðingar en nú eru til þess að mýs sleppi ekki í gegnum. Við vitum ekki, hvort hagar, hey eða hús eru smitandi. Í þriðja lagi er uppi deila á meðal sérfræðinga. Einn segir, að þetta sé útlend pest, sem færist yfir eins og smitandi faraldur; annar segir, að hún sé af innlendum uppruna, og þarna komi jafnvel saman fleiri pestir, og því verði veikin svo mögnuð. Öll þessi óvissa dregur úr áhuga mínum um að vilja hafa fjárskipti strax. Reynsla af rannsóknum er engin, og tilraunum í Heggstaðanesi er ekki svo langt komið, að hægt sé að byggja á þeim niðurskurð í haust. Þess vegna skorum við sumir landbúnaðarnefndarmenn á stj. að láta fram fara frekari tilraunir. Ef fjárskiptin misheppnast og pestin fer um allt landið, erum við búnir að eyðileggja þann hluta fjárins, sem mest hefir mótstöðuafl, og getum átt á hættu að útrýma sauðfjárstofninum íslenzka.

Það er mjög á reiki, hvar menn vilja byrja. Hver togar í sinn skækil, en bændur eru áreiðanlega ófúsir til að skipta um stofn núna. Ég held ekki, að það sé rétt, að sú reynsla fáist í sumar, að við getum skorið úr því, hvort fjárskipti eigi að fara fram í haust. Ef við ættum það víst, að fjárskiptin heppnuðust, væri betra að ganga strax að því, en að fara að leggja í þann millj.-kostnað eins og í pottinn er búið, treysti ég mér ekki til að vera með, og ég legg fastlega á móti því, að það verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Það eru bara tvö atriði, sem ég þarf að svara. Annað er það, að mér skildist á hv. þm. Dal., að hann telja, að girðingin á milli Kollafjarðar og Ísafjarðar gæti komið síðar, ef nauðsynlegt þætti. Ég er alveg á móti þessu. Í þessu sambandi vil ég segja frá því, að við girtum í fyrravor fyrir Snæfellsnes. Ég maldaði í móinn og sagði, að við þyrftum að fara utar með girðinguna, veikin gæti verið komin lengra út á Nesið. Veikin hefir komið upp þar. Ég veit, að það er hægt að setja upp girðingu til að verja eitthvað af fé, sem er þar fyrir utan, en það er vitað, að fjársamgöngur hafa verið fram allt Snæfellsnes, allt til Ólafsvíkur, svo það mætti fara alllangt fram á nesið til að vera fyrir utan veikina. Það, sem ég vil segja, er það, að nú er ástæða til að reisa línuna frá Kollafirði til Ísafjarðar, áður en ástæða er til að ætla, að veikin sé komin yfir það svæði, en ekki að gera það þegar fleiri og færri kindur eru búnar að fara þar yfir. Það er þess vegna misskilningur, að vilja ekki byrja strax á girðingunni, og mun ég verða með brtt. hv. 11. og 10. landsk., um að láta hana koma inn í 5. gr.

Viðvíkjandi fjárskiptunum vil ég segja það, að þegar hv. 6. landsk. er að tala um þá deilu, sem stendur milli dýralæknanna og rannsóknarstofu háskólans, vil ég fyrst og fremst benda á það, að 2 dýralæknar eru rannsóknarstofunni sammála, og það eru þeir, sem mest hafa fengizt við að rannsaka veikina. Hinir eru á annari skoðun, og þeim virðist hv. þm. vinveittari.

Hv. þm. talaði um, að veikin gæti komið upp hvar sem vera skyldi á landinu og jafnvel í minu kjördæmi. Því í ósköpunum vill hv. þm. þá vera að girða og við hafa aðrar varnir til heftingar útbreiðslu veikinnar, fyrst hún getur alstaðar komið þrátt fyrir allar þessar ráðstafanir?

Annað hvort er að halda sér við það, að þetta sé sérstök veiki, sem eingöngu sé á þessu vissa svæði, og ekki annarsstaðar, eða þá að segja, að þetta sé gömul, landlæg veiki, og vera þá ekki með neinar varnir. Undir öllum kringumstæðum verðum við að vera sjálfum okkur samkvæmir.

Vildi ég benda hv. þm. á, að ef maður hefir sagt a, þá verður maður líka að segja b.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil segja um hv. síðasta ræðumann, að mér virtist eftir ræðu hans, að hann færi lítið skakkar með það af ræðu minni, sem hann ekki heyrði, en það, sem hann hlustaði á sjálfur. Ég hefi aldrei sagt það, að ég væri á sama máli og dýralæknarnir. Ég sagði, að svo gæti farið, að veikin kæmi upp í kjördæmi hv. 1. þm. N.-M. Ég hefi látið í ljós, og hv. þm. veit það vel, að ég hallast frekar að skýringu rannsóknarstofu háskólans um uppruna veikinnar en að skýringu hinna, og það er á móti betri vitund, að hv. þm. heldur því fram, að ég hafi sagt hitt. En ég vil segja, að þótt mitt álit sé þannig, þá vil ég ekki bregða fæti fyrir, að málið sé einnig rannsakað frá hinni hliðinni, og því er ég meðmæltur, að elzta dýralækni landsins gefist kostur á að athuga þetta mál, og ég tel vel farið, að komið er á leið með að gera það.

Hv. síðasti ræðumaður hélt því fram, að ég hefði sagt, að það mætti síðar girða línuna milli Kollafjarðar og Ísafjarðar. Ég hélt því fram, að þótt þessi girðing væri ekki ákveðin í þessum l., þá væri heimild fyrir ráðh. að setja hana upp, ef það væri talin nauðsyn, og benti á 27. gr. frv., sem ótvírætt veitir ráðh. þetta vald. Ef nauðsyn er talin, getur hann eftir till. framkvæmdarn. gert hverja þá ráðstöfun, sem talin er nauðsynleg til að hindra útbreiðslu veikinnar. Ég er búinn að sýna fram á, að þær girðingar, sem þegar á að gera, koma til með að kosta ein 300 þús. Því vil ég ekki, að lögfestar séu fleiri girðingar en þegar eru komnar, því að ég tel það frekar til þess að gefa mönnum undir fótinn, svo að þeir noti sér það og setji e. t. v. upp girðingar um þörf fram. Ég tel ekki, að nein vandræði muni af hljótast, þótt ekki sé farið að breyta frv. og hrekja það milli d., og ég sé ekki, að neinn skaði sé skeður, þótt brtt. þær, sem fyrir liggja, væru steindrepnar.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég ætla ekki að lengja umr., enda hefi ég ekki gert það hingað til. En þótt það sé mikið fé, sem búið er að ákveða í þessar girðingar, og okkur ofbjóði sú upphæð, þá sé ég ekki annað en að við verðum að samþ. þessa brtt. Ég hefi alltaf verið þeirrar skoðunar, að það, sem mest á ríður í þessum framkvæmdum, sé, að menn njóti, hvar sem þeir eru á landinu, sömu réttinda og aðrir. Það tel ég skipta mestu máli um þessar framkvæmdir, auk þess, að miklu máli skiptir, hvað mikið fé fer til girðinganna. En nauðsyn krefur, hversu lítið, sem við vitum, á hvern hátt veikin breiðist út, þá verðum við samt að gera allt, sem í okkar valdi stendur til að hefta hana, jafnvel þótt allar girðingar reynist óþarfar. Þar sem sú stefna hefir verið tekin upp að leggja þessar girðingar upp með Þjórsá, Blöndu og Héraðsvötnum, þá sé ég ekki, að við getum neitað Snæfellingum um þessa girðingu, enda hafa komið frá þeim sár mótmæli. Það er eðlilegt, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að á þessu svæði búa menn, sem lifa eingöngu á þeim fáu kindum, sem þeir hafa, og engir möguleikar fyrir því, ef veikin grípur um sig í þessum sveitarfélögum á sama hátt og hér, að þeir geti snúið sér að öðrum greinum landbúnaðarins. Þá er alveg vonlaust, að þeir geti haldizt við, ef sauðfé bregzt. Þarna hagar öðruvísi til en víðast annarsstaðar, þar sem veikin er; þar er hægt að snúa sér að annari framleiðslu.

Mér ofbýður, hve mikið fé fer í þetta, en við verðum að halda uppi samræmi milli þeirra, sem þessa styrkjar eiga að njóta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt 576 samþ. með 12:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 560,1 tekin aftur.
6.—18. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
19.—26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 560,2 felld með 11:1 atkv.
— 560,3 tekin aftur.
27.—31. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 585, 577).

Of skammt var liðið frá 2. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 577. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Brtt. sú, er hér liggur fyrir, er fram komin vegna þess, að eins og hv. þm. sjá, er fé það, sem ætlað er til vegagerða samkv. frv., bundið við hreppa- og sýsluvegi, en það er ekki útilokað, að hlutaðeigendur vildu einnig verja þessu fé til annara vega, t. d. þjóðvega, og tel ég því miklu réttara, að þetta sé óbundið, og hygg ég, að þeir, sem hafa fjallað um málið, geti fallizt á það.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal taka það fram, að úr því á annað borð hefir verið samþ. breyt. við þetta frv., þá er ég því meðmæltur, að þessi brtt., sem hér liggur fyrir, verði samþ., því að ég tel hana frekar til bóta. Það getur vel staðið svo á, að hrepps- og sýslunefndum þyki réttara að bæta fé í aðra vegi en hreppa- og sýsluvegi, og er þá rétt, að þær séu óbundnar um það. Þess vegna mæli ég eindregið með því, að þessi brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 577 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 587).

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 600).

58. Atvinna við siglingar.

Á 10. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 37).

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti! Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 37, um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, miðar að því að draga nokkuð úr þeim kröfum, sem verið hafa í l. um fjölda yfirmanna á skipum. Ég vil benda á, að í grg. frv. er gerður samanburður á tölu stýrimanna og vélstjóra samkv. núgildandi l. og frv. þessu. Þar er það sérstaklega tilgreint, að samkv. l. er þess nú krafizt, að fiskiskip, sem eru yfir 300 rúmlestir, hafi tvo stýrimenn, en í frv. er gert ráð fyrir, að þess sé þá fyrst krafizt, þegar skip er 500 rúmlestir eða meira.

Að því er snertir tölu yfirmanna við vél, þá er þess nú krafizt, að eimskip, sem hefir 500 hestafla vél eða þar yfir, hafi 3 vélstjóra, en samkv. þessu frv. er lagt til, að vélstjórar séu þá tveir, þar til um skip er að ræða sem eru 1200 hestöfl, en ef skip er jafnframt farþegaskip, þá er gert ráð fyrir aðstoðarvélstjóra.

Þá er í frv. ákvæði um, að fiskiskip og bátar upp að 30 rúmlestir, sem leggja afla sinn daglega á land, skuli undanþegin ákvæði um stýrimann, en um þetta hafa komið fram óskir frá mörgum bátaútgerðarmönnum. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að fiskiskip og bátar, sem koma daglega að landi með afla sinn og eru nú skyldir til þess að hafa undirvélstjóra, skuli aðeins hafa aðstoðarmann við vélina. Þá er í grg. frv. getið nokkuð um þau ákvæði um þessi efni, sem eru í l. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og við samanburð sést, að þrátt fyrir það, þótt í þessu frv. sé nokkuð dregið úr þeim kröfum, sem nú eru um fjölda yfirmanna á skipum, þá er þó gert ráð fyrir fleiri réttindamönnum hér en lögboðið er hjá nágrannaþjóðunum. Á flokksþingi framsóknarmanna 1937 var gerð samþykkt um, að endurskoðuð yrðu l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og þess gætt að íþyngja sjávarútveginum ekki um of með kröfum um mannahald, sem ekki er alveg bráðnauðsynlegt vegna öryggis sjófarenda, og jafnframt að þess yrði gætt að miða kröfur um mannahald og aðbúð á íslenzkum skipum við þær kröfur, sem nágrannaþjóðirnar gera að því er þeirra skip snertir, sem íslenzk flutninga og farþegaskip þurfa að keppa við. Frv. um þetta efni var flutt á fyrra þinginu 1937 af hv. þm. Barð., en varð ekki útrætt. Er það því lagt fyrir Alþ. á ný, og væntum við flm. þess, að málið geti fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég vil óska þess, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun ekki mæla gegn því, að frv. fari til n., en ég vil biðja þá hv. n. að athuga frv. vel og rækilega áður en hún leggur það fyrir hv. d. Ég sé, að í grg. frv. er vísað til löggjafar á Norðurlöndum í þessum efnum. Ég vil benda hv. frsm. og l. flm. á það, að nú er verið að athuga löggjöf Norðurlanda um þetta efni, sérstaklega að því er snertir mannfjölda á skipum, vaktaskipti og annað, sem þar að lýtur. Þessi ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir að breyta í gildandi löggjöf, eru mörg nýlega sett, og verður því að telja ákaflega mikið fljótræði að ætla að fara að raska l. strax aftur. Þegar þau ákvæði, sem nú gilda, voru samþ., var enginn ágreiningur milli flokka í þinginu um afgreiðslu málsins. Það sjónarmið, sem þá ríkti í hugum manna, var það, að svo tryggilega yrði gengið frá skipun yfirmanna á flotanum, að eins fullkomið öryggi væri fengið fyrir líf manna um borð í skipunum og unnt væri að fá. Ég tel mjög misráðið, að horfið sé frá þessu svo fljótt sem hér er gert ráð fyrir. Það er enginn skaði skeður, þó að beðið sé með afgreiðslu þessa máls þar til í ljós kemur, hvað ofan á verður hjá nágrannaþjóðum okkar. Svo að ég bendi á eitt atriði í sambandi við tölu stýrimanna á 300 tonna skipum, sem flestir togarar okkar Íslendinga eru, þá er í frv. ekki gert ráð fyrir nema 1 stýrimanni auk skipstjóra. Í l. var ekki gert ráð fyrir nema 1 stýrimanni, þangað til þeim var breytt 1936 í núverandi horf. En formaður Sjómannafél. Rvíkur hefir sagt mér og leyft mér að hafa eftir sér, að seinustu 10 árin hafi togararnir svo að segja allir skráð 2 stýrimenn á skip, þó að ekki hafi verið skylt í l. fyrr en á síðasta ári að skrá nema einn. Ég verð að telja það ákaflega mikið spor aftur á bak, ef 10 ára venju í þessu efni væri raskað, ekki sízt þegar búið er að lögfesta þau ákvæði, sem hér um ræðir, fyrir 2 árum.

Þá vil ég minnast á annað atriði, en það er það, að með því að fækka yfirmönnum af lægra stigi á skipunum, eins og gert er ráð fyrir í frv., bæði stýrimönnum og vélgæzlumönnum, þá verður miklu torveldara hjá þeim, sem keppa eftir æðra stiginu, að fá lögboðinn siglingatíma sem stýrimenn eða aðstoðarmenn við vél, en að sjálfsögðu verður þetta athugað af þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Ég skal svo ekki lengja umr. um málið á þessu stigi. Ég vil aðeins skjóta því til n., að það er nauðsynlegt að athuga þetta sérstaklega.

Loks vil ég mega vænta þess, að þetta þing tryggi í l. eins mikið öryggi og unnt er fyrir þá, sem vinna á skipunum og hina, sem ferðast sem farþegar á þeim.

***Pétur Ottesen:** Það getur náttúrlega vel verið, að hæstv. atvmrh. líti svo á, að það sé enginn skaði skeður, þó að það dragist enn að gera þær breyt. á l. um atvinnu við siglingar, sem í þessu frv. felast, og jafnvel þótt nokkuð lengra væri

gengið en í frv. felst nú, því að mér virðist þetta geta orkað tvímælis. Þetta sést bezt á þeirri óánægju, sem risið hefir upp út af þessu meðal útgerðarmanna og sjómanna. Að því er snertir mótorbáta, sem fiska innan fjarða og koma daglega úr róðri, er það nú svo, að þær breyt. um aukið stýrimanna- og vélamannahald á bátum, sem stunda fiskveiðar með slíkum hætti, eru að dómi sjómanna sjálfra alveg gersamlega óþarfar og þess vegna ekkert nema íþynging á útgerðinni. Það má líka skoða þetta út frá því sjónarmiði, að það er vitað, að í sumum verstöðvum hefir þessi löggjöf, eftir því sem mér er sagt, verið gersamlega hundsuð; það hefir verið gengið framhjá henni og ekki verið borið við að lögskrá þessa menn á bátana eða að hafa neina slíka menn á bátunum. Mér er sagt, að t. d. suður með sjó hafi það verið svo á síðustu vertíð, að menn hafi aðeins verið slysatryggðir á bátana, en alls ekki lögskráðir á þá, til þess að komast framhjá þessu, sem útgerðarmenn og sjómenn töldu alveg óþarft, að þurfa að hafa stýrimann á minni báta og 2 vélstjóra á samskonar báta. Ég hefi heyrt, að það hafi verið talsverð brögð að þessu, og hæstv. ráðh. er vel kunnugt um, að það voru a. m. k. einir 6 bátar á Akranesi, sem ekki gátu fullnægt þessu skilyrði að því er snertir vélamennina, af því að það var enga slíka menn hægt að fá á bátana. Hæstv. ráðh. er þetta kunnugt, af því að mér var falið að sækja um undanþágu frá l. að því er þetta snertir, og þegar það fekkst ekki, sendi ég hæstv. ráðh. símskeyti, þar sem ég fór fram á það við hann fyrir hönd þeirra, sem hlut áttu að máli, að aflað yrði heimildar með bráðabirgðal. til þess að veita þessa undanþágu, þar sem hún væri ekki til í gildandi l., svo að það þyrfti ekki að reka þessa báta í trássi við lög og rétt, eða að öðrum kosti, ef framfylgja ætti l., þá yrði að láta bátana liggja óhreyfða yfir vertíðina eða þangað til breyt. fengist á Alþ. Þetta er hæstv. ráðh. fullkunnugt um, og ég veit ekki til, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að kyrrsetja þessa báta eða sækja þá menn til sekta og skaðabóta, sem eru að reyna að draga björg í bú án þess að geta uppfyllt ákvæði l. að því er þetta snertir. Ég held því, að það sé fyllsta þörf á að breyta l. í þessu efni, þar sem það er álit þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, sjómannanna, þar eð nú er svo ástatt sem raun ber vitni um, að það er ekki hægt að uppfylla skilyrði þessara l., því að menn með slíku prófi fyrirfinnast ekki, þó að leitað sé eftir þeim. Ég skal t. d. benda á það, að það voru ekki litlar búsifjar, sem menn urðu fyrir á Akranesi á síðustu vertíð, því að þar fóru útgerðarmenn ekki að eins og útgerðarmenn suður með sjó, heldur urðu þeir, til þess að uppfylla skilyrði l. að flytja til bæjarins 16 eða 17 menn úr öðrum verstöðum, þó að útgerðarmenn á Akranesi gætu alls ekki útvegað öllum þeim mönnum, sem þar búa, fullkomna forsorgun. Þar urðu menn atvinnulausir fyrir það, að l. setja þá í þetta skrúfstykki, að það sé skylt að hafa menn með þessum réttindum á bátunum. Ég hélt, að hæstv. atvmrh. ætti að vera þetta ástand svo ljóst, að hann ætti frekar að leggja því lið heldur en hitt, að á þessu yrði bót ráðin, og skrifstofustjórinn í atvmrh., sem óánægjan út af þessu hefir ef til vill bitnað meira á en hæstv. atvmrh., af því að skrifstofustjórinn hefir meira orðið fyrir barðinu á þeim mönnum, sem leitað hafa til stjórnarráðsins í þessum efnum, lét í ljós í viðtali við mig, að ómögulegt væri að komast hjá því að gera breyt. á þessum l. og að hann sæi ekki, að hægt væri að búa við þetta ástand eða að spyrna á móti jafnákveðnum og einróma áskorunum og þeim, sem fram hafa komið um, að þessu yrði breytt.

Þá vil ég út af þessu frv. beina nokkrum orðum til hv. 1. flm., þm. V.-Húnv. Ég vil spyrja hann að því, hvers vegna hann hefir breytt til frá því, sem var í frv. því, sem flutt var á síðasta þingi af hv. þm. Barð., að því er snertir ákvæðið í 49. gr. l., þar sem gert var ráð fyrir, að undanþágan frá því að hafa stýrimann á bát, sem leggur aflann daglega á land, væri miðuð við 75 tonn, en nú virðist mér það vera fært niður í 30 tonn. Ef hv. þm. ætlar, sem ég dreg ekki í efa, að mæta óskum manna í þessu efni og fá sæmilegan samræmisgrundvöll undir ákvæði þessara l., þá virðist mér, að með þessari breyt. fáist ekki þetta samræmi, því að það er vitað, að t. d. hér við Faxaflóa eru allmargir bátar, sem eru þetta frá 30 upp í 50 tonn og stærri, og hvaða ástæða er þá til þess að vera að setja önnur ákvæði um þá báta, sem eru yfir 30 tonn, en haga sér nákvæmlega eins í sjósókn að því er þetta snertir? Mér virðist þess vegna, að hvað þessu viðvíkur ætti þetta ákvæði a. m. k. að ná allt upp í 60 tonn, til þess að mætt yrði þeim óskum og áskorunum, sem fyrir liggja um breyt. á þessu, og til þess að fullkomið samræmi fáist í þessu efni, miðað við stærð þeirra báta, sem stunda þorskveiðar og koma daglega með aflann að landi. Ég verð því að telja þessa breyt. mikið til þess lakara og vænti þess, að hv. sjútvn. lagfæri þetta. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir undirvélstjóra eða aðstoðarmanni. Það kann að vera skilsmunur þar á milli, þar sem einhver stigmunur getur verið á þeim prófum, sem þessir menn eiga að inna af hendi. Ég er ekki alveg viss um, að hv. flm. hafi verið þetta ljóst, en það má að sjálfsögðu athuga það nánar. Í þessari gr. er einnig tekið fram, að fiskibátar, sem koma daglega að landi, séu undanþegnir þessu ákvæði, en þeir eiga þó alltaf að hafa aðstoðarmann, sem jafnframt gegnir öðrum störfum á skipunum, þrátt fyrir það, þótt þeir komi daglega að landi úr róðri. Þetta má athuga nánar undir meðferð málsins.

Þá vil ég í sambandi við þetta og það getur þá jafnt átt við stýrimenn og vélstjóra — spyrja hv. flm., hvað hann meinar með orðunum „að koma daglega að landi“, hvort hann á við báta af þessari stærð, sem stunda síldveiðar fyrir Norðurlandi eða hér við flóann. Vitanlega fer það allmjög eftir því, hvernig aflabrögðin eru, hvort bátarnir koma daglega að landi eða ekki. Ég vil spyrja hv. flm., hvort þessi ákvæði viðvíkjandi stýrimönnum og vélstjórum ná ekki einnig til báta af þeirri stærð, sem hér um ræðir, á þeim tíma, sem þeir stunda síldveiðar, þó að það geti borið út af því og geri það

að sjálfsögðu stundum, að bátarnir komi daglega að landi, eins og veiðiaðferðunum og aflabrögðunum er háttað. Jafnframt því sem ég skýt þessu til hv. flm., vil ég skjóta því til hv. sjútvn., sem að sjálfsögðu fær þetta mál til athugunar, að þetta komi skýrt fram, því að á síldveiðunum hefir það verið svo með þeirri venju, sem nú er allmjög upp tekin, að tveir bátar séu saman um eina nót, að nálega öll skipshöfnin á þessum skipum hefir verið tómir yfirmenn, 4 yfirmenn á hverjum bát og 8 yfirmenn á 2 báta samanlagt, eða 8 yfirmenn yfir aflabrögðum einnar veiðinótar.

Það er ekki fleira, sem ástæða er til að víkja að í þessu efni að sinni, en ég vil aðeins endurtaka þá ósk mína, að hv. sjútvn. lagfæri þær misfellur, sem bent hefir verið á í frv. þessu.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér er nokkuð kunnugt um þá óánægju, sem risið hefir upp í kjördæmi hv. þm. Borgf., á Akranesi, út af ákvæðum l. um þessi efni, því að þótt hv. þm. telji, að sú óánægja hafi mest bitnað á skrifstofustjóra atvmrn., þá get ég fullvissað hann um, að ég hefi ekki farið varhluta af þeim umkvörtunum, og ég verð að segja það, og það veit hv. þm., að það hefir verið reynt að létta svo undir með Akranesi sem hægt er samkv. *gildandi* l. Hv. *þm. veit vel, og hann dróst* á það, að í l. er engin undanþága til fyrir stj., og að sjálfsögðu er ekki hægt að víkja frá l. Hinsvegar var hlutazt til um það, að haldið var á síðasta hausti námskeið fyrir vélstjóra á Akranesi, einmitt fyrir ósk Akurnesinga og hv. þm. kjördæmisins, svo að þeir gætu komizt hjá aukakostnaði, sem hlytist af því að sækja vélstjóranámskeið til Reykjavíkur, og þetta var einmitt gert með tilliti til þess, að á síðasta vetri þurfti að fá allmarga vélstjóra í plássið annarsstaðar að. Þetta námskeið var haldið á Akranesi, og seinasta þing samþ. að veita 2000 kr. til þess. Ég verð að segja, að mér finnst dálítið einkennilegt, að einmitt eftir að Akurnesingar eru a. m. k. búnir að fá svo bætt úr vélstjóraskortinum heima fyrir, að mjög lítið hlýtur að vanta til þess, að nógir menn fáist á bátana, þá skuli eiga að breyta l. aftur og afnema þetta ákvæði. Mig furðar á því, að hv. þm. Borgf. skyldi ekki koma auga á þetta fyrr, vegna þess að á seinasta þingi voru til meðferðar l. um heimild handa ríkisstj. til þess að veita undanþágu frá ákvæðinu um vélstjóra á gufuskipum, sem stunda síldveiðar að sumrinu til, og þessi l. voru samþ. á síðasta þingi, eins og hv. þm. veit, og ef hann hefði talið nauðsynlegt, þá hefði verið hægt fyrir hann að fá svipað ákvæði viðvíkjandi vélbátunum, en ástæðan fyrir því, að það var ekki gert, ætla ég að hafi m. a. verið sú, að einmitt þá var ráðizt í að halda námskeið fyrir vélstjóra á Akranesi, og með því hjóst ég við, að leyst væri úr þessum vandræðum plássins.

Ég held, að það sé ekki fleira í sambandi við ræðu hv. þm., sem ég þarf að taka fram. Ég vildi aðeins benda á þetta í sambandi við það, sem hann hafði um sérstöðu Akurnesinga í þessu efni að segja.

***Pétur Ottesen:** Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, vil ég taka það fram, að það er rétt, að Akurnesingar fengu leyfi til þess að halda mótorbátanámskeið, en það var ekki alveg fullkomið að því leyti, að sá böggull fylgdi skammrifi, að þeir, sem undir prófið gengu, fengu aldrei réttindi til þess að láta þá, sem kennt höfðu, prófa sig, en slíkt hefir alltaf verið venja, þar sem slík námskeið hafa verið haldin. Þessir menn urðu að ganga undir próf hér í Reykjavík hjá allt öðrum mönnum en þeim, sem höfðu kennt þeim. Þeir fengu þar hvergi nærri að koma, og ég geri ráð fyrir, að það hafi átt sinn þátt í því, að þessir menn stóðust ekki nærri allir það próf, sem þeir urðu að ganga undir, þó að ég hinsvegar vilji ekki á nokkurn hátt halda því fram, að þeir, sem prófuðu þessa menn hér, hafi ekki gert það af fyllstu sanngirni og eins og þeim ber að gera, en það þekkja allir, sem kennslu hafa á hendi, og einnig þeir, sem kennslu njóta, að það er allt annað að eiga að standast próf hjá þeim, sem kennsluna hafa framkvæmt, og með þeim aðferðum, sem þeir hafa hagað kennslunni eftir, eða hjá öðrum mönnum, sem kunna að taka þetta allt öðrum tökum. Ég ætla þess vegna, að það hafi ekki orðið þau not af þessu námskeiði á Akranesi, sem ætlazt var til og orðið gat, af því að *námskeiðið fékk ekki sömu réttindi eins og öll önnur* námskeið hafa fengið hér að undanförnu. Að þetta eigi að vera nokkuð afgerandi í þessu máli að því er snertir Akranes, nær ekki nokkurri átt. Þetta er skattur, sem lagður er að óþörfu á menn og stendur eftir sem áður, þó að þeir þarna suður með sjó hafi losað sig við þennan skatt með því að brjóta l. Þetta er hæstv. atvmrh. kunnugt um. Ég skil ekki, að frá sjónarmiði nokkurs manns sé það eftirsóknarvert, að l. séu brotin, og þess vegna tel ég sjálfsagt að breyta þessu þannig, að fyrir slík lögbrot sé girt og að þessari kvöð verði létt af útgerðinni, því að hún þarf þess sennilega með.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að á síðasta þingi hefðu verið möguleikar á því að koma inn í l. ákvæðum um þetta efni, vil ég skýra frá því, að ég fylgdist fullkomlega með því, hvað gerðist í þessu efni þá. Á Alþ. 1937 var flutt frv. af hv. þm. Barð., svipað þessu. Ég talaði oft um það við þennan hv. þm., hvort við ættum ekki að flytja það sameiginlega eða hvort réttara væri, að hann flytti það. Hann taldi, að eins og þá stæðu sakir væri ekki hægt að fá samkomulag um þetta á Alþingi. Og mér virtist hann vilja hlíðra sér hjá að láta þetta mál verða að ágreiningsefni milli stjórnarfl., eins og sakir stóðu þá. Þess vegna varð ekkert úr því þá, að þetta frv. væri flutt á Alþ. Hinsvegar leit svo út sem honum fyndist blása byrlegar nú um það, að flutningur þessa máls mundi ekki valda árekstri, eins og líka nú kom á daginn, að þetta frv. er flutt af samflokksmanni hans. Ég veit, að hv. þm. Barð., þó að hann sé ekki viðstaddur hér nú, er reiðubúinn að staðfesta það, sem ég hefi sagt um það, sem milli okkar fór um þessa hluti. — Mun ég svo ekki fara um þetta mál fleiri orðum að þessu sinni.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að nemendur á þessu námskeiði fyrir vélstjóra upp á Akranesi hafi orðið að taka próf hér í Reykjavík. En það er samkv. þeim reglum, sem settar hafa verið um próf frá slíkum námskeiðum sem þessu. Mér skildist líka á honum, að ekki væri ástæða til að ætla, að þeir menn, sem prófuðu þessa menn hér, hefðu ekki dæmt rétt og hlutdrægnislaust um kunnáttu þessara manna, sem prófin tóku.

Hv. þm. Borgf. fullyrðir, að hér suður með sjó séu ákvæði þessara l. brotin. Það er kannske hugsanlegt, en mér er ekki kunnugt um, að svo sé. En þó svo væri, finnst mér það ákaflega hæpið að draga af því þá ályktun, sem hann virðist hér gera, hv. þm., að þá sé ekki annað eðlilegra fyrir hendi en að breyta l.

Að því er snertir undanþáguheimildina fyrir síldveiðiskipin, sem samþ. var á síðasta þingi, þá veit hv. þm., að þau l. voru afgr. á haustþinginu 1937 og voru staðfesting á bráðabirgðal., sem gefin voru út í byrjun síldarvertíðarinnar sumarið 1937. Hefði þá verið eðlilegast, að breyt. þessi, sem hér er um að ræða, hefði verið samþ. þá um leið og þau l. á þingi. En ég játa hinsvegar, að það er að ýmsu leyti óheppilegt að hafa undanþáguheimildir í slíkum l. sem þessum. Það gerir ráðuneytinu erfiðara fyrir. En það, sem hv. þm. drap á í ræðu sinni í sambandi við frv. hv. þm. Barð., var á fyrra þinginu 1937. En það skiptir ekki máli í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, en mér virtist rétt, að það kæmi fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 19. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 37, n. 253, 267).

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Sjútvn. hefir fjallað um þetta mál, og meiri hl., við hv. þm. Ak. og hv. þm. N.-Þ., leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hv. 6. þm. Reykv. áskildi sér rétt til að hafa óbundnar hendur og hefir borið fram brtt. á þskj. 267, sem ég geri ráð fyrir, að hann geri grein fyrir. En hv. þm. Ísaf. talaði helzt um að afgr. málið með rökst. dagskrá, sem ekki er enn fram komin.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er rétt fram tekið hjá hv. frsm., að ég óskaði að hafa óbundnar hendur í málinu og hefi borið fram brtt. Þær byggjast á því, að það eru þau atriði í þessu máli, sem ekki þola bið. En hinsvegar er það mín skoðun, að þessi löggjöf þurfi nýrrar endurskoðunar, eins og ég tók fram í þinginu 1936, þegar frv. til þessara l. var til umr.

Ég sé enga ástæðu til að lengja umr. um þetta. Ég vil óska eftir því, að umr. verði frestað og sjútvn. fái tækifæri til þess að fjalla um málið af nýju, sérstaklega mínar brtt., sem eru aðallega um það að gera bráðabirgðabreyt. á l. Ef n. gengur inn á þessar till., mun ég jafnframt fara fram á við hana að bera fram þáltill. um að endurskoða þessi l. Ég vil því beina þeirri ósk til hæstv. forseta, sem ég nú hefi borið fram.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. 6. þm. Reykv., hvort ekki geti orðið samkomulag um, að brtt. bíði til 3. umr., og n. gæfist kostur á að athuga málið þangað til. (**SK:** Ég fellst á að taka mínar brtt. aftur til 3. umr.).

***Finnur Jónsson:** Ég hefi þá afstöðu til þessa máls, að ég tel, að l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum séu ennþá ekki búin að sýna sig svo í framkvæmdinni, að réttlætanlegt sé að gera á þeim svo stórfelldar breyt. eins og farið er fram á í brtt. hæstv. núv. atvmrh. og þeirra annara flm. Þessi löggjöf var búin til upphaflega af trúnaðarmönnum ríkisstj., sérstaklega af mþn., sem skipuð var í því máli. Hygg ég, að í henni hafi átt sæti flestir þeir menn, sem fullkomlega mátti trúa til þess að semja þessa löggjöf þannig, að hún gerði tvennt í senn: að veita nokkuð mikið öryggi fyrir þá, sem við hana eiga að búa og í öðru lagi að hún færi ekki á neinn hátt út í öfgar með það að ákveða yfirmenn á hverju skipi. Í nefnd þessari áttu sæti m. a. núv. skólastjóri stýrimannaskólans og formaður sjómannafélags Reykjavíkur. Og ég hygg, að þeim sé báðum trúandi til þess að hafa gert þær till. einar, sem voru viturlegar og heppilegar í þessu efni. Það er talsvert viðurhlutamikið að vera stöðugt að breyta lagasetningu, sem gripur jafnmikið inn í einn af atvinnuvegum okkar, siglingarnar. Það er mjög erfitt fyrir menn, sem fara að stunda nám eftir þessari lagasetningu, að sífellt sé verið að hringla til um það, á hvern hátt menn öðlist réttindi. Einnig er hitt, að það er ákaflega hætt við, að það öryggi, sem slík löggjöf á að veita þeim, sem taka þátt í siglingum, verði heldur lítið, ef stöðugt er verið að hringla til með löggjöfina.

Nú vil ég ekki þar með segja, að þessi löggjöf þurfi ekki endurskoðunar við. Og ég hefði til samkomulags viljað fallast á, að þessu frv. yrði vísað til ríkisstj. í því trausti, að hún léti endurskoða lögin fyrir næsta Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja mjög mikið um þetta, en verð þó að leggja talsverða áherzlu á það, að það sé hættulegt að hringla til með svona löggjöf, sem var undirbúin eins vel á sínum tíma. Og ég mun við 3. umr. leggja fram rökstudda dagskrártill. í þá átt að vísa þessu máli til ríkisstj., í því trausti, að hún láti endurskoða l. fyrir næsta Alþingi. Ég get sætt mig við, að frv. fari til 3. umr. með því móti, að brtt. hv. 6. þm. Reykv. verði þá athugaðar til 3. umr. — þó að ég geri ekki ráð fyrir, að það breyti neinu um mína höfuðafstöðu til þessa máls. Því að ég álít, að sú endurskoðun, sem þarf að fara fram á l., eigi að gerast af hálfu ríkisstj., þar sem hún hefir undirbúið lagasetninguna með sérstakri milliþn.

Ísleifur Högnason: Þess er getið í grg. þessa frv., að till. hafi verið samþ. á flokksþingi framsóknarmanna 1937 þess efnis, að flokkurinn beiti sér fyrir, „að endurskoðuð verði löggjöfin um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og þess þá gætt, að íþyngja sjávarútveginum ekki um of með kröfum um mannahald o. fl. — —“ og þess sé jafnframt gætt, að miða kröfur um mannahald og útbúnað á íslenzkum flutninga- og farþegaskipum við þær kröfur, sem þær þjóðir gera, sem íslenzk flutninga- og farþegaskip þurfa að keppa við.

Eins og lýst hefir verið hér í hv. deild, er þetta frv. breyt. á l., sem samþ. voru á þingi 1937. Og að því er mér skilst fór sú löggjöf í þá átt að fjölga yfirmönnum skipa með tilliti til öryggis og tilliti til þess, að hægt væri að gefa mönnum úr stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum tækifæri til þess að fá reynslu í siglingafræði og meðferð véla. Nú er það mála sannast, að hér við land eru miklu hættulegri siglingaleiðir en með ströndum Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs. Er þá fyrst að geta þess, að vitakerfið hér við land er ekki nándar nærri eins fullkomið eins og hjá hinum þjóðunum. Þá er og tíðarfarið viðsjálla, brim og stormar miklu háskalegri hér en annars staðar. Mér er kunnugt um, að Skipstjóra- og stýrimannafélag Reykjavíkur hafa tekið þetta frv. um fækkun manna á skipum til meðferðar og leggja eindregið gegn því. Sanna þeir með dæmum af slysförum, að öryggi skipa hér við land er alls ekki tryggt, nema þessu lágmarki, sem núv. löggjöf gerir ráð fyrir, sé fullnægt. Ég skal t. d. geta þess, að á togurum er gert ráð fyrir, að ekki þurfi nema einn stýrimann. En nú er vitanlegt, að togarar fiska samfleytt sólarhringum saman. Og skipstjórinn, sem er þar aðalmaðurinn, sem siglingafróður er, stendur á vakt bæði dag og nótt. Er þá ekki nema einn maður til að stjórna siglingu heim, 1. stýrimaður. Nú getur þetta tekið svo langan tíma, að ómögulegt sé fyrir einn mann að standa allan tímann á vakt. Er þá enginn siglingafróður maður til að taka við. Þetta gefur vitanlega ástæðu til að ætla, að öryggi skipanna sé hætta búin. Enda segja stýrimenn og skipstjórar, að þess séu dæmi, að einmitt af þessari sök — að ekki hafi verið siglingafróðir menn á vakt — hafi skip farizt hér við land, og þau ekki fá. Þau dæmi um árekstra og slys, sem þeir nefna í áliti sínu um þetta frv., eru þessi: Ásigling b/v Maí og b/v Brougion, ásigling b/v Sahikk og b/v Eutonia, strand b/v Jóns forseta og fleira. Svo að ástæðunni, sem færð var fram í grg. fyrir því að þessu megi breyta til sparnaðar, vegna þess að öryggi skipanna sé ekki hætta búin af fækkuninni, er þar með hrundið. Ég álít alveg óforsvaranlegt af Alþingi að ætla sér að afnema þessi lög, sem eru nýsett og eiga að tryggja betur líf sjómannastéttarinnar og öryggi. Óforsvaranlegt sérstaklega af þeim mönnum, sem flytja þetta frv., því að þeir þekkja mjög lítið til siglinga og þarfar sjómanna til að hafa vélfróða menn og siglingafróða stýrimenn, — að þeir skuli bera þetta fram án þess að taka nokkurt tillit til óska og krafna þeirra, sem mest eiga á hættu og mótmælt hafa þessu eindregið. Ég álít það svo mikið ábyrgðarleysi, að ekki komi til mála, að slík afskipti megi þolast til að skaða öryggi sjómanna. Það er talað um í því áliti, sem fyrir liggur frá Stýrimanna- og skipstjórafélaginu, að það að fækka um einn stýrimann spari 250—300 kr. á ári. En að það muni valda úrslitum um, hvort togaraútgerðin ber sig eða ekki, getur hver maður séð. En ef ósiglingafróður maður, sem ekki kann á kompás, er við stjórn, þarf ekki ýkjalangan krók úr réttri leið til þess að að þessar 250 krónur séu jafnaðar, með óþarfri orkueyðslu. Sama máli gegnir, ef ekki er nægilegt af hæfum mönnum til að stjórna vélum og passa þær, þá kemur það fram á endingu vélanna og skipsins. Það er því hið mesta Lokaráð að fækka vélfróðum og siglingafróðum mönnum í íslenzka flotanum. Ég álít þetta hið óþarfasta frv., sem enn hefir komið fram í garð sjómanna, að undanskildu gerðardómsfrv. vitanlega. Ber þar tvennt til: að öryggi sjómanna er stefnt í voða, og að sparnaður af þessu er enginn, heldur þvert á móti, að þetta getur haft í för með sér mikil aukin útgjöld fyrir útgerðina.

***Pétur Ottesen:** Ég verð mjög að láta í ljós undrun mína yfir því, hvað hv. sjútvn. hefir verið tómlát og aðgerðalaus um að koma þessu máli áfram, þar sem það er búið að liggja hjá n. að ég ætla 50 daga, og þar sem í n. eru menn, sem bæði á þessu þingi og síðasta þingi voru flm. að líku frv. sem þessu og er því vel kunnugt, hvernig ástatt er nú um bátaútveginn, t. d. þá báta, sem koma að landi daglega. Þeim er kunnugt, að þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar, að þeir hafi tvo lærða vélstjóra og hafi stýrimenn, fela ekki í sér neitt sérstakt öryggi frá því, sem er, að dómi þeirra manna, sem fiskveiðar stunda á þessum bátum. En hinsvegar hefir þetta vitanlega í för með sér kostnað fyrir útgerðina, algerlega óþarfan kostnað, sem lendir bæði á útvegsmönnum og hásetum. Svo er það í þriðja lagi, að það verður að gera út frá ýmsum verstöðvum hér á landi báta í algerðu trássi við þessa löggjöf, af því að ekki er hægt að uppfylla ákvæði löggjafarinnar með þessum áskilda lærdómi.

Ég verð því að láta mjög í ljós undrun mína yfir því, að ekki hefir verið lagt meira kapp á að koma þessu máli áfram, heldur hafa nefndarmenn látið þá mótspyrnu, sem hér er kunn af samtökum þeirra félaga, sem þykjast nú vera að verja rétt þeirra fagmanna, sem hér er um að ræða, sveigja sig svo mjög til tómlætis og áhugaleysis. Og það er auðheyrt, að ekki færri en þrír af þeim, sem tekið hafa til máls nú, eru með allra handa vélráð gegn framkvæmd þessa máls. Menn bera fram brtt., sem gera að litlu eða engu gildi frv. Aðrir eru með það að vísa málinu frá á þeim grundvelli, að að vísu þurfi að athuga þessa löggjöf — segja þeir — en 52 daga athugun á löggjöfinni hefir náttúrlega ekki verið nándarnærri nóg, heldur þurfi ársfrest eða meira. Vitanlega felst ekkert í þessu annað en aðferðir til að koma málinu fyrir kattarnef. Því að með því að athuga málið meina þeir ekki neitt annað en það, ef

þetta gæti leitt til að herða enn á snærunum og þyngja enn á útgerðinni, sem er að örmagnast undir þeim byrðum, sem á henni hvíla. Það er þá það eina, sem gæti legið á bak við hjá þessum mönnum, og ekkert annað.

Ég verð nú að vænta þess, að sjútvn., sem svo mjög hefir verið tómlát um þetta mál, fari nú að fylgja því fast fram. Því að að öðrum kosti verður vafalaust að halda áfram að reka part af útgerðinni algerlega í trássi við þessa löggjöf. Og ég veit nú ekki, hvort löggjafar landsins álíta það ákaflega hollt að ganga þannig frá löggjöf, að óhjákvæmilegt sé að brjóta hana í framkvæmd, — hvort þeir álíta það góðan uppeldisskóla í löghlýðni í landinu. Ég efast mjög um það.

En ég vildi mjög mega beina máli mínu til hæstv. atvmrh., sem er einn af flm. þessa frv. ef hann vildi svo lítið að koma út úr ráðherraherberginu meðan verið er að ræða þetta fóstur hans, eða hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess. Þar sé ég framan í hann! Hér er nefnilega verið að ræða um frv., sem hæstv. ráðh. er sjálfur flm. að og ég veit, að hlýtur að koma til hans kasta. Ég hygg, að ekki fáist þær endurbætur á löggjöfinni um þetta efni, sem hann hefir ætlazt til með flutningi þessa frv. Mér er kunnugt um það, að bæði ég og ýmsir fleiri hafa mjög leitað þess við hæstv. fyrrv. atvmrh. undanfarið, að fá hann til þess, að gefa út bráðabirgðalög um það, sem heimilað er með undanþágu frá ákvæðum þessara l., að því er snertir vélamenn og stýrimenn í fiskibátum, sem koma að landi daglega. Ráðh. neitaði að gefa út þessi bráðabirgðalög, og m. a. í skjóli þess, að nú kæmi Alþingi bráðlega saman, og gæfist þá tækifæri að sníða löggjöfina þannig, að tækilegt væri að framkvæma hana. En það er alveg vitað, að ef ekki fæst breyt. á þessari löggjöf, þá kemst ráðh. ekki hjá allmiklu ónæði af því, að til hans verði leitað um að setja bráðabirgðalög, svo að hægt verði að halda útgerðinni gangandi án þess að þverbrjóta lög landsins. Þó að ég beri ekki alveg sérstaka umhyggju fyrir þessum hæstv. ráðh., þá teldi ég miklu betur farið, að löggjöfin væri nú sniðin þannig, að ekki þyrfti til þess að taka að braska við undanþágur, til þess að útgerðin hvíli á lagalegum grundvelli. Ég vildi því skora á hann, að hann sem ráðh. beitti áhrifum sínum til þess, að breyting fengist á þessum l., sem hann hefir lagt til í sínu frv. Fyrir utan aðstöðuna, sem hann getur haft í stjórn landsins, eiga að vera nokkur áhrif að öðru leyti í hans hendi. Og að því leyti, sem hann kannske orkar ekki að ráða svo yfir stuðningsmönnum ríkisstj. úr sósialistaflokknum, þá getur verið, að honum komi hjálp frá mér og öðrum. Stjórnin hefir fyrr orðið fegin að leita til okkar, þegar samstarfsmennirnir neituðu öllum stuðningi og samvinnu um framgang nauðsynlegra mála á Alþingi. Getur verið, að fari svo einnig í þessu máli, að það verði sjálfstæðismenn, sem rétta hjálparhönd til að koma góðu máli fram, ef þeir, sem Framsfl. bindur trúss við í ríkisstj. og Alþingi, neita um sjálfsagðan stuðning. Ég tel því mjög miklar líkur fyrir því, að þessu máli verði hægt að koma fram, ef hæstv. ráðh. sýnir þá rögg af sér, sem ráðh. á að gera. Og þó að ég hafi deilt hér á sjútvn. fyrir tómlæti í þessu máli, sem hún fullkomlega verðskuldar, þá vænti ég þess, að sá hluti hennar, sem stendur að þessu máli, sýni rögg og hrindi fast á þetta mál, og þannig geti tekizt samstarf milli hæstv. ráðh. og meiri hl. þingsins um að bæta þessa löggjöf svo sem hér er farið fram á, — svo að ekki þurfi ofan á allt annað að reka útgerðina þannig, að í hvert einasta skipti, sem farið er á flot, sé verið að brjóta landsins lög, eins og nú er gert í bátaútgerðinni.

Ég mun svo hafa eina eða tvær brtt. að flytja við þetta frv. En þar sem samkomulag hefir orðið við aðra, sem flytja brtt., að gera það ekki fyrr en við 3. umr., mun ég einnig bíða með mínar.

Ég vona, að hv. Alþingi sjái, að þetta mál er þannig vaxið, a. m. k. að því er bátaútgerðina snertir, að það er hreint og beint óhjákvæmilegt að breyta l. í svipað form og hér er lagt til um þá útgerð. Að lokum vænti ég fastlega, að bætt verði upp fyrir þann drátt, sem ófyrirsynju og ástæðulaust hefir orðið um afgreiðslu þessa máls.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er eðlilegt, að þeim, sem hafa sérstaklega mikinn áhuga fyrir þessu máli, leiðist allur dráttur á því. En ég verð að segja það sjútvn. til málsbóta, að ef menn eru ekki að öllu leyti sammála í n., þá tekur það nokkurn tíma fyrir mönnum að koma sér saman. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það er enginn maður í sjútvn. þessarar d., sem ekki viðurkennir, að löggjöfin um atvinnu við siglingar þurfi endurskoðunar við. Hitt er eðlilegt, að menn séu ekki í einu og öllu sammála um, hvernig þessar breyt. eiga að vera. Af þessum ástæðum er það, að þetta mál hefir þvælzt nokkuð fyrir n. Ég skal játa, að það er eðlilegt, að ákaflyndir menn, eins og hv. þm. Borgf., séu óþolinmóðir að bíða eftir úrslitunum, og skil fullkomlega hans afstöðu, þó ég verði að segja að ekki sé víst að hans ákafi sé heppilegur til góðra úrslita á svona máli. Ég býst við, að þetta mál fái bezt úrslit með þeim vinnubrögðum, sem sjútvn. hefir haft á því. Við erum allir þeirrar skoðunar, að þótt l. um atvinnu við siglingar hafi verið undirbúin af góðum mönnum, þá hafi samt vantað aðilja hagsmunamálanna, og ég held, að þessi l. verði aldrei sett til frambúðar nema að þeim vinni ekki aðeins menn með sérþekkingu á hverju sviði, heldur einnig þeir menn, sem þar koma til greina með hagsmuni, en það eru útgerðarmenn og þeir, sem hafa atvinnu við siglingar. Þess vegna er ég sammála um, að sjútvnm. séu sammála um að biðja um endurskoðun á þessari löggjöf og leggi áherzlu á, að um hana fjalli ekki aðeins þeir, sem sérþekkingu hafa á siglingum, heldur líka hagsmunaaðiljarnir sjálfir. Ég held, að mér sé f. h. n., þó að ég hafi ekki umboð til þess, óhætt að friða hv. þm. Borgf., sem af eðlilegum ástæðum er nokkuð ákafur í þessu máli, með því, að við munum reyna að sjá um, að þetta mál fái skynsamlega afgreiðslu á þessu þingi.

Það er ekki rétt hjá hv. þm., að með þessari athugun, sem gerð hefir verið á frv., sé ekkert meint, eins og hann komst að orði. Með henni er það fullkomlega meint, að ráða þessu máli til skynsamlegra lykta, en enginn í n. óskar eftir að þvæla þetta mál til engra lykta. Við erum áreiðanlega allir sammála um, að það eigi að fá einhverja afgreiðslu, en við erum líka sammála um það, að því er ég vænti, að sú afgreiðsla verði til frambúðar, en það verður ekki nema með því, að sættir verði í málinu milli hagsmunaaðiljanna, en jafnframt gætt alls þess, sem fræðilegt er.

Ég hefði ekki tekið til máls, ef hv. þm. Borgf. hefði ekki verið að reka á eftir n., sem mér finnst eðlilegt, og mitt erindi var ekki að minnast á neinn ágreining, heldur að sannfæra hann um það, að sjútvnm. hafa hér engan stráksskap bak við eyrað, heldur vilja ráða málinu til lykta á þann hátt, sem bezt hentar.

Ísleifur Högnason: Þeir hv. þm., sem tekið hafa til máls eftir að ég talaði síðast, hafa ekki minnzt á þau atriði, sem ég kom inn á, en það var, að öryggi sjómannanna væri miklu verr borgið, ef frv. næði fram að ganga, og eins hitt, að enginn sparnaður væri því samfara að samþ. frv. Ég hefi vanizt því, að við 2. umr. væri farið út í einstakar gr. frv. Mér þætti gaman að heyra hv. flm. taka frv. lið fyrir lið og sýna fram á, hversu mikla útgjaldalækkun hér er um að ræða og hvort þeir séu svo vel inni í siglingum, að þeir geti sannað, að þetta sé nauðsynlegt til þess að útgerðin beri sig, en það er ástæðan, sem borin hefir verið fram fyrir nauðsyn þessa frv.

Ég hefi ekki heldur heyrt rökstuðning hv. þm. Borgf. fyrir því, að ekki sé hægt að fá lærða stýrimenn til að vera á bátum, sem eru undir 15 smálestum, eða vélamenn. Ég veit, að fjöldi þeirra, sem eru útskrifaðir af mótorskólanum, hafa þörf fyrir að vera með vélar, og sama máli gegnir með stýrimenn, en með því að afnema þetta hafa þeir miklu síður tækifæri til að fullnuma sig í sinni iðn. Það er ekki heldur svo mikill kostnaðarmunur á því, hvort þessir menn eru á skipunum eða ekki; það geta verið 60—70 kr. yfir árið, ef það þá munar nokkru. Mér er kunnugt um það, að vélaviðhaldið er stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri bátanna. Í Vestmannaeyjum er það 5—7 þús. kr. á ári. Hverju er það að kenna? Það er vegna þess, að það vantar fullkomna þekkingu á meðferð vélanna. Það yrði því ólíkt meiri sparnaður að því, ef samþ. væri strangt eftirlit með vélum, sem væri framkvæmt á vikufresti á hverri vél, og þær kröfur, sem gera á til vélstjóra, væru gerðar gildandi. Það væri sparnaður fyrir útgerðina, en með því að draga þannig úr þekkingu þeirra manna, sem fara með vélar, er minnkað öryggi sjómannanna og aukin útgjöld útgerðarinnar, — það er áreiðanlegt.

***Finnur Jónsson:** Hv. þm. Borgf. hefir komið inn á friðsamlegar umr. um þetta mál með miklum hvalablæstri eins og hans er vandi og talaði sérstaklega um það tómlæti, sem sjútvn. sýndi í þessu máli. Ég hygg, að hv. þm. ætti að vera kunnugt um, að l. um atvinnu við siglingar eru ekki eldri en frá 1936 og voru þá afgr. með einróma meðmælum sjútvn. einmitt í því formi, sem þau hafa nú. 3 af þeim mönnum, sem áttu sæti í sjútvn., eru þar enn. Er því ekki að furða, þó að meiri hl. n. sé ekki ákafur í að fara að gerbreyta þessum l., sem n. öll mælti með fyrir 2 árum síðan, og færa þau að miklu leyti í það horf, sem þau höfðu, áður en mþn., sem starfaði að þessu máli, framkvæmdi sína endurskoðun og lagði fram niðurstöður sínar. Ég fyrir mitt leyti álít, að það þurfi að koma fram einhverjar veigameiri ástæður fyrir nauðsyninni á að breyta þessum l. svo mjög sem hér er farið fram á, áður en ég get samþ. þær breyt.

Hv. þm. Borgf. vildi telja, að ekkert aukið öryggi væri í því fyrir sjómenn, þó að 2 menn með vélfræðiþekkingu væru um borð í skipunum. Eftir þeirri kynningu, sem ég hefi af þessu máli, þá fullyrði ég, að þetta er rangt. Ég fullyrði einnig, að þetta hljóti að vera talað á móti betri vitund hjá honum, nema hann sé alveg blindur á hagsmuni þeirra manna, sem sjó stunda á Akranesi.

Hann vildi einnig fullyrða, að ekkert öryggi væri í því að fjölga um 2 siglingafróða menn um borð í skipunum. Ef þessi hv. þm. álítur yfirleitt, að eitthvert öryggi sé í því að hafa siglingafræðinga um borð, þá hlýtur hann að viðurkenna, að meira öryggi sé í því að hafa tvo en einn, ef þessi eini maður skyldi forfallast eða þurfa að leggja sig til svefns vegna þreytu eða vosbúðar, eins og oft kemur fyrir í sjóferðum, og sama gildir um vélstjóra. Það er algengt, að sá eini maður, sem var áður skylt að hafa um borð í skipi með vélþekkingu, forfallast, og þá er nauðsynlegt að geta gripið til varamanns. Ég veit ekki til, að kostnaður við að hafa þessa varamenn um borð í skipum sé svo mikill, að það ofþyngi útgerðinni í einu né neinu. Eftir því, sem ég veit bezt, er kostnaðurinn við að hafa þessa vélamenn um borð í skipi um 30 kr. meiri um mánuðinn, Vélamaðurinn vinnur öll hásetastörf um borð í skipinu eins og aðrir hásetar, en fær aðeins örlitla aukaþóknun fyrir að grípa í vélina, fyrir þá kunnáttu, sem hann hefir fram yfir hina hásetana, og ég fullyrði, að sú greiðsla íþyngir ekki útgerðinni, en í þessu felst svo mikið öryggi, að það margborgar sig fyrir útgerðina, að l. séu í því formi, sem þau hafa nú. Um stýrimennina er það vitað, að þeir taka ekki það mikla aukaþóknun fyrir sitt starf, að það borgi sig ekki að hafa menn með slíka þekkingu, ef til skyldi þurfa að taka. Ég fullyrði því, að ummæli hv. þm. Borgf. um, að ekkert öryggi sé í að hafa 2 vélstjóra eða stýrimenn um borð, séu alveg út í loftið, og ennfremur að hvorugt geti haft þann kostnað í för með sér, að það ekki beinlínis borgi sig fyrir útgerðina.

Hv. þm. fullyrti, að vegna þessara l. yrði að skrá á skipin gagnstætt l. Ég veit ekki, hvernig þetta má vera. Ég hefi ekki orðið var við, þar sem ég á heima, að nokkurntíma hafi orðið að skrá skipin ólöglega vegna þessara l. og vil

skora á hv. þm. að færa eitthvað fram þessu máli til sönnunar. Mér er kunnugt um, að allajafna er hægt að fá stýrimenn eins og þörf er á, bæði á landróðrarbáta og aðra, og það er tiltölulega létt að öðlast það próf, sem l. gera ráð fyrir að þurfi til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á þeim bátum, sem um ræðir í þessum l.; a. m. k. veit ég, að svo er það á Vesturlandi, að þar eru fleiri siglingafróðir menn enn geta fengið atvinnu. Einnig er mér kunnugt um, að ekki þarf nema 6 vikna nám til að öðlazt rétt til að vera vélamaður á mótorbát, og ég tel, að í allflestum verstöðvum sé það mikil námfýsi meðal sjómanna, að þá langi til að koma sér eitthvað áfram og fá eitthvað betri kjör en hásetar hafa, og alltaf eru nógir menn til þess að taka þátt í þessum námskeiðum. Ef þetta er öðruvísi á Akranesi, þá er þar verkefni fyrir hv. þm. að örva menningarþorstann hjá sjómönnunum, heldur en að leggjast á móti, að sjómenn afli sér þessarar nauðsynlegu þekkingar. Væri sæmra fyrir þennan hv. þm. að nota eitthvað af krafti sínum í þá átt heldur en að gera lagabreyt., sem beinlínis verða til að draga úr því, að sjómenn afli sér ofurlítið meiri þekkingar en rétt þarf til þess að vera almennir hásetar.

Pétur Ottesen: Hæstv. forseti hefir mælzt til, að málið yrði ekki meira rætt að þessu sinni. Ég vil því aðeins segja hv. þm. Ísaf. það nú, að næst þegar þetta mál verður tekið til meðferðar, skal ég rifa og tæta í sundur allan þennan þvætting, sem hann hefir verið með í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Út af því, sem hv. 5. landsk. var að tala um, að það vantaði rökstuðning í þessu máli, vil ég benda honum á, að það eru komnar fram margar brtt. við frv., en þær hafa verið teknar aftur, og því er eðlilegt, að umr. séu geymdar til 3. umr., enda er því lýst yfir, að fram komi rökst. dagskrá um að vísa málinu til stj. Ég held því, að allir geti verið ánægðir með að láta umr. bíða til 3. umr.

Forseti (JörB): Hv. 5. landsk. hefir talað tvisvar, en fær stutta aths., ef hann þarf að bera af sér sakir.

Ísleifur Högnason: Ég hefi engar sérstakar sakir að bera af mér. Ég vil aðeins segja, að hv. þm. Barð. hefir ekki orðið við þeim tilmælum mínum, að rökstyðja þær brtt., sem hann hefir borið fram við frv., sem ég vænti þó, að hann gæti gert við 2. umr. Ég sé ekki, að þetta sé svo mikið nauðsynjamál, að þurfi að hraða því þannig gegnum þingið, ekki einu sinni fyrir þá, sem knýja hann til þess að bera þetta fram, en það eru útvegsmenn, en til óþurftar fyrir sjómannastétt landsins. Þess vegna vildi ég gjarnan, að 2. umr. héldi nú áfram og hv. þm. Borgf. fengi að tala betur um málið heldur en að hespa það svona af við 2. umr. Ég vil undirstrika, að það er rangt hjá hv. þm. Borgf., að ekki sé hægt að fá útlærða stýrimenn og vélstjóra til þess að taka að sér þetta aðstoðarmannahlutverk. Það er yfrið nóg af slíkum mönnum, og þeim er nauðsyn að halda áfram sínu starfi og fá hagnýta fræðslu við starfið sjálft.

Í stuttu máli álít ég, að það sé bæði sjómönnum og útgerðarmönnum til óþurftar að samþ. þetta frv., og mun ég því greiða atkv. gegn því til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Finnur Jónsson:** Ég skal ekki draga umr. úr hófi fram. Eins og hv. þdm. vita, var fundið að því við sjútvn., að hún hefði haft málið of lengi til meðferðar. En það var vegna þess, að frv. hefir verið sent til margra aðilja til umsagnar, og það er ekki neitt óeðlilegt, þó að málið hafi tafizt af þeim ástæðum. Þeir aðiljar, sem hafa mælt með því, að þær lagabreyt., sem í frv. felast, verði að l., eru Félag ísl.botnvörpuskipaeigenda, Skipaútgerð ríkisins og Eimskipafélag Íslands. Þó má geta þess, að enginn þessara aðilja mælir með öðrum atriðum frv. en þeim, er viðkemur þeim sérstaklega. Hinsvegar hafa borizt mjög öflug mótmæli gegn frv. frá Farmanna- og stýrimannasambandinu, skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi, skipstjórafélaginu Öldunni, Skipstjóra- og stýrimannafélagi Reykjavíkur, Skipstjóra- og stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Reykjavíkur og Vélstjórafélagi Íslands. Ég skal ekki fara lengra út í þessi mál, en ég verð að segja það, að ég álít, að þau séu á mjög miklum rökum byggð.

Það kom fram við umr. í gær, að nauðsyn væri til, að þær breyt. á l., sem farið er fram á í þessu frv. gengju fram, vegna þess, að ekki væru nógu margir lærðir menn til að taka við störfum á skipum og þyrfti stundum að skrá óleyfilega á skipin. Ég skal ekkert segja um það, hvort þetta hefir átt sér stað, en ég hefi ekki orðið var við slíkt á Vestfjörðum, og ég veit ekki til, að það hafi komið fyrir annarsstaðar. En væri það á rökum byggt, væri rétt að fara aðra leið en þá, sem stungið er upp á í þessu frv. L. um atvinnu við siglingar eru langt mál í mörgum köflum, og hver kafli grípur svo mikið í aðra kafla l., að það er í raun og veru alls eigi hægt að breyta einum kafla án þess að breyta öllum köflunum jafnframt. Flm. þessa frv. hafa ekki gætt þess sem skyldi. Þeir byrja á því að gera ráð fyrir breyt. á 49. gr. l. og þeim gr., sem eru þar fyrir aftan, en gæta þess ekki, að jafnframt þarf að breyta ýmsum öðrum gr. til þess að sambandið raskist ekki með öllu. Ég skal finna þessum orðum stað. Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að undanþegin ákvæðum l. séu fiskiskip, sem eru 30 smálestir og minni, sem leggja afla sinn á land daglega. En eins ég sagði áðan, þá eru l. að öðru leyti svo samtvinnuð, að tæplega er unnt að breyta þeim að nokkru leyti án þess að breyta þeim um leið í heild sinni. Það má geta þess í sambandi við þessa undanþágu, að til þess að öðlast skipstjóraréttindi á skipum, er sigla innan-

lands og eru yfir 15 rúmlestir, en ekki yfir 75 lestir, þurfa menn m. a. að vera stýrimenn á slíkum skipum í ekki minna en 12 mánuði. Með því að afnema stýrimennina á skipum, sem eru 15—30 smálestir, þá er um leið kippt burtu möguleikunum til þess að geta öðlazt skipstjóraréttindi á slíkum skipum. Sé nú hætta á því, að ekki fáist nógu margir lærðir menn til þess að vera stýrimenn á þessum skipum, mun eftir nokkur ár ekki verða minni hætta á því, að ekki fáist nægilega margir skipstjórar, því að þeir fá ekki að öðlast skipstjóraréttindi af þeim sökum, að með þessu lagafrv. eru teknir frá mönnum möguleikar til að vera stýrimenn á slíkum skipum og öðlast réttindi á þann hátt. Sama er að segja um þau atriði þessa frv., sem vikja að því að fækka vélstjórum; þar er alstaðar gert ráð fyrir, að það gangi yfir þriðja vélstjóra og aðstoðarmenn í vél. En með því móti að fækka þessum mönnum, þá eru menn um leið sviptir möguleikum til að öðlast full réttindi, þótt þeir hafi lokið prófi. Ég hygg, að af því, sem ég hefi sagt, sé mönnum orðið ljóst, þó að flm. hafi ekki athugað það rækilega, að það er ekki unnt að breyta slíkum ákvæðum nema því aðeins að breyta öllum l. Ég geri ráð fyrir, að sjútvn. athugi þessi atriði sérstaklega fyrir 3. umr. frv. Ég vildi benda á það, að ef vanta kynni menn með fullum réttindum á sum skipin, þá væri það heppilegri leið að samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að veita undanþágu um eins árs bil, en láta fara fram allsherjar endurskoðun á l. Því verður ekki neitað með rökum, að ef þetta frv. verður samþ., muni það leiða af sjálfu sér, að vandræði verða með að framkvæma siglingal. þegar á næsta ári. Það þarf að breyta mörgu, ef nokkru er breytt, og á það einkum við skilyrðin til að verða skipstjórar, stýrimenn og vélstjórar.

***Einar Olgeirsson:** Í sambandi við þetta frv. og eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið frá n. um aðilja utan þings, sem fallizt hafa á þetta frv., er vert að geta þess, að það eru nokkur fyrirtæki og samtök þeirra, sem eftir upplýsingum eru þau ein, t. d. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem hafa beinna hagsmuna að gæta í þessu máli, og hvert þeirra mælir aðeins með þeim hluta frv., sem snertir þau fjárhagslega. Þarna er að ræða um nokkra stóratvinnurekendur og ríkisvaldið, sem eru sérstaklega „interesseraðir" í því að koma á sparnaði fyrir sig. Ég álít nú hvað þetta atriði snertir, frá sjónarmiði þessara fyrirtækja og hvaða tillit Alþ. beri að taka til þess, t. d. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, þá yrði Alþ. að gera þá kröfu til þess félags og annara slíkra, ef þau sérstaklega fara að heimta sparnað og fækkun starfsmanna, að miðað verði við þá hættu, sem þessum störfum er samfara. En að spara nokkra forstjóra er allt annað. Það þarf að líta eftir, hvort ekki væri þar ofhlaðið á. Það virðist a. m. k. liggja nær að athuga, hvort forstjórarnir í landi væru ekki of margir, áður en farið er að stofna öryggi sjómannanna í hættu með því að draga úr mannahaldi á skipunum. Öðru máli gegnir um yfirmennina í landi. Það myndi ekki spilla neitt öryggi sjómanna um borð, þótt þeim væri fækkað. Sama máli er að gegna um Eimskipafélag Íslands; það mætti athuga sparnað á sínum rekstri í landi, áður en það heimtar fækkun yfirmanna á skipunum, því að þessir menn hafa einkum með þá hluti að gera, sem öryggi sjómanna er mest komið undir. Þau umæli, sem hér liggja fyrir með frv., eru eigi þannig, að þeir, er sitja á Alþ., geti tekið tillit til þeirra. Hinsvegar liggja hér fyrir mótmæli frá 7 samtökum og samböndum innan íslenzku sjómanna- og vélstjórastéttarinnar; þau eru frá þeim mönnum, sem þetta frv. snertir mest og bera bezt skynbragð á það. Þessir menn eru fagmenn í þessari grein og eiga að vita bezt, hvað þarna er um að ræða; þeir eiga líka að hafa ábyrgðartilfinningu fyrir því, hvernig þetta mál fer.

Í hvert skipti, sem slys verður hér við land, togari strandar eða ferst á annan hátt, vantar ekki, að nóg sé um það rætt, við hve mikið öryggisleysi sjómennirnir eigi að búa hér á Íslandi.

Þegar sett hafa verið l., sem að mörgu leyti miða í þá átt að tryggja öryggi sjómanna, sem er tiltölulega takmarkað, þá koma stuttu síðar fram till. um að breyta þessum l. algerlega, vitandi það, að með því móti hlýtur að verða rýrt það öryggi, sem sjómenn og sjófarendur eiga við að búa. Fyrir þjóð, sem á eins mikið undir rekstri skipanna og hún á, hlýtur annað eins manntjón af slysum á sjó sem Íslendingar bíða, virðist eigi aðeins vera óþarft, heldur beinlínis stórhættulegt að gera breyt. á l., sem miða að því að rýra öryggi þeirra manna, sem vinna á sjónum. Ég álít því hvað snertir þetta frv., sem liggur hér fyrir, eftir að fram eru komin önnur eins mótmæli, að þá nái engri átt, að það sé afgr. á þessu þingi. Það ber að athuga það betur og ræða betur við viðkomandi menn, er þessa atvinnu stunda og eiga eigi aðeins atvinnu sína, heldur einnig líf sitt undir því, að öryggið á sjónum sé sem bezt. Það má því ekki flana að því að gera breyt. á þessum l. þvert á móti vilja þeirra. Alþ. getur ekki tekið á sig þá ábyrgð, sem því fylgir. Þess vegna ber þinginu að fella þetta frv. eða gæta þess, að málið verði nánar athugað og betur undirbúið fyrir næsta þing. Tel ég það illa farið að gera nokkuð til að stofna öryggi sjómanna í hættu. Ég sé ekki, að l., sem nú er lagt til að breyta, séu neitt yfirdrifin hvað snertir öryggi sjómanna.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil aðeins með fáum orðum taka í sama strenginn eins og tveir síðustu ræðumenn um þetta frv. Það lítur út fyrir, að þeir, sem standa að flutningi þess, álíti, að þetta þing sé sérstaklega fallið til að halda áfram með ýmiskonar löggjöf á móti stéttarfélögum. Það var byrjað með gerðardómnum, og verður haldið áfram með vinnulöggjöfinni a. m. k. með samþ. tveggja þingflokka, ef ekki fleiri, og síðan kemur þetta frv., sem er viðvíkjandi fagfróðum mönnum á skipum, bæði stýrimönnum og vélstjórum. Því er haldið fram í blöðum framsóknarmanna, að kaup þessara

manna væri algerlega ósambærilegt við það, sem gerðist í nágrannalöndunum. En samanburður þeirra er alstaðar rangur, vegna þess að ekkert tillit er tekið til þess, hvað kostar að lifa í þessum löndum, t. d. hér og í Noregi, og ef tekið væri tillit til þess, myndi koma allt annað út, svo að Norðmenn komast eins vel af eins og íslenzkir vélstjórar og stýrimenn. Það er líka sýnt fram á af vélstjórafélaginu, sem hefir sent skýrslu til sjútvn., að á þeim skipum, sem hingað hafa siglt, séu fullt eins margir menn og löggjöf okkar ákveður. Svo það er ekki því til að dreifa, að hægt sé að taka til samanburðar okkar nágannaþjóðir í þessu. Auk þessa má taka mörg atriði, sem hefir verið getið áður í umr. um þetta mál og að nokkru leyti nú, og þá er það fyrst og fremst, að með því að breyta þessu myndi löggjöfin færast aftur fyrir árið 1915, og verða verri afstaða vélstjóra og stýrimanna nú en þá, ef tillit er tekið til þess, að vélaútreikningur var allt öðruvísi þá, eins og stendur í skjalinu frá vélstjórafélaginu. Ennfremur hefir bætzt við mikið af ýmiskonar vélum, sem vélstjórarnir þurfa að gæta. Ég hygg, eins og þetta frv. liggur fyrir, þá sé í því tvennskonar hætta, bæði fyrir útgerðarmenn, sem skipin eiga, þó að þeir virðist ekki sjá það, að ef fækkað væri mönnum á skipum, gæti það orðið þeim fullt eins dýrt og nú er, og þó er það sérstaklega hin minnkaða hætta fyrir bæði farþega og alla sjófarendur. Og mér finnst sízt að ætti að breyta þessu á sama tíma, sem verið er að þvinga sjómenn til að vinna fyrir ákveðið kaup og búin er til sérstök löggjöf um það, að fara svo að semja löggjöf, sem minnkar öryggi þeirra á sjónum að miklum mun. Og auk þess myndi að sjálfsögðu færast meiri vinna á þá menn, sem þessa vinnu stunda, sem mun þykja nú æðimikil. Ég hygg, að við landmenn ættum að geta komið okkur saman um, að sjómenn ættu fyllilega skilið þá viðurkenningu á starfi sínu, að þeir nytu launa og réttinda á við landmenn. Og ég get varla skilið, að hæstv. Alþingi muni líka taka þá stefnu í þessu máli, að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægstur, og taka algerlega svari atvinnurekenda á móti sjómönnunum. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég ætla, að það hafi verið hv. þm. Borgf., sem gat um það bæði við 1. og 2. umr. málsins, að þau ákvæði, sem eru í gildandi lögum um vélstjóra á mótorbátum, væru svo ströng, að ómögulegt væri að fá menn með tilskildri þekkingu til þess að vinna þessi störf. Ég lofaði við 1. umr. málsins að upplýsa það við þessa umr. Ég tel, að af þessum upplýsingum sé það sýnt, að það sé gersamlega staðlaus staðhæfing, sem þessi hv. þm. fer með. Ef það er aðgætt, hverjir hafa lokið vélstjóraprófi síðan árið 1915, þá er það sýnt, að það eru 1263 menn, og seinustu 10 árin liðlega 750 menn hjá Fiskifélagi Íslands. Á seinustu 3 árum um 220 menn. Nú verður mönnum að sjálfsögðu á að spyrja, hvað mikið þarf af þessum réttindamönnum fyrir skipaflotann. Það eru til 151 bátur yfir 50 hestafla vélar. Skulu á hverjum vera tveir vélfróðir menn, ef hann fer í útilegu. Samtals þarf þá 302 menn. Á 268 báta undir 50 hestöfl þarf 268 vélstjóra. Samtals þarf 570 vélstjóra á allan vélbátaflotann íslenzka, sem er undir 150 hestafla vél samkv. gildandi lögum. En bara seinustu 10 árin hafa tekið próf yfir 750 menn; og til viðbótar voru áður með réttindum yfir 500 menn auk þeirra, sem hafa fengið réttindi með sérstöku prófi með undanþágu, sem síðar var gerð. Því er ekki minnsti vafi, að það er fjarri öllum sanni, að réttindamenn skorti á mótorbáta. Það er aftur á móti víst, að nægjanlegt er til af þessum mönnum í landinu í heild. Ég játa, að það hefir komið fyrir í einstaka stað, eins og á Akranesi síðastl. ár, að í bili voru ekki nægilega margir menn heima fyrir með réttindum. Auk námskeiða, sem Fiskifélag Íslands heldur, var haldið sérstakt námskeið, styrkt af ríkissjóði, fyrir vélstjóra á Akranesi á síðastl. hausti. Fullar upplýsingar liggja fyrir um það, að um 200 menn hafi öðlazt réttindi við mótorvélgæzlu án þess að hafa gengið á námskeið Fiskifélagsins, þannig að réttindamenn eru alls á skipum kringum 1500. Á seinustu tíu árum hefir töluvert meira en helmingur af þeim bætzt við. Tvö síðustu árin 76 annað og 70 hitt. — Ég ætla, að þetta geti sýnt hv. þm., að það er ákaflega fjarri því, að það sé hörgull á mönnum með réttindi. Um stærri vélar, 400 hestafla, þá eru 22 menn, sem full réttindi hafa, en í þau störf þarf, ef ég man rétt, 4—5 menn. Eftir að yfir þessa stærð er komið á vélum, kemur vélstjórastaða með almennum vélstjóraréttindum. Ég hygg því, að finna þurfi einhverja aðra ástæðu en að hörgull sé á þessum mönnum til þess að rökstyðja þetta frv. Nú kunna menn að segja, að þetta sé svo gífurlegur kostnaður fyrir útgerðina, að hafa menn með vélstjóraþekkingu í stað venjulegra háseta. En ég ætla, að yfirleitt sé munur á kaupi annars vélstjóra á þessum mótorbátum og kaupi háseta eitthvað nálægt 20—25 krónum á mánuði. Og ætti þá sá munur að valda því, að þessi lagabreyting yrði gerð og bátar hafðir í útilegu með aðeins einum manni með tilskildri þekkingu? Komi svo eitthvað fyrir, er verðmæti skipsins og líf allra sjómanna í hættu. Ég álít því, að það sé hinn mesti háski, ef hv. þm. létu ginna sig til þess að afgr. frv.

Hv. þm. Ísaf. benti réttilega á það, að það er ótækt að gera þær breyt. á lögunum, sem hér er gert ráð fyrir, án þess jafnframt að breyta lögunum að öðru leyti, sem hv. flm. virðist ekki hafa athugað. Með því er fyrir girt, að í nokkur ár gætu nemendur fengið þá undirbúningsmenntun, sem nú er gert að skilyrði til að taka störf á hinum ýmsu skipum, því að undirbúningsmenntun er þá ekki til fyrir þá menn. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé aðeins af vangá hjá flm., þegar frv. var samið. Auk þess verð ég að segja, að það er ákaflega einkennilegt sjónarmið, sem flm. hafa, að þeir skuli leggja til að fækka svo mjög stýrimönnum eins og gert er ráð fyrir í frv. T. d. allt niður í fiskiskip 300—500 smálestir, að hafa á þeim aðeins einn stýrimann í stað tveggja. Eftir því sem mér er tjáð, var það föst venja, þótt ekki væri

lagaskylda, hjá útgerðarmönnunum íslenzku, að alltaf væru hafðir tveir stýrimenn á togara, ég ætla frá 1920 eða fyrr.

Ég skil ekki í þeirri ofrausn hjá hv. flm., þar sem þeir segja, að ástæðan fyrir þessu frv. sé erfið afkoma útvegsins. En útgerðarmenn ættu bezt að vita, hvar skórinn kreppir. Þeir sendu tilmæli til Alþingis um margþættan stuðning við útgerðina. Í þessum tilmælum, sem fram voru borin af útgerðarmönnum, var farið fram á að létta af útgerðarmönnum þeirri kvöð, með lagabreytingu, að hafa aðstoðarmann við vélina, sem var ákveðið með lagabreytingu, þegar lögin um siglingar voru sett. En það kom ekki eitt orð í þá átt, að breyta ákvæðinu um stýrimenn á þessum skipum. Hygg ég, að það sé svo skýlaus viðurkenning frá hálfu útgerðarmanna, að það sé ekki hægt með fullri umhyggju fyrir öryggi manna á skipum að fækka stýrimönnum frá því, sem nú er. Verður það þá ennþá óskiljanlegra, hvers vegna flm. eru að koma með þvílíkar óskir. Það hafa engar óskir komið um þetta neinstaðar að, ekki einu sinni frá útgerðarmönnum, og það vita hv. flm. vel.

Þá er atriðið um breyt. á tölu yfirmanna við vélar á stærri mótorskipum. Þegar það sýndi sig síðastl. sumar, þegar svo að segja allar fleytur, sem flotið gátu, voru settar á síldveiðar, þá kom það í ljós, að hörgull var á mönnum, sem höfðu tilskilin réttindi í vélstjórn, á öll skip, sem síldveiðar stunda. Ég átti tal um þetta við ýmsa menn og stéttarfélög þeirra, vélstjórafélagið o. fl. Og þegar þeir höfðu athugað málið, kynnt sér tölu skipa og hvað væri til af mönnum, féllust þeir á, að úr þessu þyrfti að bæta. Afleiðingin varð, eins og hv. þdm. er kunnugt, að sett voru bráðabirgðalög um að heimila undanþágu frá ákvæðum laganna þann tíma, sem flest skip eru á floti, þ. e. á meðan á síldveiðum stendur. Því þær eru þann tíma árs, þegar veður eru bezt og minnst hættan fyrir sjófarendur. Síðan á Alþingi um haustið voru samin lög, og gilda, ef þarf á næsta sumri. Ég sé ekki betur en svo langt sé gengið, sem ástæða er til. Það eina, sem réttlátt væri að gera, er, að ríkisstjórninni sé heimilt að veita undanþágu frá þessu um einhvern ákveðinn tíma.

Ég held, að það væri hið mesta ólán, ef þetta frv. yrði samþ. Ég er sannfærður um, að jafnvel flm. sjálfir hafa ekki gert sér grein fyrir, hvaða afleiðing það gæti haft. Ef ætti að breyta þessari löggjöf, sem ég tel ekki ástæðu til, yrði það að gerast á þann veg, að löggjöfin yrði athuguð af þeim mönnum, sem kunnugir eru, en ekki af einhverjum þm., sem enga þekkingu hafa á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 267 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17:6 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM,[1]) JPálm, PHann, PO, SEH, SK,[2]) SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JörB.

nei: VJ, EOl, EmJ, FJ, HG, HV, ÍslH.

4 þm. (JGM, ÓTh, TT, ÁÁ) fjarstaddir.

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 37, 267. n. 316, 333).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 333. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Út af þeim umr., sem farið hafa fram um þetta mál, langar mig til þess að beina þeirri fyrirspurn til n., sem um málið hefir fjallað, hvort hún hafi síðan kynnt sér málið nokkuð frekar eða átt tal við fulltrúa frá þeim fagfélögum, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli. Það komu fram svo margar raddir um það við 2. umr., að ófært væri að afgr. málið án þess að athuga það betur.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Form. sjútvn. er ekki viðstaddur. En sem frsm. málsins get ég frætt hv. 5. þm. Reykv. um, að það eina, sem gerzt hefir, er, að nokkrir menn úr sjómannafélagi Reykjavíkur hafa komið á fund í n. og rætt um frv. almennt. Ástæðan til þessa var sú, að meðal þeirra mörgu aðilja, sem sjútvn. óskaði eftir að fá umsagnir frá um frv., var sjómannafélag Reykjavíkur, en frá því hefir n. aldrei borizt skriflegt álit um málið.

Fyrst ég er staðinn upp, ætla ég um leið að gera nokkra grein fyrir afstöðu okkar meiri hl. Það hafa komið fram brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. á þskj. 267, en ég býst ekki við, að n. sjái sér fært að fylgja þeim. Fyrsta gr. tekur að vísu upp ákvæði frv. um það, að undanþiggja ákvæðinu um stýrimenn þau fiskiskip og þá báta, sem eru 30 rúmlestir og undir og leggja afla sinn daglega á land. En það er ýmislegt fellt úr gr. viðvíkjandi stýrimönnum á farþega- og flutningaskipum, sm telja verður nauðsynlegt. — Að 2. gr. falli niður, er ekki til neinna bóta.

Um. 3. brtt. má segja, að svo langt sem hún nær, megi samþ. hana. Ég vil þó ekki mæla með því, og alls ekki að 4. brtt. verði samþ.

Viðvíkjandi 5. brtt. vil ég geta þess, að ég álít, að með tilvísun til 21.—23. gr. l. frá 1936 sé óþarfi að samþ. hana. Það munu verða ráðnir menn á varðskipin, sem áður hafa unnið sinn tíma á slíkum skipum, innlendum eða erlendum.

Ég skil ekkert í því, hvernig á því stendur, að hv. flm. sleppir því í 6. gr., að það skuli fella texta þessara l. inn í meginmál l. nr. 104 1936. Ákvæðið um það er sett í þeim tilgangi, að handhægara verði með aðgang að l. og þau höfð í einu lagi. Það er vitanlegt, að þessi l. eru gefin út í sérprentun, enda er það nauðsynlegt vegna þess fjölda manna, sem við þau eiga að búa.

Þá hefir komið fram brtt. frá hv. þm. Borgf. viðvíkjandi því að hækka úr 30 smálestum og

1) **JakM:** Í þeirri von að n. athugi frv. vel áður en þriðja umr. fer fram, segi ég já.

2) **SK:** Eins og þd. er kunnugt, á ég þarna brtt., sem ég vonast eftir að geta fengið samþ., og þess vegna greiði ég atkv. með frv.

upp í 40 smálestir þá báta, sem samkv. 1. gr. frv. leggja afla sinn daglega á land, og undanþiggja þá þar með ákvæðinu um að hafa stýrimann. Ég held, að það sé óþarfi að ganga inn á þessa hækkun. Ég held, að það sé nóg, eins og frv. gerir ráð fyrir, að slaka til um þá báta, sem eru 30 tonn eða minni, og ég býst ekki við, að meiri hl. n. fylgi þessari brtt.

Hv. þm. Ísaf. er hér ekki viðstaddur. Þess vegna vil ég ekki fara út í hans nál., sem nú kemur fram eftir dúk og disk, eins og ég hefði gert, ef hann hefði verið viðstaddur. Hann ber hér fram rökst. dagskrá um það, að ríkisstj. láti sérfróða menn frá samtökum sjómanna og útgerðarmanna endurskoða l. um atvinnu við siglingar sem fyrst, og leggi niðurstöður þeirrar endurskoðunar fyrir næsta Alþ. — Ég er í sjálfu sér ekkert mótfallinn þessari ályktun, en ég vil ekki láta nota hana sem skálkaskjól fyrir því að tefja þetta frv., vegna þess að ég álít, að það sé ófrávíkjanleg nauðsyn, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Hinsvegar er ég tilbúinn til þess að veita stuðning minn við till. um gagngerða endurskoðun á l. um atvinnu við siglingar í heild sinni fyrir næsta þing, svo að hægt sé að samræma þau sem bezt. En ég vil aðeins geta þess, þó að flm. rökst. dagskrárinnar sé ekki viðstaddur, að mér finnst það benda til hálfgerðrar andstöðu við frv., að hann skuli telja það nauðsynlegt að láta fara fram endurskoðun á l.

Hv. 5. landsk. talaði hér allmikið um frv. við 2. umr. málsins og kvartaði undan því, að við flm. hefðum ekki fært fram rök fyrir máli okkar. Ég vil benda hv. þm. á það, að ég flutti rökstudda framsöguræðu um þetta mál á fyrra þinginu 1937, sem sýnir okkar afstöðu; sama mun hv. aðalflm. frv. hafa gert á þessu þingi — ég hefi að vísu ekki athugað ræðupartinn frammi —, og loks eru í grg. færðar fram ástæðurnar fyrir frv. Mér þykir það mjög leiðinlegt, að bæði þessi hv. þm. og eins hv. þm. Ísaf. í nál. á þskj. 316 skuli koma með svo alvarlegar ásakanir í garð okkar flm. frv., að við viljum draga úr öryggninu á sjónum með því að bera fram till. um mjög hóflega fækkun, sem ekki fer niður í það, sem var áður en l. 1936 voru sett. — Það er alveg rétt, að l. 1936, um atvinnu við siglingar, voru undirbúin af milliþn., og ég efast ekki um, að þeir menn, sem í henni voru, hafi viljað vinna sitt verk vel og að það hafi verið sannfæring þeirra, að það hafi verið rétt, sem þeir gerðu. En hitt er víst, að frv. fór í gegnum hv. Alþ. án þess að það væri athugað af hv. alþm.; það var eins og menn tækju því algerlega sofandi, og raddir, sem komið hafa fram út af því, hversu erfið þessi l. væru í framkvæmdinni, hafa eðlilega komið eftir að l. átti að fara að framkvæma. Það eru því hrein öfugmæli, þegar það kemur fram í nál. minni hl. sjútvn., að þessar breyt., sem við viljum gera á l. um atvinnu við siglingar, verði til þess að gera l. óframkvæmanleg. L. eru einmitt óframkvæmanleg eins og þau eru nú, og það hefir sýnt sig meira að segja, að hæstv. fyrrv. atvmh. þurfti að setja bráðabirgðalög um undanþágu á l. til þess að hægt væri að lögskrá á skipin án þess að brjóta l. Auk þess, sem ég hefi hér sagt, þá held ég, að það sé engum vafa undirorpið, að það muni ganga mjög erfiðlega að fullnægja ákvæðum l. að því er snertir smærri fiskiflotann.

Það kom fram í ræðu hv. 5. landsk. við 2. umr. málsins, að sérstök nauðsyn væri á því, að vel væri búið um öryggi skipanna, vegna þess hve siglingar væru hættulegar hér við land. Ég skal ekki neita þessu, en ég get fullvissað þennan hv. þm. um það, að mér er engu síður umhugað, að fullt öryggi sé á skipum landsmanna, og ég vil frábiðja mér algerlega, að þm. leyfi sér hér í þd. að fara með slíkar röksemdir á hendur þm. eins og þær, að halda því fram, að þeir vilji vinna að því, að mannfallið á sjónum haldi áfram. Ég meina ekki þetta fyrst og fremst til hv. 5. landsk., heldur hv. þm. Ísaf., minni hl. n., út af ummælum hans í nál. sínu. Mér finnst það dálítið hart, að þessi maður, sem hefir starfað með mér í sjútvn. árum saman, skuli leyfa sér að koma með slíkar ásakanir í minn garð og meðflm. minna í n. Það hefir áður komið fyrir, að þessi hv. þm. hafi gefið út nál. hér á Alþ., sem við samnm. hans höfum þurft að skammast okkar fyrir. Ég man eftir því 1934, þegar ég var að reyna að bjarga honum fyrir skammir í nál., sem hann gaf út, um hv. þm. G.-K., með því að bera fram rökst. dagskrá hér í d. Þar var um að ræða mann, sem yfirleitt stendur í erjum við þennan hv. þm., en ég bjóst ekki við, að hann myndi að tilefnislausu koma með slíkar ásakanir í minn garð og samnm. sinna í sjútvn.

Það er rétt, að siglingar eru mjög hættulegar hér við land, en við verðum að gæta að því, að ef við tökum togarana t. d., þá eru miklu fleiri erlendir en íslenzkir togarar, sem fiska hér við land. Og hvernig stendur á því, að þessar erlendu þjóðir, sem hafa miklu betri aðstöðu en við, skuli ekki gera eins háar kröfur eins og við til réttindamanna á skipum hér við land, og láta sér nægja það, sem var eftir eldri l. hér á landi, og jafnvel minna? Hvernig stendur á því? Aðstöðumunurinn milli botnvörpuskipanna íslenzku og botnvörpuskipa stórþjóðanna, Þjóðverja og Englendinga, er sá, að hér verða útgerðarmenn að greiða 7½—8% vexti af því fé, sem þeir þurfa til útgerðarinnar, hinir 2—3%. Við verðum að sæta innflutningsgjaldi á ísfiski til Englands. Við þurfum að sætta okkur við kvóta á fiskinnflutningi til Englands og Þýzkalands. Við höfum að öllu leyti dýrari útgerð, og samt verður uppi fótur og fit, ef á að reyna að lagfæra lagaákvæði, þar sem gerðar hafa verið strangari kröfur til okkar skipa en skipa annara þjóða, sem hafa þó miklu betri aðstöðu en við.

Að lokum vil ég benda á það, að hér er aðeins um það að ræða, að setja lagaákvæði um, hvað löggjafinn álítur nauðsynlegt að heimta af útgerðinni, hvað hún hafi af réttindamönnum á skipunum, en þar með er ekki sagt, að vátryggingarfélögin geti ekki krafizt þess, að fleiri réttindamenn séu á skipunum, ef þau álíta, að öryggi skipanna sé að einhverju leyti ekki nægilega vel borgið. En hvernig stendur á því, að

vátryggingarfélögin hafa ekki gert það? Þau hljóta að hugsa um sinn hag eins og við viljum hugsa um öryggi sjómannanna sjálfra, en það er bara vegna þess, að þau álíta, að við Íslendingar höfum það góða og duglega sjómannastétt, að það þurfi ekki að fara að hrúga upp neinum umfram-réttindamönnum hjá okkur.

Mér finnst ekkert óeðlilegt, að stéttarfélög stýrimanna og vélstjóra mæli á móti þessu frv., úr því að Alþ. á annað borð einu sinni gekk inn á að gera svo strangar kröfur til réttindamanna á skipunum eins og gerðar hafa verið. Það eru bara venjuleg fyrirbrigði, að samtök þeirra, sem hafa hagsmuna að gæta, standi á móti því, sem þeir telja vera á móti hagsmunum sínum; en ég álít, að með þessu frv. sé fyrst og fremst farið svo hóflega í sakirnar, að mjög litlu muni yfirleitt fyrir stéttina, og í öðru lagi verður fyrst og fremst að hugsa um það, að þó að þessir umframmenn, sem samkv. l. hafa verið settir á skipin, séu ekki neinar drápsklyfjar, þá dregur um hvern eyrinn fyrir útgerðina, eins og hún er aðþrengd nú á tímum, og það er engin ástæða fyrir okkur Íslendinga að gera okkur eitthvað meiri menn en aðrar þjóðir með því að tildra of mannmörgum mannskap á skipin.

Ég vil geta þess viðvíkjandi 1. gr. frv., um undanþágu fyrir báta, 30 smálesta og þar undir, að ég hefi fengið heilmiklar umkvartanir úr *mörgum verstöðvum landsins um*, að það væri ómögulegt að búa við l. eins og þau nú eru. Menn verði með þessu lagi að útiloka gamla og æfða fiskimenn og taka í þeirra stað nýja og óreynda menn, ef þeir á annað borð hafi getað fengið þá, sem í sumum tilfellum hafi ekki verið hægt.

Ég álít sjálfsagt að samþ. frv. óbreytt að þessu sinni, en ég vil taka höndum saman hvort heldur við hv. þm. Ísaf. eða aðra um að láta fara fram allsherjarendurskoðun á þessari löggjöf allri fyrir næsta þing.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég get byrjað á því að endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr. málsins, að þegar ég greiddi því atkv. árið 1936, að lög þessi um atvinnu við siglingar, sem nú er farið fram á að breyta, væru samþ., tók ég það fram í þessari hv. d., að ég væri sannfærður um, að þessi löggjöf væri ekki til frambúðar og ekki rétt undirbúin, þó að kunnáttumenn hafi fjallað um frv. Þetta stafar af því, að ekki höfðu verið kvaddir til þeir menn, sem ég tel, að þurfi að vinna að málinu, og það eru hagsmunaaðiljarnir og umboðsmenn þeirra. Og það stendur óbreytt enn, hversu oft, sem frv. koma fram til breyt. á þessum l., og hversu mörg l., sem kunna að verða samþ., að l. verða aldrei öðruvísi en ótrygg og á reiki á meðan ekki er gætt þess nauðsynlega undirbúnings, sem sé þess, að það sé orðin sætt í málinu um hagsmunaatriðin áður en Alþ. leggur síðustu hönd á.

Það er af þessum ástæðum, sem ég kom með minar brtt. við frv., sem ég ætla, að geri aðeins bráðabirgðabreyt., sem er alveg nauðsynleg. Hinsvegar lýsti ég því yfir, að ef mínar brtt. yrðu samþ., myndi ég sjálfur og e. t. v. með öðrum, bera fram þáltill. um að fela ríkisstj. að láta endurskoða löggjöfina um atvinnu við *siglingar fyrir næsta þing og kveðja þar til ekki* aðeins kunnáttumenn, heldur og umboðsmenn þeirra aðilja, sem hafa hagsmuna að gæta í þessu máli. Nú tók ég þessar till. aftur við 2. umr. í þeim tilgangi og samkv. gefnu loforði um, að þær yrðu teknar fyrir til athugunar í sjútvn. milli umr. Mót von minni hefir ekkert orðið af þessu. N. hefir ekki gert þetta. Þess vegna var það í raun og veru alveg gagnslaust fyrir mig að fresta þessum till., nema ef svo skyldi vera, að hv. þm. leggi þá rækt við þetta mál og hafi þann skilning á því, að þeir hafi kynnt sér þær till., sem fyrir liggja.

Ég vænti, að það komi í ljós við atkvgr. um málið, hvort hv. þm. séu svo vandir að verkum sínum, að þeir hafi gert þetta, en ég verð að lýsa því yfir, að ég hefi talað við menn bæði í þessari hv. þd. og *eins áhugamenn um* þetta mál utan þingsins, sem ekki hafa kynnt sér þær till., sem fyrir liggja um það.

Um málið að öðru leyti vil ég segja þetta í sambandi við brtt. mínar. Það liggur fyrir rökstudd krafa frá útgerðarmönnum um nokkrar breyt. á l., en miklu færri en þær, sem felast í frv. — Það, sem útgerðarmenn telja alveg sérstaklega óþarft, en til mikillar íþyngingar í l. eins og þau nú eru, er skylda smábáta til að hafa sérstakan stýrimann og skyldan til að hafa 3. vélstjóra á togurunum, eða aðstoðarmann í vél, sem gerir það að verkum, að menn í vél verða að vera fimm. Þetta er bein mannafjölgun á togurunum, og þetta atriði út af fyrir sig varðar útgerðina útgjöldum, sem nema 5—6 þús. kr. á hvern togara á ári.

Ég hefi nú talið, að það mætti vel bjargast við að gera þessar tvær breyt. á l. fram til næsta þings, og það er líka aðalatriðið í mínum till., að gera þessi tvö atriði að höfuðatriðum frv.

Ég hefi borið þessar till. undir umboðsmenn bæði frá stýrimannafélagi Reykjavíkur og eins frá vélstjórafélaginu, og yfirleitt hefir mér fundizt, að þeir myndu vera mjög ásáttir eða mjög ánægðir með það eftir atvikum, að þessi leið yrði farin, að gera þessar breyt. til bráðabirgða og fá svo endurskoðun á l.

Ég hefi einnig rætt þetta mál við ýmsa útgerðarmenn fiskiskipa, og mér skilst, að þeir geti einnig gert sig ánægða með þessa lausn málsins. Allir þeir menn, sem ég hefi rætt við, hafa verið mér sammála um það, að ekki verði til frambúðar gengið tryggilega frá þessu máli, nema því aðeins, að kvaddir séu til undirbúnings kunnáttumenn og einnig umboðsmenn þeirra, sem þarna hafa hagsmuna að gæta.

Að ég hefi fellt niður úr frv. með mínum brtt. það að fækka stýrimönnunum á togurunum úr tveimur í einn, stafar af því, sem að nokkru leyti er fram tekið af öðrum, að á flestum togurum hafa undanfarið verið tveir stýrimenn, og það að fækka þeim niður í einn, myndi ekki hafa neina breyt. í för með sér. Þeir myndu *verða tveir eftir sem áður; enda er það svo*, að þetta er engin mannaaukning á skipunum, því að við það að hafa einum stýrimanninum færra,

myndi verða einum háseta num fleira, og kaupmunurinn er sáralítill.

Hvað varðskipin snertir er ástæðan fyrir því, að ég í mínum brtt. legg til, að látið verði sitja við sama og nú er í l., sú, að ég hefi rætt þetta mál ekki aðeins nú, heldur og áður við þann mann, sem ég hygg, að muni bæði vera óvilhallastur í málinu og líka hafi mestu þekkingu. Það er fyrv. skipherra, núv. forstöðumaður stýrimannaskólans. Hann hefir siglt mjög lengi á varðskipunum og hlýtur því að hafa mikla þekkingu á þessu máli; en hann er ekki lengur skipherra, og er því engin ástæða til að ætla, að hann sé sérstaklega hlutdrægur í málinu af þeim sökum. — Hann telur, að það sé ekki hyggilegt né fært að breyta þeim ákvæðum l., sem snúa að varðskipunum, að nokkru verulegu ráði. Það er að sönnu svo, að varðskipið Þór er notað mikið til annara starfa en landhelgisgæzlu. Hann er við björgun, rannsóknir og ýms ferðalög, svo að það mætti kannske láta slíkar breyt. um fækkun yfirmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, ná til hans; en þetta er alger undantekning, og ekki rétt að fara að sníða almenna löggjöf eftir slíkum hlutum, sem alls ekki eru hið almenna.

Hv. frsm. sagði, að hann skyldi ekki, hvers vegna ég vildi fella það úr frv., að texti þessara l. yrði felldur inn í hin núgildandi l., þar sem það væri venjulegt og haganlegt. Þetta stafar af þeirri einföldu ástæðu, að ég geri ráð fyrir, að þetta verði ekkert annað en bráðabirgðabreyt. og að l. verði steypt upp þegar á næsta þingi, og þá hefir það enga þýðingu að fella slík bráðabirgðaákvæði inn í l., sem maður gerir ráð fyrir, að samin verði upp að nýju. Annars væri þetta alveg sjálfsagt, og það er rétt fram tekið hjá hv. frsm., að það er bæði venjulegt og þægilegt, ef löggjöf á að standa til frambúðar óbreytt.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en ég vil fullyrða það, að ef hv. þm. vilja ekki taka þetta mál af þeirri alvöru, að þeir ætlist til þess, að það verði þeim mönnum að gagni, sem við l. eiga að búa, þá geta þeir samþ. allskonar firrur; en ef slíkt verður gert, verður eilífur ófriður um þessa löggjöf. Ef menn ætla að fara að gera þeim mönnum til hæfis, sem lengst ganga í kröfum sínum um mannafjölda á skipunum, verður eilíf óánægja frá hendi þeirra, sem gera skipin út. Ef hinsvegar verður tekið það ráð, að breyta l. til sparnaðar á yfirmönnum eftir ýtrustu kröfum þeirra, sem lengst ganga í því efni, verður eilífur ófriður frá hendi þeirra, sem eiga að hafa atvinnu við siglingar. Þá fæst engin skynsamleg lausn á málinu. Ef menn vilja heldur hitt, að taka það ráð, sem líklegast er, ekki aðeins til þess að verða haganlegast fyrir þennan atvinnurekstur fjárhagslega, heldur líka til þess að sætta þá aðilja, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, þá eiga þeir að samþ. mínar brtt.; það eitt er af viti gert, og leggja síðan málið í hendur ríkisstj. til nýrrar endurskoðunar fyrir næsta þing.

***Pétur Ottesen:** Það voru nokkur atriði, sem komu hér fram við 2. umr. þessa máls, sem höfðu gefið mér tilefni til andsvara, en þar sem hv. frsm. sjútvn., hv. þm. Barð., hefir komið inn á þessi atriði og gert þar svo rækilega hreint fyrir sínum dyrum og þeirra manna, sem eru honum sammála um það mál, sem hér liggur fyrir, þá þykir mér engin ástæða til að lengja umr. með því að bæta þar nokkru við.

Ég álít sem sagt, að hann hafi fært þar fram svo gild og góð rök fyrir þessu máli, og þar með dreift þeirri þoku, sem reynt hefir verið að hjúpa utan um meginkjarna þessa máls hér í d., að þar við megi sitja.

Út af þeirri breyt., sem ég flyt hér um að færa úr 30 og upp í 40 smálestir stærð þeirra báta, sem eiga að vera undanþegnir ákvæðum l. um að hafa stýrimann, er það að segja, að ég get ekki séð, að það sé neinn munur á því, hvort þessir bátar eru 30 eða 40 smálestir, sem þannig er ástatt um, að þeir koma daglega úr róðri, og þess vegna sé ekki rétt að gera upp á milli manna, sem reka útgerð með slíkum hætti, að vera að leggja þyngri kvaðir á þá, sem hafa 40 smálesta báta, þar sem þeir sigla á sömu mið og koma daglega úr róðri.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að í því frv., sem hv. þm. Barð. hefir flutt um þetta efni, gerði hann ráð fyrir, að þessi undanþáguheimild ætti að ná til báta allt að 75 smálesta stærð.

Ég fer svo ekki frekar út í þetta, en vil leggja áherzlu á það með hv. frsm. sjútvn., að það er nauðsynlegt, að þetta mál geti gengið áfram nú á þessu þingi og þar með greitt úr því öngþveiti, sem nú er komið í að því er þetta snertir, þar sem orðið hefir að grípa til þess hvorstveggja, að gefa út bráðabirgðalög að því er snertir línuveiðaskip, til þess að hægt væri að halda þeim úti á síldveiðum, og nú er partur vélbáta rekinn ólöglega, af því að ekki er hægt að samræma það við þau ákvæði, sem nú gilda um þetta efni. Þetta ástand er óþolandi, og mér virðist, að hér sé farin mjög skynsamleg leið til leiðréttingar á þessu með þeim till., sem fyrir liggja í þessu frv., og því má ekki slíta svo þingi, að málið verði ekki afgr. í svipuðu formi og það hefir nú.

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Hv. þm. Barð. var dálítið heitur yfir því, að ég hefði sagt, að í þessu frv. væri verið að auka hina miklu lífshættu sjómanna með því að draga úr kröfum um sérfróða menn á skipunum. Ég vil spyrja hv. þm. Barð.: Álítur hann ekki, að sérkunnátta bæði í skipstjórn og vélgæzlu dragi úr þeirri slysahættu, sem sjómenn eiga nú almennt við að búa? Ég er alveg viss um, að hv. þm. svarar þessu játandi. Ef hann gerði það ekki, þá væri engin ástæða til að gera kröfur um, að menn lærðu skipstjórn eða vélgæzlu. Það, sem okkur þá greinir á um, er, hvort nægilega vel sé séð fyrir þessari sérkunnáttu um borð í skipunum með því frv., sem hér er flutt, og ég fullyrði og bendi þar til þeirrar reynslu, sem því miður er allt of algeng, að mjög sé hætt einu auganu á sjó. Það kemur því miður oft fyrir, að þeir, sem eru við stýrið, falla út, og það getur vitanlega hæglega komið fyrir, að vélamenn, sem vinna á þilfari, taki fyrir borð. Og ef svo er, þá er enginn maður eftir, sem kann til skipstjórnar, eng-

inn t. d., sem hefir tekið stefnu frá landi; skipið lendir kannske í dimmviðri, og svo er enginn, sem kann til skipstjórnar, ef skipstjóri er farinn fyrir borð. Mundi þeim þá ekki hætt, sem eftir eru í skipinu? *Sama verður, ef eitthvað kemur* fyrir vélamanninn, ef enginn kann að stjórna vélinni nema þessi eini, mundi þá ekki hætta á, að orðið gæti slys? Ég þarf í raun og veru ekki að rökstyðja þetta frekar. Þetta skilja allir, sem einhverntíma hafa komið nálægt sjómennsku, og ég veit, að með sjálfum sér skilur hv. þm. Barð. þetta, af því að ég held, að hann hafi snasað svo mikið í sjómennsku, að hann viti, að sérþekking *er einhvers virði, og hann viti, að það* er mjög hætt við því, að skipið farist, ef skipstjóri eða vélamaður forfallast og enginn er á skipinu, sem getur komið í skarðið. Það er því á engan hátt ofmælt í nál., sem gefið hefir verið út, að vel gæti svo farið, að frv., sem hv. þm. Barð. er meðflm. að, geti aukið mikið á lífshættu sjómanna með því að draga úr þeim kröfum, sem nú gilda um sérfróða skipstjórnendur og vélamenn.

Það er vitanlega hægt að segja, að útgerðinni sé svo mikið íþyngt með þessu, að hún hafi ekki ráð á að kosta alla þessa sérfræðikunnáttu, og býst ég við, að hv. þm. Barð. meini það með þessu frv. En þá ber að athuga, hvort þessi kostnaður sé í raun og veru svo mikill, að verjandi sé að auka á lífshættu fyrir sjómenn með því að afnema ákvæðin um sérfræðikunnáttuna. Það hefir verið upplýst hér í d. hvað eftir annað, að kostnaðurinn við að hafa 2 vélamenn mun vera um 25 kr. á mánuði eða 75 kr. yfir vertíðina aukalega. 2. vélamaður vinnur sem hásetar, svo að kostnaðurinn við þessa tryggingu, sem það er fyrir skipið að hafa 2 vélamenn, er ekki meira en þetta, 75 kr. yfir vertíðina. Um vélamenn á landróðrabátum er það upplýst, að þeir hafa sem næst ¼ hlutar á saltfisksvertíðinni, og það er ekki öllu meiri kostnaður en með vélamenn, og ég þekki ekki þá útgerð, sem það ætti ekki að borga sig fyrir að hafa þetta öryggi heldur en að afnema það öryggi, sem í því felst, bæði fyrir háseta og skip, að hafa stýrimenn og vélamenn á landróðrabátum 15—30 tonn að stærð.

Það er langur vegur frá því, að í nál. minu felist nokkur aðdróttun til hv. þm. Barð. um það, að honum sé umhugað að auka á sjódrukknanir hér við land, en ég kemst ekki hjá að benda á, að frv. fer í þá átt að minnka öryggið og getur vel orðið til þess að auka á sjóslys, þó að vitanlega sé ekki tilgangur hv. þm. Barð., að svo verði.

Ég benti á það við 2. umr. þessa máls, að það, að breyta síðustu gr. l. um atvinnu við siglingar, ruglaði alveg samræminu í l. og gerði þau að nokkru leyti óframkvæmanleg. Mér hefir í raun*inni verið óskiljanlegt, að frv. væri fram komið* eins og það er, ef hv. þm. Barð. hefði samið það, en nú er mér kunnugt, að svo er ekki. Hv. þm. Barð. er aðeins 2. flm. frv., einn af 3. Enginn af *flm. frv. hefir samið það, heldur er það samið af* utanþingsmönnum. Ef hv. þm. Barð., sem er viðurkenndur fyrir að vera mjög glöggur lögfræðingur, hefði samið það, þá er ég viss um, að hann hefði jafnframt tekið til athugunar önnur atriði l. um atvinnu við siglingar, sem þarf að breyta samhliða því, sem þessar breyt. gengju fram.

Í l. um atvinnu við siglingar er tekið fram í 6. gr., að til þess að geta öðlazt réttindi til að vera skipstjóri á fiskiskipi 15—75 rúmlestir, þurfi m. a. að hafa verið stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir í 12 mánuði. M. ö. o., það er alveg nauðsynlegt að láta vera stýrimenn á skipum 15—30 smálestir að stærð, m. a. til þess að geta öðlazt á skipin löglega skipstjóra, nema gert sé ráð fyrir því, að þeir, sem hafa verið stýrimenn á skipum yfir 30 rúmlestir, fari að sækjast *eftir að vera skipstjórar á landróðrarbátum.* Þeir, sem hafa einhverja þekkingu á, við hvaða kjör þessir menn búa, vita, að mjög ólíklegt er, að hægt sé að fá þá menn, sem hafa verið stýrimenn á stórum bátum, til að taka að sér skipstjórn á smábátum. Með þessu lagafrv. er því verið að loka fyrir, að menn geti öðlazt lögleg skipstjórnarréttindi á bátum, 15—30 rúmlestir. Sama máli gegnir um vélamenn. Til þess að geta öðlazt *vélstjóraskírteini og verið lögum sam*kvæmt vélamenn á bátum, sem hafa 50—100 hestafla vél, verða menn m. a. að hafa verið undirvélstjórar í 12 mán. Þarna gegnir því alveg sama máli. Með frv. er verið að loka fyrir, að menn geti öðlazt 1. vélstjóraréttindi á þessum skipum. Og þegar búið er að loka fyrir, að menn geti öðlazt skipstjóraréttindi og vélstjóraréttindi samkv. l., þá liggur næst fyrir, að þeir, sem eru sama sinnis og hv. flm. þessa frv., þeir, sem ekki vilja halda áfram að gera auknar kröfur til þekkingar sjómanna, þeir komi til Alþingis og segi: Það vantar menn, sem hafa réttindi til að vera skipstjórar á bátum, sem eru 15—30 smálestir, og það vantar menn, sem hafa réttindi til að vera 1. vélamenn á bátum, sem hafa 50—100 hestafla vél; það verður því að veita undanþágu. — M. ö. o., þó að í frv. sé ekki beinlínis gert ráð fyrir að minnka kröfur til þekkingar sjómanna, þá stefnir frv. beinlínis að því. Ég vil skora á hv. þm. Barð. að færa einhver rök fyrir því gagnstæða.

Það hefir verið sagt, að það vantaði menn til að taka að sér þessar stöður á skipunum. Eina kvörtunin, sem sti. hefir borizt upp á síðkastið, hefir verið um, að það vantaði 2. vélstjóra á Akranesi. Það var ekki farið út í að veita undanþágur frá l., heldur var farin sú leið, sem réttari var og hagkvæmari, að setja upp 6 vikna námskeið fyrir vélamenn á Akranesi. Síðan hafa ekki borizt kvartanir um, að vantaði menn til að taka að sér þessar stöður. Slík námskeið hafa verið haldin víðsvegar um land, þegar kvartanir hafa komið um, að menn vantaði til að taka að sér sérkunnáttustöður á skipum. Þau taka ekki nema 6 vikur, og sú þátttaka, sem hefir verið í þeim undanfarin ár, sýnir betur en nokkuð annað, að sjómenn hafa vilja og getu til að afla sér þeirrar þekkingar, sem krafizt er í l. um atvinnu við siglingar. Ég vil krefjast þess af hv. þm. Barð., sem að vísu hefir ekki samið þetta frv. og getur því haft sér það til afsökunar að nokkru leyti, en er þó einn af flm. frv. og hefir tekið sér fyrir hendur að mæla mjög fyrir því hér í d., að hann sýni fram á með órækum rökum, að

þótt þessi breyt. öðlist gildi, verði hægt að fá nægilega marga menn til að vera skipstjórar á skipum 15—30 smálestir og nægilega marga menn í 1. vélstjórastöðu á þessi skip jafnhliða því, sem loku er fyrir það skotið með þessari löggjöf, að teknir séu 2. vélamenn og stýrimenn, svo að þeir geti öðlazt þessi réttindi.

Það hefir verið annað frv. á ferðinni frá Framsfl. hér í d. Það er frv., sem opnar fyrir mönnum möguleika til þess að geta komizt að iðnaðarnámi, og ég skal viðurkenna, að ef búið er að loka mörgum iðngreinum, þá er sjáanlega bætt úr þessu, því að það er meiningarlaust að loka iðngreinum fyrir mönnum, svo að ekki séu til nægir kunnáttumenn til þess að stunda hinar einstöku iðngreinar. En svo undarlega vill til, að þetta frv., sem líka er borið fram af framsóknarmönnum, er í beinni mótsögn við frv. þeirra um iðnaðarnám, sem opnar möguleika til þess að stunda iðnaðarnám, en þetta frv. reynir að loka fyrir mönnum möguleikunum til þess að geta fengið full réttindi og dregur úr því, að menn læri siglingafræði og eins mótorvélfræði. Sama gildir í rauninni um að fækka vélstjórum á eimskipum. Það er fækkað neðan frá, og í l. um atvinnu við siglingar, sem hér er verið að ræða um breyt. á, er það einmitt skilyrði fyrir því, að menn geti fengið full réttindi til þess að stjórna vél, að þeir hafi stundað vélgæzlu og verið aðstoðarvélgæzlumenn vissan tíma. Með því að fækka þeim mönnum, sem eru í slíkum stöðum, er lokað fyrir mönnum möguleikum til þess að öðlast full réttindi til þessara starfa, að ég svo ekki tali um varðskip ríkisins. Mér var sagt í gær, að það væri verið að sýkna 3 togara, sem varðskipin höfðu tekið og sagt, að þeir hefðu verið í landhelgi, og ástæðan fyrir þeirri sýknun hefðu verið ónógar mælingar; það hefði ekki verið nema einn maður, sem hefði verið fær um að hafa þessar mælingar með höndum, og það mun hafa verið af því, að annaðhvort mun skipstjóri ekki hafa kvatt til þá aðra siglingafróða menn, sem verið hafa á skipinu, eða þeir hafa verið öðrum störfum að sinna. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á að fækka enn möguleikunum til að hægt sé að hafa réttar mælingar á varðskipunum. Virðast slíkar till. koma úr hörðustu átt, þegar þær eru bornar fram af mönnum, sem vilja, að landhelgin sé í sæmilegu lagi, því að slíkar till. geta orðið til þess, að mælingar á varðskipunum verði ekki það traustar, að hægt verði að byggja á þeim sektardóma. Það kom einhverntíma fyrir úti í Faxaflóa, að skorur voru settar í borðstokkinn á varðbátnum. Það lítur út fyrir, að hv. þm. Barð. og hv. meðflm. hans að þessu frv. vilji taka upp slíka skorumiðun í borðstokkana á varðskipunum, í staðinn fyrir að hafa nógu marga siglingafróða menn um borð í skipunum, til þess að kærur varðskipanna geti orðið á nægum rökum byggðar.

Hv. þm. Borgf. þarf ég engu að svara. Hans skólahald er orðið svo vel kunnugt um allt land, því að hann hefir í mörg ár haft barnaskólann í hjáleigum í túninu hjá sér, ofnlausum og salernislausum og fært skólann til milli hjáleiganna, eftir því sem þökin hafa fallið þar inn. Ég geri ráð fyrir, að ef hann mætti ráða, þá mundi hann veita sjómönnunum samskonar aðbúnað og gera samskonar kröfur til, að þeir gætu fullkomnað sig í sinni grein.

Ég vil svo að lokum segja, að þó að ég sé að ýmsu leyti á móti till. hv. 6. þm. Reykv., eftir að búið er að fella þá rökst. dagskrá, sem hér hefir verið flutt, þá ganga þær samt skemmra í skaðsemdaráttina, og tel ég því réttara, að þær nái samþykki en frv. eins og það liggur fyrir.

*Ísleifur Högnason: Ég get lýst mig samþykkan þeirri rökst. dagskrá, sem hv. þm. Ísaf. hefir borið hér fram, því að ég álít, að málið sé til skaðsemdar, eins og ég hefi áður tekið fram.

Þeir, sem látið hafa uppi álit sitt á þessu frv., en það er Eimskipafélag Íslands og félag íslenzkra botnvörpuskipa, — eigendur þessara skipa spara sér eitthvert mannahald gegnum frv. og hefir ekki verið rökstutt á annan hátt af þeim. Hinsvegar hefir komið fram álit sérfræðinga á sviði siglinga- og vélfræði, sem þetta mál skiptir mestu, og það er einróma álit þeirra, að frv. sé til skaða. Ég hefi hér í höndum nál. n., sem kosin var af stýrimanna- og skipstjórafélagi Reykjavíkur, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa einstaka kafla upp úr því, sem sýna greinilega hvaða álit menn, sem hafa vit á þessum málum, hafa á þessu frv. Í nál. segir svo m. a.:

„Í 1. gr. a-lið frv. er gert ráð fyrir, að eigi verði nema einn stýrimaður á fiskiskipum að 500 rúmlestum, en það er á allflestum botnvörpuskipum, einmitt þeim skipum, sem hafa stærsta áhöfn og sigla oftast í mestum skipaþrengslum.

Í grg. eru 3 þjóðir teknar til samanburðar, er oss finnst ekki geta komið til greina, en það eru Svíar, Norðmenn og Danir. Því að fiskiskip þeirra sömu tegundar eru vart svo stór sem hér tíðkast, enda þess víst sárafá dæmi, að þau séu hér á veiðum á vetrum við hina ljóslitlu, illviðrasömu og ómældu íslenzku strönd. Hinsvegar má að nokkru leyti miða við Englendinga og Þjóðverja, þar sem þeirra skip eru af sömu stærð og tegund og eru hér að veiðum allt árið. Hvað hina fyrrnefndu snertir, þá munu þeir ekki hafa nema einn stýrimann á botnvörpuskipum, en þar er bátsmanni gert að skyldu að læra undirstöðuatriði siglingafræðinnar, svo sem siglingareglur, þekkingu vitakerfa og aðrar nauðsynjar, er við koma starfi hans, svo hann geti verið vökuformaður í skiptum við stýrimann. Nám þetta tekur að vísu ekki langan tíma, þar sem nýtízku skólar og áhöld eru fyrir hendi.

Um Þjóðverja er það að segja, að þeir hafa 2 stýrimenn á öllum fiskiskipum, sem sigla norður fyrir 61. breiddargráðu. Hið sama má segja um báðar þessar þjóðir, að á skipum þeirra er bæði minni áhöfn og afli en á íslenzkum skipum, enda ekki ætlazt til, að fiskimenn þeirra afli lífsviðurværis handa 75—80% af þjóð sinni.

Ennfremur eru 2 aðrar þjóðir, er mætti taka til samanburðar, þ. e. Frakkar og Spánverjar. Þeir senda hingað skip til fiskjar, sem bæði eru undir og yfir 500 rúmlestum. Á frönsku botnvörpungunum eru ætíð 2 stýrimenn og stundum 3, og á spönskum alltaf 3, og má vel vera, að höfundur frv. hafi haft þá síðarnefndu í huga, er

hann hugðist spara með fækkun yfirmanna á íslenzkum botnvörpungum, því að stýrimennirnir þar vinna ekki önnur störf en þau, er lúta að siglingu skipsins.

Sé nú gerður samanburður á skipströndum þessara þjóða hér við land, verður niðurstaðan sú, að Englendingar hafa ýkjulaust helmingi fleiri en hinar þjóðirnar til samans, og á árunum 1896—1926 nam verðmæti þeirra skipa, sem fórust frá Hull einni, um 7 millj. kr. Hér virðist því mega draga þá ályktun, að þetta stafi af því, að á skipum Englendinga séu of fáir siglingafróðir yfirmenn.

Þá er rétt að líta nokkuð á sparnaðarhlið þessa máls, og er þá fyrst að athuga, að sá maður, sem hér um ræðir, þ. e. 2. stýrimaður á íslenzku botnvörpuskipi, hefir hingað til haft sama kaup og netamaður og gengur að öllum störfum jafnt þeim, auk þess sem hann er vökuformaður, þegar ekki er verið að veiðum, og stendur hann þá allajafna helmingi lengur en hver háseti. Þótt kaup 2. stýrimanns hækkaði samkvæmt fyllstu kröfum, er gerðar kunna að vera í náinni framtíð, yrði það þó aldrei meira en 250—300 kr. á skip, miðað við 8 mánaða úthaldstíma."

Ég sé ekki annað en að þessi umsögn sé alveg rétt, og ef samþykkt þessara l. færi í bág við þessa grg., þá færi hún í bág við önnur gildandi l., og eins og nál. segir, er öryggi skipshafnarinnar stefnt í voða með þessu, með því að fækka siglingafróðum mönnum um borð.

Ég vil nú beina þeirri fyrirspurn til hv. þdm., hvort fremur beri að taka tillit til krafna útgerðarmanna eða sjómanna, hvorir eigi meira í hættunni, fjölskyldur sjómanna eða útgerðarmannanna, sem sitja í landi. Það liggur í augum uppi, að áhættan fyrir sjómanninn er meiri, og ef þetta frv. verður að l., þá er þar með mikið dregið úr öryggi skipa, og þessum l. verður að breyta innan tíðar aftur, ef sjómannasamtökin sjá þá ekki um, að lögunum verði ekki fylgt fram.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að tala siglingafróðra manna sé færð niður í það sama og er hjá Englendingum.

Í nál., sem ég las upp úr, segir, að sparnaðurinn við þessa ráðstöfun muni verða 250—300 kr. á skip, miðað við 8 mánaða úthaldstíma. Ef það er meiningin hjá hv. flm. að bjarga sjávarútveginum með þessum ráðstöfunum, þá sér hver maður, að hér er byrjað á öfugum enda. Ef þingið vildi gera eitthvað til þess að létta á sjávarútveginum, þá verður að fara aðra leið, því það er að byrja á öfugum enda að minnka mannahald á skipunum. Það réttir ekki við hag útgerðarinnar. Það, sem gera þarf, er að endurnýja fiskveiðiflotann með nýtízku sniði, en ekki að gefa útgerðarmönnum stöðugt eftir hvað snertir þessi gömlu veiðitæki til þess að fleyta þeim yfir eitt og eitt ár, sem sýnilega hlýtur að síðustu að leiða til þess, að útgerðin getur ekki haldið áfram að starfa. Ég hefi átt tal við einn af starfsmönnum ríkisskipa, og hann hefir skýrt mér frá því — og hann ætti að vita þetta, þar sem skipaútgerð ríkisins hefir bæði haft með útgerð dieselmótorskips og eins þeirra skipa, sem brenna kolum, að gera —, að með jafnmiklum milnafjölda á ári væri eyðsla kolaskips 147 þús. kr. í kol í staðinn fyrir 50 þús. kr. á vélskipi, sem hefir dieselmótor og rekið er með olíu. Þetta er ein af undirrótunum til ófarnaðar útgerðarinnar, og hv. þm. verða að athuga það, að það verður að gera eitthvað róttækt til þess að komast fyrir þau mein, sem þjá útgerðina. Það verður að fara aðra leið í þeim efnum heldur en að narta í öryggi sjómannastéttarinnar og lífsskilyrði hennar.

*Einar Olgeirsson: Ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt í sambandi við þetta mál við 2. umr. En það finnst mér rétt að komi fram skýrt, að auk allra þeirra mótmæla, sem lágu fyrir við 2. umr. frá öllum fagfélögunum, Stýrimannafélaginu, Skipstjórafélaginu og Vélstjórafélaginu, þá hafa nú, eins og hv. þm. Barð. hefir upplýst, einnig komið fram mótmæli frá Sjómannafélagi Reykjavíkur. Það er því þannig, að allir aðiljar, sem hlut eiga að máli og eiga við þessi l. að búa og eiga hagsmuni sína undir þeim, eru eindregið á móti þessu frv. Alþ. gerir sér það vonandi ljóst í sambandi við þetta, að það er að taka á sig allmikla ábyrgð með því að ætla sér að setja l., sem eru þvert á móti þeirra tillögum, sem bezta þekkingu hafa á þessum málum.

Ég benti á það við 2. umr., að hvað sparnaðarhliðina snertir, þá mætti með smávægilegri breyt. hjá hverju einasta útgerðarfélagi spara miklu meira í landi heldur en sá sparnaður nemur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Sparnaðurinn getur því ekki verið höfuðatriðið í þessu sambandi, fyrir utan spursmálið um sjálf mannslífin. Það hefir áður, í sambandi við annað mál, verið rætt nokkuð mikið um öryggi manna á sjónum. Það hefir verið gert í sambandi við vitamálin og till., sem fram hafa komið í sambandi við þau, það er hér verið að tala um sparnað. En þegar verið er að leggja vitagjöldin á og þau eru höfð helmingi hærri heldur en það, sem notað er til vitanna, þá er ekki verið að tala um sparnað fyrir útgerðina. Rikið leggur nú vitagjöldin á næstum því eins og hvern annan skatt, og þyngir þetta sérstaklega á útgerðinni, en flestum hefir fundizt það goðgá, ef farið er fram á að nota alla peningana, sem fást í vitagjöld, til að byggja vita fyrir og gera þá vel úr garði. Till. okkar við 2. umr. fjárl. um það, að allt vitagjaldið væri notað til að skapa meira öryggi á sjónum, var kolfelld. Þetta er þess vegna alveg óskiljanleg sparnaðarhugmynd gagnvart útgerðinni. Það er talið ágætt, ef ríkið getur skattlagt hana, og það jafnvel mjög ranglátlega, eins og gert er í sambandi við vitagjöldin, en hinsvegar ef hægt er að spara gagnvart mannskapnum á togurunum eða öðrum fiskiskipum, þó það stofni lífi þeirra og atvinnu í hættu, þá er sjálfsagt að spara. Ég vil vekja eftirtekt á því, að þetta er nokkuð einkennileg hugmynd.

Það er nú búið að ræða svo mikið um þetta mál, að ég býst ekki við, að það takist með fleiri röksemdum en fram hafa komið að hafa áhrif á það, hvernig atkvgr. fer, enda verður maður að vona, eftir þær ýtarlegu umr., sem hér hafa farið

fram, að flestum hv. þm. sé ljóst, hvað þeir eru að greiða atkv. um.

Það liggur hér fyrir rökstudd dagskrá frá hv. þm. Ísaf. Ég mun greiða atkv. með henni, því það er bezt að fá frv. burt úr þinginu og fá þetta mál rannsakað í samráði við þá, sem bezt vit hafa á þessu.

Þá liggja fyrir brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. Ég er að vísu á móti till., sérstaklega 1. brtt., en hinsvegar er því ekki að neita, að hún fer þó skemmra heldur en þær till., sem fyrir liggja í hinu upprunalega frv. Ég vil þess vegna bera fram brtt. í þá átt, að 1. og 3. gr. í þessu frv. falli burt. Ef þessi brtt. mín um að fella þessar gr. burt verður felld, þá mun ég greiða atkv. með brtt. hv. 6. þm. Reykv., til þess að fyrirbyggja það, að gert verði meira tjón með frv. heldur en gert er með þeim. Ég vil þó taka það fram, að ég er á móti þeim, en það er einungis vegna þess, að útlit er fyrir, eftir styrkleikahlutföllunum í þinginu, að það eigi að knýja þetta frv. fram, þrátt fyrir öll mótmæli og þrátt fyrir alla skynsemi, að ég geri þetta, því maður verður að gera það, sem hægt er, til þess að draga úr því tjóni, sem af þessu leiðir.

Ég vil svo leyfa mér að leggja till. mína fram.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., sem hann nú hefir lýst, um að fella í burtu 1. og 3. gr. frv. Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 352) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Herra forseti! Ég get verið stuttorður. Ég hefi gert grein fyrir okkar afstöðu í þessu máli, og eins og hv. 5. þm. Reykv. tók fram, þá er málið svo þrautrætt, að menn ættu að vera búnir að átta sig á því. Ég gaf þær upplýsingar að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Reykv. fyrr í umr., að nokkrir úr stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur hefðu komið á fund sjútvn. í morgun og rætt um þetta mál við n. En þar með er ekki sagt, að umsögn Sjómannafélagsins liggi fyrir um þetta mál. Við vorum búnir að biðja um hana fyrir langa löngu, en hún hefir aldrei komið, því það hefir enginn fundur verið haldinn í Sjómannafélagi Rvíkur um þetta mál. Ég vil upplýsa þennan hv. þm. um það, að hvernig sem það kann að vera stemmt í þessu máli, þá veit ég það með fullri vissu, að mikill hluti af almennum sjómönnum og talsvert mikill hluti úr stýrimanna- og vélstjórastétt er sammála þessu frv. Það er þess vegna þýðingarlaus spurning, sem hv. 5. þm. Reykv. kom með áðan um það, hvort heldur ætti að taka tillit til krafna sjómanna eða útgerðarmanna. Spurningin er um það, hvort menn vilji létta óþörfum kostnaði af útgerðinni eða ekki, og hvort menn álíti, að það út fyrir sig sé á nokkurn hátt hættulegt fyrir öryggi skipanna. Það er atriði, sem sjálfsagt er að athuga. Þess vegna vil ég, þó ég álíti sjálfsagt að koma þessu frv. fram, eins og nú standa sakir, af því að ég veit, að það er nauðsynlegt að gera það, fullkomlega taka undir það með hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., að það sé nauðsynlegt að endurskoða l. í heild sinni. Lögin frá 1936 hafa ekki verið í gildi nema á annað ár, svo það er ekki verið að gera breyt. nema frá ástandi, sem gilt hefir aðeins í stuttan tíma. Endurskoðun á l. getur að sjálfsögðu farið fram, þó þessi bráðabirgðabreyt. verði gerð, sérstaklega með það fyrir augum, að hún er nauðsynleg vegna útgerðar smábáta í verstöðvunum við suðvesturland, eins og hv. þm. Borgf. hefir margoft í umr. um þetta mál sýnt fram á.

Hv. þm. Ísaf. var ekki við, þegar ég talaði í fyrra skiptið framan af og vissi því ekki, að ég tók undir tillögu hans um endurskoðun á l. En ég vil ekki gera það með því að samþ. rökst. dagskrána, heldur sjálfstætt. Hv. þm. sagðist krefjast svars af mér um það, hvernig menn gætu öðlazt réttindi til þess að vera skipstjórar og stýrimenn á skipum frá 15—30 smálestir. Ég vil benda hv. þm. á, að það mark er ekki til, því það er frá 15—75 rúmlestir í gr. og skilyrðin eru sett um það í 6. gr. Þessi skip, sem undanþegin eru samkv. 1. gr. frv. okkar, eru eingöngu bátar 30 tonna og minni, sem leggja daglega afla sinn á land. Þegar bátar þessir eru notaðir á annan hátt, þá er skylt að fara eftir l. Ég tel líka engan vafa á því, að það myndi vera hægt fyrir duglega menn, sem væru að vinna sér inn þessi réttindi, að komast líka inn á þessa báta, ef þeir jafnframt geta verið liðgengir til fiskiveiða.

Það, sem fyrst og fremst liggur til grundvallar fyrir ákvæðinu í 1. gr. um að undanþiggja báta, sem leggja afla sinn daglega á land, frá því að hafa stýrimann, er það, að í verstöðvunum hér við suðvesturland geta menn alls ekki uppfyllt þetta skilyrði. Það er útlit fyrir, að sumir menn verði að hætta við að gera báta sína út, ef þessu er ekki breytt.

Ég skal játa það með hv. þm. Ísaf., eins og ég sagði áðan, að það væri mjög heppilegt að athuga fyrri gr. frv. í sambandi við síðari gr., um skilyrðin, sem sett eru framan af fyrir því, hvað menn þurfi langan siglingatíma og mikinn undirbúning til þess að fá réttindi, og svo hinsvegar, hvaða kröfur gera eigi til skipa. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar eingöngu um það, hvaða kröfur gera eigi til skipa, og það er ekki hægt á þessu stigi málsins að rugla inn í þetta breyt. á ákvæðunum um hitt atriðið. Það verður að gera við gagngerða endurskoðun á allri löggjöfinni. Þá er sjálfsagt að samræma þetta eins vel og hægt er. En það, sem hv. þm. Ísaf. var að halda fram, að það væri ekki eins hægt, þrátt fyrir þessa breyt., að fá undirbúning til þess að ná réttindum eftir l., þá er alls ekki nein hæfa í slíkri skoðun hjá hv. þm. Hann minntist á einhvern nagla í varðbát og mark, sem gert hefði verið með honum, og sagði hann, að við vildum innleiða nýja skorureglu. Hann veit, að á þessum skipum eiga að vera siglingafróðir menn, því meira að segja á þeim bátum, sem undanþágan nær til, eiga að vera lærður skipstjóri og lærður vélamaður, svo það ætti að vera lítil hætta á því, að þeir fari að skrifa eingöngu með nöglum. Annars er það einstakt til-

felli, eins og það eru líka, sem betur fer, fá tilfelli, þar sem tekur út af skipi. Það er sorglegt, þegar slíkt kemur fyrir, enda er það ekki mjög oft. En ef það er vegna þess, að skip eru stödd í vondum sjó, þá eru náttúrlega jafnmiklar líkur til, að þó að annar maður komi að stýrinu, þegar hinn hefir tekið út, þá taki hann líka út. Þetta eru náttúrlega ekki nein rök móti því, að það megi ekki hafa einn siglingafróðan mann við stýri eða við vél, heldur verði að hafa varamenn. Það er ekki meiri trygging fyrir því, vegna þess að alla mennina getur tekið út, ef þannig stendur á.

Það er rétt, að hert hefir verið á l. um eftirlit með skipum og útbúnað skipa, og eins og reynt hefir verið eftir því sem hægt er, að bætt sé úr með veðurfregnirnir, svo þær geti verið sem traustastar og hægt að byggja á þeim.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist hér á sparnaðarhlið þessa frv. og vildi gera lítið úr henni. Ég hefi játað það áður, að þetta er ekki stórvægilegt sparnaðarmál fyrir fiskiflotann hér við land, en það er einn liður í því að reyna að spara á flotanum, og þegar það kemur með öðru, þá getur það gert sitt gagn. Hann minntist á vitamál og umr. hér í því sambandi. Ég vil benda honum á, að það er ekki sérstaklega til öryggis fyrir sjómannastéttina, þó ákveðið sé í l., að vitagjöldin renni árlega til vitabygginga, vegna þess, að þeir eru vitanlega reistir eftir þörfum og svo eftir möguleikum ríkisins til þess að byggja þá, og það geta komið fyrir ár, sem varið er meiru til þeirra en því, sem vitagjöldunum nemur. Það er því ekki þörf á því að binda það við upphæð vitagjaldanna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta. Ég vil aðeins minnast á eitt dæmi, þar sem hv. þm. Ísaf. gat um það, að nú nýverið hefði verið sýknað skip í hæstarétti, sem hefði verið kært af varðskipi, vegna þess að rangar mælingar hefðu verið gerðar, en hann tók það fram, að það hefði verið vegna þess, að skipstjórinn hefði ekki kallað til sín siglingafróða menn. Þetta skip sigldi með mannskap samkv. l. frá 1936. Ef þessar röngu mælingar eru því að kenna, að skipstjórinn kallaði ekki til sín siglingafróða menn, sem voru um borð, þá sé ég ekki, hvað það kemur þessu máli við.

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Hv. þm. Barð. vildi halda því fram, að almennir sjómenn væru ekki á móti þessari lagabreyt. og vitnaði í því efni til einkaviðtala, sem einhverjir hefðu átt við hann. Ég get hinsvegar vitnað í það, að stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur átti tal við sjútvn. í dag og þar komu fram mjög eindregin mótmæli, og það einmitt frá hálfu ólærðra sjómanna. Ég get líka bent á, að það hafa drifið að hvaðanæva, frá öllum stéttarfélögum sjómanna, mótmæli gegn þessu frv. Ég hefi áður talið upp mörg félög í Reykjavík, sem mótmælt hafa þessu frv. mjög eindregið, og til viðbótar við þau mótmæli hafa okkur í sjútvn. einmitt í dag borizt mjög kröftug mótmæli frá sjómannafélaginu á Akranesi. Hv. þm. Borgf. þykist tala fyrir munn sjómanna á Akranesi, þegar hann er að tala fyrir þessum breyt., en eftir þeim skrifum, sem hér liggja fyrir, þá er það öðru nær, því bæði vélamannadeildin, stýrimannadeildin og sjómannadeildin á Akranesi hafa mótmælt þessu mjög kröftuglega. Hv. þm. Borgf. fer hér alls ekki með rétt mál, ef hann þykist vera að flytja mál sjómanna á Akranesi. Hann er þar í fullri andstöðu við sjómenn á Akranesi, þegar hann er að berjast fyrir þessari breyt. á l. ásamt hv. þm. Barð.

Mótmæli frá Akranesi eru sérstaklega byggð á því, að ef þetta frv. verði að l., þá sé hætt við, að mjög fáir menn eigi kost á því að vinna sig upp í skipstjórastöður, og þau benda einnig á það, að mjög fáir menn ættu þá líka kost á að vinna sig upp í fyrstu vélstjórastöður á þessum mótorbátum. Þetta eru sömu mótmælin og ég hefi hér verið með gegn frv. Ég hefi bent á, að samþykkt frv. myndi leiða af sér einskonar lokun fyrir sjómenn til þess að geta öðlazt skipstjóra- og fyrstu vélstjóraréttindi, og hefir því alls ekki verið mótmælt. Hv. þm. Barð., sem hefir verið að reyna að verja þennan óskapnað í frv., hefir í raun og veru alls ekki treyst sér til að fara inn á þetta atriði. Hann benti á, að það væru fleiri skip en þessi, sem hefðu 2. vélstjóra og stýrimann, en það er ekki nóg til að öðlast fyrstu vélstjóraréttindi eða skipstjóraréttindi á skipum frá 15—30 tonn. Til þess að öðlast þau verða menn að fara úr stöðum á stærri skipum. Mér er mjög vel kunnugt um það, að sjómenn fara mjög ógjarnan úr stöðum sínum á stærri skipum til að verða skipstjórar á smáskipum. Auk þess er í mörgum tilfellum um allt aðra atvinnu að ræða á smáskipum en á hinum stærri. Það er því alls eigi víst, að það fáist hæfir menn í þessar stöður, ef þeir eiga ekki kost á að fá æfingu við þann atvinnurekstur. Mér er kunnugt um það, að engar kvartanir hafa komið til stj. um, að skortur væri á mönnum til að vera vélstjórar á skipum og bátum, nema einhverntíma var kvartað yfir því, að vélstjóra vantaði á Akranesi, og þá var haldið þar námskeið fyrir vélstjóra, og eftir það hafa engar þesshättar kvartanir komið þaðan. Hv. þm. Borgf. sendi hv. þm. Barð. svar. Aths. mín viðvíkjandi varðskipunum var á þá leið, að mjög athugavert væri að fækka siglingafróðum mönnum á þeim, vegna þess hve dómar þeirra hefðu staðizt illa, auk þess sem tveir siglingafróðir menn þurfa að vinna saman að hverri mælingu varðskipanna, og því slæmt, að það væru ekki hæfilega margir lærðir skipstjórar og lærðir vélstjórar um borð á varðskipunum.

Hv. þm. Barð. sagðist játa, að í frv. fælist ekki stórvægilegur sparnaður fyrir sjávarútveginn. En því er þá verið að flytja það, úr því að það er ekki stórvægilegur sparnaður, sem getur leitt af því fyrir útgerðina? Það mun hafa í för með sér stórvægilega erfiðleika fyrir sjómenn. Í mínum augum vega hinir stórvægilegu erfiðleikar fyrir sjómenn meira heldur en þó að um stórvægilegan sparnað fyrir útgerðina hefði verið að ræða. En þegar sparnaðurinn getur ekki einu sinni gilt sem afsökun, hvaða ástæða er þá til að bera fram þetta frv.? Hver er þá tilgangurinn með flutningi frv., og hvað er unnið við að samþ. það?

***Jakob Möller:** Ég greiddi atkv. með þessu frv. til 3. umr. og vænti þess, að n. athugaði málið frá öllum hliðum áður en það kæmi til umr. hér í d. Ég hefi ekki orðið þess var, að n. hafi gert þetta, og meðal annars, sem fyrir mér vakti, er það, að n. tæki til athugunar umsögn skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra um þetta frv. Ég hefi gert grein fyrir því, að sumar þær breyt., sem þetta frv. fer fram á, eru mjög þýðingarlitlar eða þýðingarlausar til sparnaðar fyrir útgerðina. Virðist því, að hér mætti taka til greina að breyta frv. til frekara öryggis fyrir sjómennina en nú er. Þetta frv. er borið fram af Framsfl., og látið er í veðri vaka, að það sé gert til að koma til móts við kröfur og tilmæli útgerðarmanna um að létta kostnaði af útgerðinni vegna þeirra erfiðleika, sem hún á nú við að búa. Ég get ekki fallizt á, að þetta sé rétt aðferð til að koma til móts við kröfur útgerðarmanna, að stofna til sparnaðar á þann hátt, að dregið sé úr öryggi sjómanna á skipunum. Fyrst ber löggjafarvaldinu að létta af þeim gjöldum, sem útgerðin greiðir til ríkissjóðs og þvinga hana stórkostlega, áður en lagt er út í þær breyt., sem felast í þessu frv. Þær eru aðeins forsvaranlegar sem hreinasta neyðarúrræði, að létta þannig kostnaði af útgerðinni, en meðan ekki er tekið meira undir þær kröfur til ríkissjóðs um ívilnanir á gjöldum útgerðarinnar, get ég ekki gengið inn á að greiða atkv. með breyt. á siglingalögunum, þó að vísu megi rökstyðja það, að ýmsar af þessum breyt. geti staðizt, án þess að unnt sé að segja, að nokkur hætta sé á því, að öryggi skipanna sé stefnt í voða. En mér virðist, að frv. sé að sumu leyti þannig úr garði gert, að það dragi að óþörfu úr öryggi sjómannanna.

Ég taldi rétt, að frv. væri athugað nánar en gert hefir verið, og réttast, að siglingalögin yrðu tekin til endurskoðunar fyrir næsta Alþ., en eins og nú standa sakir treysti ég mér ekki til að samþ. þetta frv.

***Pétur Ottesen:** Hv. þm. Ísaf. las hér upp símskeyti eða áskorun frá verkalýðsfélagi.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að hann dró þá ályktun, að það væri andstaða við sjómenn á Akranesi. Það er fullkomlega að þeirra vilja og ósk, að slík breyt. sé gerð, sem farið er fram á í þessu frv. Að öðru leyti leiðrétti ég ekki frekar ummæli þessa hv. þm., en ég vil segja honum það, að sjómennirnir á Akranesi þurfa ekki að fá neina umsögn um okkur. Við erum færir um að gera þær sakir okkar upp án þess. Sjómenn þekkja framkomu þessa hv. þm. og milligöngu hans í ýmsum öðrum málum, síldarmálinu og öðru slíku. Hann mun hafa gert svo fyrir sér í þeim efnum, að þeir óska ekki eftir miklu meiri kynningu. Þeir munu vera mér sammála um, að hann myndi vera ákaflega vel geymdur í neðri hæð síldarþróarinnar á Siglufirði. Ég vildi geta þessa af því, að hann gat min í sambandi við skólamál, að mér finnst hann myndi vera vel geymdur í þeim svartaskóla, sem hann hefir reist og ekki er hægt að nota til neins annars. Væri vel, ef það gæti orðið til að forða frá þeim slysum, sem líklegt er, að muni hljótast af afskiptum hans í atvinnumálunum.

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Þessi mótmæli frá Akurnesingum, sem mér skildist á hv. þm. Borgf., að hann varla hafa verið trúaður á, eru talsvert vel rökstudd, eins og flest önnur þau mótmæli, sem hafa komið fram gegn þessari lagasetningu. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa upp nokkrar lýsingar úr þeim. Þar segir svo: „Kjörum stýrimanna og aðstoðarvélamanna á Akranesi er nú þannig fyrir komið, að stýrimenn hafa fjórðung hásetahlutar fyrir starfa sinn sem stýrimenn og aðrir vélamenn fá 25 kr. um mánuðinn fyrir það að vera 2. vélstjórar.“ Um hlutarupphæðina er vitanlega aldrei hægt að segja fyrirfram, en kostnaður vegna vélamannanna er í hæsta lagi 125 kr. yfir vetrarvertíðina.

Þeir bátar á Akranesi, sem þessi sparnaður kæmi til að verka á, eru eins og nú 17. Kostnaðurinn við stýrimennina mun líklega vera eitthvað svipaður. Það verða þá 250 kr. á 17 báta, sem sparast yfir vertíðina með þessu máli, en því fylgja stórum auknir örðugleikar fyrir sjómenn. Það er í fullu samræmi við þann svarta íhaldsanda, sem allt af ríkir hjá hv. þm. Borgf., að hann vildi spara 250 kr. yfir vertíðina á 17 báta, en auka mjög örðugleika sjómanna frá því, sem áður var. Enda segir í niðurlagi þess bréfs, eftir að búið er að rökstyðja þetta ýtarlega: „Af framansögðu lítum við svo á, að það sé hið mesta óráð, að Alþ. samþ. þær undanþágur frá gildandi l., sem hér um ræðir, og leyfum okkur því að mótmæla frv. sem hættulegu fyrir faglega uppbyggingu fiskimannastéttarinnar og skaðlega fyrir hagsmuni útgerðarinnar, þegar á framtíðina er litið.“

Ég hefi aldrei ætlað mér að hafa neina milligöngu í málum milli sjómanna á Akranesi og hv. þm. Borgf., þegar þessi hv. þm. fleiprar um, að ég hafi ekki bjargað við hag útgerðarinnar, þá hefi ég fulla ástæðu til þess að upplýsa þær rangfærslur, sem hann fór þar með. Ég skal ekkert segja um það, hvar ég væri bezt geymdur. Hv. þm. Borgf. sagði um daginn, að sá tími, sem ég var við stjórn síldarmálanna, hefði verið ólán fyrir sjómenn. Af því má marka, hvernig hann lítur á hag sjómannanna. Þau tvö ár, sem ég var í stjórn síldarverksmiðjanna, var hærra verð á síldarafurðum en nokkurn tíma áður. Það mun hv. þm. Borgf. hafa talið ólán fyrir sjómenn á Akranesi. Hann gætir dável hagsmuna sinna kjósenda, ef hann telur það hið mesta ólán fyrir þá að fá greitt hæsta verð fyrir bræðslusíld.

Um afstöðu þessa hv. þm. til menningarmála þarf ég ekki að ræða, því að mönnum er ofurvel kunnugt um það af myndinni af kofa þeim, er notaður var fyrir skólahús og birtist í Alþbl. á síðastl. vori.

***Pétur Ottesen:** Það er nú svo ákaflega gott dæmi um það, hvernig hv. þm. Ísaf. lítur á sig, þar sem hann fer að þakka sjálfum sér fyrir það, að hámarksverð á síldarafurðum hækkaði svo mjög, sérstaklega á síðastl. ári. Ég held þó að beysnari bógur hefði verið en hann, hefði verðið hækkað. En honum hefir unnizt drjúgum að draga sem mest úr þeim hagnaði fyrir ís-

lenzka sjómenn, sem leiddi af því, að verðið hækkaði svona mikið. Hitt hefir hann tamið sér, að nota aðstöðu sína til að greiða ¼ millj. kr. fyrir það, sem ekki er til neins nýtilegt, sem nýja þróin á Siglufirði. Það er töluvert atriði út af fyrir sig.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að allur sparnaðurinn fyrir 17 báta á Akranesi væri um 250 kr. yfir vertíðina. Hann veit, að það hefir verið rýr afli það sem af er þessari vertíð. Nú sýna reikningarnir þetta, þar sem stýrimenn hafa fjórðungshlut og vélstjórar fá aukaborgun, og þetta allt segir hann, að sé aðeins 250 kr. Þetta sýnir, hvernig hugsunarháttur þessa hv. þm. er, þegar hann gerir útreikninga. Grundvöllurinn að málum þeim, sem hann vinnur að fyrir aðra, sýnir glöggt, hvílík óskapleg botnleysa það er, sem hann syndir í. Auk þess vil ég benda á það, að á Akranesi eru sex bátar gerðir út ólöglega. Þessi vinur þáverandi atvmrh. (HG) hefir ekkert gert, sem sé þess virði, að á það sé minnzt, ekkert gert til aðstoðar útgerðinni. Hann notaði bráðabirgðalög og annað til þess, að sú útgerð, sem hann veitti forstöðu, gæti verið lögleg. Þannig er þá ástandið, eftir þeim upplýsingum, sem okkur hafa borizt. Hann gerir sér það að góðu, en ekki þýðir að bera slíkt á borð fyrir alla.

Út af afskiptum mínum af skólamálum og greininni, sem birtist um þau í Alþbl. síðastl. vor, vil ég segja það, að hún átti að vera til þess að spilla kosningu minni, en varð til þess, að ég var kosinn með miklu hærri atkvæðatölu en annars hefði orðið. Þetta sýndi fullt traust kjósenda á mér, en það var vantraust fyrir hv. þm. Ísaf. og flokksbræður hans. Það gæti verið honum hjálp, þegar hann er seztur að í síldarþrónni, að rifja þessa grein úr Alþbl. upp í huga sínum.

***Sigurður E. Hlíðar:** Ég vil ekki þreyta þd. með langri ræðu, en þar sem ég er einn þeirra, sem mynda meiri hl. sjútvn., ætla ég að segja nokkur orð. Ég geri grein fyrir minni afstöðu, ekki þó þannig að skilja, að ég beri vantraust til hv. þm. Barð. hvað málsvörn hans snertir. Það að ég gríp orðið stafar af því, að þeim örvum var beint til okkar, sem erum í meiri hl. n., að við stefndum öryggi sjómanna í voða. Að öðru leyti er ekki ástæða til að taka þær sérstaklega fram. N. er þríklofin í málinu: raunar vill hv. þm. Ísaf. afgreiða málið með rökst. dagskrá, þótt hann hafi 22. apríl verið uppæstur yfir því, að verið væri að gera breyt. á þessum l., vegna þess stutta tíma, sem þau hafa staðið. Þeir telja enga ástæðu til að gera breyt. á nýskapaðri lagasmíð.

Á hinu leytinu kemur fram rökstuðningur þeirra, sem benda á það, að þótt aðeins séu liðin 2 ár síðan þessi l. voru sett, sé samt nauðsynlegt að taka þau til endurskoðunar sem allra fyrst. Þetta tvennt er í algerðri mótsetningu. Það, sem aðallega hefir komið fram og andstæðingar frv. hafa hneykslazt á í áliti meiri hl. sjútvn., er það, að hér sé verið að draga úr öryggi sjómanna eða skipshafna. Hv. þm. Ísaf. hefir komið fram með minnihlutaálit á þskj. 316. Þar talar hann um, hve hatramt sé „að slíkar till. skuli vera bornar fram á Alþ., þegar litið er á hið ógurlega mannfall, sem sjósóknin hér við land veldur á ári hverju. Virðist það ganga glapræði næst, að Alþ. geri ráðstafanir, sem vel geta enn aukið á hina miklu lífshættu sjómanna, með því að draga úr kröfum þeim um sérfróða skipstjórnendur og vélamenn, sem nú eru gerðar." Með hverjum degi verða ennþá sterkari ákvæði notuð. Í þessu falli vil ég snúa máli mínu að því, sem kalla má barnalega einfeldni. Hvernig geta menn komið því heim, að þegar bátum er siglt frá Noregi til Íslands, skuli aðeins vera 3 fagmenn á þeim, en 4 þegar aðeins er farið stutt út fyrir Siglufjörð á síld eða þorskveiðar? Er verið að draga úr öryggi sjómanna, þótt fagmönnum sé fækkað úr 4 niður í 3, þegar farið er rétt út fyrir landsteinana, úr því að aðeins eru hafðir 3 fagmenn í ferðum milli landa? Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Ísaf. að neita því. Það getur ekki verið nein þörf á því að hafa 8 yfirmenn á tveim bátum við síldveiðar, sem eru saman um nót. Það þarf að spara, og á því byggist þetta frv. Sparnaðarhlið þessa máls er talsvert mikið atriði. Í hvert sinn, sem talað er um sparnað, þykir hann sjálfsagður, en það má bara ekki spara á þessum og þessum lið. En hér er vissulega hægt að spara án þess að lenda í nokkurn voða. Fyrir 1936 hefði allt verið í beinum voða, ef marka mætti ummæli andmælendanna. Ég álít, að hér sé um svo mikinn sparnað að ræða, að vegna þess eigi málið að ganga fram.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég óttast það og hefi bent á það fyrr, að sá sparnaður, sem hér er um að ræða, geti orðið aurasparnaður, sem kosti margar krónur, því að tapist eitt mannslíf, verður það ekki metið til verðs. Öryggi skipa og þeirra verðmæta, sem þau flytja, verður stórum minna, ef þessum l. er þannig breytt. Mér er alveg óskiljanlegt, að flm. þessa frv. ganga miklu lengra í sínum kröfum en útgerðarmenn hafa farið fram á. Það er talið slæmt ástand hjá útgerðinni, en þeir telja þó ekki hægt að spara annan stýrimann.

Hv. þm. Borgf. var að tala um, að mér sem atvmrh. hefði verið kunnugt um, að 6 bátar hefðu verið gerðir út frá Akranesi á ólöglegan hátt. Þetta er alveg rangt. Hitt er rétt, að þessi hv. þm. óskaði eftir því við mig, meðan ég var atvmrh., að ég gæfi út bráðabirgðalög um þessi efni, að undanskilja báta á Akranesi frá þeirri skyldu að hafa annan vélstjóra um borð. Ég sagði honum, að ég teldi enga ástæðu til að gefa út þessi bráðabirgðalög. Hann sagði vitanlega við mig, að þessir sex bátar á Akranesi eða fleiri væru ólöglega gerðir út, en mér væri kunnugt um, að nóg af réttindamönnum væri til, ef Akurnesingar vildu fá þá annarsstaðar frá, og þeir gætu fengið þá einmitt fyrir tilmæli þessa hv. þm., ef þar væru haldin námsskeið fyrir vélstjóra. Hvort bátar eru ólöglega mannaðir, veit ég ekki. Ég hefi orð þessa hv. þm. fyrir því, að fjöldi báta suður með sjó gengi á snið við lögin, en ekki er mér um það kunnugt. Ef til vill hefir það líka borið við, að sjúkratryggingar hafa ekki verið greiddar. Kærur hafa engar komið til mín né til atvinnumálaráðuneytisins. Ég skal ekki lengja umr. meira. Út af orðaskiptum þeirra hv.

Þm. Ísaf. og hv. þm. Borgf. um svonefnda hrútakofa eða lambakofa hefi ég enga ástæðu til að bæta miklu við. Slíkar deilur sýna hug hv. þm. Borgf. til samflokksmanna stj., og ætlar hann hv. þm. Ísaf. heldur skárri kost þar sem síldarþróin er, heldur en skólabörnum í skólahverfinu á Akranesi.

***Pétur Ottesen:** Út af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að honum hefði ekki verið kunnugt um, að bátar á Akranesi hefðu verið gerðir út ólöglega, vil ég taka fram, að ég sendi honum símskeyti þess efnis, að nauðsyn bæri til að gera ráðstafanir til breyt. á l., því að öðrum kosti yrði að gera þar út ekki færri en 6 báta ólöglega. Ég sagði hæstv. ráðh. strax eftir að ég kom suður, hvernig ástatt var, svo hann vissi ákaflega vel, meðan hann sat í ráðherrastóli, hvernig ástatt var um útgerðina. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi gefið neinar fyrirskipanir um að stöðva útgerð þessara báta. Sannleikurinn er sá, að meðan þessi hv. þm. var enn í stj., þá gerði hann ekkert í þessu efni. Þessari löggjöf hefir alls ekki verið framfylgt. Það hefir ekki verið lögskráð á bátana. Það sýnir bezt, hvernig hug sjómenn bera til þessarar löggjafar, að þeir hafa ekki hreyft neinum andmælum gegn því, að svo væri gengið í berhögg við þessa löggjöf.

Þessi hv. þm. var nú líka að japla á þessari sætu tuggu úr Alþýðublaðinu. Hann var að tala um hrútakofa og annað slíkt. Ég skal fúslega játa, að það er lakara að skólabörnum í minum hreppi búið heldur en þessum hv. þm., og ætti honum að vera manna bezt kunnugt um það, þar sem hann hefir verið kennslumálaráðh. að undanförnu og ekkert gert til að bæta úr skólavandræðum í þessu skólahverfi. Atvikin hafa nú hagað því svo, að þessi hv. þm. hefir nú fengið 10 þús. kr. embætti í tryggingarstofnuninni, sem hann átti nú mikinn þátt í að koma á fót. Og mér virðist þessi hv. þm. vera næsta ánægður með sitt hlutskipti. Ég veit ekki, hve mikils starfs er af honum krafizt í þessu embætti. Það var maður í þessu embætti áður, og mér er sagt, að þessi maður sitji áfram. Fyrrv. flokksbróðir hv. þm. hefir látið orð um það falla, að þessi fyrrv. forstjóri muni vinna starfið, en hv. þm. Seyðf. hirða launin. En þessir hv. þm. eru gamalkunnugir, og þess vegna má leggja nokkuð upp úr því, hvað þeir segja hvor um annan.

En þrátt fyrir þessa stöðu virtist samt sem áður langt frá því, að hv. þm. væri ánægður, því að hann reyndi töluvert til að komast inn í bankaráð Landsbankans. Mér er kunnugt um það sem meðlimi í bankanefndinni, að tvisvar varð að fresta fundi áður en það var afráðið hjá Framsfl., að sú ákvörðun var tekin að láta þennan hv. þm. ekki fara í bankaráð, heldur annan flokksbróður þessa hv. þm. Þetta er ekki hægt að bera saman við síldarþró þá, sem ég álít, að hv. þm. Ísaf. eigi vel skilið að fara í, og ekki heldur þá aðstöðu, sem skólabörn víða á landinu eiga við að búa. Þessi hv. þm. hefir verið mikilsráðandi maður í stjórnarflokkunum, og þó er það svo, að það hefir ekki verið hægt að áorka meiru um skólabyggingar en það, að styrkurinn, sem ætlaður er til þessara hluta úr ríkissjóði, hefir nú verið greiddur 3 ár fram fyrir sig. Það má því segja, að honum farist ekki að tala, þessum hv. þm., um aðra í skólabyggingarmálunum. Það má við hann segja: „Maður líttu þér nær, liggur í götunni steinn."

***Ísleifur Högnason:** Áður en gengið er til atkv. um þetta mál vildi ég aðeins minnast á eitt atriði. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að fækkað verði stýrimönnum úr tveimur í einn. Ég vil nú bara benda hv. þm. á, hvaða ábyrgðarhluti það er að samþ. þessa breyt. á l.

Eitt af því, sem var í erindi því, er barst frá skipstjóra- og stýrimannafélaginu, var dæmi um það, að togarar hefðu farizt vegna of fárra yfirmanna á skipunum. Menn geta séð það sjálfir, að þegar skip er búið að vera lengi á fiskveiðum, þá er skipshöfnin orðin þreytt, en þá reynir oft á skipstjórnarhæfileika við að taka land. Enda er það talið nauðsynlegt, að aldrei séu færri en 2 siglingafróðir menn uppi, þegar um er að ræða sóma sinn í því að samþ. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. um að fella þessa gr. niður.

***Haraldur Guðmundsson:** Hv. þm. Borgf. lauk máli sínu með því að segja: maður, líttu þér nær, — og talaði hann þar til mín. Hann vildi meina, að ég hefði staðið illa í stykkinu sem kennslumálaráðh. um það að veita styrk til barnaskólabygginga. Ég vildi nú segja það sama við þennan hv. þm., — maður líttu þér nær. Hann hefir átt sæti í fjvn., og eins og menn vita verið allra manna örðugastur viðureignar, sérstaklega þegar um smáupphæðir hefir verið að ræða. Ég ætla að þessi hv. þm. ætti að rannsaka sínar aðgerðir í þessu efni í fjvn. Það skyldi þó aldrei vera, að hann, þegar þar var komið, hefði gleymt skólanum uppi á Akranesi.

Hv. þm. sagði, að mér hefði verið vel kunnugt um þessa 6 báta, sem hann var að tala um, af því að hann hefði sagt mér frá þessu strax. Ég neita því ekki, að hv. þm. hafi sagt mér frá þessu, en ég svaraði honum því til, að mér væri fullkunnugt um, að það væri hægt utan Akraness að fá nægilega marga réttindamenn. Hv. þm. sagði, að l. hefðu verið brotin suður með sjó. Ég hefi ekkert um það vitað, að svo hafi verið, en ég hefi fengið fréttir af því fyrir skömmu, að 2 kærur hafi borizt út af þessu til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Um skólamál og bitlinga að öðru leyti get ég verið fáorður.

Þar sem hv. þm. var að tala um mína fyrirhyggjusemi í sambandi við stofnun tryggingganna, þá get ég verið honum þakklátur fyrir, að hann ætlar mig svo fyrirhyggjusaman. Ég skal játa, að ég kaus mjög gjarnan að gegna því starfi, sem hér er um að ræða. Þótt mér hefði boðizt betri kjör annarsstaðar, er ég ekkert viss um, að ég hefði tekið það fram yfir þetta. Þetta er sæmilega launað. Ég skal játa það, en það eru ýmsir aðrir, sem hafa svipuð laun. Forstjórinn, sem áður var, hafði sömu laun, og ég varð aldrei var við það, að hann teldi þau eftir þá. En það er nú svo algengt fyrirbrigði, að þessi hv. þm. metur launin ekki eftir starfinu,

heldur eftir því, í hvaða flokki maðurinn er, sem tekur launin.

Þá var hv. þm. að tala um minar ilanganir til að komast í bankaráð. Sé nú svo, að ég hafi sótt þetta af miklu kappi, efast ég ekki um, að hans góða hjarta hafi verið fullt af samúð með mér. En ég get nú trúað hv. þm. fyrir því, að ég hefi ekki eftir því sótt að lenda í þessari stöðu. En það athyglisverðasta í ræðu hv. þm. virðist mér það, að hann skuli vera farinn að vitna í hv. 3. þm. Reykv. sem örugga heimild, sem taki jafnvel fram bibliunni sjálfri. Þetta sýnir vel hugsunarháttinn í herbúðum hv. þm. Borgf.

***Bergur Jónsson:** Það var bara út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ólöglega hefði verið skráð á skip suður með sjó. Ég vil út af þessu geta þess, að mér er ekki kunnugt um, að l. hafi verið brotin í minni sýslu, enda eru það hreppstjórarnir á viðkomandi stöðum, sem hafa á hendi lögskráningu. Hitt er mér kunnugt um, að það ríkir mikil óánægja, ekki síst hjá sjómönnum, yfir ákvæðum l.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 316, frá minni hl. sjútvn. felld með 18:9 atkv.

Brtt. 352,1 felld með 17:7 atkv.

— 267,1 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JGM, ÓTh, PHann, SK, TT, VJ, ÁÁ, EOl, FJ, GÞ, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM.

nei: JPálm, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, HelgJ.

JörB greiddi ekki atkv.

2 þm. (EmJ GG) fjarstaddir.

Brtt. 333 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, GÞ, JPálm, ÓTh, PO, StSt, TT, ÞBr.

nei: BJ, BjB, EOl, EystJ, FJ, HG, HelgJ, HV, ÍslH, PHann, SEH, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, EE, GSv, JakM, JGM, SK, SkG, JörB greiddu ekki atkv.

2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 267,2 felld með 15:15 atkv.

— 352 felld með 18:7 atkv.

— 267,3 felld með 15:14 atkv.

— 267,4 felld með 15:13 atkv.

— 267,5 samþ. með 16:11 atkv.

— 267,6 samþ. með 16:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, HelgJ, JPálm, ÓTh, PHann, PO.

nei: VJ, ÁÁ, BJ, EOl, FJ, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM.

SK[1]) GSv, JörB greiddu ekki atkv.

1) **SK:** Með því að í þessu frv. eru fólgnar þær umbætur, sem ekki er hægt án að vera, en frv. hins vegar svo gallað, að eg álít ekki vansalaust að afgreiða það eins og það er, greiði ég ekki atkvæði.

2 þm. (EmJ, GG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 356).

Á 57. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:3 atkv.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Mér finnst satt að segja nokkurt kapp lagt á þetta mál, þar sem afbrigða þarf að leita til að knýja það áfram. Ég býst við, að frv. verði vísað til sjútvn., og því mun ég fylgja, svo að þar gefist tóm til umræðu og athugunar. En ég get ekki annað en látið fylgja því strax nokkur orð, hv. þdm. til glöggvunar síðar meir, hvaða afstöðu sem n. kann að taka.

Tilgangur þessa frv. eins og það kemur frá hv. Nd. er að draga úr þeim lögum, sem nú eru í gildi. Þar á að afnema það, að skylt sé að hafa stýrimenn á skipum, 20—30 tonna, þann tíma, „sem leggja afla sinn daglega á land", eins og það er orðað í frv. á mjög óheppilegan hátt. Ennfremur á að afnema 2. vélstjóra á mótorskipum. Í þriðja lagi á að fækka stýrimönnum á varðbátum ríkisins, sem eru innan við 100 tonn. Þá á að fækka vélamönnum um einn á eimskipum stærri en 300 tonna og að auki um aðstoðarmann við vél á stórum eimskipum. — Þetta er í meginatriðum það, sem frv. fer fram á.

Áður en ég fer að rekja, hversu vanhugsaðar till. hér eru á ferð, vildi ég rifja örlítið upp, hvernig lögin um atvinnu við siglingar voru undirbúin. Á þinginu 1935 lágu fyrir till. um að breyta lögunum, sem þá voru í gildi um þessi efni. Breytingarnar snertu m. a. vélamenn á mótorskipum, og mikið var talað um að auka rétt þeirra manna, sem hafa hið svonefnda minna réttindapróf. Sjútvn. sá sitt óvænna að koma fram verulegum umbótum á því þingi, en lagði til, að fram færi nákvæm endurskoðun á löggjöfinni um atvinnu við siglingar.

Upp úr þessu skipaði þáv. atvmrh. (HG) þrjá menn í nefnd til að athuga málið. Einn var ég. Annar var Þorsteinn Loftsson, þá vélfræðiráðunautur Fiskifélagsins, með nákvæma þekkingu á mótorskipum, auk þess sem hann hafði um skeið fengið töluverða reynslu um meðferð eimskipa. Þriðji var Friðrik Ólafsson, sem nú er orðinn skólastjóri stýrimannaskólans; hann átti líka óbilað traust. Engar raddir komu fram um, að mennirnir væru illa valdir. Árangurinn af starfi n. byggðist líka á umsögnum fjölda félaga, sem hún leitaði til, félags skipstjóra, stýrimanna o. s. frv. Ég verð að játa, að kröfur ýmissa stéttarfélaga gengu miklu lengra en n. sá sér fært í því að auka við prófmönnum og krefja meiri undirbúnings til prófanna. N. fór til beggja og reyndi að sætta þá, sem þarna stóðu á öndverðum meið, og eins reyndi hún að miðla málum, þegar hún hafði lagt frv. sitt fyrir Alþingi á haustþinginu 1935 og aftur á þingi 1936. Þar sem það varð að lögum. Málið fékk 8 umr. hér á þingi samtals, var gagnrýnt vandlega og

ýmsar brtt. gerðar. Ég man ekki til, að frá útgerðarmönnum bærist nokkur brtt. En Eimskipafélagið mælti móti fjölgun vélstjóra hjá sér. — Maður skyldi halda, að þarna hafi ekki verið kastað til höndunum. Nú hafa lögin aðeins verið reynd ein tvö ár og á að fara að umbylta þeim. Og ég mun koma að því síðar, að það eru í raun og veru ekki þeir agnúar á löggjöfinni nú, að ástæða sé til að breyta henni eins og hér er farið fram á. Menn munu nú spyrja, hvort þetta sé í samræmi við óskir þeirra manna, sem búa við þessi lög. En það er síður en svo. Þykir mér mjög einkennileg aðferð í máli eins og þessu, að einn stjórnmálaflokkur, sem í raun og veru hefir þekkingu á allt öðru sviði en siglingum og sjávarútvegsmálum, Framsfl., skuli sérstaklega beita sér fyrir því að gera svo róttækar breyt. á atvinnulöggjöf farmanna og fiskimanna eins og hér er gert, án þess að leita nokkuð til viðkomandi stéttafélaga um það, hvað æskilegast væri og heppilegast að breyta. En hér er alls ekki farin sú leið, og ég tel það hart af ábyrgum stjórnmálaflokki, að hann skuli leyfa sér að koma með jafnþýðingarmiklar breyt. í jafnviðkvæmu máli án þess að bera sig nokkuð saman við þá menn og stéttarfélög, sem hér eiga hlut að máli. Enda er raunin sú, að mótmæli hafa komið undantekningarlaust frá öllum stéttarfélögum farmanna og fiskimanna. Ekki einungis frá stýrimönnum, skipstjórum og vélstjórum, heldur og frá öllum félögum, sem maður skyldi halda, að ættu minni hagsmuna að gæta. Ég á þar t. d. við félag það, sem ég er formaður fyrir, Sjómannafélag Reykjavíkur, sem telur um 1200 meðlimi, og eru í því mótormenn og aðstoðarvélstjórar á togurum og allmikið af stýrimönnum, sem sigla sumpart sem hásetar. Ég skal ennfremur benda á — því að vitnað hefir verið í það hér í ræðum —, að óskir hefðu komið um að breyta löggjöfinni. En það hefir ekki komið frá stéttarfélögunum t. d. á Akranesi, heldu frá örfáum útgerðarmönnum.

Ég hefi aðeins drepið lauslega á þau félög, sem mótmælt hafa, en ég ætla að geyma þangað til síðar að benda á, hvaða rök stéttarfélögin færa fram fyrir því, að vilja ekki breyta löggjöfinni. Mér skilst, að það, sem í raun og veru ýti á eftir löggjöf þessari, sé nokkurt loforð um kreppuráðstöfun handa sjávarútveginum með því að fækka þessum mönnum. En þá komum við að merkilegum atriðum, hvað það hefir mikla fjárhagslega þýðingu fyrir útgerðina, og í öðru lagi, hvaða þýðingu það hafi fyrir öryggi yfirleitt á sjónum. Ég hygg, að hv. þm., sem vitaskuld setja sig inn í flest mál, hafi ekki meiri þekkingu til brunns að bera í þessum efnum heldur en stéttarfélög sjómanna yfirleitt.

Þá er fyrst að tala um stýrimenn á mótorbátum, sem nú er ætlazt til, að séu 2 á skipi yfir 20 tonn. Eftir því sem ég veit bezt, þá eru hámarkslaun stýrimanna ¼ hlutur, og fara þau þá vitanlega eftir því, hve aflinn er mikill, og hygg ég, að áður en þessi skylda kom á, hafi alltaf einhver aðstoðarmaður skipstjóra verið á skipinu fyrir aukaþóknun. Þetta hefir tíðkazt í öllum verstöðvum, svo það er mikið spursmál, hvort nokkuð breytist með útgjöldin fyrir útgerðina. Sama er segja um 2 vélamenn, sem skylda er nú til að hafa á bátum, sem eru með yfir 50 hestafla vél, að það er svo hverfandi lítil upphæð, að varla er ómaksins vert að tala um það, að létt sé á útgerðinni, þótt 2. stýrimaður hafi 25 krónur, sem er hámarkið á mánuði fram yfir háseta. Mér finnst því tæpast hægt að leggja mikla áherzlu á það, að afnema þessi lög vegna kostnaðarhliðarinnar. Hitt skal játað, að það hefir ef til vill nokkuð meiri fjárhagslega þýðingu fyrir aðstoðarmann á Eimskip, þ. e. a. s. við vélar, sem slík skip hafa, en það eru ekki allir togarar. Þeir, sem hafa 500 virk hestöfl, eru skyldugir að hafa aðstoðarmann. Hitt getur alltaf verið ágreiningsmál, hvort eigi að miða við þetta mark eða annað. En hér hefir verið farið eftir reglu, sem tíðkazt hefir í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, að skipa ákveðna reglu um það, hvernig eigi að reikna virkar vélar, og við það er mannaflið miðað. Þetta er að vísu dálítið fjárhagsatriði miðað við á mótorskipum, sem er líka sáralítið. Á síðustu árum hefir úthald togara verið yfirleitt um 9 mánuðir, og þessi maður hefir 330 krónur, ef ég man rétt (það má leiðrétta það seinna), í þessa 9 mánuði, og náttúrlega fæði í viðbót. Því hefir verið haldið fram, að þessi maður væri með öllu óþarfur. En ég er alveg á gagnstæðri skoðun, og get ég fært full rök að því, m. a. á þann veg, að hjálparvélaaukning um borð á þessum skipum hefir vaxið stórkostlega á seinustu árum, sé t. d. miðað við fyrir 15 árum. Nú er hvert einasta skip raflýst, og pössun öll á raflögnum hvílir á vélstjóra. Það eru líka til skip með vinnsluvélum, sem vinna úr úrgangi, sem að öðrum kosti færi fyrir borð. Þetta eru algerlega nýjar vélar, og öll gæzla þeirra hvílir einnig á vélstjórum. Þá eru ýms tæki, sem nú eru til öryggis á skipum, svo sem dýptarmælir, sem öll eru í umsjá vélstjóra. Reynsla síðustu ára hefir sýnt, að tækni og auknar vélar gera ferðir um sjóinn öruggari. Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að vélagæzla er miklu umfangsmeiri en áður. Og er því ekki nema eðlilegt, að vélstjórastéttin óski eftir meiri aðstoð heldur en áður, á meðan þessi tæki voru ekki til hér á skipum.

Þá eru farþegaskipin, sem mjög hafa aukið vélar sínar frá því fyrir 10 árum. T. d. rafljósin með öllum þeim leiðslum á farþegarými og víðar. Á mörgum eru frystivélar, sem hafa þann útbúnað, að halda óskemmdum matvælum, ekki eingöngu milli hafna, heldur og til útlanda. Og eftir því, sem ég veit bezt, kosta þessar vélar mjög mikla pössun, sem öll hvílir á vélstjórum, að ég ekki tali um allar vatns- og skólpleiðslur, sem heyra undir vélstjóra hvar sem skipið er. Þetta þýðir, að krafa skipstjóra um aukið mannafl á skipum er mjög eðlileg. Og ef við berum saman löggjöfina frá árinu 1915, þá löggjöf, sem Alþingi viðurkenndi, að mikið væri við að athuga, og þá löggjöf, sem Alþingi ætlar að búa okkur nú, þá er stór afturför. Því að það er ætlunin að fækka mönnum á skipum miðað við árið 1915. Ég verð að segja, að ég harma það, að á hinu háa Alþingi Íslendinga á því herrans ári 1938 skyldi ekki vera kominn meiri skilningur í þessu máli en svo,

að ætla að fækka mönnum um leið og aukin er bæði þekking manna í faglegum efnum og aukið mannahald með tilliti til meiri véla og meiri hraða. Hér á að skera niður mannahald og draga úr því, svo að starfið er gert sjómönnum erfiðara en lögin 1915 gera ráð fyrir. Ég segi, að þessir ráðunautar, sem með þessi mál fara, já, ég segi bara: Guð hjálpi þeim mönnum, að þeir skuli eiga að stjórna og ráða löggjöfinni í þessu landi, með tilliti til allrar þeirrar þekkingar, sem þarf að hafa á þessum málum. (IngP: Það er alltaf gott að hafa guðs hjálp). Það er kannske óviðeigandi að nefna guð í þessu sambandi, en svo langt má ganga í öfgunum niður á við, að á guðs hjálp þurfi að halda til að benda á réttu leiðina, ef mannlegur skilningur er svo takmarkaður, að hann greini ekki rétt frá hinu ranga og skaðlega.

Ég hefi lauslega bent á þá fjarstæðu, að fækka vélamönnum á þessum stóru skipum. Ég skal taka það strax fram, að í lögin hefir slæðzt (eins og þau eru nú) eitt ákvæði, sem ekki er tilætlunin hjá n., sem samdi lögin. Það er, að þau skip, sem eingöngu eru flutningaskip, þótt vélin sé allt upp í 2500 hestöfl, er ekki ætlazt til, að hafi nema 3 vélstjóra. Þar hefir aðstoðarmaður bætzt við af misskilningi, og það er sjálfsagt að leiðrétta það.

Þá kem ég að stýrimönnunum. Hér er ætlazt til á skipi eins og Esju að hafa 2 stýrimenn, og á hverjum togara, sem eftir núgildandi lögum á að hafa 2 stýrimenn, skuli vera einn, og er miðað við 300 tonn, varðbátur 1 stýrimann, ef hann er innan við 100 smálestir.

Ég skal nú sýna með rökum, hve mikil fjarstæða þetta er. Ég hygg, að orðin séu a. m. k. 20 ára ákvæði, að öll skip, sem sigla með farþega, eigi að hafa 3 stýrimenn. Varðbátar, sem á seinni árum hafa verið notaðir til landhelgisgæzlu, þótt ekki hafi verið nema vissan tíma, hafa haft 2 stýrimenn. Það sjá allir, hve mikil fjarstæða það er, að kippa einum stýrimanni burt. Og stýrimenn á togara eru komnir inn á það af nauðsyn að hafa 3. Ég man það, þegar ég var á togara síðast árið 1918, þá var byrjað að lögskrá á togara 2 stýrimenn án þess að það væri fyrirskipað með lögum, og það var þá yfirleitt talið nauðsynlegt að hafa 3 menn, sem hefðu ábyrgð á stjórn skipsins, eins og þá voru miklar vökur allt þangað til vaktaskipti komust á samkvæmt lögum. Það er ekki hægt að deila þessu á fleiri menn til þess að annast siglingu skipsins og alla stjórn ef skipið er á ferðinni að ég ekki tali um, þegar það er á leið milli landa og jafnvel á þröngri siglingu, þegar komið er til annara landa. Þá getur orðið að láta 2. stýrimann bera ábyrgð á vaktinni, enda þótt hann geti ekki orðið ábyrgur samkv. lögum, ef eitthvað kemur fyrir. Yfirleitt er með samþykki útgerðarmanna viðkennt, að nauðsynlegt er að hafa 2 stýrimenn, og þess vegna var sjálfsagt að lögfesta þetta á eimskipum með 300 rúmlestir, þó að um fiskiskip væri að ræða.

Nú er lagt til, að þessi maður sé tekinn burt aftur. Ég hefi ekki orðið var við, að útgerðarmenn hafi gert neinar kröfur um þetta. Enda ef maður spyr úterðarmenn, þá segjast þeir ekki hafa um það beðið, og að þessi maður verði notaður sem annar stýrimaður, hvað sem löggjöfin segir. Ef við berum saman hliðstætt starf í öðrum löndum, þá sjáum við, að á mörgum litlum togurum hjá Frökkum eru stýrimennirnir oft 3, og Spánverjar hafa oft á meðan þeir eru hér 4 stýrimenn. Það skal játað, að Englendingar hafa ekki nema einn stýrimann, en bátsmann hafa þeir svokallaðan, sem gegnir í raun og veru nákvæmlega sömu störfum á togara eins og 2 stýrimaður og stjórnar vakt á siglingu. Og bátsmaðurinn verður að kunna vissar reglur um stjórn á skipum og siglingum eins og 2. stýrimaður. Bretar borga líka þessum manni hærra en venjulegum háseta með tilliti til þessa. Það er því ekkert sérstakt í núverandi löggjöf miðað við það, sem gildir hjá okkar nágrannaþjóðum.

Ég minnist þá næst á varðbátana. Það er nú svo, að við höfum öll heyrt söguna um borðstokkinn og naglann í Garðsjó fyrir mörgum árum, þar sem aðeins einn maður var um borð með einhverja sjófræðiþekkingu og þekkingu á að mæla fjarlægð skips frá landi, en ekki betur útbúinn tækjum og kannske kunnátta líka á takmörkum, og krotaði á borðstokkinn með naglanum, og er frægur fyrir. Það er heimtuð af þessum mönnum meiri sjófræðiþekking og málaþekking heldur en af farmönnum yfirleitt, og ekki nægir, að það séu einn til tveir menn; því það getur og hefir undir mörgum kringumstæðum verið ófullnægjandi, eins og ég mun greina. Jafnvel þótt um 60 smálesta báta sé að ræða, ef þeir taka togara, þá verður alltaf einn, sem vanalegast er stýrimaður, sem er svokallaður byssumaður, að standa í stafni við byssuna, til þess, ef skipstjóri fyrirskipar, að láta skot ríða af. Ennfremur verður skipstjóri að sjá um stjórn á skipinu og mæla fjarlægð togarans frá landi og jafnvel taka margar mælingar. Og það er ekki nóg, að skipstjóri einn geri slíkar mælingar. Það verður líka annar að gera það. Reynslan í sjóréttí er sú, hér eins og annarsstaðar, að dómur hefir fallið þannig, að fyrir voru ekki fullnægjandi sannanir, þegar um einn mann hafði verið að ræða, og hafa þá sökudólgarnir sloppið. Og útlendingar taka ekki gildar mælingar, sem einn maður hefir gert, heldur verða tveir menn að gera þær. Og getur þá nokkur annað en játað því, að nauðsynlegt sé að hafa 3 menn með fullkominni þekkingu til að taka togara?

Þá er önnur hlið málsins. Nú kemur fyrir, að togari er tekinn og þarf að flytja hann til lands. Þá er óverjandi að láta ekki stýrimann fara um borð í skipið ásamt háseta. Ég nefni til, að það, sem skeði á árinu 1937, þar sem einn háseti með litla þekkingu á enskri tungu og náttúrlega kjarklitill þess vegna, að hann gat ekki talað, var settur um borð í enskt skip, sem sigldi svo til Englands. Í öðru tilfellinu var stýrimaður ekki til að fyrirskipa að halda til lands. Þetta er alveg óþolandi, og myndi hvergi vera framkvæmt nema hér hjá okkur Íslendingum í sambandi við togaratöku. Þegar nú er settur um borð í togara einn maður, og þarf að taka annan togara, þá fer lítið að vera eftir á skipinu, ef skipstjóri stendur einn, kannske stýrimannslaus,

til að gera nauðsynlegar mælingar og margt fleira. Ég hefi bent á 2 dæmi í þá átt, að það er barnaskapur einn að hugsa sér varðbát, sem tæki sökudólg, með einum stýrimanni. Enda er það vitað, að skipaútgerð ríkisins hefir haft 2 stýrimenn á skipum, þótt undir 60 rúmlestir væru og þeim bæri ekki skylda til þess. Svo kemur þetta virðulega frv. og segir, að einn stýrimaður eigi að vera á varðbát undir 100 rúmlestir, og á farþegaskipum 2 stýrimenn, t. d. Esju. Allir vita, að hún er gerð til að geta flutt með ströndum fram um 200 manns. Og yfirleitt er litið svo á, að skip, sem slík ábyrgð hvílir á, þurfi að gæta hins fyllsta öryggis, ekki einungis með því að hafa nóg af tækjum, heldur og líka áhöfn.

Esja var í förum milli landa á síðastl. sumri og flutti enska og fleiri þjóða farþega. Og það er mikil ánægja hjá því fólki, að hafa ferðazt með Esju. En hugsum okkur þann möguleika, að komið hefði það fyrir skipið, að þurft hefði að setja í báta allt fólk, sem var á skipinu. Það er svo til ætlazt, að í hverjum bát sé maður með kunnáttu til að leita til lands. Nú eru bátarnir 4, og á hverjum á að vera einn stýrimaður og þá bátsmaður. Því í öllum alþjóðareglum er gert ráð fyrir því, að skipstjóri fari ekki í björgunarbát, því að hann á að vera síðasti maður, sem gengur af skipi. Og oft getur verið, að hann bjargist ekki, þótt allir aðrir bjargist. Bara þetta litla dæmi nægir til að benda á hve mikil fjarstæða það er að fækka stýrimönnum af farþegaskipum. Enda er ég ekki farinn að heyra rök fyrir því enn. Og grunur minn er sá, þó að út í það verði farið, að afnema með lögum 3. stýrimann á þessum skipum, þá sé ekki sopið kálið, þótt í ausuna sé komið. Því ég hygg, að það gæti orðið til þess, að bæði skipstjórar og stýrimenn neituðu, og ég býst við, að stéttarfélög sjómanna myndu seint ganga inn á að manna þessi skip með tveimur stýrimönnum.

Allt, sem ég hefi nú sagt, sýnir, hve mikil fákænska og fáfræði lýsir sér hjá þeim hv. þm., sem flytja frv. Í grg. er vitnað í nágrannaþjóðir okkar, hvað tíðkaðist hjá þeim í þessum efnum. En ég get þá upplýst það í sambandi við þetta, að með hverju einasta ári er, sumpart með löggjöf einstakra þjóða og sumpart með alþjóðasamningum, alltaf verið að keppa að meira öryggi fyrir sjófarendur, án tillits til, hvort um farþegaskip eða önnur er að ræða. Og þessar öryggisráðstafanir eru miðaðar m. a. við það, að láta skipin hafa ýms nútímatæki, sem hafa leitt í ljós, að treysta betur öryggið, t. d. dýptarmælir o. fl. Og auk þess eru það alþjóðakröfur, að mannahald á skipum sé aukið hjá þeim þjóðum, sem mannahald hefir verið minna en hjá hinum.

Ég get bent á ýmsar stórar siglingaþjóðir, sem og t. d. Frakka, að ég ekki tali um Bandaríkjamenn og Ástralíumenn, sem þurfa yfirleitt ekki að spara fólk. Það eru aðallega smærri þjóðir, sem verða að spara fólk, sem helzt hafa eitthvað gert í þessu efni. En samt er verið að þrýsta hinum smærri þjóðum til að fylgjast með þeim stærri í auknu mannahaldi og auknum útbúnaði. Norðmönnum dettur t. d. ekki í hug að manna millilandaskip yfir vissri stærð með minna en þrem stýrimönnum. Á því sízt við að segja, að við séum langt á undan öðrum siglingaþjóðum í þessu efni. Nú sitja á rökstólunum n. frá stj. Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, sem vinna að því að samræma og auka mannahald og bæta vinnutilhögun á skipum, til þess að auka öryggið. Ég veit reyndar ekki, hve langt er komið starfi þessara n. En þær vinna sameiginlega að þessu, sem ég nefndi. Og ættum við svo að fara að ganga 30 ár aftur í tímann, meðan á döfinni er hjá þessum þjóðum löggjöf um aukið mannahald og aðrar endurbætur? Það væri blettur á okkur Íslendingum. Við erum talsverð fiskimanna- og farmannaþjóð, og væri það vissulega blettur á okkur, ef við færum nú að stiga sporið aftur á bak í þessum efnum. Það hefir vakið athygli á Íslendingum úti um heim, að þeir voru með þeim fyrstu, sem lögbuðu loftskeyti á skipum og sýndu með því, hvað þeir væru framarlega í menningarlegu tilliti. En ef við færum nú að takmarka mannahaldið á skipum okkar, þá myndi það sízt verða til þess að auka hróður okkar meðal erlendra þjóða.

Þá er eitt atriði enn. Í l., sem nú gilda, er gert ráð fyrir, að enginn geti orðið skipstjóri á mótorbát, nema hann hafi unnið sem stýrimaður á slíku skipi svo og svo mörg ár. Ef þessum stýrimönnum er nú vikið af skipunum, hver getur þá orðið skipstjóri? Eftir frv. yrði svo komið eftir nokkur ár, að enginn gæti orðið skipstjóri. En það er nú hinsvegar að verða að meginreglu í okkar þjóðfélagi að skylda menn til að undirbúa sig undir störf sín með því að læra svo og svo mikið. Nú er það vitað, að í siglingafræðum er bókleg fræðsla ekki einhlít; verkleg kunnátta og æfing eru þar ekki síður nauðsynlegar. Með þessu frv. er kippt burtu þeim möguleika, að menn geti unnið sig upp í störf sín á þessu sviði. Ég skal í þessu sambandi segja smásögu, sem þjóðkunnur maður sagði mér, Emil Nielsen. Hann sagði, að til sín hefði komið bankastjóri nokkur og beðið sig um rúm á einu af eimskipum félags hans fyrir mann norðan úr landi: Maðurinn hafði að vísu ekkert lært til sjómennsku, en bankastjórinn kvaðst ætla að gera hann að skipstjóra og láta hann ganga á skóla síðar. Emil Nielsen kvaðst hafa svarað: Ég ætla að koma til yðar með pilt ofan úr sveit, sem verið hefir fjósamaður, þér látið hann í bankann, til þess að hann geti orðið bankastjóri, og svo læt ég hann síðar ganga á verzlunarskólann. Þetta er gott dæmi um þann hugsunarhátt, að menn þurfi ekki að búa sig undir lífsstarf sitt. Ég hefi sjálfur verið í siglingum um 20 ár og hefi því til að bera nokkra dómgreind um það, hvað til þarf að geta tekið við stjórn á skipi. Það þarf mikla þekkingu til að geta stýrt gegnum allar þær hættur, er sjófarendur hendir. Og ég vil ekki vera í hópi þeirra manna, er vilja rýra þann möguleika, að Íslendingar geti átt farmenn, sem jafnist á við þá beztu, sem til eru meðal annara þjóða.

Ég hefi hér talað nokkuð langt mál, en vil þó ekki beita neinu málþófi. Ég get gagnrýnt

frv. í fleiri atriðum, ef umr. heldur hér áfram, eða þá við 2. umr., til að upplýsa hv. deildarmenn um það, hvert skaðræðismál hér er á ferðinni. Þó vil ég fylgja málinu til n., því að ég ber það traust til hv. nm., að þeir vilji a. m. k. klípa af frv. verstu agnúana og reyna að gera vit úr óviti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, 458, n. 468 og 470, 469, 503).

***Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Við höfum ekki getað orðið sammála um þetta mál í sjútvn., og höfum við hv. 2. þm. S.-M. orðið ásáttir um að leggja til, að frv. verði samþ., þó með töluverðum breyt., sem við höfum lagt fram á þskj. 469. Ég skal geta þess, að margar að þeim breyt., sem við höfum lagt til, að gerðar séu á frv., eru shlj. brtt., sem hv. 6. þm. Reykv. flutti í Nd., en voru þar felldar. Okkur hefir virzt, að þessi miðlunarleið, sem við hér förum, gæti orðið að samkomulagi í þinginu, þó það samkomulag næðist ekki í Nd. Við höfum því stillt brtt. okkar í hóf með tilliti til þess.

Að því er snertir skyldu vélbáta til að hafa stýrimann auk skipstjóra, þá höfum við gert ráð fyrir, að það sé ekki skylt fyrir fiskiskip og báta undir 40 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn daglega á land eða stunda síldveiðar tveir um nót. Það er hinn mesti misskilningur, að það sjónarmið komi til greina, þegar menn eru að leggja það niður með sér að vera tveir um nót, hvort skylt er að hafa stýrimenn eða ekki. Það mun ekki koma oft fyrir, að stærri bátar slái sér saman tveir um nót til að losna við að hafa stýrimenn. Ef þeir eru það stórir, að menn treysti þeim til að vera einum um nót, þá er það mesta arðsvonin. Það eru því aðeins minni bátarnir, sem koma til greina með að vera tveir um nót. Það virðist vera óviðkunnanlegt að skylda slík skip til þess að hafa alls 8 yfimenn á báðum skipunum.

Hv. þm. munu hafa tekið eftir því, að við höfum hvað snertir vélamenn á skipunum lagt það sama til, sem hv. 6. þm. Reykv. lagði til í Nd. Þar er einnig leitazt við að sigla bil beggja, þannig að það verði sá léttir á fiskiskipunum, sem það nauðsynlega þarf að vera, og hinsvegar tel ég eftir okkar till., að hvergi sé skert hið nauðsynlega öryggi, sem gera þarf.

Að því er snertir vélamenn á mótorskipum, sem eru með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, þá er lagt til, að c-liður 52. gr. orðist svo sem segir í brtt. á þskj. 469. Það er m. ö. o. lagt til, að þessir bátar, en þessi stærð nær yfir mestallan mótorbátafjöldann, hafi einn vélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 36. gr. Þó eru fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eða stunda síldveiðar tveir um nót, ekki skyldir til að hafa undirvélstjóra ef skipstjóri hefir sömu réttindi og undirvélstjóra er ætlað að hafa. Það er þýðingarmikið atriði, hvort skip, stjórar á bátunum hafa vélstjórakunnáttu eða ekki. Þegar verið er að meta þetta út frá því sjónarmiði, hvort öryggið er skert eða ekki, þá virðist okkur hv. 2. þm. S.-M., að hið mesta tillit verði að taka til þess, hvaða kunnáttu formennirnir á bátunum hafi.

Þá vildi ég víkja að þeirri mótbáru, sem tíðast kemur fram, þegar talað er um að afnema þessa stýrimanna- og undirvélstjóra skyldu á vélbátunum. En hún er sú, að með því verði mönnum gert ómögulegt að vinna sér inn réttindi, þar sem ekki sé lengur skylt að hafa stýrimenn og undirvélstjóra. En menn þurfa samkv. l. að hafa siglt svo og svo langan tíma sem stýrimenn eða undirvélstjórar til þess að fá hin æðri stig. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að það er engu að síður heimilt að skrá menn sem stýrimenn á skip og undirvélstjóra, þó það sé ekki skylt. Mér er kunnugt um, að í Vestmannaeyjum hafa menn, sem voru að læra, hvort sem það var stýrimanna- eða vélstjóralærdómur, verið skráðir á skip sem slíkir í því skyni að öðlast sín réttindi. Ég held, að óskir manna um að vera skráðir á skipin í þessu skyni verði ávallt uppfylltar af útgerðarmönnum, ef þeim er ekki þar með lögð sú skylda á herðar að greiða þeim, sem skráðir eru stýrimenn eða undirvélstjórar, hærra kaup.

Ég vildi með þessu sýna, að með þeirri brtt., sem ég og hv. 2. þm. S.-M. leggjum til, er á engan hátt lagður þröskuldur í veginn fyrir það, að hinir ungu verðandi stýrimenn eða undirvélstjórar geti fullkomnað sig í sínum greinum lögum samkvæmt. Það er einungis það, að ekki er lagaskylda um það, að þessir menn séu innanborðs, og í því tilfelli, sem ræðir um undirvélstjóra, þá eru bátar því aðeins undanskildir þeirri skyldu, að þeir komi daglega að landi eða séu tveir í félagi um síldarnót. Í báðum þessum tilfellum er það tilskilið, að formennirnir hafi samskonar réttindi og undirvélstjórum er ætlað að hafa lögum samkvæmt.

Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem hafa haft á móti þessu af svokölluðum öryggisástæðum, geti fallizt á, að till. okkar meiri hl. sjútvn. gangi svo langt, sem þörf er á til þess að tryggt sé það öryggi, sem þarf að vera tryggt.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Ég læt það nægja, sem ég nú hefi sagt, þangað til ef þörf krefur að bæta einhverju við.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Eins og nál. ber með sér, þá gátum við ekki orðið samferða í þessu máli í sjútvn. Það er eins og það sé tímans tákn hér á Alþ., að þau mál, sem mestum styr valda, eru þau mál, sem heita réttindamál hins vinnandi lýðs. Rétt á undan var mál, sem risið hefir af óánægju út af því, að ekki séu nógu margir, sem fái að læra í hinum ýmsu iðngreinum og það þurfi því að rýmka fyrir mönnum í þeim efnum. Í þessu máli skilst mér, að það eiga að kippa réttindunum af þeim, sem þegar hafa lært og eru

byrjaðir að vinna, að þeir fái ekki lagalegan rétt til að stunda þau störf, sem þeir hafa lært til.

Ég ætla þá til að byrja með að ræða örlítið þær brtt., sem meiri hl. n. hefir gert í þessu máli. Ég skal viðurkenna það strax, að þessir menn hafa haft þó nokkurn skilning á því, hver endemis vitleysa frv. er, en mig grunar, að þeir sjái líka sjálfir, að þær till., sem þeir nú gera, eru til skaða.

Þeir hafa flutt brtt. við 1. gr., en hv. frsm. meiri hl. var að reyna að rökstyðja það, að þar væri nokkuð séð fyrir öryggginu. Honum er það dálítið viðkvæmt mál, því hann hefir staðið mjög framarlega í slysavarnafélagsskap í Vestmannaeyjum. Honum er það því nokkuð viðkvæmt mál, hvernig séð er fyrir öryggginu, þegar út á sjóinn er komið, og þá einnig það, hversu mikil þekking manna er til að stjórna, þegar út á úfinn sjó er komið. En nú er ekki nóg með það, að ákvæði frv. um að undanskilja stýrimenn á bátum undir 30 rúmlestir fengi að haldast, heldur hafa nm. orðið ásáttir um að rýmka það upp í 40 rúmlestir, sem Nd. gat ekki fallizt á. Mér finnst nú, að sökin sé farin að færast upp í bekkinn, þegar menn láta sér ekki nægja að miða þetta við 30 smálestir, heldur færa það upp í 40. Ég hefi gert nokkra grein fyrir því, hvað þetta snertir marga báta, ef miðað er við 30 rúmlestir. Ég hefi ekki kynnt mér, hvað það munar miklu, ef miðað er við 40. En ef miðað er við 30, þá eru það 90 stýrimenn, sem koma til með að vera sviptir lagalegum rétti til þess að vera stýrimenn, eins og skipaflotinn er nú.

Einasta ástæðan fyrir þessu, að því er manni virðist, er sú, að það sé svo mikill kostnaður, sem fylgi því að hafa stýrimenn. Glöggur maður, sem hefir kynnt sér þetta mál, hefi komizt að raun um, að kaup það, sem stýrimenn bera frá borði til jafnaðar, miðað við vertíð, muni vera um 75 aurar á dag. Það eru meiri ósköpin, sem felast í þessari kvöð á útgerðinni.

Það er sagt, að þetta eigi að miðast við skip, sem ætlað er að leggja afla sinn daglega á land. En það getur verið, að þessir bátar liggi úti 3—4 daga, kannske viku. Þeim er ætlað að koma daglega í land, en þeir hafa bara ekki fyllt sig yfir daginn, svo þeir liggja áfram úti þangað til þeir eru búnir að fylla sig. Það er alveg hægt að fara í kringum þetta ákvæði. Eftir l. var svo tilskilið, að þetta mætti ekki gilda um síldveiðar, en nú er því bætt við, að þetta gildi um báta, sem eru tveir um nót. Það er með þessu verið að ýta undir stærri báta en áður að vera saman um nót, til þess að losna við stýrimann og undirvélstjóra. Það er svo um þá báta, sem eru saman um nót, að þegar annar báturinn er fullfermdur, þá fer hann í land, en hinn er eftir úti. Ef þessi bátur lendir nú í dimmviðri, þá útheimtir það þekkingu að stýra þessum eina bát í land, svo hann strandi ekki eða rekist ekki á önnur skip. Hvaða trygging er fyrir því, að þetta takist, þegar aðeins er einn maður um borð, sem kann siglingareglurnar, en er kannske orðinn mjög þreyttur? Nú á skipstjórinn að vera vélamaður, ef svo ber undir, og þá er enginn maður á skipinu, sem kann að haga sér með þokumerki og annað, sem nauðsynlegt er til að forðast ásiglingu. (JJós: Vélamaðurinn). Hann kann ekki siglingareglurnar. Það er skipstjórinn einn, sem kann þær, en hann getur verið forfallaður frá að vera uppi. Það getur viljað til, að hann þurfi að fá sér blund, og þá verður hann að hafa annan við stýrið. Það vill oft svo til, að annar báturinn er úti í sjó, en hinn fer heim með aflafenginn. Stundum fara þeir líka báðir í land, og þá sigla þeir samtímis.

Það er því svo mikil fjarstæða frá öryggissjónarmiði, að það þurfi ekki að vera siglingafróðir menn á þessum skipum. Ég er hissa á því, að þm., sem unnið hefir með dugnaði að öryggismálum, skuli hafa dottið í hug að koma með jafnfráleita till. og hér um ræðir. Ég hefi sjálfur verið við Norðurland um síldveiðitímann, svo ég veit, hvað mikið er þar um þokur og dimmviðri. Það veitir því ekki af kunnáttu til að sigla í land. En því miður hafa oft viljað til strönd í dimmviðrum. Ég segi ekki, að það hafi alltaf verið vegna þess, að ekki voru siglingafróðir menn við hendina. Það þarf sannarlega útsjón við síldveiðarnar, svo ekki hljótist slys af.

Þegar ég var unglingur, þá minnist ég þess, að það voru smá skip, sem sigldu út á haf til þorskveiða, sem ekki höfðu 2. stýrimann. (JJós: Það voru seglskip). Það er einmitt það merkilega, að menn skuli halda, að það þurfi minni kunnáttu á vélskipi en seglskipi. Með auknum hraða og notkun vélaafls, þá er þekkingin einmitt nauðsynlegri heldur en áður var á seglskipunum.

Þetta er svo mikil afturför í okkar löggjöf, að ég stend agndofa og undrandi yfir því, að slíkar till. skuli vera fram komnar til þess að spara 75 aura á dag á einum stýrimanni á þessum fleytum.

Næsta brtt., sem ég geri að umtalsefni, er 3. brtt., um aðstoðarmenn við vél á fiskiskipum. Þar er gerð sama till. og nú er í frv., að þau skip, sem hafa minni vél en 800 hestafla, skuli vera undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél. Það mun nú vera á 24 togurum af 37, sem aðstoðarmenn eru í vél. Það var talið nauðsynlegt, að aðstoðarmenn í vél væru á þeim togurum, sem höfðu yfir 650 hestaflavél. Það hefir verið færð sem ástæða fyrir því, að í sum stærri skipin væru komnar mjölvinnsluvélar, sem þurfi nákvæmt eftirlit, að því viðbættu, að í hvern einasta togara eru komin á síðustu 5 árum véltæki til bræðslu lifrar. Og það er alltaf verið að endurbæta þetta vélakerfi, sem kostar meiri pössun. Það er ekkert tillit tekið til þessa, hvorki af þeim, sem sömdu frv., né af meiri hluta n., að það má gera mun á því, hvort togararnir hafa svona mikið vélakerfi, miðað við hinar minni vélar. Og ef við förum aftur í tímann, til ársins 1915, þegar fyrsta löggjöf um skyldu til að hafa vélamenn á skipum var sett á þingi, sjáum við, að þá var svo ráð fyrir gert, að við vél, sem væri 600 hestöfl (þ. e. a. s. eins og venjulega er gefið upp um stærð vélanna í hestöflum), þá áttu að vera 3 vélstjórar á þess-

um skipum. Og undir það ákvæði komust allir stærri togarar, sem höfðu stærri vélar. Ég hygg, að miðað við þessi l. frá 1915, sé í þessu efni um hrapalega afturför að ræða, þar sem nú er lögð áherla á meiri flýti skipanna en þá var, og auk þess þurfa vélarnar nú meiri pössun en þá. Hvaða skilningur liggur á bak við þetta?

Á okkar skipum hafa vélstjórar lagt á sig miklar viðgerðir á vélum um borð í skipunum sjálfum, meira en hjá nokkurri annari fiskiþjóð. En líkurnar fyrir því, að þeir geti annað þessu, sem numið hefir útgerðina mörgum þús. kr. á ári, eru að hverfa með þeim till., sem hér eru bornar fram, ef að l. verða. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. um það, að miða hér við 650 hestafla vélar, sem vitanlega eru niðurreiknaðar vélar, þannig að 650 hestafla vél mundi áður hafa verið 700 hestafla vél í öllum venjulegum tilfellum. En þó að ég hafi gert þessa brtt. lýsi ég því yfir, að ég er mótfallinn því, að aðstoðarmenn séu afnumdir af togurum. Ég hefi fengið mjög áreiðanlega skýrslu um, að þeirra sé þörf á togurunum. Um kostnaðinn við að hafa þessa menn á togurunum hefi ég tekið fram í nál. minu. Þeir munu starfa um 9 mánuði á skipunum, og þá er um 3½ þús. kr. þar að ræða. Ég fullyrði, að hér er um óhagsýni að ræða, fyrir útgerðina, að afnema slíka menn sem þessa. Það kemur miklu færra í land af því, sem gera þarf við vélar, með því að hafa þá á skipunum. Og það er dýrast fyrir útgerðina að flytja aðgerðirnar í land, ef hægt er að gera þær um borð. Ég hygg, að kostnaður við það komi því alveg fullkomlega á móti þessum 3½ þús. kr. svona til jafnaðar. En ég býst hinsvegar við, að hér komi ekki rök til greina í þessu efni, heldur sé það ætlunin, að málið skuli fram, hvað sem öllum rökum líður.

Ég sé, að n. hefir fallizt á þær till., sem ég gerði hvað snerti aðstoðarmenn á stærri skipum. Hún hefir breytt þeirri fáránlegu till., sem í frv. fólst, að afnema 3. vélstjóra á skipum eins og Brúarfossi og Dettifossi. Hún hefir breytt þeirri till. réttilega með því að láta hann vera, en afnemur svo aðstoðarmann á þessum tveimur skipum, og líka hinum öðrum stærri skipum, sem skylt er samkv. l. að hafa aðstoðarmenn á. En það hefir ekki verið lögð áherzla á að koma með brtt. um þetta, vegna þess að við vitum, að aðstoðarmaður af Brúarfossi og af Dettifossi verður ekki afnuminn. Og til hvers er þá að vera að breyta l. um þetta atriði? Þessi aðstoðarmaður er búinn að vera á skipunum frá því þau komu til landsins og var settur af nauðsyn í upphafi. Og vélstjórinn lætur aldrei þennan mann af höndum. Ég færði fram við 1. umr. gild rök fyrir því, hve mikil nauðsyn er á því um borð í farþegaskipi að hafa slíkan mann. Ég veit ekki, hvort hægt er að kalla það annað en hálfgerðan skollaleik, að vera að breyta l., vitandi það að ekki verður farið eftir þeim, eins og um er að ræða í þessu atriði.

Ég skal viðurkenna, að meiri hluti sjútvn. hefir gert ýmsar brtt., sem eru til bóta. T. d. er nú eftir 3. vélstjórinn, sem mun standa í till. n. Það er þó svolítill glampi af skilningi hjá n. í þessu máli. Ennfremur skal þess getið, að n. hefir haft fullan skilning á því, hve barnaleg till. var um að láta 3. stýrimann vera kyrran á Súðinni, en afnema hann á Esju. Hún leggur þó til, að þessar till. í frv. verði felldar. Það er þó rétt að geta þess, sem gert er vel. En ég segi frá þessu til þess að benda á, hve mikill feikibarnaskapur og þekkingarskortur hefir átt sér stað hjá þeim mönnum, sem samið hafa og borið fram þetta frv. Ennfremur ætlazt n. til, að hafa megi tvo stýrimenn á varðbátum yfir 60 tonn. Allt skal tint til, sem n. hefir vel gert.

Þá leggur n. til, að á fiskiskipum verði aðeins 3 vélstjórar. Og það er alveg rétt ráðið. Ég get þess í minu nál., að það er ein af þeim fáu till., sem n. gerir, sem eru alveg réttlátar, því að það er fyrir misgáning komið inn í l., að fjórði aðstoðarmaður skuli vera á skipum með yfir 1200 hestafla vél, sem flytja þungavöru, en ekki fólk.

Þá kem ég að 4. brtt. hv. meiri hl. sjútvn., um vélamennina. Mér hefir reiknazt svo til, með aðstoð kunnugs manns, að ef tekinn er okkar fiskifloti nú, eins og hann er, þá muni láta nærri, að hér sé verið að afnema 2. vélamann á svo sem 200 fiskibátum. Það mun láta nærri, að af þessum 313 mótorskipum yfir 12 smálestir, muni vera 200, sem hafa 50—150 hestafla vél. Hér er reynt að lappa upp á þetta, eins og sjá má af brtt., þar sem stendur, að því aðeins skuli undirvélstjóri afnuminn, að skipstjóri hafi vélgæzluréttindi. En hér er illa séð fyrir öryggi á þessum skipum, þar sem auðvitað hæglega getur komið fyrir, að þessi *eini vélstjóri fatlist frá* starfi sínu, t. d. meiði sig í vélinni, og verði þá þessi eini kunnáttumaður, skipstjórinn, að fara niður í vélarrúm og stjórna vélinni. Ég vil nú bara segja það, að hv. þm. Vestm. hefir ekki séð vel fyrir öryggi þarna, því að í flestum þessum bátum á enginn stýrimaður að vera. Nú mun vera sama ástæðan fyrir þessu, að það eigi að koma í veg fyrir þann kostnað, sem leiðir af því að hafa 2. vélamann. Og þessi kostnaður, sem hér er um að ræða, er kannske mikill í augum hv. frsm. meiri hl., en í mörgum þessum tilfellum er slíkur kostnaður ekki stór í augum útgerðarmanna sjálfra, þessar 25 kr. á mánuði. En það er sú upphæð, sem greidd er 2. vélamanni í þessum tilfellum vegna fagsins. En mér er sagt það af kunnugum mönnum, að í Vestmannaeyjum sé alls ekkert greitt fyrir þessi aukastörf, hvorki 2. vélamanni né 2. stýrimanni. En hvað sem er um það, þá er þó a. m. k. greitt minna fyrir það þar en hér við Faxaflóa. Svo að það getur ekki verið eins alvarlega meint hjá hv. þm. Vestm. eins og orð hans féllu í ræðu hans, að hér væri um svo mikið fjárhagsatriði að ræða. Hvað lengi eru 25 kr. að fara í súginn fyrir vankunnáttu við hirðingu einnar vélar? Hvað kostar svona stykki? Fróður maður á sviði mótorvéla hefir tjáð mér, að hvert hestafl í mótorvél kosti frá 250 og upp í 300 kr. Hvert *mistakatilfelli af hálfu* vélstjóra á vélarpössuninni getur numið mörgum 25 kr. Þeim, sem samþ. þessi l. fyrir 2 árum síðan, var það ljóst, að hér er um svo mikil verðmæti að ræða, þar sem eru mótorvélar, að fullkomin nauðsyn er á,

að kunnáttumenn fari með þær. En framhjá því er algerlega gengið af formælendum þessa máls, að nauðsyn sé á, að kunnáttumenn passi þessi dýru tæki. Íslenzkir útvegsmenn eru búnir að eyða mörgum þús. kr., kannske svo hundruðum þús. kr. skiptir, í óþörf vélakaup, bara af því, að ekki hafa þeir menn verið kunnáttumenn sem skyldi, sem með vélarnar í skipunum hafa farið. Þessi orð mín styðjast við umsagnir kunnáttumanna, sem fengið hafa vélarnar úr skipunum upp í vélaviðgerðarhúsin hér. Þeir segja, að bilanir vélanna séu oft aðeins fyrir vankunnáttu þeirra manna, sem með þær hafa farið. Hér er rétt að fyrirbyggja slíkt. Það er nauðsynlegt, að maður, sem ætlar sér að öðlast vélstjóraréttindi, fái æfingu í pössun véla, en það er ekki nóg, að menn leggi stund á bóknám eitt til þess að geta orðið fullkominn 1. vélstjóri. Með brtt. minni er miðað að því að koma í veg fyrir, að slíkt geti orðið (að menn geti orðið vélstjórar að réttindum með bóknámi einu), ekki eingöngu í þágu þessarar stéttar, sem að þessu vinnur, heldur — og ég vil segja miklu fremur — fyrir þá menn, sem útgerðina reka. Mér liggur við að segja, að útgerðarmenn, sem leggja fram kröfur um, að afnema skuli þessa 2. vélamenn, verði, með því að fá það lögfest, sínir eigin böðlar, þegar fram í sækir.

Hv. þm. Vestm. sagði, að menn gætu látið skrá sig á skip sem stýrimenn og vélamenn. Þeir eiga þá sennilega að kaupa sér það að fá fyrir náð að leggja á sig meira starf og taka á sig meiri ábyrgð á skipunum en aðrir, sem fá sama kaup. (**JJós:** Þurfa menn ekki að kaupa sér öll réttindi?).

Ég hefi nú lagt til í brtt. á þskj. 503, sem ég flyt ásamt hv. 11. landsk. og er við brtt. meiri hl. n., að það sé látið vera nægilegt, að 2. vélstjórar vinni önnur störf á skipunum, eins og mér er kunnugt um, að víða er gert. Og því þá ekki að samþ. þessa till. og láta mennina geta verið kyrra á skipunum að l., úr því að þeir vinna allt, sem fyrir fellur á skipunum, nema að gegna störfum skipstjóra og fasts stýrimanns?

Ég hefi í brtt. minum miðað hér við 25 rúmlestir og með því reynt að fara bil beggja, til þess að sefa að einhverju leyti óánægju þeirra, sem helzt ekki geta séð starfsmenn með réttindum á neinni fleytu, og þeirra hinsvegar, sem þykir þeir vera misrétti beittir með því, að af þeim sé tekinn réttur til starfa á skipum. En ég hefi bundið þetta við það, að það sé alveg skilyrðislaust á bátum, sem koma daglega að landi með afla sinn óaðgerðan, og þar sem viðgerðir veiðarfæra og beiting lóða fer fram í landi. Með því er trygging fyrir því, að þetta gildi aðeins um báta, sem róa beint úr landi og ætla sér að koma að landi að kvöldi sama dag. En eftir till. n. er þetta svo víðtækt, að ekki er hægt að una við þær eins og þær eru.

Í nál. mínu á þskj. 470 hefi ég gert grein fyrir því, hvað í frv. felst. Þegar ég samdi það, voru mér ekki kunnar brtt. meiri hl. n. Ég hefi því ekki í mínu nál. gert grein fyrir þeim kostnaðarauka, sem útgerðin verður að bera við það að hafa þessa kunnáttumenn og nota þá. En nál. sýnir öryggið, eins og það í raun og veru er, með því að hafa þessa kunnáttumenn. En mér er fyllilega ljóst, að það er svo mikill styr kominn um þetta mál, að það truflar athugun á því af hálfu sumra manna, og eins hitt, að hér geta þeir einir lagfært það, sem lagfæra þarf, sem náinn kunnugsskap hafa yfirleitt af siglingum. Þess vegna er það mín till. í málinu, að því verði vísað til ríkisstj. og að hún með aðstoð sérfróðra manna láti fram fara athugun á málinu svo sem nauðsyn þykir þurfa. Skipstjórar, stýrimenn og vélamenn á stærri og minni skipum mundu að sjálfsögðu leggja til fróða menn til þess að fjalla um þetta, á hvern hátt ætti að breyta þessari löggjöf. Og hér ætti ekki að þurfa að kosta neinu fé til úr ríkissjóði, því að þessir menn mundu að sjálfsögðu ekki telja eftir sér að leggja fram sína þekkingu til að gera till. um, hverju breyta þurfi í þessari löggjöf. Ég get illa unað því, að þessari löggjöf sé svo um hylt eins og hér er stofnað til, fyrir atbeina þeirra manna, sem í raun og veru (svo að ekki sé hart að orði kveðið) hafa litinn eða engan skilning á því, hvað bezt hentar fyrir okkar siglingar og fiskveiðar eftir nútímakröfum og þeim vinnuhraða, sem yfirleitt er nú kominn í okkar vinnubrögð, bæði á sjó og landi.

Ég get nú látið minu máli lokið. Ég mun þó, áður en þetta mál fer hér út úr d., gera ennþá fyllri grein fyrir því, samanborið við það, sem gildir hjá öðrum farmennsku- og fiskveiðaþjóðum, og sýna fram á, hvað við með þessari lagasetningu komum til með að stíga skrefið í þessu efni aftur á bak með tilliti til þeirra þjóða. Miðað við önnur kunnáttustörf í þjóðfélaginu, þá er hér ekki farið fram á meira en nauðsyn er á, viðvíkjandi þessum kunnáttumönnum, sem á sjónum eiga að starfa og stjórna.

Ég harma það, að svona mikið kapp skuli vera lagt á mál, sem ekki er meira fjárhagsmál en þetta mál er, en dregur stórlega úr öryggi þeirra, sem á sjónum vinna. Rök formælenda þessa frv. fyrir réttmæti þess eru — og ég geri ráð fyrir að þau verði eins hér eftir sem hingað til — harla veigalítil, því að þetta mál er flutt af meira kappi en forsjá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Ég vil gjarna gera grein fyrir atkv. minu við þessa umr. — Eins og hv. 3. landsk. hefir sýnt fram á í ýtarlegri ræðu, tel ég einnig, að frv. í heild sinni sé til stórskaða, enda þótt þær brtt., sem eru frá hv. meiri hl. sjútvn. á þskj. 469, yrðu samþ., en ég mun greiða atkv. með þeim brtt., sem eru á þskj. 503, og ennfremur með þeim brtt., sem eru á þskj. 469, vegna þess að ég tel, að þrátt fyrir allt séu þær til stórbóta, og þetta geri ég ennfremur í trausti þess, að það fáist frekari leiðrétting við áframhaldandi umræður.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stj., frá minni hl. sjútvn. í nál. á þskj. 470, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 503,1 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, BrB, ErlÞ, GL.

nei: PHerm, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, IngP, JJós, MJ, EÁrna.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 469,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 458 tekin aftur.

— 469,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 503,2 felld með 9:4 atkv.

— 469,3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 10:2 atkv.

— 503,3 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, BSn, BrB, ErlÞ, GL.

nei: MJ, PHerm, ÞÞ, ÁJ, BSt, HermJ, IngP, JJós, JJ, EÁrna.

Brtt. 469,4 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 10:2 atkv.

5.—6. gr. (verða 4.—5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 72. fundi í Ed., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 540, 542, 548).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJós, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, GL, EÁrna.

nei: SÁÓ, BrB, ErlÞ.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 542. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Einnig var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 548. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:2 atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi allt aðra skoðun á þessu máli heldur en þá, sem fram kom í þeim orðum, sem hv. 1. landsk. viðhafði við 2. umr. málsins, þar sem hann taldi, að þetta frv., ef að l. yrði, væri í alla staði skaðlegt. Ég tel þvert á móti, að það hafi verið nauðsynlegt vegna útgerðarinnar að rýmka um þau ákvæði, sem í siglingalögin síðustu voru sett, létta nokkuð skyldu útgerðarinnar til þess að hafa að óþörfu réttindamenn á bátum og skipum, sem vitanlega eru dýrari. — Af því að ég tel nauðsynlegt að koma þessu máli í gegnum þingið — að það dagi ekki uppi —, þá tel ég, að það hafi verið mjög varhugavert af þessari hv. d. að vera við 2. umr. málsins að samþ. ákvæði, sem vitað er um, að borið var fram í hv. Nd., þegar málið var þar, en fellt með yfirgnæfandi atkvæðamun, en svo var þó gert hér við 2. umr., þar sem sett var inn ákvæði um það að hækka í 1. gr. frv. rúmlestatölu úr 30 upp í 40 á þeim bátum, sem undanþegnir væru því að hafa stýrimenn, ef þeir legðu afla sinn daglega á land.

Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 542, þess efnis, að færa þetta atriði til sins fyrra horfs aftur. Ég er ekki svo fróður, og hefi ekki athugað það nú, að ég muni, hvenær fyrst var sett ákvæði um að miða við 30 rúmlestir, en ég hygg, að það hafi verið gert fyrir æðimörgum árum. (**SÁÓ:** Það var gert 1925, ef ég man rétt). Ég man ekki eftir, að neinar umkvartanir hafi verið út af því, síðan ég kom á þing 1924. En fyrir örstuttu, í fyrra eða hitteðfyrra, var þessum l. breytt, og þetta frv. gengur að mestu leyti í þá átt, að draga úr þeim ákvæðum, sem þá voru sett. Ég álít, að það sé hyggilegra að halda sér við það heldur en að fara að breyta ákvæðum, sem gilt hafa um langan aldur og ekki hefir komið mikil óánægja fram um; auk þess munu það vera ákaflega fáir bátar, sem þannig er ástatt um, að þeir leggi afla sinn á land daglega, en séu yfir 30 smálestir að stærð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um ekki stærra atriði en þetta, en ég lít þannig á, að úr því að d. breytti frv. á annað borð, svo að það þarf að fara til hv. Nd., þá muni það greiða fyrir framgangi málsins þar, ef mín till verður samþ., þar sem hv. Nd. hefir áður sýnt þennan vilja sinn.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Það virðist svo um þetta frv., að það þýði mjög lítið að rökræða málið, því meðmælendur frv. láta ekki svo lítið að reyna neitt til að mótmæla þeim rökum, sem fram hafa komið gegn þessu frv. Það er ekki heldur hægt, og því hafa þeir heldur tekið þann kostinn að þegja og reyna að koma frv. í gegn eins og það er, til þess að forðast að opinbera sjálfa sig sem nokkurskonar árásarmenn á hina íslenzku sjómannastétt.

Það var hv. 3. landsk., sem bæði við 1. og 2. umr. málsins fór mjög ýtarlega og greinilega í gegnum frv. lið fyrir lið, og benti á, hversu mikil fjarstæða þetta mál væri og hversu illa undirbúið og lítið athugað það væri, enda er líka von, að svo sé, því að þessu frv. standa menn, sem kannske er ekki hægt að segja, að séu alveg þekkingarlausir um þessi mál, en þeir hafa a. m. k. lítið að þessum málum unnið og þekkja lítið það, sem þarf til þess að geta gengið vel frá slíkum málum sem þessu. Það er því í raun og veru enn furðulegra — þó að það sé kannske ekki hægt að vera svo undrandi, þó einhverjir menn, sem fengizt hafa við landbúnaðarstörf eða embættisstörf, og ekkert þekkja inn í þessi mál, beri fram einhverjar till. af vanþekkingu —, að menn eins og hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. S.-M., sem svo að segja allan aldur sinn hafa fengizt við útgerð og ættu því að þekkja til þessara mála, vilja styðja að framgangi þessa máls. Það verður þó að viðurkenna það, sem vel er gert, að þeir hafa borið fram till., sem að vísu eru til bóta á frv., en samt sem áður er frv. þannig úr garði gert, að eins og það er, þá er það beinlínis árás á öryggi íslenzkra sjómanna. Og það er einmitt það stóra atriði í þessu máli. Ég get ekki ímyndað mér það, þó það virðist hafa komið fram við þessar umr.,

að þessir hv. þm. vilji halda því fram, að það beri að spara nokkrar krónur á báti og tefla kannske lífi sjómanna í hættu með því.

Það er í raun og veru athugavert, að á sama tíma, sem þessir menn eru sí og æ að hrósa íslenzkri sjómannastétt, og jafnvel er verið að tala um að veita konum þeirra kost á að synda í sundhöllinni við lækkuðum inngangseyri, að þeir skuli á sama tíma styðja frv., sem vel getur orðið þess valdandi, að þessar sömu konur, sem eiga að synda í sundhöllinni, fái kannske ekki menn sína heim aftur.

Það er dálítið einkennilegt, þegar maður eins og hv. 10. landsk., sem hélt hér fjálga og hjartnæma ræðu fyrir nokkrum dögum um, að það bæri að reisa veglegan minnisvarða yfir fallna sjómenn, á borð við þá, sem aðrar þjóðir reisa yfir fallna hermenn, greiðir atkv. móti því að veita afbrigði til þess að nokkrar till., sem eru til bóta á þessu frv., mættu koma fram. Ég sé ekki, að það búi nein heilindi á bak við slíkt.

Það má segja það, sem oft hefir verið sagt áður, að íslenzka þjóðin hefir sloppið við að hafa útgjöld til hernaðar, og hún hefir líka sloppið við að senda syni sína út í hernað. Því hefir oft verið líkt við það og um það talað, að það afhroð, sem íslenzka þjóðin hefir goldið við fráfall þeirra manna, sem á sjónum farast á hverju ári, sé oft jafnmikið hlutfallslega eða jafnvel meira heldur en þau afhroð, sem aðrar þjóðir hafa goldið í styrjöldum. Nú má líkja hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. S.-M. við herforingja, sem stjórna liði sínu, en taka þó ekki þátt í bardögum, því hvorugur þessara hv. þm. munu hafa tekið virkan þátt í bardögum þeim, sem háðir eru á sjónum við vond veður og annað. Þeir róa ekki á sjó sjálfir, en eru í landi og stjórna herferðinni þaðan. Getur nú nokkrum dottið í hug, að hygginn herforingi muni vilja skerða lið sitt með því að búa illa um öryggi herdeildarinnar, en það er einmitt það, sem verið er að gera með þessu frv.

Ég gat um það áðan, að vitanlega er frv. nú miklu skárra en það var áður, þó langt sé frá, að það sé á nokkurn hátt viðunandi.

Ég ætla svo að koma lítillega inn á þær brtt., sem nú liggja fyrir. — Það var nú ekki við það komandi við 2. umr. málsins, að hv. þdm. vildu að nokkru leyti taka tillit til þeirra tiltölulega smávægilegu brtt., sem hv. 3. landsk. og ég bárum fram. 1. gr. frv. er nú þannig, að undanþegin því ákvæði að hafa stýrimann auk skipstjóra eru öll fiskiskip og bátar undir 40 rúmlestum, en áður var þetta miðað við 30 rúmlestir. Í frv. eins og það var upphaflega er þetta miðað við 30 rúmlestir, og á undanþágan eftir því að gilda fyrir skip, sem leggja afla sinn daglega á land. En nú er þetta ákvæði orðið þannig, að þau eru undanþegin ákvæðinu um stýrimenn, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega. Það er m. ö. o. svo, að óbilgjörnum útgerðarmönnum og skipstjórum er gefið undir fótinn með það, að ganga framhjá þessu ákvæði, þó sá skilningur hafi að vísu verið lagður í þetta við 2. umr. af hv. flm., að ákvæðið bæri að skilja þannig, að það ætti eingöngu að gilda um þau skip, sem daglega reru úr landi eða notuð væru til landróðra, eins og það er kallað. En mönnum er samt gefið undir fótinn með að ganga framhjá þessu ákvæði, eins og það er orðað nú, því það má auðvitað um það deila, hvort skipi er ætlað að leggja afla sinn daglega á land eða ekki.

Við leggjum því til í brtt. okkar á þskj. 548, að í þessu ákvæði sé skýrt tekið fram, að átt sé við þá báta, sem stunda þorskveiðar og koma daglega að landi með afla sinn. Ég man eftir því, að einu sinni í vetur kom fram till. frá landbn. við lögin um byggingar- og landnámssjóð, sem nm. voru ekki sammála um, hvernig ætti að skilja, — en till. var um það, hverjir skyldu sitja fyrir þeim styrk, sem varið væri til húsabóta í sveitum —, svo d. þótti þá alveg sjálfsagt að fella þá till. vegna þess, að hún væri ekki nógu skýrt orðuð. Hv. d. hélt því þá fram, að það væri ljóður á d. og þinginu í heild, ef samþ. væri till., sem hægt væri að skilja á tvo eða fleiri vegu. Ég vænti þess, að hv. þdm. séu enn sömu skoðunar og þeir voru þá, og ekki síður nú, þar sem um er að ræða öryggi fjölmargra manna, og samþ. ekki till., sem hægt er að skilja á fleiri en einn veg, og muni í því skyni samþ. brtt. okkar hv. 3. landsk., þar sem ákvæðið er skýrt og greinilegt.

Þá er einnig í 1. gr. ákvæði um það, að þau skip, sem stunda síldveiðar tvö um nót, séu líka undanþegin þessu ákvæði. Þetta ákvæði er vitanlega komið inn, eins og sýnt var greinilega fram á við 2. umr., vegna einskonar vanþekkingar, og af engu öðru. Það er dálítið einkennilegt, að þessir hv. þm. skuli ekki taka nokkurt tillit til þess, sem stýrimannafélagið, sjómannafélagið, farmannasambandið og skipstjórafélagið hafa að segja um þetta mál, og vilja ganga framhjá þeim mönnum, sem bezta þekkingu hafa á þessum málum faglega, og treysta eingöngu á sjálfa sig um málefni, sem sumir þeirra hafa enga hugmynd um. Það var mjög greinilega farið út í þetta af hv. 3. landsk., svo ég gæti í raun og veru sleppt því, en ég vil þó undirstrika það, hvernig farið getur, ef aðeins er skipstjóri og einn vélamaður. Ég vil þá reyna að lýsa því, hvernig hagar til, þegar bátar eru á leiðinni í land með feng sinn. Ég veit ekki, hversu margir hv. þdm. hafa verið á Siglufirði yfir síldveiðitímann og séð, hvernig þessu er háttað. Þessir bátar fara oft langt frá landi, og það, sem veiðist, er losað í annan bátinn, og fer hann svo í land, þegar hann er orðinn nógu hlaðinn. Þegar þessir bátar sjást frá landi, þá eru þeir svo að segja allir í kafi, aðeins endinn upp úr. Ef eitthvað kæmi nú fyrir vélamanninn, þá yrði skipstjórinn að fara niður og hugsa um vélina, — og hver á þá að stjórna, ef eitthvað kæmi fyrir, sem auðvitað getur skeð? Ég er sannfærður um, að ef hv. þdm. sjálfir ættu að stunda þessa atvinnu, þá myndu þeir ekki bera fram slíka till., sem hér hefir verið gert, né láta á nokkurn hátt rýra öryggi þeirra manna, sem stunda þessa atvinnu. Það virðist líka óskynsamlegt, að þeir menn, sem eru útgerðarmenn, skuli vilja rýra öryggi þeirra manna, sem færa þeim feng í bú og auka auð þeirra.

2. brtt. á þskj. 548 er um það, að gera 3. gr.

skýrari á sama hátt og 1. gr., og jafnframt að fella úr það ákvæði, sem sett hefir verið inn í 3. gr., að bátar, sem séu tveir um nót, séu ekki skyldir til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazt vélgæzluréttindaskirteini samkv. 36. gr. Ég get haft um þetta sömu rök og ég hefi áður tekið fram, þegar ég var að mæla fyrir fyrri brtt., að það nær engri átt, eins og ég hefi þegar skýrt, að hafa ekki nema einn skipstjóra og einn vélamann. Það nær vitanlega engri átt, eins og fram hefir verið tekið áður, að þegar breyta á l. eins og þessum, sem varða öryggi heillar stéttar, og það þeirrar stéttar, sem leggur mest í hættu og jafnvel er hægt að segja um, að hætti lífi sínu og limum, þó það séu að vísu aðrir, sem leggja meiri fjármuni í hættu, að breyta slíkum l. án þess að tilkvaddir séu einhverjir úr hópi þeirra manna, sem um þessi mál hafa fjallað og þekkja til, hvað það er, sem þarf til þess að auka sem mest öryggi þessara manna. Það nær engri átt, að á sama tíma, sem uppi er öflug hreyfing um það að vinna sem mest að auknum slysavörnum og þjóðin leggur á sig mikil fjárútgjöld og mikla vinnu til að halda uppi auknum slysavörnum, þá skuli vera bornar fram till. til þess að draga úr því öryggi, sem fengizt hefir fyrir langa og harða baráttu þeirra manna, sem á sjónum vinna. Þeir hljóta sjálfir að vita bezt, hvernig bezt er hægt að búa að öryggi þeirra. Þeir vita þetta betur heldur en útgerðarmenn, sem ekki hafa stundað þessa atvinnu, a. m. k. ekki nú um langan tíma. Það er nú búið að vinna að því í fjölda mörg ár, af þessari stétt að auka þetta öryggi og gera allan aðbúnað þessarar stéttar sem beztan og auka þægindin um borð í skipunum, og þá fyrst og fremst að auka öryggi skipanna, að þá skuli nokkrir þm. rísa upp og flytja frv. illa undirbúið, sem miðar að því að draga úr öryggínu á sjónum og auka hættu þeirra sjómanna, sem þar vinna. Það ætti vitanlega að vera skylda hv. d. að fella þetta frv. En ég vil a. m. k. vænta þess, að til að draga úr skaðsemi þess, þá samþ. hv. þdm. þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 548, og sýni með því, að þeir vilji ekki verða þess valdandi, að dregið sé á neinn hátt úr öryggi sjómannastéttarinnar.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Hv. 11. landsk. hefir gert allýtarlega grein fyrir brtt., sem ég og hann flytjum á þskj. 548, og þarf ég þar litlu við að bæta. Ég skal þó geta þess, að eins og okkar till. er nú, þá er nokkurt samræmi við það, sem gilti fram til ársins 1936 að lögum. Það var réttilega bent á það af hv. 1. þm. Eyf., að það myndi hafa verið í l. að undanþiggja þá báta, sem koma daglega að landi, frá því að hafa stýrimann. Þetta átti við þá báta, sem róa úr verstöðvunum, eins og t. d. hér við Faxaflóa, á þorskveiðar, en það náði alls ekki til síldveiða eins og frv. nú, með þeim brtt., sem meiri hl. sjútvn. hefir lagt til og samþ. var í dag. Það hefir því verið seilzt lengra heldur en gert var í l. frá 1925, þar sem þetta er nú fært yfir á síld veiðanna. Það er dálítið einkennilegt, að nú skuli vera gengið lengra heldur en mönnum fannst ástæða til að ganga fyrir 13 árum síðan í þessum efnum.

Það er ennfremur gengið lengra hér en með l. frá 1924 um mótorvélgæzlu, þar sem skylt er að hafa annan vélamann á öllum mótorbátum, sem hafa 50—150 hestafla vél. Þar er ekki ætlazt til, að skipstjórinn annist vélgæzlu á mótorbátum. Það er því um mikla afturför að ræða í þeim till., sem þingið er nú að gera, frá því, sem hv. þm. fannst ástæða til að ganga fyrir 13—14 árum síðan. Það hefir ekkert komið fram síðan, sem sanni, að nauðsynlegt sé að gera þessar breyt., nema síður sé. Síðan 1924—1925 hafa kröfur manna um aukið öryggi mikið þróazt og þroskazt í landinu, ekki eingöngu um það, hvernig skipin skuli mönnuð, heldur yfirleitt um allan útbúnað skipanna og tæki, sem álitið er, að geti verið mönnum til bjargar í nauðum úti á hafi. Það er ekki lengra síðan en í dag, að gengið var frá l. um eftirlit með skipum, þar sem mikið er hert á eftirliti með skipum. Það var líka fyrir nokkrum dögum, að við 3 nm. úr sjútvn. liðkuðum svo til og ýttum undir það, að talstöð kæmist í hvern einasta bát, með því að leggja nokkrar kvaðir á stofnanir ríkisins, landssímann og útvarpið, til þess að greiða fyrir því, að öryggið sé meira en áður á þessum fleytum. Mér finnst, að hér sé verið að taka með annarri hendinni það, sem verið er er að rétta með hinni, þar sem verið er að leggja til, að skipin séu ekki mönnuð af kunnáttumönnum, ef eitthvað út af ber. Það er enginn til að stjórna skipinu, ef vélstjórinn fellur frá, sem kunnáttu hefir, því enginn er stýrimaðurinn, og svo má lengi telja.

Ég er dálítið undrandi yfir þeim brjóstheilindum, sem koma fram hjá þeim mönnum, sem nú leggja slíkt til hér, sem eru þó þeir menn í hv. d., sem ættu fremur öðrum þdm. að hafa vit og þekkingu á þessum málum og vita, hvað bezt hentar í þessum efnum. Eins og lauslega hefir verið drepið á áður, þá hefir verið meira kapp en forsjá í þessu máli, því sú höfuðátylla, sem hefir verið færð til, að hér væri um fjárhagslegt atriði fyrir útgerðina að ræða, en svo smávægilegt, að ég vil ekki vera valdur að því með mínum till. að ofra nokkrum mannslífum fyrir fáar krónur, sem hér er um að ræða, sem þyrfti að greiða stýrimanni eða vélstjóra fyrir störf þau, sem þeir annast. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég hefi sagt um þetta atriði. Það hefir ekki verið hrakið af neinum, að það, sem greiða þarf þessum mönnum, er svo lítið, að útgerðin getur ekki staðið eða fallið með þeim útgjöldum, því henni er nauðalítill léttir að þeirri ráðstöfun, sem hér er verið að gera.

Ég hefi ekki í þessum brtt. viljað ganga lengra en það, að fá skýrt ákvæði um, að þetta eigi aðeins við þorskveiðar, þar sem vitað er um, að bátar komi daglega að landi, svo fremi að þeim sé kleift að koma að landi. En eins og þetta er orðað í frv., þá er mönnum gefið undir fótinn með að fara í kringum þetta. Bátarnir geta legið úti í marga daga. Þeim er að vísu ætlað að koma daglega að landi, en það breytist, þegar út á sjóinn er komið, og þeir koma ekki að fyrr en þeir hafa fengið fullfermi.

Þetta getur verið komið undir duttlungum útgerðarmannsins eða skipstjórans.

Ég vænti því þess, að þessar tvær brtt. geti ekki orðið sá þyrnir í augum hv. þdm., að þær fái ekki að fylgja frv., þegar það fær afgreiðslu úr hv. d., því þær mega í raun og veru skoðast sem leiðréttingar við frv.

Hv. 1. þm. Eyf. hefir borið fram brtt., sem er líka leiðrétting á frv., því eins og hér hefir áður verið drepið á, þá er í l. frá 1925 ekki gengið lengra en það, að undanþágan fyrir stýrimann er miðuð við 30 smálesta báta. En hann vildi líta svo á, að hér væri um óþarflega miklar kvaðir á útgerðinni að ræða, sem hún þyrfti að losna við. Ég hefi áður svarað þessu og rökstutt það, að þetta er á misskilningi byggt hjá hv. þm.

Ég gat þess, að ég myndi ræða málið á nokkuð víðtækari grundvelli en ég hefi áður gert, en ég skal þó reyna að stytta mál mitt svo sem kostur er á. En það virðist þó vera útséð um örlög Karthagóborgar, því það virðist eiga að koma þessu máli í gegn.

Það hefir verið minnzt á það, að við værum kröfuharðari í þessum efnum heldur en ýmsar nágrannaþjóðir okkar. Ég hefi áður getið þess, að á Norðurlöndum er verið að endurskoða löggjöf um siglingar, og yfirleitt verið að athuga kröfuna um mannahald á skipum. Eftir því, sem mér er kunnugt um, þá eru ekki enn komnar tillögur þessarar þriggja ríkja nefndar, Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, en það mun ekki vera langt undan landi, að þessar till. komi fram. Og ég hefi haldið, að það væri réttara fyrir okkur Íslendinga að bíða og sjá, hvaða tillögur nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum gera í þessum efnum. Við Íslendingar erum smæstir þessara þjóða, en vildum þó gjarnan geta átt samleið með frændþjóðum okkar, og við megum sannarlega taka þær að ýmsu leyti til fyrirmyndar. Í ýmsum atriðum getur nauðsyn verið fyrir því, að við göngum lengra en þeir gera. Okkar staðhættir eru þannig, að við stundum fiskveiðar fyrir opnu hafi, og stormar eru tíðari hér við land heldur en annarsstaðar á Norðurlöndum. Veðráttan er duttlungafyllri og verri heldur en við strendur Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, og við höfum ekki eins upplýstar strendur og þeir hafa. Ég þekki ekki þær fiskiveiðar, sem reyna eins á þrek manna og þol. Ef á að vitna í Norðmenn, þá ber að gæta þess, að fiskifloti þeirra er innan skerja, en að jafnaði ekki úti á hafi fyrr en kemur fram á vor, þegar tíð er bezt og blíðust. Þótt Norðmenn heimti ekki að hafa stýrimenn á þessari stærð af skipum, hafa þeir þó svokallaðan „Bestmand", sem getur gegnt þeim störfum. Flm. þessa frv. hafa vitnað í, að Norðmenn heimtuðu ekki, að hann hefði próf, en þær kröfur munu vera mjög uppi nú að taka helzt eigi aðra en þá, sem hafa lokið prófi í siglingafræði. Nákvæmlega hið sama er að segja um Svíþjóð og Danmörku; þar er ekki sambærileg sjósókn við það, sem hún er við strendur Íslands, og því ekki undarlegt, þótt kröfurnar, sem ef til vill eru harðari hjá okkur heldur en þær eru ennþá annarsstaðar á Norðurlöndum. Ég skil ekki, að neinn maður ætti að harma það, þó við værum eitthvað fremri öðrum þjóðum og hefðum betur menntaða menn við störf á þessu sviði. Ég tel, að með því að hafa vélstjóra og stýrimenn á hverjum bát, sem er yfir 20 smálestir að stærð, eða hefir 20—150 hestafla vél, verði öryggi sjómanna mun meira heldur en hingað til.

En því má slá föstu, að með þessu frv. er verið að rýra öryggi manna á þessu sviði. Mér er kunnugt um, að þetta mál á upphaflega rætur sínar að rekja til nokkurra smáútgerðarmanna, sem hafa talið það kvöð á útgerð sinni að hafa þessa menn. Ég hefi ennfremur talað við fjölda útgerðarmanna, sem telja alveg sjálfsagt að hafa lærða stýrimenn og lærða vélstjóra á litlum mótorbátum. Úr kjördæmi hv. þm. Vestm. er ekki einn einasti útgerðarmaður, er ég hefi átt tal við, sem ekki segir, að þeir óski engra lagabreytinga á þessu sviði. Það hefir m. a. verið fært fram sem ástæða fyrir því, að nauðsynlegt væri að breyta þessari löggjöf, að skortur væri á lærðum mönnum á þessu sviði. En það er alls ekki rétt; það er nóg til af lærðum stýrimönnum og líka af lærðum vélamönnum. Það hefir komið í ljós á síðustu árum, að svo margir hafa lagt fyrir sig að læra vélgæzlu síðan 1915 á þeim námskeiðum, sem Fiskifélag Íslands hefir haldið, að þeir eru alls 1263, er hafa lokið vélfræðiprófi, eða 60 menn að meðaltali á ári, og auk þess voru árið 1915 til menn sem hafa öðlazt réttindi með l. frá 1924, og bættust við þann hóp manna, sem ekki þurftu að taka námskeið Fiskifélagsins, og nokkrir þeirra eru starfandi ennþá. Allt tal um, að skortur sé á stýrimönnum og vélamönnum, hefir ekki við nein rök að styðjast. Þeirri ástæðu er alls ekki til að dreifa fyrir því, að nauðsyn sé á slíkri lagabreytingu.

Þá kem ég að því, sem ekki skiptir litlu máli, sem sé, að með gildandi l. um atvinnu við siglingar er gert ráð fyrir, að menn þurfi að vinna svo og svo langan tíma sem aðstoðarvélamenn til þess að geta orðið fyrstu vélstjórar á mótorskipum, og menn þurfa einnig að vinna ákveðinn tíma sem stýrimenn, til þess að geta orðið skipstjórar á fiskiskipum. Með því að kippa burtu um 90 stýrimannsplássum er verið að rýra mjög þá möguleika, er menn hafa til að geta unnið sig upp og orðið skipstjórar. Ef slík löggjöf ætti að gilda um mörg ár, yrði að fara að veita undanþágur frá því, að menn þyrftu að hafa verið stýrimenn um ákveðinn tíma, eða gengið á stýrimannaskólann; þá mætti taka menn, sem kæmu úr fjósi upp í sveit, til þess að vera skipstjórar á litlum mótorbátum. Þetta er einn af þeim ásteytingarsteinum, sem nú fylgja þessari lagasetningu, og sem ég hefi nú þegar bent á. En úr því að svo er komið, og ætlazt mun vera til, að þessi lagabreyting gangi í gegn á þessu Alþ., vildi ég fá að tala við ríkisstj., og þá sérstaklega hæstv. atvmrh. (SkG), ef einhver vildi gera svo vel og vita, hvort hann er viðstaddur. (MJ: Ætli það sé ekki hitasótt í honum síðan í dag?). Ég vildi sérstaklega ræða við hann um eitt atriði, sem ég hefi lauslega minnzt á við hann áður, en óska eftir að fá svar við í heyranda hljóði, sem sé, hvort hann

vildi ekki fallast á, að löggjöfin um atvinnu við siglingar yrði tekin til rækilegrar endurskoðunar nú milli þinga. Þegar ég minntist á þetta við hann, taldi hann líklegt, að hann myndi vilja fallast á þessa till. mína, og með því að gefa slíka yfirlýsingu, ef hann hefði verið hér við þessar umr., tel ég sennilegt, að sú till. mín gæti náð fram að ganga, því að ég tel mjög varhugavert, ef Alþ., ætlar á hverju ári að gera smábreytingar á þessum l., þvert ofan í óskir þeirrar stéttar, sem undir l. búa, og vitandi það, að kröfur um breyt. á þessum l. eru komnar fram, sem alls ekki eru komnar frá atvinnurekendum sjálfum. (IngP: Hverjar eru þær?). Ég skal skýra frá því, hvernig þessu er háttað. Frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda liggur fyrir krafa um afnám annars stýrimanns á togurunum, og frá Eimskipafélagi Íslands og skipaútgerð ríkisins krafa um afnám aðstoðarvélamanna á hinum stærri skipum. Aðrar kröfur hafa ekki legið fyrir þessu þingi, og ég hefi ekki séð neinar kröfur um afnám annara stýrimanna né vélamanna frá útgerðarmönnum hinna stærri skipa. Þeir vita, að öryggi skipanna veltur að mjög miklu leyti á því, að yfirmönnum á þeim verði ekki fækkað, og slíkt skiptir útgerðarmennina miklu fjárhagslega.

Það er mjög varhugavert að breyta löggjöfinni frá ári til árs, m. a. vegna þess, að slíkt eykur erfiðleika þeirra manna, sem eru að búa sig undir langt og þungt nám. Vélstjórar verða að leggja á sig 7 ára nám, 4 ára smiðjunám og þriggja ára skólanám, og verða auk þess að æfa sig sem kyndarar í hinum stærri skipum. Um vélamennina er það að segja, að það er styttra nám, sem þeir þurfa að taka, en þeir, sem ætla sér að verða fullgildir vélamenn, þurfa að fá æfingu sem aðstoðarvélstjórar. Þessir möguleikar eru afskaplega skertir með þeim till., sem hér liggja fyrir, ef þær næðu samþykki þingsins.

Ég hefi talið æskilegt, að almenn athugun færi fram á þessum l. Það þarf að breyta fleiru en að klippa neðan af l. Við þá athugun eiga að vera fulltrúar stéttanna sjálfra, stærri og smærri útgerðarmanna. Þeir fulltrúar ættu að geta komið sér saman um, hvernig þetta á að vera í framtíðinni. Jafnvel þó maður álíti, að engin nauðsyn væri fyrir hendi að breyta neinu, gæti athugun ekki skaðað. Ég vildi að umr. yrði ekki lokið fyrr en ég fæ svör hæstv. atvmrh. Verði þau eins og ég vona, vildi ég bera fram þáltill. Allir ættu að geta verið mér sammála um, að gera ýtarlega athugun á löggjöfinni í heild. Ég læt því skeika að sköpuðu, hvort hæstv. forseti vill stuðla að því, að mér gefist kostur að heyra svör ráðh.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 11. mai, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 540, 542, 548, 562).

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Það er nú svo, að hv. 3. landsk. er búinn að halda hér margar mjög tæmandi ræður um þetta mál, og ég vil þakka honum fyrir þær. Hann hefir í þeim tekið fram flest af þeim rökum, sem liggja að því, að þetta frv. er til stórkostlegs skaða fyrir sjómannastéttina í heildinni, og hefir hv. 3. landsk. talað af náinni þekkingu á þessu máli. Ég vildi nú benda þeim þm., sem fylgja þessu frv., og sérstaklega þeim þeirra, sem hafa staðið að því að knýja það fram hér á Alþ., á að um það verður ekki deilt, að þetta frv. er borið fram á móti eindregnum vilja sjómannastéttarinnar í heild. Hún er alveg óskipt í þessu máli. Mótmæli hafa borizt til Alþ. gegn þessu frv. frá flestöllum samtökum sjómanna og farmanna í landinu m. a. frá farmanna og fiskimannasambandinu, frá Vélstjórafélagi Íslands, nemendum vélstjóraskólans, Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Reykjavíkur, Vélstjórafélagi Akraness og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Öll þessi félög fordæma frv. og telja það stórkostlega hættulega árás á stéttina og öryggi sjómanna yfirleitt. Nú er ekki nóg með það, að þessi félög hafi mótmælt frv. út af fyrir sig án þess að rökstyðja mál sitt. Þau hafa sent ýtarlegan rökstuðning á þessum mótmælum og sýnt fram á það með óhrekjandi rökum, hver skaði það yrði, ef þetta yrði að l., og hvílík hætta því fylgir fyrir öryggi sjómannanna. Nú virðist það vera fullkomið gáleysi af hv. þm. að ætla sér að samþ. svona l., sem sú stétt, er stundar þá atvinnu, sem er svo hættuleg, að henni hefir verið líkt við hernað, hefir mótmælt eindregið og óskipt á þeim grundvelli, að þetta muni verða til þess að draga úr öryggi sjómannanna. Það er alveg furðulegt, að þm. skuli telja sér sæma að samþ. slíkt frv. að lítt athuguðu máli og án þess að leitað hafi verið atkvæða og samstarfs þeirra, sem hlut eiga að máli, þeirra, sem helzt hafa vit á því, sem hér er um að ræða. Mér finnst það satt að segja nokkuð djarft af hv. þm., sem sjálfir vita það, að þeir eru ekki dómbærir á þetta mál, sem hér liggur fyrir, að hafa þannig að engu öll slík rök, sem fram hafa komið í móti málinu. Ég vildi þess vegna skora á þdm., áður en þeir greiða atkv. um málið, að lesa a. m. k. vandlega öll plögg, sem Alþ. hafa borizt og komið hafa frá samtökum sjómannastéttarinnar. Hv. 3. landsk. hefir haldið hér mjög margar ágætar ræður um þetta mál og skýrt flest aðalatriði þess hér frammi fyrir þessari d. En það ber svo undarlega við, að það er engu líkara en þdm. séu alveg daufir fyrir þessum rökum. Þeir hafa ekki gert neina tilraun til þess að mótmæla þeim, og meðan þeir ekki gera það og geta ekki hrundið rökstuddum staðhæfingum stéttarfélaganna, að með þessu máli sé stórkostlega dregið úr öryggi sjómanna, þá er það óforsvaranlegt ábyrgðarleysi að ljá slíku máli fylgi sitt. Ef það er svo, að hér sé ekki farið með rétt mál, ef þessi rök af hálfu sjómannastéttarinnar gegn frv. eru einskis virtar, hvers vegna koma þeir þm., sem fylgja frv., ekki með gild rök á móti? Þetta frv. er árás á eina fjölmennustu og þýðingarmestu stétt landsins, svo að ég noti þau orð, sem standa hér í grg. fyrir þáltill. frá hv. þm. S.-Þ. Frv. af líku tagi sem þetta er í sjálfu sér ekkert einsdæmi hér á þessu þingi. Það hefir sem sé hvert málið rekið annað á þessu þingi, sem eru bein árás á hinar ýmsu greinar verkalýðsstéttarinnar í landinu, og ég

tel einmitt, að þetta frv. sé ein allra ósvífnasta og hættulegasta árásin. Þesskonar frv., sem legið hafa fyrir þinginu og verða þau sennilega flest að l., er frv. um breyt. á iðnaðarnámslöggjöfinni og löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur, gerðardómsl. í togaradeilunni og frv. um skattfrelsi togaraútgerðarinnar, sem liggur fyrir þingi, og önnur þau frv., sem skaða óbeint almenning í landinu ennþá frekar en orðið er. Hér er um keðju af málum að ræða, sem borin hafa verið fram á Alþ. og eru bein árás á verkalýðsstéttina í landinu. Það, sem er sérstaklega athyglisvert, er það, að um öll þessi mál hefir verið meiri eða minni samvinna milli Framsfl. og Sjálfstfl., og í sumum þeirra hefir líka verið samvinna milli þessara tveggja flokka og þingflokks Alþfl. gegn Kommfl. einum. Það er þess vegna alveg sýnilegt, að hér er um að ræða stórfellda nýja sókn, sem hafin er hér á Alþ. gegn verkalýðnum í landinu. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki annað en einn hlekkur í þeirri keðju, einn þáttur í þeirri sókn, og það, sem maður veitir sérstaklega athygli, er, að margt af þessum l., sem hér hafa verið borin fram, eru breyt. á löggjöf, sem nýbúið er að setja hér á Alþ., t. d. löggjöfin um iðnaðarnám er breyt. á l., sem sett voru á Alþ., 1936, og þetta frv., sem nú er til umr., er líka breyt. á l., sem sett voru 1936. Hér er verið í fyrsta lagi að hefja sókn til þess að taka aftur þau réttindi, sem alþýðusttéttirnar hafa aflað sér á síðustu árum, og ekki nóg með það, heldur er hér, eins og hv. 3. landsk. tók fram hvað þetta frv. snertir, verið að taka þau réttindi af verkalýðnum, sem hann hefir aflað sér fyrir alllöngu síðan. Þannig er það með þá samvinnu, sem ýmsir menn hæði í Framsfl. og Sjálfstfl. hafa óskað eftir, að hún er komin á milli íhalds- og afturhaldsaflanna í landinu, og hún er þegar byrjuð hér á Alþ. í hverju málinu á fætur öðru. En það er skylt að taka það fram, að það hafa verið ýmsir góðir menn, líka meðal þm. hér á Alþ. í báðum þessum flokkum, sem hafa risið móti þessari árás á lýðréttindi og mannréttindi þau, sem íslenzka þjóðin hefir aflað sér á síðari árum, og þetta hefir orðið til þess, að í meðferð þessara mála hafa þau tekið allmiklum stakkaskiptum, þannig, að dreginn hefir verið úr þeim broddurinn. Það má segja um iðnnámslöggjöfina og líka um þessa löggjöf, að allmiklar bragarbætur hafa verið gerðar á þeim, og ég vona, að það verði gerðar ennþá meiri bragarbætur á þessu frv., svo framarlega sem ekki verður unnt að koma í veg fyrir, að þetta frv. nái afreiðslu á þessu þingi. Þetta, að menn úr öllum flokkum hafa risið gegn þessum frv., kemur heim við reynsluna á öllum öldum, því að ætíð hafa risið upp menn, sem hafa gert tilraunir til þess að draga úr sókn afturhaldsins. Það gefur góðar vonir um, að takast muni að skapa nokkuð breiðan múr til varnar gegn þeirri sókn, sem hafin er af afturhaldinu í landinu móti þeim mannréttindum, sem þjóðin hefir aflað sér á undanförnum árum. Ég ætla ekki að hafa þetta mál lengra að þessu sinni.

Þá fór hv. 3. landsk. fram á það, að því yrði svarað af hæstv. atvmrh., sem hann spurði hann um, hvort hann myndi ekki geta fallizt á, að þessu máli yrði frestað á þessu þingi og samþ. yrði þáltill. á þá leið, að l. um siglingar yrðu endurskoðuð milli þinga og kvaddir til þess sérfróðir menn, sem væru fulltrúar þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Mér finnst í raun og veru, að þessi málaleitun sé svo sjálfsögð, að það sé næstum alveg óskiljanlegt og erfitt að skýra það, ef ríkisstj. getur ekki orðið við þessum tilmælum. Þess vegna er ég mjög spenntur að fá að heyra svör hæstv. ríkisstj. við fyrirspurn hv. 3. landsk., og vonast til að heyra þau áður en þessari umr. verður lokið.

Forseti (EÁrna): Þetta mál er langdregið, og ræðutíma þeirra, sem eftir eru á mælendaskrá, verður skipt þannig, að hver ræðumaður fái aðeins 8 mínútur.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Ég get látið niður falla umr. almennt um málið. En við umr. í gær beindi ég fyrirspurn til ríkisstj., en það stóð þá svo á, að enginn ráðh. var mættur. Nú er hæstv. forsrh. hér viðstaddur, og vil ég því endurtaka tilmæli mín frá í gær, en þau voru á þá leið, hvort ríkisstj. myndi ekki sjá sér fært að taka þessa löggjöf um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum til endurskoðunar milli þinga og kveðja sérfróða menn sér til aðstoðar um þá endurskoðun. Ég vil í því sambandi benda á, að það væri æskilegt, að Alþýðusambandið mætti velja þar einn mann, Farmanna- og fiskimannasambandið annan, en fyrir smáútvegsmenn hygg ég að bezt væri, að Fiskifélag Íslands veldi mann. Fyrir hinn stærri útveg, eins og togarana, hefi ég ekki komið auga á annan aðilja en Vinnuveitendafélag Íslands. Að sjálfsögðu myndi svo ríkisstj. hafa sem sinn fulltrúa oddamanninn í þessari athugun, sem væri þá sennilega jafnframt formaðurinn.

Ég vil rökstyðja þessi tilmæli mín með því, að ég tel það ekki verjandi fyrir þingið að gera þing eftir þing ýmsar stórfelldar breyt. á löggjöfinni, án þess að kveðja til sérfróða menn og úr hópi þeirra manna, sem eiga að búa við þessa löggjöf.

Ég myndi einnig óska þess, af það væri kleift, að þetta mál mætti daga uppi með það fyrir augum, þar sem vænta mætti, að ýtarleg athugun á málinu færi fram og frv. í því efni gæti þá legið fyrir næsta reglulega Alþ. Ég hafði gert uppkast að þáltill. í þessa átt, en þar sem komið er að þinglokum, þá taldi ég ekki öruggt, að slík þáltill. næði afgreiðslu, og þess vegna vil ég beina þessum tilmælum til ríkisstj. Ef hún tekur vel undir þau, þá mun ég taka það eins gilt og um þáltill. sé að ræða.

Að öðru leyti get ég verið stuttorður um þetta mál. Ég skal þó leyfa mér að geta þess, að við hv. 11. landsk. höfum borið fram brtt. við brtt. okkar á öðru þskj. um það, að í staðinn fyrir „þorskveiðar“ komi: fiskveiðar. Þessi till. er flutt í samkomulagi við einn nm. úr sjútvn., hv. þm. Vestm. Mér skilst, að hann muni þá geta fallizt á okkar brtt., og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir því.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Viðvíkjandi þessari fyrirspurn, þá vil ég taka það fram, að þetta hefir verið rætt nokkuð innan ríkisstj., einmitt vegna þeirra breyt., sem gerðar hafa verið á siglingalögunum og jafnframt á l. um atvinnu við siglingar, að það muni vera nauðsynlegt að taka þessa löggjöf til endurskoðunar fyrir næsta þing. Þess er tæpast að vænta, þegar brtt. koma hér fram á Alþ. við svo stóran lagabálk, og ekki vinnst tími til að rannsaka og yfirvega þær sem skyldi, að ekki sé hætt við því, að þær brtt., sem gerðar eru og kunna að verða samþ., valdi því, að ekki sé fullkomið samræmi í löggjöfinni. Ég hefi líka orðið var við það, einmitt í umr. um þetta mál, breyt. á l. um atvinnu við siglingar, og jafnframt undir umr. um siglingalögin, að það hefir komið í ljós, að þessi löggjöf, eins og önnur, þarf endurskoðunar við, eftir að reynslan hefir skorið úr um agnúa á henni, að löggjöfin þarf að endurskoðast fyrir næsta þing. Ég býst við, að hæstv. atvmrh. sé sömu skoðunar um þetta.

Hitt er svo annað mál, að ég get að sjálfsögðu ekki lofað neinu um það, hvernig atvmrh. kann að skipa þessa nefnd, sem endurskoði l., en sjálfsagt er, að fagmenn úr hópi þeirra manna, sem hlut eiga að máli, eigi sæti í n. eða þeim sé gefinn kostur á því.

Ég hefi alltaf litið þannig á með þessa löggjöf og siglingalögin, að það, sem mest velti á með l. um atvinnu við siglingar, sé það, að við höfum nægilegt öryggi á sjónum, án þess þó að íþyngja svo þeirri atvinnugrein, sjávarútveginum, sem þetta snertir, að það eyðileggi hann eða lami hann. Meðalhófið verður því að ráða, þegar löggjöf um þessi efni er sett.

Sama máli gegnir um iðnaðinn. Við þurfum að fá sem bezt menntaða iðnaðarstétt, en það verður þó að rata þar meðalhófið. Hún má ekki nota aðstöðu þá, sem henni er gefin að landslögum, til þess að loka stéttinni, svo að þeir unglingar, sem eru til þess upplagðir og langar til þess að komast inn í tiltekna stétt, komist það ef til vill aldrei, og það jafnvel þó svo fámennt sé í einhverri stétt, að ekki sé hægt að ná í fagmenn til að vinna þau verk, sem vinna þarf.

Ég ætla svo ekki að fara nánar inn á þetta, en slíkri misnotkun og misbeitingu, sem borið hefir á, verður vitanlega að afstýra, án þess þó að allt sé opnað upp á gátt, enda myndum við þá sennilega missa þess marks að eiga góða iðnaðarstétt.

Til þess að rata þetta meðalhóf í báðum þessum málum, býst ég við, að ríkisstj. muni skipa nefndir, sem undirbúi löggjöf um þessi efni fyrir næsta þing.

*Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hæstv. forseti hefir nú takmarkað umr. um þetta mál, og skal ég ekki við því amast, því margt, sem deilt er um, má heita deila um keisarans skegg. — Það hafa nú fallið allmörg og þung orð í garð okkar hv. 2. þm. S.-M., aðallega frá hv. 11. landsk. og hv. 3. landsk., en ég skal ekkert um það sakast. Ég vildi aðeins taka það fram að því er snertir stýrimenn og undirvélstjóra á vélum og þau áhrif, sem þeir telja, að frv. hafi á það, að torvelda mönnum að vinna sig upp í æðri stöður á þessum skipum, að þá gerir samþykkt eða felling þessa frv. hvorki til né frá með það, því það er alltaf opin leið fyrir hvaða dugandi háseta sem er að fá sig skráðan sem undirvélstjóra eða stýrimann með samþykki úterðarmannsins, ef hann óskar þess. Það er enginn útgerðarmaður svo illgjarn, ef hann hefir háseta, sem hann vill hafa, og hann óskar að vera skráður sem undirvélstjóri eða stýrimaður, að hann ekki fallist á það. Hitt er svo annars eðlis, að þegar það er lagaskylda að hafa þessa menn á bátunum, þá hafa þeir líka eðlilega rétt til að krefjast hærra kaups. Það var einmitt það, sem gerði það að verkum, að útgerðarmenn hér á landi kunnu illa lagabreyt. frá 1936, sem olli því, að á íslenzkum vélbátum eru að jafnaði 4 yfirmenn, en ekki nema einn háseti. Það var upplýst undir umr. hér áðan, að hvorki í Noregi né Danmörku væru eins hörð ákvæði í þessum efnum eins og hér.

Ég vil líka benda hv. þm. á, að þeir telja upp dæmi um það, ef skipstjóri yrði lasinn, ef vélstjóri veikist, en þetta „ef" má alltaf búa til í öllum málum. Ég gæti, ef ég hefði tíma til, bent mönnum á slys, sem komið hafa fyrir undir þessari nýju löggjöf, þar sem eru 4 yfirmenn og einn háseti. Þar hefir ekki vantað hina próflegu þekkingu, en þó hafa slys getað komið fyrir, og að öllum líkindum einmitt fyrir skort á reynslu. Menn verða að gera sér það ljóst, að próf út af fyrir sig eru ekki nægileg trygging fyrir öllu öryggi. Reyndur háseti, sem búinn er að vera mikið á sjó, er oft eins nýtur og menn, sem nýsloppnir eru frá prófborðinu. En ég skal ekki fjölyrða meira um það.

Ég vil fyrir hönd okkar, sem stöndum að þessu máli hér í hv. d., vísa algerlega til föðurhúsanna öllum ásökum um það, að við viljum hefja nokkra árás á íslenzka sjómannastétt. Það hefir verið við það kannazt, að við höfum einmitt gert talsverðar tilraunir til þess að mæta kröfum þeirra manna, sem ekki vildu fá fram málið í þeirri mynd, sem það upphaflega var borið fram í. Þetta hafa allir andmælendur okkar kannazt við.

Að síðustu vil ég minnast örlítið á þær brtt., sem fyrir liggja. Það er brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. og brtt. frá hv. 11. landsk. og hv. 3. landsk. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það væri of langt gengið að fara upp í 40 rúmlestir og taldi réttara að miða við 30. Hann taldi líka, að þetta ætti vísa andstöðu í Nd. Þetta getur vel verið rétt. En ég vil benda á það, að í mörgum verstöðum fer það í vöxt, að bátarnir séu stærri, svo meðal þeirra báta, sem koma daglega að landi, eru 30—40 rúmlesta bátar. Það kann að vera, að það mæti andstöðu í Nd., ef haldið er í 40 rúmlesta ákvæðið. Ég vil því ekki leggja á móti þessari brtt.

Um brtt. hinna 2 hv. þm., sem ég nefndi, er það að segja, að þær ganga að vísu nokkuð á þær till., sem meiri hl. hefir gert. Við höfum ekki borið okkur saman um þær, svo ég veit ekki, hvernig afstaða hv. 2. þm. S.-M. er að því er þær snertir. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég hefi enga löngun til þess að ganga lengra í mál-

inu en nauðsynlegt er. Ég vil segja fyrir mig, að ég hefi frekar tilhneigð til þess að ganga skemmra en nauðsynlegt er, ekki fyrir undirróður, heldur fyrir sanngirnissakir, því ég vil mæla með allri sanngirni í málinu. Ég skal segja fyrir mig, að ég sé ekki ástæðu til að leggja á móti þessum miðlunartill., sem fram hafa komið frá þessum 2 hv. þm. Ég vænti þess, að það riki þá meiri samkomulag um þetta mál, að því yfirlýstu, en ella myndi. — Ég er svo víst búinn með þessar 5 mín., sem ég hafði til umráða.

ATKVGR.

Brtt. 542 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 562 samþ. með 11:1 atkv.

— 548,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnkalli, og sögðu

já: ÁJ, BrB, ErlÞ, GL, JJós, MJ[1]), SÁÓ[2]).

nei: BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, EÁrna.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSn) fjarstaddur.

Brtt. 548,2 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, ErlÞ, GL, JJós, MJ, SÁÓ, ÁJ.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, BSt, EÁrna.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSn) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSt, EÁrna.

nei: SÁÓ[3]), BrB, ErlÞ.

GL greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSn) fjarstaddur.

Frv. endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 567).

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 567, 578).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv., svo og brtt. 578. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Þetta frv. hefir tekið nokkrum breyt. til bóta í hv. Ed., nema að einu leyti til hins verra. Með brtt. þar hefir ekki aðeins verið afnumin skyldan til að hafa stýrimann og vélstjóra á bátum undir 30 rúmlestum, heldur líka á öllum síldarskipum, sem eru tvö saman um nót, og eins þó að þau komi ekki daglega að landi. Þetta finnst mér svo mikið ábyrgðarleysi, að ég ber fram brtt. um, að slíkar undanþáguheimildir verði felldar niður. Það er vitað, að það er svo um þessa síldarbáta fyrir Norðurlandi, að þeir koma ekki að landi í marga daga í senn, og það er ekki í samræmi við neitt annað í l. að hafa þetta eins og hv. Ed. hefir gengið frá því.

Það hefir komið fram almennur vilji um, að l. yrðu endurskoðuð í ár. Um það hefi ég ekki borið fram till., annað en það, sem felst í þeim brtt., sem ég ber fram nú. Það er eflaust samkomulag um, að l. beri að endurskoða, en þar sem ég fer mjög skammt í mínum brtt., svo skammt, að ég hefi slæma samvizku, trúi ég ekki öðru en að hv. d. samþ. þær.

***Pétur Ottesen:** Ég held, að brtt. hv. þm. Ísaf. hljóti að verða til að hefta framgang málsins. Það var mikill meiri hl. með breyt. í hv. Ed., og að þeim stóðu þm. af Norðurlandi. Þess vegna er það frá sjónarmiði þeirra, sem vilja, að frv. gangi fram, varhugavert að fara nú að samþ. till., sem geta orðið til þess, að málið dagi uppi, en hv. þm. Ísaf. grípur auðvitað hvert hálmstrá til að ráða niðurlögum þess.

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Ég vil upplýsa, að það er rangt hjá hv. þm. Borgf., að fyrir frv. hafi verið mikill meiri hl. í Ed., eins og það var samþ. Brtt. shlj. mínum voru felldar með 7:7 atkv. Einn sjálfstæðismaður sat hjá og einn þm. var fjarverandi. Ef hann hefði ekki verið fjarverandi, hefðu brtt. verið samþ., svo að þetta er hrein tilviljun.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það má vera, að margt mæli með þessum till., en ég vildi spyrja, hvort hætta er á, að málið tefjist, ef þær verða samþ. Það gæti haft áhrif á afstöðu manna til atkvgr. um þær.

***Pétur Ottesen:** Ég verð að segja, að fyrr má nú rota en dauðrota. Hv. þm. Ísaf. neitar því, að meiri hl. hafi verið með frv. í Ed. Hverskonar endaskipti hafa orðið á þingsköpum? Og hv. þm. segir, að hefði ekki einn maður verið fjarverandi, þá hefðu brtt. verið samþ. Já hefði, hefði! Þetta eru bara getgátur hjá hv. þm.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta, en ég vil alvarlega vara menn við því að samþ. nýjar brtt. Það er alkunna, að það er nokkur hópur manna hér, sem vill þetta mál feigt, og mér var sagt, að það hefði slegið í hart milli stj.flokkanna í dag um þetta mál.

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Hv. þm. Borgf. er farinn að tala upp úr svefni. Ég sagði aldrei, að ekki hefði verið meiri hl. með frv. í Ed. Ég mótmælti því, að fyrir því hefði verið mikill meiri hl., og upplýsti, að brtt. hefðu fallið með jöfnum atkv. Ég bið hv. dm. að afsaka, að ég er að endurtaka þetta, en ég geri það til glöggvunar þeim þm., sem geta ekki haldið athygli sinni vakandi.

Að lokum vil ég lýsa yfir því f. h. Alþfl., að ef till. minar verða samþ., mun flokkurinn ekki leggjast á móti því, að frv. gangi fram.

1) **MJ:** Út af orðastað, sem átti sér stað án þess að komast í Þingtíðindin, vil ég geta þess, að ég greiði atkv. með þessari till., en ég held mig við þann skilning, að síld sé fiskur. Ég segi já.

2) **SÁÓ:** Út af misskilningi, sem virðist ríkja um þessa till., þá vil ég taka það fram, að með því að setja »fiskveiðar« í staðinn fyrir »þorskveiðar«, þá er átt við það, að bátar, sem stunda kolaveiðar, geti heyrt undir það. Síldveiðar eru undanskildar í þessari till., að áliti okkar hv. þm. Vestm., og segi ég því já.

3) **SÁÓ:** Um leið og ég þakka hæstv. forsætisrh. fyrir þær undirtektir, að endurskoðun skuli fara fram á þessum l., en hann hinsvegar hefir ekki séð sér fært að láta málið daga uppi, þá vil ég lýsa því yfir, að þar sem í þessu frv. eru skemmdir á núgildandi löggjöf, ekki sízt eftir að þær brtt. hafa verið felldar, sem voru til bóta á frv., þá segi ég nei.

Pétur Ottesen: Ég legg ekki mikið upp úr loforðum hv. þm. Hann talar um, að sumir þm. séu ekki vel vakandi. En það, sem hefir haldið honum vakandi, eru vélráðin, sem hann hefir verið að brugga gegn þessu máli í kvöld.

ATKVGR.
Brtt. 578,1 samþ. með 16:8 atkv.
— 578,2 samþ. með 17:4 atkv.
— 578,3 samþ. með 16:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:4 atkv. og endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd., (A. 592).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

59. Rekstrarlánafélög.

Á 9. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um rekstrarlánafélög (þmfrv., A. 30).

Á 13. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Þetta mál er ekki nýmæli hér á þingi. Það hefir verið flutt áður og þarf þess vegna minni skýringar við en ella myndi. Þetta er eitt af þeim málum, sem mþn. í sjávarútvegsmálum áleit, eftir athugun á útgerðinni og athugun á kjörum útvegsmanna, að gæti orðið, ef það næði framgangi, til hjálpar útgerðarmönnum í verstöðvum eða byggðarlögum, einkum og sér í lagi þar, sem ekki er banki eða bankaútibú, sem sé að gera þeim kleift að hafa félagsskap til að ná sér í rekstrarlán. En í þetta frv. hafa verið felld ákvæði í þetta sinn, sem gera það aðgengilegra fyrir menn að mynda svona félagsskap, t. d. er ákvæði um það, að skattaálagning á rekstrarlánafélög verði hagað eftir sömu reglum og nú gilda um samvinnufélög, og ennfremur það, að rekstrarlánafélög hafi nokkur forréttindi um innflutning á nauðsynjavörum til félagsmanna, bæði til atvinnurekstrar og líka heimilisnauðsynja þeirra. Ég veit, að sumir hv. þdm., og jafnvel sumir hæstv. ráðh., hafa haft tilhneigingu til að gera heldur lítið úr þessu máli, og þótt það vera smávægilegt. En ég er ekki á sömu skoðun. Ég held, að það sé ekkert smávægilegt atriði, einkum á þessum erfiðu tímum sjávarútvegsins, að stuðlað sé að því, að menn standi saman í því að koma rekstri sínum á heilbrigðan grundvöll. Ég hefi veitt því athygli — mér til mikillar ánægju, verð ég að segja — að af hálfu eins stjórnmálafl., sem hér á marga þm., hefir samtökum Vestmannaeyinga á ýmsu því sviði, er snertir útveginn, verið nú alveg nýskeð sérstakur gaumur gefinn. Það hefir sem sé birzt hver lofgreinin á fætur annari í blöðum framsóknarmanna um samheldni og samvinnu og samtök Vestmannaeyinga. Það hefir glatt mig að sjá þessa viðurkenningu þeirra mætu manna, sem að þessum lofgreinum hafa staðið. Og mér þykir líklegt, að þeir menn, sem hafa séð og viðurkennt það gagn, sem frjáls samvinna útgerðarmanna hefir í þessu byggðarlagi o. fl. leitt af sér, muni vilja stuðla að því, að löggjöfin geri sitt til að gera það aðgengilegra fyrir menn að efla félagsskap á frjálsum grundvelli til að bæta sinn hag, sérstaklega að því er snertir útveginn. Ég skal nú segja það, að ég hefi ekki orðið var við það af hálfu hv. framsóknarmanna, að þeir hafi hætt þetta mál eða smáð það, en því miður get ég ekki gefið alþýðuflokksmönnum og ráðh. þeirra þann vitnisburð. Hann hefir látið sér það sæma að benda á þetta mál eins og sérstakt dæmi um, hvaða hégómamál þm. Vestm. leyfir sér að flytja hér á Alþingi. Það er að vísu gert utan þings, en mér þykir hlýða við þessa fyrstu umr. á ekki ómerkara máli en liggur fyrir að mótmæla þessum ummælum hæstv. ráðh. Alþfl. í garð þeirrar viðleitni, sem hér er á ferðinni, til að ýta undir frjáls félagsleg samtök útgerðarmanna í þessari atvinnugrein.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég vænti og óska þess, að því verði vísað til sjútvn., að lokinni þessari umr. Ég hefi aðeins viljað rökstyðja þá sérstöku von mína nú, að a. m. k. hv. framsóknarmenn hér á þingi muni ekki leggja á móti þessu máli, heldur hjálpa því að ná framgangi. Byggi ég það ekki hvað sízt á þeim ummælum annars stjórnarblaðsins um samtök útgerðarmanna í þeirri einu verstöð, sem ég nefndi á nafn, er hefir í raun og veru sama markmið og sumpart sömu verkefni við að fást eins og ætlazt er til, að sá félagsskapur, sem kynni að verða stofnaður samkvæmt þessu frv., myndi koma til með að glíma við.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 33., 34., 35., 37. og 39. fundi í Ed., 24., 25., 28., 31. marz og 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 30, n. 115).

***Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Meiri hl. sjútvn. hefir samþ. að fallast á að leggja til, að frv. nái fram að ganga með þeim breyt., sem eru á þskj. 115.

1. brtt. er við 3. gr., þar sem segir, að félagsmenn í sama félagi megi fæstir vera 5, en flestir 30.

Það er lagt til, að því sé breytt þannig, að þeir megi fæstir vera 10 menn. —

Við 5. gr. er brtt. þess efnis, að orðin á eftir b-lið: „Síðarnefnda tilhögunin skal þó að jafnaði ekki höfð, og ekki nema ef alveg sérstaklega stendur á, og skulu um þetta sett ýtarleg fyrirmæli í félagslögum og reglugerðum.“ — falli burt, þ. e. a. s. þar sem frv. gerir ráð fyrir, að fyrirkomulag lána geti verið með tvennu móti. Í fyrsta lagi, að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánstofnun eða félagið sjálft lántakandi gagnvart lánstofnuninni. Er lögð áherzla á það fyrra í frv. okkar einmitt með orðum þeim, sem er ætlazt til, að falli burt. Breyt. myndi orsaka það, að það væri látið standa opið og án nokkurrar áherzlu, hvor aðferðin væri viðhöfð. — 6. gr. ætlast meiri hl. til, að falli niður. En hún er um það, að maður, sem er í rekstrarlánafélagi, geti líka útvegað sér rekstrarlán annarsstaðar, ef honum þykir það hagkvæmara. Meiri hl. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki rétt að leyfa, ef útgerðarmaður er í rekstrarlánafélagi, að hann fái lán á þann hátt, og er ekki ætlazt til samkvæmt brtt., að hann útvegi sér lán annarsstaðar. Þá er fjórða brtt. við 11. gr. Þar er lagt til að fella burt skyldu ríkisstj. til að útvega fé til lánveitingar, en á hinn bóginn er ætlazt til, að áfram standi sú kvöð, að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé til að lána rekstrarlánafélögunum, ef þörf bankanna krefur þess.

Þetta eru þær brtt., sem meiri hl. leggur til, að verði gerðar á frv., og að þeim samþ., leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. Um afstöðu minni hl. get ég eiginlega ekki sagt annað en það, að þegar málið var til afgreiðslu í n., taldi hann sig, að svo komnu máli, ekki geta fallizt á málið í heild. Og geri ég ráð fyrir því, að minni hl., ef honum þykir þess þurfa, skýri þessa afstöðu sína til málsins við þessa umr.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Herra forseti! Því miður heyrði ég ekki framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. En ég býst við, að það sé það sama og fram hefir komið í n. Það er alveg rétt, eins og hann gat um, að ég hefi ekki orðið öðrum nm. samferða í að mæla með frv. Ég hefi að vísu ekki skilað neinu nál., en mun sennilega láta mína afstöðu koma alveg skýrt í ljós fyrir 3. umr., að því viðbættu, sem ég geri grein fyrir henni nú. Það er þá í fyrsta lagi, að ég lít svo á, að þetta frv. sé með öllu óþarft. Það, sem er ætlazt til með þessu frv., er, að útgerðarmenn stofni rekstrarlánafélög. Slíkt er mönnum heimilt nú án lagasetningar. Ég veit ekki betur en að það sé öllum frjálst, sem vilja hafa samtök og slá sér saman í félag, hvort sem það er öflun fjár til útgerðar eða í öðru augnamiði. Ýms ákvæði eru hér í frv., sem ég tel dálítið hæpin. Það er t. d. ætlazt til, að rekstrarlánafélag gangi lengra en að afla nauðsynja til útgerðar, það er einnig gert ráð fyrir, að þeir sömu félagsmenn afli sér til heimilisþarfa matvæla og annars slíks. Vitanlega er út af fyrir sig hverjum manni heimilt að vera í pöntunarfélagi og kaupfélagi, ef hann vill, eða skipta við verzlun einstakra manna. En í frv. er ætlazt til meira. Í 7. gr. er svo ákveðið með þessu frv., og eiginlega lögð skyldukvöð gagnvart innflutnings- og gjaldeyrisn. um, að hún leyfi gjaldeyri fyrir slíkum innkaupum, sem beint myndu lúta að heimilisþörfum manna. Með þessu er stofnað til afarmikils misréttar milli borgara í landinu. Þeir menn, sem eiga ekki rétt á að vera í slíku rekstrarlánafélagi, eiga þá ekki slíkan rétt til að krefjast gjaldeyris til heimilisþarfa samkvæmt þessu frv. Ég álít, að menn, þótt þeir séu í rekstrarlánafélagi, eigi ekki að hafa nein slík sérréttindi fram yfir aðra menn, sem verða að lúta að hvort sem það eru einstaklingsverzlanir, pöntunarfélög eða kaupfélög. Hér er því verið að krefjast réttar fyrir örfáa menn umfram aðra þegna þjóðfélagsins. M. a. af þeim ástæðum get ég ekki fallizt á að lögbjóða þetta, sem í frv. stendur, jafnvel þó að þessir menn fáist við útgerð.

Það er hverjum hópi manna sem er heimilt að mynda með sér slíkan félagsskap, þó að ekki sé sett um það lagasetning. En í 1. gr. er svo til ætlazt, eftir orðanna hljóðan, að það sé nánast skylda fyrir menn að gera þetta, því að það stendur í 1. gr. frv., að útvegsmönnum sé rétt að stofna rekstrarlánafélög. Ég býst við, að þetta megi skilja svo, að nánast sé með þessu sett skyldukvöð á menn um að stofna rekstrarlánafélög eða vera með í því, ef útgerðarmenn í einhverju byggðarlagi vilja gangast fyrir slíkri félagsstofnun. Ég álít, að það eigi að vera frjálst, hvort menn vilji bindast samtökum um að afla nauðsynja til sinnar útgerðar og að þar um sé ekki rétt að setja neinar skorður með l.

Ég minnist þess, að þegar þetta mál lá fyrir hv. Nd., þá mun hafa verið um það leitað umsagnar bankanna. Ég hefi þá umsögn ekki hér við hendina. En ég hygg, að sú umsögn bankanna hafi frekar verið neikvæð heldur en jákvæð um frv. Þeir munu hafa litið svo á, að þetta fyrirkomulag, sem í frv. er till. um, væri miður heppilegt gagnvart bönkunum.

Um þær breyt., sem n. vill gera á þessu frv., er lítið að segja. Það er ætlazt til, að í staðinn fyrir 5 menn skuli það vera 10 menn, sem fæstir megi vera í slíku félagi, til þess að það megi stofna. Í frv. eru í því sambandi tilteknir 5 menn. Það skal ég játa, að þetta er nokkuð til að þrengja möguleikann fyrir stofnun slíkra félaga. — Meiri hl. sjútvn. leggur svo til, að niður falli úr 5. gr. nokkur orð, sem ekki breyta eiginlega efni gr., og er þetta því fremur veigalítil breyt. En 6. gr. ætlazt meiri hl. n. til, að falli niður.

Ég hefði nú búizt við, að hv. 2. þm. S.-M. mundi ekki geta fallizt á 7. gr. frv., sem ég hefi gert að sérstöku umtalsefni. Mér virðist hún ganga svo langt í þeim efnum að heimta rétt handa ákveðinni stétt manna, að tæplega sé hægt að fylgja henni fram. Má vera, að það komi fram við þessa eða 3. umr. málsins, að menn líti svo á, að hún ætti ekki að standa í l.

Ýmislegt er það fleira í þessu frv., sem ég gæti nefnt, sem ég svona hnýt um. En í öllum aðalatriðum er mín afstaða til frv. sú, að ég tel löggjöf um þetta efni algerlega óþarfa. Ég tel, að menn í útgerðarplássum, ef þeim þykir nauðsynlegt, geti myndað samtök með sér um að

afla sinna nauðsynja á ódýrari hátt en e. t. v. hver einstakur getur gert án slíkra samtaka, án þess að sérstök lagasetning sé sett þar um. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að við 3. umr. geri ég till. um, að frv. verði fellt, og ég mun rökstyðja það með því að ég tel frv. óþarft.

*Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. minni hl. sjútvn. hefir nú skýrt afstöðu sína eða reynt að rökstyðja afstöðu sína til þessa frv., sem í stuttu máli er sú, að hann vill láta fella frv. Hinsvegar leynir það sér ekki, bæði á því og hinu, sem hv. minni hl. heldur fram hér í umr., að hann hefir í fyrsta lagi ekki skilning á málum eða kjörum þess hóps manna, sem ætlazt er til, að þessi löggjöf verði sérstaklega að gagni, ef frv. verður samþ. Hann þekkir af reynslu ekkert inn á þetta, þessi hv. þm. Og í öðru lagi hefir hann ekki hirt um að setja sig inn í það. Þessi hv. þm. hefir, eins og kunnugt er, engin kynni haft af annari útgerð en stórútgerðinni, þegar hann var unglingur. En hann hefir varið allri sinni æfi hér í baráttu við stórútgerðina og á sviði, sem alls ekki snertir beinlínis smáútgerð víðsvegar um land. Honum er sýnilega ekki kunnugt um þá örðugleika, sem margir lítið efnaðir vélbátaeigendur oft og tíðum í byrjun vertíðar og stundum langt fram á vertíð eiga við að etja um að fá áheyrn í bönkum um nokkurn stuðning til útgerðar sinnar.

Ef hv. 3. landsk. þm. væri eins vel kunnugt um þetta og mér, og ég geri ráð fyrir hv. 2. þm. S.-M. líka, og yfir höfuð öllum mönnum, sem hafa lifað meðal smáútvegsmanna og a. n. l. borið byrðar með smáútvegsmönnum víðsvegar um land, þá mundi hann ekki vera eins ákveðinn í að halda því fram, eins og hann er, að þetta sé þarflaust mál og gagnslaust. Ég þykist vita, að þessi hv. þm. sé ekki svo sneyddur tilfinningu fyrir því, að vilja vera mönnum til gagns, ef hann hefði skilyrði til þess, að hann vilji þess vegna leggjast á móti því, að löggjöf sé sett til stuðnings félagsskap og samheldni útvegsmanna í þessu efni.

Út af 1. gr. frv., sem er svona: „Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum“ — vill hv. þm. slá því föstu, að það sé lögð skylda, sem sé lögþvingun, á herðar útvegsmanna um að ganga í svona félög. Þetta er vitanlega algerlega rangt. Þetta orðalag í l., að mönnum sé rétt að gera einhvern hlut, segir ekki, að það sé skylt. Þetta orðalag er notað í lagamáli oftast í sambandi við löggjöf, sem menn geta notað, ef þeim virðist, að þeir muni hafa gagn af því eða það sé þeim hentugt. En það er ekki þar með sagt, að þeir séu skyldir til að nota þá löggjöf. Og það var að sjálfsögðu ætlun okkar flm. frv., að binda ekki hendur manna í þessum efnum. En hv. minni hl. sjútvn. kann yfir höfuð ekki við aðra löggjöf en þá, sem bindur og þvingar.

Þá segir þessi sami hv. þm., að það sé alveg óþarft að vera að setja l. um atriði, sem þegnar þjóðfélagsins geti, hvort sem er, framkvæmt, ef þeir vilja hafa samtök um það. Hversu margt mun ekki vera í íslenzkum l., sem um mætti segja, að væri óþarft, að hafa lögfest, ef fólkið hefði samtök um að lifa eftir því, sem þau l. ákveða. Ég held, að það gæti orðið nokkuð margt. Við skulum taka t. d., þegar sú löggjöf var sett hér á landi, sem hv. 3. landsk. telur sjálfsagt, að taki fram flestu öðru, sem gert hafi gagn verkalýðnum, — þegar sett voru togaravökulögin. Þá hefði sjálfsagt mátt mótmæla þeirri lagasetningu með sama rökstuðningi og segja: Það er alveg óþarft að setja löggjöf um svefntíma sjómanna á togurum, því að hann geta menn ákveðið sjálfir, ef þeir kæra sig um, án þess að lagasetning komi til. Þannig má hið sama segja um mörg l., að þau séu óþörf, ef landsfólkið vildi bara lifa eftir samskonar reglum og í löggjöfinni eru settar. Það er eins og stóð í kverinu, sem ég lærði undir fermingu: „Þegar heiðingjarnir, sem ekki hafa lögmál, gera af náttúrunni það, sem lögmálinu er samkvæmt, þá eru þeir, þótt ekki hafi þeir lögmál, sjálfum sér lögmál.“ Ef því með rökum hv. 3. landsk. ætti að mæla á móti löggjöf, sem styður að félagsstarfsemi manna með þeim forsendum, að mönnum væri frjálst að hafa félagsskap um þetta o. fl., þá væri hægt með sömu rökum að setja fót fyrir alla löggjöf um önnur atriði en þau, sem sett eru sem þvingunarl.

Hv. 3. landsk. ætti að vera sjálfur svo sem tvær til þrjár vertíðir í stórum verstöðvum, þar sem margt er smáskipa, en fremur slæm eða a. m. k. mjög misjöfn aðstaða til þess að fá lánsfé til rekstrar útgerðarinnar. Það er margt, sem spilar inn í um það, hversu þægilegt er fyrir útvegsmenn að fá lán, og gerir aðstöðuna til þess misjafna, ýmist stjórnmál, ýmist efnahagsástæður og margar aðrar orsakir, sem koma þar til greina. Þessi hv. þm. ætti að hafa verið áhorfandi að því, að efnalitlir útvegsmenn hafa orðið að bíða með að koma bátum sínum á flot, vegna þess að þeir hafa ekki fengið rekstrarlán, stundum langt fram yfir þann tíma, sem eðlilegt er, og oft og tíðum setið af sér af þessum orsökum mikinn afla. Ég hefi oft átt erfitt með að skilja það hjá bönkunum, hvað þeir sjá sér í því, ef þeir ætla að hjálpa bátaeigendum á annað borð til að stunda útgerð, að draga það vikum saman, eins og oft vill verða, að veita þeim þá fjárhagslega aðstoð, sem þarf, til þess að þeir geti komið bátum sínum á flot. Það eru eingöngu þeir minni máttar, sem verða að láta sér þetta lynda. Ef hv. þm. hefði náin kynni af þessu, þá er ég sannfærður um, að hann væri ekki eins viss um og hann þykist vera, að hér sé eingöngu um hégómamál að ræða.

Með frv. er ætlazt til að stíga spor í áttina til þess að hjálpa útvegsmönnum til þess að fá sér rekstrarlán í tæka tíð, m. ö. o. styrkja aðstöðu þeirra til þess að mynda með sér félagsleg samtök til þess að ná þessu marki. Hv. 3. landsk. sagði með réttu: Menn geta þetta án löggjafar. Ég neita því ekki. En löggjöf, sem heitir hópi manna, sem sameina sig í þessu augnamiði, ákveðnum friðindum, hlýtur að styðja að því, að félagslyndi festi rætur hjá hlutaðeigendum. Og þegar ég tala um félagslyndi í þessu sambandi, þá er rétt að kannast við það, að þar sem bændur

eru yfir höfuð fljótir til að vinna félagslega saman að sínum áhugamálum ýmsum, þá hefir skort mjög á það víða, að útvegsmenn gerðu slíkt hið sama. Mér virðist, að útvegsmenn yfir höfuð hafi verið tregari til þess að hafa félagsleg samtök með sér um sín mál heldur en bændur. Og ef mér skjöplast ekki í þessu, þá virðist mér vera spor alveg í rétta átt, að samþ. l. eins og þessi, ekki nein þvingunarlög, heldur l., sem beina útvegsmönnum inn á þær brautir samvinnu og félagssamtaka, sem í flestum tilfellum getur ekki gert þeim neinn skaða, en á hinn bóginn verður oft og tíðum til þess að styrkja aðstöðu manna í atvinnu þeirra. Og líka má gæta þess, að ætlazt er til, að þessi félög safni þó dálitlum sjóðum. Allt þetta miðar að því að þroska þá menn, sem í rekstrarlánafélögunum væru, styrkja þeirra aðstöðu við atvinnu þeirra.

Hv. 3. landsk. var ákaflega hneykslaður út af ákvæðum 7. gr. frv., sem hljóðar um, að rekstrarlánafélög eigi rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjum félagsmanna sinna í réttu hlutfalli við innflutningsreglur á hverjum tíma. (SÁÓ: Samanber 2. grein, stendur í frv.). Það er rétt, að þar eru orðin „nauðsynjar félagsmanna“ ekki látin ná eingöngu til útgerðarvara, heldur líka til vara handa heimilum útgerðarmanna.

Ég sé ekki, að hér sé um misrétti að ræða, þar sem vísað er til gildandi innflutningsreglna á hverjum tíma. Ég held því, að allt mas hv. 3. landsk. um, að hér sé um misrétti að ræða milli borgaranna, hljóti vegna tilvitnunarinnar í 7. gr. um, að gjaldeyrisleyfi þessi verði veitt rekstrarlánafélögunum „í réttu hlutfalli við innflutningsreglur á hverjum tíma“, að falla alveg um sjálft sig. Hitt er mér kunnugt, sem hv. 3. landsk. þekkir miklu verr, af sömu ástæðum, sem ég talaði um áður, nefnilega af því hann hefir ekki lifað í því umhverfi, þar sem hægt er vel að kynnast gangi þessara mála, að þráfaldlega fá ekki útvegsmenn innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, ekki fyrir sínar nauðsynjavörur, heldur sínar útgerðarvörur, veiðarfæri, mótorhluta og ýmislegt annað af því, sem beint þarf til þess að geta komizt á sjó. Þeir fá ekki þessi leyfi oft og tíðum fyrr en komið er í ótíma. Ég tala nú ekki um ástand síðustu mánaða, þegar þeir í Vestmannaeyjum hafa orðið að vera í landi vegna þess, að þeir hafa ekki getað fengið gjaldeyri fyrir mótorhlutum, sem kosta á annað hundrað krónur. Þeir hafa fengið gjaldeyrisleyfin, en ekki getað fengið gjaldeyrinn í bönkunum.

Þegar þess er gætt, að útvegsmenn eru einir þeirra aðilja, sem ná í afl þeirra hluta, sem þarf til þess að framkvæma hlutina, sem sagt ná í verðmæti fyrir erlendum gjaldeyri, þá er sannast að segja ekkert ósanngjarnt að fara fram á, að þeir eigi rétt á að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sínum nauðsynjum á hverjum tíma. En hv. 3. landsk. þykir þetta misrétti. En það er fjarri því, að svo sé. Það eru einmitt þessir menn, sem sætt hafa mestu misrétti allra borgara þjóðfélagsins um þessi mál. Það eru mennirnir til sjós og lands, sem aflað hafa verðmætanna fyrir erlenda gjaldeyrinn. Af þeim hefir ríkisvaldið og bankarnir árum saman tekið þeirra útflutningsvöru við stórum mun lægra verði heldur en hún á að metast í íslenzkum peningum. Og svo má benda á tugi, ef ekki hundruð dæma þess, að þessir menn eru látnir bíða eftir afgreiðslu á innflutningsleyfum fyrir sínum nauðsynjavörum til útgerðarinnar, á meðan gjaldeyris- og innflutningsnefnd afgreiðir leyfi til þeirra manna, sem eingöngu lifa á því að flytja inn vörur til þess að selja háu verði. Þegar farið er svo fram á, að útvegsmenn (bændur eiga nú þegar nákvæmlega sama rétt í þessu efni) fái innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sínum nauðsynjum, þá rís hv. 3. landsk. þm. upp og fer að tala um misrétti.

Þá minntist hv. 3. landsk. á umsagnir bankanna um þetta mál. Ég man til þess, að bankarnir hafa látið eitthvað uppi um málið og heldur talið það óþarft. En það þarf engan að undra. Bankarnir eru ekki venjulega að hlaupa upp með að kalla það þörf mál, þegar einhverjum kvöðum eða skyldum er að þeim stefnt. Ég er ekkert hissa á því, þótt bankarnir séu ekkert hrifnir af því, að rekstrarlánafélög eigi að fá sérstaka aðstöðu til þess að fá lán til útgerðar sinnar fremur en einstaklingar, né heldur því, að í frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hlaupi undir baggann og veiti aðstoð til þess að ná inn fé, ef bankarnir ekki geta það. Ég er ekkert að flytja þetta mál fyrir bankana, svo að í sjálfu sér hefi ég aldrei búizt við því, að þeir mundu hampa þessu máli. Ég er að flytja þetta mál fyrir þann hluta útgerðarmanna, sem allajafna á erfiðasta aðstöðu gagnvart bönkunum og erfiðasta aðstöðu í lífsbaráttunni. En bankarnir hafa hvergi látið í ljós, svo ég viti til, að þetta gæti orðið til ógagns útvegsmönnum.

Skal ég svo ekki að þessu sinni fara út í fleiri atriði vegna andmæla hv. 3. landsk. Ég sagði það í upphafi máls míns og endurtek það nú að lokum, að ég tel, að andstaða hans byggist á þessu tvennu: Í fyrsta lagi því, að hann beri ekki skyn á þá örðugleika, sem hér eru á ferðum, af nokkuð náttúrlegum orsökum, þar sem hann er ekki nægilega kunnugur málunum, af því að hann hefir ekki lifað með þeim mönnum, sem hér eiga mest hlut að máli. Og í öðru lagi á því, að hann hafi ekki reynt að kynna sér þær ástæður, sem hér liggja fyrir.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Það mun nú vera að klappa í steininn að svara hv. þm. Vestm. En ræða hans sannfærði mig ekki um nauðsyn þessa máls. Hann vildi láta það líta svo út, að hér væri það vanþekking mín, sem réði mestu um það, hvernig ég snerist við þessu máli, og að ég hefði ekki sett mig inn í málið og hefði ekki lifað með smáútgerðarmönnum, en hefði aðallega lifað með stórútgerðinni, eins og hann orðaði það, og að ég þess vegna muni ekki þekkja örðugleika smáútgerðarmanna. Það má vel vera, að ég hafi ekki lifað meðal örðugleika smáútvegsins eins og hann. En ég hefi þó nokkuð kynnzt þeim örðugleikum, sem þessir menn eiga við að stríða hér í kring, sem ég hygg, að séu ekki ólíkir þeim örðugleikum, sem smáútvegsmenn í Vestmannaeyjum eiga við að stríða.

En ég hefi ekki sérstaklega orðið þeirra örðugleika var, sem hv. þm. Vestm. sérstaklega gerði að umtalsefni sínu, að mönnum sé neitað sérstaklega um lán, ef þeirra útgerð er talin nokkurnveginn lífræn. Af minni kynningu af þessum málum hefi ég ekki orðið var við annað en að bankarnir hafi reynt að svara smáútvegsmönnum eins og öðrum, til þess að koma þeim á flot, eins og það er kallað. Reynslan sýnir það hér sem annarsstaðar, að smærri skipin ganga til veiða þann tíma, sem útgerðarmenn telja líklegastan til árangurs að láta þau ganga. Ég get ekki hugsað mér, að þau gætu það, ef bankarnir neituðu þeim um nauðsynleg lán til útgerðarinnar, til þess að hún gæti gengið. Ég þekki ekki þessi dæmi, sem hv. þm. Vestm. tilfærði, sem kunna að vera úr Vestmannaeyjum, að menn hafi orðið að bíða með skip sín í landi eða við land, þegar aðrir komust til aflafanga, af því að þeir hafi ekki fengið lán til sinnar útgerðar. Mér er ekki kunnugt um þessi dæmi. En ég þekki þau dæmi hér úr Reykjavík, að jafnvel þeir aumustu meðal smáútvegsmanna hafa getað komizt á flot eins og hinir, sem betur voru stæðir. Hefir það sýnt skilning bankanna til þess að gera allar þær úrlausnir, sem þeir telja færar, til þess að þessi útgerð geti gengið. Meðan ég fæ ekki skjallegar sannanir fyrir öðru, verð ég að byggja á þessari skoðun minni sem réttri.

Út af því, sem ég sagði í sambandi við það, að óþarft væri að hafa þetta lögbundið, vitnaði hv. þm. í togaravökulögin. Þar er bara dálítið ólíku saman að jafna. Með þeim var verið að vernda menn fyrir heilsutjóni og ýmsu því, sem of mikil vinna og vökur höfðu í för með sér. Vökulögin eru ekkert annað en hreint og beint heilsufræðis- og mannúðarmál til þess að vernda menn fyrir skaðlegum vinnuaðferðum. Svo að það er alveg ósambærilegt við það, sem hér um ræðir, hvort eigi að þvinga menn til þess að ganga í félög til þess að geta kríað út meiri peninga, sem mér skildist vera aðalatriðið í rökstuðningi hv. þm., en að hér væri um nauðsynjamál að ræða, gat ég ekki fundið eftir rökum hans að dæma. Hann gat ekki neitað því, sem ég sagði áðan, að ef menn vildu slá sér saman í félagsskap, af því að þeir teldu það líklegra til fjáröflunar til rekstrar útgerð, þá er það heimilt án lagasetningar.

Um skilninginn á orðalagi 1. gr. vil ég ekki deila. Ég býst við, að almennt sé svo litið á, að fyrst leyft er að þvinga menn til að ganga í slíkan félagsskap, þá eigi ekki að nota þau orð, að mönnum sé skylt að stofna þessi félög. Það mun vera almennt litið svo á, að löggjafinn ætlist til þess, að menn gangi í slíkan félagsskap.

Þá talaði hv. þm. og flm. málsins mjög mikið um nauðsynina á því, að beina sjávarútvegsmönnum inn á svið félagslyndis og samvinnu. Það er út af fyrir sig mjög virðingarvert af hans hálfu að glæða slíkan félagsanda, en ég hefði kunnað betur við, að sá félagsandi væri fyrir hendi, án þess að það þyrfti að búa til lög um það. Ég þykist vita, að hv. þm. hafi í eðli sínu frekar verið samkeppnismaður en samvinnumaður, svo að þetta eru ný stefnuhvörf hjá honum á þessu sviði, sem ég tek með mestu vinsemd og velvilja frá hans hálfu.

Svo færði hv. þm. það sem rök fyrir nauðsyn slíkrar lagasetningar sem þessarar, að útvegsmenn fengju ekki gjaldeyri fyrir nauðsynlega hluti til útgerðarinnar, og vitnaði hann til þess, að þeir fengju ekki einu sinni gjaldeyri fyrir mótorshluta eða veiðarfæri. Það má vera, að hann hafi dæmi fyrir sér um þetta. Ég þekki það ekki. En þó að svo væri, þá býst ég ekki við, að þessi félagsskapur yrði til þess að skapa gjaldeyri út af fyrir sig, ef hörgull er á honum, til að greiða fyrir ýmsar nauðsynjar, sem útgerðarmenn þurfa að kaupa frá útlöndum. Þetta læknar ekki þá meinsemd, sem hann vill sýna fram á, að þurfi að lækna. Ef þjóðarbúskapurinn er svo aumur, sem hv. þm. vill vera láta, að ekki sé hægt að greiða nauðsynlega hluta til vélakaupa eða veiðarfæra, þá verður sannarlega að finna önnur ráð til þess að bæta úr því en þetta frv. ætlast til.

Ég hefi heyrt mikið um það deilt hér á þingi og annarsstaðar, hvort útvegsmenn ættu að ráða yfir gjaldeyrinum óskorað eða þjóðfélagið með þeirri stofnun, sem sett er til þess að annast þetta, gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Eins og nú er háttað með þjóðarbúskapinn og verzlunina við önnur lönd, er það tvímælalaust þjóðarnauðsyn, að það sé ekki einstök stétt, sem ræður óskorað yfir gjaldeyrinum. Um þetta atriði ætla ég ekki að rökræða á þessu stigi málsins, það verður gert á öðrum vettvangi, og á ef til vill eftir að verða gert betur hér á þinginu. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að neita því, að það er óhjákvæmileg nauðsyn, að gjaldeyrir verði veittur, að svo miklu leyti sem unnt er, til þess að halda framleiðslunni gangandi, og ég veit ekki betur en að bæði bankar og gjaldeyrisnefnd hafi sýnt fullkomna viðleitni í því efni, að stuðla að því, að okkar sjávarútvegur þyrfti ekki að stöðvast fyrir þær sakir, að ekki fengjust þeir nauðsynlegu hlutir, sem þarf, til þess að útvegurinn geti gengið. Svo að það er í rauninni út í hött að tala um, að þessir menn séu sérstaklega settir hjá, þegar um þetta er að ræða. Hinsvegar hefi ég óbreytta skoðun eins og ég hélt fram í minni fyrri ræðu um það, að útvegsmenn eigi a. m. k. ekki frekar en aðrir þegnar þjóðfélagsins að fá sérstakan gjaldeyri til sinna heimilisnauðsynja. Þetta er eitt af því, sem ég er alveg mótfallinn í frv.

Þá talaði hv. þm. um, að aðrir fengju þennan gjaldeyri, mér skildist kaupmannastéttin. Ég hélt, að það væri nokkurnveginn í samræmi við þá stefnu, sem hann og hans flokkur hefir haldið fram, að kaupmannastéttin ætti að fá að halda sínum rétti til þess að flytja inn og verzla með eitt og annað og fá fullkomið gjaldeyrisleyfi til þess. Það er öllum kunnug sú togstreita, sem verið hefir hér milli einstaklingsverzlunarinnar og samvinnuverzlunarinnar í þessu máli, og hvernig hver vill þar toga í sinn skækil. Ég hefði því sízt búizt við, að frá þessum hv. þm. kæmi gagnrýni um, að kaupmannastéttin fengi meira en henni bæri í þessu efni.

Að síðustu vék hv. þm. að því, sem ég minnt-

ist lauslega á, afstöðu bankanna til þessa frv., og ég hygg, að hann verði að játa, að ég fór með rétt mál, þegar ég hélt því fram, að bankarnir hefðu ekki mælt sérstaklega með því fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á. Þeir hafa hinsvegar ekki mælt á móti því, að í frv. gæti falizt ákvæði, sem kynni að verða útvegsmönnum til gagns. En hitt skil ég vel, að bankarnir telji það út af fyrir sig miklu heillavænlegri stefnu, að þeir megi eiga við hvern einstakan viðskiptamann, heldur en að mynduð séu samtök gegn þeim til þess að þvinga fjármagn úr bönkunum, sem þeir telja kannske stundum ekki kleift að láta, og ennfremur getur verið um að ræða einstaklinga, sem bankarnir telja ekki rétt að verja, að því er snertir fjárhagslega aðstöðu þeirra. Ég hefi ekki orðið var við, að menn hafi verið settir sérstaklega hjá í þessu efni, þegar um útgerð hefir verið að ræða, svo að ástæða væri til að heimila slíka lánsstofnun. Það hafa engin rök komið fram í málinu og sízt í ræðu hv. þm., sem sanni, að slíkt sé fyrir hendi. Í einstökum tilfellum getur verið, að þetta valdi árekstrum, þannig að þeir, sem eru bundnir í kaupfélögum eða pöntunarfélögum, séu dregnir úr sínum fyrri félagssamtökum í önnur ný, sem þeim eru kannske alls ekki hagkvæm.

Í sumum útgerðarplássum eiga menn alla sína verzlun í samvinnuverzlun, jafnt um rekstur sinnar útgerðar sem um nauðsynjar sinna heimila, og njóta að sjálfsögðu þeirra kjara, sem slík verzlun hefir látið þeim í té. Fyrir þá menn er það slæmt að vera dregnir úr slíkum félagsskap í annan. Þetta er ein ástæðan, sem ég tel, að mæli á móti því, að rétt sé að lögfesta slík félög, sem hér um ræðir. Mér finnst sjálfsagt að lofa hinum, sem hug hafa á, að mynda slíkan félagsskap án þess að skylda þá til þess með lögum.

Ég hefi ekki tíma til að ræða þetta frekar að þessu sinni og geymi mér það til 3. umr., og mun ég þá með till. lýsa minni skoðun á því, hvernig ég álít, að eigi að leysa þetta mál.

*Ingvar Pálmason: Það er ekki af því, að ég ætli að hlaupa í skarðið fyrir hv. þm. Vestm., að ég tek til máls, en það hafa komið fram ýms atriði, sem ég tel rétt að segja nokkur orð um.

Ég vil fyrst víkja að því, að það getur kannske valdið misskilningi, hvernig hv. þm. Vestm. útskýrði brtt. okkar, þar sem við lögðum til, að 6. gr. falli niður. Mér skildist hann halda því fram, að með því að leggja til, að 6. gr. verði felld niður, vildum við útiloka meðlimi þessara félaga frá því að útvega sér lán annarsstaðar heldur en í gegnum félögin, en það vakti a. m. k. ekki fyrir mér, heldur vildi ég láta þetta standa alveg opið, þannig að félögin gætu í sínum samþykktum opnað þetta eða lokað, eftir því sem við ætti á hverjum stað, en ef þetta er sett fast í l. þá verður því ekki breytt, að félögin hafi heimild til þess að binda félagsmenn þeim skilyrðum, að taka ekki lán annarsstaðar. Það getur verið, að það sé ekki rétt að láta slíkt standa í l., en hinsvegar er ekkert við því að segja, ef félögin hafa það í sínum reglum, að félagsmönnum sé heimilt að taka lán annarsstaðar en gegnum félögin.

Það var sérstaklega eitt atriði, sem kom fram hjá hv. 3. landsk., sem ég er algerlega mótfallinn. Hann hélt því fram, að smáútvegsmenn hefðu yfirleitt alveg eins góðan aðgang að rekstrarlánum hjá bönkunum eins og aðrir. Hann sagði, að hér í Reykjavík kæmust smáfleyturnar af stað eins og hinar, og þetta kæmi ekkert að sök. Þetta stafar ótvírætt af ókunnugleika hans. Ég get nefnt nærtækt dæmi frá þessari vertíð. Tveir bátar komu hingað suður úr öðrum landsfjórðungi. Þeir reyndu að fá lán til útgerðarinnar, þegar þeir voru heima hjá sér, en fengu ekki svar. Bátarnir voru fyrst fjórir og fóru af stað án þess að fá svar, vegna þess að ef þeir hefðu ekki gert það, hefðu þeir misst af vertíðinni. Eftir að bátarnir komu suður, fengu tveir lán, en tveir ekki. Bátarnir, sem lánið fengu, gátu fengið það hjá verzlunarrekanda, — og hvernig fekk hann það? Í bönkunum. Af þessu leiðir, að þessir bátar verða að hafa millilið til þess að geta farið á veiðar á vertíðinni, og sá milliliður gerir þetta vitanlega hagnaðarins vegna, og sá hagnaður er fólgin í því, að mennirnir verða að leggja fiskinn úr sjónum inn til hans. Það sjá allir, að af þessu stafa talsverð óþægindi. Ef þessir fjórir bátar eða fleiri hefðu gengið í félag um rekstrarlán, hefðu þeir allir getað fengið rekstrarlán og skipt þeim á milli sín og borið uppi hver annars lán að meira eða minna leyti. Mér er kunnugt um, að það er rétt, sem hv. þm. Vestm. hélt fram, að það vildi verða óhæfilegur dráttur á ákvörðun bankanna um rekstrarlán smáútgerðarinnar, svo að af því hlytist oft stórtjón í mörgum fleiri tilfellum en þessu.

Ég skal játa, að þetta frv. er ekki nein allra meina bót, en þó að það ráði kannske ekki bót á örðugleikunum í þessu efni nema að litlu leyti, þá sé ég enga ástæðu til að leggjast á móti því, að það nái fram að ganga, því að ég tel það spor í áttina til þess, að létta undir með smáútveginum, að því er rekstrarlán snertir.

Að endingu vil ég minnast á 7. gr., sem hv. 3. landsk., gerði að umræðuefni. Hann telur, að þarna sé rekstrarlánafélögunum veitt sérstök hlunnindi, sem hljóti að valda geysimiklum misrétti. Hver er sá misréttur? Hann er sá, að þeim er áskilinn réttur hlutfallslega við aðra borgara þjóðfélagsins um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma. Þetta er ekki alveg ófyrirsynju, því að þetta er allt ný starfsemi, og þess vegna má búast við, að þessum félögum veitist dálítið örðugt að fá gjaldeyris- og innflutningsleyfi, því að þau hafa ekki starfað áður.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að það sé alls ekki rétt að fella frv., en ég skyldi taka því með þökkum, ef menn gætu komið með lagfæringu á þessu frv., sem gerði það að verkum, að það næði betur tilgangi sínum, en ég veit, að það getur gert mikið gagn, vegna þeirra erfiðu kringumstæðna, sem við er að etja.

Ég taldi rétt að láta þessi orð fylgja, bæði

til þess að leiðrétta það, sem fram kom hjá hv. frsm., og til þess að sýna, að ég er ekki með þessu frv. aðeins til þess að sýnast, heldur er mér það full alvara, að á þessu máli þarf að taka, og ef til vill miklu betur en í þessu frv. er gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 115,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 115,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 115,3 (6. gr. falli niður) samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—10. gr. (verða 6.—9. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 115,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
12.—13. gr. (verða 11.—12. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 190).

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég sé, að hér eru helzti fáir mættir til að ræða þetta mál, og aðalflm., þess er ekki viðstaddur. Ég hefi sjálfur ekki miklu að bæta við það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, en vildi aðeins leggja hér fram rökstudda dagskrá, sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem engar hömlur eru lagðar á útvegsmenn samkv. gildandi l., um að mynda hagsmunasamtök sín á milli, m. a. um stofnun rekstrarlánafélaga, þá lítur deildin svo á, að löggjöf um þetta efni sé með öllu ónauðsynleg, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

***Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):** Hv. 3. landsk. lagði fram rökstudda dagskrá í þessu máli, en ég verð að segja það, að mér finnst hún vera bein tilraun til að fella frv. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þótt alls ekki sé lagt neitt bann við því, að útgerðarmenn myndi með sér rekstrarlánafélög, sannar það alls ekki, að sú löggjöf sé óþörf, sem hér er stefnt að með þessu frv., vegna þess að í núgildandi l. er ekki heldur til neitt fyrirheit eða friðindi fyrir þá, sem vildu starfa í félagsskap að þessum málum. En með þessu frv. er stefnt að því að örva menn til svona samvinnu, með því að heita þeim nokkrum friðindum og gera aðstöðu þeirra sterkari með hjálp löggjafarinnar. Ég þarf ekki að telja það upp, því að ég gat þess við 2. umr. málsins, að hverju þessi löggjöf stefnir, enda ber frv. þess menjar. Hinsvegar vildi ég þó, að hv. 3. landsk. væri ekki við þessa umr. málsins að klifa á því að nýju, vegna þess að það kom svo oft fram við 2. umr. málsins, að ég er ekki sammála skoðun hans. Hann álítur, að með þessu frv. sé beitt nokkurri þvingun við útgerðarmenn, því að þeir væru skyldaðir til að ganga í svona félagsskap. Hv. 3. landsk. heldur því fram, að samkv. 1. gr. frv. sé útgerðarmönnum skylt að ganga í þessi félög, en það er mesti misskilningur. Þeir eru alls ekki skyldaðir til þess, eins og orðalagið ber með sér, heldur er stutt að því, bæði með 1. og 2. og öllum gr. frv., að gera það aðgengilegt fyrir útgerðarmenn að taka höndum saman um þessi efni. Ég stend ekki einn uppi með þá skoðun, að þörf sé að styrkja aðstöðu smáútgerðarmanna, bæði með vöruinnkaup og útvegun veiðarfæra. Hv. 3. landsk. svaraði fáu við 2. umr. frv., þegar hv. 2. þm. S.-M. hélt ræðu, sem staðfesti flest af því, sem ég hafði sagt um þetta mál, og benti í höfuðatriðum á það, að í því sjávarþorpi, þar sem hann á heima, sé samskonar reynsla í þessum efnum sem í Vestmannaeyjum, hvað snertir örðugleika útgerðarmanna að afla sér rekstrarfjár í tæka tíð. Hv. 3. landsk. heyrði ekki ræðu hv. 2. þm. S.-M.

Að lokum vil ég geta þess, án þess að fjölyrða meira um þetta frv., að það er rétt, sem hv. 2. þm. S.-M. tók fram, að ég hefði ekki að öllu leyti skýrt rétt eina gr. í þessu frv. Það var sú gr., sem á að fella úr frv. Skilningur hv. 2. þm. S.-M. á þeirri gr. var réttur, en ég skildi hana rangt. Ég hefi áður sagt það — og ég býst ekki við, að sú skoðun mín breytist — að afstaða hv. 3. landsk. mun að minni hyggju mest byggjast á því, að honum er með öllu ókunnugt um kjör smáútvegsmanna víðsvegar um landið. Þess vegna á hann erfitt með að skilja það, að þessi löggjöf gæti orðið þeim að gagni.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hirði ekki um að endurtaka neitt af því, sem ég sagði við 2. umr. þessa frv. Rök mín fyrir því, að ég skoða málið ónauðsynlegt, gefa ekki tilefni til að lengja umr.

Það er rétt, sem hv. þm. Vestm. tók fram, að ég heyrði ekki rök hv. 2. þm. S.-M., sem fylgir meiri hl. í sjútvn. um þetta mál. Mér skilst, að það hafi verið staðfesting á þeirri skoðun, sem hann þykist fylgja um nauðsyn þessa félagsskapar. Ég býst við, að lengi megi deila um það, hvort ég sé ókunnugur kjörum smáútvegsmanna eða ekki, og hann verður að hafa sína skoðun í því efni. Ég hefi nokkur kynni af smáútvegsmönnum utan Reykjavíkur og þekki marga útvegsmenn í ýmsum bæjum landsins persónulega. Ég hefi ekki orðið var við, að þeir teldi þetta hina mestu hjálp í baráttu sinni að útvega þær vörur, sem þeir þarfnast, í sinni atvinnugrein. Ég skil ekki í að þeir gætu ekki fengið það fé, sem þeir þurfa, með öðru móti. Þetta frv. er sérstaklega miðað við kjör smáútvegsmanna í Vestmannaeyjum, og ég er ekki nógu kunnugur þar, til að geta dæmt um, hvort það er rétt. En þetta frv. gefur mér annað til íhugunar, sem sé það, að ef á að fara að veita þessari atvinnugrein stuðning í þessum kaupstað, þá hafa þar valizt þeir menn til

forustu, sem ekki hafa haft mjög næman skilning á högum útgerðarmanna. Mér skilst, að tilefni hv. þm. Vestm. til að beita sér fyrir þessu máli, sé sú reynsla í kjördæmi hans, sem gerir þetta að sérstöku tilfinningamáli fyrir honum. Hans góða vilja efa ég ekki.

En ég hélt, að skilningur lánsstofnana hefði ekki verið neitt minni á þörf útvegsmanna þar en annarsstaðar á landnu. Þótt nú svo væri, að skilningur bankanna hefði yfirleitt verið mjög takmarkaður í þessum efnum, þá er opið fyrir hvern einasta útgerðarmann að mynda samtök, án þess að setja sérstaka löggjöf um þetta efni. Og ég þykist hafa orðið var við, þau ár, sem ég hefi setið á þingi, að það sé ekki búin til löggjöf nema nauðsyn beri til. Og í raun og veru hefir flm. viðurkennt, að slíkrar löggjafar sé ekki þörf, en hún muni ýta undir menn að stofna slíkan félagsskap. Ég hefi bæði nú og áður fært rök fyrir því, að ég tel þetta mál þess eðlis, að það eigi ekki lengri aldur að eiga en þessa umr. Hitt er vitanlega á valdi d., hvort hún þóknast flm. og leyfir frv. að sjá dagsins ljós út úr deildinni.

***Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Hv. 3. landsk. þm. játaði nú í sinni síðustu ræðu, að hann væri ekki svo kunnugur ástandinu. (**SÁÓ:** Í Vestmannaeyjum). Já, látum það gott heita, að vanþekking hans takmarkist við Vestmannaeyjar. Það er þá ekki svo lítill útgerðarþáttur, sem hann þekkir ekki neitt. — Þá vildi hv. þm. leggja það þannig út, að ég væri að beina þessu frv. að sérstökum manni, og að því er virtist, bankastjóranum í Vestmannaeyjum, fyrir tregðu að lána til útgerðarinnar. Vitaskuld skal ég játa, að mér er kunnugast það, sem mér er næst í þessu efni, en ég hefi ekki verið að draga hvorki einn eða annan bankastjóra sérstaklega eða lánveitendur inn í þessar umr., og er til þess engin þörf, m. a. vegna þess, að þessir útibúsbankastjórar úti um land eru alls ekki herrar yfir lánveitingunum og verða í einu og öllu að fara eftir þeim leiðbeiningum — eða fyrirskipunum kannske réttara sagt —, sem þeir fá frá höfuðstöðvum peningavaldsins í Reykjavik. Ég held, að það sé alveg ómaklegt að bera það hér fram. Og það er enn þá einn ávöxtur vanþekkingar hv. þm. að bera það á bankastjórann fyrir útvegsbankadeildinni í Vestmannaeyjum, að hann sé sérstaklega skilningslaus á þarfir útvegsins. Ég held nú, að sá maður hafi, líklega allra bankastjóra mest, lagt sig eftir að gangast fyrir því og stuðla að því, að útgerðarmenn ynnu saman í Vestmannaeyjum að ýmsum sínum þjóðþrifamálum. Skal ég nefna nokkur dæmi. Hann var einn af helztu stuðningsmönnum að mynda hið svokallaða lífrarbræðslufélag og fleiri ár formaður útgerðarmannafélagsins, þótt ekki sé hann það nú, og ötull þátttakandi í fiskisamlaginu, hverju fram af öðru. Ég held, að það muni ekki of mælt, þó að ég segi, að sá maður hefir einmitt miklu fremur en aðrir bankastjórar, að bankastjórunum í Reykjavík ekki undanskildum, lagt á sig mesta aukavinnu og farið út fyrir sína starfsskipun í nokkurskonar þegnskylduvinnu í þarfir útvegsins. Hitt er annað mál, þótt á þessum stað, af almennu ástandi bankanna, geri vart við sig tregða í ýmsum tilfellum hjá þeim mönnum, sem litla tryggingu hafa að bjóða. En svo er það nú þannig, að hv. þm. hefir gleymt fleira í þessum sínum mótþróa gagnvart frv. heldur en því, sem hér hefir verið á borð borið í þessari deild. Honum ætti þó að vera kunnugt um það, að fiskiþingið hefir gert ályktun og samþykkt viðvíkjandi rekstrarlánum og þörf fyrir þau, sem alveg bendir glögglega á það, að fulltrúar fiskiþingsins, sem mættir hafa verið hér og komu úr ýmsum útgerðarstöðum, hafa líka fundið til þess, að útgerðarmenn eiga í mörgum tilfellum erfitt uppdráttar í þessu efni. Ég skal alveg játa, að þetta frv. er ekki neinn voltakross, sem krefjast megi af, að verði allra meina bót. Það er hófleg tilraun til þess að styðja menn til samvinnu. Og reynslan hefir sýnt það, að einmitt samvinnan á sviði sjávarútvegsins hefir í ýmsu efni reynzt eins affarasæl og eins hagnýt fyrir þá menn, sem hafa tekið þátt í henni, eins og hún hefir reynzt fyrir bændur landsins á mörgu sviði.

Að síðustu vil ég segja það, þótt hv. þm. viti það að vísu, að ég er vinsæll maður á Alþingi og vel séður hjá mínum deildarbræðrum. En hann skal ekki halda það, að neinn maður fylgi máli, sem ég flyt, bara vegna þess, að ég sé svo vel liðinn, að þeir vilji gera það fyrir mig. Heldur er það nú svo í ýmsum atriðum, að jafnvel ég, sem er á máli þessa hv. þm. íhaldsmaður og hann í dökkleitara lagi, er riðinn við mál, sem eru til þrifa og geta miðað að því, að verða að gagni fyrir landsfólkið, þótt hv. 3. landsk. þm. hvorki vilji eða geti komið auga á það, sem nýtilegt er í þessu máli. Hitt er annað mál, að okkur hefir sýnzt svipað um sum mál, er snerta útveginn, og er skemmst að minnast, þegar hann var með okkur hv. 2. þm. S.-M., er við héldum hér fram öðru máli til sigurs í þessari deild fyrir útgerðarmenn. Þar sá hann rétt og hallaðist að réttu máli, en í þessu máli virðist honum meinað að sjá nokkuð rétt. Er það sízt af öllu mér að kenna, því að ég hefi meira að segja lagt mig mjög í líma til að fá hann til að skilja tilgang málsins og hvaða gagns megi af því vænta. Ég vona, að hv. deild fallist ekki á þá till. hv. 3. landsk. þm., að drepa þetta mál, ekki vegna mín, heldur vegna málstaðarins og þeirra, sem málið er borið fram fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Ed., 8. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 3. landsk. þm. felld með 9:2 atkv.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 190, n. 457).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og var það afgr. þaðan án ágreinings. Hv. sjútvn. þessarar d. hefir athugað frv. og mælir með því óbreyttu. Að sönnu hefir einn hv. nm. óbundnar hendur um að koma með brtt., en ég veit þó ekki, hvort hann gerir það. En að öðru leyti er málið ágreiningslaust af n. hálfu.

***Bergur Jónsson:** Eins og hv. 6. þm. Reykv. gat um, fylgdi ég málinu í n. með þeim fyrirvara, að ég myndi ef til vill leggja fram brtt. Ég mun þó ekki gera það við þessa umr. En það er sérstaklega 10. gr. frv., sem ég tel kannske ástæðu til að fella niður. Þar segir, að ef bankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafi ekki reiðufé, svo að þeir sjái sér fært að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, þá skuli ríkisstj. hlaupa undir bagga með þeim og aðstoða þá til að verða sér úti um lánsfé. Ég veit ekki, hvort ríkissjóður hefir nú þau fjárráð, að hann geti tekizt slíkt á hendur. Væri viðkunnanlegra, ef fara á út á þessa braut, að bent væri á leiðir til þess, að ríkissjóður gæti aflað sér slíks fjár. Ég tel jafnvel, að þetta gæti orðið til þess að gera félögunum erfiðara um að fá lánsfé hjá bönkunum. Þeir gætu þá sagt, að ríkinu bæri að sjá fyrir þessu fé.
Annars mun ég athuga það til 3. umr., hvort ég ber fram brtt. eða ekki. En eins og þessi gr. er nú, tel ég hana sízt til bóta.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Það er ýmislegt í þessu frv. þannig lagað, að ég tel ekki hægt að samþ. það eins og það liggur fyrir. Yfirleitt má segja, að ekki sé þörf slíkrar lagasetningar, því að menn geta haft samtök um þessa hluti, hvort sem er, ef þeim sýnist.
Frv. gerir ráð fyrir, að þessi félög hafi eða geti haft með höndum aðra starfsemi jafnframt, sem sé verzlunarstarfsemi. En það er auðvelt fyrir útgerðarmenn og aðra að hafa samtök um slíkt, án þess að sérstök l. séu um það sett.
Þá vil ég einnig benda á það, sem hv. þm. Barð. gerði að umtalsefni. Í 10. gr. er svo ákveðið, að ef eitthvað er því til fyrirstöðu, að bankarnir geti lánað slíkum félögum, þá skuli ríkisstj. veita aðstoð til þess, að bankarnir verði sér úti um lánsfé í þessu skyni. En um það er ekkert sagt, hvernig eigi að framkvæma þessi ákvæði 10. gr. Er því ekki hægt að samþ. þetta svona. Ég er hissa á því, að ekki skuli nú þegar liggja fyrir brtt. frá hv. sjútvn. við frv. En ef til vill má vænta þeirra fyrir 3. umr.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um efni 10. gr., vil ég taka fram, að þegar málið var fyrst undirbúið, var rætt um það við forstöðumenn bankanna, og létu þeir í ljós þá skoðun, að bankamennirnir myndu yfirleitt vera færastir að dæma um, hverjum væri óhætt að lána til útgerðar á hverjum tíma. En það er nú svo um þessa lánveitendur, að þeir eru nokkuð fastheldnir í sín gömlu form. Og bankarnir hafa yfirleitt gert einstaka menn að milliliðum sín og lántakenda í hinum ýmsu verstöðum. Einum eða tveim mönnum hefir verið lánað fé, og þeir hafa svo aftur orðið kaupendur að aflanum, en smáútvegsrekendur hafa selt þeim aflann óverkaðan. Stundum hafa þeir grætt á þessu, stundum tapað. Aflinn hefir farið út úr höndum þeirra, sem veiddu, án þess að þeir gætu séð um verkun hans. Nú töldum við heppilegt, að menn gætu fengið tækifæri til að geta með samtökum haldið utan um aflann, þar til hann væri fullverkaður og kominn í hið verðmætasta ástand. En það er þó engin von til þess, að lánstofnanirnar vilji lána mörgum mönnum í hverri verstöð. Til þess þekkja þær ekki nægilega til á hverjum stað. En það er löngu viðurkennt, að þetta rekstrarlánafyrirkomulag gæti tryggt bankana betur en hinir einstöku menn geta gert. Ég geri reyndar ráð fyrir, að lánsstofnanirnar myndu verða nokkuð fastheldnar við hið gamla fyrirkomulag, er þær hafa haft góða og viðurkennda viðskiptamenn í verstöðvunum, og ekki viljað breyta til. Um það skal ég þó ekkert fullyrða. En ég hefi komið fram með nokkur andmæli gegn þessu fyrirkomulagi, byggð á því, að hér væri um að ræða nokkuð mikla íhlutun gagnvart bönkunum. Og ef þeir segðu sem svo. Við höfum ekki fé til að lána þannig, jafnvel þó að tryggingar séu góðar, þá yrði félagsskapurinn að geta haft einhver úrræði. Ef hann gæti lagt fram góðar tryggingar, yrði hann því að geta átt von á aðstoð ríkisins, ef bankarnir brygðust. Vitanlega hefir ríkið oft og tíðum gert þetta og þvílíkt, svo að mótbárur gegn því eru á veikum rökum reistar.
Mér var ekki ljóst við hvað hæstv. atvmrh. átti, er hann talaði um, að félagsskap þessum væri ætlað að hafa annað og fleira með höndum en rekstrarlán. Mér er ekki kunnugt um, að félögunum sé ætlað að hafa annað með höndum en að meta tryggingar manna og úthluta lánunum og svo að aðstoða menn við að koma afla sínum í verð. Ég hefi auðvitað ekkert á móti því, að frv. sé gagnrýnt og að lagðar séu fram brtt., sem til bóta horfa, en ég held, að þessar aths. muni við nánari skoðun sýna sig ónauðsynlegar.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Í ræðu hv. 6. þm. Reykv. kom ekkert nýtt fram er gæti sannfært mig um, að nokkur þörf væri þessarar lagasetningar. Ég sé ekki betur en að útgerðarmenn geti sameinazt um alla þessa starfsemi án nýrra l. Hvert það félag, sem stofnað væri eftir samvinnul., gæti rekið alla þá starfsemi, sem um ræðir í frv. Ég vil t. d. benda á a-lið 5. gr., þar sem gert er ráð fyrir, „að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær". Ég sé ekki, að þörf sé á sérstökum félagsskap, ef lánsstarfseminni er

hagað á þennan hátt. Útgerðarmenn í verstöðum geta sameinazt um að senda fulltrúa til að semja um lán án nokkurra nýrra l. Í b-lið sömu gr. er talað um, „að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna". Þessa aðferð má viðhafa í hverju félagi, þó að það sé ekki rekstrarlánafélag.

Í 3. gr. er talað um, að ábyrgð félagsmanna geti verið með tvennu móti, þannig, að einn ábyrgist fyrir alla og allir fyrir einn, eða þannig, að hver félagsmaður ábyrgist aðeins sína eigin skuld, að við bættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í l. hvers félags. Þetta er í samræmi við það, sem nú tíðkast í samvinnufélögunum. Hér er því ekkert nýtt á ferðinni, og þarf því ekki nýrra l. við.

Ég veik áðan að ákvæðum 10. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að mér skilst, að félögin njóti sérstaklega stuðnings rikisstj. um lán á hverjum tíma. Það kemur mér undarlega fyrir sjónir, að hv. 6. þm. Reykv., sem sérstaklega telur sig fylgjandi einstaklingsrekstri og framtaki einstaklingsins, skuli vera að beita sér fyrir félagsskap eins og þessum, er njóti sérstakra hlunninda um fram einstaklinga.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Hæstv. atvmrh. er orðinn nokkuð nýjungagjarn. Honum finnst undur, að ég skuli bjóða honum að koma ekki með neitt nýtt fyrir hann að brjóta heilann um, og segist hann munu verða sömu skoðunar og áður, að þessi löggjöf sé óþörf, af því að ég hafi þar ekki komið með neitt nýtt því til stuðnings.

Ég veit að vísu ekki, hve hæstv. ráðh. hefir verið mikið við smábátaútgerð, en það er a. m. k. nýjung fyrir mig, að hann skuli eiga að vita betur um þessi mál en útvegsmenn sjálfir. Fjöldi smáútgerðarmanna um land allt hafa beiðzt löggjafar um rekstrarlánafélög í svipuðu formi og þetta frv. er. En nú kemur hæstv. ráðh. og segist vita betur en þeir sjálfir. Hvaða ósköp hlýtur hann að hafa brotið heilann um þetta, fyrst hann þykist hafa úrlausn þessa alls tilbúna með kaupfélagsskap! Auðvitað má skilja þetta svo, að hann sé hræddur um að rekstrarlánafélögin kunni að draga úr viðskiptunum við kaupfélögin, en það er ekki hægt að gera við því, ef rás viðburðanna fer í þá átt, að smáútvegsmönnum er annað haganlegra en að láta kaupfélagsstjórann á Hvammstanga eða hvar sem er sjá um sölu afla síns. Ef þessum mönnum þykir haganlegra að snúa sér til kaupfélaganna, þá geta þeir það eins eftir sem áður, þótt þessi löggjöf verði sett. Á fyrirkomulag félaganna er minnzt bæði í 3. og 5. gr. frv., og álít ég ekki, að þau ákvæði séu því til fyrirstöðu, að tekið væri upp haganlegt fyrirkomulag á þessum félögum í alla staði, t. d. að mennirnir réðu því sjálfir, hvort þeir vildu hafa ótakmarkaða ábyrgð eða að ábyrgð hvers einstaks væri bundin við vissa upphæð. Í smá þorpum, þar sem hver þekkir annan og eru e. t. v. 5 eða 6 smáútgerðarmenn, þá getur vel verið, af því að þeir hafi nægan kunnugleika hver á annars högum og á skapgerð, að þeir áliti það áhættulaust og haganlegt að hafa sameiginlega ábyrgð á lánunum, en þar sem stærri bæir eiga í hlut, er líklegra, að misjafnari menn séu innan um, og þá kann mönnum að þykja haganlegra og ráðlegra, — og það hygg ég að sé algengast — að binda ábyrgð hvers félagsmanns við einhverja vissa upphæð. Skil ég ekki í því, að nokkur fari að mæla gegn því að leyfa mönnunum að velja um þetta og haga því eftir staðháttum, og bezt, að hver segi til fyrir sig, hvernig hagar staðháttum hjá honum. Hér er ekki verið að biðja um nein l. önnur en þau, sem þeir sjálfir, er reka þessa útgerð, hafa beðið um.

Ég held, að ekki sé ástæða fyrir mig að tala meira um þetta. Þetta mál hefir áður verið rætt á mörgum þingum og hefir ekki mótbyr valdið því, að það hefir ekki gengið í gegn, heldur hefir það dagað uppi í n. þar til nú, að það er komið á þann rekspöl, að hv. Ed. hefir afgr. það ágreiningslaust, en ýms atriði þess hafa auðvitað breytzt frá því það birtist fyrst á þingi.

Eins og ég hefi áður tekið fram, tel ég sjálfsagt, að menn afgr. þetta mál hver eftir sinni hyggju. Ef menn koma með einhverjar brtt., sem mér finnst vera til bóta, hefi ég ekki þá þverúð í þessu máli, að mér komi til hugar að standa á móti þeim.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. Mest af þessari ræðu kom alls ekki þessu máli við, og ég gaf ekkert tilefni til þeirra ummæla, er hann lét falla. Ég hefi alls ekki á móti því, að útvegsmenn hafi félagsskap um þá hluti, sem frv. fjallar um, og ég sagði ekki orð um, að þeir ættu að snúa sér til samvinnufélaga þeirra, sem nú eru á hverjum stað, en ég held því fram, að þetta frv. sé með öllu óþarft fyrir útvegsmenn, því að þeir geti myndað félagsskap um þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, án þess að nokkur ný l. séu sett. Ábyrgðinni geta þeir hagað eftir því, hvort þeir mynda samvinnufélög eða hlutafélög. Þeir geta alveg eins myndað hlutafélög til að hafa þessi mál með höndum, ef hv. 6. þm. Reykv. þykir það eitthvað betra.

Ég er þeirrar skoðunar, að við höfum nóg annað með tíma þingsins að gera en að fjalla um slíka hluti sem þetta.

***Bergur Jónsson:** Ég gat þess í fyrstu ræðu minni, að ég myndi koma með brtt. við frv. við 3. umr., en þar sem nokkrar umr. hafa nú orðið um þetta, ætla ég að leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um, að 10. gr. frv. falli niður, og vísa ég um það til fyrstu ræðu minnar, þar sem ég sagði, að gr. væri þýðingarmikil, en ég áliti, að hún gæti orðið til óhagræðis og að bankarnir myndu frekar draga að sér höndina um lánveitingar, ef hægt væri að vísa til ríkisstjórnarinnar. Loks vil ég benda á, að það er óhugsandi þegar ríkissjóði eru aðeins í einni löggjöf, sem snertir lánsstarfsemi lagðar skyldur á herðar til að útvega lánsfé, að þá skuli ekki vera gert ráð fyrir, á hvern hátt eigi að gera það. Vil ég benda á frv. það, sem við framsóknarmenn bárum fram á fyrri þingum um fé til samvinnuútgerðarfélaga, þar sem segir, að svo og svo mikið af handhafaskuldabréfum megi selja til fisk-

veiðasjóðs. Samskonar leið og það yrði að ganga inn á, ef 10. gr. væri samþ.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð. um, að 10. gr. frv. falli niður. — Till. er of seint fram komin og auk þess skrifl., og þarf því tvennskonar afbrigði frá þingsköpum, til þess að hún megi koma til umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 490) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Hæstv. atvmrh. er enn að tala um, að hér sé ekki um annað að ræða en það, sem menn geti gert án l., og því séu l. óþörf. En þetta er hin mesta fjarstæða. Í frv. eru einmitt veitt hlunnindi, þau eru í 11. gr. Þar er bönkunum lögð sú skylda á herðar, að veita félögunum lán og ríkisstjórnin skylduð til þess að aðstoða bankana, ef þeir hafa ekki ráð á því. Þessu getur ekki hver félagsskapur séð sér fyrir. Ég skal taka það fram, að þegar fyrst kom fram frv. um rekstrarlánafélög hér á Alþ. — þau áttu aðallega við landbúnaðinn — þá var ætlazt til, að ríkisstj. sæi bönkunum fyrir fé. Er það haganlegt fyrir smáframleiðendur, sem hafa lítinn aðgang að lánsstofnunum, að geta þá komið til ríkissjóðs. En svo langt er ekki gengið í þessu frv., heldur er ætlazt til þess, að framleiðendurnir skipti við lánsstofnanirnar, en að þeim sé skylt að veita lánin, ef þær hafa fé til þess, og að ríkissjóður skuli aðstoða við að afla rekstrarfjárins, ef lánstofnanirnar hafa það ekki.

Út af skrifl. brtt. hv. þm. Barð. vil ég segja það, að ég held, að ekki sé rétt af hv. flm. að koma fram með hana við þessa umr. Ég er sannfærður um, að við nánari athugun muni hann sjá, að ekki er fært að fella þessa gr. niður úr frv. Ég tel hana einmitt þýðingarmesta af gr. þessa frv. Hún fjallar um það, að þessum félagsskap skuli séð fyrir rekstrarfé, og tel ég ekki nokkurt minnsta vit í að fella hana niður. Þá er betra að samþ. frv. alls ekki. Ef ekki er tryggt, að þessi félög fái rekstrarfé, þá er þýðingarlaust að vera að stofna þau. Ég vil því mælast til, að till. verði annaðhvort tekin aftur eða felld.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Út af 10. gr. vil ég benda á, að fyrir hv. Alþ. liggur frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán. Þetta hefir ekki verið mikið rætt á Alþ. enn, en þó virðist mönnum sú skoðun hafa komið fram í blöðum sjálfstæðismanna, sem hafa rætt þetta allmikið, að þeim virðist varhugavert, að ríkissj. taki þetta lán. Þetta er ósamræmanlegt við ákvæði 10. gr., því að með henni er verið að fyrirskipa ríkisstj. að taka lán í þessu skyni, á hvaða tíma sem er, ef fyrirstaða er á, að bankarnir geti veitt þessum félögum það fé, sem þau þurfa.

Pétur Ottesen: Það er eftirtektarvert, hve samstillt þeir leika, hv. þm. Barð. og hæstv. atvmrh. Þegar hæstv. atvmrh. er búinn að spreyta sig á því í 3 eða 4 ræðum að sýna sig í ráðherrastöðu sinni til að koma þessu frv. fyrir kattarnef, þá hefir hv. þm. Barð. sótt það í sig veðrið, að hann leggur til, að felld verði niður úr þessu frv. gr., sem á veikamikinn þátt í því, að sú félagsskipun, sem hér er gert ráð fyrir til stuðnings smáútvegsmönnum, geti náð tilgangi sínum, sem er sá, að veita þeim smáútvegsmönnum, sem fjær eru lánsstofnunum landsins, greiðari, betri og hagfelldari aðstöðu til að afla sér rekstrarlána en þeir hafa nú án slíkrar löggjafar. Með ákvæðum 10. gr. og þeim félagslegu samtökum smáútvegsmanna, sem þar um ræðir, er í verulegum mæli greidd gata þeirra til lánsútvegunar. Það er sýnilegt, að hv. þm., sem talar gegn 10. gr., eru að reyna að spilla fyrir því, að útvegurinn geti leitað stuðnings með þessum félagsskap, og þetta eru samantekin ráð til að koma frv. fyrir kattarnef. Í hv. Ed. hefir orðið góð samvinna um málið milli allra hv. þdm., hvaða flokki sem þeir tilheyra. Þeir sáu, að afgreiðsla þessa máls var nauðsynleg fyrir útgerðina. En svo rísa þessir 2 framsóknarmenn upp í þessari hv. d. og beita þessu ógeðslega samspili, og reyna að spilla framgangi málsins í þessari hv. d., en ég vona, að þeim takist það ekki.

Auk þess sem ekki þarf að lýsa, hver munur það er, að hafa fengið löggjöf um slíkan félagsskap, eða að hafa enga löggjöf þar að lútandi, þá er auk þessa bátaútvegsmönnum tryggður með 6. gr. frv. nægilegur gjaldeyrir til að kaupa nauðsynjarnar til útgerðar sinnar. Í 10. gr. er svo ríkisstj. gert að skyldu að vera bönkunum innan handar um að afla nægilegs lánsfjár, ekki einungis handa stórútgerðinni, heldur og handa bátaútvegsmönnum, svo að þeir verði engar hornrekur lengur. Því er þetta frv. að öllu leyti mikils vert fyrir bátaútvegsmenn og þær ræður, sem hv. þm. Barð. og hæstv. atvmrh. hafa haldið gegn því, hinar mestu fjarstæður, og þar sem velmegunin í kjördæmi hv. þm. Barð. byggist að mestu leyti á því, að smáútgerðin geti borið sig, þá ætti hann manna sízt að stiga á það stráið, sem er til hins verra fyrir útvegsmenn, svo höllum fæti sem þeir nú standa.

Ef maður ber þessar ræður hæstv. atvmrh. saman við brtt. þær, sem hann ber fram við 22. gr. fjárlfrv., eru þær ekki síður athugaverðar, því að þar ætlar hann að fara að nota lög og reglur þessa lands til hagsbóta fyrir pólitíska stuðningsmenn sína í sósíalistaflokknum. Ég ætla ekki að fara nánar út í það nú, það verður áreiðanlega gert við umr. um fjárlagafrv.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að það sæti illa á þeim, sem að þessu frv. stæðu, að vera að tala um lántökur, þar sem þeir væru andstæðir þessari 12 millj. kr. lántöku, sem ríkissjóður ætlar að fara að taka. Ég vil benda á, að af þeirri lántöku er ekkert ætlað til atvinnurekstrar nema ein millj. kr. til síldarverksmiðjubyggingar á Raufarhöfn, hitt á að fara til greiðslu á skuldum, en ekki til að bæta úr þörfinni fyrir rekstrarlán til hjálpar atvinnurekendum.

Ég vildi óska, að andmæli þessara 2 hv. þm. gegn frv. hrinu ekki á því, heldur snerust gegn þeim sjálfum.

***Bergur Jónsson:** Það er orðið svo vanalegt, að hv. þm. Borgf. rjúki hér upp með hvalablæstri

og óþinglegum orðum, að menn eru hættir að taka sér það nærri. Hann talaði um ógeðslegt samspil. Ég vil benda hv. þm. á, að ég skrifaði undir nál., en tók það strax fram, að ég myndi koma með brtt. og ég tók það fram í n., að ég teldi þessa gr. frv. koma í bága við ákvæði annara l., þar sem alstaðar er gert ráð fyrir, að bankarnir, út frá þeim reglum, sem þeim eru settar, segi til um, hvort þeir sjái sér fært að lána fyrirtækjum fé. Hitt snertir mig ekki, þótt hv. þm. segi, að ég sé að reyna að fella frv.

Viðvíkjandi brtt. minni vil ég segja það, að ég tel það ákvæði 10. gr., að ef bankarnir hafi ekki reiðufé til að lána þessum félögum, sé ríkinu skylt að sjá fyrir því, — ég tel, að það ákvæði muni verða til þess að draga frekar úr bönkunum með að lána fé. Svo er það, að ríkisstj. eru lagðar á herðar skyldur til að sjá bönkunum fyrir fé til þessara lána. Hvers vegna á að taka út úr þennan flokk aðilja og veita þeim þann rétt, að ríkisstj. sjái fyrir lánsfé handa þeim? Ég vil spyrja hv. þm. Borgf. og hv. 6. þm. Reykv. að því, hvers vegna sé sérstök ástæða til að leggja ríkisstj. þessa skyldu á herðar í þessu tilfelli frekar en öðrum lánveitingum úr bönkunum? Og ef fara á inn á slíka braut, þá verður um leið að benda á leiðir fyrir ríkisstj. til að afla þess fjár, sem hún á í þessum tilfellum að leggja bönkunum til. Í gr. eru heldur engin skilyrði sett um það, að bankarnir eigi að láta þetta fé ganga til útgerðarinnar. Ef finna á ráð við því, verður að breyta núgildandi bankalöggjöf.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Það er vafalaust nauðsynlegt að setja löggjöf til að tryggja betri afkomu smáútgerðarinnar, sérstaklega til að tryggja hinum smærri útgerðarmönnum meiri rétt í sambandi við lánskjör. En eins og frv. er úr garði gert, er það til lítilla bóta. Ég tel, að út af fyrir sig sé það spor í rétta átt, að með lagasetningu sé ýtt undir smáútvegsmenn til að útvega sér lán, og eins og tekið er fram í 10. gr., að ríkisstj. aðstoði þá. En meira að segja í þessari gr. er líka varnagli, sem gerir þetta tiltölulega þýðingarlítið, eins og hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir. Í gr. stendur, þegar talað er um, að ríkisstj. skuli veita aðstoð: „eftir því, sem tryggingar standa til". Þarna er ekki verið að skylda ríkisstj. til mikils, því að tryggingar munu sannarlega ekki vera miklar hjá smáútvegsmönnum, sem þeir geta boðið ríkisstj. En það, sem ég sérstaklega vildi gera að umtalsefni, er m. a. það, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., að þessi félög geti haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og heimilisþarfa og sölu á afurðum þeirra. — Við vitum, að það hefir sífellt verið að aukast hér á landi að útvegsmenn myndi samtök sín á milli bæði um innkaup og sölu á afurðum sínum; ennfremur hafa að nokkru leyti verið sett l. um einn sérstakan þátt af þessari samvinnu, sem sé S. Í. F.

Mér virðist, að einn aðaltilgangur frv. sé sá, að útvegsmenn komist að einhverju leyti undir samvinnulögin, því að í 8. gr. frv. er það sérstaklega tekið fram, að þessi rekstrarlánafélög greiði skatta til ríkis og bæjar og sveitarsjóða eftir sömu reglum og samvinnufélög.

En það er eitt atriði, sem a. m. k. alstaðar, þar sem ég þekki til, er gerólíkt, hvað snertir þessi samlög, sem útvegsmenn mynda, og þau, sem bændur og verkamenn hafa sín á milli, og það er viðvíkjandi atkvæðisréttinum í þessum samlögum. Það virðist vera meginreglan í þessum samlögum útvegsmanna, að láta atkvæðisréttinn fara eftir skippundum eða tonnum af fiski, og í lýsissamlögunum eftir tunnufjölda félagsmanna. Þetta er þveröfug regla við það, sem yfirleitt tíðkast í sambandi við samvinnuhreyfinguna og samvinnufélögin. — Nú finnst mér það ekki ná nokkurri átt, að það sé verið að mynda félög, sem eigi að einhverju leyti að njóta þeirra réttinda, sem samvinnufélögin hafa, en uppfylli ekki þær skyldur, sem lagðar eru á herðar samvinnufélögunum. Með því móti er í raun og veru verið að eyðileggja samvinnuhreyfinguna. Ég álít því nauðsynlegt, að þessum félögum, sem þannig fá ýmiskonar réttindi í samræmi við það, sem samvinnufélögin hafa, sé fyrir skipað að fylgja reglum þeirra um atkvæðisréttinn.

Nú hefi ég ekki séð, að það væri neitt ákvæði í frv. um það, hvernig þessum rekstrarlánafélögum sé stjórnað. Það stendur í 3. gr., að félagsmenn megi vera fæstir 10, en flestir 30. En það eru engin ákvæði um það, hvort þessi félög séu eiginlega opin fyrir öllum, eða hvort þeir, sem fyrstir verði til að stofna félögin, geti síðar lokað þeim. Ef svo væri, þá gætu þeir, sem efnaðri væru, útilokað þá, sem minna mættu sín.

Ég álít nauðsynlegt, að þessi félög séu sem mest opin, þó að það verði náttúrlega að vera með einhverjum takmörkunum, því að það verður að ganga út frá því, að þetta sé almenn hreyfing meðal útgerðarmanna, sem miði að því að bæta þeirra kjör í heild, en að þetta sé ekki fyrir nokkra menn, sem geti útilokað að meira eða minna leyti þá, sem minna megi sín. Þetta finnst mér koma óljóst fram í sambandi við þetta frv. og vildi gjarnan fá nánari upplýsingar viðvíkjandi þessu frá nm., sem munu hafa athugað þetta, því að flm. eru í Ed.

Ég álít sem sagt, að aðaltilgangur frv. sé í raun og veru góður, að það sé nauðsynlegt, að smáútvegsmenn fái betri aðstöðu en þeir hafa haft viðvíkjandi því, að geta útvegað sér rekstrarlán. Við vitum, að lánsfé er sérstaklega dýrt hér á landi, og væri þess vegna mjög heppilegt, ef frjáls samtök meðal útvegsmanna gætu einhverju áorkað í því að knýja fram betri lánskjör. Ennfremur er annað, sem hefir verið mjög slæmt fyrir smáútvegsmenn, og það er, hversu erfitt hefir verið að fá svör hjá bönkunum um það, hvort þeir fengju lán eða ekki. Það eru dæmi til þess, að smáútvegsmenn utan af landi, sem kosta sig hingað til Reykjavíkur til þess að reyna að semja við bankana, þurfi að bíða vikum saman til þess að fá nokkur svör. Það hefir komið fyrir, að smáútvegsmenn hafa ekki getað sett á stað sinn rekstur vegna þess, hve lengi hefir dregizt, að þeir fengju svör hjá bönkunum, og ef þetta yrði til þess að gera þeirra afgreiðslu betri, þá væri það þó nokkur bót í máli fyrir þá.

Hinsvegar vildi ég sérstaklega vekja eftirtekt á því, að í 2. gr. er gengið út frá því, að þetta

geti orðið meira en rekstrarlánafélög, því að þar er gert ráð fyrir, að þessi félög geti einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum manna til heimilisþarfa, og þá er ekki óliklegt, að þetta rekstrarfé yrði líka notað í sambandi við þessi innkaup. Við þessu er ekki nema gott að segja, en ef svo færi, eins og frv. gerir ráð fyrir, að í einu stóru sjávarþorpi slægju útgerðarmenn sér saman og mynduðu félag, sem útvegaði rekstrarlán, keypti inn vörur og seldi afurðir þeirra, þá ætti það að vera tryggt, að í sliku félagi, sem ætti að njóta sömu réttinda og samvinnufélögin, væri atkvæðisrétturinn þannig, að hver maður hefði eitt atkv., en að atkvæðisrétturinn færi ekki eftir því, hversu mörgum skippundum, tonnum eða tunnum af lýsi hver félagsmaður hefði yfir að ráða.

Viðvíkjandi þeirri brtt., sem fram hefir komið frá hv. þm. Barð., vil ég segja það, að ég álít, að það sé fjarri lagi að fella 10. gr. burt; eins og gr. er orðuð, get ég ekki betur séð en að það séu allmikið takmarkaðar þær skyldur, sem ríkisstj. eru lagðar á herðar, þar sem hún þarf ekki að veita þetta, nema „eftir því sem tryggingar standa til", og þá veit maður, að þetta þýðir, að ríkisstj. geti skotið sér undan þessu, ef henni býður svo við að horfa. Þetta er aðeins siðferðisleg skylda fyrir ríkisstj. Ég mun þess vegna vera á móti þessari brtt., því að ég gæti trúað, að frv. næði nógu skammt, þó að þetta væri með.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég ætla bara að gefa nokkrar skýringar. Ég heyri það, að sumum hv. þm. er ekki alveg ljóst, fyrir hverja þessi l. eiga að vera; auðvitað fyrir þá fátækustu af útgerðarmönnunum. Það er vitanlegt, að hinir efnaðri og stærri þurfa þessa ekki með. Þeir eiga beinan aðgang að bönkunum. En þetta er fyrir þá menn, sem oft og tíðum verða að bíða eftir svörum bankanna, þangað til komið er í óefni með þeirra rekstur, og stundum komið fram á vertíð, þegar þeir geta byrjað.

Það er rétt, að það er ekki fyrirskipað, að bankarnir skuli lána þessum mönnum, en það eru settar reglur, sem gera það að verkum, að það er nokkurnveginn tryggt að lána þessum mönnum eins og öðrum, og ef bankarnir geta þetta ekki, þá er ætlazt til, að það komi til kasta ríkisstj. að aðstoða bankana.

Það er misskilningur, þegar hér er verið að slá því fram, að hér sé verið að skylda ríkisstj. til lántöku. Það er hvergi minnzt á það, að ríkisstj. eigi að taka lán, heldur aðeins að aðstoða bankana til þess að taka lán, sem verður væntanlega sjaldan, því að þetta á ekki að þurfa að auka hin almennu útlán að neinum verulegum mun.

Hv. 5. þm. Reykv. var að spyrjast fyrir um það, hvort þessi félög væru ekki opin fyrir öllum. Ég má nú ekki eyða miklum tíma til þess að svara þessum fyrirspurnum hans, en vitanlega er tilætlunin sú, að þetta nái yfir alla þá útgerðarmenn, sem vilja vera með. Þessi félagsskapur og sú aðstoð, sem félagsmönnum er ætluð, eru fyrst og fremst fyrir þá máttarminnstu, sem ekki gætu að öðrum kosti staðið einir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 490 felld með 14:10 atkv.
10. gr. samþ. með 16:7 atkv.
11.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190, 572).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 572. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Bergur Jónsson:** Ég hefi borið fram þrjár litlar brtt. við þetta frv., og er sú fyrsta um að fella burtu orðin „og til heimilisþarfa" í 2. mgr. 2. gr. Er þetta gert til þess að taka það skýrar fram, að hér er eingöngu um útgerðarfélög að ræða, og í samræmi við það er 2. brtt., um breyt. á orðalagi 6. gr.

Loks er brtt. við 10. gr., þar sem það er tekið fram, að rekstrarlánafélög skuli hafa jafnan rétt og aðrir til lánsfjár til útgerðar hjá Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir því sem tryggingar standa til, en í brtt. er fellt niður úr gr. ákvæðið um „vöntun reiðufjár" hjá bönkunum og ákvæðið um það, að ríkisstj. skuli aðstoða bankana til þess að útvega sér lánsfé, því að það er einstakt ákvæði, sem ekki á sér hliðstæðu í annari löggjöf.

Pétur Ottesen: Ég tel, að með þessum brtt. hv. þm. Barð. sé mjög skert þýðing þessa frv., og ef þær verða samþ., þá er mjög litið eftir í þessu frv. fyrir þá, sem þess eiga að njóta, svo að það skiptir þá ekki miklu máli, hvort það verður samþ. eða ekki.

Það er vitanlegt, að þetta frv. er fyrst og fremst ætlað þeim til stuðnings, sem fjarri búa lánsstofnunum, svo að þeim gefizt kostur á að mynda félagsskap, sem gæti verið til stuðnings við útvegun rekstrarláns, en mér skilst, að samkv. 1. brtt. sé það fyrirbyggt, að þeir geti á nokkurn hátt notað þennan félagsskap til þess að gera sína verzlun hagkvæmari að öðru leyti en því, sem í strangasta skilningi snertir innkaup til útvegsins. Það er vitanlegt, að fyrir þá menn, sem eru á mjög afskekktum stöðum, er það mjög mikill stuðningur að geta keypt aðrar nauðsynjar. Þeir þurfa kannske að fá sérstakan bát til þess að flytja þessar vörur heim til sín og þurfa máske líka að gera menn í sendiferðir til lánsútvegana og innkaupa. Fyrir þessa menn er það mjög mikill sparnaður að geta einnig keypt aðrar nauðsynjar samhliða því sem þeir gera innkaup á útgerðarvörum. Þetta er fyrirbyggt með brtt. við 2. gr. frv. Með 2. brtt. eru þau fríðindi takmörkuð, sem þessum mönnum eru veitt samkvæmt frv., um íhlutun á gjaldeyri, og 3. brtt. er sama sem útstrikun á þeirri gr., sem hún á við, því að með því, sem í þeirri brtt. felst, er ekki neitt sagt, og samkv. því er ekki hægt að fyrir-

skipa bönkunum nokkurn skapaðan hlut í þessu efni. Samkv. þessari gr. er lögð rík áherzla á, að *ríkisstj. veiti bönkunum aðstoð, ef nauðsyn krefur*, til þess að hægt sé að fullnægja þörf þessara manna, svo að þeim, sem þennan félagsskap mynda, er veittur nokkru ríkari réttur í þessu efni heldur en þeir einstaklingar hafa nú, sem til lánsstofnana leita. Það má kannske segja, að það sé höfuðkostur þessa frv., því að þannig tel ég, að beri að skilja þessa 10. gr. frv., og þannig mundi hún verða framkvæmd. Þar sem sýnt er, að ætlunin er að koma þessu máli fyrir kattarnef, hefði verið miklu hreinlegra að fella frv. eða láta það daga uppi en að vera að samþ. það eftir að búið er að taka út úr frv. öll þau ákvæði, sem nokkra þýðingu hafa fyrir bátaútvegsmennina.

Ég vil að endingu segja, að ég tel það mjög miður farið, að þessi hv. d. ætlar að rjúfa það góða samkomulag, sem ríkt hefir í hv. Ed. síðustu daga milli flokka um að láta málin ganga fram á þeim grundvelli, sem þau voru afgr. á frá þeirri hv. d. — Ég mun svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en endurtek það að lokum, að verði þessar brtt. samþ., þá er frv. að mínum dómi orðið þýðingarlítið eða þýðingarlaust.

***Bergur Jónsson:** Ég veit ekki betur en að hv. frsm. sjútvn. *í þessu máli*, hv. 6. þm. Reykv., *sem* mest barðist fyrir málinu við 2. umr., telji, að þessar brtt. séu ekki frv. til tjóns, enda er það alls ekki, og hv. þm. Borgf. veit vel, að ég hefi aldrei lagt neitt á móti þessu frv. Ég hélt því aðeins fram við 2. umr., að ákvæði 10. gr. væri óheppilegt, þar sem bönkunum væri sumpart gefið undir fótinn með það að láta eins og þeir hefðu ekki reiðufé til þess að lána þessum félögum. Að því leyti tel ég, að félögunum sé gerður óleikur með þessu ákvæði. Ég áleit það ákvæði óheppilegt, að vísa til ríkisstj. um að útvega þetta lánsfé, því að það yrði reyndin, þar sem bankarnir þyrftu ekki annað en að segja, að þeir hefðu ekki reiðufé.

Viðvíkjandi tveim fyrstu brtt. verð ég að segja, að mér finnst hv. þm. Borgf. ýkja í því efni. Hann hlýtur að sjá, að hér er alls ekki um neina skemmd á ákvæðunum að ræða. Þetta frv. hefst á því í 1. gr., að útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi sé heimilt að stofna rekstrarlánafélög. Þarna er um það að ræða, að stofna félög útvegsmanna, og eftir 6. gr. frv., ef brtt. mín við þá gr. verður samþ., er gert ráð fyrir, að þeir fái innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á nauðsynjum til útgerðarinnar, því að eins og hv. þm. veit, hafa einstaklingar yfirleitt ekki sérstakan lagalegan rétt til þess að fá innflutning, heldur er honum skipt niður eftir ákveðnum reglum. Þessar brtt. eru því allar í fullu samræmi við tilgang frv., og ég vil segja hv. þm. Borgf. það, að brtt. eru á engan hátt sprottnar af illum hug til frv., enda var ég með frv., þegar það kom frá sjútvn. og greiddi atkv. með því við 2. umr., enda þótt brtt. mín um að fella niður 10. gr. væri þá felld.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Út af brtt. á þskj. 572 vil ég taka þetta fram: 1. og 2. brtt. hafa frá mínu sjónarmiði mjög litla þýðingu. Munurinn á frv. eins og það er og eins og það yrði, að þeim samþykktum, er sá einn, að samkvæmt brtt. *er einstaklingum í þessum félögum* ekki áskilinn réttur til þess að gangast fyrir innflutningi á nauðsynjum til heimila sinna. Nú vil ég lýsa yfir því, að þegar ég upphaflega flutti þetta frv. ásamt fleirum hér í þinginu, þá ætlaðist ég ekki til, að þessi félög nytu réttinda fram yfir aðra útgerðarmenn, að því er almennar nauðsynjavörur snertir, heldur var það meiningin, að þessi útgerðarfélög fengju fullkomnari aðstöðu til þess að kaupa allar nauðsynjar til útgerðarinnar á sem allra hagkvæmastan hátt í gegnum þennan félagsskap og þyrftu ekki að hlíta álagningu og aukakostnaði. Öðru máli er að gegna t. d. um matvæli og klæðnað fyrir fjölskyldur þessara manna, og þó að það kynni að vera til þæginda fyrir þá að mega panta slíkt fyrir sig, án þess að þeir hefðu sérstakt verzlunarleyfi, þá sé ég ekki, að þau hlunnindi væru svo mikil, að það styðjist við veruleg rök að veita þau. Öðru máli gegnir um 3. brtt. Ég efast ekki um, að það sé rétt, sem hv. þm. Barð. segir, að hann meini, að hann vilji láta frv. verða að lögum í sem hagkvæmustu formi fyrir þessi rekstrarlánafélög, en við höfum ekki sömu skoðun á því, hvernig þessi núverandi 10. gr. muni verka. Mín skoðun var sú, *að hún væri sterkust í því formi, sem hún hefir* í frv., þannig að ríkisstj. væri skyld til þess að veita aðstoð við útvegun þessara rekstrarlána, ef nauðsynlegt væri. Hv. þm. Barð. telur hinsvegar, að það muni veikja rétt þessara félaga til rekstrarfjár, að bönkunum sé þannig gefið undir fótinn — eins og hv. þm. orðaði það — með, að þeir geti skotið sér undir aðstoð ríkisins. Það verður hver að hafa sína skoðun í þessu efni.

Ég mundi að sjálfsögðu greiða atkv. með frv., hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki, en ég tel, eins og ég áðan sagði, að frv. sé sterkara í því formi, sem 10. gr. hefir nú, heldur en ef brtt. hv. þm. Barð. yrði samþ.

Pétur Ottesen: Það haggar engu hjá mér, þó að hv. 6. þm. Reykv. hafi að einhverju leyti gengið til móts við hv. þm. Barð. að því er það snertir, að það hefði litla þýðingu, að þessi félagsskapur væri m. a. notaður til þess að afla nauðsynja til heimilisþarfa fyrir hlutaðeigandi menn. Það er vitað, að á afskekktum svæðum hér á landi er útgerðin rekin þannig, að allir eru þátttakendur í henni, því að það er yfirleitt höfuðreglan, að því er mótorbátaútgerð okkar snertir, að menn róa upp á hlut, og þó að það væri ekki nema útgerðarmaður eða útgerðarmenn hvers báts — því að þeir geta verið margir um einn bát — sem gengju í þennan félagsskap, þá yrði það vafalaust ekki brot á ákvæðum þessa frv., þó að aflað yrði heimilisnauðsynja handa þeim mönnum, sem á bátunum eru, og þeir fengju þannig á hagkvæmari hátt sínar heimilisnauðsynjar; bæði yrðu vörurnar ódýrari og flutningskostnaðurinn á vörunum minni. Þess vegna er engin ástæða fyrir hv. 6. þm. Reykv. að vera að reyna að breiða yfir það með hv. þm. Barð., að hér er verið að rýra gildi frv. í þessu efni.

Aðalatriðið í þessu sambandi er, að hér er verið að þrengja aðgang manna til gjaldeyris-

nota og gera að engu þann stuðning fyrir þennan félagsskap, sem felst í því, að bankarnir geta ekki borið það fyrir sig, að þeir hafi ekki fé til að lána þeim mönnum, sem í þessum félögum eru, því að samkvæmt frv. geta þessir aðiljar snúið sér til ríkisstj. og er henni þá skylt, ef þetta ákvæði í 10. gr. stendur óbreytt, að skerast í leikinn og hlutast til um við bankana, að þessir aðiljar fengju þar lán ekki síður en aðrir eftir því sem ábyrgðir þeirra stæðu til. En með ákvæði 3. brtt. hv. þm. Barð. er þetta alveg að engu orðið og það nær vitanlega engri átt, sem hv. þm. sagði áðan, að með þessu ákvæði frv. væri verið að gefa bönkunum undir fótinn með að segja, að þeir hefðu ekki lánsfé handa þessum félögum, og vísa svo til ríkisstj. í því efni.

Ég álít því, að þessi brtt. sé frv. til stórtjóns, ef hún verður samþ.

***Bergur Jónsson:** Ég vil bara enn á ný benda hv. þm. Borgf. á það, sem ég sagði áðan, að það er í fullu samræmi við frv. sjálft, að þau ákvæði frv., sem gilda um gjaldeyrisleyfi, séu eingöngu miðuð við útgerðarvörur til þeirrar starfsemi, sem þessi félög eiga að reka. Aðrir menn á þessum stöðum, og auðvitað útvegsmenn líka, geta gengið í allskonar verzlunarfélagsskap, t. d. samvinnufélagsskap, til þess að skapa sér þennan sama rétt til þess að fá nauðsynjar til heimila sinna. Það er fullkomlega séð fyrir því með öðrum lögum, sem hv. þm. er kunnugt um.

Ég sé, að það er rétt, sem ég sagði, að hv. 6. þm. Reykv. hefir fullkomlega skilið þær ástæður, sem vaka fyrir mér í þessu efni, enda þótt okkur greini á um það, hvort rétt sé að leggja eins mikla áherzlu eins og ég geri á það, að með 10. gr. frv., eins og hún er nú, sé bönkunum beinlínis gefið undir fótinn með að látast ekkert reiðufé hafa til þess að veita þessum félögum lán. Það má búast við, að svo framarlega sem bönkunum væri litið um að lána þessum félögum, þá mundu þeir alltaf grípa til þess úrræðis, að reka menn til ríkisstj. og láta heimta af henni, að hún gangist í að útvega þeim lánsfé, og samkv. frv. er ríkisstj. á engan hátt veitt meira vald heldur en hún hefir að lögum til þess að fá bankana til að veita félagsmönnum lán, en er lögð sú skylda á herðar, að útvega lánsfé. Hvers vegna ekki að heimta almennt af ríkisstj. að útvega lánsfé til útvegsins, hvort sem um rekstrarlánafélög eða einstaklinga er að ræða eða til annara félaga?

ATKVGR.

Brtt. 572,1 samþ. með 18:8 atkv.
— 572,2 samþ. með 18:7 atkv.
— 572,3 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjB, EmJ, EystJ, HelgJ, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, BJ, JörB.

nei: EOl, EE, FJ, GÞ, ÍslH, JakM, JPálma, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, TT, ÞBr.

HG, VJ, ÁÁ greiddu ekki atkv.

5 þm. (BÁ, GG, GSv, HV, StSt) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 599).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):** Þetta mál er upphaflega flutt í þeim tilgangi að veita þeim efnaminni útgerðarmönnum aðstöðu til þess að reka sína atvinnu í samlögum, eins og aðrir geta sem einstaklingar, er betur eru staðir. Sú vill verða raunin á, að hinir verr stæðu af útgerðarmönnum eru einmitt, af lítt skiljanlegum ástæðum, settir hjá af lánsstofnunum, þannig að þeim er um lengri tíma gert ómögulegt að komast á sjóinn, þótt að lokum fari svo, að þeim takist að klífa þrítugan hamarinn og komast af stað, en eru þá oft búnir að tapa miklum afla. Þessi aðstaða hefir verið undirstaðan í þessu frv., og er það aðallega flutt með þörf hinna verr stæðu útvegsmanna fyrir augum.

Hér í d. var fullkomið samkomulag milli allra flokka um málið. En í Nd. hefir það mjög verið vængstýft, og skilst mér, að það hafi aðallega verið gert fyrir tilverknað framsóknarmanna, og ég hefi fyrir satt, að hæstv. atvmrh. hafi séð hilla undir einhverja samkeppni við kaupfélögin í frv., og þar af stafað þær vængstýfingar, sem hv. þm. Barð. var látinn bera fram.

Ég verð að harma, að hv. alþm. í Nd. skuli ekki hafa haft skilning á þeirri þörf, sem er á því fyrir hina efnaminni útvegsmenn að fá þessa styrktu aðstöðu, sem hér er um að ræða. Þar með er ekki loku fyrir skotið, að í framtíðinni megi byggja ofan á þann grundvöll, sem hér er lagður, þótt veikur sé. En það gegnir furðu, að það skulu vera hinir svokölluðu samvinnumenn, sem hafa bundizt samtökum um, að þessi löggjöf næði ekki fram að ganga í þeirri mynd, sem yrði útvegsmönnum að verulegu gagni, en það gat hún orðið, ef frv. hefði verið samþ. óskemmt, eins og það fór frá þessari d. Það situr illa á framsóknarmönnum, sem vilja eigna sér samvinnuna í landinu og hafa leikið þann leik, að ganga að fyrirtækjum landsmanna, sem þeir hafa hvergi komið nálægt, og eigna sér þau, að setja fót fyrir löggjöf, sem miðar einmitt að því, að hinir smærri framleiðendur í landinu fái sterkari þjóðfélagslega og atvinnulega aðstöðu. Það virðist ekki vera nema ein tegund samvinnumanna, sem finnur náð fyrir augum þessara manna. Hitt er vitanlegt, að samstarf útvegsmanna á því sviði, sem um er að ræða í þessu frv., gæti orðið þeim til mikils gagns, ef löggjafarnir hefðu skilning á að veita þeim þá aðstöðu, sem þeir þurfa.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er ekki að sjá, að hv. þm. hafi mikinn áhuga fyrir framkvæmd þessa máls, að hann skuli nú á elleftu stundu þingsins byrja á stórskömmum í sambandi við afgreiðslu málsins, ekki meira tilefni en til þess er. Það var ekki ætlun okkar að tefja fyrir málinu, og býst ég við, að það verði látið njóta þeirrar velvildar, að ekki verði farið út í þær umr., sem tilefni gafst til með ræðu hv. þm., sem er að reyna að hleypa í málið pólitískum æsingi

nú á síðustu stundu. Annars finnst mér undarlegt, að hv. þm. skuli vera að belgja sig upp út af því, að framsóknarmenn vilji koma í veg fyrir, að útvegsmenn geti notið samtaka sinna. Ég veit ekki betur en þeir menn, sem styðja þann flokk, sem þessi hv. þm. er fulltrúi fyrir, hafi haft það fyrir aðaltekjugrein að fétletta útvegsmennina í gegnum verzlun og viðskipti. Þetta frv. hefir ekki tekið þeim breyt. í Nd., að þær gefi tilefni til gifuryrða hv. þm. Það eina, sem gert hefir verið, er að takmarka skylduna til þess að láta félögin hafa innflutningsleyfi. Og 10. gr., eins og hún er í frv., er svo óhaganleg, að hún verður ekki til annars en spilla fyrir því, að útgerðarfyrirtækin geti fengið lán.

***Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):** Ég er ekki viðbúinn því að biðja hæstv. ráðh. neinnar afsökunar á því, sem ég sagði, og ekki heldur að taka við ókvæðisorðum í garð sjálfstæðismanna fyrir það, að þeir hafi féflett útvegsmenn, frá þeim manni, sem er með sinni fjármálapólitík að féfletta alla landsmenn og gera þá aumari og fátækari. Ég þykist hafa fullt leyfi til að gera aths. við þau mál, sem ég hefi barizt fyrir, þótt á elleftu stundu sé, þegar mér þykja þau hafa verið stórskemmd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

60. Hitaveita í Reykjavík.

Á 66. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu (þmfrv., A. 456).

Á 68. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — *Deildin leyfði* með 24 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Pétur Halldórsson):** Herra forseti! Ég held, að það eigi ekki að þurfa að halda langa framsöguræðu fyrir þessu frv., um að ríkið gangi í ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ fyrir láni til hitaveitu, sem bærinn er að ráðast í að gera. Eins og vitað er, er hér í Reykjavík sú einstaka aðstaða, að í nágrenni bæjarins er af náttúrunnar hendi nokkuð mikið heitt vatn, sem hagnýta má til hitunar húsa fyrst og fremst hér í Reykjavík. Bærinn hefir eignazt réttindi til þess að hagnýta þetta heita vatn, og hefir nú síðustu 3—4 árin varið nokkuð miklu fé til þess að auka vatnsrennslið þar í því skyni, að þar megi sem fyrst ná í nægilega mikið heitt vatn til þess að hita með öll hús í Reykjavík. En eins og er, er ekki nægilegt vatn til þess á Reykjum í Mosfellssveit. En það er ekkert, sem bendi til, að menn þurfi að falla frá þeirri sterku von, sem um það er, að þarna megi fá nægilega mikið heitt vatn til hitunar í öllum bænum. En þar er þó þegar fundið svo mikið heitt vatn, að það borgar sig vel að virkja það nú, þ. e. 175 lítrar á sekúndu af 85 stiga heitu vatni. Það hefir komið í ljós við athugun, að það er gott fjárhagslegt fyrirtæki að virkja nú þegar þetta vatn, og þá er það ætlun bæjarstjórnar Reykjavíkur að halda áfram borunum þarna og leggja kapp á að flýta þeim, helzt svo, að meðan fyrri hluti verksins er unninn og virkjað er það vatn, sem fyrir er, megi auka vatnsrennslið með þessum borunum svo, að heita vatnið nægi bænum öllum, og væri þannig hægt að framkvæma alla vatnsveituna í einni lotu.

Ég þarf ekki að lýsa því, hvað Reykjavíkurbær hefði mikið gagn af því, ef hægt væri með þeim tilkostnaði, sem gert er ráð fyrir, að þurfi til mannvirkisins, að nota þetta heita vatn í staðinn fyrir kolin, sem aðallega eru notuð í bænum og flutt eru frá öðrum löndum með ærnum kostnaði. Það hefir líka sýnt sig, að Reykjavíkurbúar standa sem einn maður að baki þessa fyrirtækis og bíða með mikilli óþreyju eftir því, að það komist á.

Eins og hv. þdm. sjá, fylgja hér í grg. frv. nokkrar tölur til upplýsingar um kostnaðinn í sambandi við þetta mannvirki, bæði að því er snertir allt fyrirtækið og líka sérstaklega þann hluta þess, sem nú þegar er hægt að ráðast í að framkvæma, og sömuleiðis um áætlaðan rekstrarkostnað og rekstrartekjur fyrirtækisins. Til viðbótar því, sem þar er sagt, skal ég geta þess, að þegar reiknað er með því, að hver sekúndu-lítri gefi af sér 3600 kr. á ári, þá samsvarar það söluverði á vatni, sem jafngildir 40 kr. verði á kolasmálest, og á því verði er útreikningurinn byggður, en það eru ekki líkur til, að kolaverðið lækki í Reykjavík verulega niður úr 40 kr., smál. Ég má segja, að síðan eftir stríð hafi það ekki farið verulega niður fyrir 40 kr. í smásölu. Sem stendur mun kolaverðið í Reykjavík vera 54—56 kr. smálestin. Svo að þótt reiknað sé með því kolaverði, sem telja má líklegt, að muni haldast lægst í næstu framtíð, þá er þetta fyrirtæki fjárhagslega öruggt og gefur af sér góðar tekjur. En þess er farið á leit, að ríkisábyrgð sé veitt fyrir láni til mannvirkisins, fyrst og fremst vegna þess, að það er vitað, að fjárhagsástand landsins nú á síðari tímum er mjög örðugt, svo að það vekur athygli fjármálamanna erlendis — og að því er virðist ekki minna nú upp á síðkastið — að það eru örðugleikar hér með greiðslur í erlendri mynt á því, sem landsmenn eiga að standa skil á, og þar sem það er líka augljóst, að þau opinberu lán, sem ríkið ber ábyrgð á sérstaklega, munu hafa nokkra sérstöðu, borið saman við önnur lán, sem ríkið er ekki í ábyrgð fyrir, þá þykir mér sjálfsagt að fara þess á leit, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir þessu láni, sem þýðir það fyrst og fremst, að sú ýtrasta og fyllsta trygging er gefin fyrir yfirfærslu á vöxtum og afborgunum þessa láns, þegar þar að kemur, sem vænta má í þessu landi. Ég vona, að það sé hættulaust fyrir ríkissjóð að ábyrgjast greiðsluna, ef um það er að ræða að greiða í íslenzkum krónum, því að fyrirtækið mun standa undir þeim kostnaði ár-

lega. Ríkisábyrgðin er að sjálfsögðu fyrst og fremst yfirlýsing ríkisvaldsins um, að það muni að sínu leyti bera ábyrgð á greiðslum af þessu láni eins og þeim, sem ríkið hefir tekið sjálft eða er í ábyrgð fyrir, og að þau kjör, sem þetta lán sætir, séu ekki lakari heldur en þau beztu, sem fyrir eru.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, nema ástæða gefist til, en óska, að málið fái greiðan gang gegnum þingið og því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og fjhn.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta mál, sem í daglegu tali er kallað hitaveitumál Reykjavíkur, á sér nokkra forsögu, sem í sjálfu sér gæti gefið tilefni til þess, að rætt yrði um, en ég ætla ekki að gera það, heldur ætla ég að snúa mér að málinu eingöngu á því stigi, sem það er á eins og það liggur fyrir í þinginu.

Það hefir verið um það getið hér í umræðum á Alþ., að það væri í raun og veru æskilegt, að hægt væri að koma upp ýmsum stórum fyrirtækjum, þó að til þeirra þyrfti erlent lánsfé, án þess að ríkið tækist á hendur beina ábyrgð á láni til fyrirtækjanna. Í sambandi við rafveitu þá, sem fyrirhuguð hefir verið á Akureyri, fóru á sínum tíma fram nokkrar umleitanir í þessa átt, og ég ætla, að það hafi verið í byrjun síðasta Alþ., sem það lá nokkuð greinilega fyrir, samkvæmt því, sem fram hafði komið í þeim umleitunum, að örðugt hafi verið að fá lán til þessa mannvirkis, a. m. k. nema því aðeins, að ríkisábyrgð kæmi til. Og þá var það, að Alþ. heimilaði ríkisstj., samkvæmt þeirri nauðsyn, sem þá lá fyrir, að ábyrgjast fyrir þessa rafveitu 80% af stofnkostnaðinum, og var það beinlínis gert vegna þess, að það þótti liggja fyrir, að erfitt væri að útvega féð. Ég ætla ekki að fara langt út í, hvernig það mál stendur, en það mun ekki enn vera búið að útvega lánið.

Ég býst við, að það megi telja líklegt, að það sé a. m. k. vænlegra til þess að lán, eins og t. d. til rafveitunnar og þessara hitaveitufram-kvæmda, fáist, að fyrir þeim sé ríkisábyrgð, og það kom, eins og ég sagði áðan, nokkuð greinilega fram í sambandi við lán til Akureyrar-rafveitunnar. Það verður þess vegna sennilega ekki talið að nauðsynjalausu, að þetta mál kemur fram hér í því formi, sem það er, og mun Framsfl. vera því samþykkur að heimila ríkisábyrgð fyrir þessu láni til hitaveitunnar, en flokkurinn mun flytja till., þegar málið kemur úr fjhn. d., um það, að ábyrgðin sé bundin við 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar. Eins og ég gat um í sambandi við ábyrgðina til Akureyrar-rafveitunnar, viljum við gjarnan beita okkur fyrir því í þinginu, að tekin verði upp sú regla, að hlutaðeigendur leggi nokkuð fram sjálfir í fyrirtækin til þess að sýna trú sína á fyrirtækjunum, svo að þannig verði hægara fyrir þingið að átta sig á, hvort hlutaðeigendur hafa verulega trú á því, að fyrirtækin séu góð. Það hefir verið svo stundum áður, að tekin hefir verið ábyrgð á öllu andvirði einstakra fyrirtækja, t. d. hafnarfyrirtækja. Þau hafa lagt fram 60%, en ríkið 40%, og það er jafnvel dæmi um það, að fyrirtæki hafi komizt upp, án þess að hlutaðeigendur hafi lagt fram grænan eyri. Því verður ekki neitað, að þetta hefir verið notað til þess að draga fjármagn á einstaka staði með litlu tilliti til þess, hvort þessi fyrirtæki gætu borið sig.

Nú geri ég ráð fyrir, að þetta fyrirtæki muni bera sig, ef ekki koma einhver óvænt óhöpp fyrir í framkvæmd verksins, sem vonandi verður ekki, svo að af þeim ástæðum þarf kannske ekki að halda þessari reglu, en mér finnst það vera svo mikilsvert atriði, að ríkið ábyrgist ekki alla upphæðina, að ekki sé hægt að gera undantekningu með þetta mannvirki. Ef ábyrgð væri veitt fyrir allri upphæðinni til hitaveitunnar, mundi því verða haldið fram á eftir að þeim, sem síðar sæktu um ábyrgð, að þar sem ábyrgð var veitt fyrir öllu andvirði hitaveitunnar, þrátt fyrir það þótt nokkur peningaráð mundu kannske hafa verið hjá íbúum Reykjavíkur til þess að lána fé til nokkurs hluta, þá væri ekki síður ástæða til þess að ábyrgjast allt féð til fyrirtækja á stöðum, þar sem minna fjármagn er í höndum íbúanna.

Að þessu athuguðu mun Framsfl. vera með því, eins og ég tók fram áðan, að ábyrgðin verði veitt, en miðuð við 80%. Það má að vísu segja, að ef þetta er takmarkað við ákveðna hundraðstölu, þá komi minna inn í landið af frjálsum gjaldeyri í sambandi við þessa lántöku, því að þetta dregst frá þeim hluta lánsins, sem á að koma í frjálsum gjaldeyri, en þó að gjaldeyrisvandræðin séu mikil, þá munar ekki svo mikið til eða frá um þennan hluta lánsins, þar sem fyrirhuguð er sérstök gjaldeyrislántaka, að það sé rétt að brjóta þessa reglu um, að ákveðinn hundraðshluti skuli lagður fram af hlutaðeigendum. Mér er ekki kunnugt um afstöðu annara flokka, en fulltrúar Framsfl. í fjhn. munu taka þessa afstöðu.

Ég býst ekki við, að það séu deildar meiningar um, að það sé mjög nauðsynlegt, að hitaveitan komist í framkvæmd sem allra fyrst, m. a. vegna þess, að það væri einhver skynsamlegasti undirbúningurinn, sem hér væri hægt að gera gegn þeim vandræðum, sem kynnu að leiða af styrjöld, ef hægt væri að hita bæinn með vatni, í staðinn fyrir að flytja inn kol, sem er sú vörutegund, sem erfiðast verður að ráða við innkaup á, ef mjög þrengir að.

Ég skal geta þess, að eins og hv. þm. og aðstandendur þessa máls vita, er það æfinlega skilyrði fyrir ríkisábyrgð, að öll framkvæmd málsins fari fram í samráði við ríkisstj. eða umboðsmenn hennar, og nægir í því sambandi að vísa til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir öllum ríkisábyrgðum í fjárlögum á hverjum tíma. Ég geri ekki ráð fyrir, að það standi á því, að slík samvinna geti tekizt um að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það er einnig því meiri nauðsyn, að góð samvinna sé um þetta í sambandi við málið, þar sem fleiri lántökuumleitanir eru fyrirhugaðar, og þá er afaráríðandi, að menn hafi yfirlit yfir þau mál, svo að ekki reki sig hvað á annars horn í þeim umleitunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, en það má vera, að það gefist tæki-

færi til þess að fara nánar út í einstök atriði eða annað, sem nauðsynlegt kynni að vera við 2. eða 3. umr.

*Sveinbjörn Högnason: Ég skal ekki mikið lengja umræður á þessu stigi málsins, en áður en það fer til n., tel ég nokkurs virði að fá upplýsingar um sérstök atriði í sambandi við þetta mál, sem hv. 4. þm. Reykv. virðist vera orðinn ósammála sjálfum sér um, frá því sem hann var fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þess vegna vil ég beina örfáum fyrirspurnum til hv. 4. þm. Reykv., borgarstjórans í Reykjavík.

Í blaði Sjálfstfl., Morgunblaðinu, segir um þetta lán 9. des. f. á. með leyfi hæstv. forseta:

„Það eru ekki nema tæp 3 ár síðan erlendir fjármálamenn kváðu upp dóm um fjármálastjórn núverandi ríkisstjórnar og þeirra flokka, sem hana styðja. Sá dómur var á þann veg, að allir lánsmöguleikar ríkisins erlendis voru lokaðir við nef fjármálaráðherra Íslands, og við það situr enn þann dag í dag.

En Reykjavíkurbær á nú kost á milljónaláni erlendis, án minnstu íhlutunar ríkisins. Enga ríkisábyrgð þarf með láninu til hitaveitunnar. Það er traust hinna erlendu fjármálamanna á fjárstjórn bæjarins og því fyrirtæki, er lánið gengur til, sem veldur því, að Reykjavíkurbær fær þessi kostakjör á láninu til hitaveitunnar".

Þetta skrifaði aðalmálgagn Sjálfstfl. hér í Reykjavík fyrir nokkrum mánuðum síðan. M. ö. o. var, að þess áliti, enginn möguleiki fyrir ríkið sjálft til að fá nokkurt lán erlendis, en Reykjavíkurbær átti kost á því fyrir sína góðu fjármálastjórn, eftir því sem hann óskaði. Nú vil ég spyrja hv. 4. þm. Reykv., eftir að hann er búinn að kynna sér þessa hluti erlendis, hvort það sé virkilega tilfellið, að það, sem haldið var fram í Morgunblaðinu 9. des., hafi reynzt algert öfugmæli, þannig að lánsmöguleikar séu fyrir hendi fyrir ríkið, en ekki fyrir Reykjavíkurbæ, — hvort það sé komið í ljós, að ríkinu sé opnir möguleikar til þess að fá lán, en eftir að hv. 4. þm. Reykv. hefir haft á hendi fjármálastjórn Reykjavíkur undanfarið hafi hann komizt að raun um, að lánsmöguleikarnir fyrir Reykjavíkurbæ séu lokaðir?

Ég tel það því réttara, að hv. flm. gefi upplýsingar um það misræmi, sem er á milli fullyrðinga Morgunblaðsins 9. des. og þess, sem nú er komið á daginn í þessu máli, sem hann virðist, um leið og hann flytur þetta mál fyrir þingið, gera tilraun til þess í grg. frv., að halda sér dauðahaldi í það, sem blað Sjálfstfl. í Reykjavík hélt fram 9. des., og vil ég spyrja hv. þm., hvað það þýðir. Þessi orð eru í byrjun grg. og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að fram er komið frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán, á þskj. 344, þykir líklegt að tæplega verði hjá því komizt, að ábyrgðar ríkissjóðs verði um sinn krafizt fyrir lánum hingað til opinberra fyrirtækja, sem eiga að standa skil á vöxtum og afborgunum á erlendu fé".

Á að skilja þetta þannig, að hv. flm. áliti, að þessi lántökuheimild um að fá gjaldeyri erlendis torveldi nú lánsmöguleika fyrir Reykjavíkurbæ? Á að skilja þetta svo, að þar sem ríkið ætlar að taka lán, ekki aðeins til þess að standa skil á sínum skuldum, heldur einnig bæjarfélaga, þá sé það til þess að torvelda það, að aðrir geti fengið lán?

Frá mínu sjónarmiði, sem er ekki sérfræðingur í fjármálum og hefi ekki farið til erlendra fjármálamanna til lánsútvegana, horfir þetta þannig við, að það sé auðveldara fyrir bæjarfélög og fyrirtæki að fá lán erlendis, þegar komið er frv., sem er yfirlýsing um það, að frekar en að vanskil verði hjá ríkinu á greiðslum skulda, sem stofnað hefir verið til vegna opinberra framkvæmda, eigi að taka gjaldeyrislán til þess að geta staðið undir skuldunum, bæði vegna þeirra lána, sem ríkið hefir tekið, og þeirra lána, sem bæjarfélög eða aðrir hafa tekið til opinberra framkvæmda. Þess vegna vil ég, eins og ég gat um áðan, spyrja hv. 4. þm. Reykv. um, hvað þessi fyrsta málsgr. í grg. frv. eigi að þýða.

Það er von, að Reykjavíkurbúar bíði með óþreyju eftir þessu fyrirtæki, eins og hv. flm. tók fram. Mig undrar það ekki. Það var svo lengi búið að lofa þessu, ekki sízt fyrir atbeina hv. flm., að það er ekki óeðlilegt, að þeir séu orðnir óþreyjufullir, sem trúðu því bezt, að hægt væri að gera þetta án nokkurrar aðstoðar og án þess að leita samvinnu við nokkurn annan. Ég vil spyrja hv. þm., hvað hafi valdið því, að nú þarf allt í einu á þeirri samvinnu að halda, og allir borgarar ríkisins eru beðnir um að standa í ábyrgð fyrir þessu láni til Reykjavíkurbæjar, sem eftir yfirlýsingu hv. flm. og blaðs Sjálfstfl. á að vera öllum fremri og slyngari í sinni fjármálastjórn.

Það er ekki nema eðlilegt, að menn, hvar sem er á landinu, bíði með óþreyju eftir því, að þeim séu sköpuð stórkostlega bætt lífsskilyrði. Og í þessu sambandi má geta þess, að frá einum flokksbróður þessa hv. þm., hv. 10. landsk., kom brtt. við fjárl. um það, að ríkisstj. útvegi lán til þess að flytja rafmagn frá Sogsstöðinni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Mér skildist að fólkið á þessu svæði eigi rétt á því, og að það geti verið stríðsundirbúningur og sparnaður á gjaldeyri, að þetta fólk geti fengið rafmagn, ekki sízt þegar ríkið er ekki alls fyrir löngu búið að ganga í ábyrgð fyrir 7 millj. kr. láni til rafvirkjunar fyrir Reykjavíkurbæ, sem hefir með því veitt sér mjög mikil þægindi, og rafmagnið frá Soginu er ekki notað nema að sáralitlu leyti, eins og kom bezt í ljós, þegar Sogslínan bilaði í vetur, því að þá varð Elliðaárstöðin ein að sjá fyrir rafmagnsþörf bæjarins. Mér virðist þurfa að athuga, hvort ekki er hægt að nota Sogsrafmagnið meira, og eins, í sambandi við till. hv. 10. landsk., sem gengur í svipaða átt og till. frá mörgum öðrum hv. þm., hvort ekki sé rétt að taka tillit til óska annara landsmanna en Reykvíkinga í þessum efnum, þegar landsmenn taka hvað eftir annað á sig ábyrgð fyrir milljónalánum til höfuðstaðarins eins.

Ég vil skjóta þessu fram, sem ég hefi hér sagt, vegna þess að málið mun eiga að fara til fjhn., og ég fyrir mitt leyti tel nokkru máli skipta, að hægt sé að fá skýr og ákveðin svör

við þessu, sem séu laus við þá áreitni og það mont, sem komið hefir fram í sambandi við þessa lántöku hjá sjálfstæðismönnum.

*Emil Jónsson: Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, því að sízt vil ég tefja eða leggja stein í götu þessa máls á neinn hátt, en mér þykir rétt nú þegar við 1. umr. að segja nokkur orð um það frá sjónarmiði okkar alþýðuflokksmanna. Því hefir verið haldið fram opinberlega í blöðum af andstæðingum Alþfl., að hann væri á móti málinu, og einstakir menn innan hans sérstaklega. Ég vil nota tækifærið til þess að bera þetta til baka og skýra frá því, að flokkurinn vill allt gera, sem í hans valdi stendur, til þess að hrinda málinu í framkvæmd, og það sem fljótast. Hinu hefir hinsvegar verið haldið fram af Alþfl., að það væri ýmislegt í meðferð málsins og undirbúningi þess, sem hefði mátt öðru vísi og betur fara, og það er það, sem hefir verið notað til þess að segja, að við værum á móti málinu almennt, þó að það sé alveg öfugmæli.

Ég skal geta þess, að fyrst þegar þetta mál kom fram, 1926, þegar því var hreyft af Jóni heitnum Þorlákssyni, þá taldi hann þrjá staði koma til greina, þar sem möguleikar mundu vera fyrir hendi til þess að afla þessa heita vatns. Einn staðurinn var Reykir í Mosfellssveit, annar staðurinn Hengillinn og sá þriðji Reykjanes, án þess að nánar væri tiltekið hvar. Þessir staðir hafa nú verið aðgengilegir í öll þau 12 ár, sem liðin eru síðan, til athugunar og rannsóknar, án þess að mér vitanlega hafi verið farið út í að rannsaka nema aðeins einn þeirra, Reyki í Mosfellssveit, og með þeim árangri eins og hv. 4. þm. Reykv. lýsti áðan, að enn er ekki fengið nóg vatn til þess að hita upp Reykjavíkurbæ, en — bætti hann við — það er ekkert, sem bendir til þess, að ekki muni fást þar nóg vatn í framtíðinni. Það hafa þegar fengizt um 170 l/sek., en það er ekki nægilegt, því að með vexti bæjarins eykst það vatnsmagn, sem þarf til þess að hita upp bæinn, svo að sá árlegi vöxtur á vatnsmagninu verður að vera meiri en tilsvarandi vöxtur bæjarins.

Nú verður að skera úr því mjög fljótlega, hvort þessi staður skuli notaður, enda hefir, að því er mér virðist, að nokkru leyti verið úr því skorið með því, hvernig rannsóknirnar hefir verið hagað. Ég fyrir mitt leyti segi það sem mína skoðun og hefi sagt það áður, að ég álít ekki rétt, að þeir staðir aðrir, sem talað hefir verið um, að gætu komið til mála í þessu sambandi, skuli ekki hafa verið athugaðir betur heldur en gert hefir verið. Sérstaklega er ég alveg viss um, að á einum staðnum, Krísuvík á Reykjanesi, er svo miklu meira hitamagn heldur en á Reykjum — maður sér það á yfirborðinu —, að það réttlætir fullkomlega, að athugun sé gerð á þeim stað, þó að hann liggi 16 km. lengra frá Reykjavík heldur en Reykir.

Ég vil benda á, að þessar mismunandi skoðanir á einstökum atriðum í sambandi við þetta eru allt annað heldur en að vera á móti málinu sem slíku. Ég veit ekki betur en ríkið eigi bor, sem sé í fullu standi til þess að vera notaður við boranirnar, svo að vel væri hægt að herða á rannsóknunum miklu betur en gert hefir verið.

Um fjármálahlið þessa fyrirtækis hafa hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Rang. farið nokkrum orðum, svo að ég hefi þar litlu við að bæta öðru en því, að Alþfl. hefir ekki tekið ákvörðun um, hvort hann fylgir því að miða ábyrgðina við 80% af lánsfénu eða meira. Um það hafa engir samningar verið gerðir milli flokka. En ég get vel fallizt á, að það sé rétt, að þeir, sem eiga að njóta hitaveitunnar, láni að einhverju leyti féð til hennar, úr því að fyrirtæki úti um land eru látin sæta þeim sömu kjörum.

Það eru ýmis fleiri ákvæði í frv., þótt ekki sé langt, sem ástæða væri til að ræða, en ég get frestað því til 2. umr. málsins.

Alþfl. hallast að því, að ábyrgðin verði veitt í þessu formi, sem fyrir liggur, þó með því tilskildu, að ráðuneytið fylgist með lántökunni og því, að tryggt sé, að hún takist með sem beztum kostum.

Einar Olgeirsson: Það mun ekki fara milli mála, að hitaveitan sé eitthvert mesta velferðarmál Reykjavíkur. Við kommúnistar höfum alltaf, síðan við komum í bæjarstjórn, staðið með því. Tillaga um að veita ríkisábyrgð fyrir láninu er réttmæt. Það hefði aðeins verið heppilegra, að hún hefði komið fyrr og sjálfstæðismenn í bæjarstjórn ekki verið svona lengi með sitt brauk á eigin spýtur. Það skiptir miklu, að verkið geti byrjað sem fyrst. Það væri eitthvert mesta slys, ef ekki yrði búið að koma upp þessari hitaveitu, áður en næsta stríð skylli á. Í þeim kringumstæðum gæti hún orðið öllu landinu að gagni. Því minni kol sem Reykjavík þarf þá, því hægara verður að sjá öðrum landshlutum fyrir kolum.

Við kommúnistar styðjum þetta mál, því að það er mál allrar þjóðarinnar.

*Flm. (Pétur Halldórsson): Herra forseti! Ég þakka hv. ræðumönnum hér í deild fyrir vinsamlegar viðtökur yfirleitt. Þó þótti mér miður, að hæstv. fjmrh. skyldi boða það af hálfu flokks síns, að hann vildi ekki veita ríkisábyrgð fyrir meira en 80% af kostnaðarupphæðinni. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi regla hefir verið tekin upp og framkvæmd — líklega aðeins í þessu eina tilfelli, sem ráðh. nefndi, rafvirkjun Akureyrar. En ráðh. benti þó á það sjálfur, að þetta fyrirtæki hefir nokkra sérstöðu. Og ég vil leggja á það áherzlu, að fyrirtæki, sem sparar með rekstri sínum næstum 100% af þeim gjaldeyri, sem stofnun þess kostar, í vöxtum og afborgunum, — fyrirtæki, sem sparar innflutning með hverjum sekúndulítra, sem streymir um leiðslurnar, og útrýmir næstum kolaflutningi til bæjarins, það hefir þá sérstöðu fyrir þjóðina í heild, að fullkomlega er réttmætt, að ríkið ábyrgist alla lánsfjárupphæðina.

Ekki get ég fallizt á, að það sé rétt, að 80% eigi að vera algild. Það verður að haga þessu eftir því, sem skynsamlegast þykir. Og í þessu tilfelli er skynsamlegast að gera ráð fyrir, að lánsféð verði allt tekið erlendis. Án þess að fara langt út í rökræður vil ég biðja hv. þm.

að gleyma ekki þeirri grundvallarreglu, að það á að vera alveg sama, hvort lánið er tekið erlendis eða innanlands. Aðeins vegna þess, að við búum um stundar sakir við gjaldeyrisörðugleika, sem hér hefir verið komið upp, virðist mörgum nokkur munur á þessu tvennu. En við verðum að reikna með því, að þeir örðugleikar hverfi eftir stuttan tíma. Lánið verður að endurgreiða jafnt, hvort sem það er tekið innanlands eða erlendis, og þá kemur nokkuð í sama stað niður, hvaðan það sparifé er tekið. Fyrir alla, sem ekki reikna með endalausu volæði, heldur því, að það sé aðeins augnabliksástand og að við komumst einhverntíma úr kútnum, og vilja nokkuð að því vinna, eru þessar röksemdir gegn því að taka allt lánið erlendis einskis virði, þegar í hlut á fyrirtæki, sem er hagfræðilega öruggt að beri sig, og meira en það, — þarf ekki stuðning nema þann, að menn noti sér hitann, þegar hann er boðinn.

Það er ekki aðeins ónauðsynlegt, að þessu athuguðu, heldur mjög ástæðulítið, að þeir, sem við fyrirtækið eiga að skipta, verði að leggja fram hluta af kostnaðinum. Það er að öllu leyti réttmætt, að fyrirtækið borgi sjálft kostnaðinn á löngum tíma með eigin arði. Talið um það, að viðskiptamenn þess þurfi að sýna hug sinn til þess með því að leggja nokkurt fé fram í byrjun, finnst mér sýna rangan hugsunarhátt. Ég held, að allir skynsamir menn geti orðið sammála um, að eins og á stendur, sé bezt fyrir alla aðilja að fá allt fé erlendis með 25—30 ára greiðslutíma eða svo löngum sem unnt er að fá.

Hæstv. ráðh. talaði um, að sjálfsagt væri, að lánið yrði fengið í samvinnu við ríkisvaldið. Ég vona, að þar verði um þá eina samvinnu að ræða, að báðir aðiljar megi vera vel sæmdir af.

Ég óska þess mjög ákveðið, að hv. þd. fallist á að veita heimild til að ábyrgjast lánsféð allt, ef þess verður leitað erlendis.

Hv. 1. þm. Rang. beindi til mín nokkrum fyrirspurnum. Hann spurði, hvort svo hefði snúizt við síðan í vetur, þegar talað var um að fá lán án ríkisábyrgðar, að nú væri það ekki hægt. Ég skal svara því, að enginn vafi er á, að Reykjavík getur fengið lán til slíks fyrirtækis sem þessa með þeim fjárhagsástæðum, sem bærinn hefir. Það eina, sem lánveitendur vilja fá öryggi fyrir, eru yfirfærslur í erlendri mynt á vöxtum og afborgunum árlega. Það mun hv. þm. fallast á, að fyrir geti komið, að Reykjavíkurbær hafi ekki ráð á nægum erlendum gjaldeyri, þó að nóg sé til af íslenzkum peningum til að greiða þetta. Ég gat þessa í fyrri ræðu minni, að ábyrgðin er í rauninni eingöngu trygging fyrir yfirfærslu. Ég get sagt það í einu orði, að ég ber engan kinnroða fyrir það, sem ég hefi gert í þessu máli. Enda hefir ekkert komið upp, sem hnekkir því, sem ég hefi sagt, að bærinn hafi nægilega tiltrú til þess að fá lán án ríkisábyrgðar. — Það var alveg óþarft af hv. þm. að spyrja, hver meiningin væri með fyrstu málsgr. grg., því að málið liggur ljóst fyrir, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni.

Ég vissi, að Alþfl. mundi verða frv. fylgjandi, enda vænti ég þess, að þeir vilji veita ábyrgð fyrir 100% lánsfjárins, þó að fulltrúi þeirra, hv. 7. landsk., vildi ekki binda sig við það í ræðu sinni. Það var líka eins og vænta mátti, að fulltrúar Kommfl. hér í d. mundu mæla með frv. En mér þótti gæta leiðinlegs misskilnings hjá hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann gat ekki stillt sig um að kasta því fram, að sjálfstæðismenn hefðu ekki átt að vinna á eigin spýtur með brauki og bramli að þessu máli því til tafar. Ef einhverjum þykir aðdragandi málsins óeðlilega langur, þá skýtur það nokkuð skökku við. Sannleikurinn er sá, að þessu máli hefir verið hraðað mjög mikið, eftir því sem föng eru á. Enda fékk meiri hl. bæjarstjórnar ákúrur fyrir það í vetur sérstaklega, að hann hefði flasað að málinu til þess að geta notað það við bæjarstjórnarkosningar í janúar. Ekki er hvorttveggja rétt, að meiri hl. bæjarstjórnar hafi flýtt málinu um of og seinkað því um of. En hvað sem því líður, á að vísu að hraða framkvæmdum sem mest héðan af. Þeir, sem nú reka mest eftir, þykjast kannske vita, að við höfum áratuga reynslu fyrir því, Íslendingar, að slík milljónafyrirtæki og lántökur til þeirra þurfi lítinn undirbúing og engan tíma. Skynbærir menn sjá betur. Ég held, að ef litið er yfir málið og meðferð þess, þá beri hún með sér, að unnið hefir verið að því málefnisins vegna, en af engum öðrum ástæðum.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Mér þykir það miður, að hv. flm. hefir ekki getað gefið skýrari svör en þessi við spurningum mínum. Ég var að spyrja, hvernig stæði á þessari breytingu, að nú er orðið auðveldara fyrir ríkið en fyrir Reykjavíkurbæ að fá lán erlendis, en í desember töldu blöð sjálfstæðismanna þetta þverófugt, og að allir möguleikar ríkisins til þess væru lokaðir. Ég spurði hv. 4. þm. Reykv., hvernig hann hefði komizt að þessari nýju niðurstöðu á ferðalögum sínum. Hann svarar því nú, að það eina, sem bærinn geti ekki, sé að fá yfirfærslur í erlendum gjaldeyri.

Þetta er merkilegt. Nú skilst mér þó, þar sem hv. sjálfstæðismenn hafa klofið fjhn. um frv. um lánsheimild fyrir ríkið á þskj. 344, þá sé þeim ekkert kappsmál að sjá fyrir því að tryggja yfirfærslu á gjaldeyri, hvorki til þessara þarfa né annara.

En hafi Reykjavíkurbær enga þörf fyrir ábyrgð nema til að tryggja yfirfærslu, er ástæðulaust, að ríkið ábyrgist nokkuð nema yfirfærsluna. Eftir ræðu hv. flm. og þeim upplýsingum, sem hann hefir gefið hv. þd., kemur mjög til greina að breyta frv. í það horf. Það er miklu aðgengilegra fyrir Alþingi að veita ábyrgð á yfirfærslunni einni, og engu öðru, en að ábyrgjast, að aldrei verði greiðslufall á afborgunum.

Þegar hv. flm. túlkar 1. gr. frv. þannig, að þar sé aðeins um yfirfærslumöguleikana að ræða, en byrjar grg. frv. með því að kenna ríkislántöku þeirri, sem ein tryggir þá möguleika, um það, að hann verður að leita á náðir ríkisins um ábyrgðina, þá er sú skýring svo bersýnilega tvöfeldni og yfirdrepsskapur, að á henni tekur náttúrlega enginn mark.

Þá sagði hv. flm., að honum þyki mjög miður, að Framsfl. skuli ekki hafa talið fært, að

ábyrgð verði tekin á meira en 80% af láninu. Hann er þar líka á talsvert annari skoðun en blað hans var við heimkomu hans, því að 17. apríl segir það svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Leiðin, sem nú verður að athugast, er, hvort ekki muni unnt að afla hér heima verulegs hluta þess fjár, sem þarf til framkvæmda hitaveitunnar, sumpart hjá Reykvíkingum sjálfum og sumpart hjá erlendum félögum og firmum, sem hér eiga fé innifrosið eða geymt í bönkum."

Þegar borgarstjórinn kom heim, þá var þetta aðalleiðin. Þar af leiðandi vil ég nú spyrja hann, hvort búið sé að reyna þessa leið, sem ákveðin var af flokki hans 17. apríl, og þeir, sem að hitaveitunni eiga að búa, hafi ekki viljað leggja neitt til hennar.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, þar sem fundartími er að verða á enda, en ég tel sjálfsagt, að áður en málið fer til n., þá gefi hv. flm. skýrari svör og greinilegri um þessa hluti en hann hefir ennþá gert.

*__Ólafur Thors:__ Ég verð að viðurkenna, að það er engin goðgá, þótt hv. 1. þm. Rang., sem er formaður fjhn., óski eftir vissum upplýsingum um annað eins stórmál og þetta, áður en það fer til n. En það er óviðfelldið, að hann skuli með þessum fyrirspurnum ljósta því upp, að hann hefir ekki eingöngu vanrækt að lesa þetta frv., heldur einnig það frv., sem er á þskj. 344, sem hæstv. fjmrh. flutti og þessi hv. þm. hefir gefið út nál. um. Þessi hv. þm. er að gera sig tvíbreiðan og spyrja um það með rembingi, hvort nú sé svo komið, að vonlaust sé, að Reykjavíkurbær geti fengið lán, en ríkið geti aftur á móti fengið það. Hefir þessi hv. þm. ekki lesið frv.? Er það ekki um það, að Reykjavík taki lánið? Og svo að ég víki að hinu, sem var og þungskilið fyrir hans skarpa heila. Hann er alltaf að breiða sig yfir það, hvað fáránleg rök það séu í grg. frv., að vitna til þess, að nú sé komið fram frv. um erlenda lántöku, sem geti skipt máli í sambandi við lántökuna til hitaveitunnar. Það er auðséð á málflutningi hans, að hann hefir a. m. k. ekki lesið grg. frv. Hann staðhæfir, að því minni ástæða sé til að biðja um lán til hitaveitunnar sem nú sé komið fram frv. um lántöku og í því standi, að nota eigi lánsfé til að greiða skuldir ríkis, banka og bæjarfélaga. Ég vil nú fræða þennan hv. formann fjhn. um það, að lántakan er ætluð til greiðslu á skuldum ríkissjóðs, banka, bæjarstjórna, sveitarfélaga og þeim öðrum skuldum, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, en því aðeins að ríkið sé í ábyrgð fyrir þeim. Það er því fullkomin ástæða til, með hliðsjón af þessu frv., að bera fram það frv., sem hér liggur fyrir. Með frv. hæstv. fjmrh. er beinlínis tryggður forgangur um afborganir og greiðslur vaxta af skuldum, sem ríkið er í eða stendur í ábyrgð fyrir. Allt þetta skyldi ég hafa sagt þessum hv. þm. við meðferð málsins í n., ef hann hefði haft þolinmæði til að bíða eftir því, en hann réð því miður ekki við tilhneigingar sínar í því. — Mér þykir rétt að benda hv. þm. á, hvar þessi setning stendur. Hún er í grg. fyrir frv. hæstv. fjmrh. á þskj. 344, í byrjun neðstu málsgr. á bls. 2, og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt því, sem að framan greinir, nema afborganir af lánum ríkissjóðs, lánsstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og annara, sem hafa ríkisábyrgð, um 3,3 millj. kr. af heildarupphæð árlegra afborgana."

Síðan segir, að þessar afborganir eigi að inna af hendi með þessari nýju lántöku. — Annars veit hv. þm. vel, að nú mæðir mjög á okkur vegna gjaldeyrisskorts, og hann veit líka, að erlendum lánardrottnum þykir betra, að slík lán, sem hér um ræðir, hafi þennan forgang. Og úr því að fram er komið frv. um ríkisábyrgð fyrir slíku láni, þá liggur í augum uppi, að það spillir fyrir lántökunni, ef Alþingi neitar um slíka ábyrgð, og það eru þeir einir, sem spilla vilja fyrir þessu máli, sem gera tilraun til að koma í veg fyrir, að slík ábyrgð fáist, einkum eftir að frv. hæstv. fjmrh. er komið fram.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða við aðra hv. þm. um þetta mál nú, eins og um það, hvort ábyrgðin eigi að vera upp á 80 eða 100%. Það verður athugað í n., og eins þau atriði, sem hv. 7. landsk. gat um. Það eru eiginlega atriði, sem snerta sjálft málið, og eru eðlilega skiptar skoðanir um.

Svo vil ég að lokum segja, að mér er gleðiefni, að hv. 1. þm. Rang. skuli skilja svo vel óþreyju fólksins, sem sé svo lengi búið að bíða eftir uppfyllingu vona sinna, og sannast sagna veit ég, að það er alveg rétt. En það er þó kannske minni ástæða fyrir þá til að vera óþreyjufullir heldur en t. d. flokksmenn hans marga, sem síðan 1934 hafa verið að bíða eftir því, að lækkaðir yrðu á þeim skattar og atvinnan aukin í landinu, og ýmsum öðrum loforðum, sem hann og hans flokksmenn gáfu, en hafa ekki verið efnd enn, því miður.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Hv. 4. þm. Reykv. var óánægður yfir því, að Framsfl. ætlaði að flytja brtt. um það, að ábyrgðin sé miðuð við 80% af stofnkostnaðinum. Hann sagði, að hér væri um svo sérstakt tilfelli að ræða, að ekki þyrfti á þeim reglum að halda, sem gilt hefðu nokkuð almennt. En ég vil benda á, að það myndi verða erfitt að standa á móti því, að ábyrgjast fyrir önnur bæjar- og sveitarfélög að fullu, ef það væri gert fyrir Reykjavík, því að óneitanlega verður að líta svo á, að Reykjavík hafi betri möguleika til þess að fá lán innanbæjar en öll önnur bæjarfélög landsins. Út frá því sjónarmiði hygg ég, að ekki sé varlegt að ganga inn á þá braut að ábyrgjast 100%.

Hv. 7. landsk. minntist á það hér áðan, að komið gæti til mála að nota aðrar leiðir til þess að hita Reykjavík með vatni en þá, að taka heita vatnið frá Reykjum. Þetta mál mun liggja þannig fyrir, að ef slíkar rannsóknir ættu að fara fram, þá myndi ekki verða byrjað á hitaveitunni á yfirstandandi ári, og þá væri ekki hægt að fara að leitast fyrir um lánsfé, að svo stöddu, til hitaveitunnar. Það þýðir m. ö. o. verulegan drátt á málinu. Ég tel því mjög

áríðandi, að það komi fram hjá hv. þdm. við meðferð málsins, hvort þeir séu ekki með því, að ráðizt verði í virkjunina eins og gert er ráð fyrir henni í grg. frv., því að ef það væri meiningin hjá hv. þm., að setja það að skilyrði, að rannsakaðir yrðu aðrir möguleikar, þá er vitanlega afarnauðsynlegt fyrir ríkisstj. að vita það með vissu. Ég fyrir mitt leyti myndi líta þannig á, ef frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, með þeirri einu breyt., að tekin yrði ábyrgð á vissum hluta af heildarkostnaðinum, þá beri að líta á það sem þingvilja fyrir því að veita ábyrgð fyrir hitaveitu frá Reykjum í Mosfellssveit, og það yrði að koma mjög glöggur þingvilji fyrir því, ef ætlazt væri til, að stj. hyrfi frá framkvæmdum, og beðið yrði eftir því, að aðrir möguleikar yrðu athugaðir.

Hv. þm. G.-K. tók hér til máls áðan og var, að mér skildist, mjög óánægður yfir þeim aths., sem fram höfðu komið frá hv. 1. þm. Rang. — Eins og ég sagði í upphafi míns máls, ætla ég ekki að fara að ræða um sögu og aðdraganda hitaveitumálsins, eins og hann hefir verið, og ætla ekki heldur að gera það, þó að sumar af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið hér, hafi að sumu leyti gefið tilefni til þess. Ég ætla að segja örfá orð út af ræðu hv. þm. G.-K. Hann sagði, að sérstök ástæða væri til þess að fara fram á ríkisábyrgð fyrir láninu til hitaveitunnar vegna þess frv., sem hér lægi fyrir um gjaldeyrislán, og rökstuddi það með því, að í grg. frv. væri tekið fram, að af því láni skyldi gjaldeyrir eingöngu tekinn til þeirra lána bæjar- og sveitarfélaga, sem væru með ríkisábyrgð. Ég skal upplýsa, að þetta er misskilningur hjá hv. þm., því að í grg. frv. eru tekin öll lán bæjar- og sveitarfélaga, sem hagstofan náði til, og það er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið gjaldeyri til greiðslu vaxta og afborgana af láninu, þó að þau séu ekki með ríkisábyrgð, en flest þeirra eru með ríkisábyrgð. — Það er ekki heldur rétt hjá hv. þm., að ummæli grg. taki af um það, að gjaldeyrir fáist til annara lána bæjar- og sveitarfélaga en þeirra, sem ríkið ábyrgist, þar sem segir á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt því, sem að framan greinir, nema afborganir af lánum ríkissjóðs, lánsstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og annara, sem hafa ríkisábyrgð, um 3,3 millj. kr. af heildarupphæð árlegra afborgana.“

Það eru taldir upp þeir lánsflokkar, sem fyrst og fremst koma til greina, lán ríkissjóðs, ríkisstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og annara, sem hafa ríkisábyrgð, en ekki einstaklinga, sem ekki hafa ríkisábyrgð.

Ég vil leiðrétta það, ef hv. þm. hefir skilið það á aðra lund, eins og kom fram í ræðu hans áðan. Eins og kemur ljóst fram á bls. 3 í grg., þá segir þar, að fyrst og fremst sé notað af láninu til greiðslu þeirra afborgana, sem ríkissjóði ber að standa skil á, því næst sé bönkum, bæjar- og sveitarfélögum og þeim, sem ríkisábyrgð hafa fyrir lánum sínum, seldur gjaldeyrir til greiðslu afborgana af föstum lánum að nokkru eða öllu leyti eftir því, hvernig gjaldeyrisástandið er á hverjum tíma. Það er greinilega tekið fram, að þessir aðrir séu þeir, sem ríkisábyrgð hafa á lánum sínum. Ég vil hér taka af öllu tvímæli um þetta.

Framkoma þessa frv., sem ég hefi hér rætt um, þarf því ekki að vera að neinu leyti tilefni þess, að farið er fram á ríkisábyrgð fyrir hitaveituláni. Jafnvel þótt svo hefði staðið á, að skilningur hv. þm. hefði verið réttur, þá hefði frv. samt ekki gefið tilefni til þess, nema síður væri, þar sem þá væru meiri líkur til, að hægt væri að standa í skilum með greiðslur af öðrum lánum, ef sérstaklega væri séð fyrir þessu. Ég skil ekki, hvers vegna svo mikið kapp er lagt á það af hv. þm. G.-K. og hv. flm., að einungis sé farið fram á ríkisábyrgð vegna yfirfærslunnar. Við vitum, að í sambandi við það lán, sem borgarstjórinn taldi sig geta fengið í Englandi, þá var gert ráð fyrir, að Landsbankinn lýsti því yfir, að hann myndi annast yfirfærslur af því eins og opinberum lánum. Að vísu var ekkert fyrirfram talað við bankann um þetta, en ef þessi yfirlýsing hefði fengizt, þá er hún náttúrlega jafngóð trygging fyrir yfirfærslu af því láni eins og opinberum lánum. Ef það hefði verið gert, þá var af þeim ástæðum út af fyrir sig ekki þörf á því að að leita eftir ríkisábyrgð. En mér þykir ekki ástæða til að fara í neinar grafgötur með það, að á Norðurlöndum a. m. k. mun vera litið svo á, að það séu öruggustu lánin, sem ríkisábyrgð sé fyrir. Það kom greinilega fram, þegar leitað var eftir láni til rafveitunnar á Akureyri. Það er ekki ástæða til að fara í neinar felur með það, að það mun vera litið þannig á, að það sé öruggast, að því er snertir yfirfærslur og annað. Ég held því, að það þurfi ekki að færa rök fyrir þessari beiðni sérstaklega með því, að frv. um gjaldeyrislántöku sé komið fram. Hún hefði áreiðanlega komið fram, þótt það frv. hefði ekki verið lagt fram. Það er ég alveg viss um.

Hv. 1. þm. Rang. minntist á það hér áðan, að það hefði verið talið af forráðamönnum þessa máls, að hægt væri að koma þessu í kring án ríkisábyrgðar. Ég skal ekki fara langt út í að metast um það, en mér fannst hv. þm. G.-K. taka það óstinnt upp. Það var þó á sínum tíma ekki nóg með það, að þessu væri lýst yfir, heldur var því jafnframt, eins og drepið hefir verið á, lýst yfir, að lánstrausti ríkisins væri þannig komið, að það gæti ekki með neinu móti fengið lán. Það er náttúrlega það, sem hv. 1. þm. Rang. vildi benda á. Ef þessi fullyrðing væri rétt, þá er það náttúrlega dálitið undarlegt, að sá aðili, sem gersamlega væri þrotinn að trausti og gæti hvergi fengið lán, ætti að skrifa upp á lán fyrir þann aðilja, sem gæti fengið lán svo að segja hvar sem er. Það var þetta ósamræmi, sem hv. 1. þm. Rang. benti á, og ég sé ekki, að það sé nein sérstök ástæða til að vonzkast út af því, þótt hann hafi gert það, þar sem það lá beint við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta, en eins og ég hefi sagt áður, þá mun Framsfl. fylgja þessu máli með því fororði, sem lýst hefir verið.

*Sveinbjörn Högnason: Þess gerist ekki þörf að fara ýtarlega í þetta atriði, enda hefi ég ekki tíma til þess, þar sem líka hæstv. fjmrh. hefir svo rækilega rekið hv. þm. G.-K. á rassinn með þær blekkingar, sem hann hafði hér í frammi. Ég vona, að þessi orð hneyksli ekki hv. þm. G.-K., því að hann er ekki svo þinglegur, hvort sem hann situr, stendur eða talar. — Þar sem hann minntist á. að ég hefði ekki lesið frv., þá kemur það greinilega í ljós, að þótt hv. þm. hafi lesið frv., þá hefir hann ekki skilið það. Eftir þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf, þá sýndi það sig greinilega, að þótt hv. þm. hafi reynt að fara yfir frv., þá hefir það hent hann, að hann hefir ekki skilið það. Þar sem hann nú hefir fengið þá fræðslu, sem nauðsynleg er hverjum meðalmanni til þess að komast að raun um hið rétta, þá vona ég, að hann deili ekki um það lengur.

Annars þykir mér það hálfleiðinlegt, og það sýnir, að samvizkan er ekki í bezta lagi hjá hv. flm., að hann skuli vera flúinn, a. m. k. sé ég hann hvergi nálægan. Það er einkennilegt, að þegar hv. flm. þessa frv. er beðinn um upplýsingar, þá skuli hann sjá sér það hentugra að hverfa á brott. En mig undrar það ekki eftir þeirri framkomu, sem á undan er gengin. Hv. þm. G.-K. taldi, að ég hefði verið hér með rembing. Ég vil bera það undir hv. d., hvort ég hafi ekki talað hógværlega í sambandi við þær fyrirspurnir, sem ég beindi til hv. flm. Ég hefði talið það vera til bóta, ef upplýst hefði verið betur um ýms atriði. Annars held ég, að það sitji sízt á sjálfstæðismönnum að vera að tala um rembing í þessu máli. Ef það er nokkuð til, sem kalla má uppblástur og rembing, þá er það framkoma sjálfstæðismanna í meðferð þessa máls. Það er vafalaust sú hneykslanlegasta meðferð, sem höfð hefir verið á nokkru máli, hvernig Sjálfstfl. notaði það í bæjarstjórnarkosningunum í vetur. Ég hefi lesið nokkur ummæli, sem blöð þeirra voru þá með, þar sem þeir töldu sig ekki þurfa aðstoðar neinna við. Þar var líka sagt, að þetta verk myndi ekki komast í framkvæmd, nema Sjálfstfl. tæki það á sínar herðar. Og þá var það, að hv. flm. þessa frv., borgarstjórinn í Rvík, laumaðist af landi burt, án þess að láta alla bæjarstjórnina vita, hvað hann væri að gera, alveg eins og hann laumast út úr d. nú, þegar verið er að ræða þetta mál, sem hann flytur. Það var fullyrt, að lánið væri fengið, og hv. þm. G.-K. sagði, þegar til var svo vantrúuð sál, að draga þetta í efa, að Pétur Halldórsson hefði sagt þetta og það væri óhætt að treysta því, sem hann segði. Það hefir nú sýnt sig, hvað hægt var að treysta þessu. Reyjavíkurbúar eru a. m. k. ekki farnir að sjá, að hægt hafi verið að treysta þessum orðum. Mig undrar það því ekki, þótt hv. flm., borgarstjóranum í Rvík, þyki það nokkuð þung spor að koma með þetta hingað og biðja aðra flokka um að hjálpa sér til að koma þessu í framkvæmd. Það er leiðinlegt, að hann skuli hafa svo mikla blygðunartilfinninu, að hann skuli ekki treysta sér til að hlusta á réttmætar aðfinnslur, sem fram hafa komið um meðferð þessa máls að undanförnu.

Annars virðist mér, að hér sé um svipaðar framkvæmdir í bæjarmálum Rvíkur að ræða eins og oft hafa átt sér stað áður, að farin er vitlaus leið. Vitanlega hefði hitaveitan átt að koma á undan rafmagnsveitunni. En það var farin öfug leið, þar sem rafmagnsveitan var komin áður, sem ekki er hálfnotuð. Svo á að bæta það upp með hitaveitu á næstu árum og fá til hennar milljóna króna lán. Það er sama aðferðin og jafnan hefir verið viðhöfð hjá þeim, sem farið hefir með stjórn bæjarmálefna Rvíkur. Fyrst var ráðizt í gasstöðina, í stað þess að byrja strax á rafveitu, síðan í Elliðaárstöðina og loks í Sogsstöðina. Það er því ekkert að undra þótt þeir, sem staðið hafa fyrir málefnum Rvíkur upp á síðkastið og notað hafa mestar blekkingar, séu fyrstir til þess að flýja af hólmi, þegar rætt er um þetta og einhver leyfir sér að benda á aðstöðu Sjálfstfl. til þessa máls hingað til.

Um það atriði, sem nú hefir nokkuð verið rætt, að frv. um gjaldeyrislánið sé ástæðan til þess, að beðið er um ríkisábyrgð, þá er því til að svara, að það kom ekki fram fyrr en á síðustu stundu. Ég veit ekki betur en að þegar borgarstjórinn kom heim úr siglingunni og var búinn að fá nei alstaðar, að þá hafi það ekki verið til fyrirstöðu. Þegar sagt var frá því í Morgunblaðinu þá, að lánið myndi ekki fást, þá var talað um að leita heimildar fyrir Rvíkurbæ, til að fá lán innanlands. Það er óviðkunnanlegt, að Sjálfstfl., sem búinn er að vera með slíkan rembing og gífuryrði í þessu máli, skuli ekki nú, þegar bersýnilegt er, að hann þarf á stuðningi annara að halda og getur ekki gert þetta einsamall, kannast við þær raunverulegu ástæður, sem fyrir liggja. Það er óþolandi, enda ósamboðið hverjum manni, sem fer með einhverja ábyrgð fyrir aðra.

*Ólafur Thors: Ég vil ekki, og þá einkum vegna ræðu hæstv. fjmrh., fara út í þær hörðu deilur út af þessu máli, sem fyllsta tilefni væri til þess að gera, ef maður tæki alvarlega ræðuhöld hv. 1. þm. Rang. Hann lét í ljós undrun sína út af því, að hv. frsm. málsins hefði flúið úr umr., eins og hann orðaði það. Ég hélt nú, að hann ætti því að venjast, að samherjar hans og andstæðingar færu út úr d., þegar hann talaði. Mönnum leiðist svo þetta japl í honum.

Það er rétt, sem hér hefir verið sagt, að bæði blöð sjálfstæðismanna og ýmsir af málsvörum flokksins höfðu í opinberum umræðum talið, að þetta lán væri fengið, og mér er engin leynd á því, að ég var meðal þeirra, sem töldu, að lánið væri fengið. Það lágu fyrir skýlaus og óyggjandi loforð um það, að lánið fengist án ríkisábyrgðar. Þessi fyrirætlun hefir nú verið stöðvuð, þar sem lánið hefir ekki fengizt í Englandi, þar sem þetta loforð hafði verið gefið. Hvaða ástæður liggja fyrir því, skal ég ekki fara út í að ræða. Það hefir sumpart verið sagt frá þeim ástæðum í flokksblaði hv. 1. þm. Rang. í grein eftir sjálfan formann flokksins, 20. apríl síðastl. Ég skal svo ekki fara lengra út í það. Hitt stendur óhaggað, að þetta loforð lá fyrir, annarsvegar, og að þessu loforði hefir verið riftað hinsvegar.

Af því leiðir þó ekki, að vonlaust sé um að fá lán án ríkisábyrgðar. Það var rangt, sem hv. þm. sagði, að þegar borgarstjórinn kom heim úr för sinni, þá hafi hann komið með tvær hendur tómar. Það stóðu og það standa enn talsvert miklar vonir til þess að fá lán án ríkisábyrgðar. En að samt er beðið um ríkisábyrgð er vegna þess, að allir þeir, sem með alvöru í huga hugsa um atvinnuhorfur fyrir almenning, vita, að það dugir ekki að tefla á tvær hættur um það, hvort byrjað er á þessari framkvæmd árinu fyrr eða síðar. Af þessum ástæðum hefir Sjálfstfl. fremur kosið að koma til ríkisins og biðja um ríkisábyrgð heldur en að eiga á hættu, að verkið frestist um eitt ár. Við gerum þetta til þess að vera við öllu búnir, ef þær vonir, sem við höfum í dag, en þær eru mjög miklar, skyldu bregðast. Það hefði kannske frá flokkslegu sjónarmiði verið betra að reiða sig á þá stóru von, sem við höfum um að fá lánið án ríkisábyrgðar. En það er ekki leyfilegt að gera það, því að þetta verk verður, með samtökum bæjarfélagsins og ríkisins, að hefjast á þessu sumri. Um það verða allir að vera sammála, sem nokkurt skyn bera á hagi landslýðsins. Það mun líka vera ástæðan til þess, að Framsfl., sem finnur til ábyrgðar, hefir viljað fylgja ríkisábyrgð fyrir þessu láni.

Ég finn mig ekki tilkvaddan til þess að svara fyrir hin kaldranalegu orð, þar sem hv. þm. var að tala um, að fyrst hefði átt að framkvæma hitaveituna og svo hefði átt að virkja Sogið. Hann var að ráðast á Sjálfstfl. fyrir það, að enn væri ekki nægileg sönnun fyrir hendi um það, að nægilegt vatn væri til að hita bæinn. Fyrst er ráðizt á okkur fyrir það, að ekki sé nóg vatn til, en svo er sagt, að fyrst hefði átt að framkvæma hitaveituna og virkja svo Sogið þar á eftir. Ég hefði gaman af því að heyra þennan hv. þm. halda þessa ræðu, þegar hann kemur austur fyrir fjall. Ég býst við, að þá verði farinn af honum mesti völlurinn. — Þá ætla ég að öðru leyti ekki að svara geðríki þessa hv. þm., svo að maður ekki segi geðvonzku.

Þá ætla ég að vikja örfáum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. Ég skil grg. frv. á annan veg en hann. Ég vil spyrja hann að því, hvort hann minnist þess, að ég hafi spurt hann, hvernig bæri að skilja þetta. (**Fjmrh:** Ég minnist þess ekki). Ég skal ekki gegn hans mótmælum staðhæfa neitt um það. En eins og hann man, þá sýndi hann mér frv. og grg. töluvert áður en það kom fram, hvort sem ég nú má segja það með sönnu eða ekki, að sá skilningur á frv. sé frá honum, þá er það víst, að eftir að ég átti þetta samtal við hæstv. ráðh., þá skýrði ég Sjálfstfl. þannig frá, að sá væri réttur skilningur frv., sem ég hér hefi haldið fram. Ég er ekki viss um nema orðalag frv. gefi tilefni til sama skilnings. Þar er talað um afborganir af lánum ríkissjóðs, lánstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og annara, sem hafa ríkisábyrgð. Orðið „annara" taldi ég víst, að vísaði til þess, sem á undan var farið. Ég skil, hvað fyrir hæstv. ráðh. vakir. Ég veit líka, að hann skilur það, að þetta orðalag gefur tilefni til þess skilnings, sem ég hefi lagt í frv. Ég veit, að margir aðrir skilja það líka þannig.

Ég ætla svo aðeins að segja það, enda þótt ég geri mér nokkuð ríkar vonir um það, að hið íslenzka ríki fái lán utanlands, ef það leitar láns, því að hvaða stjórnmálaflokki, sem menn tilheyra, þá hljóta allir að óska þess, að hið íslenzka ríki hafi lánstraust, þá getur verið, að sá fræðilegi möguleiki sé til, ef svo mætti segja, að þótt hið íslenzka ríki hafi ekki eitt út af fyrir sig lánstraust og bærinn hafi ekki einn út af fyrir sig lánstraust, þá geti þó bærinn fengið lán með aðstoð ríkisins. Ég held, að málið liggi þannig fyrir, að Rvíkurbær hafi ástæðu til að halda, að hann geti fengið lán án ríkisábyrgðar. En það, að beðið er um ríkisábyrgð, stafar af því, að ekki má hætta á það, að framkvæmd verksins frestist, og Sjálfstfl. vill ekki tefla á tvær hættur með það. Ef það kæmi á daginn, að ekki væri hægt að fá lán án ríkisábyrgðar, þá vill hann ekki taka á sig þá sök, að hafa ekki leitað hennar, enda þótt hann telji líkur fyrir því að geta fengið lán án hennar. Af þessum ástæðum hefir hann beðið um ríkisábyrgð fyrir þessu láni.

***Emil Jónsson:** Það er aðeins eitt atriði, sem mig langar til að minnast örlítið á, af því að hæstv. fjmrh. gaf mér tilefni til þess. Hann sagði, að ef þetta frv. yrði samþ., þá yrði sú ábyrgðarheimild, sem þar er veitt, að vera bundin við það, að sú virkjun yrði framkvæmd, sem gert er ráð fyrir í grg. frv., en þó ekki fram tekin í lánsheimildinni, sem sé að virkjunin sé bundin við Reyki í Mosfellssveit. (**Fjmrh.:** Ég sagði, að það yrði að koma fram ákveðið, hvort hún ætti að vera þar eða ekki). Ráðh. sagði, að ef ekki kæmu fram ákveðin mótmæli, þá yrði að skoða það þannig, að virkjunin væri bundin við þennan eina stað.

Ég skal nú ekki deila um það, hvort þetta sé svo vel rannsakað og undirbúið, að það sé fært á þessu stigi málsins að slá því föstu. Ég vil aðeins á það benda, að þeir staðir aðrir, sem koma til álita, hafa ekkert verið rannsakaðir. Ég álít, þegar um verk er að ræða, sem kostar hvorki meira né minna en 7 millj., sem ríkissjóður á að ganga í ábyrgð fyrir, þá verði að litast um og athuga, hvort ekki geti verið möguleikar á að gera þetta á annan hátt en þennan eina. Ég álít þetta sjálfsagt, ef hægt er að gera athugun á þessu á það stuttum tíma, að það dragi ekki málið á langinn. Ég hefi þá skoðun og ég hefi lýst henni áður, að þeir möguleikar séu fyrir hendi, að það beri ekki að ganga framhjá þeim. Ég vil benda á það í sambandi við þetta mál, að áður en hafizt var handa um Sogsvirkjunina, þá var gerð athugun á flestum eða öllum þeim möguleikum, sem gátu komið til greina. Það var gerð athugun á því að stífla upp við Þingvallavatn, það var athugað að gera jarðgöng gegnum hlíðina, og í þriðja lagi að stífla vatnið neðar. Allt þetta lá fyrir rannsakað, svo að það var hægt að velja og meta, hvað hagkvæmast væri. Eftir að þetta var þrautrannsakað, þá var tekin ákvörðun um það, á hvaða stað skyldi lagt í virkjunina. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu. Ég tel að um of flaustrslega sé frá

málinu gengið, ef það er afgr. á þeim grundvelli, að aðeins um einn möguleika sé að ræða, og ekkert tillit tekið til hinna. Að athuga þá möguleika, sem kynnu að vera á öðrum stöðum, er að *mínu viti* ekki það vandamikið, að það þyrfti að verða til þess, að málið dragist úr hömlu, ef út í það væri farið. Veit hv. 4. þm. Reykv. ekki um bor, sem ríkisstj. á og vel mætti nota við þessar rannsóknir, engu síður þótt þessi vinna yrði framkvæmd fyrir Rvíkurbæ. Ég veit ekki, hvort þessi leið er fær eða ekki. Eins og ég hefi áður sagt um undirbúning þessa máls, eru nú liðin 12 ár, síðan því var fyrst hreyft og bent á, að þarna væru möguleikar, og er slæmt, að þeir skuli ekki hafa verið rannsakaðir. Ég get ekki fylgt þessu hitaveitumáli, ef allar framkvæmdir verða einskorðaðar við Reyki.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég er hv. þm. G.-K. sammála um það, að þetta mál þarf að leysa með samtökum. Ég vil enda þessar umr. frá minni hálfu með því, að það hefði meira að segja verið æskilegt, að þau samtök hefðu komið fyrr til greina, og að sjálfstæðismenn hefðu ekki freistazt til þess að nota þá aðstöðu, *sem skapaðist um tíma, til* þess að slá sér upp, þegar fullyrt var, að fengið væri lán án ríkisábyrgðar.

Út af orðum hv. 7. landsk. ætla ég að taka fram, að þeir, sem að framkvæmdunum standa, ætlast til, að undin verði mjög bráður bugur að því að útvega lán og byrja á verkinu, svo að ekki myndi verða tími til fyrir neinar verulegar boranir eða rannsóknir nú á þessu ári. Það er enginn vafi, ekki sízt vegna ófriðarhættunnar, að mikil þörf er á því að flýta verkinu, en ef menn hafa sannfæringu fyrir því, að málið eigi að ganga fram nú, er ekki rétt að taka sömu afstöðu og hv. 7. landsk. Ég vil spyra hann, hvort þá lægi ekki í augum uppi, að engin framkvæmd yrði í sumar? Ég vil spyra hann, hvort ætti að eyða sumrinu í rannsókn og áætlun? Þeir hv. þm., sem ekki vilja fylgja því „projekti", sem fyrir liggur, ættu þá að skýra frá ástæðum sínum við síðari umr. málsins. Því fylgir ákaflega stór ábyrgð, að tefja málið um nauðsyn fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22. shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 456, n. 556, 557).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frv. hv. þm. Ísaf. og hv. 7. landsk. við 1. gr. frv. — Gr. orðist þannig:

„Ríkisstj. er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 millj. kr., eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar, enda sé tilhögun veitunnar samþ. af ríkisstj. og útvegun lánsfjár gerð í samráði við hana."

Brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifl., og verður því að veita afbrigði frá þingsköpum, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 568) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Fjhn. hefir lagt til, að þetta frv. nái samþykki, en nm. hafa þó áskilið sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma, enda eru nú komnar fram við frv. brtt. frá öllum nm. nema einum.

N. er sammála um, að þetta mál sé mjög mikilsvert, og væri mikið á unnið, bæði fyrir Reykjavíkurbæ og þjóðarheildina, ef það kæmist í framkvæmd eins og það hefir verið áætlað af hálfu bæjarstj. Þegar af þeim ástæðum eru nm. ásáttir um að leggja til, að málið nái fram að ganga.

Annað mál er það, að nm. eru ekki sammála um, hversu heppilega undirbúningi verksins hefir verið hagað. *En með* tilliti til þess mikla atvinnuleysis, sem nú er í landinu, og þeirrar nauðsynjar, sem er á því að minnka kolainnflutninginn til landsins, og ekki hvað sízt með tilliti til þess, hvað mikill hagur yrði af því fyrir Reykjavíkurbæ, ef ófrið bæri að höndum, að vera hitaður upp með hveravatni, þá er n. á einu máli um, að þessu beri að hraða.

Um undirbúning málsins að öðru leyti þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Þó er vitað, að hann hefir valdið miklum ágreiningi. Því miður er enn ekki nein vissa fyrir því, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að hægt sé að fá nema rúmlega helming þess heita vatns, sem hin stærri áætlun í grg. gerir ráð fyrir, að verði notuð til hitaveitunnar. Ég ætla, að hv. flm. þessa máls hafi látið þess getið við 1. umr., að enn hafi ekki fengizt nema 170 lítrar á sek. af heitu vatni á Reykjum. En stærri áætlunin, sem um þetta er í grg., gerir ráð fyrir, að nota þurfi 350 lítra á sek. a. m. k. Það virðist því ekki vera búið að finna vatn á Reykjum, nema til að hita *helming bæjarins. En þrátt fyrir* það, þótt ekki sé fundið meira vatn en þetta, virðist eftir þeirri áætlun, sem fyrir liggur, að hér sé um gott fyrirtæki að ræða fjárhagslega, og er gert ráð fyrir, að leiðsla fyrir 170 lítra á sek. mundi kosta 3499000 kr.

Ég get tekið það fram fyrir hönd Alþfl., að við höfum mjög mikið út á undirbúning þessa máls að setja og hefðum kosið, að hann hefði verið á annan veg, t. d. að athugaðir hefðu verið um leið möguleikarnir á því að ná hita frá öðrum þeim stöðum nærliggjandi, sem til mála gætu komið og Jón Þorláksson mun fyrstur hafa bent á, svo sem Innstadal og Krísuvík. Hvorugur þessara möguleika hefir verið athugaður, og þegar bæjarstj. Reykjavíkur gerir ráðstafanir til að fá kunnáttumann frá Svíþjóð til að athuga þetta mál, hefir hún ekki svo mikið við að sýna þessum manni hvorki Innstadal né Krísu-

vík. Þetta teljum við ákaflega illa farið, og þeri raunar vott um skort á nægilegum áhuga fyrir því, að þetta mál megi takast frá fyrstu eins vel og það gæti tekizt, ef allir möguleikar væru athugaðir. Þetta er að nokkru leyti hliðstætt því, að Reykvíkingar skyldu virkja Elliðaárnar í stað þess að fara út í virkjun við Sogið fyrir allmörgum árum. Og þar sem ekki er enn búið að finna nema helminginn af því vatni á Reykjum, sem þarf til þess að hita allan bæinn, virðist furðu djarft að gera fasta áætlun fyrir því, að annað eins vatn muni fást þar enn. Boranir hafa nú farið fram um nokkuð margra ára skeið, en vatnið hefir ekki aukizt nándar nærri í tiltölu við fyrirhöfnina.

Í till. þeirri, sem við hv. 7. landsk. leggjum hér fram, er gert ráð fyrir, að bæta því ákvæði inn í frv., að lánsútvegun fari fram í samráði við fjmrh. Þetta er ákvæði, sem hefir verið sett inn í allar lánsheimildir, sem veittar hafa verið frá Alþingi, og virðist því sjálfsagt að setja það inn í þessa ábyrgðarheimild, ekki sízt vegna þess, hvernig forsaga málsins hefir verið. Þá höfum við og gert ráð fyrir, að ríkisstj. samþ. tilhögun veitunnar. Þetta er samhljóða ákvæðum, sem sett hafa verið inn í allar þær rafveituábyrgðarheimildir, sem gefnar hafa verið. Og þar sem hér er um svona stórt fyrirtæki að ræða, virðist sjálfsagt, að ríkisstj. athugi, hvernig tilhögun veitunnar verði heppilegast fyrir komið að dómi sérfróðra manna. Ég skal taka það fram, að þótt við flm. þessarar brtt. lítum svo á, að nauðsynlegt hefði verið að rannsaka aðra staði, áður en ráðizt yrði í virkjun á Reykjum, þá innibindur till. þessi, sem ég nefndi áðan, að ríkisstj. samþ. tilhögun verksins. Ekki að það sé ríkisstj., sem ætti að láta framkvæma þessa athugun, a. m. k. ekki til fullnustu, ef það yrði til þess að tefja málið. Hinsvegar hefir enginn ágreiningur verið um, hvernig hitaveitunni bæri að haga frá Reykjum, og er m. a. gert ráð fyrir því, að lagðar yrðu leiðslur þaðan, sem aðeins tækju 175 lítra á sekúndu. En ef hinsvegar væri þar nægilegt vatn til, þá yrðu líkur til, að hægt væri að flytja þaðan 350 lítra. Ef það skyldi nú vera rétt, sem sumir halda fram, en er alls ósannað, að hægt sé að fá þarna 350 lítra, þá myndi sparast ein millj. við kostnað verksins, eftir því sem fróðir menn hafa sagt, við að taka pípur nægilega víðar fyrir allt vatn frá fyrstu tíð. Þetta er m. a. það atriði, sem við flm. þessarar skrifl. brtt. ætlumst til, að ríkisstjórnin láti athuga, áður en hún leggur fullnaðarsamþykki sitt á framkvæmd þessa máls. Þegar nú á að fara að ráðast í þetta stóra fyrirtæki, sem mjög mikið er undir komið, að vel takist, þá virðist ekki vera til of mikils mælzt, að þær áætlanir og uppdrættir, sem um það liggja fyrir, verði rækilega athugaðir af beztu kunnáttumönnum, sem völ yrði á að fá í þessu efni.

Það hefir verið tekinn upp sá siður af hæstv. Alþingi, að veita ekki ríkisábyrgð fyrir öllum kostnaði þeirra fyrirtækja, sem það hefir gengið í ábyrgð fyrir. Flestar rafveituábyrgðir, sem gengið hefir verið í á síðari árum, hafa verið 80—85% af stofnkostnaði fyrirtækisins. Við flm. þessarar till. lítum svo á, að það sé ekki rétt að veita fulla ábyrgð fyrir andvirði þessarar hitaveitu, og sé með því verið að mismuna hinum ýmsu bæjarfélögum. Og þótt Reykjavík fengi að vísu 100% ábyrgð fyrir Sogið, þá hefir síðan verið tekin upp önnur regla viðvíkjandi ríkisábyrgð, og sýnist þá ekki ósanngjarnt, að þeir, sem slíkra ábyrgða þurfa að leita, ef þeim er það mikið áhugamál, leggi nokkuð af mörkum á móti. Þar sem þó gæti verið, ef aðeins væri tekin ábyrgð með 80%, eins og heimilað er fyrir Akureyri, að það leiddi til þess, að verkið stöðvaðist, þá viljum við flm. þessarar till. leggja til, að ábyrgðin verði veitt fyrir 90%, og gerum þá ráð fyrir fullri tryggingu þess, að Reykjavíkurbær gæti lagt fram þann 1/10 hluta, sem á vantar. Ef ekki á að fara út í stærri virkjun en fyrir 175 lítra á sekúndu, þá má gera ráð fyrir, að boranirnar kostuðu 183 þús. kr. En Reykjavíkurbær mun þegar vera búinn að kosta nokkuð miklu meira til borananna, og mundi sá kostnaður þá að sjálfsögðu teljast til framlags upp í stofnkostnaðinn, þannig að Reykjavíkurbæ ætti ekki að verða um megn þessi 1/10 hluti kostnaðarins, þegar tillit er tekið til þess, að hér er um að ræða það bæjarfélag landsins, sem hefir langbezta aðstöðu til að afla sér fjár til hverskonar framkvæmda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég vænti þess, að sú miðlunartill., sem við höfum borið fram, alþýðuflokksmenn, sem er á milli upphaflega frv. og till. framsóknarmanna og bændaflokksmanna, nái samþykki og hún á engan hátt tefji verkið, heldur mætti verða til þess, að út í verkið yrði lagt sem allra fyrst.

*Pétur Halldórsson: Ég má þakka fyrir það, að fjhn. leggur með því í aðalatriðum, að deildin fallist á að veita þessa ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til hitaveitu Reykjavíkur. En ég verð að játa það, að ég tel það ekki fullnægjandi afgreiðslu hér á málinu, ef það skyldi nú fara svo, að meiri hl. þdm. teldu nauðsynlegt að binda þessa heimild við 80% eða 90% af láninu til verksins. Mér finnst satt að segja, að nú beri undarlega við, þegar talað er um dirfsku, eins og gert var við 1. umr. málsins, af hálfu þeirra, sem fylgja þessu máli fram og dirfsku af mér, að bera þetta fram fyrir hið háa Alþingi. En það eru þeir menn, sem tala um dirfsku í sambandi við þetta mál, sem sérstaklega hafa orðið berir að því í meðferð málefna að flytja mál af dirfsku. Því að ómögulegt er að neita því, að það hefir verið djarft teflt og djarft siglt á undanförnum tímum á voru landi. Og þess undarlegra er að heyra það í þessari deild, þegar nú kemur fram annað eins málefni, sem alþjóð varðar og öllum þm. ætti að vera ánægja í að leggja lið sitt, — að þá skuli vera talað um það, að hér hafi verið dirfskulega farið af stað, og að þess sé krafizt af Alþingi, sem dirfsku þurfi til að bera fram! Ég hélt satt að segja, að þessu máli yrði tekið hér með mjög mikilli vinsemd, og að hv. þdm. myndu skilyrðislaust veita þessa ríkisábyrgð, sem farið er fram á, af því að þeir vita sjálfir, hvað sem annars er um það að segja, að hér er um einstakt þjóðþrifamál að ræða, sem ekki er aðeins gagnlegt fyrir Reykjavíkurbæ, heldur og líka fyrir allt landið. Ég hélt, að hver einasti þm. vildi styðja

að því með atkv. sínu, að þetta mál mætti komast *sem allra fyrst* í framkvæmd. En eftir þeim umr., sem fram hafa farið um málið, virðast þm. í öðru orðinu hlynntir því. En svo verður ekki annað skilið á því augnabliki, sem málið nú kemur fram og eins og það nú ber að, en að alveg furðulegur og einstakur fjandskapur liggi á bak við það, að vilja ekki taka því á þann hátt, sem ég vonaði, þ. e. með því að verða við óskinni strax. Og mér er alveg ljóst, í hverju sá fjandskapur er fólginn. Hann er ekki fjandskapur við málið, sem hv. þdm. vilja gjarnan, að nái framgangi, heldur er það einhver fjandskapur við meiri hl. bæjarstjórnar Reykjavíkur og Sjálfstfl., því að þeir telja það hans mál. En þetta er ekki mál Sjálfstfl., heldur allrar Reykjavíkur fyrst og fremst, og allrar þjóðarinnar. Það er svo einstakt mál, að þess er varla að vænta, að *nokkurn tíma komi fram á Alþingi* svipað mál, sem svo augljóst er, hve mikið þjóðþrifamál er. Ég verð þess vegna að álíta, að þm. hefðu helzt kosið að taka ekki slíka afstöðu, heldur styðja málið, en þeim finnst ekki annað hægt, því að í sínum huga hafa þeir þann skilning, að þetta sé sérmál Sjálfstfl. Það er fullkominn misskilningur. Ég get ekki neitað því, að mér fannst við 1. umr. þessa máls, á því hvernig því var tekið hér úr ýmsum áttum, eins og ég *hefði lent í ljónagryfju* með þetta góða mál. Það stóð hver þm. á fætur af öðrum til þess að sýna því ónot.

Viðvíkjandi ríkisábyrgð fyrir öllu hitaveituláninu, eins og farið er fram á, ber fyrst að líta á það, hvað hefir gerzt í okkar fjármálum nú undanfarið. Nú þegar þessar till. eru fluttar, um að veita ekki fulla ríkisábyrgð fyrir hitaveituláninu, verðum við að gera okkur ljóst, að með hitaveituláninu er verið að taka afstöðu til gjaldeyrismálanna. Það er vitað, að tilgangurinn með því að fá erlent lán er jafnt að standa í skilum með þær greiðslur, sem falla nú bráðlega á næstu árum. Þessi mótstaða þm. er ekki af því, að þörfin sé ekki á erlendum gjaldeyri. Fyrst og fremst er það, að allt, sem þarf til fyrirtækisins, þarf að greiða í erlendum gjaldeyri. Það er og nauðsynlegt að *hafa erlendan gjaldeyri vegna eftirspurnar*, sem skapast af vinnulaunum hér heima. Það þarf að hafa greiðslugetu erlendis til þess að mæta þessu útborgaða fé. Nú væri ekki nauðsyn á að sjá fyrir þessum hluta lánsins í erlendri mynt, sem nota á í vinnulaun, ef ekki væri hinn megnasti skortur á getu til þess að mæta erlendis þeim kröfum, sem eftirspurnin á innlendum peningum veldur á gjaldeyri gegnum bankana hér í landi. Það er því ekki með nokkrum rökum hægt að segja, að þörfin sé ekki að taka lánið í erlendri mynt. Ef ekki er hægt að fá allt lánið þannig, verður að gera einhverjar aðrar ráðstafanir til að mæta þessari eftirspurn, sem verður, þegar verkalaun eru útborguð hér heima. Nú efast ég um, að hafi verið tekið tillit til þess þegar ákveðið var, hve mikils láns skyldi leitað *fyrir ríkið, og það hafi verið gengið út frá því*, að líka þyrfti að sjá fyrir erlendum gjaldeyri vegna hitaveitunnar og útborgunar vinnulauna. Ég efast mjög um, að það hafi verið tekið með í reikninginn. Ef það stendur okkur til boða að fá allt lánið erlendis, þá getur bara hin almenna skynsemi sagt hverjum einasta manni, hve sjálfsagt það er, og dreifa því á 25—35 ár, eftir því sem möguleikar eru á, og láta hitaveituna og framkvæmd verksins að þessu leyti standa undir sér sjálfa. Þess vegna finnst mér ákaflega undarlegt, að á þessum sama tíma, sem svona stendur á að öðru leyti, skuli þeir þm. mest vera á *móti fullri ríkisábyrgð, sem fyrst og fremst* þýðir ábyrgð á yfirfærslum, sem hvað mest hafa áður notað slíka ábyrgð. Skemmst er að minnast á ríkisábyrgðina, sem veitt var fyrir öllu Sogsláninu, svo sem eðlilegt var og nauðsyn þótti þá. Nú er sagt, að síðan hafi verið tekin upp ný regla um ábyrgð fyrir ríkissjóð. Ég veit, að það er rétt. En ég hélt, að sú regla væri hentugust til að verjast ábyrgðum fyrir fyrirtæki, sem lítt eru talin örugg. Það verður að fara eftir því, *hvernig málið er vaxið á hverjum tíma*, og þingið verður að haga sínum heimildum eftir því, sem viturlegast er í hverju einstöku tilfelli.

Ég vil að lokum drepa á eitt atriði, að ég held, að hæstv. Alþingi megi gera sér það ljóst, að það er ekki auðhlaupið að því lengur að fá lán fyrir þetta þjóðfélag erlendis.

Ég held, að vissa þurfi að vera fyrir, þar sem lánsfé þarf til fyrirtækis, að gagnsemi þess sé augljós. Ég bara set upp þann fræðilega möguleika, að á þessu ári fengist ekki annað lán af þeim, sem hér er talað um, heldur en ef það kynni að vera hitaveitan. Og ég spyr um leið: Er ekki rétt að nota að fullu þennan möguleika til lántöku, ef hann er þá til, og haga lántökunni þannig, að hitaveitufram kvæmdin þyngi ekki enn meir heldur en orðið er um gjaldeyrisástandið *í landinu*? *Ég held*, að þessu beri að svara játandi.

Steingrímur Steinþórsson: Ég hefi hér ásamt hv. 1. þm. Rang. og hv. 4. landsk. borið fram brtt. á þskj. 557 viðvíkjandi þessu frv. Er sú brtt. borin fram af okkur hv. 1. þm. Rang. í sambandi við þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf við 1. umr. málsins hér í deildinni, um það, að Framsfl. myndi fylgja því, að Reykjavíkurbær fengi ábyrgð fyrir láni vegna hitaveitunnar, en þó því aðeins, að ábyrgð ríkissjóðs tæki til 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar. Ég þarf ekki að færa mörg rök fyrir þessu. Það er svo, að þingið hefir tekið upp þann sið nú síðustu árin, þegar ríkið hefir gengið í ábyrgð fyrir stórum lánum til framkvæmda, þá hefir það aðeins verið ábyrgð *fyrir 80% til 85% af stofnkostnaði*. Nú síðast ábyrgðist ríkið aðeins 80% af stofnkostnaði rafveitu á Akureyri. Þetta er orðin regla, sem Framsfl. telur sjálfsagt að halda fast við, hver sem í hlut á. Hann telur, að þegar bæjarfélög eða aðrar deildir þjóðfélagsins leggi í einhverjar stórar framkvæmdir, þá sé rétt og sjálfsagt, að þeir aðiljar sjái sjálfir um einhvern hluta af stofnkostnaði fyrirtækjanna. Ég verð að segja, að ég álít, að Reykjavík eigi ekki að hafa neina sérstöðu að því er þetta snerti. Ég lít meira að segja svo á, að Reykjavík ætti að vera betur stödd í þessum efnum en ýms önnur bæjarfélög, a. m. k. ef dæma má eftir því, sem forráðamenn þessa bæjar segja, því að þeir halda því

fram, að Reykjavík sé langbezt stæða bæjarfélagið á þessu landi, og sé það rétt, þá ætti það sannarlega ekki að vera til of mikils ætlazt, að það yrði látið sitja við sama borð í þessum efnum eins og önnur bæjarfélög landsins.

Mig undraði stórmikið að heyra það, sem flm. þessa frv., hv. 4. þm. Reykv., sagði áðan í sinni ræðu. Að vísu byrjaði hann á því að þakka fjhn. fyrir afgreiðslu málsins, en öll hans ræða var stóryrði um þá menn í fjhn. og þá flokka, sem ekki vildu samþ. frv. óbreytt, og hann telur það furðulegan og einstakan fjandskap við þetta mál. Ég verð að segja, að ég tel það furðulegt, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að viðhafa svona orðbragð vegna þeirrar afstöðu, sem tekin hefir verið í þessu máli. Hann segist hafa álitið, að hver þm. teldi sjálfsagt að leggja þessu lið og fylgja því eindregið strax og það kom inn í þingið. Má vel vera, að þessi hv. þm. sé svo kokviður, að hann gleypi 7 millj. kr. í einum munnbita, en ég verð að segja, að hér sé um svo dýran bita að ræða, að mér finnst eðlilegt, að hv. þm. vildu velta þessu fyrir sér í 1 eða 2 daga og athuga, hvernig þessu máli er farið.

Ég verð að segja í þessu sambandi, að ég tel málið í sjálfu sér vera gott, en að það sé forsmánarlega undirbúið, því að það er hægt að hafa stór orð, fyrst þessi hv. þm. leyfir sér að við hafa stóryrði. Hvernig er svo málið undirbúið? Það liggur fyrir áætlun um, að þetta eigi að kosta 7 millj. kr., en svo er ekki til nema helmingur af því vatni, sem þarf til að hita upp bæinn. Það er sagt, að það þurfi 350 sekúndulítra, en nú eru aðeins til 170 sekúndulítrar, eftir því sem hv. þm. segir. Hvaða sönnun er fyrir því, að nóg vatn fáist á Reykjum, þegar ekki er komið meira en þetta eftir allar þær boranir, sem framkvæmdar hafa verið? Og svo talar hv. þm. um furðulegan og einstakan fjandskap, þó að þingið vilji láta Reykjavík sjá um ½ hl. lánsins. Ég verð að segja, að mér finnst furðulegt, að menn skuli leyfa sér að við hafa svona ummæli, eins og þetta mál hefir verið undirbúið. Því er kastað inn á síðustu dögum þingsins, eftir að hv. flm. er búinn að vera úti um öll lönd til þess að leita eftir láni, og eftir að hann er búinn að lýsa því yfir fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, að það þurfi enga ríkisábyrgð fyrir láninu. Nú er þessu snúið við. Hv. þm. talar nú um það, að þetta sé ekki sérmál Sjálfstfl. Ég hygg, að það myndi hafa verið betra fyrir bæjarstjórnarmeiri hl. í Reykjavík að hafa þetta ekki eins mikið sérmál Sjálfstfl. eins og þeir hafa gert til þessa, og undirbúa málið dálítið meira í samvinnu við aðra flokka heldur en þeir hafa gert. — Ég vil taka það fram, að ég hefði ekki komið inn á þessi atriði hér, ef hv. þm. hefði ekki gefið svo sérstakt tilefni til þess með framkomu sinni.

Hv. flm. talaði um, að það væri algerlega ófullnægjandi að fá ábyrgð fyrir 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar. Hann viðurkenndi, að tekin hefði verið upp ný regla, og að rétt hefði verið að beita þessari reglu um að ábyrgjast 80% af stofnkostnaði hliðstæðra fyrirtækja, en hann sagði, að þetta væri aðeins gert til að hindra það, að ríkissjóður gengi í ábyrgð fyrir fyrirtæki, sem ekki væru örugg fjárhagslega, en að óréttmætt væri að beita þessari reglu, hvernig sem á stæði. En ég verð að segja, að ég veit ekki, hve öruggt fyrirtæki þessi hitaveita er. Ég vil af heilum hug óska þess, að hér sé um öruggt fyrirtæki að ræða. En hvaða öryggi er í því fólgið, þegar á þessum eina stað, sem rannsakaður hefir verið, er aðeins helmingur þess vatnsmagns, sem þarf til þess að hita bæinn. Ef svo skyldi fara, sem við vonum, að ekki komi fyrir, að leiðslurnar t. d. tærðust upp á 10—12 árum, og viðhaldskostnaður yrði miklu meiri en gert er ráð fyrir, þá veit ég ekki, hversu öruggt þetta fyrirtæki er. Þetta er eitt m. a., sem ekki hefir verið rannsakað. Það er ýmislegt fleira, sem gerir það að verkum, að þetta fyrirtæki er í minum augum ekkert öruggara en t. d. rafveitan í Akureyrarkaupstað, sem þingið veitti ábyrgð fyrir í vetur með sömu skilyrðum og við, sem berum fram brtt. á þskj. 557, leggjum til, að gert verði.

Hv. þm. talaði mikið um það, að þetta væri gjaldeyrisspursmál. Á þennan hátt væri hægt að fá gjaldeyri inn í landið. Ég álít heppilegra, að það sé ríkið sjálft, sem taki lán vegna almennra gjaldeyrisráðstafana, en að það lán verði ekki tekið í gegnum Reykjavíkurbæ.

Ég vil að lokum algerlega mótmæla að nýju þeim ummælum, sem hv. flm. viðhafði um þann fjandskap, sem þessu máli væri sýndur. Ég vil taka það fram, að ég vil samþ. málið á þeim grundvelli, sem ég tel rétt, að það sé gert. Ég get ekki skilið, að málið strandi, þó að ekki fáist ábyrgð nema fyrir 80% af stofnkostnaðinum. Það er þá eitthvað bogið við Reykjavíkurbæ, ef hann getur ekki fengið það, sem á vantar. — Hv. þm. Ísaf. hefir borið fram brtt., sem gengur út á það, að Reykjavíkurbær fái ábyrgð fyrir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar. Ég sé enga ástæðu til að ganga svona langt í þessu efni. Eins og ég hefi tekið fram áður, tel ég rétt að halda sér við þá reglu, sem sköpuð hefir verið og fylgt var á síðasta þingi í sambandi við rafveituna á Akureyri, og tel þess vegna rétt að miða ábyrgðina við 80% hér eins og þar, a. m. k. hefir flm. frv. ekki enn þá fært nein rök fyrir því, að ekki sé hægt að koma málinu í framkvæmd á þennan hátt, enda er vitanlegt, að sú upphæð, sem ábyrgð væri veitt fyrir, er meira en fyrir erlendu efni til þessa fyrirtækis.

Ég skal svo ekki segja meira, a. m. k. að sinni, um þetta mál.

*__Frsm. (Finnur Jónsson)__: Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú mikils til tekið af mér ómakið við að svara hv. 4. þm. Reykv., því að hann hefir í raun og veru tekið fram mest af því, sem ég vildi sagt hafa.

Ég hafði búizt við, að hv. 4. þm. Reykv. tæki því frekar vel, þegar við alþýðuflokksmenn viljum auka ríkisábyrgðina frá því, sem fulltrúar Framsfl. og Bændafl. hafa lagt til, úr 80% og upp í 90%, en í stað þess að taka þessu með nokkurnveginn kurteisi, þá úthverfist þessi hv. þm. og talar um, að við höfum sýnt þessu máli einstakan fjandskap og þessu líkt. Hann talaði líka um það, að við hefðum verið að finna að því, að það hafi verið sýnd dirfska í málefnum

Reykjavíkurbæjar. Við teljum það enga dirfsku í málefnum Reykjavíkurbæjar, þó að ráðizt sé í hitaveituna; þvert á móti hefir þetta verið áhugamál Alþfl., a. m. k. engu síður en annara flokka hér í bænum, og það er fjarri því, að Alþfl. telji hitaveituna í sjálfu sér neina dirfsku. Hitt mætti e. t. v. kallast dirfska af hv. 4. þm. Reykv., að ætlast til, að allt, sem hann segir í þessu máli, sé tekið með trúarinnar augum. Það mætti kallast dirfska, því að undirbúningur málsins hefir vakið mikla tortryggni, eins og ég hefi sagt frá.

Það er ákaflega gott að heyra það nú, að þetta sé orðið mál allrar þjóðarinnar, og að það sé fullkominn misskilningur, að þetta sé sérmál Sjálfstfl. Það er gott að heyra þessar yfirlýsingar nú, en þær yfirlýsingar voru ekki á takteinum hjá Sjálfstfl. fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur. Þá var þetta mál, sem Sjálfstfl. var að berjast fyrir, mál sem Sjálfstfl. ætlaði að koma í framkvæmd án þess að leita að einu eða neinu leyti stuðnings annara flokka, og sizt af öllu stuðningsflokka stj. á Alþ. um ábyrgð á láninu. — Það er nú öðru nær en að Alþfl. hafi sagt, að þetta væri mál Sjálfstfl. Það er þvert á móti Sjálfstfl., sem hefir verið að reyna að eigna sér þetta mál eins lengi og honum var það fært. Nú lýsir hv. 4. þm. Reykv. því yfir, að þetta sé tómur misskilningur — og væri gott, ef hv. þm. vildi leiðrétta það í blöðum flokksins —, og að þetta sé mál allra flokka í landinu, eins og þessi hv. þm. sagði áðan, þegar hann kemur bljúgur og auðmjúkur til þess að biðja um ábyrgð ríkisins fyrir láninu.

Ég mótmæli því, að það sé nokkur fjandskapur við málið, þó að Reykjavíkurbær sé látinn sitja við sama eins og önnur bæjarfélög, því síður þegar Reykjavík er sett skör hærra, eins og gert er með till. okkar alþýðuflokksmanna. Það er þvert á móti ekki fjandskapur, það er vinátta við málið, sem Reykjavíkurbæ er sýnd, og það er sérstök tiltrú, sem bæjarstjórnarmeirihlutanum er sýnd, tiltrú sem hann hefir ekki átt skilið að fá (SK: Því eruð þið þá að þessu?). Vegna þess að þetta er mál allrar þjóðarinnar, og jafnvel svo mikils vert, að það er ekki rétt að láta Reykvíkinga gjalda þeirra mistaka, sem Sjálfstfl. hefir gert í þessu máli.

Hv. 4. þm. Reykv. gerði mikið úr því, að vegna þess að verkamenn, sem fengju hér vinnulaun, þyrftu að leita greiðslugetu erlendis, þá væri nauðsynlegt að taka allt lánið í erlendri mynt. Nú vil ég spyrja hv. þm., hversu mikil innlend vinnulaun verði greidd í sambandi við hitaveituna, í fyrsta lagi með minni og í öðru lagi með meiri framkvæmdina í huga? Ég vildi gjarnan, að hv. þm. vildi gera svo vel og svara þessum spurningum. — Annars vildi ég segja það, að ég hefi ekki orðið þess var, þó að hér yrði nokkrar atvinnubætur, þá skorti fólkið hér á landi erlendar vörur til þess að geta lifað. Ég held, að það sé algerlega rangt hjá hv. þm. ef hann heldur því fram, að það sé sérstaklega nauðsynlegt að taka lán í erlendri mynt af þessum ástæðum, því að það er vitanlegt, að verkamenn fengju engin innflutningsleyfi. Ennfremur er það vitanlegt, að þeir myndu verða að kaupa vörur í verzlunum bæjarins fyrir þessi vinnulaun, en myndu ekki fara að leitast eftir því að flytja fé úr landi eða að fá inn vörur fyrir þessa peninga. Ennfremur vildi ég segja það í þessu sambandi, að ég tel það mikla ógætni að flytja inn svo mikið erlent lánsfé, að vinnulaunin séu í raun og veru greidd með erlendum gjaldeyri, því að einhvern tíma kemur að skuldadögunum. Ég tel réttara, að þetta fé sé frekar notað til þess að auka kaupgetuna innanlands, og ég er viss um, að enginn verkamaður, sem ynni við þetta væntanlega fyrirtæki, verður í neinum vandræðum með að koma þessu fé fyrir, þó að ekki sé flutt inn erlent fé til þess að borga vinnulaunin.

Þó að 10% af þessu láni yrðu tekin innanlands, þá tel ég ekki, að það muni hafa verulega áhrif á gjaldeyrisástandið í landinu, a. m. k. í svipinn, en hitt er það, að það kemur einhverntíma að skuldadögunum, og ef við erum ekki tilneyddir, þá álít ég, að ekki sé rétt að taka allt lánið í erlendri mynt, heldur megi fara þann milliveg, sem fulltrúar Alþfl. hafa stungið upp á. — Nú er það svo, að þó að hv. 4. þm. Reykv., sem er talinn mjög grandvar maður, eins og ég lýsti við 1. umr. málsins, komi hér til Alþ. og segi, að þetta sé gott fyrirtæki, þá erum við vitanlega ekki skyldugir til að taka það með trúarinnar augum eftir allt það, sem á undan er gengið, því að þegar þessi hv. þm. kom til landsins í desember í vetur, var fullyrt, að þegar væri búið að fá loforð fyrir láninu, og að það þyrfti enga ríkisábyrgð fyrir því. Reykjavík væri álitin góður borgunarmaður fyrir þessu láni erlendis. Og þá var sagt, að það þyrfti ekki aðrar sannanir fyrir þessu en að hann Pétur sagði það. En af því að þetta hefir brugðizt hjá þessum hv. þm. og Sjálfstfl. hefir látið sér sæma að nota þetta ágæta nafn þessa hv. þm. til þess að fara með mjög svæsnar kosningablekkingar í sambandi við þetta mál, þá þurfum við ekki endilega að taka það trúanlegt, að þessi áætlun, sem hv. 4. þm. Reykv. segir, að hafi verið gerð, sé í alla staði óaðfinnanleg. Því höfum við, Alþýðuflokksmenn, lagt til, að ríkisstj. samb. fyrirkomulag hitaveitunnar. Eins og ég sagði, er þessi till. ekki flutt í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi málsins, heldur til þess, að fenginn sé hið skjótasta sérfræðingur, sem trúandi sé til að segja það rétta í þessu máli.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að sér hefði fundizt við 1. umr. málsins, að hann væri ekki hér í þingsalnum, heldur að hann væri kominn í einhverja ljónagryfju, eins og einn velþekktur spámaður forðum. En sannarlega var þetta ekkert annað en taugaóstyrkur hjá þessum hv. þm., því að svo var hann veikur fyrir, við þessa umr., að þegar ég var að segja um hann það mesta hól, sem ég get sagt um nokkurn mann, þá þoldi hann það ekki og bað hæstv. forseta um að hringja.

Ég get látið útrætt um þetta mál að sinni, en ég vildi fá það sérstaklega fram hjá hv. 4. þm. Reykv., hve mikil vinnulaun það eru, sem gert er ráð fyrir, að greidd verði í sambandi við hitaveituna, og vildi ennfremur fá það skýrt fram hjá hv. þm., hvort hann áliti Reykjavíkurbæ vera það um megn að útvega þann ⅓

hluta lánsins, sem stungið er upp á, að Reykjavíkurbær sjái fyrir, með till. okkar alþýðuflokksmanna.

Forseti (JörB): Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að fundur hefir verið boðaður í Sþ. kl. 5, og að þetta mál, ásamt fleiri málum, á eftir að ganga í gegnum hv. Ed. Ég vil því mega vænta þess, að hv. ræðumenn stytti mál sitt, eftir því sem fært þykir.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég myndi geta farið, eins og hv. þm., sem talað hafa á undan mér, alllangt út í undirbúning þessa máls og á ýmsan hátt talað á sama veg og hv. 2. þm. Skagf., bæði hvernig Sjálfstfl. var á sínum tíma mjög tregur til þess að leggja út í hitaveituna, ófáanlegur til þess að rannsaka aðra staði en Reyki, hvernig málið var misnotað við síðustu kosningar, í því skyni að Sjálfstfl. gæti haldið völdunum í bænum, a. m. k. af öllum áróðursmönnum hans, og hundruðum manna lofað vinnu við hitaveituna, ef þeir kysu Sjálfstfl. og kosningarnar ynnust, en ég álít að málið sé komið á það stig, að það sé ekki ástæða til að fara út í deilur um undirbúning þessa máls. Það er nú svo komið fyrir mönnum í Reykjavík, að þeir vilja ekkert annað en að koma þessu máli af stað nú þegar, og að ekkert sé gert, sem verði því til fyrirstöðu, að málið komist í framkvæmd, m. ö. o., að veitt sé ríkisábyrgð fyrir öllu láninu. Ég vil spyrja sérstaklega þá, sem talað hafa, hvort þeir samþ., ef frv. verður samþ. *í þessu formi, að veitt verði ríkisábyrgð* til yfirfærslu á öllu því láni, sem nauðsynlegt verður að taka, og í öðru lagi, hvort þeir muni vera á móti frv., ef till. um 80 eða 90% verða felldar?

Það er satt að segja mjög fróðlegt fyrir alþýðu manna að vita, hvort ætlun Framsfl. og þingsflokks Alþfl. er að vera á móti hitaveituláninu, ef það er ekki einskorðað við 80% eða 90%.

Það hefir verið talað mikið um það, hvað Reykjavík væri vel stödd. Það má líka tala um það, að mjög lítið hefir verið tekið af ríkisábyrgðum fyrir Reykjavík. En hvað hún sé vel stödd, er fyrst og fremst komið undir því, hvað gjaldþol borgaranna til bæjarins er. Nú er það vitað, að í þessum mikla mannfjölda, sem er í Reykjavík, þá er margt af mönnum, sem hafa meiri tekjur og eiga meiri eignir heldur en menn annarsstaðar. En þar á móti kemur það, að hér er mikill fjöldi af mönnum, sem hafa svo að segja ekkert að bíta og brenna, eins og sést á því, hvernig hefir orðið að halda uppi atvinnubótavinnu hér í bænum. Annað er það, að gjaldþol bæjarmanna kemur ekki að litlu leyti undir því, að hve miklu leyti ríkið leggst á það gjaldþol. En það hefir verið þannig á hverju þinginu á fætur öðru, að ríkissjóður hefir tekið meira og meira af þessu gjaldþoli bæjarmanna í Rvík yfir til ríkissjóðs með tekju- og eignarskattinum og tollum og jafnvel skemmtanaskatti, svo það segir sig sjálft, að gjaldþolið til bæjarins hlýtur að takmarkast meir og meir.

Þá er annað atriði, að hve miklu leyti hægt er fyrir Rvík að taka innanlandslán fyrir 10% eða 20%, sem ætlunin er að skilja eftir. Ég vil benda á tvennt í sambandi við það. Annað er það, hvernig ríkissjóður stendur sjálfur í vegi fyrir því, að Rvík geti tekið innanbæjarlán, með þeirri heimild, sem hann hefir fyrir 3 millj. kr. láni. Það er vitanlegt, að það er búið að binda þá, sem von er til, að leggi fé í slíkt innanlandslán í næstu tvö árin a. m. k., svo að þeir hafa ekki neitt aflögu. Það sýndi sig, þegar byggingarsjóður verkamanna, sem er fyrir allt landið, leitaði láns, og það sennilega hjá þeim sömu, sem Rvíkurbær myndi leita til, en fékk ekki lán upp á nokkur hundr. þús. kr., þrátt fyrir það, þótt hann hefði ábyrgð þá, sem er í byggðum verkamannabústöðum, sem verður að teljast mjög góð, og þar að auki ábyrgð Rvíkurbæjar og ríkissjóðs. Það má geta nærri, jafnvel þótt ekki sé farið að vefengja, að ábyrgð Rvíkurbæjar sé góð út af fyrir sig, hvort Rvíkurbæ einum gengur betur að ná í innanlandslán heldur en þar sem bæði ríki og bær er bak við. Ég álít því, að með því að takmarka þetta við 80% eða 90%, þá sé verið að gera tilraun til þess að tefja fyrir þessu láni, og eins og ástandið er nú, þá álít ég það mjög mikinn ábyrgðarhluta. Því hefir verið lýst fyrr á þinginu, hvernig atvinnuástandið hefir verið í vetur. Við höfum atvinnuleysingjatölurnar í dag og vitum því, hvað atvinnuleysið er mikið, enda eru byggingar litlar og engin opinber vinna, sem teljandi sé, er hér í bænum. Ríkissjóður hefir hér í sjálfri Rvík ekki lagt *í nein mannvirki, og í næsta* nágrenni Rvíkur er ekkert annað en vegirnir, sem verður nú miklu minni vinna við en undanfarið, vegna þess að sú aðferð hefir verið viðhöfð að undirbyggja vegina í atvinnubótavinnu, þannig að það, sem gert er af ríkissjóði fyrir fé, sem veitt er á fjárl., er mikið til efni. Það er þess vegna af opinberum framkvæmdum af ríkisins hálfu hér í Rvík mjög lítið, og miklu minna en áður hefir verið. Það, sem verkamenn hér í bænum eru að vona, er þess vegna það, að þessi hitaveita komist af stað, — ekki það, að bíða verði eftir henni í 6—12 mán., meðan verið er að ná í innanlandslán, heldur að hún komist af stað í sumar, í júlí- eða ágústmánuði. Við sjáum ekki, hvernig fer fyrir fjölda manns, sem þarf atvinnu, ef ekki er í þetta lagt. Ég get því ekki skilið, að það geti verið stjórnarflokkunum það kappsmál, að halda þessum 10% eða 20% eftir af lánsfénu, að þeir vilji tefla í hættu um það, hvort hitaveitan getur komizt á. Það eru að vísu engin ákveðin loforð fyrir því, að lán fáist, þrátt fyrir þetta. En það, sem maður hefir heyrt um þetta frá borgarstjóranum, sem gera má ráð fyrir, að sé orðinn varfærnari í orðum af reynslunni, og af öðrum, sem hafa um þetta fjallað, bæði íslenzku verkfræðingunum og öðrum, þá eru miklar líkur til, að mælt verði með því af umboðsmanni þeirra Svíanna, að lán fáist, og það mun þá fást. Ég vil þess vegna leggja eindregið með því að þetta frv. verði samþ. óbreytt og þar brtt., sem gerðar hafa verið við það, verði felldar eða helzt teknar aftur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. Mér finnst það alveg ástæðulaus ótti, að það geti orðið til að tefja málið, þótt ekki sé veitt ríkisábyrgð nema fyrir 80% af andvirði hitaveitunnar. Það er vitað, að mikill áhugi er fyrir málinu hjá borgurum bæjarins, svo að það er enginn vafi á því, ef rétt er skýrt frá þeim áhuga, að það verður engum vandkvæðum bundið að fá lán í bænum til þess að greiða 20% af andvirði þessa fyrirtækis. Þegar það virðist jafnvel liggja fyrir, að Akureyrarbær geti fengið 20% af andvirði rafveitunnar, sem hann ætlar að byggja, þá er engin ástæða til að ímynda sér, að það sé vandkvæðum bundið að fá þetta fé hér í Rvík. Það mun líka hafa verið gengið út frá því af forgöngumönnum þessa máls, að ef ekki fengist erlent lán nema fyrir efninu, þá myndi það ekki vera vandkvæðum bundið að fá fé innanlands til þess að greiða innlendan kostnað. Það er því úr lausu lofti gripið, að menn vilji ekki framgang málsins, þótt við viljum halda fast við þá reglu, sem reynt hefir verið að taka upp á Alþ. til þess að takmarka ríkisábyrgðir.

Ef þessar brtt. verða felldar, þá liggur fyrir að taka afstöðu til þess, hvort Framsfl. vill vera með málinu eða ekki. Ég sé ekki ástæðu til að gefa yfirlýsingu um það nú í augnablikinu, því að það mun sýna sig, ef brtt. verða felldar.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég skal ekki hafa þetta langt mál, þar sem sérstaklega menn úr fjhn. hafa rætt um það á breiðum grundvelli og tekið fram það, sem þarf, þótt það sé fyllsta ástæða til að tala um þetta mál á þeim grundvelli, sem hv. flm. hefir leitt það inn á við þessa umr. Það virðist sama ógæfan ætla að hvíla yfir forgöngu þessa máls í höndum þessa manns, hvort sem hann er utan lands eða innan, utan þings eða innan. Þegar hann byrjar hér á Alþ. að reyna að halda uppi þeirri afstöðu um þetta mál, sem Sjálfstfl. tók í vetur í fávizku sinni við bæjarstjórnarkosningarnar, að gera þetta að sérmáli sínu, þá virtist beinlínis að því stefnt hjá hv. flm. í ræðu hans í dag, að víkja sem flestum mönnum frá því að styðja þetta mál. Þegar þetta frv., sem hann flytur, hefir fengið sennilega þær beztu undirtektir, sem nokkurt stórmál hefir fengið hér á Alþ., að það er afgreitt á einum einasta degi í n., — mál, sem er heimild upp á 7 millj. kr. lántöku og hver einasti þm. viðurkennir, sem hefir nokkurn snefil af þekkingu á þessu, að er svo herfilega undirbúið, að ekkert stórmál hér á landi hefir nokkurn tíma sætt slíkum undirbúningi. Það gegnir alveg furðu, þegar hv. flm., sem flytur þetta mál hér inn á síðustu dögum þingsins, leyfir sér að hafa þau orð um þetta, að verið sé að sýna málinu fullan fjandskap, þar sem enginn þm., svo að ég hafi heyrt, hefir talað gegn málinu eða reynt að hefta framgang þess. Ég fullyrði, að ef það er nokkur, sem tefur eða heftir framgang þessa máls hér í þinginu þessa daga, þá er það hv. flm. sjálfur með ræðu sinni og þeim grundvelli, sem hann valdi undir það, að halda á sínu máli, þegar hann sagði, að það væri eins og andstæðingar Sjálfstfl. væru að gera þetta að sérmáli Sjálfstfl. og fjandskapast út í það á þann hátt. En hverjir hafa gert þetta að sérmáli Sjálfstfl.? Það eru kannske þeir menn, sem yfirleitt hafa ekki fengið að koma nálægt undirbúningi þessa máls og helzt ekki mátt sjá, hvað verið væri að gera? Skyldi það ekki heldur vera sá maður, sem laumaðist af landi burt í vetur, án þess að láta hálfa bæjarstjórnina vita um það, til þess að reyna að afla sér láns til að framkvæma þetta verk? **(PHalld:** Var það svo slæmt?). Ég býst við, að borgarstjóranum sé þetta manna kunnugast, a. m. k. sögðu margir bæjarstjórnarfulltrúar, að þeir hefðu ekkert um þetta vitað. Og það er undarlegt, að mikill hluti af þjóðinni skuli ekki fá að vita, í hvaða erindum borgarstjórinn fer utan. Ég verð að segja, að það út af fyrir sig, að einn maður eða flokkur tekur á sínar herðar að leita að stórfelldu láni erlendis, og það alveg í laumi, er mikið ábyrgðarleysi. Þegar á að taka lán til stórframkvæmda, þá eiga bankarnir og ríkisstjórnin að fá að fylgjast með í þeim efnum. Það er ekkert að vita, hversu heppilegur sá maður er, sem sendur er utan. Það má vera, að hann haldi þannig á málunum — ég er ekki að segja, að þessi hv. þm. sé slíkur sendimaður —, að hann stórspilli fyrir lánstrausti landsins erlendis. Það er a. m. k. vitað, að þegar Sjálfstfl. hefir ætlað að fara að flytja inn einhver erlend verðmæti, þá hefir hann jafnan verið mjög óheppinn, hvort sem hefir verið að ræða um verðmæti á hinu andlega sviði eða hinu efnislega. Það var einu sinni maður, ungur og efnilegur, sem af helztu mönnum Sjálfstfl. var sendur í heit lönd og köld til þess að fá andann og verða mikill rithöfundur. Þetta bar svo lítinn árangur, að þessi maður er nú lektor við einn af háskólunum í Þýzkalandi, þar sem það er næstum því dauðasök að hafa nokkra andlega, sjálfstæða skoðun. Nú hefir annar maður verið sendur út af örkinni í laumi, hv. 4. þm. Reykv., til þess að reyna að flytja inn milljónir í staðinn fyrir hin andlegu verðmæti. Hann hefir líka farið um heit lönd og köld í vetur, og ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um það, að árangurinn af þeirri sendiför sé, eftir þeim plöggum, sem fyrir liggja, álíka lítill og af för þess manns, sem átti að flytja inn hin andlegu verðmæti.

Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði, að þetta mál er alveg einstakt að því leyti, að það virðist vera mikil framtíð hér á landi í því að nota jarðhitann. En það er ekki einstakt að því leyti, að það sé fyrst nú, sem á að fara að nota jarðhitann. Þar hefir annar flokkur rutt brautina í fullri andstöðu við Sjálfstfl. Þetta mál er líka einstakt að öðru leyti. Það er einstakt að því leyti, hvernig með það hefir verið farið, bæði utan þings og innan, og það virðist vera, eftir því sem hv. flm. hefir flutt það hér á Alþ., einstakur maður, sem flytur það.

Hv. flm. sagði, að það væri fyllsta þörf á því að fá lánið allt erlendis vegna gjaldeyrisins, á sama tíma og hann og allir hans flokksmenn sitja hér og halda að sér höndum, þegar

verið er að fara fram á að taka gjaldeyrislán fyrir þjóðina, um leið og þeir eru búnir að viðurkenna, að fyllsta þörf sé, ekki aðeins fyrir það lán, heldur segir hv. flm., að fyllsta þörf sé fyrir 7 millj. kr. í viðbót. Sér er nú hvað samræmið!

Þá kom líka fram eitt atriði, sem ómögulegt er að láta hjá líða að drepa á, í þessari mjög merkilegu ræðu hv. flm., þar sem hann sagði, að verkalaunin kölluðu strax á þörfina fyrir erlendan gjaldeyri hér. Borgarstjórinn hefir með öðrum orðum hugsað sér, að verkamennirnir hér skuli einungis lifa á erlendri vöru. Þetta kemur ekki undarlega fyrir sjónir, því að það *er einmitt þessi hv. flm., sem hafizt* hefir handa í Rvík gegn því, að innlendar afurðir séu notaðar sem neyzluvörur, svo sem mjólk og kjöt. Ég man eftir því, að hann stóð upp á fundi í bíó og fór að kenna fólkinu að nota gráblöndu í stað mjólkur. Það er náttúrlega eðlilegt, að þessi hv. þm. haldi, að aðrar innlendar vörur, sem við framleiðum, séu álíka hættulegar fyrir Rvíkurbúa eins og mjólkin, þar sem hann taldi gráblönduna betri heldur en mjólkina. Þess vegna er það eðlilegt, að borgarstjóranum finnist, að verkamennirnir með sínum verkalaunum framkalli einungis þörf fyrir erlendan gjaldeyri. Þetta er í fullu samræmi við framkomu hans áður, og ég tel hann mann að meiri fyrir það, að hann skuli vera sjálfum sér svo samkvæmur í sínum hugsanagangi. Hitt er svo annað mál, hvað sá hugsanagangur er hollur fyrir fólkið og þjóðina yfirleitt.

Um það, að það sé hagur allrar þjóðarinnar, að þessi hitaveita sé framkvæmd, þá má það vel vera, ef vel er á þessu máli haldið. En það þarf áreiðanlega að vera í höndum annara manna en hv. flm., ef af því á að verða hagur fyrir alla þjóðina. En ég vil benda á, að það má sjálfsagt segja svo um hvert einstakt framfarafyrirtæki, *ekki* aðeins það, *sem gert er í* Rvík, heldur líka það, sem gert er fyrir fólkið annarsstaðar. Ég vil segja, að þörfin er áreiðanlega meiri fyrir lífsþægindi hjá fólki alstaðar annarsstaðar en í Rvík, þar sem það hefir alltaf verið talið sjálfsagt að ábyrgjast hvert lánið á fætur öðru til framfara og þægindaauka hér í Rvík, en alltaf verið heldur deilt á það, sérstaklega af flokksmönnum hv. flm., þegar hefir verið tekið lán erlendis til þess að auka lífsþægindin hjá fólkinu úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Það þarf ekki annað en minna á framfaralánið, sem tekið var 1931 og talið var eftir af flokksmönnum hv. þm. Það voru ekki talin eftir eyðslulánin, sem fóru í bankatöp og gjaldþrot. En framfaralánið, sem tekið var til þess að koma af stað Búnaðarbankanum, til þess að byggja síldarverksmiðjur og til stórfelldra framkvæmda í sveitum, var af þessum mönnum talið eftir. Þetta teljum við, að hafi verið hagur allrar þjóðarinnar, en það er allt talið eftir, sem gengur til annara en Reykvíkinga hjá flokksmönnum þessa hv. þm. Þótt ég telji, að eins og komið er, þá eigi að styðja þetta á heilbrigðum grundvelli, og ef ekki er flanað í neina vitleysu, þá verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég álít, að það séu ýmsar umbætur annarsstaðar á landinu, sem hafi átt að sitja í fyrirrúmi fyrir þessu. Ef til stríðs kemur, þá er fjöldi af íbúum héraðanna miklu verr settir heldur en Reykvíkingar, þótt engin kol og engin olía flyttist til landsins. Það er búið að byggja rafveitu nú nýverið fyrir Rvík með ábyrgð ríkissjóðs fyrir 7 millj. kr. láni. Það er ekki farið að nota nema lítinn hluta af þeirri orku, sem þar er hægt að fá. Það er vitað, að úti um allar sveitir og í fjölmörgum kaupstöðum, bíða menn með mikilli óþreyju eftir því, að geta fengið rafljós og rafhitun. Ég vil líka benda á, að það getur orðið nokkuð háskalegt fyrir afstöðuna í okkar þjóðfélagi nú á tímum, að veita fjármagninu um of á einn stað. Það hlýtur að hafa það í för með sér, að *fólkið leitar á þennan eina* stað, því að þangað, sem veltuféð er, leitar fólkið. Ég hygg, að Rvík fái að kenna nokkuð á því, að straumurinn þangað þyki nokkuð ör, og byrðarnar af þeim straum fari vaxandi.

Ég skal svo ekki tefja þetta meira. Ég vildi aðeins benda á, að það er harla einkennilegt hjá hv. flm., þegar hann telur, að hann fái ekki sæmilega afgreiðslu á þessu láni, ef ábyrgðin nái ekki yfir það allt, þar sem hann hélt því fram við 1. umr., að það þyrfti ekki annað en tryggingu fyrir yfirfærslu á afborgunum af láninu. Hvernig er hægt að samræma þetta? Ég álít, að slík framkoma, sem verið hefir að undanförnu í þessu máli, hvað undirbúning þess snertir, og slíkur málflutningur, sem hafður hefir verið í því, þegar það var loksins flutt hér inn á Alþ. til þess að afgreiðast hér á 1—2 dögum, þá sé það eitthvert það einstakasta mál í allri meðferð, eins og hv. flm. er líka einstakur maður í allri meðferð á því af öllum þeim, sem haft hafa með höndum opinber mál hér á landi.

Einar Olgeirsson: Ég held, hvað það snertir, að koma þessu máli fram sem fyrst, þá væri það heppilegast, að fara ekki út í mjög stórpólitíska flokkadeilur *í þinginu*, þótt fyrir andstæðinga Íhaldsins sé hér mjög gott tækifæri til þess að sýna fram á, hvernig þess aðferð í þessu máli, að gera það að sérmáli Sjálfstfl., hefir gersamlega mistekizt. Við höfum nægilegt tækifæri til þess utan þings að sýna fram á það, en það, sem þinginu liggur mest á, á þessum síðasta eða næstsíðasta degi þingsins, er að flýta þessu máli sem mest.

Kommfl. hefir frá upphafi verið eindregið fylgjandi þessu máli, og við höfum barizt fyrir því í bæjarstjórn Rvíkur, að Sjálfstfl. gerði það ekki að sérmáli sínu, heldur tæki upp samvinnu við ríkisstj. um það, og fluttum við till. um það, sem drepin var af Sjálfstfl. Við álítum, að um þetta mál ætti að vera samvinna allra flokka, og þrátt fyrir það, þótt reynt hafi verið að gera það að sérmáli Sjálfstfl., til þess að nota það í pólitísku áróðursskyni, þá álít ég, eins og nú er komið málinu, þá megi ekki tefja málið, og þess vegna beri þinginu að reyna að ganga þannig frá því, að

það geti orðið sem mest trygging fyrir því, að ekkert það geti komið fyrir, sem tafið geti það. Við vitum, að af hálfu Rvíkurbæjar hefir verið leitað eftir láni erlendis og hvernig það hefir gersamlega mistekizt. Við vitum, að stríð getur þá og þegar skollið á, annað og meira stríð en það, sem nú er í Evrópu. Töf á þessu máli, þótt það væri ekki nema mánuður eða vika fram yfir það, sem nauðsynlegt er, gæti verið stórskaðleg framgangi þessa máls. Ég álít því, að það beri að gera allt, sem í þingsins valdi stendur, til þess að flýta málinu, og láta ekki hinar pólitísku erjur eða þá sök, sem Sjálfstfl. á á drætti þeim, sem orðið hefir á þessu máli, verða til þess að tefja málið. Það er vitanlegt, að það getur ekkert orðið eins mikið til þess að bjarga málinu sem fyrst eins og það, að ríkisstj. taki sem bezt undir þetta mál, og að það takist sem fullkomnust og öruggust samvinna milli ríkisstj. og bæjarstjórnar Rvíkur í því að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það þýðir um leið, að það er öruggast, að ríkisstj. geti ábyrgzt allt lánið, ef með þarf. Við kommúnistar munum þess vegna standa með því, að frv. verði afgr. eins og það liggur fyrir, og greiða atkv. móti þessum tveimur brtt., sem fyrir liggja. Ég get að vísu búizt við því, eftir styrkleikahlutfallinu í þinginu, að till. Alþfl. verði samþ., en ég álít samt sem áður, að rétt sé að freista þess að koma því í gegn að hafa ábyrgðina alveg fullkomna. Það má ekki leggja í nokkra hættu með töf í þessu máli. Við verðum að gera allt til þess að flýta málinu.

Hv. 7. landsk. og hv. þm. Ísaf. flytja brtt. á þskj. 568. Ég býst við, að ég geti verið með síðari parti till., sem segir, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar, enda sé tilhögun veitunnar samþ. af ríkisstj. og útvegun lánsfjár gerð í samráði við hana. Vonandi er að framkvæmd verksins tefjist ekki af þeim sökum, að eigi verði bezta samvinna milli ríkisstj. og bæjarstj. Reykjavíkur um að nota þann bor, sem ríkisstj. hefir umráð á og hentugastur er til þessara rannsókna. — Um það, sem hv. 1. þm. Rang. var að segja, ætla ég að taka fram, að það væri æskilegt fyrir framgang þessa máls, sem ég álít vera eitthvert mesta velferðarmál þjóðarinnar, sem nú liggur fyrir, að byrjað yrði á framkvæmdum sem allra fyrst, sérstaklega með tilliti til stríðshættunnar, sem yfir vofir. Að öllu athuguðu tel ég, að þetta sé það nauðsynjamál, sem okkur liggur mest á, að komið verði í framkvæmd.

*__Emil Jónsson:__ Í þeim umr., sem hér hafa farið fram í þessari d., hafa stefnurnar komið skýrt fram og verið farið ýtarlega út í málið. Ég skal ekki verða til þess að tefja það og ekki heldur minnast neitt á staðreyndir, sem náttúrlega tala sínu máli. En það, sem ég vil taka fram, er í fyrsta lagi, að talið er, samkv. áætlun um hitaveitu Rvíkur, að þurfa muni 300 sekúndulítra af vatni til þess að hita bæinn. Þegar boranirnar hófust á Reykjum í Mosfellssveit, vorið 1932 eða 1933, var heita vatnið 106 lítrar á sekúndu, eða það vatnsmagn, sem því svarar. Nú eftir 5 ára starf hefir vatnsmagnið aukizt úr 106 lítrum upp í 170 lítra. Árangurinn af þessu 5 ára starfi er ekki meiri en þetta. Þar við bætist, að á síðastl. ári hefir þetta gengið mjög tregt. Þá er, eins og einn kunnur fræðimaður hefir haldið fram, ákaflega varhugavert að álykta, að menn geti fengið 350 lítra á sekúndu eða meira af heitu vatni. Þegar svo var farið að tala um það í sambandi við Hengilinn að mæla, hve mikið vatnsmagn væri þar, var engin tilraun gerð til þess að ákveða hve mikið vatn væri þarna eða á öðrum stöðum sambærilegum, þá renna á mann tvær grímur um að samþ. 7 millj. kr. lán til þessara framkvæmda, sem svona væru undirbúnar, og þegar þar við bætist, að ekki er til nema helmingur af því vatnsmagni, sem þarf til þess að hita upp bæinn. Þá þarf að athuga, hvort hitaveitan myndi ekki verða 1 millj. kr. dýrari með þessari aðferð heldur en þyrfti að vera, ef unnt væri að virkja allt í einu. Enginn mundi hugsa sér tvöfalda leiðslu, ef ekki þyrfti vegna þessa.

Tvöfalda leiðslan myndi verða einni millj. kr. dýrari en ef unnt væri að virkja allt í einu. Væri ekki rétt að draga ályktun af þessum staðreyndum og athuga möguleika fyrir því að virkja allt í einu, en við meðferð málsins og lánsútvegun hefir alltaf mátt heyra á hv. 4. þm. Reykv., að hér væri engin ástæða til þess. En ég vil aðeins spyrja í þessu sambandi og biðja hv. 4. þm. Reykv. að svara því, hvort þeim sænska fræðimanni, er dvaldi hér í vikutíma, hafi verið meinað að fara til Krísuvíkur og athuga þann stað eða aðra slíka? Eða hafi ekki verið svo, — hvers vegna fór hann þá ekki þangað til þess að líta á þá? Því skoðaði hann aðeins þann eina stað, sem hann hafði ekkert að gera á? Var þetta gert að yfirlögðu ráði hjá bæjarstjórn Reykjavíkur, eða átti að fela þá fyrir honum? Ég hefi grun um, að hann hafi ekki komið á þann stað, sem full ástæða og þörf væri að fá upplýsingar um, sem sé Krísuvík. Sé ekki þessi grunur minn réttur í alla staði, vona ég, að hv. 4. þm. Reykv. gefi upplýsingar um það, þegar hann tekur til máls næst.

Hv. þm. Ísaf. spurði um, hve mikil vinnulaun verði greidd, og hve mikið komi til útborgunar þau 2 árin, sem nú koma til álita. Ekki er þess að vænta, að verkinu verði lokið á einu ári. Það hefir ekki komið greinilega fram, hve langan tíma það muni taka, og ef það skyldi vera svo mikill hluti lánsins, sem sumir óttast, sem liggur í innkaupum til fyrirtækisins, verður ekki borgað kaup með þeim peningum, en atvinnuleysið, sem hér er í bænum, myndi minnka.

Þá skal ég að lokum aðeins geta þess, að við hv. þm. Ísaf. og ég höfum gert till. um að takmarka ríkisábyrgðina við 90%. Það er engin ástæða til þess að ætla, að sú takmörkun valdi neinum drætti á framkvæmd verksins, eins og hv. 3. þm. Reykv. var hræddur um.

Þau 10% af upphæðinni, sem ríkið gengur ekki í ábyrgð fyrir, hafa þegar verið greidd. Þetta er nálega það fé, sem hefir verið eytt til kaupa á vatnsréttindum og til undirbúnings verkinu með borunum og öðru. Þó ekki sé sérstaklega gengið í ríkisábyrgð fyrir því fé, sem þegar hefir verið varið til verksins, er engin hætta á, að það stöðvi framgang þess. Það væri ekki úr vegi að tala hér frekar um það, sem ég drap á áðan viðvíkjandi undirbúningi þessa máls. En í stað þess að skýra þann undirbúning, og hvers vegna ekki hafa farið fram viðtækari rannsóknir, heldur borgarstjóri Reykjavíkur, hv. 4. þm. Reykv., ákaflega merkilega ræðu um þá ljónagryfju, sem hann hafi lent í hér við móttöku málsins hjá okkur. Það var eins og hann teldi, að ég væri móti málinu, úr því að ég vildi samþ. frv. með þeim takmörkunum, að ríkið gengi ekki í ábyrgð fyrir þeim hluta verksins, sem búið væri að vinna. Ég vil aðeins ítreka það, að ég vil alls ekki standa í vegi fyrir afgreiðslu málsins.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu að sinni, en tel æskilegt, að hv. 4. þm. Reykv. svaraði þeim tveim fyrirspurnum, sem ég hefi beint til hans um upphæð vinnulaunanna og hvers vegna Krísuvík hefir verið falin fyrir þeim fræðimanni, sem hingað var fenginn til að athuga undirbúninginn.

***Pétur Halldórsson:** Ég ætla að vera stuttorður; rétt aðeins taka fram það helzta. Ég geri ekki ráð fyrir að ræða við hv. 7. landsk. um ljónagryfjuhugmyndir hans, en móttökurnar, sem þetta mál fékk við 1. umr. hjá form. fjhn., voru svo góðar, að það er algerlega ástæðulaust fyrir hv. þm. Ísaf., sem líka á sæti í n., að gefa þá hugmynd, sem hann gaf um afstöðu n. Og þó að hann væri persónulega á móti málinu, var samt ástæðulaust að snúast svona.

Hvað hv. 7. landsk. viðvíkur, þá skal ég svara þeim fyrirspurnum, sem hann beindi til mín, nokkrum orðum. Því er þannig farið, að áætlað er, að helmingur lánsfjárins fari til vinnulauna innanlands. — Hann upplýsti, að vatnsmagnið á Reykjum í Mosfellssveit hefði upphaflega verið 106 lítrar á sekúndu, en sé nú 170 lítrar. Af þeim 106 lítrum voru aðeins um 40 nothæfir. Auk þessara 106 lítra á sekúndu, sem mældir voru, áður en byrjað var að bora eftir vatni, hafa ca. 135 lítrar komið fram við borunina. Þetta heldur hv. 7. landsk., að geti ekki verið rétt, hann virðist reikna með því, að vatnið hafi allt verið nothæft. En nothæfa vatnsmagnið hefir í raun réttri aukizt frá 40 upp í 170 lítra á sekúndu.

Hv. 7. landsk. spurði, hvers vegna hinn sænski fræðimaður, er var hér, hefði ekki fengið að koma til Krísuvíkur. Ég vil svara því á þá leið, að sá fræðimaður, er fór héðan í morgun, kom til þess að athuga þær áætlanir um hitaveituna, sem fyrir liggja, og hann kom hingað eingöngu í því skyni. Bæjarstjórn Rvíkur hyggst að fara þá leið, að hagnýta það vatnsmagn, sem þegar er fyrir. En þegar á Reykjum hefir fengizt aukið vatnsmagn, verður að bæta við nýrri leiðslu. Þegar hv. 7. landsk. hélt því fram, að 10% af þessari upphæð næmu 350 þús. kr., sem þegar væri búið að verja til kaupa á landinu og til borana, er það ekki rétt. Hér er farið fram á ábyrgð fyrir 7 millj. kr. láni, og hin áðurnefnda upphæð er ekki nema 5% af þeirri upphæð. — Því fer fjarri, að hinum sænska fræðimanni hafi verið bannað að fara til Krísuvíkur, en það kom aldrei til tals, því að verkefni hans var ekki nema að segja álit sitt um þá áætlun, sem fyrir lá. Hengillinn verður ekki notaður fyrr en e. t. v. eftir 10—15 ár. Og á þeim tíma geta vel fundizt nógar nýjar vatnsæðar á Reykjum. Þar með vil ég ekki segja, að það þurfi önnur 12 ár þar til fullt vatnsmagn er fengið handa Rvík. Verði lánið bundið við 3½ millj., eru 10% af því 350 þús. kr. eða nálega sem svarar þeirri upphæð, sem varið hefir verið til borana. En miklu hagkvæmara er að fá ábyrgðarheimildina í einu fyrir láninu öllu, án takmarkana, sem torvelda lánsútvegun. Enda hefir afgreiðsla lántökuheimilda fyrr sýnt, að þetta um skilyrðin, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á, að sett væru í brtt. hv. 7. landsk., verður að teljast allrar varúðar vert. Þau myndu hafa einhver óþægileg áhrif. Lánveitingin má ekki vera neinum skilyrðum bundin í sjálfu frv., enda er nóg, að þau séu tekin fram í grg. frv., þar sem stendur, að ráðh. sé heimilt, gegn þeim tryggingum, er metnar verða gildar til þess að takast á hendur þessa ábyrgð, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 millj. kr., eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

***Jakob Möller:** Ég vildi sérstaklega vekja athygli á því, að það er eitt atriði í brtt. þeirra hv. þm. Ísaf. og hv. 7. landsk. á þskj. 568, þar sem þeir fallast á að skerða ríkisábyrgðina, sem gæti orðið lántökunni til hindrunar. Ég minnist þess, að áður, þegar leitað hefir verið lántökuheimildar fyrir ríkissjóð, þá hefir verið varazt að setja nokkuð inn í heimildina, nema það eitt, að heimila lántökuna. Maður getur búizt við, að ef nokkur aukaatriði eru sett inn í þetta frv. og samþ., geti það orðið hættulegt. Ef nokkuð hefir verið hæft í því, hver hætta slíkt sé, þá verður að fella brtt. Það er sjálfsagðara en svo, að um slíkt þurfi að fjölyrða. Ég vil því alvarlega vara við því að samþ. till. eins og hún er. — Ég skal ekki fara út í væringar milli flokkanna hér. Það er sjálfsagt eðlilegt, að þær hafi orðið nokkrar eftir þeirri afstöðu, sem tekin hefir verið til þessa máls í blöðunum. Blöð vinstri flokkanna hafa haldið því fram, að þetta fyrirtæki væri ekkert nema vitleysa, eins og undirbúningi þess væri háttað. Það má því heita kraftaverk, að flokkarnir skuli hafa áttað sig á því, að málið er komið vel á veg, og að þeir geta ekki beitt sér gegn því, þó að það hafi ekki gengið skruðningalaust fyrir þeim. Það þarf engan að furða á því. Það er dálítið erfitt að kingja í einu bæði Henglinum og Krísuvík.

Það var sagt í vetur, að fengið væri lán til rafveitu á Akureyri fyrir tilbeina ríkisins. Þessu var trúað, en var það þá rétt, að lánið væri raunverulega fengið? Nei, það fór alveg eins og fyrir Rvík, ennþá er verið að leita eftir því láni, og situr þá illa á þeim, sem að því standa, að vera með brigzlyrði í garð forgöngumanna þessa máls í Rvík. Það er því ekkert nema ósæmilegur málflutningur, að brigzla hv. 4. þm. Reykv. um óheilindi í þessu máli.

*Emil Jónsson: Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þetta væri ekki sambærilegt, af því að nothæft heitt vatn á Reykjum hefði ekki verið nema 40 lítrar á sekúndu. En þetta er ekki rétt. Sannleikurinn er sá, að þar voru mældir 106 lítrar af heitu vatni á sekúndu og raunar miklu meira, þó að það teldist ekki nothæft. — Svo að ég víki að hinu atriðinu, um það, að nú þegar sé búið að vinna fyrir 10% af þeim hluta lánsins, sem vænta má, að verði tekið strax, þá er því ómótmælt. En ég trúi því ekki, að nú þegar eigi að bjóða út 7 millj. kr. lán, þegar ekki er vitað, nema ein 12 ár kunni að líða, þangað til fullt vatnsmagn er fengið. Ég get ekki skilið annað en að það lán, sem kann að verða tekið nú, verði mikið yfir helming þess fjár, og þá eru 10% af því 350 þús. kr., en þeirri fjárhæð er nú búið að eyða í undirbúning verksins.

Um skilyrðin, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á, vil ég segja það, að í þessu frv. eru þau skýrð á þá leið, að ábyrgðin skuli veitt gegn þeim tryggingum, sem ráðh. tekur gildar. Í öðru tilfellinu er það ráðh., sem verður að fá tryggingar, en í hinu tilfellinu, samkv. brtt. okkar hv. þm. Ísaf., er það Reykjavíkurbær, sem þarf að fá 10% af láninu úr annari átt. Ég sé engan mun á því, — að það skilyrði, sem stendur í brtt. okkar, sé hættulegra en hitt, sem stendur í frv. sjálfu.

Ég hefi aldrei sagt né neinn innan Alþfl., að hitaveitan frá Reykjum væri vitleysa, og því síður hringavitleysa, en ég hefi sagt, og stend við það, þar til annað verður sannað, að ennþá er ekki fengið nægilegt vatn á Reykjum til að hita upp bæinn alveg, og ekki miklar líkur til þess, að það fáist þar. Mér hefir alls ekki dottið í hug að segja, að sú hitaveita, er hinn kunni sænski fræðimaður kom til þess að segja álit sitt um, sé vitleysa, en hann rannsakaði ekki tvo staði, sem vel getur komið til mála að leiða heitt vatn frá til Rvíkur. Á þeim tveim stöðum er ofgnótt af því. Hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að kingja Henglinum og Krísuvík. Nú getur hann kingt sínum eigin fullyrðingum.

*Sveinbjörn Högnason: Ummælum hv. flm., þegar hann talaði um ljónagryfju, mun hafa verið beint til ummæla þeirra, er ég lét falla við 1. umr. þessa máls. Hann þorir ekki að svara höfuðatriði fyrri ræðu minnar. Ég gerði þá fyrirspurn til þess að fá málið upplýst. Áður en það var tekið fyrir í fjhn., spurðist ég fyrir um, hvernig stæði á þeirri breyt., sem orðin væri frá því í vetur, þegar flokkur borgarstjórans og hans blöð voru búin að halda því sýknt og heilagt að almenningi í 3 ár, að ríkisláutaka væri ómöguleg vegna fjármálastjórnar ríkisins, er þeir töldu, að væri búin að tapa öllu lánstrausti, en fjármálastjórn Rvíkurbæjar væri aftur á móti svo góð, að forráðamönnum bæjarins stæði lán til boða erlendis. En nú virðist þetta ekki aðeins breytt, heldur alveg snúið við. — Síðar spurði ég, hvort hann vildi gefa okkur skýringu á því, er hann var kominn heim, hvernig hann hefði fengið þá reynslu í langferð sinni, að ekki þýddi að leita láns nema hafa ríkisábyrgð. — Í þriðja lagi vildi ég vita, hvaða ástæðu hann hefir til að gefa í skyn í grg. þessa frv., að nú sé meiri nauðsyn á ríkisábyrgð þessari eftir að frv. á þskj. 344, um lántökuheimild fyrir ríkissjóð er komið fram. Þessar þrjár fyrirspurnir minar hafa orðið honum þau ljón á veginum, að hann hefir ekki þorað að svara mér þeim einu einasta orði ennþá. Ef honum þykir þau ljón svo hræðileg, getur hann huggað sig við það, að þau hafa fæðzt í hans eigin grg. fyrir þessu frv. og í hans eigin flokki og blöðum. Þessa getur hann minnzt um leið og hann kingir þeim.

ATKVGR.

Brtt. 557 og 568 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 456, 557, 568).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Það má segja, að hér sé um stórmál að ræða. En hinsvegar hefir Alþingi ekki haft nema mjög stuttan tíma til að athuga það, þar sem það kemur fyrst fyrir á allra síðustu dögum þess. Það hefir þó fengið nokkra athugun í n. Hefir n. orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. En hinsvegar hefir meiri hl. n. lagt til á þskj. 557, að frv. verði breytt nokkuð, þannig að ábyrgð ríkisins verði þó aldrei meiri en 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar. — Eins og viðurkennt hefir verið í umr. um málið hér í d., hefir nú á síðustu árum verið upptekin sú regla á Alþingi, þegar leitað hefir verið ríkisábyrgðar til framkvæmda, að hún sé ekki veitt fyrir öllum kostnaði. Þannig var t. d. á síðasta Alþingi samþ. ábyrgð fyrir lán til rafveitu á Akureyri, og var 80% af áætluðum stofnkostnaði rafveitunnar. Þá mun einnig fyrir skömmu hafa verið samþ. ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað, einnig til rafvirkjunar, sem var takmarkað við 85% af stofnkostnaðinum. Ég vil ennfremur benda á, að í sambandi við hafnarlög, sem afgr. hafa verið á undanförnum þingum, þá hefir þannig verið frá þeim gengið, að framlagt fé og ábyrgð ríkissjóðs í sambandi við þessar hafnargerðir er

takmarkað við ⅘ af stofnkostnaði þeirra framkvæmda, á sama hátt og meiri hl. fjhn. leggur nú til, að ábyrgðin fyrir hitaveituláninu sé takmörkuð við ⅘ af kostnaði við þá framkvæmd.

Ég er sammála þeim mönnum, sem á þetta hafa bent, um, að það sé skynsamleg leið, sem hér hefir verið farið inn á af hæstv. Alþ. í afgreiðslu þessara mála, og ég tel það varhugavert fyrir ríkið að taka upp aftur þann hátt, sem áður var viðhafður, að veita ábyrgð fyrir öllum stofnkostnaði slíkra framkvæmda. Þó að það sé skoðun hv. þm. yfirleitt, að hér sé um gagnlegt fyrirtæki að ræða, þá held ég, að þess vegna sé ekki ástæða til að víkja nú frá þeim reglum, sem upp hafa verið teknar í þessu efni, vegna þess að ég get ekki séð, að það geti orðið til þess að hindra framgang málsins, þó að Alþ. takmarki ábyrgðina við 80% af stofnkostnaðinum. Nægir í því efni að vitna til þess, að flm. málsins, hv. 4. þm. Reykv., hefir haldið því fram nú í umr. um málið, og eins, að hann og hans flokkur hefir áður haldið því fram í skrifum um málið, að Rvíkurbær hafi það mikla tiltrú, að hann geti fengið lán til þessara framkvæmda, án þess að ríkið veitti ábyrgð fyrir því.

Í ræðu sinni í fyrradag lét hv. flm. málsins svo um mælt, að Rvíkurbær hefði nóga tiltrú erlendis, en vegna yfirfærslu þyrfti ríkisábyrgð fyrir láninu. Ef þetta er rétt, þarf ekki að draga það í efa, að Rvíkurbær hafi það mikla tiltrú hér innan lands, að honum sé mjög auðvelt að fá þennan litla hluta af stofnkostnaði hitaveitunnar lánaðan hér innan lands, sem mun ekki vera meira, sennilega minna, en helmingur vinnulaunanna við þetta fyrirtæki. Ég vil í þessu sambandi benda á, að hv. 7. landsk. gat um það í ræðu sinni í dag, að Rvíkurbær myndi þegar hafa lagt fram í undirbúning þessa máls um það bil 10% af stofnkostnaðinum. (GSv: Hálfum stofnkostnaðinum).

Ég tel óheppilegt að víkja frá uppteknum reglum í þessu efni og hefi nefnt nokkur dæmi til samanburðar um afgreiðslu þingsins í svipuðum tilfellum. Til viðbótar vil ég benda á, að allir einstaklingar hér á landi, sem ráðast í einhverjar nauðsynlegar framkvæmdir, verða að leggja fram allmikinn hluta af stofnkostnaði við þessar framkvæmdir. Það er alveg sama, hvort við tökum t. d. þá menn, sem nú eru að fá aðstoð hins opinbera til þess að koma upp nýbýlum. Þó að þeir séu fátækir, verða þeir að leggja fram verulegar fjárhæðir frá sjálfum sér. Ég get minnzt á verkamannabústaðina hér í Rvík. Verkamenn, sem vilja fá aðstoð hins opinbera til að koma upp slíkum bústöðum, verða, eftir því, sem ég bezt veit, að leggja fram 15% af stofnkostnaði bústaðanna, og það er yfirleitt sama, hvar maður ber niður, alstaðar þurfa menn að leggja fram frá sjálfum sér, í flestum tilfellum meira en 20% af stofnkostnaði þeirra fyrirtækja, sem þeir ráðast í. Ég býst við, að það væri sama, hvaða bóndi kæmi til lánstofnananna hér í Rvík með beiðni um lán, annaðhvort til að byggja bæ eða til að leiða heitt eða kalt vatn í bæinn sinn, og færi fram á að fá allan kostnaðinn við framkvæmdina að láni, — það myndi ekki nokkur lánsstofnun lána honum allt það fé, sem þyrfti til framkvæmdanna. Það yrði fyrst og fremst spurt um það, hvað hann gæti lagt fram sjálfur, og ég geri ekki ráð fyrir, að hann myndi fá lán til fyrirtækisins, þó að hann byðist til þess að leggja fram hálfa vinnuna. Er það ekki þannig um allar framkvæmdir, að einstaklingar og félög verði að leggja fram hluta af stofnkostnaði, í flestum tilfellum miklu meira en 20%?

Nú vil ég spyrja: Er Rvíkurbær, höfuðstaður landsins, þar sem ⅓ hluti landsmanna býr, svo miklu verr stæður en aðrir, að hann geti ekki lagt fram þau 20% af stofnkostnaðinum, sem honum er ætlað að sjá fyrir? Þessu vil ég ákveðið neita. Það getur verið, að borgarstjórinn hafi ekki þetta fé í kassa, en vissulega væri hægt að fá þennan hluta af stofnkostnaðinum að láni, því að svo mikill og almennur áhugi virðist vera fyrir því, að þetta verk komist í framkvæmd, að ég er ekki í vafa um, að þetta sé hægt. —

Hv. 4. þm. Reykv. hélt því fram í ræðum sínum við 1. umr. málsins, að skynsamlegt væri að taka allt lánið erlendis. Ég varð satt að segja dálítið hissa á þessum ummælum. Við vitum vel, hve sjálfstæðismenn hafa talað og skrifað mikið um þann háska, sem þjóðinni stafaði af skuldunum við útlönd, og sama daginn og hv. 4. þm. Reykv. hélt þessu fram, sagði form. Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., hér í umr. um annað mál, gjaldeyrislánið, sem verður þó ekki til að auka skuldirnar, heldur aðeins notað til að færa þær til, að það væru áreiðanlega fjölmargir sjálfstæðismenn, sem álitu, að það væri sjálfsagt fyrir þm. Sjálfstfl. að greiða atkv. á móti lántökunni. Þetta segir hann sama daginn sem hv. 4. þm. Reykv. heldur því fram, að skynsamlegt sé að taka allt lánið til hitaveitunnar erlendis. Hann sagði, að það væri skynsamlegt að taka allan stofnkostnaðinn að láni erlendis, og að erlent lánsfé sé ekkert hættulegra en innlent, þegar um svona fyrirtæki væri að ræða.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði ennfremur, að það væri ekki réttur hugsanagangur, að þeir sem eigi að njóta framkvæmdanna, þyrftu að taka þátt í stofnkostnaðinum. Ég hefi bent á, hvaða viðtökur einstaklingar myndu fá hjá lánsstofnunum, ef þeir kæmu og vildu fá að láni allan stofnkostnað þeirra framkvæmda, sem þeir hefðu með höndum, og ég býst við, að það myndi ekkert breyta áliti bankastjóranna, þó að þeir legðu sér í munn þessi orð borgarstjórans, að það væri ekki réttur hugsanagangur, að þeir þyrftu að taka þátt í stofnkostnaðinum sjálfir. Ég er því ekki sammála hv. 4. þm. Reykv. um það, að hér sé skynsamlega að farið, og verð að líta svo á, ef flokksmenn hans fella till. meiri hl. fjhn., um að takmarka ábyrgðina við 80%, þá hafi þeir þar með ábreifanlega sýnt og sannað, að þeir meina sáralítið með öllu sínu tali um þann háska, sem landinu stafi af skuldum við útlönd.

Eins og hæstv. fjmrh. og fleiri hv. þm.

Framsfl. hafa tekið fram í umr. um þetta mál, vill Framsfl. standa að framgangi málsins, hann hefir lýst því yfir, þrátt fyrir það, þó að undirbúningur þess sé ekki eins góður eins og æskilegt hefði verið, og málinu varpað hér inn á síðustu dögum þingsins. Ég vil halda því fram, eins og fleiri hafa bent á, að það geti ekki orðið til þess að tefja framgang málsins, þó að ábyrgðarheimildin væri takmörkuð við 80% af stofnkostnaðinum, því að það kemur ekki til mála, að nokkuð verði því til fyrirstöðu, að Rvík geti fengið þennan ⅕ hl. kostnaðarins, tæplega helming vinnulaunanna, að láni innanlands. Og ég álít það skynsamlegra heldur en að taka alla fjárhæðina að láni erlendis, ekki sízt vegna þess, að ef hv. Alþ. hverfur nú af þessari braut, að takmarka þessar ábyrgðir, þá má það eiga það víst, að það koma beiðnir um ábyrgðir úr hinum ýmsu landshlutum, og þá verður erfitt fyrir Alþ. að neita hinum smærri og fátækari héruðum um slíkan stuðning, ef það nú lætur Rvíkurbæ að nauðsynjalausu hafa ábyrgð fyrir allri upphæðinni.

***Jakob Möller:** Náttúrlega getur það ekki dulizt nokkrum manni, að skynsamlegast sé, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að taka lánið í einu lagi og þar af leiðandi allt erlendis, vegna þess að ef láninu er skipt, þá verður nokkur hluti lánsins verr settur, því að til tryggingar þeim hluta lánsins, sem ekki væri með ríkisábyrgð, yrði ekki hægt að setja 1. veðrétt, heldur 2. veðrétt, sá hluti lánsins yrði að líkindum veittur til skemmri tíma. Af þessu leiðir, að kjörin á þessum hluta lánsins yrðu þeim mun verri, e. t. v. svo miklu verri, að það hækkaði raunverulega vexti af láninu.

Ég hefi heyrt og hefi góðar heimildir fyrir því, að á láni, þar sem það var sett að skilyrði, að Akureyri útvegaði 20% af stofnkostnaði, hafi kjörin orðið þau, að raunverulegir vextir séu 5½%, og ég get ímyndað mér, að þetta stafi af því, að kjörin á síðari hl. lánsins séu svo miklu lakari, að það hafi orðið til þess að hækka vextina.

Mér skilst, að hæstv. atvmrh. rugli tvennu saman, þegar hann er að bera þetta saman við það, að fyrirtæki og einstaklingar verði að leggja fram af eigin fé. Það er ekki það, sem verið er að gera kröfu um. Það er ekki verið að gera kröfu um, að Reykjavík leggi fram af eigin fé. Stofnkostnað hitaveitunnar verður að taka að láni allan saman, og það, hvort þessi hluti lánsins fengist innan lands, sem er óvíst, breytir engu í þessu efni, en gerir það öruggt, að kjörin myndu verða þeim mun verri. Það er því bersýnilegt, að það er öllum þeim, sem eiga að njóta hitaveitunnar, til skaða að takmarka ábyrgðina á þennan hátt.

Hæstv. ráðh. hafa staðhæft, að það myndi ekki verða til að tefja framgang málsins, þó að lánið yrði tekið í tvennu lagi. Mér þykir þeir fullyrða nokkuð mikið. Hvernig myndi fara, þegar búið væri að samþ. þessa ábyrgðarheimild hér á Alþ.? Þá væri vitanlega hægt að fara til lánveitandans til þess að biðja hann um lán. Hann sér, að stofnkostnaðurinn er svo og svo mikill, og að það er beðið um 80% af kostnaðinum. Hann spyr að sjálfsögðu: Hvar hafið þið þessi 20%, sem á vantar? Svarið verður náttúrlega: Við verðum að fá þau að láni annarsstaðar. Þá segir hann: Það þýðir ekkert að leggja út í þetta, nema tryggt sé, að allt lánið fáist.

Þetta þýðir því, að framkvæmdum yrði að fresta, þangað til búið væri að bjóða út lánið hér innanlands.

Ég hygg, að um Akureyrarlánið hafi þetta farið þannig, að fyrsta veðréttarlánið með ríkisábyrgðinni hafi ekki verið veitt, fyrr en trygging var fengin fyrir því, að Akureyri gæti fengið 20%, sem á vantaði, og má mikið vera, ef það var ekki með aðstoð aðallánveitandans, að Akureyri fékk þetta lán. Svo að það er hvorttveggja, að þetta er ekki óliklegt til að tefja fyrir málinu, og að það er nokkurnveginn víst, að það gerir lánskjörin verri.

Nú stendur svo á, að ríkissjóður þarf sjálfur að taka gjaldeyrislán, og er gert ráð fyrir að taka 12 millj. kr. að láni. Ef þetta þykir óþarflega mikill gjaldeyrir, þá er hægurinn á að hafa gjaldeyrinn þeim mun minni. Hver getur þá tilgangurinn verið? Minni áhætta ríkissjóðs í sambandi við lánið? Ég hygg satt að segja, að áhætta ríkissjóðs sé ákaflega lítil í sambandi við þetta lán, en ef þessi takmörkun yrði til þess að gera lánskjörin lakari, þá yrði hún ekki til þess að auka öryggi ríkissjóðs.

Ég get ekki fundið neina skynsamlega ástæðu fyrir því að veita ekki fulla ríkisábyrgð fyrir láninu, og það eina, sem ég get fundið, er það, að hæstv. fjmrh. hefir tekið upp þessa reglu, og ég get skilið, að honum finnist lakara að verða að hverfa frá henni í þessu sambandi. En ég vil benda á, að þau lán, sem ríkissjóður hefir veitt ábyrgð fyrir, eru að töluvert miklu leyti frábrugðin því láni, sem hér er um að ræða, því að ekkert af þeim lánum, sem ríkisábyrgð hefir verið veitt fyrir, gefur eins mikinn vinning í erlendum viðskiptum eins og þetta lán. Og það er vissulega fullkomin ástæða til að gera greinarmun á því, þegar um það er að ræða, hvort veita eigi fulla eða takmarkaða ábyrgð, til hvers eigi að nota lánið, og ég staðhæfi, að á því sé mikill munur, að veita ábyrgð fyrir láni til hitaveitu, eða hvers annars sem um væri að ræða. Ég vænti því fastlega, að meiri hl. þessarar hv. d. komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé rétt að leggja þessar tálmanir í veg málsins með því að takmarka ábyrgðina við vissan hluta lánsins.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil með engu móti tefja umr., en ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Mér skildist, að hann áliti, að Akureyri væri búin að taka lán til rafvirkjunar, en því er nú ekki þannig farið, heldur hefir Akureyri fengið lánstilboð, sem ekki hefir ennþá verið samþ. Þetta lánstilboð er með raunverulegum vöxtum 5¼%. Mér skildist á hv. þm., að vextirnir væru yfir 5½%, m. a. vegna þess, að ríkisábyrgð væri ekki nema fyrir 80% af stofnkostnaðinum. Vaxtakjörin eru ekki betri en þetta af því, að

tilboðið er frá Danmörku, en vextir í Danmörku eru, eins og við vitum, hærri en bæði í Svíþjóð og Englandi. Það mun láta nærri, að vextir af dönskum ríkisskuldabréfum séu liðlega 5%, svo að þetta eru eftir dönskum mælikvarða mjög hagstæð vaxtakjör. En þetta tilboð hefir ekki verið samþ. ennþá, og ekki víst, að það verði úr þessari lántöku.

Ég hefi áður gert grein fyrir því, af hverju ég held fast við það, að ekki sé veitt ábyrgð fyrir meira en 80% af stofnkostnaðinum, af því að ég tel, að það hafi verið mjög misráðið af Alþ. að ábyrgjast allt andvirði fyrirtækja, sem sett hafa verið á stofn, og ég fullyrði, að ýms af þeim fyrirtækjum, sem ríkissjóður er nú að tapa stórfé á, hefðu ekki verið sett á fót, ef þessi regla hefði verið höfð um ábyrgðarheimildir til handa ríkisstj. Ég vona, að hitaveitan verði ekki í þessum flokki, — en hvernig eigum við að standa á móti því, að ábyrgjast að fullu fyrir aðra, ef það er gert fyrir Reykjavík? Hvernig er hægt að segja: Við viljum ekki ábyrgjast fyrir ykkur nema 80%, en við getum ábyrgzt 100% fyrir Reykjavík? Ef horfið verður að því ráði, að samþ. 90% eða 100%, þá þýðir það, að hv. þm. hverfa frá þeirri reglu, að ábyrgjast 80%, og þá er allt í sama farinu og áður var.

Ég mun svo ekki fara lengra út í að ræða þetta. Eg sé ekki, að það hafi neina þýðingu, því að ég geri ráð fyrir, að við séum allir sammála um að flýta fyrir málinu.

***Pétur Halldórsson:** Mér finnst kenna nokkurs misskilnings á öllu þessu málefni hjá hæstv. ráðh., sem halda því fram, að í þessu tilfelli muni það vera jafnauðvelt að fá lán til fyrirtækisins í tvennu lagi eins og ef hægt væri að taka lánið í einu lagi með ábyrgð ríkissjóðs eða án hennar. Það getur verið, þegar einstaklingar byggja hús, að þá dugi venjulega að leggja eitthvað fram frá sjálfum sér og taka svo lán annarsstaðar. En þetta er bara ekki sambærilegt. Vill ekki hæstv. atvmrh. íhuga það, hvernig ríkinu myndi takast að koma upp síldarbræðslustöð fyrir 7 millj. kr., ef taka ætti lán til hennar á þennan hátt, að nokkur hluti lánsins sé með sérstökum tryggingum, en hinn hluti lánsins án þeirra. — Þegar um framkvæmdir í opinberar þarfir er að ræða, þá er ekki hægt að fara sömu leiðir í fjáröflun eins og farnar eru við hliðstæð mannvirki, sem eru ekki sambærileg að öðru leyti, vegna þess, hve þau eru ódýr. Því að það getur hæstv. ráðh. sagt sér sjálfur, að þess sé ekki að vænta, að Reykjavík liggi með fé í sjóði til þessa fyrirtækis; það verður vitanlega að afla alls stofnkostnaðarins með lánsfé.

Ríkið hefir að sjálfsögðu farið þá leið, sem hér er hugsuð, að fá lán í einu lagi með þeim tryggingum og kjörum, sem um semst, en ekki að deila þessu niður í fleiri smærri lán, því að það er óhentugra og getur verið ómögulegt. Nú heyrði ég líka á hæstv. fjmrh. allra síðast, að hann sagði, að eina ástæðan til þess, að hann óskar þess, að ekki sé veitt ríkisábyrgð fyrir meira en ⅘ stofnkostnaðar hitaveitunnar, komi til af því, að þessi regla hafi verið tekin upp áður í öðru tilfelli, sem er ósambærilegt við þetta. Ég verð að segja, að það er ekki séð fyrir um gagnið af því, að fá ríkisábyrgð fyrir aðeins nokkrum hluta af stofnkostnaði slíks fyrirtækis, því að ég á von á því, að það verði verulegir erfiðleikar samfara því, ef á að skipta láninu í fleiri hluti. Það er óhjákvæmileg afleiðing af því, ef ekki er hægt að bjóða sömu kjör fyrir allt lánsfé, sem til verksins þarf.

Ég verð því að líta svo á, að það sé mjög stórt atriði í þessu sambandi, hvort ríkisábyrgð fæst fyrir öllu lánsfénu, sem þarf til fyrirtækisins, eða aðeins nokkrum hluta þess. Ég tel, að ef hv. þdm. vilja styðja að því, að það megi takast að fá lán með þeirri aðstoð, sem hér er veitt með ríkisábyrgð, þá sé það ráð, að veita ríkisábyrgð fyrir öllu lánsfénu, en ekki nokkrum hluta þess. Ég verð fyrir mitt leyti að leggja hina mestu áherzlu á að fá ríkisábyrgð fyrir öllu lánsfénu, sem til fyrirtækisins þarf.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég skal ekki eyða löngum tíma í frekari umr. um þetta mál. Ég vil aðeins segja örfá orð út af því, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. Bæði ég og hæstv. fjmrh. höfum lagt áherzlu á, að það sé mjög varhugavert að hverfa frá þeirri reglu, sem upp hefir verið tekin um að ábyrgjast aðeins 80% af slíkum lánum, og ef það er gert, þá mun það draga dilk á eftir sér. Það mun sýna sig síðar, að það verður erfitt fyrir þingið að rísa móti því að láta önnur héruð og bæjarfélög hafa ábyrgð fyrir öllum stofnkostnaði þeirra framkvæmda, sem þau vilja ráðast í, ef það er gert nú fyrir Rvík.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að þó lán fengist innanlands, sem hann vildi, að því er mér skildist, draga í efa, þá yrðu kjörin miklu verri. Ég vil þá spyrja hann, hvar sé áhugi Reykjavíkurbúa fyrir þessu máli og þeirra fórnfýsi í þessum efnum? Það er vitanlegt, sem betur fer, að margir í Rvík hafa yfir það miklu fjármagni að ráða, að þeir geta auðveldlega lánað bænum ⅕ af kostnaði hitaveitunnnar, ef hann getur ekki lagt það fram úr eigin sjóði. Hvar er áhugi þeirra fyrir þessu mikla velferðarmáli bæjarins, ef þeir vilja ekki leggja þetta fram, án þess að ríkisábyrgð sé fyrir þeim hluta lánsins?

Hv. 2. þm. Reykv. veit vel, að hans flokkur hefir haldið því fram undanfarið í ræðu og riti, að ríkið væri á heljarþröminni, en Rvík væri vel stæð. Hvernig stendur þá á því, að sjálfstæðismenn í Rvík fást ekki til að lána bænum fé, nema ríkið gangi í ábyrgð, eins og mér skildist á ræðu hv. þm.? Ég fæ ekki skilið áhuga þeirra fyrir málinu, ef þeir vilja ekki lána litinn hluta til þessara framkvæmda með ekki lakari kjörum en hægt er að fá 80% af fénu fyrir erlendis. — Hv. 4. þm. Reykv. talaði í þessu sambandi um síldarbræðslur og að ekki myndi ríkið koma þeim upp, nema að fá allt lánið í einu lagi og þá vitanlega erlendis. Ég vil ekki fallast á þetta. Það er ekkert því til

fyrirstöðu, ef í slíkt fyrirtæki er ráðizt, að þá sé nokkur hluti lánsins tekinn innanlands. Og hvað á að segja um hafnargerðir, sem fá ekki frá ríkinu nema 80% af kostnaði í styrki og ábyrgðir? **(Fjmrh.:** Og hefðu aldrei átt að fá meira). Fæst af þeim héruðum, sem koma upp hafnarmannvirkjum hér á landi, munu færari um að leggja fram fé af eigin sjóði. Þau verða að taka lán í tvennu lagi, og er enginn að fárast um það. Ég get þess vegna ekki skilið það, þegar hv. 4. þm. Reykv. telur það fjarstæðu, að halda því fram, að nokkuð eigi að koma af fé frá þeim, sem njóta eiga þessara merkilegu framkvæmda. Ég fæ ekki skilið þann hugsunargang. Það er ekki rétt, sem hann sagði, að sú regla, sem tekin hefði verið upp undanfarið um þetta, væri um alveg ósambærilegar framkvæmdir og því ekki hægt að taka tillit til þess. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. — Ég skal svo ekki hafa um þetta mál fleiri orð.

***Jakob Möller:** Ég skal ekki heldur eyða löngum tíma í umr. um þetta. Það er gott dæmi upp á samanburð, sem hæstv. ráðh. er að gera á ábyrgðum ríkissjóðs, að taka hafnargerðir og lendingarbætur til samanburðar við fyrirtæki eins og hitaveituna. Menn vita, að hitaveitan skilar öllu, sem í hana er lagt, en um hafnargerðir og lendingarbætur vita menn, að þær skila því ekki. Þess vegna er það líka, að þingið þarf að leggja styrki til þeirra, þar sem þau fyrirtæki geta ekki borgað sig, og þá er líka eðlilegt, að þeir, sem eiga að búa við þau, leggi fram fé til þeirra, ekki að láni, heldur sem framlag, eins og kallað er.

Hæstv. atvmrh. talaði um fórnfýsi, en skáldskapur og tilfinningamál eiga svo sáralítið skylt við fjármál. Það er líka vitað að þeir, sem peninga eiga, eiga þá fyrir þá sök, að þeim er sýnt um að ávaxta sitt fé. Af hverju er hægt að fá lán erlendis? Heldur hæstv. atvmrh., að þeir láni þar fé af fórnfýsi? Nei, það er af því, að þeir geta ekki fengið hærri vexti. Þessir menn, sem gert er ráð fyrir, að eigi peninga hér, verða því að lána fé fyrir minni vexti en þeir eiga kost á að fá annarsstaðar, jafnvel helmingi minni vexti. Það er vitað, að hér geta menn ávaxtað fé sitt fyrir 7—8%, án þess að um nokkurt okur sé að ræða, t. d. í sambandi við bezt tryggðu verðbréfin, sem hér eru á markaðnum. Það er ákaflega ólíklegt, að menn séu almennt svo fórnfúsir, að þeir vilji, í stað þess að kaupa verðbréf, sem gefa a. m. k. 7% í vexti, láta heldur fé sitt í lán, sem gefur 4% í vexti.

Ég vil trúa öllu góðu um þetta mál. En að byggja möguleika þess, að koma þessu fyrirtæki upp algerlega eða að nokkru leyti á fórnfýsi náungans, tel ég ekki varlegt. Ég er mjög hræddur um, ef ætti að byggja á því, að þá kynni að verða töf á framkvæmdum, en það er einmitt það, sem verið er að reyna að forðast.

Einar Olgeirsson: Ég vil aðeins í sambndi við þessar síðustu umræður segja, að hitaveitan er fyrst og fremst mál, sem fólkið í Rvík hefir áhuga fyrir, en ekki auðmennirnir í Rvík. Og það er rangt hjá hæstv. atvmrh., ef hann býst við því, að helztu auðmennirnir í Íhaldsflokknum í Rvík muni leggja fram sérstaklega mikið til þess að koma hitaveitunni af stað. Ég býst við, að Sjálfstfl. hafi fyrst og fremst haft þá hagsmuni af þessu máli, að nota það til pólitísks framdráttar. En hitt er vitað, að áhuginn fyrir þessu máli hjá fólkinu er það mikill, að það helzt engum flokki uppi annað en að vera með því. En að auðmennirnir í Sjálfstfl. fari að leggja fram stórfé, er af og frá. Það viðurkenndi líka einn af fulltrúum auðmannastéttarinnar í Rvík. Það er þess vegna vitað, að þaðan er ekki neinnar bjargar að vænta. Svo framarlega sem á að treysta á það, að hitaveitan komist í framkvæmd, þá verður fyrst og fremst að treysta á það, að þetta mál sé gert eins vel úr garði frá Alþ. eins og mögulegt er, og reynt sé að sjá svo til, að ábyrgð ríkisins á þessu láni sé fullkomin, þannig að það verði ekki í sambandi við ábyrgðina hægt að vera með nein undanbrögð í framkvæmd þessa máls, og ekki sé hægt að kasta á hið breiða bak Alþ., að það hafi reynt að tefja fyrir framkvæmd málsins. Þess vegna álít ég það fjarri lagi, að fara að draga nokkuð verulega úr þessari ábyrgð, heldur eigi að veita hana að fullu eins og farið er fram á, því hér er um það mikið þjóðarnauðsynjamál að ræða.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég skal ekki lengja umr. að nauðsynjalausu. En það hefir verið rætt þannig um þetta mál nú við 3. umr. eins og það væri ekki um annað að gera en annaðhvort að veita 100% ábyrgð eða 80% ábyrgð. En brtt. Alþfl. við frv. fer fram á það, að ábyrgð verði veitt fyrir 90% af kostnaðarverði hitaveitunnar. Það er full ástæða til að ítreka þá spurningu, sem ég lagði fyrir hv. 4. þm. Reykv. við 2. umr. málsins, en hún var á þá leið, hvort hann áliti Rvíkurbæ um megn að útvega 350 þús. kr., ef lagt er í minni veituna, en 700 þús. kr., ef lagt er í þá stærri, og hvort það myndi tefja verkið, ef ekki væri tekin ábyrgð á öllu láninu? Hann hefir í ræðu sinni hvorugri spurningunni svarað, og tek ég það sem samþykki hans við því, að hvorki muni það verða til þess að tefja fyrir verkinu né Rvíkurbæ sé það um megn að leggja þessi 10% fram, sem ætlazt er til, að bærinn leggi fram, með till. okkar alþýðuflokksmanna.

Það hefir líka verið bent á það af hv. 7. landsk,. að Rvík myndi þegar vera búin að borga 330—350 þús. kr. fyrir jarðhitaréttindi og boranir, sem búið er að framkvæma, þannig að bærinn myndi, án þess að taka nokkurt lán, geta uppfyllt það skilyrði, sem alþýðuflokksmenn setja fyrir ábyrgðinni, ef ráðizt er í minni veituna. En það er sú veita, sem þegar er víst, að vatn muni vera til fyrir. Hinsvegar myndi bærinn þurfa að útvega sér 350 þús. kr. annarsstaðar, ef lagt væri út í það að byggja veitu fyrir 7 millj. kr., sem er heldur ólíklegt, að verði gert, án þess að nokkur vissa sé fyrir því, að vatn sé til, til þess að fullnægja þeirri veitu. Það má vera, að til þess þurfi einhverja fórnfýsi, en ég mun samt ekki telja,

að það þurfi skáldskap eða tilfinningamál til þess að gera ráð fyrir, að Rvíkurbær geti útvegað 350 þús. kr., sem hann ætti eftir að útvega sér samkvæmt þessum útreikningi, ef lagt yrði í stærri veituna. Ég þekki a. m. k. ekki neinn þann bæ úti á landi, sem ekki gæti útvegað sér hlutfallslega jafnháa upphæð, ef um það væri að ræða að koma í framkvæmd velferðarmáli, sem allir bæjarbúar væru sammála um, að þyrfti að hrinda í framkvæmd. Þótt andinn í Rvík sé að sumu leyti ekki þess virði að vera rómaður, þar sem andi Íhaldsins svífur yfir vötnunum, þá trúi ég ekki öðru en því, að það sé alveg rétt, að Rvík sé ekki í neinum vanda með að útvega sér það, sem vantar, til þess að hægt sé að uppfylla skilyrði okkar alþýðuflokksmanna. Það er því rétt fyrir þá hv. þm., sem eru að deila um þetta mál, að fallast á miðlunartill. Alþfl. í þessum efnum.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég skal ekki lengja þessar umr. En út af því, sem hæstv. atvmrh. segir, þá virðist það vera lokað fyrir hæstv. stj., að það fé, sem fæst með þessu láni, er erlendur gjaldeyrir, sem vitanlega hlítir þeim reglum eins og annar erlendur gjaldeyrir, að vera undir stjórn bankanna og ríkisstj., þannig að það er, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sjálfsögðu rétt, að lán það, sem ríkisstj. nú ætlar að taka, gæti að sjálfsögðu verið þeim mun minna sem þyrfti að nota minna af þeim erlenda gjaldeyri til þess að kaupa efni til hitaveitunnar.

Það er dálítið broslegt að heyra þessa hæstv. ráðh. vera með einhverja kligju við því að fá erlendan gjaldeyri, sem alltaf vantar hann og sífellt biðja um ný lán. Ég verð fyrir mitt leyti, þó að það komi þessu máli ekki sérstaklega við, en viðkomandi máli, sem hefir verið hér til umr., að segja, að ég hefi ekki minnstu tryggingu fyrir því, að sá ráðh., sem nú er fjmrh., noti ekki þá lántökuheimild, sem hann nú hefir farið fram á o" fær, alveg án tillits til þess, hvort hann, vegna einhverra sérstakra atvika, fær meira af gjaldeyri heldur en hann gerir ráð fyrir, á sama hátt eins og þessi ráðh., sem er samkvæmt íslenzkum l. skuldbundinn til þess að skulda ekki Landsbankanum fyrir ríkisins hönd nema ákveðna upphæð, hefir gert sig sekan um að skulda þar upphæðir, sem hann hefir ekki leyfi til. Mér finnst það því dálítið einkennilegt, þegar þessi hæstv. ráðh. er að hneykslast yfir því, að þetta bæjarfélag vilji fá ábyrgð ríkissjóðs til þess að vera öruggt um, að það geti fengið þetta í gegn með sem beztum lánskjörum, — ráðh., sem er úr sama flokki og hv. þm. S.-Þ., sem hefir sagt í blaðagrein, að Englendingar vildu ekki lána hingað meira, af því að fjárhagur íslenzka ríkisins væri þannig, að það væri ekki forsvaranlegt, — þessi ráðh., sem hefir nú skrifað undir yfirlýsingu gagnvart Englandsbanka um það, að hann muni ekki taka frekari lán eða ganga í ábyrgðir án hans leyfis. Það er líka dálítið leiðinlegt að hlusta á, þegar hv. 1. þm. Rang. er að ráðast á borgarstjórann í Rvík og Sjálfstfl. hér á þingi fyrir hans afstöðu í þessu máli, þar sem hann tilheyrir flokki, sem hefir aðra eins fortíð í þessu máli og Framsfl. hefir.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hélt hálfvegis, að sjálfstæðismenn hefðu einhvern áhuga fyrir því, að þetta mál fengi framgang, og myndu því ekki leika sér að því að tefja það með annari eins ræðu og þessi hv. þm. hefir nú haldið. En ef hv. þm. óskar þess, þá stendur ekki á mér að taka upp almennar umræður.

Ég vil benda hv. þm. á, að rétt eftir að borgarstjórinn í Rvík kom heim frá því að reyna að útvega lán til hitaveitunnar, þá sagði blað hv. þm., að svo miklu leyti, sem það getur kallazt hans blað, að þótt ekkert erlent lán fengist til hitaveitunnar, þá skyldi hún verða byggð samt með því að taka lán hér innanbæjar. Það er ekki jafnhátt risið á hv. þm. nú, þegar verið er að biðja okkur að vera með því, að það þurfi ekki einu sinni að taka 10% af þessu láni innanlands. Það situr illa á þessum hv. þm. að vera hér í sambandi við þetta mál með slík ummæli sem hann hafði áðan, eftir þeirri sögu, sem þetta mál hefir, og eftir því, sem gerzt hefir í þessu máli síðustu vikurnar. Svo er líka það atriði málsins, sem lítið hefir verið rætt um, en mætti ræða meira um, ef hv. þm. langar til þess. En við höfum sneitt hjá því af því, að okkur hefir ekki fundizt ástæða til þess, en það er það atriði, hvers konar framkoma það er, þegar blað þessa hv. þm., Morgunblaðið, áleit, að það væri hægt að fá lán erlendis án ríkisábyrgðar, þá var þar stór fyrirsögn um það, að Rvík gæti fengið lán, en þeim þótti það ekki nóg, að taka það fram, heldur þurfti líka, til þess að fylgja eftir þessu ágæta tækifæri, að taka það fram, að ríkið gæti ekki fengið lán og lánstraust þess væri þannig, að fjmrh. hefði orðið að skrifa undir skuldbindingu um það, að taka ekki meiri lán og veita ekki meiri ábyrgðir. En ég ætla, að það hafi verið 2 mánuðum síðar, að þm. þessa sama flokks flutti hér frv. á Alþ. og óskaði eftir því, að af hálfu þessa gjaldþrota ríkis og þess sama fjmrh., sem átti að hafa gefið þessa yfirlýsingu, væri skrifað upp á lán fyrir Rvíkurbæ, sem átti að geta fengið lán, án þess að ríkið kæmi þar nærri og þó að ríkið gæti ekki fengið lán. Manni virtist það vera komið svo langt þá, að það væri eðlilegast, eftir skrifum þessa blaðs, að ríkið fengi samþykki bæjarstjórnar Rvíkur fyrir því, að Rvíkurbær skrifaði upp á ríkislán, ef ætti að taka það. — Ég mun ekki fara lengra út í að ræða þetta og hefði ekki gert það, ef þessi hv. þm. hefði ekki gefið tilefni til þess.

En viðvíkjandi því, að ríkið skuldi meira í Landsbankanum en það megi samkvæmt l., þá er það að vísu rétt, að það hefir farið nokkuð yfir það, sem heimilt er, en það hefir gert það hjá öllum fjmrh., sem verið hafa, síðan Landsbankalögin voru sett. Ég verð að segja, að á meðan Rvíkurbær skuldar í Landsbankanum yfirdrátt eða vexti, svo að skiptir mörgum mill. kr., þá mun ég ekki bera kinnroða fyrir það, þótt ríkið skuldi þar 2—3 millj. kr. um áramót, hvort sem því er haldið fram, að það sé samkvæmt landslögum eða ekki. Það hefir

aldrei staðið á hinu íslenzka ríki að standa í skilum við bankana, heldur hefir ríkið þvert á móti hlaupið undir bagga með bönkunum, Landsbankanum og öðrum, fremur en að bankarnir hafi tapað á ríkinu.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég ætla bara að segja það, að ég gæti vel svarað ræðu hæstv. ráðh. nokkuð ýtarlega, því að hann kastar sannarlega frá glerhúsi, en ég ætla ekki að gera það nú, með tilliti til þess máls, sem á dagskrá er. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það er ekki ég eða Sjálfstfl., sem á sök á því, að þetta mál fær þennan tón, heldur er það hv. 1. þm. Rang., sem bæði nú og við fyrri umr. málsins hefir hagað sér þannig, að hann hefir verið með allskonar svívirðingar í garð Sjálfstfl., og hann ætti það skilið, að honum væri svarað nánar. Hæstv. ráðh. ætti mjög vel að geta skilið það, að það er leiðinlegt að sitja undir því að hlusta á menn eins og hv. 1. þm. Rang. hella sér yfir Sjálfstfl., þar sem það er vitað, að þessi flokksbróðir hæstv. ráðh. kastar frá glerhúsi, því að framsóknarmenn eru ekki þeir menn, sem ættu að tala um þetta mál án kinnroða, svo að ég ekki segi meira.

Bjarni Bjarnason: Það er síður en svo ástæða til að flýta afgreiðslu þessa máls, og ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér fært að fresta frekari umr., þegar þeir hafa talað, sem nú eru búnir að kveðja sér hljóðs.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi setið hjá við þær umr., sem hingað til hafa farið fram um þetta mál, enda þótt ég sé þm. fyrir það kjördæmi, sem þetta mál snertir mest. Ég álít rétt að hrinda þeim ummælum, sem hér hafa fallið um undirbúning málsins, og fara þó svo skammt út í málið sem unnt er, svo að ekki verði til þess að tefja það. En það getur enginn maður, sem til þekkir, mótmælt því, að það, sem hér hefir verið borið fram af hendi stjórnarflokkanna, er ekkert nema málþóf og ofsalegar árásir á Sjálfstfl. Þær umr. eru alveg utan við málefnið sjálft. Þessir hv. þm. hafa vísvitandi farið langt út í alveg óskylda hluti. Ég sé ekki, að Reykjavík þurfi að standa auðmjúk og biðjandi frammi fyrir stjórnarflokkunum. Hún hefir séð vel fyrir sínum hlut fjárhagslega. Enginn vafi er á því, hvað sem róginum um Reykjavík líður, að ríkið hefði engan sóma af því, ef Reykjavíkurbær væri tekinn til jafnaðar við það. Sjálfur fjmrh. veit ekki til, að nokkur lánveiting hafi átt sér stað, sem ríkið hafi ekki staðið í skilum með. En hefir nokkur maður efazt um skil af hendi Reykjavíkurbæjar? Það er því miður betri vitnisburður en hægt er að segja um ríkið. Ég veit ekki annað en að Reykjavíkurbær hafi ætíð staðið í skilum með hvern þann hlut, sem hann hefir skuldbundið sig til, og er það meira en unnt er að segja um ríkið, og líka meira en hægt er segja um flest önnur bæjarfélög á Íslandi.*

Það hefir verið talað mikið um, að undirbúningur hitaveitunnar væri ófullkominn. Hv. 1. þm. Rang. viðhafði þau orð, að undirbúningur hitaveitunnar væri herfilegur, og hv. 2. þm. Skagf. lét svipuð ummæli falla. Það er nú vitanlegt, að þessir menn hafa enga hugmynd um, hvað þeir eru að segja. Þeir bara slá því föstu, að undirbúningurinn sé herfilegur. Hitt er vitanlegt, að undirbúningur málsins hefir verið framkv. með þeim mesta öruggleik sem unnt var. Verkfræðingar hafa unnið að rannsóknunum í mörg ár, og það hefir ekki borið á öðru en að undirbúningur málsins fengi hið mesta hrós hjá erlendum verkfræðingum. En svo kom hv. 1. þm. Rang. og hélt ræðu hér í d., aðallega til þess að fræða menn um það, að undirbúningur hitaveitunnar væri ekkert nema nafnið tómt, og hv. 2. þm. Skagf. sagði, að undirbúningur þessa máls væri herfilegur. En þetta eru ekkert nema slagorð og fjarstæða. Þessir menn eru með öðrum orðum að skýra frá því, hve hlýjan hug þeir bera til málsins. Hugur þeirra er fullur af óvild til málsins og til Sjálfstfl. sérstaklega. Þeir nota hvert tækifæri, sem gefst, til þess að atyrða hann fyrir hræsni í þessu máli framar öðrum flokkum. En þessir menn þora ekki að láta opinberlega í ljós óvild sína til málsins. Þeir eru of hræddir við almenningsálitið til þess, því að allur almenningur veit, að hér er ekki aðeins um hagsmunamál Reykjavíkur að ræða, heldur einnig alls landsins. En óvild þeirra til málsins er ekkert annað en óvild þeirra til sjálfstæðismanna, af því að þeir eru höfundar þess. Það er nákvæmlega sama velvildin til þess máls, sem kemur fram hjá núverandi stjórnarflokkum, eins og var til rafveitunnar á sínum tíma, sem Framsfl. tókst að tefja um tíma með því að synja Reykjavíkurbæ um ríkisábyrgð, og hann lagði svo mikla rækt við það áform, að hann kom af stað þingrofi til þess að afstýra því, að Reykjavík fengi rafveitu við Sogið, sem þm. Framsfl. keppast nú við að telja hið bezta fyrirtæki, og eigna sér hlutdeild í að hafa stutt það. Þessir menn viðhafa þá aðferð í hitaveitumálinu, að taka nú upp hið gamla slagorð um þann herfilega undirbúning, sem þeir sögðu, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði haft í rafveitumálinu. Hér í Reykjavík er nýbúið að koma á fót rafveitu, sem var áætlað, að myndi kosta 6—7 millj. kr., og þegar verkinu var lokið, stóðst áætlunin alveg. En vestur á Ísafirði er nýbúið að byggja litla rafveitu, sem áætlað var, að myndi kosta 600 þús. kr., en allur kostnaðurinn við hana varð yfir 1 millj. kr. Svona menn geta trútt um talað óábyggilegar áætlanir og illan undirbúning. Hvað lengi sem um þetta mál verður rætt, þá stendur eitt fast: Þetta fyrirtæki, hitaveita Reykjavíkur, er mjög öruggt fjárhagslega, og það er ekki aðeins álit bæjarstjórnar Reykjavíkur, heldur einnig erlendra sérfræðinga, er telja hitaveituna mjög öruggt fyrirtæki.

En það er sízt til þess að gera sig breiða af fyrir hv. 1. þm. Rang. og hv. 2. þm. Skagf., þótt fjárhagseymd þessa lands, sem núverandi stjórnarflokkar eiga sök á, hafi orðið orsök þess, að ekki er hægt að fá lán til verksins, nema með sérstakri fyrirhöfn og meiri en til

stóð. Þetta hörmulega fjárhagsástand, sem núverandi stjórnarflokkar eru valdir að, hefir nú orðið ástæða til þess, að töf er orðin á þessu máli. Mér dettur ekki í hug að gera mig neitt auðmjúkan fyrir þessum mönnum. Þá langar ef til vill til að stöðva þetta mál, en ég veit, að þeir þora það ekki. Engin ástæða er til þess að taka þegjandi við köpuryrðum og skömmum frá þeim mönnum, sem vilja leggja stein í götu þessa máls og hlakka yfir því, að þykjast hafa ástæðu til að viðhafa nokkurt málþóf um það. Það sýndi sig hér um daginn, hvað þeir hafa viljað málinu vel. Það hefði nú verið búið fyrir löngu að afgr. það — það tel ég alveg vafalaust —, ef þm. stjórnarflokkanna hefðu ekki tafið það. Engir menn eru meiri þröskuldur í vegi þessa máls heldur en þeir. Bæjarfélagið sjálft hefir nú þegar lagt fram ⅕ af stofnkostnaði hitaveitunnar. Með slíku framlagi er alveg óhugsandi að stöðva málið til lengdar, þar sem það bæjarfélag landsins, sem er fjárhagslega sterkast, á í hlut. Ég skil ekki í, að nokkur annar bær á landinu treysti sér til að leggja það fé fram, sem Reykjavíkurbær hefir lagt til þessa fyrirtækis, og fyrirtækið er svo öruggt, að það verður ekki talið eyðslulán, þótt allháa fjárhæð verði að taka að láni til viðbótar. Ég sé ekki, að unnt sé með rökum að koma með vantraust á fjármálastjórn Reykjavíkur, en verði sömu stefnu haldið áfram á fjármálastjórn ríkisins, endar það vitanlega með því að gera hvern mann eignalausan. Ef illa hefir verið farið með fé, er það öðrum en bæjarstjórn Reykjavíkur að kenna. En verði haldið áfram sömu eyðslu á fé ríkisins, getur þetta fyrirtæki strandað, vegna þess að búið er að aka ríkinu út í fjárhagslega ófæru með allskonar fjársóun, sem því miður hefir átt sér stað. En hitaveita Reykjavíkurbæjar mun koma þrátt fyrir það. Það er gott fyrirtæki, og fyrir því máli standa ekki aðeins Reykvíkingar, heldur líka allt almenningsálit í landinu.

Steingrímur Steinþórsson: Ég get ekki lofað neinu um það að takmarka ræðutíma minn meira en það, sem þingsköp mæla fyrir. Þetta mál virðist dregið viljandi af Sjálfstfl. inn í pólitísk illindi samkv. þeim umræðum, sem fram hafa farið hér í deildinni í dag, fyrst og fremst af hálfu hv. 4. þm. Reykv., sem hélt framsöguræðu í málinu, og talaði þar um fjandskap stjórnarflokkanna gagnvart Reykjavík. Þessi hv. þm. Sjálfstfl. beinir andúð sinni gegn okkur, sem sæti eigum í fjhn., fyrir það, að við vildum ekki miða ríkisábyrgðina við hærra hundraðshlutfall en gert er við önnur hliðstæð fyrirtæki, og fyrir það að krefjast þess af hv. 8. landsk., að þann gerði skýra grein fyrir ástæðunum til svigurmæla sinna áðan. En þá eru umr. komnar á allt annan grundvöll en málið gefur tilefni til. Ég sé ekki að unnt sé að ráða af orðum þessara manna, að þeim sé þægð í, að þetta mál verði afgr. með samkomulagi. Ég skal nú halda áfram og benda á það, hve afskaplegur undirbúningur þessa máls er, og hve klaufalegt það er frá byrjun og illa með það farið af hendi Sjálfstfl. í Reykjavík.

Hér er um það að ræða, að ekki er til nothæft heitt vatn á Reykjum, nema til þess að hita upp hálfan Reykjavíkurbæ, samkvæmt þeim skýrslum, sem liggja fyrir, og að ríkið gangi í ábyrgð fyrir láni til hitaveitu, sem aðeins nægir til að hita upp hálfan bæinn, virðist vera að ýmsu leyti allvarhugavert. Þetta er alveg eins og ef bankastjórnin vildi lána mér fé til að hita upp bæ, en þá væri heita vatnið ekki til, nema aðeins til að hita upp kjallarann. Hér er að ræða um mál, sem liggur alveg eins fyrir, eins og ef ekki væri til vatn, nema aðeins til að hita neðri hæðina í húsi. Ég býst ekki við, að neinar lánsstofnanir mundu fást til þess að veita lán til slíkra fyrirtækja. En Sjálfstfl. ætlast til þess, að Alþ. afgr. á hliðstæðum grundvelli 7 millj. kr. lánveiting á einum degi. Sjálfstæðismenn álíta þar á ofan, að Reykjavík eigi að fá að sitja við allt önnur kjör en önnur bæjarfélög landsins. Það er ósvífni á hæsta stigi, að þeir skuli fara fram á slíkt. Ég verð að segja það, að úr því að Reykjavík er ekki treystandi til að leggja fram ábyrgðarlaust 10—20% af fénu, þá eru það firn mikil, að þessir menn skuli tala eins og þeir gera um traustið á fjárhag ríkisins.

Hv. þm. veit hitt vel, að þó að einstaka fyrirtæki ríkisins hafi lent í vanskilum með vöruskuldir af gjaldeyrisástæðum, þá hefir líka af svipuðum ástæðum orðið greiðslufall hjá einstöku bæjarfélögum. Það getur verið álitamál, hvort unnt sé að telja ríki og bæjum slíkt til ámælis. En hitt ætla ég að segja þessum hv. þm., sem hann raunar veit mjög vel, að þótt önnur bæjarfélög séu illa stæð, eins og hann segir, þá myndi fyrir löngu hafa orðið greiðslufall hjá Reykjavík, ef hún hefði ekki átt meiri aðgang að bönkunum en önnur bæjarfélög. Þetta er ekki sagt til þess að rýra álit Reykjavíkurbæjar, heldur til þess að sýna hvernig sjálfstæðismenn leyfa sér að haga málflutningi sínum. Bærinn myndi fyrir löngu hafa neyðzt til að grípa til svipaðra úrræða sem Ísafjörður og Hafnarfjörður, ef hann hefði ekki átt meiri aðgang að bönkunum en þeir. Það hefir sannarlega ekki staðið á okkur framsóknarmönnum að taka ákveðna afstöðu í þessu máli, og við munum fylgja því jafnt, hvað sem hrópyrðum sjálfstæðismanna líður. Ég ætla ekki að eltast við þau eða ræða að sinni um undirbúning Sjálfstfl. á þessu máli, en ef þá langar til að skattyrðast, mun ég eiga eftir eina ræðu enn.

***Sigurður Kristjánsson:** Fjandskapur stjórnarflokkanna við hitaveitumálið er fjandskapur við Reykvíkinga, og þá um leið fjandskapur við hagsmuni almennings í landinu. Þeir leyfa sér að koma með órökstuddar dylgjur, gripnar úr lausu lofti, um herfilegan undirbúning málsins hjá Sjálfstfl., og með slíku málþófi reyna þeir að tefja málið, ef vera mætti, að það fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi. — Ég ætla ekki að segja meira að sinni, því að ég hefi fyrir reglu, að tala eins lítið og mér þykir fært og vil forðast að vekja deilur í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í síðari ræðu hv. 6. þm. Reykv. leyfði hann sér að segja, að stjórn-

arflokkarnir hefðu haft í frammi málþóf til þess að tryggja það, að þetta mál fengi ekki afgreiðslu. En hvað er langt síðan þetta mál var lagt fram, sem er næststærsta mál þingsins, ef það er ekki hið stærsta? Það eru aðeins liðnir 2—3 dagar síðan, og það er nú komið til 3. umr. í Nd., og það væri meira að segja afgr. héðan, ef hv. 8. landsk. hefði ekki þotið upp eins og hann gerði hér áðan. Hv. 8. landsk. ræddi hér um, að þm. stjórnarflokkanna hefðu úthúðað málinu, en þeir voru að reyna að afgr. *málið* með samkomulagi ásamt þeim, sem fluttu það. — Hv. 6. þm. Reykv. leyfði sér að tala um málþóf og að andstaðan við málið gengi fjandskap næst. En ríkisábyrgðin, sem hér er farið fram á, er hærri en fjárhæð sú, sem um er að ræða í nokkru öðru máli, að undanskilinni heimildinni til gjaldeyrislántöku, sem búið var að leggja fyrir þingið. Slíkt mál verður ekki afgr. athugunarlaust.

Ég ætla ekki að fara langt út í að rökræða við þessa hv. þm. um fjárhagsafkomu ríkisins. En úr því að farið er að draga hér inn í þessar umr. ábyrgðarheimild handa ríkissjóði til gjaldeyrislántöku, verð ég að segja það, að Sjálfstfl., sem neitar að vera með því láni og neitar þar með að taka á sig þá ábyrgð, sem hann viðurkennir, að sé nauðsynleg, ferst ekki að vanda um við aðra.

Hv. 8. landsk. talaði um, að við stjórnarflokksmenn værum í glerhúsi. En lélegra glerhús hefi ég aldrei vitað heldur en undirbúning þessarar hitaveitu hér í Reykjavík. Afstaða Sjálfstfl. til hennar er vafalaust hin herfilegasta, sem ég get hugsað mér. Flokkurinn viðurkennir, að hann sé valdalaus. Hann viðurkennir, að hann eigi ekki neitt til hitaveitunnar, ekki nokkurn hlut til að greiða með hluta Reykjavíkurbæjar af láninu erlendis. En þrátt fyrir það, þó að flokkurinn viðurkenni, að gjaldeyrislántakan sé þjóðarnauðsyn, *vill hann þó ekki vera með því*, að sú heimild verði veitt. Svo ætlast þessi flokkur til þess, að hér á Alþ. verði innan skamms samþ. ábyrgðarheimild fyrir Reykjavíkurbæ, sem þeir hafa talið sitt prívatmál, og öðrum flokkum kæmi rekstur hans ekki neitt við. Þessi ábyrgðarheimild vilja þeir, að verði samþ., án þess hún verði athuguð neitt, og telja fjandskap við málið hjá þeim, sem vilja athuga það. Þessi afstaða, sem mér virðist alls ekki geta verið sú sama fyrir Sjálfstfl. sem öðrum flokkum, verður þannig virkilegt glerhús, *sem hann, eins og þetta mál* hefir verið rekið frá öndverðu, ætti að skrafa sem minnst um. — Ég ætla ekki að segja meira að sinni, en sjálfstæðismenn ættu ekki að tala um þetta mál án kinnroða, svo að ekki sé meira sagt.

***Sveinbjörn Högnason:** *Ég vil ekki láta hjá líða* að svara nokkrum orðum þeim ummælum, sem hv. 8. landsk. og hv. 6. þm. Reykv. viðhöfðu hér í deildinni áðan um árásir okkar hv. 2. þm. Skagf. á Sjálfstfl. út af undirbúningi hitaveitunnar. Hv. 4. þm. Reykv. hrósar sér óendanlega mikið af þessu hitaveitumáli, með öllu því skrumi, sem hann hefir sagt um það mál, síðan hann kom heim úr sínu 7 landa ferðalagi. Eða voru þau ef til vill aðeins 6? En síðan hefir hann verið kallaður lánlausi borgarstjórinn. Það er alveg rétt; óendanlegt lánleysi hefir fylgt allri meðferð þessa máls. Sjálfstæðismenn hafa viljað eigna sér öll afskipti af því frá upphafi, og með þessari framkomu sinni hafa þeir hleypt hita í málið og hindrað, að það kæmist til framkvæmda. Jafnvel nú, þegar þetta lánleysi er sýnt og sannað, ætlast þeir til þess, að Alþ. samþ. tafarlaust ábyrgðarheimild fyrir ríkið á 7 millj. kr. lántöku, því að án slíkrar ábyrgðar myndi alls ekki verða unnt að framkvæma verkið. Þeir viðhöfðu stór orð áður, en nú, þegar þeir biðja um þessa ríkisábyrgð, nota þeir skynsamlegri aðferð, enda sér hver maður, að þeim færist illa að hampa stóryrðunum nú, eftir allt, sem á undan er gengið. Ef Sjálfstfl. skýrði frá því, hvernig undirbúningur þessa máls hefir mistekizt fyrir honum, og játaði, hvernig nú er komið málinu, myndum við framsóknarmenn ekki segja margt við því. Við getum ekki gert að því, þótt staðreyndirnar séu svívirðileg árás á þann flokk og þeirra stefnu. Það er leiðinlegt, þegar staðreyndirnar eru svona ljótar, en þeir, sem finnst sér svívirðing gerð, ef við lesum afstöðu þeirra til málsins úr blöðum Sjálfstfl. fyrir nokkrum mánuðum síðan, geta kennt sér einum um. Æskilegt hefði verið að gera ekki deilumál úr því. Það verður samt nógu mikluni erfiðleikum bundið að koma hitaveitunni áfram. En þessi ummæli í blöðum Sjálfstæðisfl. hafa hleypt hita í málið og valdið hinni mestu töf á öllum framkvæmdum. Það er líka merkilegt, að þessir menn, sem eru sí og æ að fjargviðrast í blöðum sínum út af gjaldeyrisláninu, sem er þó bara að breyta erlendum lánum, en ekki að taka ný lán, að þeir skuli sækja það eins freklega eins og þeir gera, að fá allt þetta lán erlendis, og þykir það meira að segja svo sjálfsagður hlutur, að þetta sé samþ. á einum degi og án þess að nokkur segi neitt. Í fjhn. fengum við ekki *ráðrúm til að athuga þetta 7 millj.* kr. lán nema sem svaraði einum hálftíma. Það er von, að hv. flm. hlæi yfir því, hversu óskaplega ómyndarlega og klaufalega þetta mál er undirbúið. Það er ekki nema til að hlæja að því. Það er komið út fyrir þann ramma, að vera alvarlegt. (**ÓTh:** Hvað vorum við lengi með 12 milljónirnar?) Við vorum kannske ekki lengi með þær. En það er langt síðan það mál kom fram. Og ég held, að ég hafi spurt hv. þm. G.-K. nokkuð marga daga í röð að því, hvort hann væri tilbúinn að taka ákvörðun um málið. Það var nokkuð marga daga í röð, sem ég rak eftir málinu. Ég veit, að hann er maður til að viðurkenna þetta, þótt hann sé, eins og hver maður veit, ákaflega fljótfær. En honum fyrirgefst það, af því að það er eiginleiki, sem honum er áskapaður.

Margt er einkennilegt, sem hv. 6. þm. Reykv. segir, eins og t. d. það, að Reykjavík standi að öllu leyti betur fjárhagslega heldur en ríkið. Til hvers er Reykjavík að biðja ríkið um ábyrgð? Ef það er satt, sem Morgunblaðið sagði 7. des., að Reykjavík stæðu allir vegir opnir til að fá lán, en að það væru 3 ár síðan ríkið hefði glatað sínu trausti, svo að útilokað sé, að það fái lán. Til hvers er þá Reykjavík að biðja ríkið að hjálpa þessu ákaflega auðuga bæjarfélagi, sem er fyrirmynd allra bæja? Það er alveg eins og það séu

hálfvitar, sem halda fram svona röksemdafærslu, og Alþingi ekki á nokkurn hátt samboðin.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að gætt hefði verið hins mesta öryggis í undirbúningi þessa máls, og að það hefði verið undirbúið í mörg ár af reyndum og þaulvönum verkfræðingum. Eftir því, sem mér er kunnugt, hefir við það fengizt verkfræðingur, sem er nýkominn frá prófborðinu svo að segja, með enga verklega þekkingu eða reynslu í þessu efni. Og það var ekki fyrr en á síðustu stundu, að fenginn var erlendur maður að líta á þetta. Meira að segja, þeim eina erlenda manni, sem hafði einhverja verulega þekkingu, var ekki sýndur nema þessi eini staður.

Þá staðhæfði hv. 6. þm. Reykv., að maður sýndi óvild til málsins, ef maður leyfði sér að hafa skoðun á því. Þetta er harla óviturlega og illa með farið, eins og vænta mátti af þessum hv. þm. Þar kemur fram alveg sama hugsunin og þeir alltaf hafa látið koma fram, að þeir sjálfstæðismenn einir eigi þetta mál. Þeir hafa undanfarið gumað feiknalega af fjárhagsafkomu Reykjavíkur og gert lítið úr lánstrausti landsins, og ekki hlífzt við. Allt þetta hafa þeir orðið að éta ofan í sig. Og nú kemur meira að segja yfirlýsing um það, að Reykjavíkurbær sé það verr staddur en önnur bæjarfélög, að það megi ekki gera sömu kröfur til hans um að leggja fram fé eins og til annara bæjar- og sveitarfélaga í landinu. Ég sé ekki, hvað hægt er að koma með öllu ömurlegri yfirlýsingu um fjárhag bæjarfélags en þessir menn hafa gert.

Þá sagði hv. 6. þm. Reykv. það ennfremur, að framsóknarmenn hafi framið þingrofið 1931 til þess að koma í veg fyrir, að Sogsvirkjunin fengi ríkisábyrgð. Mér heyrðist nú, að í kosningunum 1931 væri verið að ræða eitthvað annað en Sogsvirkjunina sérstaklega. A. m. k. minnir mig, að formaður Sjálfstfl. hafi talið, að það væri annað, sem riði meir á að framkvæma þá — þegar þeir tóku höndum saman, hv. utanflokkamaðurinn, sem nú er, en þá í Alþfl., hv. 3. þm. Reykv., og hv. þm. G.-K. —, þá var það ekki til að koma á Sogsvirkjuninni, heldur var það annað, sem okkur er sjálfsagt öllum kunnugt. Það þýða því ekkert slíkar blekkingar. En ég vil þá benda á það, að Sogsvirkjunin var svo herfilega illa undirbúin árið 1931, að það var stórlán fyrir fyrirtækið, að ekki skyldi vera samþ. lánsheimild á því ári. Það var allt önnur áætlun, sem þá átti að gera. Það átti að steypa feiknamikið sementsbákn, til þess að koma fyrir sem mestu af sementi, og grafa göng í gegnum fjallið, kílómetralöng. Þegar sérfræðingar, sem fengnir voru til landsins, fóru að athuga þetta, töldu þeir hina mestu vitleysu á ferð, og nú var tekið til að vinna á þeim grundvelli, sem hefir reynzt hinn bezti og öruggasti.

Ég skal ekki orðlengja meira um þetta að þessu sinni, en víkja að orðum hv. 6. þm. Reykv., að við hefðum þurft að taka gjaldeyrislán vegna óreiðu. Ég held, að fáum farist síður að tala um óreiðu í fjármálum heldur en þeim, sem staðið hafa að ýmsum fyrirtækjum, sem hafa þurft að fá hvert lánið á fætur öðru, og þarf nú að semja sérstök l. fyrir um að létta sköttum af þeim, og verður þó ekki vitað, hvort nokkurntíma komist á sæmilegan grundvöll. Þegar þessir menn eru að núa mönnum um nasir óreiðu, mönnum sem hafa haldið í horfinu hér á landi og meira á þessum mestu erfiðleikatímum, sem hafa komið yfir, þá finnst mér vera komið langt út yfir þau takmörk, að hægt sé að ræða með neinni alvöru a. m. k. við slíka málafylgjumenn. Ég vil segja hv. 6. þm. Reykv. það, að ég mun ekki skorast undan hvorki nú — þótt það taki einhvern tíma frá okkur í nótt — né hvenær sem er, að ræða við hann um viðhorf Sjálfstfl. og Framsfl. til þessara mála, fjárhagsmála og lántaka. Og ég vil segja honum það, að ég veit, að hans hlutur og hans flokksmanna verður því erfiðari, því lengur sem hann reynir að halda þeim umræðum áfram.

Forseti (JörB): Það hafa komið fram óskir um það, að málið verði tekið af dagskrá og umr. frestað, þegar þeir hefðu talað, sem þá stóðu á mælendaskrá. Og nú stendur svo á, að þeir hafa lokið máli sínu. En þar sem nú er afráðið að slíta þingi á morgun, og þetta mál á eftir að ganga algerlega gegnum hv. Ed., þá mundi frestun á umræðu þýða það, að málið dagaði uppi. Nú hefir mér skilizt svo á hv. þdm. sem þeir væru ásáttir um, að þetta mál gangi fram, þótt þannig hafi að vísu verið stefnt í umr. sem hið gagnstæða væri tilgangurinn. Ég mun því ekki verða við þeim óskum að taka málið af dagskrá, en hinsvegar nota ég mér þann rétt, sem ég hefi til að takmarka umræður, þegar svo stendur á sem nú, og færi ræðutíma hvers þm. niður í 5 mínútur, en gef 2 mínútur fyrir athugasemdir. (**PO:** Hver óskaði, að málið yrði tekið af dagskrá? — **Rödd:** Það var hérna, góði minn).

***Garðar Þorsteinsson:** Það er bara út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði ekki notað langan tíma. Ég skal ekki neita því. En það er afarskiljanlegt, þegar hann hefir við hægri hlið hv. 1. þm. Rang. og við vinstri hv. þm. Ísaf. En ég vil segja hv. 1. þm. Rang. það, að enginn þm. hér, hvorki við þessar umr. né fyrr, hefir fyrir því að svara honum efnislega. Þeir vísa honum frá, af því að hann er alltaf með dylgjur og skæting án þess nokkurn tíma að ræða efnislega um málið. Og hann veit það sjálfur og hæstv. fjmrh. og öll d., að það er þessi flokksbróðir ráðh., sem hefir leitt þennan tón inn í umr., sem hann kvartaði yfir. — Nú stendur svo á, að mínir flokksmenn hafa ámælt mér fyrir, að ég einu sinni fyrir nokkrum árum hafi verið svo heimskur að mæla með því, að þessi hv. þm. yrði dósent við háskólann. Ég segi, að ég harma það ekki, að ég skyldi gera það. En ég harma það, að þetta skyldi ekki takast, því að slíkur maður sómdi sér vel við hlið Sigurðar Einarssonar og væri betur þangað kominn.

Svo vil ég segja hæstv. ráðh. það, að þegar hann er að tala um ábyrgð ríkissjóðs, þá er eins og hann tali frá flokkslegu sjónarmiði. Hann má vita það, að ábyrgð ríkissjóðs er ekki takmörkuð við ábyrgð framsóknarflokksmanna, heldur og sjálfstæðismanna, og Sjálfstfl. hefir fullt málfrelsi. Og ennfremur vil ég segja honum það, þar sem hann heldur fram hér og hefir oft gert, að ef Sjálfstfl. væri við völd, þá hefði þurft að taka

það lán, sem hann nýlega bar fram, og öll önnur sem hann hefir tekið, að þetta veit hann ekki. Því að hann hefir aldrei í sinni stjórnartíð reynt neinar aðrar leiðir en gjaldeyrishömlur og innflutningshöft. Hann er blindur fyrir öllum öðrum leiðum. Hann má vita það, að ýmsar aðrar leiðir eru hugsanlegar til að leysa okkar vandræði heldur en gjaldeyrishömlur. (**Forseti:** Þá er ræðutímanum lokið). Ráðh. hefir alltaf farið þessa einu leið, sem öllum ber saman um, að leiðir til ranglætis og misréttis gagnvart þeim, sem við gjaldeyrisörðugleikana eiga að stríða.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég vil byrja á að láta í ljós undrun mína yfir því, að hér tala menn alltaf eins og taka eigi lán hjá ríkinu. Það er ekki ólíklegt til að lána! Þetta er svo skoplegt, að það tekur varla að tala um það. Og það er talað um, að Reykjavík geti ekki tekið lán, nema að leita á náðir ríkisins, eins og þessi — landsfrægi bráðum — hv. 1. þm. Rang. komst að orði, vitandi sjálfur, að það er hið mikla fjárhagsóreiðufen, sem þessir menn eru nú að skapa, sem er þess valdandi, að ekki þykir fært að lána meira fé til landsins. Það er næstum að segja grátbroslegt, þegar hæstv. fjmrh., sem hefir gortað af því við hver áramót í tveimur ræðum, hvað fjárhagur ríkisins hafi farið síbatnandi, en í lok hvers þings — ef ekki í byrjun — komið og beðið þingið um heimild til að taka lán til þess að fela það fen, sem hann hefir skapað á umliðnum árum, — það er grátbroslegt, þegar þessi ráðh. og hans fylgifiskar hér á þingi eru að hneykslast á því, að borgarstjóri Reykjavíkur fer til þess að leitast fyrir um lán til hins mesta þjóðþrifafyrirtækis, án þess að ráðgast um þetta við hið skinandi vel stæða ríki, sem gengið hefir fyrir hvers manns dyr í tíu ár til að velta vöngum og gera sig sem ömurlegastan betlara, og þar sem meira að segja núverandi fjmrh. hefir gengið undir það jarðarmen að skuldbinda sig til að leita nú ekki leyfis um meiri lán, ekki einu sinni ábyrgðar fyrir láni til nokkurrs manns, hversu þarflegs fyrirtækis, sem um væri að ræða.

Ég hefi svo stuttan tíma, að ég get ekki farið út í að ræða við hv. 1. þm. Rang. Hann spurði, til hvers Reykjavík hefði beðið um ríkisábyrgð, þegar hún er svona vel stæð. Hann veit vel sjálfur, að Reykjavík er ekki synjað um lán fyrir það, að hún sé ekki vel stæð og fyrirtækið ekki gott, heldur vegna þess, að ríkið hefir með ráðstöfunum sínum beinlínis sett lánveitingar til landsins í hættu um það, að lánveitendur fái ekki yfirfærðar *sínar afborganir og sína vexti*. Það er ríkið, sem ræður yfir þessu.

Annars vil ég segja það út af því, sem hv. þm. sagði um þingrofið 1931, að það er ekki að búast við, að hann hafi athugað vel þær yfirlýsingar, sem Framsfl. gaf þá út af væntanlegri Sogsvirkjun, því að hann var ekki í flokknum. Ég veit ekki, hvar hann var þá í hringnum, því að hann hefir verið *í flestöllum flokkum og er nú búinn* að bíta í sporðinn á sér. Og ég verð að segja, að af öllum þeim eymdarlánum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa tekið, er það áreiðanlega mesta óhappalánið, sem hann tók, þegar hann fékk þennan þm. að láni hjá kommúnistum.

Einar Olgeirsson: Þessar umræður, eins og þær hafa verið upp á síðkastið, hafa leitt eitt eftirtektarvert í ljós. Það er engum efa bundið, að fjöldi í Sjálfstfl., fylgir hitaveitunni af einlægni. En hitt hefir orðið greinilegt í kvöld, að til eru menn í flokknum, sem ætlast ekki til að framkvæma það mál fyrir fólkið, heldur til þess eins að geta notað það um heila eilífð í kosningabaráttunni í Reykjavík. Þegar um það var að gera, að koma þessu máli fljótt í gegn, og þegar allir flokkar takmörkuðu sig sem þeir gátu við umræðurnar, þá stendur hv. 8. landsk. upp til þess að hleypa örgustu flokkapólitík inn í málið. Ég býst við, að hann sé fulltrúi þeirra, sem sérstaklega hugsa sér að nota hitaveitumálið sem sérmál Sjálfstfl. eiliflega fyrir kosningar, en koma því ekki í framkvæmd. Ég vil segja við slíka menn, að það lítur út sem þeir þori ekki og vilji ekki koma á hitaveitu. Ég hefi samúð með því, að umr. sé flýtt, til þess að ekki takist að þvælast fyrir málinu. Og ég vil endurtaka það, að ág álít ennþá nauðsynlegra, eftir það, sem hér hefir komið fram, að láta bæjarstjórn Reykjavíkur fá þetta lán, 100%, eins og farið er fram á, til þess að ekki séu til nokkur undanbrögð fyrir þessa herra um það að afsaka sig á nokkurn hátt eftir á. En svo að ég leggi orð í belg um það, hverjum fjármálaóreiðan sé að kenna og hvernig væri nú komið, ef Sjálfstfl. réði, þá vil ég segja það stutt og skorinort: Þá væri landið komið sömu leið og Íslandsbanki fór forðum.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 6. þm. Reykv. var að svara mér nokkuð í sinni ræðu og sagði, að Reykjavík væri ekki neitt upp á það komin að fá ríkisábyrgð, hún gæti vitanlega fengið lán án ríkisábyrgðar. Hvers vegna er þá verið að fara fram á þetta? Því getur hver trúað, sem vill, en ég trúi því ekki, að Sjálfstfl. sé að gera að gamni sínu, eftir allt, sem á undan var gengið, með því að koma með þetta frv. Ég veit, að þess er full nauðsyn, og það er meiri trygging, að lán fáist með því móti. Og þá stendur ekki á okkur að verða við því að styðja þessar framkvæmdir. Mér þykja þessi ummæli hv. 6. þm. Reykv. einkennileg. En í næsta orði segir hann, að ekki hafi tekizt að fá lán vegna þess, að svo mikið óálit sé á ríkinu, þess vegna sé ekki hægt að fá lán án ríkisábyrgðar. M. ö. o., það sé ekki hægt að fá lán erlendis án ríkisábyrgðar, vegna þess að menn álíti, að íslenzka þjóðin standi varla í skilum. Þetta er nú röksemdafærsla hv. þm., og held ég, að hann ætti að fá 5 mínútur, en ekki 2, til að skýra út annað eins og þetta. (**SKr:** Ætli ráðh. fái ekki nóg af 2!) Ég vænti þess, að það sé ekki meining hv. þm. að koma hér og biðja um ríkisábyrgð fyrir láni til þess að minnka líkurnar til, að lánið fengist. Því að ef nokkur heil brú er í þessum ræðuhöldum, virðast það einna helztu fjörráðin við þetta mál, að veita ríkisábyrgðina. Og svo bölvað sem það hlýtur að vera *fyrir einstakling að fá lán, þá hlýtur það að vera*, eftir röksemdum hv. þm., ennþá verra, ef ríkið að einhverju leyti er bendlað við það. Nei, þetta er aumur skripaleikur hjá þm., sem betur hefði verið óleikinn.

Það hefir verið sagt, að það stafaði af hörmu-

legu fjárhagsástandi ríkisins, hversu þetta mál hefir tafizt. En af hvaða hörmulegu ástandi tafðist Sogsvirkjunin, ekki um nokkra mánuði, heldur svo árum skipti frá því að farið var að leita fyrir sér fyrst? Það er sá sorglegi sannleikur í þessu máli, að ýmsir hafa reynt að fá einhverjum flokkshagsmunum fullnægt með því heldur en að hægt væri að leysa málið sjálft sem fyrst. Þess vegna var það, sem Sjálfstfl. tók þá leið illu heilli, að starfa ekki í samráði við neinn um þetta mál, heldur pota því áfram einn, og það með þeim árangri, sem kunnur er. Það er sennilega þess vegna, sem tafir hafa orðið á því, að svo miklu leyti, sem tímabært er enn að tala um tafir í jafnmiklu stórmáli, ekki lengra en er síðan það kom á vettvang. En ástæðan til þess, að Sjálfstfl. ætlaði þessa leið í málinu, var engin önnur en sú, að þeir bjuggust við, að þetta myndi ganga, og ætluðu að koma á eftir sem stórir menn og segja: Hér erum við; við gátum fengið lán, en ríkið ekki. Það átti að nota þessar framkvæmdir til að minnka álit á íslenzka ríkinu. Að ég ekki fer hér með tómar fullyrðingar, sést bezt á því, hvernig blöð flokksins skrifuðu um málið, þegar þau héldu, að lánið væri fengið.

***Eiríkur Einarsson:** Það var um langt skeið í kvöld, að allir ræðumenn byrjuðu ræður sínar með þessu: Það skal ekki verða langt. En það varð lengra en menn ætluðu sér. En nú segir hæstv. forseti: Það skal ekki verða lengra en 5 mínútur. Annars stóðst ég ekki mátið að nota þennan rétt, til þess aðeins að láta í ljós nokkra undrun mína yfir því, hvernig gangur málsins er undir þessum umræðum. Það var komið í það horf í kvöld, þetta mál, að mér virtist, að allir hv. dm., eða allflestir a. m. k., væru á eitt sáttir um, að málið ætti að ná fram að ganga. Og allir, sem tóku til máls, lýstu yfir því, hver á sinn veg, að það væri svo mikils góðs af því að vænta, að það bæri ekki á neinn hátt að setja stein í veg þess. Þar virtist enginn pólitískur ágreiningur. Ágreiningurinn, sem um var að ræða, var þetta, hvort ábyrgjast skyldi alla væntanlega fjárþörf fyrirtækisins, 100%, eða 80 eða 90%, eftir till., sem lágu fyrir. Og það fóru fram skipulegar rökræður um þetta, og það virtist útrætt. En hvað skeður svo? Það er hleypt eldi í málið, eins og svo oft, því miður, á Alþingi (**Fjmrh.:** Hver gerði það?) Deilurnar bera þess vitni, hverjir það hafi verið, og það getur hver spurt sjálfan sig að því í einrúmi, þegar hann kemur heim í kvöld. Ég vil segja, að þetta hafi verið mikill óþarfi og þetta hafi verið illa farið. En það er eins og oft hefir komið fyrir, að það eru flokkserjurnar, sú illa fylgja bæði fjöldans meðal þjóðarinnar og eins, því miður, hins háa Alþingis, — það eru flokkserjurnar eða hið lakara í fari flokkanna, sem hér hefir sem oftar viljað hlaupa fram fyrir málefnið sjálft, og það mikilsvert málefni. Ég vil gjarnan mega tala hér í þrjú kortér og reyna þá að haga orðum mínum svo sem ég væri að segja „bí, bi og blaka“ við óþægt barn, þangað til nálgaðist sá blundur, sem hentaði undir atkvgr.

Fyrr á þinginu var hér rætt um möguleikana á stríðshættu og ráðstafanir, sem gera bæri gegn henni. Varkárni þeirri, sem þar kom fram, var svarað af ríkisstj. á þá leið, að hún hefði það mál til athugunar. En ég fullyrði það alveg, að eitt meginatriðið í þessu máli, sem liggur fyrir nú, er einmitt, að hér geti orðið nóg af því, sem áður varð að sækja með miklum kostnaði til annara. Kolin eru ekki lítill innflutningsliður, og þó að ekki væri um aðra kosti að ræða, mætti vissulega hugsa hitaveitumálið út frá því sjónarmiði. Hitinn er nú orðinn nógur í svipinn og séð, hvar þarf að bora. Það hefir gosið upp úr hér, og er betra að strókurinn sá lækki sem fyrst.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég hefi haldið mér við það málefni, sem er til umr., og vil því ekki fallast á ámæli hv. 6. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. um, að ég hafi haft í frammi málþóf.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi nú hafa það sér til málsbóta því, að hann sem einn af þm. Rvíkur kemur bónorðsför til hinnar hötuðu ríkisstj., að ríkið sé að bögglast með lán, sem setji lánveitendur í hættu um að fá lán sín yfirfærð. Hv. þm. segir þetta, þó að hann viti, að það lán, sem ríkisstj. er að taka, er gjaldeyrislán, sem fyrst og fremst á að tryggja yfirfærslu á lánum, m. ö. o., með lánsheimildinni hefði Rvík fengið tryggða yfirfærslu á þessu hitaveituláni til þriggja ára. Þetta kemur því úr hörðustu átt og sýnir, hvaða vandræði þm. Sjálfstfl. eru komnir í.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að mér færist ekki að minnast á ónógan undirbúning máls, svo ónógur undirbúningur sem hefði verið að rafveitumáli Ísfirðinga. Ég skal fullkomlega viðurkenna, að það mál var ekki nægilega undirbúið, en til þess eru vítin að varast þau. Þó er sá höfuðmunur hér og á Ísafirði, að hér er lagt í að leggja hita, sem að hálfu leyti er ekki til, en rafstöðina á Ísafirði þurfti aðeins að stækka um 40%, og það gerði framkvæmd verksins svo dýra. Annars vil ég segja um það, að verið sé að ganga á hlut Rvíkur með því að ætlast til, að hún útvegi 700 þús. kr. innlent lán, að Ísafjörður hefir vegna áhuga borgaranna og samtaka um rafveitumálið getað lagt fram af sinni miklu fátækt yfir 100 þús. kr., en svo er það álitin ofætlun fyrir þennan ríka bæ, Reykjavík, að leggja fram 700 þús. kr. Ég verð að segja, að fyrir þá menn, sem fyrir 3 vikum, töluðu um, að taka mætti allt lánið til hitaveitunnar, sem sé 3½ millj., innanlands, er þetta gjaldþrotayfirlýsing, að koma nú og segja, að verið sé að tefja fyrir verkinu með því að ætlast til, að einn fimmti hluti lánsins sé tekinn innanlands.

***Sveinbjörn Högnason:** Hv. 8. landsk. sagði, að ég talaði lítið um málefnið, og vildi sýna, hvað hann væri mér miklu fremri, með því að tala um 10 ára gamalt dósentsmál. Ég held, að varla sé hægt að fara lengra frá málefninu, sem fyrir liggur. Ég vil segja hv. 8. landsk., að þó að hann, meðan hann var ungur og tiltölulega óspilltur, hafi getað haldið á réttu máli, er það ekki sönnun þess, að hann sé nú á réttum grundvelli. Og mun enginn maður eftir þann feril, sem hann á að baki sér, treysta því, að hann sé færari nú til að vanda um spillingu. Harma ég þetta mjög

og vildi óska, að hann væri aftur orðinn ungur og saklaus.

Um ræðu hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja það, að það er varla, að ég geti fengið mig til að reyta í burtu allan þann óþrifnað. Það var líka bersýnilegt, að þar var komin uppgjöf með öllu. Hv. þm. segir, að vegna þess að ríkisstj. vilji taka gjaldeyrislán, séu aðrar lánveitingar í hættu. En frv. ríkisstj. var ekki komið fram, þegar borgarstjóri fór utan í vetur og fékk ekki lán. Enda hefir ekki annað verið tilgangur Sjálfstfl. frá upphafi en að fá trúgjarnt fólk til að trúa því, að þeir gætu komið þessu í framkvæmd. Það var einmitt það, að þeir þörfnuðust slíkrar trúar frá fólkinu í kosningunum í vetur. Þessi trú hefir nú reynzt falstrú og verður ekki heldur langlíf.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Það hefir naumast komið fram fleira í þessum umr. en ég er búinn að svara. Það er svo ömurlegt ástand þeirra manna, sem vilja fara með þetta mál, að ég er farinn að vorkenna þeim, hvernig sú aðstaða er orðin. Og ég held, að þeim sé bezt, hv. 6. þm. Reykv. og hans flokksbræðrum, að framkoma þeirra félli sem fyrst í gleymsku og mosa.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi engan heyrt tala um það nema stjórnarflokksmenn, að Rvík geti ekki fengið lán nema með ríkisábyrgð. Hitt er víst, að stj.flokkarnir eru að fá afgreidd l. um að undanskilja þá, sem ekki hafa ríkisábyrgð, því, að fá yfirfært fé í erlendum gjaldeyri, til þess að geta staðið í skilum, og það eitt er verið að tryggja nú, að ríkið beri ekki Rvík út og geri henni ómögulegt að standa í skilum. Það er því út í loftið, þegar hæstv. ráðh. í sínum vandræðum er að reyna að búa það til, að Rvík geti ekki fengið lán, af því að ríkið sé illa stætt. Ég vil segja hæstv. ráðh., að öllum er þörf á náðinni, en ekki sízt honum. Ég veit ekki til, að nokkur einasti ráðh. hafi gert sig svo frægan sem **lánbeiningamann** og hann. Hans fyrsta spor í ráðh.-stöðunni var að koma til þingsins og fá heimild fyrir 7½ millj. kr. láni erlendis. Ekki leið árið fyrr en hann kom aftur og sagðist nú þurfa að fá 11¾ millj. kr. Allt þetta fékk hann. Nú entist honum þetta lengi, í heil 2 ár. Þá kemur hann aftur og vill fá 3 millj. Hann fær þær. Líður nú tæpt ár þar til ráðh. kemur enn á ný og þarf nú aðeins 12 millj. kr.! Með þennan betliferil að baki sér fer það hæstv. ráðh. illa að blása sig svo út sem hann gerir í þessu máli, því að hann einn er mesti skuldakóngur hér á landi.

***Bjarni Bjarnason:** Hv. 6. þm. Reykv. ætlar að halda áfram sinni fögru málafærslu til síðustu stundar. Framkoma hans dæmir sig sjálf, og mun ég ekki fjölyrða um hana. En ég vil benda á það, þó að bæði mér og öðrum hv. þdm. sé ljóst, hve mikilsvert hitaveitumálið er, enda munum við ljá því fylgi okkar, — þá er okkur einnig ljóst, að fleiri mál eru stórmál. Ég vil benda á, að ríkið hefir nýlega gengið í ábyrgð fyrir láni til virkjunar Sogsins, og væri betra, að það gengi í frekari ábyrgðir fyrir rafveitulánum en hitaveitu Reykjavíkur. Rvík **ein** hefir fengið rafmagn frá Soginu. Það er þó réttlætismál, að fleiri fái að njóta þess, og eðlilegra að halda áfram að styrkja það fyrirtæki. Fyrir helminginn af því fé, sem hér er um að ræða, mætti veita Soginu til Eyrarbakka og Stokkseyrar og bæja, sem eru á þeirri leið, til Vestmannaeyja, Akraness og Borgarness, og ég fullyrði, að þjóðinni er miklu skyldara að gera þetta en að sjá Rvík einni fyrir hitaveitu. Það þarf enginn þm. né Reykvíkingur að halda það, að við, sem erum fulltrúar flokksins í byggðum landsins, sjáum ekki önnur mál, sem okkur eru skyldari. Það verður fróðlegt að sjá, hversu nú tekst til í næstu framtíð, því að ef á að halda áfram endalaust að hlynna að Rvík á allan hátt, en láta byggðirnar afskiptalausar, verður að grípa til einhverra ráða.

***Pétur Halldórsson:** Ég vona, að flestir hv. þdm., aðrir en hv. 2. þm. Rang., hafi skilið, á hvern hátt hið nýja, stóra gjaldeyrislán stendur í sambandi við ríkisábyrgð fyrir þessu láni, en samt er rétt að endurtaka ástæðuna fyrir því, að l. um gjaldeyrislánið gera ríkisábyrgð fyrir þessu láni nauðsynlega.

Gjaldeyrisráðstafanir eru til að tryggja það, að hægt sé að standa í skilum með vexti og afborganir af opinberum skuldbindingum. En gjaldeyrislántakandi bendir á, að þessar ráðstafanir séu ekki nógar, séu **ekki** trygging fyrir því, að hægt sé að standa í skilum um samningsbundnar afborganir. Þá kemur að því, að sú trygging, sem áður var fengin frá bönkunum, verður að vera sem öruggust, en engin trygging getur verið öruggari en ríkisábyrgð. Þar að auki hefir annað gerzt nú síðustu vikurnar, sem spillir almennri tiltrú á þjóðfélagi voru, sem sé, að í Bretlandi er látin fara fram athugun á ógreiddum skuldum Íslendinga. Það gerir þessar ráðstafanir enn nauðsynlegri.

Ég skal taka það fram, að láni til hitaveitunnar með ríkisábyrgð hefir ekki verið neitað, og þegar ég kom frá Svíþjóð í fyrra mánuði, hafði ég von um að fá þar lán **án** ríkisábyrgðar. Því segir í grg. frv., að ýmislegt hafi komið fram síðan, sem bendi á, að ríkisábyrgð sé nauðsynleg.

Ýmsir ræðumenn hafa sagt, að undirbúningur að þessu máli væri ónógur. Það má kannske segja, að hv. þm. séu ekki nógu kunnugir þeim undirbúningi, sem gerður hefir verið, eða ráðstöfunum til útvegunar lánsfjárins. Ég veit, að á því atriði eru byggðar miklar árásir til mín og meiri hl. bæjarstj. Rvíkur. En ég vil benda á, að undirbúningur er þó svo góður, að verkfræðingum frá Bretlandi fannst hann nægilegur, og ég vænti, að sænski verkfræðingurinn segi það sama.

Þá vil ég bara, vegna orða hæstv. fjmrh., segja þetta: Hann fór hörðum orðum um mig og meðferð mína á málinu, fyrir að ekki var leitað samþykkis bæjarstj. Rvíkur fyrst. En vill hæstv. ráðh. hugleiða, hvort sé réttara að samþ. fyrst heimildina og taka svo lán með hvaða kjörum sem bjóðast, eða að leita fyrst hófanna um kjörin og leita síðan samþykkis á þeim. Ég vona, að ráðh. reki sig aldrei á mismuninn á þessu, en hann er til.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af síðustu orðum hv. þm. vil ég taka það fram, að gagn-

rýni min var í þá átt, að samkv. viðtali hans við blöðin, eftir að hann kom heim, skildist mér, að hann hefði ekki einungis leitað eftir láni, heldur líka gengið frá því af sinni hálfu, að láni yrði tekið, og ég er sannfærður um, að hann hefir verið kominn svo langt í þeim umleitunum áður en nokkrar umr. höfðu orðið um málið í bæjarstj.

Það er eðlilegt, að hv. þm. reyni að skýra það frá sinni hlið, hvernig stendur á því, að ríkisábyrgð er nauðsynleg nú, en ekki áður, en ég vil benda á, að gjaldeyrisvandræði okkar voru vel kunn hlutaðeigendum, meðan verið var að leita eftir láni án ríkisábyrgðar, svo að nýtt gjaldeyrislán getur engu breytt, því að það er gert ráð fyrir því í grg., að bæjarfélög séu jafnvel sett um gjaldeyri og önnur fyrirtæki. Við vitum vel, að það hefir verið krafizt ríkisábyrgðar á hliðstæðum fyrirtækjum áður, svo að enginn býsnast yfir því. Akureyri gekk a. m. k. illa að fá lán án ríkisábyrgðar, þegar hún reyndi það. Og við vissum, að það þurfti ríkisábyrgð fyrir Sogsláninu. Þess vegna tel ég það í raun og veru ástæðulaust, að vera að metast á um það, hvers vegna það muni vera varlegra að hafa ríkisábyrgð fyrir þessu láni. Við vitum, að það er þörf á því, og á því byggist þetta frv. Það er því ekki hafandi að neinu, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan um þetta efni. Þetta mál er hvort sem er ekki flutt aðeins til skemmtunar, heldur af því, að þörf er á því. Ef hans ummæli áðan væru rétt, þá nægði að flytja frv. um, að það ætti að yfirfæra af þessu láni jafnt og af ríkislánum. En það hefir ekki verið talið nægilegt. Ég kann því hálfilla við þau ummæli, sem um þetta hafa fallið bæði hér á Alþ. og utan þings af hálfu þeirra, sem að þessari lántöku standa, um fjárhagsafkomu þjóðarinnar í heild sinni, á sama tíma og þeir biðja um ríkisábyrgð fyrir þessu láni. Það er líkt eins og t. d., að maður kæmi til annars manns og segir: Við þurfum að fá skrifað upp á þennan víxil, þú værir kannske fáanlegur til þess, en það er ekki þar fyrir, að það er vitað, að þú ert þekktur að vanskilum og lánstraustsleysi.

Við vitum, að íslenzka þjóðin er í vandræðum með að greiða vörur þær, sem hún þarf nú á að halda. Valda því utanaðkomandi örðugleikar, eins og það, að nú höfum við þriðja aflaleysisárið í röð, og einnig hefir saltfisksmarkaður okkar dregizt mjög saman. Samkeppnisþjóð okkar, Norðmenn, borga nú 32 kr. á hvert skippund til þess að fá markað fyrir sinn fisk. Þegar þetta ástand er notað til þess að mála það sem allra svartast fyrir augum ókunnugra, þá verð ég að segja, að mér finnst það mjög óviðkunnanlegt, af því að ég veit, að við trúum því allir undir niðri, að þjóðin sé fær um að standa undir sínum skuldbindingum, og ekkert bendir til annars, hvernig sem okkur tekst að fljóta yfir örðugleika yfirstandandi tíma. Og hvers vegna á þá að reyna að gera hver öðrum skaða með því að halda öðru fram?

***Pétur Halldórsson:** Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að ég hefi ekki orðið var við það, við umleitanir fyrir lántöku til hitaveitunnar, að sú lántaka hafi ekki getað gengið af því, að það hafi staðið á ríkisábyrgð. Má ég líka minna hæstv. fjmrh. á það, þar sem hann sagði, að gjaldeyrisörðugleikarnir hefðu verið kunnir í haust, að á sama tíma sem ég þóttist mega treysta því, að lán stæði til boða til hitaveitunnar ríkisábyrgðarlaust, þá hélt þessi sami hæstv. ráðh., að á sama hátt stæði til boða með ríkisábyrgð lán fyrir Akureyrarkaupstað í London. En það gilti sama um bæði þessi lán, hver sem ástæðan er til þess, að þau fengust ekki.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er alveg rétt hjá þessum hv. þm., sem hann sagði um Akureyrarlánið, og ég ætla ekki að fara langt út í að ræða það hér. Ég hygg þó, að það lán hafi verið á ferðinni á eftir hitaveituláninu, í hvaða sambandi, sem það kann að standa hvað við annað að öðru leyti. Þó er ég ekki viss um það.

ATKVGR.

Brtt. 557 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BjB, EystJ, JörB.

nei: HG, HV, ÍslH, JakM, JPálm, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv.

2 þm. (StSt, GG) fjarstaddir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. flm. brtt. 568, að síðasti hluti brtt. verði borinn upp til atkvgr. sér í lagi, ef þeir geta ekki fallizt á að taka brtt. aftur, þar sem stendur „enda sé tilhögun veitunnar samþ. af ríkisstj. og útvegun lánsfjár gerð í samráði við hana." — Það getur valdið óþægindum í sambandi við lántökuna að hafa þessi ákvæði í l. Eins leiðir það af sjálfu sér, að ríkisstj. fylgist með þessu, þar sem þetta er aðeins heimild. En þetta gæti valdið óþægindum, að hafa þetta þarna.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég get ekki fallizt á þessa till. hæstv. fjmrh. Ég sé ekki, að þetta geti valdið þeim örðugleikum, sem hann talaði um.

Forseti (JörB): Ég veit ekki nema það kunni að vera eitthvað til í því, að þetta geti valdið óþægindum, að slíkt ákvæði sé í sjálfum l. sem þessum, og vil beina því eindregið til hv. flm., hvort þeir láti það ekki hlutlaust, þó að þessi skipting verði höfð á brtt. við atkvgr. um hana. — Verður þá tillgr. borin upp út að orðunum „enda sé tilhögun" o. s. frv.

Brtt. 568 (fyrri hlutinn, aftur að orðinu „enda") felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HelgJ, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, JörB.

nei: GSv, HV, ÍslH, JakM, JPálm, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, TT, ÞBr, EOl, EE, GÞ.

BÁ greiddi ekki atkv.[1])

1) **BÁ:** Þar sem búið er að fella till. meiri hl. n. og þar með að þverbrjóta þær reglur, sem undanfarið hefir verið fylgt um hliðstæðar ábyrgðir, t. d. fyrir Ísafjarðarkaupstað og Akureyri, tel ég mjög litlu máli skipta, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki, og greiði því ekki atkv.

2 þm. (StSt, GG) fjarstaddir.
Brtt. 568 (síðari hluti) felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, BjB, EOl, EmJ, FJ,[2]) HG, HelgJ, HV, ÍslH.
nei: TT, ÞBr, BJ, EE, EystJ,[1]) GÞ, GSv, JakM, JPálm, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, JörB.
ÁÁ, BÁ greiddu ekki atkv.
2 þm. (StSt, GG) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 12. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, 595).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 595. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég skal ekki tefja mikið fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég hefi borið fram brtt. við frv., sem er á þskj. 595 og takmarkar þessa ábyrgðarheimild við 90% af stofnkostnaði, eða 6,3 millj kr., eftir því sem farið er fram á í frv. Þessi brtt. var einnig borin fram í hv. Nd. af Alþfl.mönnum þar, en féll með jöfnum atkv. við 3. umr. málsins.

Ástæðan til þess, að við jafnaðarmenn viljum binda þetta við 90%, er sú, að ýms bæjarfélög úti um land hafa fengið ábyrgðir, sem bundnar eru við 80% af kostnaðarverði fyrirtækjanna, sem lán hafa verið fengin til út á ábyrgðir ríkisins. Við vildum heldur hafa þessa ábyrgðarheimild bundna við 90% heldur en 80% af kostnaðarverði, úr því ekki var hægt að fá ábyrgðina fyrir 100% kostnaðarverðs.

Það mun nú þegar vera búið að leggja fram fé fyrir ýmsa vinnu við undirbúning þessa fyrirtækis, sem mun falla inn í stofnkostnað þess. Það er ýms vinna hér heima, sem mun nema þessari upphæð, sem við leggjum til, að ekki verði veitt ríkisábyrgð fyrir. Auk þess má færa það fram sem ástæðu fyrir því að veita ekki ábyrgð fyrir allri lánsupphæðinni, að ekki má til minna ætlast en að þeir, sem trúa á réttmæti þessa fyrirtækis og að það muni bera sig vel og ætla þess vegna að leggja í það, vilji sjálfir leggja fram þessi 10% af stofnkostnaðinum, til þess að koma málinu áfram.

Ég vil á engan hátt vekja deilur hér í þessari hv. d. um þetta mál, en vænti þess, að þessi brtt. nái fram að ganga.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Framsfl. hefir ákveðið að fylgja þessu máli með því fororði, að ábyrgðarheimildin verði bundin við 80% stofnkostnaðar. Það er vegna þess, að við viljum ekki láta brjóta þá reglu, sem við höfum reynt að taka um svona ábyrgðarheimildir, að ríkið ábyrgðist ekki 100% þeirrar fjárhæðar, sem gengur til slíkra fyrirtækja. En það er vitanlegt, að fyrir því er ekki fylgi í þinginu, að binda þetta við 80%. En ég geng út frá því sem sjálfsögðu, að þar sem ekki getur orðið samkomulag á Alþ. um að takmarka þessa ábyrgð við 80% kostnaðarverðs, þá verði hallazt að því, að binda hana við 90% kostnaðarverðs, því að þeirri grundvallarreglu verður ekki vikið frá, að ríkið ábyrgist ekki lán, sem nemur öllu kostnaðarverði þeirra fyrirtækja, sem ríkisábyrgðir annars eru veittar fyrir lánum til. Ef ríkisábyrgð væri veitt að fullu fyrir láni, jöfnu fullu áætluðu kostnaðarverði þessa fyrirtækis, mundu önnur bæjarfélög og sveitarfélög, sem endalaust mundu sækja um ríkisábyrgðir, koma undir það sama og verða að fá samskonar fríðindi, ef um ríkisábyrgðir væri að ræða fyrir þau.

***Magnús Jónsson:** Það er ekki þörf á miklum umr. um þetta mál. Það var rætt svo mikið í hv. Nd., og hv. þm. þessarar d. munu margir hafa fylgzt með því.

Það má út af fyrir sig segja, að hvort þessi brtt. verður samþ. eða ekki, þá sé það ekki svo mikið atriði fyrir málið, að það strandi á því. Og má segja með nokkrum rétti, að Reykvíkingar geti lagt fram þessi 10%. Ég geri ráð fyrir, að út af fyrir sig sé ekki það erfiðasta í sambandi við þetta mál, að geta kannske skrúfað út sem lánsfé innanlands þessa fjárhæð, 10% af láninu. En ef lánið er á annað borð fáanlegt í heild sinni sem gjaldeyrislán, þá álít ég það hentugra að fara þá leið heldur. Það er t. d. vitanlegt, að þeir peningar, sem þannig væru teknir innanlands til þess að festa þá í þessu fyrirtæki með því að kaupa fyrir þá skuldabréf til þess að framkvæma þetta fyrirtæki, þeir eru dregnir út úr veltunni frá öðru, sem við vitum, að hefir tilfinnanlega skort lánsfé. Peningar, sem fengnir væru að láni innanlands til þessa fyrirtækis, geta ekki komið annarsstaðar að, en að menn dragi þá út úr lánsstofnunum og frá þeim þörfum, sem lánsstofnanirnar eiga og verða að sjá fyrir. Þar að auki, eins og gjaldeyrisástandið er nú, þá er ómögulegt að neita því, að það léttir gjaldeyrisástandið, að sem mestur hluti þess lánsfjár, sem þarf til svona fyrirtækja, sé, ef auðið er, í frjálsum gjaldeyri. Svo og svo mikill hluti þess gengi til efniskaupa erlendis. Mér finnst í raun og veru ekki ástæða fyrir hæstv. Alþ. að draga úr þeim parti lánsins, sem kemur fram sem léttir á gjaldeyrisástandinu. Ég get a. m. k. ekki séð það, svo framarlega að það liggi fyrir, að lánið geti fengizt án þess.

Ég hefi líka heyrt sem aðalástæðu fyrir því, að þessa ábyrgð eigi ekki að miða við 100% láns-

---

1) **Fjmrh.:** Þar sem þessi l. eru aðeins heimildarlög fyrir ríkisstjórnina, og þar sem það er skilyrði fyrir öllum ríkisábyrgðum, samkvæmt sérstökum ákvæðum í fjárl., að allar lántökur, sem ríkisábyrgð er fyrir, fari fram í samráði við ríkisstjórnina, álít ég þessa brtt. óþarfa og get hugsað, að hún verði til tafar fyrir málið, og segi því nei.
2) **FJ:** Þar sem mjög er óvíst, að þau ákvæði, sem hæstv. fjmrh. talaði um, gildi í þessu tilfelli, segi ég já.

ins, að það sé grundvallarregla, að ríkið gangi ekki í ábyrgð fyrir láni, sem nemur allri þeirri fjárupphæð, sem áætlað kostnaðarverk fyrirtækja er. En mér finnst, að sú grundvallarregla sé ekki allskostar rétt, heldur eigi um þetta að gera nokkurn greinarmun á fyrirtækjum, eftir því, hvort þau hafa í för með sér mikla fjárhagslega áhættu eða ekki.

Nú skal ég ekki reyna að sannfæra hv. þm. um, að hér sé ekki um áhættufyrirtæki að ræða, því að þeir vita allir, að svo er ekki. Eini gallinn á fyrirtækinu er það, að heita vatnið er kannske ekki nóg fyrir bæinn, sem enn er fundið á Reykjum í Mosfellssveit. Eftir því sem sérfræðingar utan lands og innan telja, þá er þetta eini gallinn á fyrirtækinu. En útreikningar virðast sýna það, að hér sé mjög lítil eða algerlega hverfandi áhætta. Og þó að ríkið vildi láta vera eitthvert áhættuprósentur að jafnaði í sambandi við ríkisábyrgðir, þá sé ég ekki ástæðu til þess, að það ætti að halda svo fast í þá reglu sem grundvallarreglu, að þá reglu eigi að láta gilda um lán til fyrirtækis, sem hefir enga áhættu í för með sér, eins og þetta fyrirtæki.

Ég óska, að þessi brtt. verði ekki samþ., heldur verði frv. samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. En það eru aðeins örfá orð um þetta atriði, hvort eigi að veita ábyrgð fyrir 80%, 90% eða 100% af lánsupphæðinni. Ég get ekki verið í neinum vafa um það fyrir sjálfan mig, og ég skil heldur ekki í, að aðrir þurfi að vera í vafa um, að það getur ekki talizt rétt að veita ábyrgð fyrir 100% af lánsupphæðinni, fyrir þá sök, sem hæstv. fjmrh. benti reyndar á, að það er nauðsynlegt að halda fast við þá grundvallarreglu viðvíkjandi þessum ábyrgðum, að þeir, sem hlut eiga að máli, leggi eitthvað fram sjálfir, því að annars yrðu lánsábyrgðarbeiðnirnar alveg endalausar og ekkert, sem setti skorður fyrir því, að um slíkar ábyrgðir sé beðið, og til þess að lögð sé áherzla á að framkvæma þau verk, sem beðið er um ábyrgðir fyrir lánunum til að framkvæma. Ef haft er þetta öryggi, að þeir, sem ríkið gengur í lánsábyrgðir fyrir, leggi fram 10—20% sjálfir, þá tryggir það, að þeir ráðist ekki í fyrirtæki, nema þeir hafi trú á fyrirtækinu. Þetta öryggi er í sjálfu sér nauðsynlegt. Og í þessu máli er um það að ræða, að sá, sem ræðst í fyrirtækið, leggi fram 10% af stofnkostnaðarupphæðinni sjálfur. Þessi 10% þessa láns nema bara skuldum, sem safnazt hafa fyrir hjá bænum. En sleppum því. Ég er hissa á því og mér þykir miður farið, að Reykjavíkurbær skuli hafa beðið um meiri ábyrgð en fyrir 80% lánsins. Þó að við lítum á þetta mál sem mikið framfaramál, ef það verður vel framkvæmt, sem ég vil vona, að það verði, þá ber á það að líta, að þessari reglu, að ríkið gangi aðeins í ábyrgð fyrir 80% lánsupphæðarinnar, hefir verið fylgt í seinni tíð um þau lán, sem ríkið hefir gengið í ábyrgð fyrir bæjarfélög, eins og t. d. Akureyrarbæ vegna rafveitu þar, og Ísafjarðarkaupstað.

En þegar við lítum á þetta mál, þó að við álítum það mikið nauðsynjamál, þá er ómögulegt annað en að sú hugsun komi upp hjá okkur, að nú, þegar við erum að veita þessa ábyrgð fyrir hitaveitu til Reykjavíkur, er það mjög margt, er þarf að gera, og þá hugsum við óhjákvæmilega um allar þær ábyrgðir, sem neitað hefir verið um og neitað er um til annara aðkallandi hluta. Hér í Rvík er búið að framkvæma (án þess að ríkisábyrgð hafi þó verið veitt fyrir því öllu) vatnsveitu, tvær rafmagnsveitur, — önnur með allt að 7 millj. kr. ríkisábyrgð —, og nú á að koma hingað til Reykjavíkur heitt vatn. En á sama tíma er beðið um fyrir einstök kauptún og þorp hér í nágrenni, að þau fái ríkisábyrgð til þess að leiða til sín það rafmagn, sem nú er afgangs við Sogið og verður þar að engu; og við getum ekki orðið við þeim beiðnum. Rafmagnið flæðir til Reykjavíkur og hún hefir nóg rafmagn. Menn vita, að það fer mikið rafmagn forgörðum í Soginu, verður þar að engu. En við getum ekki leitt það til þeirra staða, sem þurfa að fá það, Vestmannaeyja, Stokkseyrar, Eyrarbakka, Keflavíkur. Þetta verða íbúar þessara staða að búa við, meðan við erum að stofna til nýrra þæginda hér í höfuðstaðnum. Við verðum einnig að neita Akranesi um ríkisábyrgð fyrir láni til þess að geta komið á hjá sér svo einföldum lífsþægindum eins og vatnsveitu, sem Akranes hefir reynt að fá ríkisábyrgð fyrir. Þess vegna verðum við ákaflega mikið að gæta að okkur, þó um það sé að ræða að framkvæma nauðsynjamál, að framkvæma þá ekki um leið það, sem má orða þannig, að það sé fullkomið ranglæti gagnvart öðrum stöðum, sem ekki fá að njóta ríkisábyrgðar fyrir *lánum til framkvæmda hjá sér.* Þess vegna er ég hissa á því, þegar Reykjavík fer fram á ríkisábyrgð fyrir meiru en 80% af láni til að framkvæma þetta fyrirtæki, sjáandi það, að þorpin hér í nágrenninu bíða eftir rafmagni, sem þegar er til, og þegar aðrir hafa ekki fengið meiri ábyrgðir í seinni tíð en fyrir 80% af lánum til sinna framkvæmda. Þó að ég muni nú fylgja brtt. um 90% ábyrgð, get ég vel viðurkennt, að það er alveg vafasamt, hvort það er réttlætismál, að þetta fyrirtæki gangi um ríkisábyrgð á undan öðrum, jafnvel þótt ekki væri um meiri ábyrgð hér að ræða en fyrir 80% lánsupphæðarinnar, hvað þá er farið er fram á 100% ábyrgð. Og þeir, sem ætla sér að að fylgja því, að ríkið veiti ábyrgð fyrir 100% lánsupphæðarinnar, mega vita, að það er ekki í samræmi við réttlætistilfinningu fólksins, að Reykjavík fái 100% lánsábyrgð fyrir hitaveitu.

Brynjólfur Bjarnason: Ég mun greiða atkv. á móti þessari brtt., sem hv. 11 landsk. ber hér fram, vegna þess að ég vil, að það verði a. m. k. ekki hægt að kenna því um, að það, að binda ábyrgðina við 90%, en ekki 100% lánsins, verði til þess að tefja fyrir skjótri framkvæmd lántökunnar. Ég get ekki fallizt á þær röksemdir hæstv. forsrh., að hér sé um óréttlæti að ræða gagnvart öðrum landshlutum, og þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að hér er um mál að ræða, sem ég held í fyrsta lagi, að allir séu nokkurnveginn sammála um, að ekki feli í sér neina áhættu, og auk þess er ekki aðeins hagsmunamál Reykjavíkurbæjar, heldur allra lands-

búa, bæði að því er snertir aukna atvinnu, sem þessum framkvæmdum fylgir, og eins er þetta stórvægilegt mál fyrir gjaldeyrisástandið í landinu. Það getur vitaskuld ekki orðið á neinn hátt til þess að tefja fyrir því, að t. d. Vestmannaeyingar fái sína rafveitu eða að Akurnesingar fái sitt vatn, þó að þessi ríkisábyrgð væri miðuð við 100% lánsupphæðarinnar, og ég get þess vegna með engu móti skilið, að það mundi særa réttlætistilfinningu neins, heldur þvert á móti hygg ég, að þetta fyrirtæki sé svo mikið hagsmunamál fyrir landið í heild sinni, að það mundu allir vera sammála um, að ekki bæri að gera neitt, sem gæti orðið á neinn hátt til þess að tefja fyrir framkvæmd málsins.

*__Magnús Jónsson:__ Ég hefi enn ekki neina ástæðu til að tefja fyrir málinu og vil ekki slá hér til annars tóns en hefir verið í þessum stilltu umr. En ég vil segja, út af því, sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni í sambandi við þetta fyrirtæki, að hvað sem menn segja um þau fyrirtæki, sem Reykjavík hefir með höndum, svo sem það, að rafmagn sé hér of dýrt, o. þ. h., þá hafa þau verið rekin kaupmannslega nokkuð vel og verið borguð niður, þannig að engin áhætta fylgir þeim fyrirtækjum eins og þau hafa verið rekin. Og það er ekki vafi á því, ef ekki breytist allt stórkostlega, að hér er um tryggt fyrirtæki að ræða frá því sjónarmiði, að reka það án allrar áhættu. Ég vil því ekki fallast á, að það geti ekki verið rétt að veita 100% ríkisábyrgð.

Við skulum nú segja, að Reykjavík þurfi ekki á 100% ábyrgð að halda og að hitaveitan kæmist upp án þess. En geta þá ekki verið aðrar ástæður til þess, að það sé rétt að fá lánið allt í erlendum gjaldeyri, án sérstaks tillits til hagsmuna Reykjavíkurbæjar, heldur með tilliti til þess að gera lántökuna hentuga fyrir þjóðina í heild? En að Reykjavíkurbær sýni trú sína á fyrirtækið með því, að skilið sé eftir þetta af láninu, 10—20%, sem ríkið gengi ekki í ábyrgð fyrir, þá held ég, að sú trú sé ekki mikil hjá þeirri trú, sem þarf til þess að ráðast í fyrirtækið yfirleitt, því að það er náttúrlega Reykjavíkurbær, sem verður að bera ábyrgð á rekstri þessa fyrirtækis. Og ef lánveitandinn vill lána fé til fyrirtækisins, þótt ábyrgð ríkisins sé veitt fyrir 100% þess, þá treystir lánveitandinn því, að það geti borið sig. En áhættuprósentur eru hafðar, ef ekki er trú á fyrirtækið án þess.

Það er vitanlega leiðinlegt að geta ekki sinnt öðrum fyrirtækjum, sem hæstv. fjmrh. nefndi, með ríkisábyrgðum, sem landsfólkið hefir mikla þörf fyrir, að framkvæmdar séu, t. d. eins og því, að leiða rafmagn frá Soginu um mikinn hluta landsins. En það er ómögulegt að komast í kringum það, að það er enginn fjárhagslega tryggur grundvöllur fyrir hendi undir þær framkvæmdir. (__Forsrh.:__ Það er fjárhagslega tryggur grundvöllur fyrir mörgum leiðslunum). Jæja, þá er sjálfsagt að ráðast í þau fyrirtæki eins fljótt og unnt er. Það er oft, þegar tveir menn fara í banka til að reyna að fá lán til fyrirtækja sinna, þá þykir annað fyrirtækið tryggara og lán er veitt til þess, en hinn maðurinn fær ekkert lán, og getur þá réttlætistilfinning þess, sem ekkert fær, særzt af því. En það er svo fjarri því, að þetta fyrirtæki spilli á nokkurn hátt fyrir því, að rafmagn verði leitt frá Soginu, heldur þvert á móti. Með því kolaverði, sem nú er, skilst mér, að það verði nú að kaupa kol fyrir hátt á aðra millj. kr., á móti því, sem þessi hitaveita á að geta orkað að hita upp hér í bænum. Það er því stórkostlegur gjaldeyrissparnaður í því fólginn, að sleppa með vexti og afborganir af þessu byrjunarláni til þess að virkja þetta 170 lítra magn af heitu vatni, sem nú er fyrir hendi til að virkja, þar sem virkjunin myndi spara svo mikil kolakaup og þar með gjaldeyri.

Ætla ég svo ekki að tefja málið með lengri ræðu.

*__Jónas Jónsson:__ Þetta mál verður nú víst, sem betur fer, afgr. með skemmri ræðutíma hér í hv. d. heldur en var í Nd. í nótt. En það hefir nú verið svona eðlileg afleiðing af eldri hlutum,að menn bjuggust nú við, að það væri bót að því að gera svona hreint eins og þar var gert í þessu máli eða nota það til innra uppgjörs. Maður vill vona, að það hafi ekki óþægileg eftirköst, heldur hafi aðeins verið innri hreinlætisráðstöfun, sem mátti búast við eftir gömlum og nýjum andstöðum. En það væri ákaflega æskilegt vegna þessa máls út á við, að það hætti sá gamli leikur, að mál, sem mjög snerta viðskipti okkar við útlönd, séu notuð til innra uppgjörs. Ég hefi fulla ástæðu til að segja þetta, af því að enginn hefir orðið fyrir meira aðkasti í sambandi við þetta mál, og enginn hefir heldur reynt meira til þess fyrr og síðar að halda málum, sem snúa mjög að útlöndum, utan við deilur hér hjá okkur en ég.

En um það, hvort veita skuli ríkisábyrgð fyrir 90 eða 100% af þessu láni, finnst mér, að hvort af þessu, sem gert verður, þá sé það fremur leiðinleg afgreiðsla á málinu. Það var vitað, að bærinn gerði fyrst ráð fyrir, að hann þyrfti ekki beinlínis á ríkisábyrgð að halda vegna þessarar lántöku. En það hefði þó orðið nokkuð nærri því, því að það hefði þó alltaf orðið að koma til greina fyrir Reykjavíkurbæ yfirfærslutrygging hjá Landsbankanum vegna þessarar lántöku á sínum tíma. En nú er horfið að þessu ráði. Það er ekki oft, sem því er vel tekið í blöðum Sjálfstfl., sem ég sting upp á. Ég held, að í 20 ár hafi kannske aldrei nema í þetta eina skipti komið fram einskonar samstarfsgrundvöllur, sem mér virtist vera sjáanlegur um það, að það yrði reynt í þessu hitaveitumáli að hjálpast að í að taka eitthvað verulegt af peningum til þessarar framkvæmdar innanlands og treysta á fórnfýsi borgaranna í þessu máli, en leita aðallega til útlanda um það fé, sem gengur til kaupa á útlendu efni, sem þarf til fyrirtækisins. Og þó að þessi leið verði ekki farin nú, þá stendur hún einhverntíma í fullu gildi. Það verður einhverntíma að hætta því að taka lán erlendis líka til þess að borga verkakaup, auk þess sem nauðsynlegt er og verður sennilega oft að fá þau til kaupa á erlendu efni.

Nú hefir verið hallazt að því af forráðamönnum bæjarins að óska eftir 100% ábyrgð fyrir

þessu láni. En Framsfl. í Nd. hefir aftur á móti haldið fast við sína gömlu kröfu um, að aðeins 80% ábyrgð verði veitt, kröfu, sem hefir verið beitt gagnvart hinum fátækari bæjum, svo sem Akureyri og Ísafirði, og hv. þm. búast við, að þau bæjarfélög geti staðið undir. Þá kemur að því, að Alþfl. slær undan. Alþfl. hefir ekki þá ábyrgðartilfinningu að geta staðið með stjórninni í þessu máli, þó að hann að vísu beri ábyrgð á ríkisstj. enn. Og það er alveg eins og komið hefir fram í hverju málinu eftir annað hér á þingi í vetur, að þar, sem Framsfl. hefir reynt að bjarga málum viðkomandi atvinnu manna og öðru, til þess að rétta eitthvað við úr niðurlægingarástandi, þá má heita, að Alþfl. hafi alltaf brugðizt. Það eru nú tvö ný dæmi um þetta alveg sérstaks eðlis. Alþfl. hefir tekizt á síðustu stundu að eyðileggja iðnlöggjöfina nokkurn veginn. Það eina, sem getur huggað mann því viðkomandi, er, að það má skoða það mál sem einskonar tilraun um það, hvort menn séu farnir að skilja þá hættu, sem stafar af kommúnistiskum áhrifum í Alþfl. Niðurstaðan varð sú, að Alþfl. fór nákvæmlega í för kommúnista með því að taka upp allar þeirra kröfur. Alþfl. er ekkert hissa á því, að með iðnlöggjöfinni sé lokað fyrir það, að nokkur maður geti lært rafmagnsiðnað, þegar svo nauðsynlegt er að leiða rafmagn frá Soginu eins og nú er. Einmitt þessi aðstaða, að iðnaðarmenn eru búnir að móðga þjóðfélagið og svíkja það traust, sem þeim var fengið. Þessir menn hafa fengið nokkurnveginn það, sem þeir hafa viljað. En það, sem samt hefir hafzt upp úr þessari tilraun, er, að það er búið að prófa þingið. Það er vitanlegt, að svo að segja hver einasti maður í tveim aðalflokkum þingsins er með þessum lögum. Hinsvegar á Alþfl. eftir að gera það upp við sig fyrir næsta þing, hvort hann ætlar yfirleitt að leika það hlutverk, að láta í hverju atriði undan kommúnistum. Þá sé ég ekki hver hans sérstaða verður. — Svo er annað mál, sem var afgr. í gær, þar sem verið er að gera leik að því að spilla atvinnu og níðast á þeim, sem sízt mega við því. Mér skilst, að hv. þm. Ísaf. hafi komið með till. í Nd. um það, að skylda þessa litlu mótorbáta, sem safnast víða af landinu norður fyrir land á síldveiðar og verða að vinna tveir saman, til að hafa 8 yfirmenn. Þessi ágæti forkólfur sjómannastéttarinnar, sem mér líkaði oft vel við fyrr á árum, vill nú ekkert annað en að þessir bátar verði að hafa 8 yfirmenn, og þetta er samþ. í gærkvöldi. Það eru slíkir erfiðleikar, sem alltaf eru, þegar meirihlutaflokkur er ekki í stjórn. Þetta hefir flokkur, sem hefir ábyrgðartilfinningu, eins og Framsfl., oft orðið að gera í samstarfi við Alþfl., að ganga inn á til bráðabirgða ósanngjarnar kröfur, sem kemur fljótlega til, að þurfi að laga, eins og iðnlöggjöfina og siglingarlöggjöfina. (**BrB:** Þetta er nú hitaveitan). Já, þetta er um hitaveituna, en ég þarf ekki að sækja ráð til þessa manns, sem greip fram í, hvernig ég haga orðum mínum hér. Ég er að víta ýmiskonar ábyrgðarleysi, sem mikið hefir borið á upp á síðkastið. Það birtist í áhugaleysi kaupmannastéttarinnar, sem heldur því fram, að eigi að flytja takmarkalaust inn í landið, þó að ekkert sé til að borga með. Eins hefir nokkur hluti af verkamannastéttinni undir áhrifum kommúnista og manna þeim skyldum sýnt sitt mikla ábyrgðarleysi í því að halda áfram að sökkva framleiðslunni. Og þrátt fyrir það þótt öllum mönnum sé það vitað, að það er ekkert vit í öðru en borga sjálfir kaup verkamanna, sem vinna í þessu fyrirtæki, þá vilja sumir ekki sætta sig við annað en að borga allt með útlendu fé. Það hefir nú ekki tekizt að ná samvinnu um þetta á heilbrigðum grundvelli, og ég álít það rangt hjá Sjálfstfl. og Alþfl. að sætta sig ekki við 80%. Ég verð að segja það, að ég gef ekkert fyrir þetta málamyndayfirklór Alþfl. í þessu efni. Og ég fyrir mitt leyti lýsi því yfir, að allt þetta athæfi er mér svo fjarri skapi, að ég vil ekki koma nærri að bera ábyrgð á því. Mun ég þess vegna ekki greiða atkv., af því að ég álít þetta vera til skammar og verð þess vegna að unna Alþfl. þess, að hann hefir eins og oftar nú á síðustu stundu flúið frá málum. Það er bezt, að hann fái ánægjuna af því líka að flýja í þessu máli með sínum höfuðandstæðingum, sjálfstæðismönnum. Þessi mál öll saman hafa verið rekin alveg sérstaklega af hv. 11. landsk. og hans mönnum. Þau verða sem eftirmæli eftir þetta þing og eftir þann hugsunarhátt, sem þessi flokkur hefir sérstaklega staðið að.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég vil ekki gera hv. þm. S.-Þ. það til ánægju að fara í sérstakar eldhúsumr. í þetta skipti. Ég ætla aðeins að benda honum á, að ég er mjög ánægður yfir, ef þær endurbætur, sem gerðar hafa verið á iðnlöggjöfinni og siglingalöggjöfinni, verða sem eftirmæli þessa þings, sem tekizt hefir að koma fram í fullu trássi við þennan hv. þm. Annars verð ég að segja honum almennt, að ég fyrr á árum hafði mikla samúð með þessum hv. þm. og töluvert uppáhald að sumu leyti, meðan hann með fullri einurð kom fram gegn afturhaldi og spillingu í landinu. En vitanlega hefir samúðin minnkað, síðan hann fór að brosa til Íhaldsins og makka við það, og nú er svo komið, að mér er nokkurnveginn sama hvorumeginn hryggjar hann liggur, þegar Alþfl. er annarsvegar.

***Jónas Jónsson:** Ég hefi ekkert að gera með samúð frá þessum manni. Hann hefir hjálpað til á kosningaskrifstofu Sjálfstfl. einu sinni og kosningaskrifstofu Framsfl. í annað skipti og hjá Alþfl. í þriðja skiptið. Ég vonast eftir, að hann hafi nú gert góða verzlun. Ég held mig langi ekki til að verzla við hann, en álít það eitt af erfiðleikum Alþfl. að hafa fengið þetta óhappaspil að síðustu á höndina.

ATKVGR.

Brtt. 595 (ný 1. gr.) samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, ErlÞ, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, GL, JJós, MJ.

JJ greiddi ekki atkv.

Svolátandi grein fyrir atkv. sínu gerði

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þar sem fyrir liggur yfirlýsing frá bæjarstjórn Rvíkur og

í umr. hafa komið fram frá mörgum þm. flokksins, að þeir hafi það álit á Reykjavíkurbæ og fjárhag bæjarfélagsins, að það sé svo miklu aumara en á Ísafirði, Hafnarfirði og Akureyri, að þeir geti ekki sætt sig við ábyrgð fyrir sömu prósenttölu og þessi bæjarfélög hafa orðið að gera, heldur verða að fá meira, þá segi ég já.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 601).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursént Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Eins og hv. þdm. sjá, hefir nokkur breyt. verið gerð á frv. í Ed. Niðurlagi 1. gr. hefir verið breytt. Ég vil því leyfa mér að gera brtt. við 1. gr., þannig, að í stað orðanna „allt að 6,3 millj. króna“ til enda greinarinnar komi: allt að 7 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ég skal ekki tefja málið með langri ræðu um þetta. Þetta er í samræmi við það, sem ákveðið var, þegar frv. var sent frá d. í gærkvöldi, og vona ég, að vilji sé í d. fyrir því, að gr. sé orðuð á þennan hátt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 604) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Mér er tjáð, að 2 hv. þm. vanti, og hefir komið ósk um, að atkvgr. verði frestað um stund vegna þess. Ég mun verða við þeirri ósk, og er nú fundi frestað þar til kl. 12.55. [Fundarhlé.]

ATKVGR.
Brtt. 604 felld með 16:15 atkv.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

Önnur mál.

I. Afgreiðsla þingmála.

Á 34. fundi í Nd., 25. marz, utan dagskrár, mælti

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti! Ég vil vekja athygli á því, að mjög fáir þm. eru mættir, og valda því ýmsar annir, m. a. eru margir þm. á landsbankanefndarfundi. Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að slíta þessum fundi nú, til þess að þm. gætu haldið áfram með þau störf, sem þeir þurfa að koma fram utan þingfunda. Enda er auðséð, að afgreiðsla mála verður ekki í neinu lagi með þessari fundarsókn.

Forseti (JörB): Mér þykir þetta skiljanlegt af hálfu þeirra manna, sem þurfa að taka þátt í nefndarstörfum, og veit ég, að það kemur sér illa fyrir þá. En ég ætlaði að halda fund nú, af því að nær ekkert hefir verið gert undanfarna 2 daga hér í hv. deild vegna funda í sameinuðu þingi. En þá var mér ekki kunnugt um, að allmargir þm. eru á landsbankanefndarfundi á þessum tíma, og vissi það ekki fyrr en nú. Þar sem þessi deild er mjög þunnskipuð, er ærið hæpið, hvort rétt sé að taka til meðferðar þau mál, sem á dagskrá eru, sérstaklega vegna þess, að mörg þeirra eru eigi ágreiningslaus. Ég tel því litlu sleppt, þó að fundur verði ekki haldinn hér í deildinni nú, ef þm. gætu þá unnið að nefndarstörfum. Ég mun því verða við tilmælum hv. þm. Mýr. og halda ekki áfram þessum fundi.

Á 41. fundi í Nd., 5. apríl, utan dagskrár, mælti

Bjarni Bjarnason: Ég vildi leyfa mér að gera fyrirspurn til landbn. um frv., sem vísað var til hennar um notkun og meðferð jarðhita. Þetta er þriðja þingið, sem málið er borið fram á, og því hefir alltaf verið vísað til sömu n., og á 2 síðustu þingum hefir n. — ég vil segja — tekizt að svæfa málið. Nú vil ég ekki lengur við það una, að n. láti ekki til sín heyra, og vil beina því til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að n. skili áliti um þetta mál.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil geta þess, að eftir þetta mál kom til landbn. kom fram um það krafa í n., að frv. yrði sent til umsagnar þeirrar n., sem skipuð hefir verið af stj. til að rannsaka þetta mál. Frv. var síðan sent til þessarar n. til umsagnar. Hefi ég hvað eftir annað komið að máli við form. þessara n. og beðið hann að greiða fyrir afgreiðslu málsins. Hefir hann haft um það góð orð, en umsögn er ekki komin enn. Ég geri ráð fyrir, að ef álit verður ekki komið í dag eða á morgun, þá fari ég að taka málið fyrir í landbn.

Pétur Ottesen: Ég vil beina máli mínu til samgmn. Snemma á þessu þingi flutti ég frv. um breyt. á vegalögunum. Málið er enn í samgmn., og vildi ég mjög mælast til, að hún færi að skila sínu áliti um málið.

Einnig vil ég beina máli mínu til sjútvn. út af máli, sem ég að vísu er ekki flm. að, en tel mikilsvert, að nái fram að ganga. Þetta mál er frv. til l. um atvinnu við siglingar á ísl. skipum. Ég vildi nú skjóta því til n., hvort ekki mætti vænta þess, að hún færi að skila áliti um þetta mál.

Bjarni Ásgeirsson: Úr því farið er að lýsa eftir málum, þá langar mig að grennslast eftir, hvað liði máli, sem ég flutti snemma á þinginu um að samræma vegalögin. Málinu var vísað til allshn. og hefir legið þar lengi, en ekkert hefir heyrzt frá henni um það. Ég vildi nú vænta þess, að n. færi að afgr. málið.

Sveinbjörn Högnason: Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. um frv. hans um breyt. á vegalögunum vil ég geta þess fyrir hönd samgmn., að hún — eftir að brtt. voru komnar fram við frv. — sendi það til umsagnar vegamálastjóra. Umsögn hans er enn ekki komin, en hinsvegar tel ég víst, að ef hún kemur ekki, þá verði kallað eftir henni og málið muni verða tekið fyrir í næstu viku í n.

Einar Olgeirsson: Ég vildi bera hér fram fyrirspurn um það, hvernig gangi með frv. okkar kommúnista, sem vísað hefir verið til n. Það er nú svo, að við höfum ekki verið vanir að sjá mikið af þeim aftur, eða svo var það a. m. k. á síðasta þingi. Hinsvegar er nú reglulegt þing, og má þess vegna vænta þess, að n. gefist betri tími til að afgr. eitthvað af frv. Það eru sérstaklega 2 frv., sem okkur þætti vænt um að

sjá eitthvað af. Annað er mjög stutt og laggott um kaupgreiðslur í peningum, og hitt er viðvíkjandi innlendum viðgerðum á skipum. Ennfremur er ég meðflm. að stóru og mjög merkilegu frv. um breyt. á landsbankalögunum. Ég ætla ekki sérstaklega að krefjast svara um það nú, hvernig gangi með þessi mál, en vænti þess, að forseti hlutist til um, að n., sem hafa þessi frv. til meðferðar, skili um þau áliti.

Sigurður Kristjánsson: Ég sé, að form. sjútvn. er ér ekki viðstaddur, en hann hefði sjálfsagt getað upplýst, hvernig líður frv. um atvinnu við siglingar á ísl. skipum. Það er nú svo, eins og hv. þm. vita, að þetta er mjög yfirgripsmikið mál, og n. sá sér því ekki annað fært en að senda það til umsagnar nokkuð margra, sem allt eru aðiljar málsins. Það hefir dregizt nokkuð fyrir sumum að svara, en svörin munu nú öll komin, og á fundi n. í morgun var málið einmitt til umr., þó það fengi ekki fullnaðar-afgreiðslu í það skipti. Ég kunni betur við, að einhver grg. kæmi um þetta frá n.

Það er nú farið að lýsa hér eftir málum, og mér finnst það ekki nema eðlilegt. Það hafa vissulega ekki verið svo langvarandi störf eða þreytandi á reglulegum fundum á þessu þingi, að n. ættu að geta verið búnar að gera málum sínum sæmileg skil, a. m. k. þeim málum, sem ekki þarf að leita um upplýsinga, sem eru torfáanlegar.

Ég lýsti hér eftir einu litlu frv. fyrir nokkru síðan, um breyt. á tekjuskattslögunum, sem ég lagði fyrir d. strax í þingbyrjun. Forseti beindi þá mjög eindreginni ósk til n. um að afgr. málið, sem skylt er, en það er sýnilegt, að n. hefir enn sofnað á málinu. Ég vildi nú biðja hæstv. forseta, þó það sé þreytandi, að reyna nú að stjaka við þessari n. aftur.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. að því er snertir frv. til l. um breyt. á skattalögunum, þá vil ég upplýsa það, af því ég hefi verið form. í þeirri n., sem fékk þetta frv. til meðferðar, að drátturinn, sem orðið hefir á afgreiðslu þessa máls, stafar af því, að einn nm., hv. þm. G.-K., sem er fulltrúi Sjálfstfl. í fjhn., hefir ekki getað mætt á 2 síðustu fundum, og hann hefir óskað eftir því, að afgreiðslu þessa máls yrði frestað þangað til honum gæfist kostur á að mæta á fundi n.

Forseti (JörB): Mér hefir nú heyrzt á svörum sumra n., að þær mundu sumpart vera að vinna að þeim málum, sem lýst hefir verið eftir, eða þá að þær muni taka þau fyrir mjög bráðlega. En viðvíkjandi öðrum málum, sem ekkert hefir verið tekið fram um, þá vil ég beina því mjög til n. að skila áliti um málin, því að þó að þannig kunni að vera ástatt um mál, sem fer til n., að n. öll vilji ekki mæla með því, þá er eigi að síður rétt, að það komi til d. aftur eins fljótt og tími vinnst til að afgr. málin, og að d. taki svo sína afstöðu. Það er rétt tilhögun, en ekki sú, að svæfa málin í n.

Á 31. fundi í Sþ., 12. maí, utan dagskrár, mælti

Jón Pálmason: Ég sé, að hæstv. forseti hefir ekki tekið á dagskrá fund eftir fund till. frá mér og hv. 2. þm. Skagf. viðvíkjandi söltun matjessíldar á Húnaflóa og Skagafirði, svo það er auðséð, að meiningin er, að hún nái ekki fram að ganga. Af því tilefni vil ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort hann sé reiðubúinn til að gefa yfirlýsingu um það, að hann muni vinna að því, að matjessíldarsöltun verði leyfð þar á þessu sumri.

Pétur Ottesen: Ég og hv. þm. G.-K. höfum sömu sögu að segja og hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf., að þær till., sem við höfum borið hér fram og snerta mjög einn stærsta atvinnuveg þjóðarinnar, síldveiðarnar, hafa ekki verið teknar á dagskrá. Þessar till. hafa gersamlega verið hundsaðar og látnar víkja fyrir öðrum málum. Ég vil ekki fella dóm um það, hve mikils virði þau mál eru, en ég vil leyfa mér að segja, að þýðing og gildi þess, að Alþ. láti vilja sinn í ljós um þær till., sem við höfum borið fram, hafa ekki minni þýðingu en sum þau mál, sem haldið hefir verið hér til streitu og knúin fram í þinginu. Ég vil þess vegna, þar sem þetta er síðasti dagur þingsins og því útséð um, að við, sem stöndum að þessari till., verðum að beygja okkur undir þann órétt og þá ósanngirni, sem við höfum verið beittir með því að hundsa þannig okkar mál, þá vil ég gjarnan, eins og hv. þm. A.-Húnv., skjóta máli mínu til hæstv. atvmrh. og spyrja hann, hvort hann vilji ekki styðja að því, að reynt sé að bæta fyrir syndir og afglöp þeirra manna, sem eru þess valdandi, að Alþ. fær ekki að segja álit sitt um þetta mál. Ég vil spyrja hann, hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því, að þeir, sem stunda síldveiðar við Faxaflóa, verði ekki beittir öðrum eins fantatökum og þeir hafa verið beittir undanfarið, þar sem mönnum hefir verið bannað að veiða síld til söltunar, eða ekki fengið leyfi til þess fyrr en seint og síðar meir, þegar tækifærið var að renna út og verkfall var á Akranesi, sem eyðilagði möguleikana til að notfæra sér þetta. Ég vil nú mjög skora á hæstv. atvmrh., að hann gefi yfirlýsingu um það, að veiðiaðferðum og veiðibrögðum verði að engu leyti spillt fyrir íhlutan þeirra manna, sem nú hafa yfirráð þessara mála. Ég veit, að með þeirri skipan, sem gerð var á síldarútvegsnefnd á síðasta þingi, þá geta menn borið meira traust til hennar en áður. En brennt barn forðast eldinn, og þeir menn sitja í nefndinni enn, sem gert hafa sig bera að ósanngirni í þessum efnum. Þó er ekki fyrir það að synja, að þeir séu síður líklegir til að beita slíku, þar sem þeir hafa óhentugri aðstöðu til að koma sínum skemmdarverkum fram eftir hina nýju skipan nefndarinnar.

Það er hatramlegt, eins og var á síðasta sumri, að þar sem búið er að leggja margar milljónir króna í hafnarbætur við Skagafjörð og Húnaflóa, þá skuli vera bannað að verka síld á þessum höfnum með slíkum hætti, sem hér er farið fram á. Slíkt er náttúrlega ekki hægt að þola, og það er þess vegna ekkert undarlegt, þó fulltrúar þessara kjördæma reyni að brynja sig gegn slíkum ófögnuði. Það er mjög óeðlilegt og ó-

sanngjarnt að leyfa ekki þinginu að segja álit sitt um þetta mál. En það er komið sem komið er með það, og nú er að heyra, hvað hæstv. atvmrh. treystir sér til að gera, svo hlutur þessara manna verði ekki fyrir borð borinn.

Forseti (HG): Út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf. um, að þeir hafi verið órétti beittir og það sé með öllu óeðlilegt, að till. þeirra skuli ekki hafa fengið afgreiðslu, þá vil ég taka það fram, að mér er kunnugt um, að ef þessum málum hefði verið hreyft, þá myndu hafa komið fram margar till. um sama efni frá þm. einstakra héraða um að tryggja matjessíldarsöltun þar. En eins og störfum þingsins var komið, þá var bersýnilegt, að ekki væri unnt að ljúka þessum málum. Þetta hafði ég í gær tilkynnt hv. þm. Borgf. og hann þá sætt sig við það.

Það verða svo ekki leyfðar nema örstuttar aths. um þetta.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Út af fyrirspurnum og umr., sem orðið hafa um þessi mál, vil ég geta þess, að ég hefi rætt um þetta við síldarútvegsnefnd, eða einstaka menn í n. Ég hefi ekki heyrt því mótmælt af neinum, sem oft hefir verið haldið fram, og m. a. af flm. þessarar till., að sú síld, sem veiddist á Húnaflóa, væri venjulega fullt eins góð til þessarar verkunar eins og sú síld, sem annarsstaðar veiddist, eða jafnvel betri. Þetta mun hafa verið þannig framkvæmt undanfarin ár, að þau skip, sem hafa viljað notfæra sér það, að matjessalta eitthvað af afla sínum, sem þau hafa fiskað á Skagafirði eða Húnaflóa, hafa orðið að fara með þann hluta veiðinnar til Siglufjarðar eða á aðrar hafnir þar norðurfrá. Nú hafa þeir af nm. úr síldarútvegsnefnd, sem ég hefi talað við, m. a. bent á, að ef matjessíldarsöltunin væri dreifð á marga staði, þá myndi það valda auknum kostnaði við mat og eftirlit með verkuninni, auk þess sem þeir láta þess getið, að víða á þessum stöðum, t. d. við Húnaflóa og Skagafjörð, þar sem síldarsöltun er nú framkvæmd, hafi fólk, sem að því vinnur, ekki æfingu í að fara með síldina á þennan sérstaka hátt. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað sé til í þessu, og mér er það ljóst, að það getur orðið kostnaðarsamt fyrir þessar hafnir að láta framkvæma mat og eftirlit með þessu, ef það er mjög víða. En hinsvegar tel ég það óeðlilegt, að engin söltun á matjessíld sé leyfð t. d. við Húnaflóa eða Skagafjörð, og út af fyrirspurn hv. þm. A.-Húnv. get ég sagt, að ég mun athuga þetta mál nánar og möguleikana til þess, að úr þessu verði bætt, ef það sýnir sig, sem ég vona, að það sé framkvæmanlegt.

Um hitt atriðið, sem hv. þm. Borgf. minntist á, get ég ekki sagt mikið að svo stöddu, því þar gegnir nokkuð öðru máli, þar sem sú síld, sem veidd er í Faxaflóa, er náttúrlega allt önnur vara heldur en um er að ræða í Húnaflóa og í Skagafirði. En um það, hvað talið er fært á hverjum tíma, fer eftir því, hvaða markaðshorfur eru og hvort hætta er á því, ef við flytjum út á einum tíma vöru, sem er lakari að gæðum heldur en það, sem kaupandinn vonast eftir, að það spilli fyrir síldarsölu erlendis. Ég álít, að fyrst og fremst verði að hafa í huga vörugæðin, því að með því móti er hægt að vænta þess, að við getum fengið aukna sölu í framtíðinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira út af þessu.

Forseti (HG): Ég vil benda hv. þm. á, að þetta mál er ekki til umr.

Finnur Jónsson: Þó að þetta mál sé ekki til umr., þá get ég ekki látið hjá líða að svara því örlítið, þegar ráðizt hefir verið á síldarútvegsnefnd með mjög óþinglegum orðum. Það er sérstaklega hv. þm. Borgf., sem ég þarf að svara, en hann hóf mál sitt á því, að síldarútvegsnefnd hefði tekið útgerðarmenn við Faxaflóa einhverjum sérstökum fantabrögðum. Nú er það vitanlegt, að þau fáu ár, sem síldarútvegsnefnd hefir starfað, hefir verið gert miklu meira að því að efla síldveiðar við Faxaflóa heldur en nokkurn tíma áður. Það hefir verið vitað frá 1880 eða jafnvel lengur, að síld hefir verið hér í Faxaflóa. En þó menn hafi vitað þetta, þá hafa hvorki verið gerðar verulegar veiðitilraunir, þar sem síldveiði hefir ekki verið stunduð öðruvísi en í reknet, né heldur gerðar neinar tilraunir til þess að flytja út saltaða síld þaðan fyrr en síldarútvegsnefnd hafði forgöngu um það. Síldarútvegsnefnd hefir á síðastl. 3 árum varið milli 70 og 100 þús. kr. í veiðitilraunir hér við Faxaflóa og í það að reyna að gera Faxaflóasíld að útgengilegri vöru. Það er m. ö. o. fyrst að tilraunir eru gerðar til þess að gera Faxaflóasíld að útgengilegri vöru eftir að nefndin tekur til starfa. Hv. þm. Borgf., sem nú er úrillur og svefnlaus eftir tvær vökunætur, hefir haft þau ummæli hér, sem ég skoða fyrir neðan virðingu mína að svara, því þegar æðisköstin grípa þennan hv. þm., þá veit hann bókstaflega ekki, hvað hann segir. Að skilja þetta er sama og að fyrirgefa honum það.

Í fyrra sumar seldi síldarútvegsnefnd fyrir síldarútgerðarmenn við Faxaflóa 3000 tunnur af Faxasíld, en vegna verkfalls á Akranesi og ekki síður vegna þess, að engin síldveiði var í Faxaflóa síðari hluta fyrra sumars, og ennfremur vegna óveðra, sem voru á þeim tíma, þá fengust ekki nema rúmlega 200 tunnur upp í þessar 3000, sem nefndin var búin að leyfa. Það er í samræmi við rök og æsing þessa hv. þm., ef hann kennir n. um veiðibrest og óveður í Faxaflóa í fyrrasumar.

Hann sagði líka, að það hefði verið bannað gersamlega að salta síld á ýmsum höfnum við Húnaflóa. Ef hv. þm. hefði sagt þetta í nótt, þá hefði ég haldið, að hann væri að tala upp úr svefni, en þar sem hann segir þetta um hábjartan dag og þetta eru rakalaus ósannindi, þá verð ég að halda, að hann segi þetta af því hann veit ekki betur. *Það er engin höfn við Húnaflóa*, þar sem bannað er að salta síld. Hitt er svo annað mál, að á öllum stöðunum er það ákveðið hámark, sem salta má. Þetta hámark er sett á stöðunum af því, að það eru orðnar svo margar síldarsöltunarstöðvar, að það væru margar, sem

fengju ef til vill ekkert að gera, ef hámark væri ekki sett. En þó er hámarkið svo rúmt, að engin söltunarstöð við Húnaflóa hefir saltað líkt því eins mikið og hún hefir mátt á síðasta ári.

Ég sé, að hæstv. forseti er orðinn óþolinmóður, og skal ég því reyna að stytta mál mitt. Ég get þó ekki látið hjá líða að segja það út af till. hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf., að við Skagafjörð hefir á Sauðárkróki verið leyfð matjessíldarsöltun öll þessi ár, en þeir, sem hafa stöðina á Sauðárkróki, hafa ekki kært sig um að nota það leyfi. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. að gæta þess, að þetta mál er ekki til umr.). En ég verð að svara árásum, sem bornar hafa verið á mig, þar sem hv. þm. Borgf. hefir talað um, að síldarútvegsnefnd hafi sýnt sérstökum stöðum einhver fantabrögð og haft um þetta óviðurkvæmileg orð, sem hafa verið óátalin af hæstv. forseta.

Um Skagaströnd er það að segja, að hún hefir ekki notað líkt því það leyfi, sem hún hafði á síðasta sumri. Það félag, sem ég veiti forstöðu, hefir haft leyfi að einum þriðja á Skagaströnd, og ég get sagt það um okkur, að við höfum ekki minnsta áhuga fyrir því að fá leyfi það áfram, og get ég rökstutt það nánar síðar.

Forseti(HG): Ég vil benda hv. þm. á það, að þetta mál er ekki til umr., og verða hér eftir ekki leyfðar nema örstuttar aths.

Pétur Ottesen: Ég vænti þess, úr því að hv. þm. Ísaf. hefir fengið að tala hér alllangt mál, að ég fái að gera það líka. Ég vil segja hv. þm. Ísaf. það, að ég ætla ekki að biðja hann neinnar fyrirgefningar, enda er enginn maður til, sem getur fyrirgefið honum þau afbrot, sem hann hefir gert sig sekan um í þessum málum. Hann þarf ekki að vænta neinnar fyrirgefningar frá þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli. Hann er búinn að drýgja þær höfuðsyndir í þessum málum að undanförnu, að slíkt verður ekki fyrirgefið. Ég verð að segja, að það er talsvert táknandi um það, hvernig litið er á hag sjávarútvegsins eða þeirra manna, sem að honum standa, að hv. þm. Ísaf., með þeirri fortíð, sem hann hefir í síldarmálunum, skuli vera falið að fara áfram með þessi mál. Það sýnir, hve vanskilið það hlutverk hefir verið, sem hv. þm. hefir verið að leika í þessum málum, af löggjöfum þessa lands, að það skuli ekki vera búið að setja hann af fyrir löngu, og það er skýr og ótvíræður vottur þess, hve gersamlega óhafandi það er að láta pólitíska valdið í landinu skipa menn í stöður, sem mikið veltur á fyrir atvinnureksturinn, að vel takist.

Það var svo hér við Faxaflóa, að þar gátu menn veitt mikið af síld og selt hana, en þá var mönnum gersamlega neitað um að salta síld og selja hana af nefndarinnar hálfu. Þetta kom sannarlega hart niður, því þá hafði verið einhver sú lakasta þorskveiði, sem verið hefir við Faxaflóa, að þeim skyldi þá vera fyrirmunað að nota þá bjargræðismöguleika, sem fyrir hendi voru í þessum efnum. Þó hv. þm. hafi ef til vill fundizt að ég væri nokkuð úrillur og hafi ekki sett upp neinn blíðu- eða vælusvip við hann, þegar ég var að tala um þetta, þá hefði hann átt að sjá framan í fiskimennina við Faxaflóa, þegar þeim var bannað að veiða síldina og nota þá möguleika, sem þeir höfðu til að selja hana. Hann hefði átt að sjá framan í þá, þegar þeim var bannað þetta og lokað var fyrir markaðsmöguleika þeirra í þessum efnum. Það eru löghlýðnir menn, sem við Faxaflóa búa, og vilja yfirleitt ekki gera nokkru kvikindi mein, en þó býst ég við, að ef þessi þm. hefði þá orðið á vegi þeirra, hefðu þeir ekki getað stillt sig um að taka hann og hafa á honum endaskipti og leysa niður um hann og rassskella hann. (**Forseti** (hringir): Slíkar ræður sem þessi eiga að sjálfsögðu ekki að haldast hér).

Jón Pálmason: Ég vil byrja á því að þakka hæstv. atvmrh. fyrir hans góðu undirtektir, og vænti ég þess, að hann geri skyldu sína í þessum efnum á þá leið, að hann sjái um, að á næsta sumri verði matjessíldarsöltun leyfð við Húnaflóa og Skagafjörð. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um, að söltunarleyfi á Skagaströnd og við Húnaflóa hefði ekki verið notuð síðastl. ár, þá er það af þeim ástæðum, sem sumum hv. þm. er kannske ekki kunnugt um, að á síðastl. ári var allt kapp lagt á að koma síld í bræðslu vegna hins háa verðs. En bæði í hitteðfyrra og þar áður var matjessíldarsöltun bönnuð á Skagaströnd, Sauðárkróki og á Hólmavík. Það er svo ósvífin atvinnukúgun, að það er neyðarkostur að líða slíkt.

Þó ég hafi ekki mikið vit á síldarmálum, þá get ég upplýst það, að kunnugir menn halda því fram, að hvergi á landinu sé jafngóð síld til söltunar eins og Húnaflóasíldin, og telja, að það muni ekki minna en einni krónu á máli á þeirri síld vegna fitu og þeirri síld, sem veidd er fyrir Austfjörðum.

Hvað því viðvíkur, að ekki sé neinn áhugi hjá saltendum fyrir því að fá leyfi til söltunar á þessum stöðum, þá er því til að svara, að það liggja fyrir á þskj. ákveðnar kröfur frá aðalsaltendunum á þessum stöðum, bæði við Húnaflóa og Skagafjörð, og er það skjalfest sönnun fyrir því, að hv. þm. Ísaf. fer hér með rangt mál.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég treysti loforði hæstv. atvmrh. í þessum efnum.

Finnur Jónsson: Ég skal ekki nota þessa aths., sem hæstv. forseti hefir leyft mér að gera, til að fara að skattyrðast við hv. þm. Borgf., sem eins og oft áður sýndi sitt stóra skap.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um söltunarleyfin, skal ég segja það, að þau hafa ekki verið uppfyllt tvö seinustu árin vegna þess, að síldveiði hefir yfirleitt brugðizt á Húnaflóa. Síldin hefir aðeins staðið þar við um stuttan tíma, og síldarútvegsn. getur því ekki gert að því, þótt verstöðvarnar við Húnaflóa hafi ekki uppfyllt síldarleyfi sín. Má vera, að hv. þm. hafi verið svo upptekinn af sínum heyskap, að hann hafi ekki haft tíma til að spyrjast almennilega fyrir um, hvernig í þessu lægi, en þá á hann ekki heldur að vera að kasta svona staðhæfingum fram. Þegar hann taldi upp staðina,

sem bönnuð væri á matjessíldarsöltun, nefndi hann þar á meðal Sauðárkrók. Ég get upplýst, að þar hefir verið leyft að salta matjessíld síðustu árin, en útgerðarmenn þar hafa ekki kært sig um það.

Min skoðun er sú, að bezt sé að salta Húnaflóasíld fyrir Svíþjóðar-markað, og segi ég það bæði sem forstjóri fyrir útgerðarfyrirtæki og sem síldarsaltandi.

Ég ætla ekki að svara hv. þm. Borgf., en sem dæmi um, hve mikil markleysa þessar árásir hans á síldarútvegsn. eru, vil ég geta þess, að þrátt fyrir allan gauragang, sem gerður hefir verið um hana, var hún öll endurkosin á síðasta Alþ., og tel ég það beztu sönnunina, og um hana munu öll ummæli þessa hv. þm. um síldarútvegsn. falla. Skal ég svo ekki frekar svara þeirri ræðu, sem hv. þm. hélt og ekki var Alþ. samboðin, þótt hún væri honum sjálfum fullkomlega samboðin.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, utan dagskrár, mælti

***Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. Eins og honum mun vera kunnugt, hefir nú á seinustu dögum breiðzt út orðrómur um það, að til mála hafi komið á milli stjórnarflokkanna að fresta Alþingi að þessu sinni. Þetta er nú sagt stafa af því, að Alþfl. telji sig eiga mjög örðuga aðstöðu um að taka afstöðu til nokkurra þeirra mála hér á Alþingi, sem orka kunni tvímælis um, að nytu fullra og óskiptra vinsælda meðal kjósenda flokksins, vegna þess, að í haust stendur til að halda alþýðusambandsþing. Eins og kunnugt er, stendur nú mjög hörð deila innan þess flokks milli eins af fyrrv. foringjum flokksins, Héðins Valdimarssonar, og annara fyrri flokksbræðra hans hér á Alþingi og utan þings. En það er sagt, að Framsfl. hafi, af ekki óeðlilegri ástæðu, nokkra tilhneigingu til þess að forða sínum núv. samherjum, þingfl. Alþfl., þeim sem nú teljast til hans, frá öllum þeim vandræðum, sem kann að leiða af slíkri málefnalegri aðstöðu hér á Alþingi að þessu sinni, og þess vegna hafi þetta komið til mála. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort nokkuð sé hæft í þessu; sjálfur veit ég engar sönnur á því og fullyrði ekkert, en ef þetta á við rök að styðjast að einhverju leyti, þá vil ég leyfa mér — og ég tala þá fyrir munn sjálfstæðismanna — að beina þeirri áskorun til hæstv. stjórnar, að slík ákvörðun sé tekin strax og þingið þegar í stað sent heim. Það liggur í hlutarins eðli, að það er ekkert annað en að auka kostnað ríkissjóðs, án þess að auka gagnsemi af alþingisstörfum, þó að þingið eigi langa setu, ef störfin verða eins og þau hafa verið fram að þessu. Ef nú hinsvegar þetta á við engin rök að styðjast, þá vil ég samt sem áður leyfa mér að beina áfram máli mínu til hæstv. forsrh. og láta í ljós þá skoðun, að eftir að opinberlega hefir verið tilkynnt, að miðstjórn Framsfl. hefir einróma óskað eftir áframhaldandi samvinnu við Alþfl., þá þykir a. m. k. okkur sjálfstæðismönnum, og sjálfsagt mörgum öðrum, það augljóst orðið, að ekki verður að þessu sinni framkvæmdur neinn verulegur niðurskurður á útgjaldahlið fjárlaganna. Það mun vera nokkurnveginn ágreiningslaust álit bæði framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, og áreiðanlega líka bændaflokksmanna, hvað sem líður öðrum, að slíkur nauðsynlegur niðurskurður verði aldrei framkvæmdur í samstarfi við jafnaðarmenn og kommúnista. Ef það er nú svo, að menn megi ekki gera sér vonir um neinar stórvægilegar breyt. á fjárl., og ef hinsvegar einnig má ráða af líkum, að Framsfl. hefir ekki aðstöðu til að koma í gegn á Alþingi þeim áhugamálum, sem hann kann annars að hafa á döfinni, sem mætti kenna misjöfnum undirtektum hjá flokksmönnum Alþfl. utan þings, þá sýnist mér, að það hljóti að vera auðvelt að ljúka störfum að þessu sinni á langtum styttri tíma en verið hefir. Það muna allir hv. þm., að fjvn. Alþingis sat margar vikur yfir fjárlfrv. bæði síðastl. vor og aftur síðastl. haust og gekk frá fjárl. nú undir áramótin. Hitt er á allra vitund, að fjvn. kom að þessu sinni saman tæpum fjórum vikum fyrir samkomudag Alþingis, og hefir þannig nú þegar setið að störfum í sex vikur. Þegar nú þess er gætt, að nýlega er búið að ganga frá fjárl. og viðhorfið í engum aðalatriðum breytzt neitt frá þeim tíma, að gengið var frá fjárl., hljóta allir hv. þm. að viðurkenna, að engin ástæða sé til, að Alþingi eigi margra mánaða setu. Fjvn. hefir setið, samkv. gömlum og úreltum venjum, við að athuga fjárl., sem þó oftast endar á því, að a. m. k. fær minni hl. engu ráðið um afgreiðslu fjárl.

Ég skal þá að lokum endurtaka fyrirspurn mína. Sný ég mér fyrst og fremst að því, hvort nokkuð sé hæft í því, að eigi að fresta þinginu, og ef svo er, leyfi ég mér að skora á hæstv. forsrh. að taka ákvörðun um það nú þegar. En hafi hinsvegar engar bollaleggingar verið um að fresta þinginu, þá leyfi ég mér að beina því til hæstv. ríkisstj., hvort það sé ekki hægt að ljúka þinginu að þessu sinni í þessum mánuði. Það liggur ekkert fyrir þinginu af miklum málum enn sem komið er, nema vinnulöggjöfin. Með því að ljúka þinginu í þessum mánuði mætti spara um 120—150 þús. kr., án þess að þingið missti nokkuð af gagnsemi og virðingu sinni. Og ég held, hvað sem öðru líður, að það yrði a. m. k. ekki óráð af Alþingi að ganga fljótt og skjótt frá málum, ekki stærri mál en virðast vera á döfinni.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Út af þeirri fyrirspurn, hvort í ráði sé að fresta Alþingi, vil ég svara því, að það hefir alls ekki komið til tals. (**ÓTh:** Og verður þá ekki gert?) Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að óheppilegt sé að gera það, og mjög erfitt eins og málum er háttað í landinu nú, án þess að færa að því fullkomnari rök að sinni, og vænti ég, að þessu atriði fyrirspurnarinnar sé nægilega greinilega svarað með þessum orðum.

Um það, hvort hér verði framkvæmdur sparnaður á þessu þingi, get ég ekki svarað að svo komnu máli. Það kemur væntanlega í ljós, þegar fjvn. skilar sínu áliti. En um síðasta atriðið í fyrirspurninni, eða þau ummæli, sem hv. þm. lét um það falla, að æskilegt væri að flýta störfum Alþingis, vil ég taka undir, að það væri mjög æskilegt, og það ætti að vera unnt, vegna þess að fjvn. kom svo snemma saman til fundarhalda, og ekki liggja mörg mál fyrir þessu Alþingi, sem eðlilegt er, þar sem svo stutt er síðan seinasta þing kom saman. Það er vitað mál og hefir komið fram í umr. áður, að sérstaklega sem stendur er dráttur á einu máli, vinnulöggjöfinni. Það er þetta eina frv. sérstaklega, sem ennþá hefir ekki verið gengið frá um afgreiðslu. En ég vænti fastlega, að það þurfi ekki heldur að verða til tafar. Ég vil endurtaka ósk mína um það, að þingið gæti orðið sem stytzt, og er því mjög feginn, ef hv. andstæðingar vilja hjálpa til þess, að svo gæti orðið.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvað það er, sem gerir aðkallandi vinnulöggjöf á þessu þingi sérstaklega frekar en á undanförnum þingum. — Þá vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvað líði störfum þeirrar nefndar, sem skipuð var til þess að undirbúa frv. til varnar gegn atvinnuleysi ungra manna. Því var lofað á síðasta þingi, að frv. skyldi lagt fram um það mál fyrir þetta þing nú, og mér vitanlega hefir ekkert komið úr stjórnarherbúðunum í þá átt, eða frá því skýrt. Nú vita allir, að þetta er eitt af mestu vandamálum þjóðfélagsins, og væri sannarlega meiri þörf á því, að það mál væri leyst nú heldur en vinnulöggjöfin, sem hæstv. forsrh. hefir verið að tala um. Skiljanlegt væri, að þingið tefðist af slíku stórmáli, sem skiptir að sjálfsögðu miklu fyrir mörg hundruð eða þúsundir manna í landinu, en ekki hitt, hvort vinnulöggjöfin komi einu ári fyrr eða síðar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er náttúrlega ekki vandsvarað þessari fyrirspurn, um nauðsyn þess að samþ. vinnulöggjöfina á þessu þingi. Það má vitanlega alltaf spyrja þannig, og það má spyrja þannig á næsta þingi, hvort ekki megi bíða til næsta þings o. s. frv. Mín skoðun er sú, að vinnulöggjöf hefði átt að vera komin, og það fyrir löngu. Og það er ekki annað, sem staðið hefir í vegi fyrir því, en það, að ég hefi álitið og látið þá skoðun í ljós, að það ætti að reyna til þrautar að ná samkomulagi við þá aðilja, sem vinnulöggjöfin snertir, áður en hún er sett; og nú hefir verið unnið að því undanfarið, og starfi þeirrar nefndar, er að því hefir unnið, er lokið. Þess vegna þarf ekki að svara þessu á annan hátt en þegar hefir verið gert.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. 3. þm. Reykv. spyr, hvað líði störfum þeirrar n., er sett var til að gera till. um ráðstafanir til að bæta úr atvinnuleysi ungra manna. Ég þori ekki að fullyrða, að það komi fram frv. frá n. á þessu þingi, en ég vona það. Hún hefir unnið talsvert að þessum málum, og bjóst fyrir skömmu við því, að hægt yrði að leggja frv. fram nú á þessu þingi. Eitthvað mun hafa tafið það, að maður, sem er að kynna sér þessi mál erlendis, Lúdvig Guðmundsson, er ekki kominn eða hefir ekki enn gefið nægilegar upplýsingar. Mun ég strax og tök verða á því gefa deildinni upplýsingar um, hvort frv. kemur frá n. eða ekki.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir svör hans, þó að ég hefði kosið, að meiri áhugi hefði verið hjá honum fyrir þessum málum en sýndi sig á ræðu hans.

En viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, þá verð ég að benda á, að það frv., sem fram hefir komið um þetta efni frá mþn., hefir ekki verið sent til verklýðsfélaganna fyrr en rétt fyrir miðjan febrúar, og mun ekki hafa komið til sumra fyrr en seint í mánuðinum. Það hefir verið ómögulegt fyrir félögin að gera sér grein fyrir málinu á þessum stutta tíma og halda fundi um það. Ég vil geta þess t. d. um Dagsbrún, sem allir vita, hvað er stór þáttur í Alþýðusambandinu, þar sem hún hefir á 18. hundrað félagsmenn, að það er ómögulegt að ná í nógu stórt hús til þess að halda í félagsfundi. En á annan hátt er mjög erfitt að kynna verkamönnunum málið. Á sínum tíma, þegar samvinnulöggjöfin var samþ., þá var hún fyrst rædd á hverju þinginu eftir annað, og síðan var samvinnufélögunum gefinn langur tími til þess að rannsaka málið og koma með till. Síðan voru l. samþ. á þann hátt, sem samvinnufélögin lögðu til.

Ég vil fastlega mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún ráðist ekki í að knýja áfram á þessu þingi löggjöf, sem verklýðsfélögin eru ekki búin að kynna sér og gera sínar brtt. við eða þau kynnu að vera andstæð.

***Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir svör þau, sem hann gaf við fyrirspurn minni, og get ég að svo komnu máli talið þau fullnægjandi.

Ég tel að vísu fyrirspurn þá, sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til hæstv. forsrh. mér óviðkomandi. En ég er einn þeirra manna, sem tel þjóðarnauðsyn, að vinnulöggjöf sé samþ., og það fremur á þessu þingi en því næsta, og það jafnt þó miðað sé við hagsmuni hvors aðilja sem er eða hag alþjóðar. Ég vil því leyfa mér að mótmæla þeim andmælum, sem hv. 3. þm. Reykv. bar fram gegn samþykkt slíkrar löggjafar á þessu þingi. Það eina, sem hv. þm. færði til framdráttar sínu máli og til að mótmæla því, að slík l. væru samþ. á þessu þingi, var það, að verklýðsfélögum úti á landi hafi ekki gefizt nægilegur kostur á að athuga þetta mikla mál, vegna þess að þau hafi ekki fengið frv. handa á milli fyrr en seint í síðastl. mánuði. Nú er öllum vitanlegt, að þetta mál er búið að vera á döfinni með þjóðinni í mörg ár, og flestir greindir menn hafa nokkurn veginn kynnt sér, hvað um er að ræða. Ég hygg þess vegna, að það sé tiltölulega auðvelt fyrir menn að átta sig á þeim ekki mjög veigamiklu breyt., sem eru á væntanlegu frv. þeirrar n., sem ríkisstj. úr

sínum hóp skipaði til þess að athuga þessi mál, frá því sem er í því frv., sem sjálfstæðismenn hafa borið fram ár eftir ár. Af þessum ástæðum tel ég kleift að samþ. frv. um þetta efni á þessu þingi, þó það verði stutt, þar sem verkalýðurinn hefir haft nægilegan fyrirvara til þess að kynna sér málið.

Ég hlýt að álíta, að einmitt þessi hv. þm. sé í hjarta sínu mér sammála. Það er vitanlegt, að verkalýðnum hefir nú nýlega gefizt flóknara og erfiðara dæmi en þetta dæmi um vinnulöggjöf, þar sem hann á að gera upp á milli forseta og varaforseta Alþýðusambandsins. Það er öllum vitanlegt, að þessi hv. þm. hefir ekkert látið undir höfuð leggjast til þess að knýja fram atkvgr. í hverju verklýðsfélaginu á fætur öðru, áður en verkalýðurinn hefir haft tækifæri til þess að kynna sér skýrslur beggja aðilja í þessu máli. Ef hann telur, að verkalýðurinn geti á örstuttum tíma gert upp á milli þessara manna í jafnveigamiklum atriðum og þar ber á milli, þá hlýtur hann að álíta, að það sé verkalýðnum fært að dæma um vinnulöggjöf, eftir að hún er búin að vera 3 ár á dagskrá með þjóðinni.

Með þessum rökum vil ég staðfesta það, sem ég tók fram í upphafi, að það getur ekki verið alvara hv. þm. að mótmæla vinnulöggjöf með þeim rökum, sem hann færði fram.

Héðinn Valdimarsson: Það er öllum kunnugt hvernig verkalýðsfélögin hafa tekið í það frv., sem vinnuveitendafélagið stendur að og hv. þm. G.-K., svo það þarf ekki að spyrja þau frekar um það. Þau eru öll gersamlega andstæð því. Verkalýðssamtökin eru á móti þeirri vinnulöggjöf og skoða hana sem kúgunartilraun af hálfu þeirra manna, sem ráða í Vinnuveitendafélaginu.

Það er að sjálfsögðu hægt að gera sér tiltölulega fljótlega grein fyrir þeim breyt., sem eru í því frv. mþn., sem sent hefir verið út til verkalýðsfélaganna, það byggir á nokkuð öðrum grundvelli en frv. Vinnuveitendafélagsins, en er þó á ýmsum sviðum svipað. Það má þó segja, að í því sé mjög sterk viðleitni í þá átt að taka tillit til verkamanna, en hún er engin í frv. Vinnuveitendafélagsins. Þetta er þó ekki nóg, því það má gera ráð fyrir, að verkalýðsfélögin hér á landi vilji eiga sinn sjálfstæða þátt í vinnulöggjöf og gera till. um hana. Sérstaklega vilja þau láta það koma greinilega fram, á hvaða sviðum þau eru á móti henni og á hvaða sviðum þau eru með henni. Því verður ekki neitað, að verkalýðsfélögin hafa ekkert á móti vinnulöggjöf, ef hún er þannig, að hún staðfesti þau réttindi, sem þau hafa skapað sér með 20—30 ára baráttu, jafnvel þó á einhverjum sviðum komi takmarkanir á móti. Það er líka víst, að í frv. eins og það liggur fyrir nú eru ákvæði, sem eru þannig, að áliti mjög margra, sem eru starfandi innan Alþfl., að verklýðsfélögin geti ekki sætt sig við þau. Til þess að þetta komi skýrt fram sem álit frá verklýðsfélögunum, þurfa þau að hafa tíma til þess að athuga frv. Í verklýðsfélögunum er það ekki eins og í Vinnuveitendafélaginu, þar sem hinn ráðandi hópur samþ. till. nokkurra manna, sem hv. þm. G.-K. talar fyrir, svo þeir hlýða boði hans og banni. Í verklýðsfélögunum er lýðræði, og þar geta menn látið skoðanir sínar í ljós, hverjar sem þær eru.

Sú minnsta krafa, sem hægt er að gera til þingsins, þegar verið er að gera löggjöf, sem snertir a. m. k. 13 þús. manns í félagsskapnum, fyrir utan alla aðra, sem eru þeim áhangandi, að þeir fái tíma til þess að koma með till. sínar um þetta mál og séu ekki hundsaðir eins og undirstétt, sem ekkert hafi um málið að segja.

Viðvíkjandi innanflokksdeilunum í Alþfl. er mér það ljóst, að hv. þm. G.-K. telur sig til hægri mannanna þar. En það mál er ekki á dagskrá í þinginu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Mig langar til þess að segja nokkur orð út af því, sem kom fram í ræðu hv. þm. G.-K., formanns Sjálfstfl., og hæstv. forsrh. virðist vera sammála. Það var það, að hv. þm. G.-K. sagði, að ástandið frá því á fyrra þingi hefði ekki breytzt í neinum aðalatriðum, og hann gekk því út frá að hægt væri að afgreiða mál á þessu þingi, og þá sérstaklega fjárl., á svipaðan hátt og síðast. Ég vil láta í ljós, að ég er allt annarar skoðunar um þetta mál. Ég álít það fjárhagslega ástand gerbreytt frá því á síðasta þingi. Síðasta þing, sem hófst í byrjun októbermánaðar, hafði á bak við sig eitthvert bezta fjárhagslega tímabilið á Íslandi síðan kreppan byrjaði, sem sé síldveiðina síðastl. sumar. Það, sem hinsvegar hefir gerzt nú, er, að ný heimskreppa er að byrja fyrir alvöru, og við sjáum á öllum atvinnusviðum mjög óræk merki þess, að þessi kreppa er að færast yfir Ísland. Afurðir seldust með bezta móti síðastl. haust, en nú sjáum við, að verð þeirra fellur stórkostlega á öllum sviðum.

Ég álít því, að þetta þing, sem á að semja fjárl. fyrir árið 1939, hafi allt aðra aðstöðu en þingið í fyrra og því beri skylda til að rannsaka ýtarlega, hvað hægt sé að gera til þess að mæta þessari nýju kreppu, sem hlýtur að verða skollin á með miklum krafti 1939. Það er óvarlegt af okkur að gera ekki ráðstafanir til þess að mæta slíku við samning fjárl., og við kommúnistar munum bera fram á þinginu till., sem byggjast á þessari skoðun.

Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, vildi ég láta þetta í ljós.

***Ólafur Thors:** Það er aðeins stutt aths. — Ég skal ekki gera frekar að umræðuefni ummæli hv. 3. þm. Reykv. viðvíkjandi vinnulöggjöf, að öðru leyti en því, að það hlýtur að vera mjög veigamikið atriði í þessu sambandi, að löggjöf um þetta efni hefir legið fyrir Alþ. ár eftir ár, svo að þjóðin öll, og þá ekki síst þeir aðiljar, sem eiga væntanlega að búa við slíka löggjöf, hafa ekki aðeins haft tækifæri heldur og skyldu til þess að kynna sér þetta mál í höfuðatriðum. Nú sagði hv. þm., að það þyrfti ekki lengi að bíða eftir umsögn verkamanna um frv. sjálfstæðismanna, því aðstaða þeirra til þess væri þekkt. Hann sagði líka, að það væri mjög auðvelt að átta sig á þeim breyt., sem væru á væntanlegu frv. stj. frá frv. sjálfstæðismanna. Frá þessu sjónarmiði er sýnilega hægt að afgreiða málið fyrrivaralaust af hendi verkalýðsfélaganna,

en þessi einu rök, sem hann færði, að þessi aðili ætti að geta komið með sjálfstæðar umsagnir um málið, falla fyrir þeim rökum, sem ég færði fram, að það hafi ekki aðeins verið rétt, heldur skylt þessum aðilja að kynna sér þetta mál, þar sem það hefir legið fyrir hverju þingi á fætur öðru.

Ég skil það vel, að hv. þm. leiði það hjá sér, hvort örðugra er að dæma um mál, sem búið er að liggja fyrir 4 þingum, heldur en að gera fyrirvaralaust upp á milli forseta og varaforseta Alþýðusambandsins í þeim ágreiningi, sem þar liggur fyrir, þar sem borið er á annan, að hann hafi svikið flokkinn til hægri, en hinn, að hann hafi svikið hann til vinstri. Ég skil, að það sé óþægilegt fyrir hann að þurfa að viðurkenna hér á Alþ., að hann hafi sjálfur heimtað af verkalýðnum skjót svör og skýr, án allra gagna, í þeirri miklu og örlagaríku deilu, sem er innan Alþfl., en telji hinsvegar, að þessum sömu mönnum, sem eiga að gefa þessi skýru svör, sé öldungis ókleift að gefa nokkur svör í máli, sem þeir eru búnir að hafa fyrir framan sig í mörg ár.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, vil ég segja það, að hann leggur nokkuð skakkan skilning í mín orð um afgreiðslu fjárl. Ég sagðist vera andvígur fjárl. eins og þau eru, en ég teldi, að þeir aðiljar, sem töldu fært að afgreiða fjárl. eins og þau voru afgr. 21. des. síðastl. ár, telji það líka fært að afgreiða þau þannig nú. Ég get ekki viðurkennt, að bollaleggingar hv. þm. um væntanlega heimskreppu séu full rök fyrir því, að Alþ. fari nú, af þeim ástæðum, að gera nýjar samþ. um ný útgjöld, því það er það, sem hann ætlast til. Það er ekkert, sem liggur fyrir um, að við Íslendingar þurfum að óttast lægra verð á fiski en 70 kr. né lægra verð á síldaroliu en 9—10 pund. (**EOl**: Hvað var það 1935?). Var þá kreppa? Kreppan var í Bandaríkjunum 1929, og sú kreppa tór að mestu leyti framhjá Íslandi. Hv. þm. hlýtur að vita, að saltfisksverð það, sem við eigum nú að búa við, stafar af öðrum ástæðum.

Ég get vel skilið, að maður eins og hv. þm. og hans skoðunarbræður, sem eiga enga ósk heitari en að niða niður virðinguna fyrir þingræði og lýðræði, vilji, að þingið sitji 4—5 mánuði, til þess að hann geti fengið tækifæri til að slá því föstu með enn meiri rökum, að þingið sé ekkert annað en skrípaleikur. Það var ekki til þess að auka virðingu fyrir þinginu eða til þess að fegra blæinn á því, þegar við fengum kommúnista inn á þing. Það væri þó enn raunalegra, ef komúnistar fengju ráðið því, að þingið í einu og öllu yrði eins og þeir óska, að það verði. En það veit hver þm., að það er vandfarið svo um göturnar, að hugsandi borgarar setji ekki út á hvernig Alþ. sé orðið. Þetta er órækur vottur um það, að þingið þarf að breyta starfsháttum sínum, ef það ætlar að halda virðingu þjóðarinnar. En frumskilyrðið fyrir því að lýðræði geti haldizt í landinu, er að menn glati ekki virðingunni fyrir Alþ. Alþ. getur nú stuðlað að því með því að taka rögg á sig og ljúka við að afgr. fjárl. í þessum mánuði.

***Héðinn Valdimarsson**: Ég veit ekki, hvað gengur að höfðinu á hv. þm. G.-K., að hann skuli ekki geta skilið svo einfalt mál og það, að þegar frv. hefir legið frammi, sem er samið af Vinnuveitendafélaginu og flutt af flm. þess, þá er hægt að taka afstöðu til þess af hálfu verkalýðsfélaganna. En það hefir ekkert frv. komið fram af hálfu verklýðsfélaganna. Það hefir komið fram frv. frá mþn., en í henni voru menn frá Framsfl. og Alþfl., en verkalýðsfélögin hafa ekki sagt álit sitt um það, og á þeim stutta tíma, sem um er að ræða, er ekki von til, að þau geti gert það.

Það er hægt að velja milli þessara tveggja frv., en það er ekki þar með sagt, að verkalýðsfélögin vilji hafa annað þeirra. Það er hægt að velja milli þess að vera hálshöggvinn eða vera meiddur, en það er ekki þesskonar val, sem verkalýðsfélögin vilja. Það er ekki hægt að setja vinnulöggjöf öðruvísi en að verkalýðurinn, sem á að búa við hana, telji hana viðunandi fyrir sig.

Það eru mörg atriði, sem eru nauðsynleg fyrir verkalýðsfélögin, sem frv. fer alls ekki inn á. Það eru önnur atriði, sem eru orðuð óskýrt. Það eru enn atriði, sem eru skaðleg fyrir verkalýðinn og þannig löguð, að hann mun ekki samþ. þau, ef hann er spurður.

Á 57. *fundi í Nd., 29. apríl, utan dagskrár*, mælti

***Jón Pálmason**: Mér þykir ástæða til þess að gera fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. — Eins og kunnugt er, hefir sá eindæma atburður komið fyrir fyrir nokkrum dögum, að siglingaflotinn er stöðvaður af þeim mönnum, sem eru næsthæstlaunaðir á flotanum, og lítur ekki út fyrir, að það sé neitt í vændum, að þetta breytist.

Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. stj., hvort það sé virkilega meiningin að láta þetta viðgangast, án þess að gera nokkrar ráðstafanir nú þegar. Við vitum, að það er svo meðal nágrannaþjóða okkar, að það er lagt kapp á um þessar mundir að auka aðflutninga, og það skiptir sannarlega ekki litlu fyrir okkur, að það sé ekki stöðvaður útflutningur á þeim afurðum, sem við þurfum að flytja frá landinu. Þess vegna sýnist það furðulegt, að nokkur dagur sé látinn svo líða, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál ekki föstum tökum, svo að úr því geti orðið greitt.

Annars er það furðulegt fyrirbrigði, sem sýnir, hvernig ástandið er í okkar landi, að hálaunaðir menn skuli ganga frá verki sínu fyrirvaralaust og stöðva siglingaskipin, og að það skuli vera liðsmenn hæstv. ríkisstj., sem beita sér fyrir því að verja slíkt framferði, ef ekki að koma því á.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég er raunar dálítið undrandi yfir þessari fyrirspurn. Það hefir oft komið fyrir, að vinnustöðvun hafi orðið í nokkra daga án þess að hv. alþm. hafi séð ástæðu til að rísa úr sætum sínum til þess að lýsa undrun sinni yfir því, að það sé látið viðgangast af hálfu ríkisstj. Ríkisstj. hefir ekki þetta mál með höndum, a. m. k. ekki enn sem komið er, og eftir því, sem ég bezt veit, hefir sáttasemjari ekki enn gert miðlunartill. í málinu, en ég hygg, að hann hafi undirbúið sig með að gera miðlun-

artill., og kemur ekki til mála á þessu stigi málsins, að ríkisstj. láti það ekki fara sína eðlilegu leið að þessu leyti. Annars hygg ég, að aðrir hæstv. ráðh. séu kunnugri þessu máli en ég.

***Jón Pálmason:** Það er að vísu slæmt, að þeir hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir sérstaklega undir, skuli ekki vera viðstaddir, en það er helzt að skilja á hæstv. fjmrh., að það sé ætlunin að láta þetta mál danka svona áfram, eins og um sérstaklega lítilfjörlega kaupdeilu sé að ræða með venjulegum hætti. Ég verð að segja það, að mér virðist hér vera um meira að tefla en þó að gerð sé kaupdeila í einhverju kauptúni eða sjávarplássi, þegar svo er ástatt, að siglingaflotinn er stöðvaður fyrirvaralaust. Mér þykir það undrun sæta, ef hæstv. ríkisstj. finnst ekki ástæða til að gera ráðstafanir til þess að koma leiðréttingu þegar á þetta mál.

Ég gerði þessa fyrirspurn til þess að fá að vita, hvort það væri ætlunin að láta þetta haldast svona áfram og láta það skeika að sköpuðu, hvort sættir komast á í málinu eða ekki.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem ég sagði áðan. Ég vildi bara segja, að ríkisstj. hefir ekki tekið fasta afstöðu í þessu máli, en ég vil taka það fram, að ég álít, að það, sem hv. þm. A.-Húnv. hefir sagt hér, sé ekki til þess fallið að leysa þetta mál á einn eða annan hátt, en ég vænti, að hann taki þeim mun skynsamlegar í málið, ef til slíks dræg, að ríkisstj. tæki það til meðferðar.

III. Rannsókn kjörbréfs.

Á 3. fundi í Sþ., 21. febr., mælti

forseti (JakM): Mér hefir borizt bréf frá hæstv. forseta Ed., dagsett 19. febr., á þessa leið:

„Jón Baldvinsson, 9. landsk. þm., hefir í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég sé fram á, að ég muni ekki á næsta hálfa mánuði geta sótt þingfundi sakir sjúkleika, óska ég þess, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns".

Varamaður hv. 9. landsk. mun vera mættur hér á fundinum, og hefir hann lagt fram kjörbréf sitt, og hefir það verið afhent kjörbréfanefnd. Vænti ég, að hún skýri frá athugun sinni á því.

Frsm. kjörbréfanefndar (Vilmundur Jónsson): Kjörbréf Erlends Þorsteinssonar hefir verið athugað í kjörbréfanefnd. Leggur nefndin til, að kosning hans verði tekin gild.

Forseti (JakM): Hv. þm. hafa heyrt till. hv. kjörbréfan., og verður gengið til atkv. um hana.

ATKVGR.

Kjörbréf Erlends Þorsteinssonar samþ. með 31 shlj. atkv.

Að því loknu vann hinn nýi þm. drengskaparheit að stjórnarskránni.

IV. Þingseta varaþingmanna.

Á 2. fundi í Sþ., 17. febr., utan dagskrár, mælti

Jörundur Brynjólfsson: Í tilefni af því, að mér hefir borizt bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, þar sem hann lætur þess getið, að sér sé nauðsynlegt að takast á hendur ferð til útlanda og að hann muni dvelja í þeirri för nokkurn tíma, og þar sem hann hefir óskað eftir, að varamaður sinn tæki sæti sitt á Alþingi í fjarveru sinni, og þar sem fundur er nú háður í Sþ. áður en fundur verður í Nd., þá þótti mér hlýða að tilkynna hæstv. forseta Sþ. það, og sé ég, að hv. varaþm. hv. 4. þm. Reykv. hefir mætt hér og mun vafalaust taka sæti hans.

Forseti (JakM): Hv. varaþm. tekur sæti hv. aðalþm. og hefir atkvæðisrétt.

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, utan dagskrár, mælti

***Sveinbjörn Högnason:** Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það er löglegt, að varamaður þm. taki þátt í atkvgr., þegar þm. er ekki forfallaður. Mér skilst, að eftir kosningalögunum eigi varamenn ekki að hafa sæti á þingi, nema löglegum forföllum þm. sé til að dreifa. Ég hygg, að það séu alveg sérstök réttindi, sem hv. þm. Reykv. og landsk. þm. hafa, ef þeir mega senda menn í staðinn fyrir þig á þingið, þegar þeim sýnist, ef þeir hafa öðrum störfum að gegna eða vilja ekki taka sæti á þingi einhverra hluta vegna.

Það er síður en svo, að ég komi hér fram með þetta af því, að ég hafi nokkuð út á þennan mann að setja, sem hér er á þingi í stað hv. 4. þm. Reykv. En mér virðist það skipta nokkru máli upp á framtíðina, að úr því sé skorið, hvort þetta megi svo til ganga. Og þessu var eins háttað með hv. 4. þm. Reykv. á síðasta þingi. Þá dvaldi hann hálfan mánuð í bænum eftir utanför sína án þess að taka sæti á þingi og án þess að um lögleg forföll væri að ræða. Ég hygg, að nú sé einnig liðinn hálfur mánuður síðan hv. þm. kom úr siglingu, og mér er ekki kunnugt um, að löglegum forföllum sé til að dreifa.

Ég vildi beina þessu til hæstv. forseta, til þess að fá úr því skorið, hvort þetta er samkv. gildandi l. um kosningar til Alþingis.

***Forseti (JörB):** Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Rang. viðvíkjandi fjarveru hv. 4. þm. Reykv. vil

ég geta þess, að rétt eftir að hann kom heim úr sinni utanför fékk ég orðsendingu frá honum, þess efnis, að hann væri forfallaður í bili frá að mæta hér á Alþ. Ég hefi nú alveg nýverið fengið frá honum orðsendingu um, að hann muni mæta á Alþ. á föstudaginn kemur. Ég hefi að vísu ekki nýlega grennslazt eftir, hvort sjúkdómur hefir hindrað hv. 4. þm. Reykv. frá að mæta hér, en ég hygg þó, að hann hafi haft ríka ástæðu til að mæta ekki, en ég get þó ekki fullyrt neitt um það.

Ég er sammála hv. 1. þm. Rang. um það, að hv. þm. beri í þessu efni að fara eftir þeim fyrirmælum kosningalaganna, að ef þeir sakir sinna embættisstarfa þurfa að hverfa frá þingstörfum, eins og borið hefir tvisvar við með hv. 4. þm. Reykv., þá beri þeim, þegar þeim erindrekstri er lokið, undir eins að mæta hér á Alþ. og taka þátt í þingstörfum, en sakir þess að ég fékk skeyti frá hv. 4. þm. Reykv. um forföll hans fyrst til að byrja með, hefi ég gengið út frá því, að hann af lögmætum ástæðum hafi verið hindraður frá því að mæta hér á þingfundum og taka þátt í þingstörfum. Ég verð að treysta svo þegnskap hv. þdm., hans jafnt sem annara og annara jafnt sem hans, að menn komi, þegar þeir eru ekki hindraðir af lögmætum ástæðum frá því að mæta á fundum Alþ., og taka þátt í fundarstörfum.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég vil aðeins spyrja hæstv. forseta um það, hvort hv. 4. þm. Reykv. hefir tilkynnt slík forföll, sem rætt er um í kosningalögunum og gefa varamanni rétt til að setjast í sæti þm. á þingi; því að ef svo er ekki, þá vil ég benda hæstv. forseta á, að ég hygg, að það sé mjög vafasamt, hvort atkvgr. hér í þinginu, sem veltur kannske á atkv. þessa varamanns, sem ef til vill situr ólöglega á þingi samkv. ákvæðum kosningal., er gild og hvort lög, sem afgr. eru frá þinginu, ef það er ekki gegn fyrirmælum kosningal., hafa gildi í okkar þjóðfélagi. Mér skilst, að hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki tilkynnt forföll vegna veikinda eða fjarveru, því að heim er hann kominn, og ég veit ekki til, að það sé annað, sem geti réttlætt það, að varamaður taki sæti þm.

Þó að ekki sé um lengri tíma að ræða en til föstudags, þá er það nóg, því að það standa fyrir dyrum mikilsvarðandi atkvgr., og ég held, að það sé ekki á það hættandi, að þær verði ógildar vegna þess, að í þeim taki þátt menn, sem í raun og veru hafi ekki umboð til að sitja lengur á þingi.

Ég tel því óumflýjanlegt, að hæstv. forseti úrskurði, hvort þátttaka varamanns sé gild í atkvgr. undir þessum kringumstæðum, og mér skilst, að ef farið er inn á það að viðurkenna annað en þau fyrirmæli, sem standa í kosningalögunum, þá sé komið inn á svo háskasamlega braut fyrir þingið, að það væri vafasamt, hvort réttmæti fylgdi þeim samþykktum, sem gengju út frá Alþ. eftirleiðis.

***Garðar Þorsteinsson:** Út af þessum umr. vil ég benda á ákvæði í 144. gr. kosningal. um það, hvernig varamaður tekur sæti á þingi.

Í 1. mgr. þeirrar gr. segir, að varamenn þm. Reykjavíkur taki sæti, þegar þm. þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast. Þarna er gert ráð fyrir tvennu, að þeir falli frá eða forfallist, án þess að orðið forfallist sé nánar tiltekið.

Í 3. mgr. er sagt, að ef þm. Reykjav. eða landsk. þm. forfallast sökum veikinda eða annars — þarna eru forföllin nánar tiltekin, bæði vegna veikinda og annars —, þá á þessi þm. að tilkynna forseta d., sem hann á sæti í, eða forseta Sþ., forföllin og í hverju þau séu fólgin. Það, sem athugavert er í þessu sambandi, er, að það er alveg á valdi þm., sem um er að ræða, að meta forföllin og tilkynna ástæðuna fyrir forföllunum. Úrskurðarvaldið um þetta er alls ekki hjá forsetum Alþ. eða þinginu, heldur að öllu leyti hjá þeim þm., sem tilkynnir forföllin. Þetta „annars" er ótiltekið, því að ef meiningin væri, að það væri aðeins þrennt, sem réttlætti það, að varamaður tæki sæti á þingi, ef þm. deyr, ef hann veikist eða ef hann er fjarverandi, þá væri það að sjálfsögðu tekið fram í 3. mgr. og stæði því: sökum veikinda eða fjarveru.

Ég held því, að sá skilningur, sem hæstv. forseti leggur í þetta, sé ekki réttur, og því síður skilningur hv. 1. þm. Rang.

***Ólafur Thors:** Ég get í rauninni fallið frá orðinu, þar sem það, sem ég vildi sagt hafa, hefir verið tekið fram af öðrum hv. þm., en ég taldi mér skylt að taka til máls, vegna þess að hér er sérstaklega deilt á þm. úr Sjálfstfl. Ég vil leggja sérstaka áherzlu á, að í 3. mgr. 144. gr. kosningal. stendur, að það séu ekki aðeins veikindaforföll, sem tekin séu til greina, heldur og annað. Ég treysti mér ekki til að dæma um, hvort skilningur hv. síðasta ræðumanns á því, hvar úrskurðarvaldið í þessu efni skuli liggja, sé réttur eða ekki, en ég hygg, að á meðan hv. þm., sem hlut á að máli, er ekki átalinn af valdamönnum þingsins, forsetum, fyrir fjarveru, þá sé ekki um að sakast af öðrum.

Annars finnst mér heldur óviðfelldið af hv. 1. þm. Rang. að vera að fara með þetta inn í þingið. Honum er kunnugt um, að ef hann hefði lagt sérstaka áherzlu á, að hv. 4. þm. Reykv. kæmi inn í þingið, þá stóðu honum nógar leiðir opnar í því efni. Það er margt af slíku tægi, sem hægt væri að útkljá utan þingsalanna eins og að flytja það inn í þingið til þess að tefja með því umr. og vekja óþarfar deilur.

Þetta er annar dagurinn frá því að hæstv. forseti Sþ. minntist á það við mig, að hann teldi viðfelldnara, að ef hv. 4. þm. Reykv. gæti komið, þá kæmi hann, og ég snéri mér til hv. þm. og sagði, að fjarvera hans væri farin að vekja óánægju og að forseti Sþ. óskaði eftir, að hann kæmi, ef hann gæti. Hann tók það til greina og sagði, að ef það sætti ekki sérstökum átölum, að hann mætti ekki fyrr en á föstudag, þá óskaði hann eftir því, en ella mundi hann koma, ef áherzla væri lögð á það af forseta þingsins.

Það er svo margt, sem fram fer hér á Alþ., sem ástæða væri til að minnast á, ef út í þá sálma væri farið. Það mættu sjálfsagt sumir hv. þm. rækja þingstörf sín betur, og á ég þar ekki sérstaklega við hv. 1. þm. Rang. (SvbH: Ætli það

eigi ekki við hv. þm. sjálfan?). Það getur vel verið, en ég held, að ég hafi ekki rækt störf mín verr en hv. fyrirspyrjandi, en það kann að vera nóg út af fyrir sig. Annars er bezt að segja það, fyrst farið er að tala um þetta, að það er margt hér á Alþ., sem mætti vera öðruvísi en það er, og við eigum kannske misjafna sök á því, en flestir einhverja, að sá blær er ekki yfir Alþ., sem æskilegt væri. En þetta sérstaka tilefni, sem hér hefir verið gert að umræðuefni, finnst mér ekki svo stórvægilegt.

***Sveinbjörn Högnason:** Mér finnst vægast sagt, að það komi úr nokkuð harðri átt, að hv. þm. G.-K. skuli væna einhverja hv. þm. í þessari hv. d. fyrir, að þeir ræki illa störf sín hér í þinginu, því að ég hygg, að hann sé þar ekki betri en menn svona upp og niður hér í d. Ég er ekki að áfella hann fyrir það, en mér finnst það óviðkunnanlegt, ef ekki má í þinginu sjálfu ræða þetta mál, svo alvarlegt atriði sem hér er um að ræða, sem sé það, hvort d. sé í raun og veru ályktunarfær, ef ég mætti svo segja, þegar atkvgr. veltur kannske á einu atkv. Ég hygg, að hv. þm. G.-K. hafi a. m. k. oft hreyft atriði, sem ekki hefir verið meira virði heldur en þetta, og það er hreinn misskilningur hjá þessum hv. þm., ef hann heldur, að hann einn eigi að gera út um þessa hluti. Ég býst við, að það verði gert út um það eftir því sem lög mæla fyrir og talið er rétt, en ekki eftir því, hvaða pólitískar tilfinningar hann hefir í þessu efni.

Þegar hann talar um, að margt mætti betur fara á þinginu, þá er ég honum sammála um það, t. d. að flokkur þessa hv. þm. væri ekki með stöðugar árásir á vinnubrögð Alþ. um leið og þm. flokksins svo að segja í hverri n. tefja málin eins og þeim er frekast unnt. Ég hygg einnig, að engir hv. þm. séu sekari um að mæta ekki á réttum tíma á fundi í n. til afgreiðslu mála heldur en þm. Sjálfstfl. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar þessi hv. þm. er að tala um, að hér mætti margt betur fara, samtímis því, sem blöð flokksins eru með sífelldar ádeilur fyrir léleg vinnubrögð.

Eins og hv. 8. landsk. las upp, stendur í kosningal.: „Ef þm. Reykjavíkur eða landsk. þm. forfallast sökum veikinda eða annars ...". Ef þm. forfallast einhverra hluta vegna og á að meta þau forföll sjálfur, þá er þetta ákvæði í 3. mgr. 144. gr. þýðingarlaust. Ég held, að það verði að vera forföll, sem virkilega hindra mann í að geta setið á þingi, og það eru ekki til önnur forföll en að maðurinn falli frá, verði veikur eða sé fjarverandi, þannig að hann geti ekki tekið þátt í þingstörfum. Það eru ekki forföll, þó að þm. hafi það mikil störf með höndum, að hann geti ekki rækt þingstörf, því að þá hefir hann ekki leyfi til að bjóða sig fram sem þm., en ef þm. tekur kosningu, þá er honum skylt að mæta á þingi, ef ekkert sérstakt forfallar hann. Ef túlka mætti orðin „eða annars" á þann veg, sem hv. 8. landsk. reyndi að færa rök fyrir, þá þyrfti engin ákvæði hér um.

Það er því sjálfsagt, að hæstv. forseti taki afstöðu til þess með úrskurði, hvort hér er um réttmætt atriði að ræða eða ekki. Ég veit satt að segja ekki, hvaða atriði ætti frekar að ræða hér í þinginu en það, hvort þm., sem tekur þátt í atkvgr., hefir virkilega umboð til þess eða ekki.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar, en að endingu vil ég taka það fram, að ég er ekki að ræða um þetta af því, að ég telji þennan hv. varaþm. óhæfari til að sitja á þingi heldur en þann þm., sem hann er varamaður fyrir, heldur af því, að ég vil aðeins, að það komi fram, hvaða regla á að gilda í þessu efni og hvort hægt sé að ganga svo framhjá bókstaf og anda kosningal., að það sé hægt að afgr. mikilsverð mál á Alþ., þó að það sé mjög á huldu, hvort um löglega þátttöku í atkvgr. sé að ræða hjá þm.

***Forseti (JörB):** Ég vil beina því til hv. þdm. að fara ekki að gera allsherjar eldhúsdag um það, hvernig þeir ræki þingstörf. Það er næsta óviðfelldið og snertir ekki heldur þetta sérstaka málefni, sem gert hefir verið að umtalsefni.

Viðvíkjandi 144. gr. kosningal., um varaþm. og réttindi þeirra og skyldur til þess að taka sæti á þingi í forföllum aðalmanns, er það að segja, að ákvæði gr. eru hvergi nærri augljós. Það er sagt í 1. mgr. gr., að varaþm. eigi að taka sæti aðalmanns annaðhvort þegar þm. fellur frá eða forfallast. Í 3. mgr. er talað um, að ef þm. Reykjavíkur eða landskjörinn þm. forfallast sökum veikinda eða annars, þá eigi hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt, en tilkynna skuli hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta Sþ., ef Alþ. hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin séu fólgin og hve lengi þau muni vara.

Nú er þetta orðalag engan veginn svo ljóst, að af því verði séð með vissu, hvað vakað hefir fyrir löggjafanum með „önnur forföll", en þar mun þó heyra undir óumflýjanlegur erindrekstur hjá þm., eins og þegar er viðtekið að því er snertir fjarveru hv. 4. þm. Reykv., þar sem það hefir verið skoðað löglegt, að hann hefir farið í siglingu í embættiserindum og varamaður hans hefir tekið sæti á þingi. Þar sem orðalagið er ekki ákveðið og skýlaust, treysti ég mér ekki til þess að dæma öðruvísi en að hv. varaþm. 4. þm. Reykv. hafi fullkomlega rétt til að greiða atkv. meðan hann situr á þingi.

Viðvíkjandi því atriði, sem hv. 1. þm. Rang. drap á, að það væri hæpið, hvort atkvgr. væri lögleg hér í d., ef þannig stæði á, að máli gæti skipt um atkv. þessa varaþm., þá vil ég segja, að það megi vel vera, að þannig geti staðið á um atkvgr., að það geti skipt máli um úrslit, hvernig þau falla, ef þetta atkv. væri dregið frá, en ég þykist vita, að þetta hefi ekki vakað fyrir hv. 1. þm. Rang., því að það er ekki hægt um það að segja fyrirfram, hvort atkvæði aðalmanns hefði fallið neitt öðruvísi en varamannsins.

En ef fara á svo strangt út í þetta atriði, þá vil ég benda á 33. gr. þingskapa, þar sem sú skylda er lögð á þm., að þeir eigi að mæta á öllum þingfundum og taka þátt í þingstörfum og mega ekki láta það undir höfuð leggjast nema lögleg forföll banni. Og ef þannig ætti að útkljá úrslit mála á Alþingi, með því að hægt væri síðar að sanna, að úrslitin hefðu getað orðið önnur, er einhver fjarverandi þm. hefði greitt atkv. svo

og svo, er komið út fyrir öll takmörk þess framkvæmanlega. — En sakir þess, að ýms forföll geta verið réttmæt án þess, að þm. geti tilkynnt þau fyrirfram eða gert fulla grein fyrir, hefir Alþingi ekki séð sér fært að taka stranglega til orða um þetta. Eigi að síður álít ég, að þingmaður eigi að mæta á þingi og taka þátt í þingstörfum, svo framarlega sem sjúkdómar, fjarvistir í embættiserindum eða önnur jafnóhjákvæmileg atvik hindra ekki. Og þannig hlýtur Alþingi að líta á. Ég get fúslega játað á mig þá vanrækslusynd, að ég hafi ekki rannsakað það síðustu daga, hvort hv. 4. þm. Reykv. (PHalld) er enn svo hindraður vegna lasleika, að hann geti alls ekki mætt, en ég hefi fulla ástæðu til að halda, að svo hafi verið til skamms tíma.

En þar sem hv. 4. þm. Reykv. mun annaðhvort mæta hér á morgun eða allra næstu daga, ef ekki koma ný forföll fyrir, vil ég vona, að menn geti látið þetta atriði útrætt. Ég mun sem forseti taka gilt atkv. varaþm., hv. 4. þm. Reykv. (JGM) við atkvgr., þar til aðalþm. hefir tekið sæti.

Til hins verð ég að svara persónulega, ef ég hefi ekki gert mína ýtrustu skyldu í því efni að kynna mér heilsufar aðalþingmanns.

***Ólafur Thors:** Hæstv. forseti hefir úrskurðað þetta mál, og ég sé því ekki ástæðu til að hafa langar umr. En þegar hv. 1. þm. Rang. segir, að sjálfstæðismenn sinni þingstörfum verr en nokkur annar flokkur, verður því ekki látið ómótmælt. Það er ekki aðeins rangmælt hjá hv. 1. þm. Rang., heldur sagt gegn betri vitund. Ég er alveg óhræddur við, að slíkt mál sé rætt og rannsakað. — Það mundu sjálfsagt koma fram einhverjar vanrækslusyndir hjá sjálfstæðismönnum, en öðru er ekki til að dreifa, og þar er ég óhræddur við samanburð flokksins við aðra hv. þingflokka.

Hitt er annað mál, að ýmsu er ábótavant um form þingsins. Og ég hefi aldrei sagt neitt um það, að ég væri þar sýknari en aðrir. Ég ætla ekki heldur að deila á hv. 1. þm. Rang. persónulega fyrir þá hluti, jafnvel þó að hugsazt gæti, að þess væri einhver kostur.

En það væri kannske fullkomin ástæða til að halda hinu fram, að við sjálfstæðismenn uppfyllum ekki nógu vel skyldu okkar sem stjórnarandstæðingar, að deila á stjórnina fyrir allt það, sem hún fremur vítavert eða vanrækir. — Öfugmæli þingmannsins hafa við engin rök að styðjast.

***Garðar Þorsteinsson:** Hæstv. forseti hefir úrskurðað þetta atriði í samræmi við skilning minn á ákvæðum þingskapanna og tekið til greina tilkynning hv. 4. þm. Reykv. um, að hann gæti ekki mætt vegna lasleika.

Það var hv. 1. þm. Rang., sem ég vildi mótmæla. Þegar lög eru sett, er annaðhvort talið upp allt, sem þau eiga að ná út yfir, eða nefnd eru fáein dæmi og svo ályktað út frá þeim um hliðstæð tilfelli. Það hefði verið ákaflega auðvelt að telja upp: dauða, veikindi og óhjákvæmilegar fjarvistir í opinberum erindum. — En í stað þess að tilnefna slíkar fjarvistir sérstaklega, nefna þingsköpin „aðrar orsakir". Þessi grein þeirra hefir því alls ekki tæmandi upptalning, heldur hlýtur það að verða nokkuð á valdi þingmannsins sjálfs að meta, hverjar „aðrar orsakir" séu gild forföll. Hitt er vitanlega einnig rétt, eins og hæstv. forseti tók fram, að þm. á að mæta á þingi og taka þátt í þingstörfum, þegar með sanni verður sagt, að hann geti mætt. Enda er talið svo sjálfsagt, að þm. geri það, að löggjöfin hefir ekki gert neinar ráðstafanir til að þvinga hann til þess. En orðalagið, þar sem sagt er svo fyrir, að þm. skuli ekki aðeins tilkynna forseta forföll, heldur og hvers vegna hann er forfallaður, sýnir, að gert hefir verið ráð fyrir fleiri orsökum en þeim, sem taldar eru upp í þingsköpunum.

***Sveinbjörn Högnason:** Það gleður mig, ef orð mín hafa kennt hv. þm. G.-K. betri hætti. Þó að hann reyndi að narta í mig, var eins og sök biti sekan og minnkaði í honum hvalablásturinn. — Lögspeki hv. 8. landsk. breytir engu um málið sjálft. Og mér þykir vænt um, að hann er að hverfa frá því, að þm. ráði sjálfir fjarvistum sínum, og vill nú fallast á að binda þær við ákveðin forföll.

Forseti (JörB): Það var eitt atriði, sem mér láðist að víkja að áðan. Ég hlýt sakir starfa míns að hafa nokkur kynni af störfum í nefndum. Ég kann mjög illa við, að vanræksla í þeim störfum sé borin hv. sjálfstæðismönnum á brýn, því að það er ekki réttmætt.

V. Minning Jóns Baldvinssonar.

Á 7. fundi í Sþ., 17. marz, mælti

forseti (JakM): Ég hefi þá sorgarfregn að flytja þingmönnum, að forseti sameinaðs Alþingis, Jón Baldvinsson, andaðist í nótt að heimili sínu hér í bænum, hálfsextugur að aldri.

Jón Baldvinsson var fæddur 20. des. 1882 á Strandseljum í Ögurhreppi, sonur Baldvins Jónssonar bónda þar og konu hans, Halldóru Sigurðardóttur, bónda í Hörgshlíð Hafliðasonar. Hann lærði ungur prentiðn á Ísafirði og stundaði það starf til ársins 1918, fyrst á Bessastöðum og síðar í Reykjavík. Það ár gerðist hann forstjóri alþýðubrauðgerðarinnar í Reykjavík og hélt því starfi til 1930, er hann varð bankastjóri í Útvegsbanka Íslands. Á Alþingi átti hann sæti í 17 ár samfleytt, frá 1921, og var þetta 20. þingið, er hann sat. Hann var þm. Reykv. frá 1921—1926, en landsk. þm. 1927 og síðan.

Auk þess, sem hér hefir verið talið, hafði Jón Baldvinsson og á hendi fjölmörg önnur trúnaðarstörf í almennings þarfir. Skulu hér talin nokkur hin helztu. Í bæjarstjórn Reykjavíkur átti hann sæti 1918—1924. Hann var kosinn í dansk-íslenzka ráðgjafarnefnd 1927 og í Þingvallanefnd 1928, og átti sæti í báðum þeim nefndum síðan. 1932 var hann kosinn í milliþinganefnd um kjördæmaskipun. Hann var forseti Alþýðusambands Íslands frá stofnun þess, 1916, og formaður Alþýðuflokksins frá upphafi. Á haustþinginu 1933

var hann kosinn forseti sameinaðs Alþingis og var það síðan.

Með Jóni Baldvinssyni er til moldar genginn einn hinna merkustu stjórnmálamanna landsins. Þótt eigi nyti hann skólamenntunar, hafði hann af eigin rammleik aflað sér staðgóðrar þekkingar, eigi aðeins á landsmálum, heldur og á ýmsum öðrum sviðum. Hann tók snemma að gefa sig að stjórnmálum, og skipuðu gáfur hans og hæfileikar honum þegar á ungum aldri í sveit forustumanna í flokki hans, Alþýðuflokknum. Um 20 ára skeið hefir hann verið aðalforingi flokksins, og öllum öðrum fremur mótað stefnu hans og starfsemi, bæði innan þings og utan. Hyggindi hans og lipurð áttu og ekki minnstan þátt í því, að jafnan var þar leitað trausts og halds sem hann var, þegar vanda bar að höndum.

Við, sem með honum höfum starfað hér á þingi, eigum á bak að sjá eigi aðeins einum hinna verkhæfustu og ötulustu starfsbræðra, heldur og vinsælum manni og góðum dreng, og munu allir harma fráfall hans, hvar sem þeir eru í flokki.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa látna merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þingmenn stóðu upp.]

VI. Ráðherraskipti.

Á 28. fundi í Nd., 18. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

***forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil ekki láta dragast að tilkynna hér í hv. d., þar sem hæstv. atvmrh. á sæti, að mér hefir í morgun borizt bréf frá honum, þar sem hann óskar eftir, að ég beiðist lausnar fyrir sig úr ráðuneytinu. Ég hefi gert ráðstafanir til, að konungi verði símað í dag, og óska ég þar, að orðið verði við þessari beiðni ráðh. Ég hefi jafnframt lagt til við konung, að mér verði falið að gegna störfum atvmrh. fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið. Ástæðan til þess, að atvmrh. hefir óskað eftir, að beiðzt væri lausnar fyrir hann úr ráðuneytinu, er þegar kunn hér á hv. Alþ. af þeirri tilkynningu, sem hann gaf í umr. um það frv., sem afgr. var hér fyrir skemmstu um gerðardóm í vinnudeilu þeirri, sem nú stendur yfir, og í bréfi ráðh. færir hann sömu rök fyrir máli sínu og hann gerði hér undir umr.

Mér þykir mjög miður, að svo hefir farið, að samvinna hefir slitnað á þessu máli, en ég er þeirrar skoðunar, að það mál, sem hér var afgr., sé það stórt mál og svo alvarlegt fyrir okkar þjóðfélag og nauðsynlegt, að það væri leyst nú þegar, að ég áleit og er enn viss um, að ég hefi gert rétt. Öll önnur sjónarmið urðu að víkja fyrir því. Ég hefi álitið, að samningaréttur beggja aðilja, bæði sjómanna og atvinnurekenda, ætti að víkja fyrir þeirri nauðsyn. Ég álít, að ekki hafi verið hægt að taka tillit til þess, sem nú er hér fram komið.

En mér þykir það miður, og ég verð að segja það hér í hv. d., að þótt þá tvo flokka, sem hafa haft samvinnu um ríkisstjórn undanfarin ár, hafi greint á um ýmislegt, þá hefir samvinnan í ríkisstj. milli hæstv. atvmrh. og okkar hinna ráðh. ætíð verið hin bezta, og hún hefir verið góð, að mínu áliti, mest vegna þess, að í þeirri samvinnu hefir hann sýnt það, sem er undirstaða allrar samvinnu, hinn fullkomnasta drengskap.

Vil ég hér með tilkynna hv. d. þetta á þann hátt, sem ég nú hefi gert, og hefi ekki fleira um það mál að segja að svo komnu.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, utan dagskrár, mælti

***forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil leyfa mér að tilkynna hér í hv. d., eins og ég hefi gert í Nd., þar sem hæstv. atvmrh. á sæti, að mér hefir í morgun borizt bréf frá honum, þar sem hann óskar eftir að verða leystur frá ráðherrastörfum. Ég hefi því gert ráðstafanir til þess, að konungi verði símað nú í dag, og óskað eftir, að hann leysti hann frá störfum sem ráðherra. Ég hefi jafnframt gert ráðstafanir til þess, að konungi verði símað, og lagt til við hann, að mér verði falið að gegna störfum atvmrh. fyrst um sinn, eða þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Mér þykir það mjög leitt, og ég verð að láta þá skoðun í ljós í þessari hv. d., að samvinnan hefir á þennan hátt slitnað, en ástæðurnar, sem liggja til þess, eru hv. d. kunnar, og eru þær ástæður, sem færðar eru fram í bréfinu, hinar sömu, sem hæstv. atvmrh. færði fram hér á Alþ., sem sé frv. um gerðardóm í vinnudeilu, sem lá fyrir Alþ. fyrir skemmstu, hefir verið samþ. og staðfest af konungi.

Mér þykir það leitt, að þetta skuli hafa valdið slíkum ágreiningi, þar sem mér virtist ekki bera það mikið á milli. En ég verð að láta þá skoðun í ljós, eins og ég lýsti yfir undir þeim umr., að mál það, sem þá var verið að afgr., væri það stórt mál fyrir okkar þjóðfélag, að sá venjulegi réttur aðilja, samningaréttur sjómanna og útgerðarmanna, yrði að víkja fyrir því máli, og eins taldi ég, að hvert annað sjónarmið, jafnvel um breyt. í ríkisstj., yrði að víkja fyrir því, og er ég þeirrar skoðunar enn. Ég er ekki í vafa um, að ég var þá að gera það, sem var rétt. Mér þykir þetta mjög miður vegna þess, að þó þá flokka, sem hafa haft samvinnu í ríkisstj. undanfarin ár, greini á um ýmislegt, og það hafi eins og gengur og gerist borið nokkuð á þeim ágreiningi, þá hefir samvinnan í ríkisstj. verið mjög góð.

Ég vil hér í þessari hv. d. þakka hæstv. atvmrh. fyrir samvinnuna í ríkisstj., og ég verð að segja, að ef ég á að taka eitthvað sérstaklega fram, án þess að halda um það neina ræðu, hvað valdið hafi því, að samvinnan hefir verið góð, þá er það fyrst og fremst fyrir þá sök, að hann hefir sýnt í allri samvinnunni mikla hreinskilni og drengskap, sem ég álít, að sé fyrsta undirstaðan undir góðri samvinnu milli þeirra, sem ekki eru algerlega sömu skoðunar.

Þetta leyfi ég mér að tilkynna hv. þd., og sé ég ekki ástæðu til að ræða um málið frekar, nema tilefni gefist til.

Á 31. fundi í Nd., 22. marz, utan dagskrár, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Það hafa komið fram raddir um það opinberlega, að vísu utan þingsins, að það væri rangt, að núv. stjórn hefir farið með völd þessa daga, síðan Haraldur Guðmundsson, fyrrv. atvmrh., sagði af sér. Segja má, að það sé ekki allskostar óeðlilegt, þótt þessar raddir hafi komið fram. En þær byggjast þó á nokkrum misskilningi, sem ég vil leiðrétta.

Þau rök, sem hafa legið til þess, að ríkisstj. hefir ekki sagt af sér, eru þau, að talið var líklegt af sumum, að gerðardómslögin, sem ég fékk samþ. hér á Alþingi nú nýlega, mundu ef til vill verða erfið í framkvæmdinni, og þess vegna hefi ég talið það eðlilegt, að ég segði ekki af mér né grennslaðist eftir möguleikum til stjórnarmyndunar, áður en endi yrði bundinn á það mál, þar sem um svo stuttan tíma er að ræða. Mér virðast líka þm. úr öllum flokkum — og fyrir það er ég þeim þakklátur — hafa sýnt samskonar skilning á alvöru tímanna, og þess vegna hefir enginn þeirra kosið að gera fyrirspurnir hér á Alþingi um þetta atriði, og hafa þar með komið í veg fyrir, að þrasi um setu stj. yrði blandað inn í lausn þessa máls. En rökin til þess, að hér hafi ekki verið rangt að farið, liggja einmitt í því, að hér á Alþingi hafa verið haldnir fundir daglega undanfarið og sérhver hv. alþm. því á þingræðislegan hátt haft tækifæri til þess að gera aths. við setu stj., ef þeir töldu hana óeðlilega.

En með því að nú virðist lausn vinnudeilunnar nálgast, eru þessar ástæður ekki lengur fyrir hendi, og þess vegna tilkynni ég hinni hv. þd. það hér með, að ég mun nú byrja eftirgrennslanir mínar á hinu pólitíska ástandi hér á Alþingi og síðan eins fljótt og unnt er tilkynna hinu háa Alþingi þær niðurstöður, sem ég kemst að.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég vildi í sambandi við yfirlýsingu hæstv. forsrh. beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort honum sé kunnugt um, að togaradeilan sé í raun og veru leyst?

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég geri ráð fyrir því, eins og það er orðað í þessari tilkynningu, sem ég hefi hér gefið, að lausn togaradeilunnar sé að nálgast og að þess verði ekki langt að bíða, að hún sé að fullu leyst.

Á 35. fundi í Nd., 28. marz, utan dagskrár, mælti

***Ólafur Thors:** Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann muni nú ætla sér að gefa Alþ. upplýsingar um það, hvernig komið sé með fyrirhugaða stjórnarmyndun.

Það er nú orðið alllangt síðan, eins og hv. þm. er kunnugt, að hæstv. stj. í raun og veru gat ekki talizt lýðræðisstjórn, og ég geri ráð fyrir, að það sé sameiginlegur vilji allra flokka þingsins, að ekki yrði mjög langt úr þessu, að slíkt ástand héldist.

Mér hafði skilizt á hæstv. forsrh., að hann teldi líkur á, að hann myndi einmitt í dag geta gefið Alþ. skýrslu um málið. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort þess sé að vænta í dag og hvað komið sé hans rannsókn í þessu máli.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af þessari fyrirspurn skal ég taka það fram, að það er að vísu rétt, að það liggur ekki neitt fyrir um það hér í þinginu, hvort hér sé um þingræðisstjórn að ræða út frá þeim forsendum, sem hv. fyrirspyrjandi talaði um. Út í það skal ég ekki fara, því að það yrði of langt mál. Það er líka rétt, að ég bjóst við því, að nú upp úr helginni myndi vera hægt að gefa Alþ. skýrslu um það, hvaða niðurstöðu ég hefði komizt að, og ég get nú skýrt frá því, að þessar eftirgrennslanir eru svo langt á veg komnar, að það mun ekki verða nema mjög stutt eftir því að bíða, að ég geti tilkynnt það hér á Alþ.

Á 12. fundi í Sþ., 31. marz, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Hér með vil ég tilkynna háttv. Alþingi eftirfarandi:

Á ríkisstjórninni munu nú verða gerðar þær breytingar, sennilega í dag eða á morgun, að Skúli Guðmundsson kaupfélagsstjóri tekur sæti í ríkisstj. í stað Haralds Guðmundssonar. Um verkaskiptingu er enn eigi fullráðið.

Ríkisstjórninni mun Alþýðuflokkurinn fyrst um sinn veita hlutleysi og afstýra vantrausti, ef fram kemur.

Ríkisstj. mun fylgja þeirri meginstefnu, sem fylgt hefir verið undanfarin ár, og leggja áherzlu á að efla atvinnuvegina og halda uppi verklegum framkvæmdum.

Auk ýmsra þeirra mála, sem þegar liggja fyrir Alþingi, mun löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur verða afgr. á þessu þingi og nokkur þeirra hagsmunamála fyrir sjómenn og verkamenn, sem nú eru aðkallandi og mögulegt er að afgreiða án verulegs undirbúnings.

Mörg hinna stærri mála, sem þarf að taka til framkvæmda, eru nú til undirbúnings og athugunar hjá ríkisstj., sum í nefndum, sem Alþingi hefir skipað, og önnur er gert ráð fyrir að verði tekin til meðferðar samkv. tillögum, sem liggja fyrir Alþingi. Við undirbúning þessara mála mun verða leitazt við að finna grundvöll fyrir nánari stjórnarsamvinnu milli flokkanna framvegis.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil fyrir hönd Alþfl. staðfesta ummæli hæstv. forsrh. um, að Alþfl. hafi heitið stjórn hans hlutleysi fyrst um sinn og muni greiða atkv. gegn vantrausti, ef fram verður borið, meðan hlutleysið varir, nema afgreiðsla mála á Alþingi eða stjórnarframkvæmdir gefi tilefni til annars. Hlutleysi Alþfl. er þannig ótímabundið og fer eftir málefnum.

Hæstv. forsrh. hefir, eins og hv. Alþingi hefir heyrt, lýst því yfir, að stefna ríkisstj. verði áfram hin sama og meðan Alþfl. átti ráðherra í ríkisstjórn, þannig, að sérstök áherzla verði lögð á eflingu atvinnuveganna og framkvæmdir hins opinbera. Ennfremur hefir hæstv. forsrh. lýst

yfir því, að Framsfl. mun gera sér far um að ná samkomulagi við Alþfl. um málefnagrundvöll, sem undirstöðu undir framhaldsstarf flokkanna, og þá með þátttöku Alþfl. í ríkisstjórn á sama hátt og verið hefir.

Alþfl. vill fyrir sitt leyti taka undir þetta og mun leggja áherzlu á, að í milliþinganefndum þeim, er skipaðar hafa verið eða skipaðar verða, þ. e. í bankamálum, tolla- og skattamálum og til að rannsaka og gera tillögur um rekstur togaraútgerðarinnar, verði leitazt við að finna þann grundvöll, sem báðir flokkarnir geti fallizt á.

En það er skilyrði fyrir því, að áframhaldandi samstarf geti haldizt með Alþfl. og Framsfl., að það lánist að ná samkomulagi um þessi og önnur *meginmál*.

Alþfl. telur, að síðustu kosningar hafi sýnt þann vilja meiri hluta kjósenda, að Sjálfstfl. yrði ekki fengin völd í landinu, og jafnframt, að það hafi verið sameiginleg ósk kjósenda Alþfl. og Framsfl., að þessir flokkar leituðu samkomulags um stjórnarsamvinnu. Engin ástæða er til að ætla, að nýjar kosningar myndu leiða í ljós, að þessu leyti, breytta afstöðu kjósenda til Sjálfstfl. Og þó að ágreiningur hafi risið á milli Alþfl. og Framsfl. í svo mikilsverðu máli, að Alþfl. taldi rétt að mótmæla aðgerðum samstarfsflokksins með því að draga ráðherra sinn úr úr ríkisstj., þá telur hann sig samt ekki, með tilliti til þess, sem við liggur, en það er meiri eða minni áhrif eða þátttaka af hálfu Sjálfstfl. í stjórn landsins, geta borið ábyrgð á því, að slita nú þegar *öllu samstarfi við Framsfl., meðan ekki er* útséð um, hvort náðst getur samningsgrundvöllur viðunandi að dómi Alþfl. um þau höfuðviðfangsefni íslenzkra stjórnmála á næstu tímum, sem ég áður nefndi og nú liggja fyrir til rannsóknar.

***Ólafur Thors:** Út af tilkynningu hæstv. forsrh. um hina nýju stj. vil ég leyfa mér að bera hér fram 2 fyrirspurnir.

Svo sem kunnugt er, þá rofnaði samvinnan *milli stjórnarfl.* í beinu tilefni af löggjöfinni um gerðardóminn, sem sett var hér á Alþ. til lausnar kaupdeilu á togaraflotanum. Taldi Alþfl. þessa löggjöf svo freklega móðgun við sína stefnu, að hann af þeim ástæðum dró ráðh. sinn út úr ríkisstj. Ég vildi nú leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann hefir tryggt sér það, að Alþfl. veiti honum hlutleysi, ef til framkvæmda skyldi koma af hálfu ríkisvaldsins til þess að tryggja framgang gerðardómsins.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm. Seyðf., hvort hans flokkur líti þannig á þetta hlutleysi, að flokkurinn hafi með því gefið yfirlýsingu um, að hann eftir atvikum muni sætta sig við þessi l., sem urðu þess valdandi, að stj. klofnaði.

Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf. svari þessu nú þegar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. þm. G.-K. spurði um það, hvort um það væri samið milli þeirra flokka, sem standa að stj., að gerðardómslögin skyldu verða framkvæmd. Um þetta atriði er að sjálfsögðu ekki samið, og hefi ég þar sömu aðstöðu eins og ég hafði, þegar þessi l. voru sett. Það er vitanlega ekki samið um það, hvort l., sem Alþ. er nýbúið að setja, verði framkvæmd eða ekki. Það er svo sjálfsagður hlutur, að það þarf ekki að tala um það.

***Haraldur Guðmundsson:** Mér skildist hv. þm. G.-K. spyrja að því, hvort Alþfl. mundi sætta sig við gerðardómslögin.

Lögin um gerðardóm eru að minni hyggju ekki enn komin til framkvæmda. Sjómenn hafa hinsvegar sjálfir gert samþykktir með sér, og samkvæmt henni hafa þeir látið skrá sig á skipin.

Ég minni hv. þm. á það, að hlutleysið er ótímabundið og fer eftir málefnum.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi gjarnan beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., þar sem engir málefnasamningar virðast vera milli Framsfl. og þess flokks, sem hv. þm. Seyðf. talar hér fyrir, hvort það sé ætlazt til, að slíkir samningar verði gerðir á þessu þingi eða ekki.

Mér virðist, að ef á að ljúka þessu þingi án þess að nokkrir málefnasamningar séu gerðir, þá *sé mjög lítil trygging fyrir því, hvernig stj. fer* með framkvæmdavaldið milli þinga.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Seyðf. sagði um það, að skipa ætti milliþn. til að vinna að undirbúningi ýmsra mála, þ. á. m. sjávarútvegsmálanna, þá vil ég segja það, að ég teldi æskilegra, að þetta yrði ekki milliþn., heldur yrði þessari rannsókn lokið nú á þinginu. Til þess er nægur tími.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort ekki megi *vænta nánari yfirlýsinga frá honum, þegar stj.* situr fullskipuð.

Loks vil ég minnast á það, sem hæstv. forsrh. gat um, að l. um stéttarfélög og vinnudeilur mundu verða samþ. á þessu þingi. Eins og kunnugt er, hafa komið fram mótmæli frá verkalýðsfélögum í þessu landi, sem telja innan vébanda sinna mikinn meiri hl. þeirra manna, sem skipulagðir eru í verklýðssamtökunum. Það verður ekki hægt að skoða það svo, að þetta mál sé tekið upp eftir ósk verkalýðsins, og því ekki hægt að nefna það í sambandi við þau önnur mál, sem forsrh. nefndi, sem hann kvað vera í stefnu stj. að framkvæma, þar sem þessi stétt er andvíg þeirri lausn á málinu, sem fram er borin.

***Ólafur Thors:** Hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn minni á þá leið, að hann upplýsti, að á milli Framsfl. og Alþfl. væru engir samningar um það, hvaða stuðning Alþfl. mundi veita hinni nýju stj., ef koma skyldi til athafna af hendi ríkisvaldsins í sambandi við framkvæmd gerðardómsins. „Það er vitanlega ekkert um það samið, hvort l., sem Alþ. hefir nýlega sett, verði framkvæmd. Það er svo sjálfsagður hlutur, að um það þarf ekki að semja“ sagði hæstv. ráðh. Ég ætla nú að leiða athygli þingheims að því, sem hæstv. rh. veit náttúrlega eins og við hinir, að annar aðili þessa máls hefir lýst yfir því, að hann telji sig ekki bundinn af þessum lögum. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp samþykkt þá, sem gerð var á fundi sjómannafélagsins á fundi þess 21. þ. m. í tilefni af gerðardóminum, en sú till. var svo hljóðandi:

„Sjómannafélag Reykjavíkur *mótmælir harð-*

lega gerðardómi þeim, er settur var með lögum 17. þ. m., til að dæma um ágreining milli sjómanna og togaraútgerðarmanna, svo og úrskurði dómsins uppkveðnum í dag. Telur félagið úrskurðinn ekki á þann hátt bindandi fyrir meðlimi sína, að því sé óheimilt að gera ráðstafanir til, að ekki verði lögskráð á togara með þeim kjörum, sem í úrskurðinum eru ákveðin.

En þar sem nauðsyn krefur að lausn fáist nú þegar á kaupdeilunni að því er varðar saltfiskvertíðina, og félagið telur, að þau kjör, sem til boða standa á þessari vertíð, séu eftir atvikum ekki óviðunandi, þá heimilar félagið meðlimum sínum að láta lögskrá sig á togara með greindum kjörum á saltfiskvertíð þeirri, sem nú er að hefjast."

Í þessari samþykkt er beinlínis sagt, að ákveðnir aðiljar telji sig ekki bundna af gerðardómnum, og það er og tekið fram, að þeir telji sér heimilt að gera ráðstafanir til að hindra, að lögskráð verði á togarana með þeim kjörum, sem í úrskurðinum eru ákveðnir. Þó að ekkert liggi annað fyrir í þessu máli, þá er mér það ráðgáta, hvernig hæstv. forsrh. getur látið eins og það sé gersamlega ástæðulaust að bera nokkurn kvíðboga fyrir því, að til átaka geti komið milli löggjafans og þessa aðilja. Þetta er ekki út í bláinn talað, því það stendur beinlínis í aðalmálgagni Alþfl., að afstaða sjómannanna sé í fullu samræmi við afstöðu Alþfl. á Alþ. og till. sjálf er samin af þm. Alþfl. og borin fram af þeim.

Ég get þess vegna ekki komizt hjá því að hugsa, að hæstv. forsrh. og flokkur hans hljóti að bera í brjósti nokkurn kvíða fyrir því, að það geti komið til athafna af hendi ríkisvaldsins í þessu efni.

Ég vil nú, eftir að hafa bent á þessar sterku líkur fyrir því, að til átaka geti komið í sambandi við framkvæmd gerðardómsins, leyfa mér að bera þá fyrirspurn fram til hæstv. forsrh., hvort hann muni, ef nauðsyn krefur, beita ríkisvaldinu til þess að tryggja framkvæmd þessara l. Og ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Seyðf., hvort hann og hans flokkur muni, ef til slíks kemur, halda áfram að veita stj. hlutleysi.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Frá hv. 3. þm. Reykv. kom sú fyrirspurn til mín, hvort ekki muni verða gerðir neinir málefnasamningar milli flokkanna nú á þessu þingi. Eins og ég vænti, að þessir hv. þm. hafi heyrt, þá er það sérstaklega tekið fram í þeirri yfirlýsingu, sem ég gaf, að vegna þess, hve skammt var á milli þinga, eru mörg hinna stærri mála í undirbúningi ýmist í n. eða gert ráð fyrir, með þeim till., sem hér liggja fyrir Alþ., að þau verði sett í n. til undirbúnings og athugunar. Svar við þessari fyrirspurn liggur því beinlínis í yfirlýsingunni, sem ég hefi gefið.

Um það, hvaða vinnulöggjöf muni verða samþ., þá munu flokkarnir koma sér saman í höfuðdráttum um það frv., sem milliþn. í þessum málum hefir samið, með einhverjum breyt., sem þurfa þykir og fram kunna að koma undir meðferð málsins á þingi.

Þá er það fyrirspurnin frá hv. þm. G.-K. Þessum hv. þm. þykir það óvarfærni af mér, að ég skuli ekki hafa samið um, hvernig á að framfylgja gerðardóminum.

Ég skal viðurkenna, að ég mun allra síðastur manna verða til þess að hætta að treysta því, að verkalýðurinn í þessu landi hlýði þeim lögum, sem sett eru, hvað sem þeim „agitationum" kann að líða, sem meir hafa komið úr annari átt en frá Alþfl., þótt hann alls ekki hafi skrifað sem gætilegast um þetta mál. Nú ætti ég samkv. þessari ályktun, vegna þess að í hita dagsins hafa fallið einhver mótmæli í Sjómannafélgi Reykjavíkur, að gera ráðstöfun til þess að semja við einhvern annan flokk um að draga saman lið, sem nægjanlegt væri til að framkvæma þessi lög, ef þeim yrði sýndur mótþrói. Ég býst ekki við, að það sé nokkur maður hér á hv. Alþingi, og heldur ekki nokkur, sem hér heyrir mál mitt, sem myndi telja það hyggilega vinnuaðferð. Og a. m. k. er svo mikið víst, að ég vil heldur láta það koma fyrir, að ég hafi of lengi treyst löghlýðni verkalýðsins í þessu landi, heldur en að komi fyrir það gagnstæða, að vegna þess, að ég hafi ekki treyst honum nægilega vel og byrjað á því að draga saman lið, þá hefði verkalýðurinn e. t. v. getað leiðzt út í óheppilegar ógöngur. Þetta er mitt sjónarmið, og ég vil heldur þola að hafa sýnt of mikið traust heldur en of lítið. Eins og ég sagði áðan, hefi ég ekki tekið þau mótmæli, sem komu fram í Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem neinn óeðlilegan hlut í hita dagsins. Og ég get vel skilið tilfinningar sjómanna og verkamanna, þó að ég álíti, að þeirra tilfinningar séu ekki réttar, þegar litið er rólega á þetta mál. Og ég get vel skilið þá stétt, þar sem búið er að slá föstu og því trúað, að ekki þyrfti í neinum kringumstæðum að skerða þeirra rétt, og þyki hart þegar það er gert í fyrsta skipti, og þeir hafi ekki athugað, hve mikil nauðsyn það var að brjóta þessa reglu í þetta skipti, eins og svo víða hefir orðið að gera annarsstaðar. Ég get vel skilið þessar tilfinningar, og þess vegna er það, að mótmælin, sem hv. þm. minntist á, eru í raun og veru ekki stórt atriði. Mótmælunum út af fyrir sig geri ég ekkert úr, vegna þess að oft er mótmælt lögum frá Alþingi. Jarðræktarlögunum var mótmælt þegar þau voru afgr. hér á þingi, þótt það síðan hafi sýnt sig þegar málið fór að skýrast, að meiri hl. bændastéttarinnar var þeim fylgjandi. Mótmælin gegn gerðardóminum eru vitanlega jafnframt af þeim rótum runnin, að þeir telja sig ekki, þótt það sé meira orðaleikur, fylgja gerðardómnum, jafnvel þó að þeir séu eftir sama taxta skráðir á togarana og gerðardómurinn ákveður. Einasti verulegi liðurinn í mótmælunum er, að þeir telja sig ekki á þann hátt bundinn við gerðardóminn, að þeir hafi ekki leyfi til að koma í veg fyrir skráningu á togara. Það er ekki heldur lögbrot eins og mótmælin eru orðuð. Það er vitað mál, að lögin voru afgr. hér á Alþingi þannig, að það liggur engin refsing við því, þótt sjómenn vilji ekki skrá sig á togara. Slíkt datt engum í hug. Og ef það er ætlun þessarar samþykktar að hafa á löglegan hátt, eins og hver annar borgari, frelsi til að hafa áhrif á sína félagsmenn til að vilja ekki fara, þá er ekkert vald í þessu landi, sem getur afstýrt því. Það er ekki hægt að ætla nein-

um manni að skrá sig á togara, þannig, að ef hann ekki vildi fara, væri hann látinn á togara til að vinna. Ef þetta er tilætlunin með samþykktinni, að koma í veg fyrir þetta á þennan hátt, þá þarf það ekki að vera lögbrot; það er þannig orðað. Það liggur ekki meira í þessari samþykkt eins og hún er orðuð, og það er ekki leyfilegt að leggja annan skilning í hana, þegar þess þarf ekki. Og þannig skil ég samþykktina þangað til annað reynist. Hvað ég muni gera, ef annað reynist heldur en það, sem ég trúi á, fer ég ekki að gefa neinar skýrslur um hér á Alþingi. Ég býst ekki við, að það þyki sérstaklega heppilegt fyrir lausn þessa máls, ef yfirleitt væri farið að bollaleggja um það, hvernig þessari valdastreitu mætti ljúka, ef til hennar ætti að koma, sem ég vona, að aldrei komi. Og ég er fullviss með sjálfum mér, að til slíks kemur aldrei — þótt það sé nú kannske oftrú. Ef farið væri að ræða það og svara því, þá álít ég það ekki til blessunar fyrir þetta mál, sem ég álít umfram allt, að eigi að leysa með góðu. Þess vegna býst ég ekki við að fara að ræða um það nú, enda er aldrei hægt fyrirfram að segja um, hvernig eigi að snúa sér í slíku máli, fyrr en maður er kominn í þá aðstöðu, sem kringumstæðurnar í það og það skiptið hafa sett mann í. Þá verður maður að taka ákvörðun um hlutinn. En það er þýðingarlítið að vera á opinberum vettvangi að tala um það fyrirfram, hvernig eigi að taka ákvarðanir um hin vandasömustu mál.

***Haraldur Guðmundsson:** Mér hefir skilizt, að hv. þm. G.-K. sé að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hann sé við því búinn að gera ráðstöfun til þess að setja sjómenn nauðuga út á togarana, ef til skyldi þurfa að koma í byrjun síldveiða, og að hann telji það ákaflega mikla óvarfærni af hæstv. forsrh. að hafa tekið á móti hlutleysi því, sem Alþfl. ákvað að veita fyrst um sinn, án þess að hafa tryggingar fyrir, hvernig hann snerist við þessum málum. Ég hirði ekki um að blanda mér í umr. hæstv. forsrh. og hv. þm. G.-K. um þessi atriði. En að því er Alþfl. snertir skal ég segja það eitt, að það verður sjálfsagt tíminn að leiða í ljós, hve lengi það hlutleysi, sem hann lýsti yfir, varir; og það fer að sjálfsögðu eftir því, hvað gerist á þeim tíma. Fyllra svar get ég ekki gefið hv. þm. Annars skildist mér hann tala um háskaleg lögbrot og þau gætu valdið stjórnarskiptum. Mætti þá kannske nefna æðimörg brot, sem eru tíðari, t. d. á áfengislögunum og öðrum lögum, án þess að þau valdi stjórnarskiptum, enda eru ákvæði í lögum um gerðardóm þannig, að það er hvergi lagt bann við, það ég sé, vinnustöðvun, verkföllum eða verkbanni í lögunum sjálfum, eins og ég veit, að hv. þm. G.-K. hefir athugað.

Hv. 3. þm. Reykv. spyr að því, hvort engir málefnasamningar hefðu orðið á milli þess flokks sem ég talaði fyrir, og Framsfl. Honum er kunnugt, að ég tala fyrir Alþfl. Ég get svarað hv. þm. því, að afgreiðsla mála hér á þingi mun leiða í ljós það samkomulag, sem er og fæst milli flokkanna um þessi efni. En einmitt það, að hlutleysið er ótímabundið, sýnir, að fullnaðar samningar flokkanna um þessi mál eru ekki fyrir hendi á þessu stigi málsins. En hinsvegar mun það sýna sig við afgreiðslu einstakra mála, hvað flokkarnir verða samferða. Um afgreiðslu vinnulöggjafarinnar er of snemmt að ræða. Eins og hæstv. forsrh. segir, mun sýna sig í meðferð málsins, hvernig sú afgreiðsla verður, sem flokkarnir geta komið sér saman um. Þar sem hv. þm. sagði, að komið hafi mótmæli frá meiri hluta verkalýðsfélaganna gegn frv. mþn. um stéttafélög og vinnudeilur, þá upplýsist það, að þetta er ekki rétt. Það eru verulega miklu fleiri félög, sem mælt hafa með því að afgr. löggjöf um þetta á þeim grundvelli, sem lagður er í frv. mþn., heldur en þau, sem hafa mótmælt. Hversu atkvæðatölur standa, þori ég ekki að fullyrða; það mun liggja fyrir til umr., þegar málið kemur í þingið.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil mótmæla því, sem hv. þm. Seyðf. segir viðvíkjandi þeim ályktunum verkalýðsfélaganna um þessi mál, að því leyti að það er rétt hjá mér, að þau mótmæli, sem hafa komið, eru frá þeim félögum, sem hafa mikinn meiri hluta verkalýðsins í Alþýðusambandi Íslands á bak við sig. Hitt, sem hv. þm. sagði, að fleiri félög hefðu verið með löggjöfinni á þeim grundvelli, sem frv. mþn. er byggt á, en hin, það hefi ég ekki nákvæmlega samantalið. En ég veit, að það eru mjög fá félög, sem hafa mælt með frv., sem liggur fyrir að framkvæma. Þau félög, sem yfirleitt vilja samþ. frv. með breyt., hafa viljað hafa á þeim miklar breyt., svo enginn vafi er á, að ef ætti að leggja frv. eins og það liggur fyrir fyrir verkalýðinn í landinu, þá hefði það mjög fáa fylgjendur. Ég veit líka, að þm. er þetta vel kunnugt, enda þótt mikið sé gert að því úr vissum áttum að reyna að fá félögin til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Ég vil svo aðeins bæta því við, að ég tel, að það sé ekki heppilegt fyrir Alþfl. að verða að skilja svo við þetta þing, að ekki liggi fyrir bein yfirlýsing frá ríkisstj. um stefnu hennar og stjórnarframkvæmdir. Því sennilega verður eftir þetta þing ekki þing aftur fyrr en í febr. næsta ár. Þá getur ríkisstj., ef hún hefir algerlega óbundnar hendur, leikið lausum hala eftir því sem vindurinn blæs inn í þær herbúðir. Og eftir því sem háttað er nú á þingi, þá er varla hægt að búast við, að það verði sérstaklega heillavænlegt fyrir Alþfl.

***Ólafur Thors:** Eins og væntanlega allir hv. þm. hafa heyrt, hefir hæstv. forsrh. svarað mér alveg út í hött. Ég gaf ekki tilefni til þeirrar ræðu, sem hann flutti hér. En ég gaf aftur á móti tilefni til þess, að hann gæfi hér allt aðrar upplýsingar. En þær gaf hann ekki nema að litlu leyti. Ég hefi aldrei látið nein orð falla um það, að ég ætlaðist til, að hann færi hér að rjúka til að draga saman eitthvert lið. Ég held, að mér hafi ekki dottið í hug, að ríkisvaldið gæti né ætti að reyna að beita nokkru valdi til að þvinga einstaklinga innan sjómannastéttarinnar til að ráða sig við kjör, sem þeim ekki líkar. Það liggur í hlutarins eðli, að þetta er alveg fyrir utan valdsvið og verkahring ríkisstj. Að ég hafi talað um þá fjarstæðu, sem hv. þm.

Seyðf. gamnaði sér með, að bera sjómenn nauðuga á skip! Ég hefi ekki lagt neina höfuðáherslu á það, sem sjómenn kunna að hafa sagt í hita dagsins, þó að ég hafi lagt á það nokkra áherzlu, og það alveg að verðleikum. En það, sem ég lagði höfuðáherzluna á, er, að sá flokkur, sem ríkisstj. ætlaði að styðjast við, hefði gert öll þessi orð að sínum. Og það, sem ég lagði höfuðáherzluna á, er það, að í þeim málefnaágreiningi, sem valdið hefir stjórnarklofningi, stendur allt óbreytt frá því, sem það var, þegar stjórnin klofnaði. Hæstv. forsrh. getur ekki komizt undan að samsinna því með mér, að eftir ummælum og blaðaskrifum Alfl. um þetta mál verður að álykta, að slíkt bendi til, að til einhverra atgerða geti komið af hendi ríkisvaldsins. Þetta er kjarni málsins. Formaður þess flokks, sem nú ætlar að veita ríkisstj. stuðning, hefir lýst því yfir, að í þessu máli, sem valdið hefir stjórnarklofningnum, sé aðstaða Alþfl. óbreytt. Og á því augnabliki leggur hann einmitt ríka áherzlu á það, að minna á, að stuðningur Alþfl. við Framsfl. sé ótímabundinn algerlega. Ég skal víkja að því betur síðar, hverja megináherzlu hæstv. forsrh. hefir í umr. um gerðardómsmálið lagt á að sjá um, að þessu máli væri algerlega borgið í höndum Alþingis, úr því að það væri komið í þær hendur. Og það var sú hugsun, sem varð þess valdandi, að hann gat ekki sætt sig við þá till., sem alþýðuflokksmenn fluttu í þessa átt, enda þótt sú málefnalega aðstaða kostaði það, að stjórnarsamvinnan klofnaði í bili. Ég skal einnig síðar víkja nánar að því, að eins og nú er orðið í þjóðfélaginu, þá er það a. m. k. óvenjulegt hugsunarleysi eða gáleysi, ef hæstv. forsrh. hefir alls ekki dottið í hug, að það þurfi að horfa lengra fram en til dagsins í dag um aðgerðir, beinar og óbeinar, af hendi ríkisvaldsins til að tryggja vinnufriðinn í landinu. Og ég þarf í raun og veru ekki að gera forsrh. neinar getsakir í þessu efni, því ég tel, að það muni nú vera svo, að honum sé þetta talsvert kunnugt, eins og mér. En það, sem er upplýst í þessu máli, enda þótt ég hafi ekki fengið nein greið svör frá hæstv. forsrh., er það, að hann hefir ekki tryggt sinni ríkisstjórn neinn beinan stuðning eða hlutleysi Alþfl., ef til frekari framkvæmda kemur af hendi ríkisvaldsins í því máli, sem hefir valdið stjórnarklofningnum. Þetta er upplýst. Þar sem við sjálfstæðismenn teljum, að margt bendi til þess, að til slíkra framkvæmda geti komið, og margt í þjóðfélaginu geti valdið því, að ríkisvaldið þyrfti á svipuðu sviði að láta til sín taka, og þar sem við að öðru leyti af mörgum ástæðum höfum litið svo á, að sú stjórnarmyndun, sem nú fer fram, sé með nokkuð óvenjulegum og jafnvel óþingræðislegum hætti, þá leyfi ég mér að lýsa því yfir fyrir hönd Sjálfstfl., að við teljum ekki, að sú ríkisstjórn, sem situr að völdum, hafi nægilega trygga aðstöðu til þess, að óhætt sé að fela henni úrlausn hinna miklu vandamála, sem nú eru framundan í þjóðfélaginu. Við munum af þessari ástæðu bera fram vantraust á hæstv. ríkisstjórn.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki blanda mér inn í viðræður hæstv. forsrh. og hv. þm. G.-K. né gera að umræðuefni síðustu yfirlýsingu hans. En út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. um það, að mjög óheppilegt væri fyrir Alþfl. að gera fullnaðarsamning við Framsfl. nú þegar, þá vildi ég fyrst mega segja honum það, að það hvílir á öðrum en honum að meta, hvað heppilegt er fyrir Alþfl. Í öðru lagi vildi ég benda honum á, að fyrir liggur yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um það, að stefna stjórnarinnar sé óbreytt, þ. e. a. s. óbreytt frá því, sem hún var meðan hv. 3. þm. Reykv. studdi stjórnina. Ennfremur er þetta yfirlýst af mér f. h. Alþfl., að hlutleysi flokksins væri ótímabundið og færi því eftir málefnum, bæði lagasetningum og einstökum stjórnarframkvæmdum. Þar með vona ég, að ég hafi tekið þennan kvíða frá hv. þm., sem vill nú þjá hann svo mjög.

***Héðinn Valdimarsson:** Já, það kann að vera, að það hvíli á öðrum en mér að meta, hvað heppilegast sé fyrir Alþfl. En þá hvílir það á öðrum en hv. þm. Seyðf. og þeim, sem telja sig fulltrúa hans, því þeir hafa, eins og kunnugt er, fengið vantraust frá flestum stærstu verklýðsfélögunum í landinu, og mega þá uppbótarþingmennirnir fara að telja saman atkvæði sín. (**ÓTh:** Þýðir þetta þá, að hv. þm. vilji stofna til nýrra kosninga?). En viðvíkjandi því, sem hann sagði, að óbreytt væri stefna ríkisstj., þá höfum við ekkert séð af því annað en þessar síðustu framkvæmdir. Því ríkisstj. vildi í sjómannadeilunni ekkert nema gerðardóm. Þá get ég ekki litið svo á, að stefnan sé óbreytt. Ef haldið verður áfram þeirri stefnu, þó sé ég ekki, að það verði glæsilegar horfur fyrir þá, sem Alþfl. hafa fylgt. Því ég verð að halda fast við það, að það myndaði strax allt aðra aðstöðu meðal kjósenda í landinu, ef ríkisstj. gæti gefið ákveðnari yfirlýsingu viðvíkjandi sinni stefnu framvegis heldur en hér hefir heyrzt frá stóli hæstv. forsrh.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Í ræðu hv. þm. G.-K. komu ekki fram nein atriði, sem ég þarf að svara, enda minntist hann á það sjálfur, að hann myndi láta þessi atriði bíða þangað til síðar, og lýsti því yfir, að hann eða hans flokkur á Alþingi myndi bera fram vantraust. Þess vegna skilst mér, að rétt sé að láta frekari umr. um þetta bíða þangað til þar að kemur, og mun ég því ekki lengja umr. á þessum fundi.

Á 14. fundi í Sþ., 2. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil tilkynna hæstv. Alþ., að mér hefir nú í dag borizt símskeyti frá Hans Hátign konunginum, þar sem mér er skýrt frá því, að konungurinn hafi í dag fallizt á þá tillögu mína, sem ég áður hefi tilkynnt hér á hæstv. Alþ., að Skúli Guðmundsson taki sæti í ríkisstjórninni sem atvmrh. Þessi tillaga hefir verið staðfest í dag, og Skúli Guðmundsson hefir tekið sæti í ríkisstj. sem atvmrh. En verkaskipting í ríkisstj. verður nánar tilkynnt síðar, eftir að úrskurður hefir verið gefinn út um það efni.

VII. Verkamannabústaðir.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég vil í framhaldi af þeim umr., sem hér fóru fram áðan viðvíkjandi byggingum í bænum, beina til hæstv. ríkisstj. eftirfarandi áskorun, sem undirrituð er af 219 meðlimum byggingarfélags alþýðu:

„Undirritaðir meðlimir Byggingarfélags alþýðu, sem enn hafa ekki fengið keyptar íbúðir í verkamannabústöðunum, skora hér með á ríkisstj. og stjórn Byggingarsjóðs verkamanna, að hlutast til um, að Byggingarfélag alþýðu geti fengið nægilegt fé að láni úr byggingarsjóðnum, með lántökum honum til handa eða á annan hátt, til þess að félagið geti þegar á vori komandi hafið byggingu nýrra verkamannabústaða fyrir meðlimi sína, er taka minnst 80—100 íbúðir, tveggja og þriggja herbergja. Viljum við í þessu sambandi sérstaklega benda á:

1.) Húsnæðisþörf meðlima félagsins og Reykvíkinga yfirleitt.
2.) Að íbúðir, sem félagið lætur byggja, eru vandaðar, hagkvæmar og ódýrari en aðrar íbúðir í bænum.
3.) Að gera má ráð fyrir, að yfirleitt verði lítið byggt á þessu ári og því sérstök nauðsyn til, að það, sem byggt verður, komi alþýðu manna að gagni.
4.) Að atvinnuhorfur framundan eru ekki glæsilegar.

Þar sem alllangan unirbúning þarf áður en ráðizt er í að byggja, væntum vér, að félagið fái lánsloforð, svo fljótt sem unnt er".

Af félagsmönnum hafa 177 þegar fengið íbúðir, en þetta eru þeir, sem enn hafa ekki fengið keyptar íbúðir, að undanteknum nokkrum mönnum, sem ekki hafa talið sig hafa fé til þess, þegar til kæmi. Af þessu sést, hversu eftirspurnin eftir þessum íbúðum er mikil, og frá því þessi lög komu til framkvæmda hefir verið byggt annaðhvert ár, og ætti því að vera hægt að byggja í vor.

Af þessum ástæðum vil ég beina þeirri ósk til hæstv. ríkisstj., að hún geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að hægt sé að byggja á þessu ári.

VIII. Kosningar.

1. Landsbankanefnd.

Á 6. fundi í Sþ., 10. marz, var tekin til meðferðar

kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til 6 ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Fram komu 3 listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Einar Árnason (af A-lista),
Pétur Magnússon (af B-lista),
Bjarni Bjarnason (af A-lista),
Jóhann Jósefsson (af B-lista),
Guðmundur R. Oddsson (af C-lista).

Varamenn:
Eysteinn Jónsson (af A-lista),
Bjarni Snæbjörnsson (af B-lista),
Páll Zóphóníasson (af A-lista),
Jóhann G. Möllar (af B-lista),
Björn Jóhannesson (af C-lista).

2. Forseti Sþ.

Á 8., 9., 10. og 11. fundi í Sþ., 24., 25., 26. og 28. marz, var tekin á dagskrá

kosning forseta sameinaðs þings.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 1. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut

Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf., með 26 atkv. — 17 seðlar voru auðir.

3. Þingfararkaupsnefnd.

Á 29. fundi í Sþ., 10. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, A, B, og C. — Á A-lista var FJ, á B-lista IngP, PZ, og á C-lista SK, SEH. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Ingvar Pálmason,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson,
Sigurður E. Hlíðar,
Finnur Jónsson.

4. Dansk-íslenzk ráðgjafarnefnd.

Á 31. fundi í Sþ., 12. maí, var tekin til meðferðar

kosning tveggja manna í hinn íslenzka hluta dansk-íslenzkrar ráðgjafarnefndar, samkv. tilsk. 28. maí 1919, fyrir þann tíma, sem eftir er árabilsins frá 1. des. 1934 til 30. nóv. 1942, annars í stað látins nefndarmanns og hins í stað nefndarmanns, er látið hefir af starfi.

Forseti (HG): Í þessu sambandi vil ég tilkynna hv. alþm., að Magnús Jónsson alþm. hefir ritað forseta og tilkynnt, að Ólafur Thors alþm. óski að láta af störfum í n., og einnig hefir forseti móttekið bréf frá Ólafi Thors, sama efnis. Ber því að kjósa mann í hans stað og í stað Jóns heitins Baldvinssonar. Vildi ég mega vænta að hv. þm. geti fallizt á, að þeir flokkar, sem misst hafa menn í n., fái að tilnefna menn í þeirra stað. Af hálfu Alþfl. hefir verið stungið upp á Stefáni Jóh. Stefánssyni hæstaréttarmflm. og af hálfu Sjálfstfl. hefir verið tilnefndur Gísli Sveinsson alþm.

Þar sem ekki komu fram fleiri uppástungur, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir til að taka sæti í nefndinni:

Stefán Jóh. Stefánsson hrmflm.,
Gísli Sveinsson alþm.

5. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1937, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.**

Fram komu 3 listar, A, B og C. Á A-lista var SÁÓ, á B-lista JörB, og á C-lista JPálm. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir án atkvgr. alþingismennirnir

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson.

6. Orðunefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning tveggja manna í orðunefnd, skv. 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1921 um hina íslenzku fálkaorðu, fyrir árabilið frá 1. jan. 1939 til 31. des. 1944.**

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 2 listar, A og B. Á A-lista var Magnús Sigurðsson bankastjóri, en á B-lista Ólafur Thors alþm. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Magnús Sigurðsson bankastjóri,
Ólafur Thors alþm.

7. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning eins alþingismanns í Þingvallanefnd til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, skv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla, í stað látins nefndarmanns.**

Fram kom aðeins ein uppástunga, og samkv. henni var kosinn

Haraldur Guðmundsson alþm.

8. Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögra manna í stjórn byggingarsjóðs og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, skv. 8. og 9. gr. l. nr. 3 9. jan 1935, um verkamannabústaði, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1939 til 31. des. 1942, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna, en þeir voru þessir:

Stjórnarmenn:
Stefán Jóh. Stefánsson hrmflm. (af A-lista),
Jakob Möller alþm. (af B-lista),
Guðlaugur Rósinkranz yfirkennari (af A-lista).
Jóhann Ólafsson stórkaupmaður (af B-lista).
Endurskoðendur:
Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi (af A-lista),
Bjarni Benediktsson prófessor (af B-lista).

9. Togaraútgerðarnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 5 manna milliþingan., að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. nýafgreiddum lögum frá þinginu um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.**

Forseta bárust tveir listar, A og B, og voru á þeim samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna, en þeir voru þessir:

Skúli Guðmundsson alþm. (af A-lista),
Sigurður Kristjánsson alþm. (af B-lista),
Bergur Jónsson alþm. (af A-lista),
Haraldur Guðmundsson alþm. (af A-lista),
Kjartan Thors framkvstj. (af B-lista).

10. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 5 varamanna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðjanna, eða til 31. des. 1940, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. nýafgr. lögum frá þinginu um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.**

Fram komu tveir listar, A og B, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Einar Árnason alþm. (af A-lista),
Óli Hertervig bakari (af B-lista),
Bernharð Stefánsson alþm. (af A-lista),
Erlendur Þorsteinsson alþm. (af A-lista),
Elías Þorsteinsson útgerðarm. (af B-lista).

11. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning eins manns í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar í stað nm., er látið hefir af starfi.**

Forseti (HG): Mér hefir borizt bréf frá Barða Guðmundssyni, sem sæti hefir átt í nefndinni af hálfu Alþfl., þar sem hann óskar eftir að vera leystur frá starfinu í n., og verður orðið við þeim tilmælum. Ég vænti, að menn geti fallizt á, að Alþfl. geri uppástungu um mann í hans stað í n. Alþfl. hefir stungið upp á Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara.

Þar sem ekki komu fram fleiri uppástungur, lýsti forseti yfir, að rétt væri kjörinn til þess að taka sæti í nefndinni:

Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari.

IX. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 1. marz skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofa og prófarkalestur:
Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theodóra Thoroddsen, Björgvin Magnússon.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskrifarar:
Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Guðrún Sigurðardóttir, Björn Franzson, Ólafur Tryggvason, Svanhildur Ólafsdóttir, Jóhann Hjörleifsson, Jón J. Símonarson, Hermann Guðbrandsson, Kristján Thorlacius, Gissur Brynjólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Björn Sigfússon, Auðbjörg Tryggvadóttir, Ólafur A. Pálsson, Gísli Gíslason.

Dyra- og pallavarzla:
Jón Bjarnason, Hjálmtýr Sigurðsson, Sigurður Marteinsson, Ágúst Jóhannesson, Sigurður Jónsson, Karl Björnsson.

Þingsveinar:
Lárus Björnsson, Sigurður Gunnarsson, Ríkarður J. Jónsson, Árni Waag, Egill Hjörvar, Jón Sigbjörnsson, Daníel Bergmann.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Fatagæzla:
Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir, Hulda Runólfsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, mælti

forseti (EÁrna): Gerðabækur frá síðasta fundi eru ekki tilbúnar, en ef hv. þm. hafa ekkert við það að athuga, munu þær verða athugaðar síðar og undirritaðar.

— Fyrir þessum fundi liggur ekki annað verkefni en að tilkynna, að störfum Ed. er hér með lokið. Vil ég nota tækifærið til að þakka öllum hv. deildarmönnum ánægjulegt samstarf á þessu þingi og sérstaklega prúðmannlega framkomu þeirra í minn garð. Óska ég þeim öllum góðs farnaðar á hinu nýbyrjaða sumri, og þeim, er nú leggja af stað til heimkynna sinna, góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu.

Magnús Jónsson: Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýlegu orð í garð okkar deildarmanna. Geti hann sagt, að hér hafi ef til vill ekki verið mjög erfitt að stjórna fundum, þá á hann sjálfur sinn mikla þátt þar í, og sú nærgætni og lipurð, sem hann hefir sýnt okkur í hvívetna. Forseti hefir oft vandasamara starf en margan grunar. Hann verður eðlilega að þoka fram málum þeim, er ríkisstj. og hans flokkur óskar eftir, að afgr. verði, þar sem hann er jafnan valinn í samræmi við þann flokkinn, er ræður lögum og lofum, eins og komizt er að orði, í það og það skiptið. En forseti okkar hefir þó haft lag á að gera þetta þannig, að það særði okkur sem allra minnst eða kæmi illa við okkur. Vil ég því þakka honum hans ágætu fundarstjórn og lipurð í okkar garð. Og ég vil endurgjalda óskir hans til okkar með því að óska honum sjálfum gleðilegs sumars og góðrar heimferðar og heimkomu.

Forseti (EÁrna): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. hans hlýlegu orð í minn garð. Vil ég endurtaka árnaðaróskir mínar til hv. deildarmanna og að svo mæltu segja þessum fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 76. fundi í Nd., 12. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Þetta er síðasti fundur þessarar hv. d. að þessu sinni. Forseti sameinaðs Alþingis mun gera grein fyrir störfum þingsins, og læt ég það því niður falla.

Ég vil þakka hv. þdm. fyrir einkar góða samvinnu og hvað þeir hafa gert mér auðvelt að hafa fundarstjórn. Ég vil ennfremur óska þeim árs og friðar og utanbæjarþingmönnum góðrar ferðar og heimkomu.

Ólafur Thors: Ég vil aðeins þakka hæstv. forseta fyrir hans ágætu og í alla staði réttsýnu fundarstjórn, sem hann að þessu sinni hefir haft, eins og raunar alltaf frá því að hann settist í forsetastól.

Ég þakka góðar óskir hans í garð okkar þdm. og árna honum allra heilla, og veit ég, að ég mæli það fyrir hönd allra þdm.

Forseti (JörB): Ég vil þakka hin hlýju orð hv. þm. G.-K. og vil árna honum alls góðs, og endurtek heillaóskir mínar til hv. þdm. Segi ég svo fundi slitið.

XI. Þinglausnir.

Á 32. fundi í Sþ., 12. maí, lagði forseti fram svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 12. maí, eða **samtals 87 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	76
- efri deild	79
- sameinuðu þingi	32
Alls	187 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a.	Lögð fyrir neðri deild	3	
b.	— — efri deild	2	
c.	— — sameinað þing	3	
			— 8

2. Þingmannafrumvörp:
a. Borin fram í neðri deild 72
b. Borin fram í efri deild 23
— 95
— 103

Þar af:
a. Afgreidd sem lög:
stjórnarfrumvörp 8
þingmannafrumvörp .. 52
— alls 60 lög
b. Fellt:
þingmannafrumvarp .. 1
c. Afgr. m. rökst. dagskrá:
þingmannafrumvarp .. 1
d. Ekki útrædd:
þingmannafrumvörp .. 41
103

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild 4
b. — — í efri deild .. 8
c. — — í samein. þ. . 21
— 33

Þar af:
a. Þingsályktanir afgr. til stj.:
1. ályktanir Alþingis 5
2. ályktt. neðri deildar .. 1
3. ályktanir efri deildar . 7
— alls 13 þál.
b. Felld 1
c. Vísað til stjórnarinnar .. 4
d. Ekki útræddar 15
—
33

III. Fyrirspurnir:

a. Borin fram í neðri deild . 1
b. Bornar fram í efri deild .. 3
Þar af einni svarað. — 4

Mál til meðferðar í þinginu alls 140

Síðan mælti

forseti (HG): Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er 53. löggjafarþing frá því er Alþ. var endurreist, en 1008 ár eru liðin frá því Alþ. var sett á stofn.

Störf Alþ. hafa að þessu sinni, eins og á síðustu árum, mótazt mjög af þeim sérstöku erfiðleikum, sem tveir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar eiga við að búa. Vegna landbúnaðarins hefir Alþ. sett fjölþætta löggjöf um varnir gegn fjárpestinni og stuðning til þeirra, sem harðast hafa orðið úti af hennar völdum. Ofan á markaðstöp sjávarútvegsins hefir bætzt óminnilegur aflabrestur á þorskvertíð, nú þriðja árið í röð. Hefir þetta Alþ. sett löggjöf um skattaívilnanir til stórútgerðarinnar og margháttaðan stuðning til sjávarútvegsins í heild, svo sem styrk og lán til kaupa á fiskibátum og lán til framlags til kaupa á nýjum togurum, til viðbótar þeim framlögum til ýmiskonar nýbreytni í framleiðslu og verkun aflans og tollaívilnunum, er síðasta þing samþykkti. Jafnframt hefir þetta Alþ. ákveðið, að fram skuli fara rannsókn á hag og rekstri togaraútgerðarinnar, með það fyrir augum, að leitast við að koma þessum atvinnuvegi á öruggari grundvöll en nú er. Þá hefir og framlag til verkamannabústaða verið aukið nokkuð og reynt að leggja svo ríflega til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar sem fært hefir þótt. Á þessu Alþ. hefir í fyrsta sinn verið til þess gripið að setja l. um gerðardóm til þess að úrskurða um ágreining verkamanna, þ. e. sjómanna, og atvinnurekenda um kaup og kjör. Er hér um að ræða nýmæli í íslenzkri löggjöf, sem æskilegt verður að telja, að ekki verði fyrirboði fleiri slíkra. Þá hefir þetta þing og afgr. merkilega löggjöf um réttindi verklýðsfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála þessara aðilja. Með lögum þessum eru stéttarfélög verkafólks loks viðurkennd sem lögformlegur samningsaðili og réttindi þeirra tryggð á ýmsan hátt. Enn má nefna löggjöf um ábyrgð fyrir láni Reykjavíkurbæjar til hitaveitu, sem er einn vottur hinnar ríku og sjálfsögðu viðleitni, sem nú er uppi með þjóðinni til þess að hagnýta uppsprettur auðs og afls okkar gagnauðuga lands.

Þess er að vænta, að dómar um störf þessa Alþ. verði margir og ærið misjafnir, eins og tíðast áður. En það tel ég vafalaust, að allir geti tekið undir þá ósk mína, að störf þess megi verða þjóðinni allri til gagns og aukinnar farsældar, og að lýðræði og þingræði verði jafnan í heiðri haft með þjóðinni.

Að svo mæltu vil ég þakka öllum hv. þingmönnum góða samvinnu á þessu þingi og árna þeim og landsmönnum öllum árs og friðar og farsæls sumars. Þeim hv. þingmönnum, sem heima eiga utan Reykjavíkur, vil ég óska góðrar ferðar og heimkomu, og vænti þess, að við hittumst heilir á næsta Alþ.

Þá stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson,** og las upp konungsumboð sér til handa til þess að segja Alþingi slitið. Síðan mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Það eru nú liðin 1008 ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, og þetta er 53. löggjafarþingið síðan Alþingi var endurreist.

Ég leyfi mér í umboði konungs og í hans nafni að segja Alþingi slitið.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast ættjarðar vorrar, Íslands, og svo konungs vors með því að rísa úr sætum sínum.

[Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Var síðan af þingi gengið.